3. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir í einstökum málum sem falla undir c-lið 1. mgr. og hafa ekki umtalsverð áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB eða samkeppni í bandalaginu.

4. Hugtökin „fyrirtæki“ og „velta“ eru, að því er þessa grein varðar, skilgreind í bókun 22.

2., 3. og 4. gr. bókunar 22 við EES-samninginn

2. gr.

Í skilningi 56. gr. samningsins er „velta" þær fjárhæðir sem viðkomandi fyrirtæki hefur fengið á undangengnu fjárhagsári, á svæðinu sem samningurinn tekur til, fyrir selda vöru eða veitta þjónustu sem telst til eðlilegrar starfsemi fyrirtækisins, að frádregnum söluafslætti og virðisaukaskatti og öðrum skatti sem tengist veltunni með beinum hætti.

3. gr.

Eftirfarandi skal nota í stað veltu:

a) þegar um er að ræða lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir: heildareignir þeirra margfaldaðar með hlutfalli milli krafna á lánastofnanir og viðskiptavini í viðskiptum við íbúa á svæðinu sem samningurinn tekur til og heildarfjárhæðar þessara krafna;

b) þegar um er að ræða vátryggingafélög: verðmæti vergra iðgjalda frá íbúum á svæðinu sem samningurinn tekur til, þ.e. allar fjárhæðir sem fengist hafa eða munu fást vegna tryggingasamninga sem vátryggingafélögin eða aðrir fyrir þeirra hönd hafa gert, auk endurtryggingaiðgjalda, og eftir skattafrádrátt og skattatengd framlög eða gjöld sem eru innheimt vegna einstakra iðgjalda eða heildariðgjalda.

4. gr.

1. Þrátt fyrir þá skilgreiningu um veltu sem á við vegna beitingar 56. gr. samningsins, eins og fram kemur í 2. gr. þessarar bókunar, skal viðkomandi velta samanstanda:

a) að því er varðar samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir er lúta að dreifingu og birgðatilhögun milli fyrirtækja sem ekki eiga í samkeppni: af fjárhæðum sem fást fyrir selda vöru og veitta þjónustu sem fjallað er um í þessum samningum, ákvörðunum eða samstilltu aðgerðum, og fyrir aðra vöru og þjónustu sem notendur álíta að sé eins vegna eiginleika hennar, verðs og áætlaðrar notkunar;

b) að því er varðar samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir er lúta að tilhögun við miðlun tækniþekkingar milli fyrirtækja sem ekki eiga í samkeppni: af fjárhæðum sem fást fyrir selda vöru og veitta þjónustu er tengist tækniþekkingu sem fjallað er um í þessum samningum, ákvörðunum eða samstilltu aðgerðum og fjárhæðum fyrir aðra vöru og þjónustu sem þessari tækni er ætlað að bæta eða koma í staðinn fyrir.

2. Ef hins vegar er ekki vitað hver velta vegna seldrar vöru eða þjónustu er, þegar ráðstafanir þær sem lýst er í a- og b-lið 1. mgr. koma til framkvæmda, skal almennt ákvæði 2. gr. gilda.

II. viðbætir

SKRÁ YFIR VIÐEIGANDI GERNINGA

(frá 1. febrúar 1999)

(Ef þið teljið að samkvæmt einni eftirfarandi reglugerða eða auglýsinga þurfi ef til vill ekki að tilkynna samning ykkar er mælt með því að þið útvegið ykkur eintak af viðkomandi reglugerð eða auglýsingu)

Framkvæmdarreglugerðir ([1])

— Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. EB L 175 23. 7. 1968, bls. 1), eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar,

— reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó (Stjtíð. EB L 378, 31. 12. 1986, bls. 4), eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar,

— reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti (Stjtíð. EB L 374, 31. 12. 1987, bls. 1), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2410/92 (Stjtíð. EB L 240, 24. 8. 1992, bls. 18),

— reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98 frá 22. desember 1998 um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1017/68, (EBE) nr. 4056/86 og (EBE) 3975/87 um beitingu samkeppnisreglna á sviði flutninga.

Reglugerðir um flokkaundanþágu

— 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum, eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar (flokkaundanþága fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki),

— 3. og 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó, eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar (undanþága fyrir samninga milli farmflytjenda um áætlunarsiglingar og undanþága fyrir samninga milli flutningsþega og samsiglingakerfa um notkun áætlunarsiglinga),

— reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 870/95 frá 20. apríl 1995 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92 (Stjtíð. EB L 89, 21. 4. 1992, bls. 7). Í 7. gr. þessarar reglugerðar er kveðið á um andmælameðferð,

— reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1617/93 frá 25. júní 1993 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferðaáætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og farmgjöld í áætlunarflugi og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum (Stjtíð. EB L 155, 26. 6. 1993, bls. 18), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1523/96 (Stjtíð. EB L 190, 31. 7. 1996, bls. 11). Sjá einnig auglýsingu um málsmeðferð við tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. og 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1617/93 (Stjtíð. EB C 177, 29. 6. 1993, bls. 6).

([1]) Sjá 3. gr. bókunar 21 við EES-samninginn að því er varðar málsmeðferðarreglur eftirlitsstofnunar EFTA og viðeigandi ákvæði bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Almennar auglýsingar ([1])

— Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir er varða samstarf milli fyrirtækja (Stjtíð. EB C 75, 29. 7. 1968, bls. 3, eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. EB C 84, 28. 8. 1968, bls. 14). Í auglýsingu þessari er skilgreint það form samstarfs um markaðsrannsóknir, bókhald, rannsóknir og þróun, samnýtingu framleiðslutækja, lagers eða flutningatækja, tímabundin félög um samvinnu, sala og viðhaldsþjónusta, auglýsingar eða gæðamerkingar sem framkvæmdastjórnin lítur svo á að falli ekki undir bannið í 1. mgr. 85. gr. EES-samningsins,

— auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um mat hennar á samningum við undirverktaka með hliðsjón af 1. mgr. 85. gr. sáttmálans. (Stjtíð. EB C 1, 3. 1. 1979, bls. 2),

— auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um mat hennar á sameiginlegum fyrirtækjum um samstarf samkvæmt 85. gr. EB-sáttmálans (Stjtíð. EB C 43, 16. 12. 1993, bls. 2). Í þessari auglýsingu er gerð grein fyrir meginreglum um mat á sameiginlegum fyrirtækjum,

— orðsending framkvæmdastjórnarinnar um nánari útlistun á tilmælum framkvæmdastjórnarinnar um beitingu samkeppnisreglna að því er varðar ný verkefni á sviði samgöngumannvirkja (Stjtíð. EB C 298, 30. 9. 1997, bls. 5),

— auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um undanþágur frá sektum í málum er varða einokunarhringi (Stjtíð. EB C 207, 18. 7. 1996, bls. 4),

— auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um starfsreglur hennar við afgreiðslu beiðna um aðgang að málsskjölum í málum sem falla undir 85. og 86. gr. EB-sáttmálans, 65. og 66. gr. sáttmálans um Kola- og stálbandalag Evrópu og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 (Stjtíð. EB C 23, 23. 1. 1997, bls. 3),

— auglýsing um minniháttar samninga sem falla ekki undir 1. mgr. 85. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins (Stjtíð. EB C 372, 9. 12. 1997, bls. 13),

— auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á viðkomandi markaði að því er varðar samkeppnislög bandalagsins (Stjtíð. EB C 372, 9. 12. 1997, bls. 5).

Safn fyrrnefndra texta (miðað við 30. júní 1994) hefur verið gefið út af opinberri útgáfustjórn Evrópubandalaganna (tilvísanir: 1. bindi: ISBN 92-826-6759-6, bókaskrárnúmer CM-29-93-A01-EN-C). Þessa texta er einnig að finna á heimasíðu DG IV,

http://europa.eu.int/comm/dg04/

Samkvæmt samningnum taka þessir textar einnig til Evrópska efnahagssvæðisins.

([1]) Sjá einnig samsvarandi auglýsingar eftirlitsstofnunar EFTA.

III. viðbætir

SKRÁ YFIR AÐILDARRÍKI EB OG EFTA-RÍKI, PÓSTFANG FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR OG EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA, SKRÁ YFIR UPPLÝSINGASKRIFSTOFUR FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR INNAN BANDALAGSINS OG Í EFTA-RÍKJUM OG PÓSTFÖNG LÖGBÆRRA YFIRVALDA Í EFTA-RÍKJUM

Þegar þessi viðauki er saminn eru aðildarríki EB: Austurríki, Belgía, Breska konungsríkið, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn, Svíþjóð og Þýskaland.

EFTA-ríkin sem aðild eiga að EES-samningnum þegar þessi viðauki er saminn eru: Ísland, Liechtenstein og Noregur.

Póstfang samkeppnisskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar:

European Commission,
Directorate-General for Competition,
Rue de la Loi/Wetstraat 200,
B-1049 Brussels.
Sími: (32-2) 299 11 11
http://europa.eu.int/comm/dg04

Póstfang samkeppnisskrifstofu eftirlitsstofnunar EFTA:

EFTA Surveillance Authority - ESA,
Competition and State Aid Directorate,
Rue de Trèves, 74,
B-1040 Brussels.
Sími: (32-2) 286 18 11
Bréfasími: (32-2) 286 18 00
http://www.efta.int

Póstföng upplýsingaskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar í bandalaginu:

BELGÍA

Commission Européenne
Bureau en Belgique
Europese Commissie
Bureau in België
Rue Archiméde/Archimedesstraat 73
B-1040 Bruxelles/Brussel
Sími: (32-2) 295 38 44
Bréfasími: (32-2) 295 01 66
http://europa.eu.int/comm/represent/be

DANMÖRK

Europa-Kommissionen
Repræsentation i Danmark
Østergade 61 (Højbrohus)
Postboks 144
DK-1004 København K
Sími: (45) 33 14 41 40
Bréfasími: (45-33) 11 12 03
http://europa.eu.int/dk

SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND

Europäische Kommission
Vertretung in der Bundesrepublik Deutschland
Zitelannstraße 22
D-53113 Bonn
Sími: (49-228) 530 09-0
Bréfasími: (49-228) 530 09-50, 530 09-12

Europäische Kommission
Vertretung in der Bundesrepublik Deutschland
— Vertretung in Berlin
Kurfürstendamm 102
D-10711 Berlin 31
Sími: (49-30) 896 09 30
Bréfasími: (49-30) 892 20 59

Europäische Kommission
Vertretung in der Bundesrepublik Deutschland
— Vertretung in München
Erhardtstraße 27
D-80331 München
Sími: (49-89) 202 10 11
Bréfasími: (49-89) 202 10 15
http://www.eu-kommission.de

GRIKKLAND

Evropaiki Epitropi
Antiprosopia stin Ellada
2 Vassilissis Sofias
GR-10674 Athina
Sími: (30-1) 725 10 00
Bréfasími: (30-1) 724 46 20
http://www.forthnet.gr/ee

SPÁNN

Comisión Europea
Representación en España
Paseo de la Castellana, 46
E-28046 Madrid
Sími: (34-1) 431 57 11
Bréfasími: (34-1) 432 17 64

Comisión Europea
Representación en Barcelona
Av. Diagonal, 407 bis, Planta 18
E-08008 Barcelona
Sími: (34-3) 415 81 77
Bréfasími: (34-3) 415 63 11
http://www.euroinfo.cce.es

FRAKKLAND

Commission Européenne
Représentation en France
288, boulevard Saint-Germain
F-75007 Paris
Sími: (33-1) 40 63 38 00
Bréfasími: (33-1) 45 56 94 17/18/19

Commission Européenne
Représentation à Marseille
2, rue Henri Barbusse (CMCI)
F-13241 Marseille, Cedex 01
Sími: (33-4) 91 91 46 00
Bréfasími: (33-4) 91 90 98 07
http://europa.eu.int/france

ÍRLAND

European Commission
Representation in Ireland
18 Dawson Street
IRL-Dublin 2
Sími: (353-1) 662 51 13
Bréfasími: (353-1) 662 51 18

ÍTALÍA

Commissione Europea
Rappresentanza in Italia
Via Poli 29
I-00187 Roma
Sími: (39-6) 69 99 91
Bréfasími: (39-6) 679 16 58, 679 36 52

Commissione Europea
Ufficio di Milano
Corso Magenta 59
I-20123 Milano
Sími: (39-2) 467 51 41
Bréfasími: (39-2) 480 12 535

LÚXEMBORG

Commission Européenne
Représentation au Luxembourg
Bâtiment Jean-Monnet
Rue Alcide de Gasperi
L-2920 Luxembourg
Sími: (352) 43 01-34935
Bréfasími: (352) 43 01-34433

HOLLAND

Europese Commissie
Bureau in Nederland
Korte Vijverberg 5
NL-2513 AB Den Haag
Nederland
Sími: (31-70) 346 93 26
Bréfasími: (31-70) 364 66 19
http://www.dds.nl/plein/europa

AUSTURRÍKI

Europäische Kommission
Vertretung in Österreich
Kärtner Ring 5-7
A-1010 Wien
Sími: (43-1) 516 18
Bréfasími: (43-1) 513 42 25
http://www.europa.or.at

PORTÚGAL

Comissão Europeia
Gabinete em Portugal
Centro Europeu Jean Monnet
Largo Jean Monnet, 1-10º
P-1250 Lisboa
Sími: (351-1) 350 98 00
Bréfasími: (351-1) 350 98 01/02/03
http://euroinfo.ce.pt

FINNLAND

Euroopan komissio
Suomen edustusto
Europeiska kommissionen
Representationen i Finland
31 Pohjoisesplanadi/Norra esplanaden 31
FIN-00100 Helsinki/Helsingfors
Sími: (358-9) 622 65 44
Bréfasími: (358-9) 65 67 28 (lehdistö ja tiedotus/press och information)

SVÍÞJÓÐ

Europeiska Kommissionen
Representation i Sverige
Nybrogatan 11, Box 7323
S-10390 Stockholm
Sími: (46-8) 562 444 11
Bréfasími: (46-8) 562 444 12
http://www.eukomm.se

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

European Commission
Representation in the United Kingdom
Jean Monnet House
8 Storey's Gate
London SW1 P3 AT
United Kingdom
Sími: (44-171) 973 19 92
Bréfasími: (44-171) 973 19 00, 973 19 10

European Commission
Representation in Northern Ireland
9/15 Bedford Street (Windsor House)
Belfast BT2 7EG
United Kingdom
Sími: (44-1232) 24 07 08
Bréfasími: (44-1232) 24 82 41

European Commission
Representation in Wales
4 Cathedral Road
Cardiff CF1 9SG
United Kingdom
Sími: (44-1222) 37 16 31
Bréfasími: (44-1222) 39 54 89

European Commission
Representation in Scotland
9 Alva Street
Edinburgh EH2 4PH
United Kingdom
Sími: (44-131) 225 20 58
Bréfasími: (44-131) 226 41 05
http://www.cec.org.uk

Póstföng upplýsingaskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar í EFTA-ríkjunum:

NOREGUR

European Commission Delegation in Norway
Haakon VII's Gate 10 (9th floor)
N-0161 Oslo
Sími: (47-22) 83 35 83
Bréfasími: (47-22) 83 40 55

Einnig er unnt að fá eyðublöð fyrir tilkynningar og umsóknir, ásamt ítarlegri upplýsingum um samkeppnisreglur á Evrópska efnahagssvæðinu, hjá eftirtöldum skrifstofum:

ÍSLAND

Samkeppnisstofnun (Icelandic Competition Authority)
Laugavegi 118
Pósthólf 5120
IS-125 Reykjavík
Ísland
Sími: (354-5) 527 422
Bréfasími: (354-5) 627 442

LIECHTENSTEIN

Amt Für Volkswirtschaft (Office of National Economy)
Gerberweg 5
FL-9490 Vaduz
Sími: (41-75) 236 68 73
Bréfasími: (41-75) 236 68 89

NOREGUR

Norwegian Competition Authority
PO Box 8132 Dep.
0033 Oslo
Norway
Sími: (47-22) 40 09 00
Bréfasími: (47-22) 40 09 99

II. VIÐAUKI

EYÐUBLAÐ TR(B) ([1])

Senda skal frumrit þessa eyðublaðs og fylgiskjala og 17 afrit ásamt skjalfestu fulltrúaumboði.

Ef svar rúmast ekki fyrir aftan spurningu má nota viðbótarblöð og auðkenna á þeim hvaða atriðum þau tengjast.

TIL FRAMKVÆMDASTJÓRNAR EVRÓPUBANDALAGSINS

Aðalskrifstofa samkeppnismála
Rue de la Loi/Wetstraat 200
B-1049 Brussels.

Tilkynning um samning, ákvörðun eða samstillta aðgerð samkvæmt 1. mgr. 14. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68 í því skyni að fá yfirlýsingu um að bannið í 2. gr. gildi ekki vegna ríkjandi óvissuástands eins og um getur í 6. gr. reglugerðarinnar ([2]).

I. **Upplýsingar um aðila**

1. Kenninafn, eiginnöfn og póstfang þess sem leggur fram tilkynningu. Ef sá hinn sami er með fulltrúaumboð skal einnig tilgreina nafn og póstfang eigendanna eða hluthafanna eða nöfn lögfræðinga í umboði lögpersóna ef um lögpersónur er að ræða.

   Leggja verður fram vottorð til að staðfesta umboð fulltrúans.

   Ef tilkynningin er lögð fram af fleiri en einum einstaklingi eða fyrir hönd fleiri en eins fyrirtækis skal veita þessar upplýsingar um hvern aðila eða fyrirtæki.

2. Heiti og póstfang fyrirtækjanna sem eru aðilar að samningnum, ákvörðuninni eða samstilltu aðgerðinni og kenninafn, eiginnöfn og póstfang eigendanna eða hluthafanna eða nöfn lögfræðinga í umboði lögpersóna ef um lögpersónur er að ræða (nema þessar upplýsingar hafi þegar verið veittar í lið I.1).

   Ef fyrirtækin, sem eru aðilar, leggja ekki öll fram tilkynningu skal tilgreina hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að hin fyrirtækin fái vitneskju um hana.

   Þessar upplýsingar eru ekki nauðsynlegar þegar um er að ræða staðlaða samninga (sjá b-lið liðar II.2).

3. Hafi verið stofnað fyrirtæki eða sameiginleg skrifstofa samkvæmt samningnum, ákvörðuninni eða samstilltu aðgerðinni skal tilgreina heiti og póstfang fyrirtækisins eða skrifstofunnar og kenninöfn, eiginnöfn og póstföng fulltrúa þess.

4. Beri fyrirtæki eða sameiginleg skrifstofa ábyrgð á framkvæmd samningsins, ákvörðunarinnar eða samstilltu aðgerðarinnar skal tilgreina heiti og póstfang fyrirtækisins eða skrifstofunnar og kenninöfn, eiginnöfn og póstföng fulltrúa þess/hennar.

   Afrit af samþykktum þess/hennar skal fylgja með.

5. Ef um er að ræða ákvörðun samtaka fyrirtækja skal tilgreina heiti og póstfang samtakanna og kenninöfn, eiginnöfn og póstföng fulltrúa þess.

   Afrit af samþykktum þeirra skal fylgja með.

6. Hafi fyrirtækin staðfestu eða aðsetur utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilgreina nafn og póstfang fulltrúa eða útibús sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu.

([1]) Tilkynningar á eyðublaði TR(B), sem framkvæmdastjórnin gefur út, og samsvarandi eyðublaði, sem EFTA gefur út, eru jafngildar. Tilvísanir til EFTA-ríkja ber að skilja sem EFTA-ríkin sem eru samningsaðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

([2]) Sjá einnig þessa reglugerð eins og hún hefur verið aðlöguð að EES-samningnum (10. liður XIV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, hér á eftir nefndur „EES-samningurinn").

II. **Upplýsingar um inntak samnings, ákvörðunar eða samstilltrar aðgerðar**

1. Tekur samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin til flutnings:

   — á járnbrautum,

   — á vegum,

   — á skipgengum vatnaleiðum,

   eða starfsemi þeirra sem veita stoðþjónustu við flutninga

2. Liggi inntakið fyrir í rituðu máli skal afrit af óstyttum texta fylgja með nema kveðið sé á um annað í a- eða b-lið hér á eftir.

   a) Hafa aðeins verið gerð drög að samningi eða ákvörðun?
   Ef svo er skal afrit af óstyttum texta einstakra samninga og framkvæmdarákvæða fylgja með.

   b) Er um staðlaðan samning að ræða, þ.e. samning sem fyrirtækið, sem leggur fram tilkynninguna, gerir reglulega við tiltekna einstaklinga eða hópa einstaklinga?
   Ef svo er nægir að texti staðlaða samningsins fylgi með.

3. Liggi inntakið ekki fyrir í rituðu máli, eða aðeins að hluta til, skal lýsa inntakinu hér.

4. Í öllum tilvikum skal að auki veita upplýsingar um:

   a) dagsetningu samnings, ákvörðunar eða samstilltrar aðgerðar;

   b) gildistökudag og, þar sem við á, fyrirhugaðan gildistíma;

   c) efni: nákvæma lýsingu á viðkomandi flutningsþjónustu eða öðru viðfangi samningsins, ákvörðunarinnar eða samstilltu aðgerðarinnar;

   d) markmiði samningsins, ákvörðunarinnar eða samstilltu aðgerðarinnar;

   e) skilmála er varða aðild, úrsögn eða uppsögn;

   f) hugsanleg viðurlög gegn þátttökuríkjum (svo sem refsiákvæði og útilokun).

III. **Leiðir til að ná markmiðum samningsins, ákvörðunarinnar eða samstilltu aðgerðarinnar**

1. Tilgreinið hvort og að hve miklu leyti samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin varði:

   — aðild að tilteknum flutningsgjöldum og -skilmálum eða öðrum rekstrarskilmálum,

   — takmörkun eða stýringu á flutningsframboði, tækniþróun eða fjárfestingu,

   — skiptingu flutningsmarkaða,

   — takmarkanir á frelsi til að gera samninga um flutninga við þriðju aðila (einkasamningar),

   — beitingu mismunandi skilmála fyrir jafngilda þjónustu.

2. Varðar samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin flutningsþjónustu:

   a) aðeins í einu aðildarríki eða EFTA-ríki?

   b) milli aðildarríkja?

   c) milli EFTA-ríkja?

   d) milli bandalagsins og eins eða fleiri EFTA-ríkja?

   e) milli aðildarríkis eða EFTA-ríkis og þriðju ríkja?

   f) milli þriðju ríkja sem fara gegnum eitt eða fleiri aðildarríki EB og/eða eitt eða fleiri EFTA-ríki?

IV. **Greinargerð um skilyrði sem samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin þarf að uppfylla til að verða undanþegin banni samkvæmt 2. gr.**

Lýsið að hve miklu leyti:

1. flutningsmarkaðurinn hefur orðið fyrir röskun,
2. samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin er nauðsynleg til að draga megi úr þessari röskun,
3. samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin útrýmir ekki samkeppni á verulegum hluta viðkomandi flutningsmarkaðar.

V. **Tilgreinið hvort þið hyggist leggja fram frekari rökstuðning og, ef svo er, fyrir hvaða atriðum**

Undirritaðir lýsa því hér með yfir að þær upplýsingar, sem veittar eru hér að framan og í meðfylgjandi viðaukum, eru réttar. Þeim er kunnugt um ákvæði a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68.

Staður og dagsetning:

Undirskriftir:

14. júlí 2000 Nr. 585

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. gr. e bætist við ný grein, 1. gr. f, sem orðast svo:

Með vísan til reglugerðar nr. 230/1997 um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum, birtist hér sem fylgiskjal reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94 frá 21. desember 1994 um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins nr. 17 (17/62).

Sú breyting felst í reglugerð þessari að reglugerð nr. 3385/94 verður ekki birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB og er því birt hér í B-deild Stjórnartíðinda sem fylgiskjal.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 14. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 3385/94

frá 21. desember 1994

um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins nr. 17

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 17 frá 6. febrúar 1962, fyrstu reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 85. og 86. gr. sáttmálans ([1]), eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Spánar og Portúgals, einkum 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 27 frá 3. maí 1962, fyrsta reglugerð til framkvæmdar reglugerð ráðsins nr. 17 ([2]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3666/93 ([3]), uppfyllir ekki lengur kröfur um skilvirka stjórnsýslumeðferð. Því er rétt að ný reglugerð komi í hennar stað.

Umsóknir um neikvætt vottorð samkvæmt 2. gr. og tilkynningar samkvæmt 4., 5. og 25. gr. reglugerðar nr. 17 hafa veigamikil réttaráhrif til styrktar stöðu aðila að samningi, ákvörðun eða aðgerðum en hins vegar geta rangar eða villandi upplýsingar í slíkum umsóknum eða tilkynningum varðað sektum og kunna einnig að hafa í för með sér vandkvæði fyrir þá á sviði einkamálaréttar. Af þessum sökum er nauðsynlegt, vegna réttaröryggis, að skilgreina nákvæmlega hvaða einstaklingar hafa rétt til að leggja fram umsóknir og tilkynningar, efni og inntak þeirra upplýsinga sem eiga að koma fram í slíkum umsóknum og tilkynningum og hvenær þær öðlast gildi.

Hver aðili að samningi, ákvörðun eða aðgerðum skal hafa rétt til að leggja fram umsókn eða tilkynningu hjá framkvæmdastjórninni. Enn fremur ber aðila, sem notfærir sér þennan rétt, að tilkynna það hinum aðilunum svo að þeir geti gætt hagsmuna sinna. Umsóknir og tilkynningar, sem varða samninga, ákvarðanir eða aðgerðir samtaka fyrirtækja, skulu aðeins lagðar fram af samtökunum.

Umsækjendum og tilkynnendum ber að upplýsa framkvæmdastjórnina nákvæmlega og ráðvandlega um staðreyndir og málavexti sem máli skipta þegar tekin er ákvörðun um viðkomandi samninga, ákvarðanir eða aðgerðir.

Til þess að einfalda og hraða athugun er æskilegt að mæla svo fyrir að notað sé umsóknareyðublað fyrir neikvætt vottorð viðvíkjandi 1. mgr. 85. gr. og fyrir tilkynningar viðvíkjandi 3. mgr. 85. gr. Einnig ætti að vera unnt að nota þetta eyðublað fyrir umsóknir um neikvætt vottorð viðvíkjandi 86. gr.

Framkvæmdastjórnin býður aðilum, þegar við á, þann kost að ræða fyrirhugaða samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir óformlega og í fyllsta trúnaði áður en umsókn eða tilkynning er lögð fram, ef þeir óska þess. Auk þess mun hún, að tilkynningu eða umsókn fram kominni, hafa áfram náið samband við þessa aðila eftir því sem þurfa þykir til að ræða við þá sérhver vandkvæði er lúta að framkvæmd eða eru lagalegs eðlis og hún rekst á við fyrstu athugun málsins og, ef kostur er, til að ryðja úr vegi slíkum vandkvæðum með gagnkvæmu samkomulagi.

Ákvæði þessarar reglugerðar skulu einnig ná til tilvika þar sem umsóknir um neikvætt vottorð viðvíkjandi 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins eða tilkynningar viðvíkjandi 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins eru lagðar fram hjá framkvæmdastjórninni.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðilar sem hafa rétt til að leggja fram umsóknir og tilkynningar

1. Eftirtöldum aðilum er heimilt að leggja fram umsókn samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 17 viðvíkjandi 1. mgr.

([1]) Stjtíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.
([2]) Stjtíð. EB nr. 35, 10. 5. 1962, bls. 1118/62.
([3]) Stjtíð. EB nr. L 336, 31. 12. 1993, bls. 1.

85. gr. sáttmálans eða tilkynningu samkvæmt 4., 5. og 25. gr. reglugerðar nr. 17:

a) öllum fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja sem eru aðilar að samningum eða samstilltum aðgerðum, og

b) öllum samtökum fyrirtækja sem samþykkja ákvarðanir eða taka þátt í aðgerðum,

sem kunna að falla undir 1. mgr. 85. gr.

Leggi einungis sumir aðilarnir, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, fram umsókn eða tilkynningu skulu þeir tilkynna hinum aðilunum þar um.

2. Fyrirtæki, sem hefur yfirburðastöðu á hinum sameiginlega markaði eða verulegum hluta hans, hvort heldur er eitt sér eða ásamt öðrum fyrirtækjum, er heimilt að leggja fram umsókn samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 17 viðvíkjandi 86. gr. sáttmálans.

3. Þegar fulltrúar einstaklinga, fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja undirrita umsóknir eða tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi umboð til þess.

4. Ef um er að ræða sameiginlega umsókn eða tilkynningu ber að tilnefna sameiginlegan fulltrúa sem hefur umboð til að senda og taka við skjölum fyrir hönd allra umsækjenda eða tilkynnenda.

2. gr.

Framlagning umsókna og tilkynninga

1. Umsóknir samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 17 viðvíkjandi 1. mgr. 85. gr. sáttmálans og tilkynningar samkvæmt 4., 5. og 25. gr. reglugerðar nr. 17 skulu lagðar fram á þann hátt sem mælt er fyrir um á eyðublaði A/B í viðaukanum við þessa reglugerð. Einnig er heimilt að nota eyðublað A/B fyrir umsóknir samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 17 viðvíkjandi 86. gr. sáttmálans. Sameiginlegar umsóknir og sameiginlegar tilkynningar skulu vera á einu eyðublaði.

2. Senda skal sautján afrit af hverri umsókn og tilkynningu og þrjú afrit af viðaukum við þær til framkvæmdastjórnarinnar á póstfangið sem tilgreint er á eyðublaði A/B.

3. Skjöl, sem fylgja umsókn eða tilkynningu, skulu annaðhvort vera frumrit eða afrit af frumritum. Í síðara tilvikinu skal umsækjandi eða tilkynnandi staðfesta að um rétt og óstytt afrit sé að ræða.

4. Umsóknir og tilkynningar skulu vera á einu af opinberum tungumálum bandalagsins. Sama tungumál skal síðan nota við meðferð málsins og gildir það fyrir umsækjanda og tilkynnanda. Skjöl skulu vera á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af opinberum tungumálum bandalagins skal þýðing á tungumálið, sem notað er við meðferð málsins, fylgja.

5. Einnig er heimilt að leggja fram umsókn um neikvætt vottorð viðvíkjandi 1. mgr. 53. eða 54. gr. EES-samningsins eða tilkynningu viðvíkjandi 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins á einu af opinberum tungumálum EFTA-ríkjanna eða vinnutungumáli eftirlitsstofnunar EFTA. Kjósi umsækjendur eða tilkynnendur að leggja fram umsókn eða tilkynningu á tungumáli sem er ekki eitt af opinberum tungumálum bandalagsins skulu þeir láta þýðingu á eitt af opinberum tungumálum bandalagsins fylgja öllum skjölum. Umsækjandi eða tilkynnandi skal nota tungumálið, sem þýtt er á, við málsmeðferðina.

3. gr.

Efni umsókna og tilkynninga

1. Í umsóknum og tilkynningum skulu vera þær upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir á eyðublaði A/B. Upplýsingarnar skulu vera réttar og fullnægjandi.

2. Í umsóknum samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 17 viðvíkjandi 86. gr. sáttmálans skal gera fulla grein fyrir staðreyndum málsins, m.a. tilgreina um hvers konar starfsemi sé að ræða og hver sé staða viðkomandi fyrirtækis eða fyrirtækja á hinum sameiginlega markaði eða verulegum hluta hans, með hliðsjón af þeim vörum eða þjónustu sem starfsemin lýtur að.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að undanþiggja aðila þeirri kvöð að láta í té tilteknar upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir á eyðublaði A/B, telji hún að slíkar upplýsingar séu ekki nauðsynlegar fyrir athugun málsins.

4. Framkvæmdastjórnin skal senda umsækjendum og tilkynnendum skriflega og án tafar staðfestingu á því að henni hafi borist umsóknin eða tilkynningin og svör við bréfum sem hún hefur sent samkvæmt 2. mgr. 4. gr.

4. gr.

Gildistökudagur umsókna og tilkynninga

1. Litið skal svo á að tilkynningar öðlist gildi daginn sem þær berast framkvæmdastjórninni, samanber þó 2. til 5. mgr. Sé umsókn eða tilkynning hins vegar send í ábyrgðarpósti skal dagsetning gildistöku vera sú sama og á póststimpli póstafgreiðslustöðvar.

2. Telji framkvæmdastjórnin að upplýsingar í umsókn eða tilkynningu eða meðfylgjandi skjöl séu ófullnægjandi í veigamiklum atriðum skal hún tilkynna það umsækjanda eða tilkynnanda skriflega og án tafar og setja hæfilegan frest til að bæta við upplýsingum. Í þessum tilvikum skal litið svo á að umsóknin eða tilkynningin öðlist gildi þann dag sem fullnægjandi upplýsingar berast framkvæmdastjórninni.

3. Verði veigamiklar breytingar á upplýsingum sem koma fram í umsókn eða tilkynningu og sé umsækjanda eða tilkynnanda kunnugt um þær eða ætti að vera kunnugt um þær skulu þeir tilkynna þær framkvæmdastjórninni að eigin frumkvæði og tafarlaust.

4. Farið er með rangar eða villandi upplýsingar sem ófullnægjandi upplýsingar.

5. Hafi framkvæmdastjórnin ekki sent umsækjanda eða tilkynnanda upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., að liðnum einum mánuði frá því að umsóknin eða tilkynningin barst henni telst umsóknin eða tilkynningin hafa öðlast gildi þann dag sem hún barst framkvæmdastjórninni.

5. gr.

Niðurfelling

Reglugerð nr. 27 falli úr gildi.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. mars 1995.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. desember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

forseti.

EYÐUBLAÐ A/B

INNGANGUR

Eyðublað A/B og viðaukinn við það eru óaðskiljanlegur hluti af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94 frá 21. desember 1994 um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins nr. 17 (hér á eftir nefnd „reglugerðin"). Þar með er fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja gert kleift að sækja til framkvæmdastjórnarinnar um neikvætt vottorð vegna samninga eða samstilltra aðgerða, sem kunna að falla undir bannreglur 1. mgr. 85. gr. og 86. gr. EB-sáttmálans sem og 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins, eða tilkynna um samning og sækja um að hann verði undanþeginn banninu, sem kveðið er á um í 1. mgr. 85. gr., í krafti ákvæða 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans eða bannreglum 1. mgr. 53. gr. í krafti ákvæða 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

Til að auðvelda notkun eyðublaðs A/B er fjallað um eftirtalin atriði á næstu síðum:

— í hvaða tilvikum er nauðsynlegt að leggja fram umsókn eða tilkynningu (A-liður),

— hvaða yfirvaldi (framkvæmdastjórninni eða eftirlitsstofnun EFTA) ber að senda umsóknina eða tilkynninguna (B-liður),

— hvaða markmiðum umsókn eða tilkynning getur þjónað (C-liður),

— hvaða upplýsingar þurfa að koma fram í umsókn eða tilkynningu (D-, E- og F-liður),

— hverjum er heimilt að leggja fram umsókn eða tilkynningu (G-liður),

— hvernig leggja skal fram umsókn eða tilkynningu (H-liður),

— hvernig varðveita má atvinnuleyndarmál fyrirtækjanna (I-liður),

— hvernig ber að skilja tiltekin hugtök tæknilegs eðlis í vinnsluhluta eyðublaðs A/B (J-liður), og

— málsmeðferð í framhaldi af umsókn eða tilkynningu (K-liður).

A. Í hvaða tilvikum er nauðsynlegt að leggja fram umsókn eða tilkynningu

I. *Tilgangurinn með samkeppnisreglum EB-sáttmálans og EES-samningsins*

1. Tilgangurinn með samkeppnisreglum Evrópubandalagsins

Tilgangurinn með samkeppnisreglunum er að koma í veg fyrir að samkeppnishömlur eða misnotkun yfirburðastöðu raski samkeppni á hinum sameiginlega markaði. Þær gilda um öll fyrirtæki sem beint eða óbeint stunda viðskipti á hinum sameiginlega markaði, óháð því hvar þau hafa staðfestu.

Í 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans (texti 85. og 86. gr. er birtur í 1. viðauka við þetta eyðublað) er lagt bann við samningum, ákvörðunum eða samstilltum aðgerðum (samkomulagi) sem hamla samkeppni og geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og í 2. mgr. 85. gr. er því lýst yfir að samningar eða ákvarðanir, sem geyma slíkar takmarkanir, hafi engin réttaráhrif (Evrópudómstóllinn hefur þó úrskurðað að ef unnt er að greina takmarkandi skilmála frá öðrum atriðum samningsins eru það einungis þeir sem hafa engin réttaráhrif); í 3. mgr. 85. gr. er þó kveðið á um undanþágu fyrir samkomulag sem hefur jákvæð áhrif, að uppfylltum skilyrðum þeirrar málsgreinar. Í 86. gr. er lagt bann við misnotkun yfirburðastöðu sem getur haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna. Upprunalegu reglurnar um framkvæmd þessara greina, það er að segja ákvæðin um „neikvætt vottorð" og undanþágur samkvæmt 3. mgr. 85. gr., voru settar í reglugerð ráðsins nr. 17.

2. Tilgangurinn með samkeppnisreglum EES-samningsins

Samkeppnisreglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (milli bandalagsins, aðildarríkjanna og EFTA-ríkjanna ([1])) byggjast á sömu meginreglum og samkeppnisreglur bandalagsins og miða að sama marki, þ.e. að hindra að einokunarhringir eða misnotkun yfirburðastöðu raski samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu. Þær gilda um öll fyrirtæki sem beint eða óbeint stunda viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu, óháð því hvar þau hafa staðfestu.

Í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins (texti 53., 54. og 56. gr. EES-samningsins er birtur í 1. viðauka) er lagt bann við samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum (samkomulagi) sem hamla samkeppni og geta haft áhrif á viðskipti milli bandalagsins og eins eða fleiri EFTA-ríkja (eða milli EFTA-ríkja), og í 2. mgr. 53. gr. er því lýst yfir að samningar eða ákvarðanir, sem geyma slíkar takmarkanir, hafi engin réttaráhrif; í 3. mgr. 53. gr. er þó kveðið á um undanþágu fyrir samkomulag sem hefur jákvæð áhrif, að uppfylltum skilyrðum þeirrar málsgreinar. Í 54. gr. er lagt bann við misnotkun yfirburðastöðu sem getur haft áhrif á viðskipti milli bandalagsins og eins eða fleiri EFTA-ríkja (eða milli EFTA-ríkja). Málsmeðferðarreglur um framkvæmd þessara greina, það er að segja ákvæðin um „neikvætt vottorð" og undanþágur samkvæmt 3. mgr. 53. gr., voru settar í reglugerð ráðsins nr. 17 og að því er Evrópska efnahagssvæðinu viðvíkur fylgja henni bókanir 21, 22 og 23 við EES-samninginn ([2]).

II *Gildissvið samkeppnisreglna EB-sáttmálans og EES-samningsins*

Beiting 85. og 86. gr. EB-sáttmálans og 53. og 54. gr. EES-samningsins fer eftir aðstæðum í hverju einstöku máli. Forsenda beitingar er að samkomulagið eða starfshættirnir uppfylli öll skilyrði í viðkomandi ákvæðum. Þetta verður að kanna áður en sótt er um neikvætt vottorð eða tilkynning er lögð fram.

1. Neikvætt vottorð

Málsmeðferð vegna neikvæðs vottorðs veitir fyrirtækjum tækifæri til að komast að raun um hvort framkvæmdastjórnin telji að samkomulag þeirra eða starfshættir séu bannaðir samkvæmt 1. mgr. 85. gr. eða 86. gr. EB-sáttmálans eða 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins eða ekki. Málsmeðferðin byggist á 2. gr. reglugerðar nr. 17. Neikvætt vottorð er veitt í formi ákvörðunar þar sem framkvæmdastjórnin staðfestir að á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur undir höndum séu engar forsendur fyrir aðgerðum af hennar hálfu samkvæmt 1. mgr. 85. gr. eða 86. gr. EB-sáttmálans eða 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins vegna viðkomandi samkomulags eða starfsháttа.

Ekki er þó ástæða til að leggja inn umsókn ef samkomulag eða starfshættir eru augljóslega ekki bannaðir samkvæmt framangreindum ákvæðum. Né heldur er framkvæmdastjórnin skyldug til að veita neikvætt vottorð. Í 2. gr. reglugerðar nr. 17 segir að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja „...geta sótt um staðfestingu hjá framkvæmdastjórninni ...". Framkvæmdastjórnin gefur aðeins út neikvætt vottorð ef skera þarf úr um mikilvægan túlkunarvanda. Í öðrum tilvikum svarar hún umsókninni með stöðluðu svarbréfi.

Framkvæmdastjórnin hefur birt allmargar auglýsingar viðvíkjandi túlkun 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans. Þar eru skilgreindir tilteknir flokkar samninga sem bannið nær ekki til sakir eðlis þeirra eða óverulegra áhrifa ([3]).

2. Undanþága

Málsmeðferð vegna undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gerir fyrirtækjum kleift að ganga inn í samkomulag sem í raun býður upp á efnahagslegan ávinning en væri, án undanþágu, bannað samkvæmt 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Kveðið er á um þessa málsmeðferð í 4., 6. og 8. gr. og, fyrir nýju aðildarríkin, í 5., 7. og 25. gr. reglugerðar nr. 17. Undanþágan er í formi ákvörðunar þar sem framkvæmdastjórnin lýsir því

([1]) Sjá skrá yfir aðildarríki EB og EFTA-ríkin í III. viðauka.
([2]) Birt í I. viðauka.
([3]) Sjá II. viðauka.

yfir að 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gildi ekki um það samkomulag sem lýst er í ákvörðuninni. Samkvæmt 8. gr. ber framkvæmdastjórninni skylda til að tilgreina gildistíma ákvörðunarinnar; henni er heimilt að láta skilyrði og skyldur fylgja og einnig að breyta ákvörðunum eða afturkalla þær eða banna tilteknar athafnir aðila samkomulagsins við tilteknar aðstæður, einkum ef ákvörðunin var byggð á röngum upplýsingum eða aðstæður hafa breyst verulega.

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ýmsar reglugerðir um undanþágur fyrir flokka samninga ([1]). Í nokkrum þessara reglugerða er kveðið á um að sumir samningar njóti því aðeins góðs af slíkri undanþágu að framkvæmdastjórninni sé tilkynnt um þá í samræmi við 4. eða 5. gr. reglugerðar nr. 17 í því augnamiði að fá undanþágu og að í tilkynningunni sé óskað eftir að beitt verði andmælameðferð.

Ákvörðun, þar sem undanþága er veitt, getur gilt með afturvirkum hætti en hún getur ekki öðlast gildi fyrir tilkynningardag (6. gr. reglugerðar nr. 17), með nokkrum undantekningum þó. Komist framkvæmdastjórnin að raun um að samkomulag, sem tilkynnt hefur verið um, falli í raun undir bannið og njóti ekki undanþágu og taki hún þar af leiðandi ákvörðun um að lýsa það ógilt eru hlutaðeigandi aðilar engu að síður, frá og með þeim degi sem tilkynning er dagsett og til þess dags sem ákvörðun er dagsett, undanþegnir sektum við brotum sem lýst er í tilkynningunni (3. gr. og 5. og 6. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 17).

Framkvæmdastjórnin gefur að jafnaði aðeins út ákvarðanir um undanþágu í málum sem hafa verulegt lagalegt, efnahagslegt eða pólitískt vægi. Í öðrum tilvikum lýkur hún málsmeðferð með stöðluðu svarbréfi.

B. Til hvaða yfirvalds ber að senda umsókn eða tilkynningu?

Umsóknir og tilkynningar skulu sendar lögbæru yfirvaldi í viðkomandi máli. Beiting samkeppnisreglna EB-sáttmálans fellur undir valdsvið framkvæmdastjórnarinnar. Þó skarast valdsviðið að því er varðar beitingu reglnanna í EES-samningnum.

Heimildir framkvæmdastjórnarinnar og eftirlitsstofnunar EFTA til að beita EES-samkeppnisreglunum eru fengnar með 56. gr. EES-samningsins. Umsóknir og tilkynningar er varða samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, sem geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna, skulu sendar framkvæmdastjórninni nema áhrif þeirra á viðskipti milli aðildarríkjanna eða samkeppni innan bandalagsins séu óveruleg í skilningi auglýsingar framkvæmdastjórnarinnar frá 1986 um samninga sem hafa óveruleg áhrif ([2]). Enn fremur falla allir samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, sem hamla samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkis og eins eða fleiri EFTA-ríkja, undir valdsvið framkvæmdastjórnarinnar, að því tilskildu að meira en 67% af heildarveltu viðkomandi fyrirtækja á öllu Evrópska efnahagssvæðinu séu til komin innan bandalagsins ([3]). Séu hins vegar áhrif þessara samninga, ákvarðana eða samstilltu aðgerða á viðskipti milli aðildarríkjanna eða á samkeppni innan bandalagsins óveruleg ber að stíla tilkynninguna á eftirlitsstofnun EFTA. Alla aðra samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, sem falla undir 53. gr. EES-samningsins, ber að tilkynna eftirlitsstofnun EFTA (sjá póstfang hennar í III. viðauka).

Umsóknir um neikvætt vottorð vegna 54. gr. EES-samningsins ber að senda til framkvæmdastjórnarinnar ef yfirburðastöðunnar gætir eingöngu í bandalaginu eða til eftirlitsstofnunar EFTA ef yfirburðastöðunnar gætir eingöngu á öllu yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna eða verulegum hluta þess. Aðeins skal beita framangreindum reglum með tilliti til 53. gr. ef yfirburðastöðunnar gætir á báðum yfirráðasvæðum.

Framkvæmdastjórnin leggur samkeppnisreglur EB-sáttmálans mati sínu til grundvallar hverju sinni. Í málum, sem falla undir EES-samninginn og framkvæmdastjórnin fær til umfjöllunar samkvæmt 56. gr. þess samnings, beitir hún jafnframt reglum EES.

([1]) Sjá II. viðauka.

([2]) OJ nr. C 231, 12. 9. 1986, bls. 2.

([3]) „Velta" í þessu samhengi er skilgreind í 2., 3. og 4. gr. bókunar 22 við EES-samninginn sem birtar eru í I. viðauka.

C. Tilgangurinn með eyðublaðinu

Á eyðublaði A/B eru skráðar þær spurningar, sem þarf að svara, og þær upplýsingar og skjöl sem skal láta í té þegar sótt er um eftirfarandi:

— neikvætt vottorð viðvíkjandi 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og/eða 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 17, vegna samninga milli fyrirtækja, ákvarðana samtaka fyrirtækja og samstilltra aðgerða,

— undanþágu, samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og/eða 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, vegna samninga milli fyrirtækja, ákvarðana samtaka fyrirtækja og samstilltra aðgerða,

— að beitt verði andmælameðferð eins og kveðið er á um í tilteknum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar um flokkaundanþágur.

Eyðublaðið gerir fyrirtækjum, sem sækja um neikvætt vottorð, kleift að leggja um leið fram tilkynningu í þeim tilgangi að fá undanþágu fari svo að framkvæmdastjórnin komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að veita neikvætt vottorð.

Umsóknir um neikvætt vottorð og tilkynningar viðvíkjandi 85. gr. EB-sáttmálans skal leggja fram á þann hátt sem tilgreindur er á eyðublaði A/B (sjá fyrsta málslið 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar).

Eyðublaðið nýtist einnig fyrirtækjum sem óska eftir neikvæðu vottorði viðvíkjandi 86. gr. EB-sáttmálans eða 53. gr. EES-samningsins, samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 17. Umsækjendum um neikvætt vottorð viðvíkjandi 86. gr. er ekki skylt að nota eyðublað A/B. Þeim er þó eindregið ráðlagt að veita allar upplýsingar sem er krafist hér á eftir til þess að tryggja að allar staðreyndir málsins komi fram í umsókninni (sjá annan málslið 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar.

Umsóknir eða tilkynningar á eyðublaði A/B, sem EFTA gefur út, eru jafngildar. Þó er ráðlegt að nota eyðublað framkvæmdastjórnarinnar ef viðkomandi samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir falla eingöngu undir 85. eða 86. gr. EB-sáttmálans, þ.e. varða á engan hátt Evrópska efnahagssvæðið.

D. Hvaða kafla eyðublaðsins ber að fylla út?

Vinnsluhluti eyðublaðsins skiptist í fjóra kafla. Fyrirtæki, sem vilja leggja inn umsókn um neikvætt vottorð eða tilkynningu, skulu fylla út I., II. og IV. kafla. Gerð er undantekning frá þeirri reglu þegar umsóknin eða tilkynningin varðar samning um stofnun sameiginlegs fyrirtækis á samstarfsgrundvelli, ef aðilarnir óska eftir flýtimeðferð. Þegar svo er skal fylla út I., III. og IV. kafla.

Framkvæmdastjórnin tilkynnti árið 1992 að hún hefði sett sér nýjar stjórnsýslureglur og samkvæmt þeim skyldi fjallað um tilteknar umsóknir og tilkynningar, þær sem varða sameiginleg fyrirtæki á samstarfsgrundvelli, innan ákveðins frests. Í þeim tilvikum upplýsa þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar aðilana skriflega um niðurstöður frumathugunar á málinu, innan tveggja mánaða frá viðtöku fullnægjandi tilkynningar um samninginn, og, eftir því sem við á, hvers konar stjórnsýslumeðferð þær hyggist beita og hve langan tíma megi vænta að sú meðferð taki.

Efni þessa bréfs getur verið breytilegt eftir eðli viðkomandi máls:

— liggi málið ljóst fyrir sendir framkvæmdastjórnin staðlað svarbréf þar sem staðfest er að samningurinn samræmist ákvæðum 1. eða 3. mgr. 85. gr.,

— sé ekki unnt að senda staðlað svarbréf þar eð nauðsynlegt reynist að skera úr um málið með formlegri ákvörðun tilkynnir framkvæmdastjórnin viðkomandi fyrirtækjum að hún hyggist taka ákvörðun þar sem undanþága verður veitt eða synjað um hana,

— hafi framkvæmdastjórnin alvarlegar efasemdir um að samningurinn samræmist samkeppnisreglunum sendir hún aðilunum bréf þar sem hún tilkynnir þeim að málið verði kannað ítarlega og það kunni, eftir eðli málsins, að leiða til ákvörðunar um bann, undanþágu með ákveðnum skilyrðum og skyldum eða skilyrðislausrar undanþágu.

Þessi nýja flýtimeðferð, sem gekk í gildi 1. janúar 1993, byggist eingöngu á meginreglunni um sjálfsaga. Tveggja mánaða frestur frá fullnægjandi tilkynningu, sem er ætlaður til frumathugunar á málinu, er ekki lögbundinn frestur og felur því ekki í sér lagalegar skyldur. Framkvæmdastjórnin mun þó gera sitt ítrasta til að virða hann. Enn fremur áskilur framkvæmdastjórnin sér rétt til að beita slíkri flýtimeðferð vegna annars konar samstarfs milli fyrirtækja.

Sameiginlegt fyrirtæki á samstarfsgrundvelli er fyrirtæki sem leiðir til verulegra breytinga á eignarhaldi og stjórnun rekstrarfjár samningsaðilanna. Þetta getur stafað af því að sameiginlega fyrirtækið yfirtekur eða færir út starfsemi móðurfélaganna eða hefur nýja starfsemi fyrir þeirra hönd. Þess konar aðgerðir einkennast af því að við þær eru bundnar verulegar peningalegar, efnislegar og/eða óáþreifanlegar eignir, svo sem hugverkaréttindi og verkkunnátta. Því er sameiginlegum fyrirtækjum á samstarfsgrundvelli venjulega ætlað að starfa í meðallangan eða langan tíma.

Þetta hugtak nær einnig til ákveðinna sameiginlegra fyrirtækja í „takmörkuðum rekstri" sem taka að sér einn eða fleiri afmarkaða þætti í starfsemi móðurfélaganna án þess að því fylgi aðgangur að markaðinum og á þetta einkum við um rannsóknir og þróun og/eða framleiðslu. Einnig nær hugtakið til sameiginlegra fyrirtækja í „fullum rekstri" sem gera sjálfstæðum fyrirtækjum kleift að samhæfa samkeppnishætti sína, einkum innbyrðis eða milli sín og sameiginlega fyrirtækisins.

Svo að unnt sé að virða settan frest er brýnt að framkvæmdastjórnin hafi, þegar tilkynning berst, aðgang að öllum þeim upplýsingum sem sanngjarnt er að ætla að tilkynnendur hafi tiltækar og sem eru nauðsynlegar til að framkvæmdastjórnin geti metið áhrif viðkomandi aðgerðar á samkeppni. Því er gert ráð fyrir sérstökum hluta á eyðublaði A/B (III. kafli) sem aðeins er ætlaður þeim sem tilkynna um sameiginlegt fyrirtæki á samstarfsgrundvelli og óska þess að njóta flýtimeðferðar.

Þeir sem tilkynna sameiginleg fyrirtæki á samstarfsgrundvelli og óska þess að njóta framangreindrar flýtimeðferðar þurfa því að fylla út I., III. og IV. kafla eyðublaðsins. Í III . kafla eru margar sundurliðaðar spurningar sem framkvæmdastjórnin þarf að fá svör við svo að hún geti metið viðkomandi markað(i) og stöðu aðilanna að sameiginlega fyrirtækinu á þessum markaði (mörkuðum).

Óski aðilarnir þess ekki að njóta flýtimeðferðar fyrir sameiginlegt samstarfsfyrirtæki sitt skulu þeir fylla út I., II. og IV. kafla þessa eyðublaðs. Í II. kafla eru spurningar á miklu takmarkaðra sviði um viðkomandi markað(i) og stöðu aðilanna gagnvart viðkomandi aðgerð á þeim markaði (mörkuðum) en þó nægja þær framkvæmdastjórninni til að hefja umfjöllun og rannsókn málsins.

E. Nauðsyn fullnægjandi upplýsinga

Þegar framkvæmdastjórnin veitir gildri tilkynningu viðtöku hefur það fyrst og fremst tvennt í för með sér. Í fyrsta lagi er tryggð undanþága frá sektum frá og með þeim degi sem framkvæmdastjórnin veitir gildri tilkynningu viðtöku ef um er að ræða umsóknir um undanþágu (sjá 5. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 17). Í öðru lagi getur framkvæmdastjórnin ekki veitt undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og/eða 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins fyrr en henni berst gild tilkynning og veitt undanþága getur aðeins gilt frá viðtökudegi gildrar tilkynningar ([1]). Enda þótt tilkynning sem slík sé ekki lagaskylda getur dómstóll aðildarríkis, í samræmi við 2. mgr. 85. gr. og/eða 2. mgr. 53. gr., ógilt samkomulag, sem fellur undir 1. mgr. 85. gr. og/eða 1. mgr. 53. gr., á meðan ekki hefur verið tilkynnt um það og þar með ekki verið unnt að veita undanþágu fyrir það. ([2])

([1]) Samanber þó 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 17.

([2]) Sjá nánar um afleiðingar þess að tilkynna ekki í auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um samstarf milli dómstóla aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar (OJ nr. C 39, 13. 2. 1993, bls. 6).

Þegar fyrirtæki sækir um flokkaundanþágu með skírskotun til andmælameðferðar hefst fresturinn, sem framkvæmdastjórnin hefur til að andmæla flokkaundanþágunni, frá og með þeim degi er gild tilkynning berst henni. Þetta á einnig við um tveggja mánaða frestinn sem þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar hafa til frumathugunar á umsóknum um neikvætt vottorð og tilkynningum um sameiginleg fyrirtæki á samstarfsgrundvelli sem njóta flýtimeðferðar.

Umsókn eða tilkynning telst gild ef hún er fullnægjandi (sjá 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar). Frá þessari meginreglu eru tvær undantekningar. Í fyrsta lagi ef upplýsingarnar eða skjölin, sem krafist er á eyðublaðinu, eru ekki tiltæk með góðu móti, hvort heldur er í heild eða að hluta, lítur framkvæmdastjórnin á tilkynninguna sem fullnægjandi og því gilda þótt upplýsingarnar vanti, að því tilskildu að tilkynnandi tilgreini ástæður þess að upplýsingarnar voru ekki tiltækar og áætli eftir bestu getu um þau gögn sem vantar og geti þess á hverju sú áætlun byggist. Einnig skal geta þess hvar framkvæmdastjórnin gæti aflað þeirra upplýsinga og skjala sem vantar. Í öðru lagi krefst framkvæmdastjórnin aðeins upplýsinga sem skipta máli og eru nauðsynlegar fyrir rannsókn hennar á hinni tilkynntu aðgerð. Í sumum tilvikum reynist ekki þörf á öllum upplýsingunum sem krafist er á eyðublaðinu í þessu augnamiði. Því er framkvæmdastjórninni heimilt að undanþiggja aðila þeirri kvöð að láta í té tilteknar upplýsingar sem óskað er eftir á eyðublaðinu (sjá 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar). Þar sem við á gerir þetta ákvæði það kleift að sníða hverja umsókn eða tilkynningu að hverju máli svo að hún innihaldi aðeins þær upplýsingar sem eru strangt til tekið nauðsynlegar við athugun framkvæmdastjórnarinnar. Þetta kemur í veg fyrir óþarfa stjórnunarbyrði fyrir fyrirtækin, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki. Ef upplýsingar og skjöl, sem krafist er á eyðublaðinu, eru ekki látin í té af þessari ástæðu skal færa rök fyrir því í umsókninni eða tilkynningunni að upplýsingarnar séu óþarfar fyrir rannsókn af hálfu framkvæmdastjórnarinnar á málinu.

Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að upplýsingar í umsókn eða tilkynningu séu ófullnægjandi í veigamiklum atriðum skal hún láta umsækjanda eða tilkynnanda vita af því skriflega innan mánaðar frá viðtöku og tilgreina hvaða upplýsingar vanti. Í þessum tilvikum skal litið svo á að umsóknin eða tilkynningin ödlist gildi daginn sem fullnægjandi upplýsingar berast framkvæmdastjórninni. Hafi framkvæmdastjórnin ekki látið umsækjanda eða tilkynnanda vita innan eins mánaðar að umsóknin eða tilkynningin sé ófullnægjandi í veigamiklum atriðum telst umsóknin eða tilkynningin fullnægjandi og gild (sjá 4. gr. reglugerðarinnar).

Einnig er mikilvægt að fyrirtæki tilkynni framkvæmdastjórninni um verulegar breytingar á aðstæðum, þar á meðal breytingar sem þau verða vör við eftir að umsókn eða tilkynning hefur verið lögð fram. Því verður að greina framkvæmdastjórninni þegar í stað frá hvers kyns breytingum sem kunna að verða á samningi, ákvörðun eða samstilltum aðgerðum sem fjallað er um í umsókn eða tilkynningu (sjá 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar). Sé vanrækt að tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingar sem kunna að skipta máli getur það leitt til ógildingar á neikvæðu vottorði eða afturköllunar á ákvörðun um undanþágu [1] sem framkvæmdastjórnin hefur tekið á grundvelli tilkynningarinnar.

F. Nauðsyn þess að upplýsingar séu réttar

Ekki nægir að umsókn eða tilkynning sé fullnægjandi heldur verður einnig að ganga úr skugga um að veittar séu réttar upplýsingar (sjá 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar). Samkvæmt a-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 17 er framkvæmdastjórninni heimilt, með ákvörðun, að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um allt að 5 000 ekur hafi þau vísvitandi eða af gáleysi veitt rangar eða villandi upplýsingar í umsókn um neikvætt vottorð eða í tilkynningu. Slíkar upplýsingar teljast auk þess ófullnægjandi (sjá 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar) og geta aðilar því ekki nýtt sér kosti andmælameðferðar eða flýtimeðferðar (sjá E-lið hér að framan).

G. Hverjir geta lagt fram umsókn eða tilkynningu?

Öll fyrirtæki, sem eru aðilar að samningi, ákvörðun eða samstilltri aðgerð eins og lýst er í 85. eða 86. gr. EB-sáttmálans og 53. eða 54. gr. EES-samningsins, geta lagt fram umsókn um neikvætt vottorð viðvíkjandi 85. gr. og 53. gr. eða tilkynningu þar sem farið er fram á undanþágu. Samtök fyrirtækja geta lagt fram umsókn eða

[1] Sjá a-lið 3. mgr. 8. viðauka við reglugerð nr. 17.

tilkynningu varðandi ákvarðanir sem teknar eru eða varðandi aðgerðir í tengslum við starfsemi samtakanna.

Að því er varðar samninga og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja tíðkast það að allir hlutaðeigandi aðilar leggi fram sameiginlega umsókn eða tilkynningu. Þótt framkvæmdastjórnin mæli eindregið með þessari aðferð, því að gagnlegt er að sjónarmið allra aðila, sem eiga beinan hlut að máli, komi fram á einum og sama tíma, þá er þetta ekki skyldubundið. Hverjum aðila að samningi er heimilt að leggja fram umsókn eða tilkynningu fyrir eigin hönd en þegar svo háttar til ber tilkynnandanum að láta aðra aðila að samningnum, ákvörðuninni eða aðgerðinni vita af því (sjá 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar). Honum er líka heimilt að afhenda þeim afrit af fullfrágengnu eyðublaði, ef svo ber undir, þegar búið er að má burt trúnaðarupplýsingar og viðskiptaleyndarmál (sjá 2. lið 1. spurningar hér á eftir).

Þegar sameiginleg umsókn eða tilkynning er lögð fram er það einnig orðin viðtekin venja að útnefna sameiginlegan fulltrúa sem kemur fram fyrir hönd allra hlutaðeigandi fyrirtækja og sér bæði um umsóknina eða tilkynninguna og öll áframhaldandi samskipti við framkvæmdastjórnina (sjá 4. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar). Þetta er ekki heldur skyldubundið þótt það geti verið gagnlegt og öllum fyrirtækjum, sem leggja fram sameiginlega umsókn eða tilkynningu, er heimilt að undirrita hana fyrir eigin hönd.

H. Hvernig leggja skal fram umsókn eða tilkynningu

Umsóknir og tilkynningar má leggja fram á einu af opinberum tungumálum Evrópubandalagsins eða á tungumáli EFTA-ríkis (sjá 4. og 5. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar). Til að tryggja hraða málsmeðferð er þó ráðlegt, í umsóknum eða tilkynningum til eftirlitsstofnunar EFTA, að nota eitt af opinberum tungumálum EFTA-ríkis eða vinnutungumál eftirlitsstofnunar EFTA, sem er enska, eða, í umsóknum eða tilkynningum til framkvæmdastjórnarinnar, eitt af opinberum tungumálum bandalagsins eða vinnutungumál eftirlitsstofnunar EFTA. Umsækjandi eða tilkynnandi skal síðan nota þetta tungumál við meðferð málsins.

Eyðublað A/B á ekki að fylla út. Fyrirtækin eiga einfaldlega að veita þær upplýsingar sem krafist er á eyðublaðinu og styðjast við uppröðun þátta og númeraröð málsgreina á eyðublaðinu, enn fremur skal fylgja undirrituð yfirlýsing, eins og kveðið er á um í 19. þætti hér á eftir, og umbeðin fylgiskjöl.

Fylgiskjöl skulu vera á frummálinu; sé það ekki eitt af opinberum tungumálum bandalagsins ber að þýða þau á tungumálið sem er notað við meðferð málsins. Fylgiskjölin mega vera frumrit eða afrit af frumritum (sjá 4. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar).

Allar upplýsingar, sem beðið er um á eyðublaðinu, skulu eiga við almanaksárið á undan umsóknar- eða tilkynningarárinu nema annað sé tekið fram. Ef þessar upplýsingar eru ekki tiltækar með góðu móti (til dæmis ef notuð eru bókhaldstímabil sem miðast ekki við almanaksárið eða ef tölur fyrra árs liggja enn ekki fyrir) skal gefa nýjustu upplýsingar sem völ er á og tilgreina ástæður þess að ekki var unnt að leggja fram tölur frá almanaksárinu á undan umsóknar- eða tilkynningarárinu.

Fjárhæðir má gefa upp í þeim gjaldmiðli sem opinbert endurskoðað bókhald viðkomandi fyrirtækis (fyrirtækja) er miðað við eða í ekum. Í síðara tilvikinu skal tiltaka hvaða gengi er notað við umreikning gjaldmiðilsins.

Senda skal sautján afrit af hverri umsókn eða tilkynningu en aðeins þrjú afrit af öllum fylgiskjölum (sjá 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar).

Umsóknina eða tilkynninguna ber að senda á póstfangið:

Commission of the European Communities,
Directorate-General for Competition (DG IV),
The Registrar,
200, Rue de la Loi,
B-1049 Bruxelles.

eða boðsenda hana til framkvæmdastjórnarinnar á virkum degi á almennum skrifstofutíma á eftirfarandi póstfang:

Commission of the European Communities,
Directorate-General for Competition (DG IV),
The Registrar,
158, Avenue de Cortenberg,
B-1040 Bruxelles.

I. Trúnaðarkvaðir

Samkvæmt 214. gr. EB-sáttmálans, 20. gr. reglugerðar nr. 17, 9. gr. bókunar 23 við EES-samninginn, 122. gr. EES-samningsins og 20. og 21. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls er framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum, eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum óheimilt að láta öðrum í té vitneskju sem er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna. Hins vegar ber framkvæmdastjórninni, samkvæmt reglugerð nr. 17, að birta útdrátt úr umsókninni eða tilkynningunni hafi hún í hyggju að taka hagstæða ákvörðun. Við birtingu „... skal framkvæmdastjórnin taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín“ (3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 17; sjá einnig 2. mgr. 21. gr. varðandi birtingu ákvarðana). Telji fyrirtæki, í þessu sambandi, að það skaði hagsmuni þess að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum fyrirtækjum í té með öðrum hætti skal það veita þessar upplýsingar í sérstökum viðauka og merkja hverja blaðsíðu greinilega „viðskiptaleyndarmál“. Því ber einnig að tilgreina ástæður þess að upplýsingar, sem eru merktar sem trúnaðar- eða leyndarmál, skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar. (Sjá 5. þátt vinnsluhluta eyðublaðsins hér á eftir þar sem óskað er eftir útdrætti sem er ekki trúnaðarmál).

J. Frekari málsmeðferð

Umsóknin eða tilkynningin er skráð á skráningarstofu aðalskrifstofu samkeppnismála (DG IV). Hún öðlast gildi á þeim degi (sjá 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar) er framkvæmdastjórnin veitir henni viðtöku (annars gildir dagsetning póststimpils ef hún er send í ábyrgðarpósti). Þó gilda sérstakar reglur um ófullnægjandi umsóknir eða tilkynningar (sjá E-lið hér að framan).

Framkvæmdastjórnin staðfestir skriflega viðtöku allra umsókna og tilkynninga og tilgreinir jafnframt skráningarnúmer málsins. Þetta númer skal tilgreina í öllum síðari bréfaskriftum um tilkynninguna. Staðfesting á viðtöku felur ekki í sér úrskurð um að umsókn eða tilkynning sé gild.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að leita eftir frekari upplýsingum hjá aðilum eða þriðju aðilum (11. – 14. gr. reglugerðar nr. 17) og leggja fram tillögur um breytingar á samkomulagi sem gætu stuðlað að samþykki þess. Henni er einnig heimilt að birta stutta auglýsingu í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna* þar sem fram koma heiti hlutaðeigandi fyrirtækja, hópanna sem þau tilheyra, um hvaða atvinnuvegi er að ræða og eðli samkomulagsins, auk þess sem þriðju aðilar eru hvattir til að gefa umsagnir (sjá 5. þátt vinnsluhluta eyðublaðsins hér á eftir).

Ef lögð er fram tilkynning með það í huga að beitt verði andmælameðferð getur framkvæmdastjórnin andmælt flokkaundanþágu varðandi tilkynntan samning. Andmæli framkvæmdastjórnin verður farið með viðkomandi tilkynningu sem umsókn um sérstaka undanþágu nema framkvæmdastjórnin dragi andmæli sín síðar til baka.

Hyggist framkvæmdastjórnin samþykkja umsókn um neikvætt vottorð eða undanþágu að lokinni rannsókn málsins ber henni (samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 17) að birta útdrátt og bjóða þriðju aðilum að gefa umsagnir. Í framhaldi af því eru fyrstu drög að ákvörðun lögð fram og rædd við ráðgjafarnefnd um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu sem skipuð er þar til bærum embættismönnum aðildarríkjanna á sviði samkeppnishamla og einokunar (10. gr. reglugerðar nr. 17) og, falli málið undir EES-samninginn, fulltrúum eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-ríkjanna og skulu þeir áður hafa fengið í hendur afrit af viðkomandi umsókn eða tilkynningu. Þá fyrst getur framkvæmdastjórnin samþykkt viðkomandi ákvörðun, að því tilskildu að ekkert hafi orðið til þess að hún breytti afstöðu sinni.

Oft eru mál afgreidd án þess að formleg ákvörðun hafi verið tekin um þau, til dæmis þegar ljóst er að samkomulag fellur undir flokkaundanþágu eða vegna þess að framkvæmdastjórnin telur ekki ástæðu til íhlutunar, að minnsta kosti ekki að sinni. Í þeim tilvikum eru send stöðluð svarbréf. Enda þótt staðlað svarbréf jafngildi ekki ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar gefur það til kynna hvernig litið er á viðkomandi mál í deildum framkvæmdastjórnarinnar með hliðsjón af þeim upplýsingum sem þær hafa undir höndum en það þýðir að framkvæmdastjórnin gæti, ef nauðsyn krefði, til dæmis ef því er haldið fram að samningur sé ógildur á grundvelli 2. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og/eða 2. mgr. 53. gr. EES-samningsins, tekið viðeigandi ákvörðun til að skýra réttarstöðuna.

K. Skilgreiningar sem eru notaðar á eyðublaðinu

Samningur: Með orðinu „samningur" er átt við hvers konar samkomulag, þ.e. samninga milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir.

Ár: Allar tilvísanir til orðsins „ár" á eyðublaðinu merkja almanaksár nema annað sé tekið fram.

Fyrirtækjahópur: Að því er þetta eyðublað varðar er um hóp að ræða þegar fyrirtæki:

— á meirihluta skráðs hluta- eða rekstrarfjár annars fyrirtækis,

— ræður yfir meirihluta atkvæða í öðru fyrirtæki,

— getur skipað meira en helming löglegra fulltrúa fyrirtækisins í yfirstjórn, framkvæmdastjórn eða aðrar stjórnarstöður innan annars fyrirtækis eða

— hefur rétt til að hafa á hendi stjórn annars fyrirtækis.

Fyrirtæki, sem lýtur sameiginlegri stjórn margra annarra fyrirtækja (sameiginlegt fyrirtæki), telst hluti af fyrirtækjahópnum sem hvert þessara fyrirtækja tilheyrir.

Viðkomandi vörumarkaður: Til að svara 1. lið 6. spurningar og 1. lið 11. spurningar á þessu eyðublaði þarf fyrirtækið eða einstaklingurinn, sem leggur fram tilkynninguna, að skilgreina viðkomandi vöru- og/eða þjónustumarkað(i) sem líklegt er að viðkomandi samningur hafi áhrif á. Þessi skilgreining, eða skilgreiningar, er grundvöllur margra annarra spurninga á eyðublaðinu. Þegar talað er um „viðkomandi vörumarkað eða -markaði" á eyðublaðinu er átt við markað eða markaði sem tilkynnendur skilgreina. Þetta hugtak getur bæði átt við markað fyrir vöru og fyrir þjónustu.

Viðkomandi svæðisbundinn markaður: Til að svara 2. lið 6. spurningar og 2. lið 11. spurningar þarf fyrirtækið eða einstaklingurinn, sem leggur fram tilkynninguna, að skilgreina viðkomandi svæðisbundinn markað eða markaði sem líklegt er að viðkomandi samningur hafi áhrif á. Þessi skilgreining, eða skilgreiningar, er grundvöllur margra spurninga á eyðublaðinu sem þarf að svara. Þegar talað er um „viðkomandi svæðisbundinn markað eða markaði" á eyðublaðinu er þar átt við markað eða markaði sem tilkynnendur skilgreina.

Viðkomandi vörumarkaður og svæðisbundinn markaður: Með svörum sínum við 6. og 11. spurningu leggja aðilarnir fram skilgreiningu sína á viðkomandi markaði eða mörkuðum sem tilkynntur samningur eða samningar hafa áhrif á. Þessi skilgreining, eða skilgreiningar, er grundvöllur margra spurninga á eyðublaðinu sem þarf að svara. Þegar talað er um „viðkomandi vörumarkað eða -markaði og svæðisbundinn markað eða markaði" á eyðublaðinu er þar átt við markað eða markaði sem tilkynnendur skilgreina.

Tilkynning: Eyðublaðið má nota við gerð umsóknar um neikvætt vottorð og/eða gerð tilkynningar þar sem farið er fram á undanþágu. Orðið „tilkynning" getur hvort heldur er merkt umsókn eða tilkynningu.

Aðilar og tilkynnandi: Orðið „aðili" nær til allra fyrirtækja sem eru aðilar að tilkynnta samningnum. Þar sem það nægir að eitt fyrirtækjanna, sem er aðili að samningi, leggi fram tilkynningu er „tilkynnandi" einungis notað um fyrirtækið eða fyrirtækin sem í raun leggur tilkynninguna fram.

EYÐUBLAÐ

VINSAMLEGAST SKRIFIÐ „UMSÓKN UM NEIKVÆTT VOTTORÐ/TILKYNNING Í SAMRÆMI VIÐ EYÐUBLAÐ A/B“ Á FYRSTU SÍÐU UMSÓKNAR EÐA TILKYNNINGAR

I. KAFLI

Þættir sem varða aðila, hópa þeirra og samninginn

(skal svarað í öllum tilkynningum)

1. þáttur

Upplýsingar um fyrirtæki eða einstaklinga sem leggja fram tilkynningu

1.1. Vinsamlegast nefnið fyrir hönd hvaða fyrirtækja tilkynningin er lögð fram, tilgreinið lögheiti þeirra eða viðskiptaheiti, stytt eða það heiti sem almennt er notað, eftir því sem við á (ef það er annað en lögheitið).

1.2. Ef tilkynningin er aðeins lögð fram fyrir hönd eins eða nokkurra af fyrirtækjunum sem eru aðilar að tilkynnta samningnum staðfestið þá vinsamlegast að hin fyrirtækin hafi fengið upplýsingar um það og getið þess hvort þau hafi fengið afrit af tilkynningunni þar sem búið er að má burt trúnaðarupplýsingar og viðskiptaleyndarmál ([1]). (Vinsamlegast látið fylgja með þessari tilkynningu afrit af breyttu tilkynningunni sem send var hinum fyrirtækjunum.)

1.3. Ef lögð er fram sameiginleg tilkynning, hefur sameiginlegur fulltrúi ([2]) verið tilnefndur ([3])?

Ef svarið er „já“ skal tilgreina atriðin sem spurt er um í lið 1.3.1 og 1.3.3 hér á eftir.

Ef svarið er „nei“ skal skýra frá því hvaða fulltrúar hafa umboð til að koma fram fyrir hönd hvers eða hvors aðila að samningnum og fyrir hönd hverra þeir koma fram.

1.3.1. Nafn fulltrúa.

1.3.2. Póstfang fulltrúa.

1.3.2. Síma- og bréfasímanúmer fulltrúa.

1.4. Hafi einn eða fleiri fulltrúar verið tilnefndir þarf að fylgja skriflegt umboð þeirra til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins eða fyrirtækjanna sem leggja fram tilkynninguna.

2. þáttur

Upplýsingar um samningsaðila og fyrirtækjahópana sem þeir tilheyra

2.1. Tilgreinið heiti og póstfang aðilanna að tilkynnta samningnum og í hvaða landi samningurinn er skráður.

2.2. Tilgreinið hvers konar starfsemi hver aðili að tilkynnta samningnum rekur.

2.3. Fyrir hvern samningsaðila um sig skal tilgreina tengilið, nafn tengiliðar, póstfang, síma- og bréfasímanúmer og stöðu hans í fyrirtækinu.

([1]) Framkvæmdastjórninni er ljóst að í undantekningartilvikum er ekki unnt að tilkynna þeim aðilum, sem standa ekki að tilkynningunni, að samningurinn hafi verið tilkynntur eða senda þeim afrit af tilkynningunni. Dæmi um þetta er þegar tilkynnt er um staðlaðan samning sem gerður er við fjölda fyrirtækja. Í slíkum tilvikum er beðið um að tilgreindar séu ástæður þess að ekki var unnt að fylgja venjulegri málsmeðferð samkvæmt þessum lið.

([2]) *Athugasemd:* Fulltrúi merkir í þessu sambandi einstakling eða fyrirtæki sem hefur formlegt umboð til að leggja fram tilkynningu eða umsókn fyrir hönd tilkynnanda eða tilkynnenda. Gera skal greinarmun á þessu og tilvikum þar sem tilkynningin er undirrituð af starfsmanni viðkomandi fyrirtækis eða fyrirtækja. Í þeim tilvikum er enginn fulltrúi tilnefndur.

([3]) *Athugasemd:* Ekki er skylt að útnefna fulltrúa til að ganga frá þessari tilkynningu og/eða leggja hana fram. Hafi tilkynnendur hins vegar útnefnt fulltrúa skal þeirra getið hér.

2.4. Tilgreinið fyrirtækjahópana sem aðilarnir að tilkynnta samningnum tilheyra. Tilgreinið á hvaða sviðum atvinnulífsins þessir hópar starfa og veltu hvers hóps á heimsmarkaði ([1]).

3. þáttur

Málsmeðferð

3.1. Vinsamlegast greinið frá því hvort leitað hafi verið formlega til annarra samkeppnisyfirvalda vegna viðkomandi samnings. Sé svarið „já" skal tilgreina viðkomandi yfirvöld, einstakling eða deild og málaleitan ykkar. Að auki skal greina frá fyrri afskiptum af hálfu framkvæmdastjórnarinnar og/eða eftirlitsstofnunar EFTA eða óformlegum samskiptum við þessar stofnanir og fyrri afskiptum landsyfirvalda eða dómstóla í bandalaginu eða EFTA-ríkjunum varðandi þessa samninga eða aðra samninga sem tengjast þeim.

3.2. Ef óskað er eftir flýtimeðferð skal tilgreina ástæður þess í stuttu máli.

3.3. Hafi tilkynningar ekki sérstaka stjórnmálalega, efnahagslega eða réttarfarslega þýðingu fyrir bandalagið eru þær venjulega afgreiddar með stöðluðu svarbréfi framkvæmdastjórnarinnar ([2]). Sættið þið ykkur við staðlað svarbréf? Ef þið teljið það ekki við hæfi að afgreiða tilkynnta samninginn á þann hátt skal rökstyðja það.

3.4. Greinið frá því hvort til stendur að leggja fram frekari upplýsingar eða rök, sem enn eru ekki tiltæk, málinu til stuðnings og þá varðandi hvaða atriði ([3]).

4. þáttur

Ítarleg lýsing á samkomulaginu

4.1. Greinið í stuttu máli frá eðli, efni og markmiðum tilkynnta samningsins.

4.2. Skýrið nákvæmlega frá öllum ákvæðum í samningnum sem kunna að takmarka frelsi hlutaðeigandi aðila til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í viðskiptum, til dæmis er varða:

— kaup- eða söluverð, afslátt eða aðra verslunarskilmála,

— magn vöru, sem framleiða á eða dreifa, eða umfang þjónustu sem í boði er,

— tæknilega þróun eða fjárfestingar,

— val á mörkuðum eða upprunastöðum birgða,

— kaup eða sölu til þriðja aðila,

— það hvort svipaðir skilmálar gilda um afhendingu sambærilegrar vöru eða þjónustu,

— það hvort bjóða eigi margs konar þjónustu fram, hverja í sínu lagi eða saman.

Sé óskað eftir að beitt verði andmælameðferð skal hér greina sérstaklega frá þeim takmörkunum sem eru umfram þær sem eru sjálfkrafa undanþegnar samkvæmt ákvæðum viðkomandi reglugerðar.

([1]) Útreikningur á veltu í banka- og tryggingargeirunum er samkvæmt 3. gr. bókunar 22 við EES-samninginn.

([2]) Sjá 14. mgr. í auglýsingunni um samvinnu milli dómstóla aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar við beitingu 85. og 86. gr. EB-sáttmálans (OJ nr. C 39, 13. 2. 1993, bls. 6).

([3]) *Athugasemd:* Ef tilkynnendur veita þær upplýsingar sem beðið er um samkvæmt þessu eyðublaði og þeir gátu fengið með góðu móti þegar tilkynningin var lögð fram kemur sú staðreynd, að aðilarnir hyggjast síðar leggja fram frekari gögn eða skjöl til stuðnings máli sínu, ekki í veg fyrir að tilkynningin öðlist gildi þegar hún er lögð fram né, ef um er að ræða sameiginleg fyrirtæki á samstarfsgrundvelli þar sem óskað er eftir flýtimeðferð, að tveggja mánaða fresturinn hefjist þá.

4.3. Tilgreinið milli hvaða aðildarríkja bandalagsins og/eða EFTA-ríkja ([1]) samkomulagið kann að hafa áhrif að því er varðar viðskipti. Rökstyðjið svarið við þessum lið með upplýsingum um vöruflæði þegar við á. Tilgreinið enn fremur hvort samkomulagið hefur áhrif á viðskipti milli bandalagsins eða Evrópska efnahagssvæðisins og þriðju landa og rökstyðjið það einnig.

5. þáttur

Útdráttur sem er ekki trúnaðarmál

Skömmu eftir að framkvæmdastjórnin fær tilkynningu í hendur getur hún birt stutta auglýsingu þar sem þriðju aðilar eru hvattir til að gera athugasemdir við umræddan samning ([2]). Þar sem markmið framkvæmdastjórnarinnar með birtingu óformlegrar bráðabirgðaauglýsingar er að fá athugasemdir þriðju aðila sem fyrst eftir viðtöku tilkynningar er slík auglýsing venjulega birt án þess að hún sé fyrst send tilkynnendum til umsagnar. Í þessum þætti er óskað eftir upplýsingum sem nota má í óformlega bráðabirgðaauglýsingu ef framkvæmdastjórnin ákveður að birta hana. Því er mikilvægt að svör við þessum spurningum hafi ekki að geyma viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar.

1. Tilgreinið heiti aðilanna að tilkynnta samningnum og fyrirtækjahópana sem þeir tilheyra.

2. Gerið stuttan útdrátt þar sem fram kemur hvert er eðli og markmið samningsins. Útdrátturinn skal helst vera innan við 100 orð.

3. Tilgreinið þau framleiðslusvið sem samningurinn hefur áhrif á.

II. KAFLI

Þáttur er varðar viðkomandi markað

(Skal svarað í öllum tilkynningum nema þeim sem varða sameiginleg fyrirtæki á samstarfsgrundvelli þar sem óskað er eftir flýtimeðferð)

6. þáttur

Viðkomandi markaður

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar.

Eftirtaldir þættir eru að jafnaði taldir skipta máli við ákvörðun viðeigandi vörumarkaðar og er rétt að taka tillit til þeirra í þessari greiningu ([3]):

— hversu líkar viðkomandi vörur/tegundir þjónustu eru í útliti,

— munur á endanlegri notkun vöru,

— verðmunur á tveimur vörutegundum,

— kostnaður við að skipta úr einni vörutegund yfir í aðra sem á hugsanlega í samkeppni við þá fyrri,

— hefðbundnar eða rótgrónar neytendavenjur sem eru tiltekinni vörutegund eða vöruflokki í hag miðað við aðra,

— vöruflokkun innan atvinnugreinarinnar (til dæmis samkvæmt flokkun atvinnugreinasamtaka).

([1]) Sjá skrá í II. viðauka.

([2]) Í I. viðauka við þetta eyðublað er dæmi um slíka auglýsingu. Rétt er að aðgreina hana frá formlegri auglýsingu sem er birt samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 17. Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. er tiltölulega ítarleg og gefur vísbendingu um hvernig framkvæmdastjórnin tekur á viðkomandi máli. Í 5. þætti er aðeins beðið um upplýsingar fyrir stutta bráðabirgðaauglýsingu en ekki fyrir auglýsingu samkvæmt 3. mgr. 19. gr.

([3]) Þessi upptalning er þó ekki tæmandi og tilkynnendum er heimilt að vísa til annarra þátta.

Til svæðisbundins markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki selja vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi svæðisbundnum markaði, eru [1] eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, aðgangshindranir eða neytendavenjur og greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækjanna eða mikill verðmunur á nærliggjandi svæðum og flutningskostnaður.

6.1. Tilgreinið vinsamlegast, með hliðsjón af framangreindu, þá skilgreiningu á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum sem þið álítið að framkvæmdastjórnin ætti að leggja til grundvallar mati sínu á tilkynningunni.

Í svarinu skulu ályktanir og niðurstöður rökstuddar og skýrt frá því að hvaða leyti mið var tekið af framangreindum þáttum. Nefnið sérstaklega þá vöru eða þjónustu sem tilkynntur samningur hefur bein eða óbein áhrif á og tilgreinið þá flokka vara sem þið teljið staðgönguvörur í markaðsskilgreiningu ykkar.

Í eftirfarandi spurningum er vísað til þessara(r) skilgreininga(r) sem „viðkomandi vörumarkaðs eða -markaða".

6.2. Tilgreinið vinsamlegast þá skilgreiningu á viðkomandi svæðisbundnum markaði eða mörkuðum sem þið álítið að framkvæmdastjórnin ætti að leggja til grundvallar mati sínu á tilkynningunni. Í svarinu skulu ályktanir og niðurstöður rökstuddar og skýrt frá því að hvaða leyti mið var tekið af framangreindum þáttum. Nefnið einkum í hvaða löndum aðilarnir reka starfsemi á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum og ef þið teljið að viðkomandi svæðisbundinn markaður sé stærri en einstök aðildarríki EB eða EFTA þar sem aðilarnir reka starfsemi sína skal það rökstutt.

Í eftirfarandi liðum er vísað til þessara(r) skilgreininga(r) sem „viðkomandi svæðisbundins markaðs eða markaða".

7. þáttur

Meðlimir fyrirtækjahópa sem starfa á sama markaði og samningsaðilar

7.1. Fyrir hvern aðila að tilkynntum samningi skal tilgreina öll fyrirtæki innan sama fyrirtækjahóps sem:

7.1.1. starfa á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum;

7.1.2. starfa á grannmörkuðum *viðkomandi vörumarkaðar eða -markaða,* (þ.e. reka starfsemi í tengslum við vörur og/eða þjónustu þar sem einungis eru boðnar fram ófullkomnar staðgönguvörur og/eða staðgönguþjónusta og aðeins að hluta til í stað þeirrar vöru og/eða þjónustu sem skilgreining ykkar tekur til).

Slík fyrirtæki þarf að tilgreina jafnvel þótt þau selji umræddа vöru eða þjónustu á öðrum landsvæðum en aðilarnir að tilkynnta samningnum starfa á. Vinsamlegast tilgreinið fyrir hvern meðlim hópsins heiti, skráningarstað, tegund framleiðsluvöru og á hvaða landsvæði hann rekur starfsemi.

8. þáttur

Staða aðilanna á viðkomandi vörumörkuðum þar sem áhrifa gætir

Upplýsingarnar, sem óskað er eftir í þessum þætti, skulu ná yfir þá fyrirtækjahópa sem aðilarnir tilheyra. Ekki nægir að veita aðeins upplýsingar um þau fyrirtæki sem samningurinn hefur bein áhrif á.

8.1. Vinsamlegast veitið upplýsingar um eftirfarandi fyrir hvern viðkomandi vörumarkað eða -markaði sem þið skilgreinið í svari ykkar við lið 6.1:

---

[1] Þessi upptalning er þó ekki tæmandi og tilkynnendum er heimilt að vísa til annarra þátta.

8.1.1. markaðshlutdeild aðilanna á *viðkomandi svæðisbundnum markaði* þrjú næstliðin ár;

8.1.2. markaðshlutdeild aðilanna, ef einhverju munar a) á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, b) í bandalaginu, c) á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna og d) í hverju aðildarríki EB og EFTA-ríki þrjú næstliðin ár [1]. Sé markaðshlutdeild innan við 20% tilgreinið þá aðeins á hvaða bili hlutfallið liggur: 0 til 5%, 5 til 10%, 10 til 15%, 15 til 20%.

Í svörum við þessum spurningum má reikna markaðshlutdeild hvort heldur er á grundvelli verðgildis eða magns. Rökstyðja skal tölurnar sem gefnar eru upp. Þannig verður að tilgreina heildarverðgildi/heildarmagn markaðarins í hverju svari ásamt sölu eða veltu hvers aðila sem hlut á að máli. Enn fremur skal geta heimilda (opinberar hagtölur, spár o.s.frv.) og láta fylgja afrit, þegar þess er kostur, af skjölunum sem upplýsingarnar eru fengnar úr.

9. þáttur

Staða samkeppnisaðila og viðskiptavina á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum

Upplýsingarnar, sem óskað er eftir í þessum þætti, skulu ná yfir fyrirtækjahópana sem aðilarnir tilheyra en ekki aðeins þau fyrirtæki sem tilkynnti samningurinn hefur bein áhrif á.

Veitið eftirfarandi upplýsingar fyrir viðkomandi vörumarkað eða markaði og svæðisbundinn markað eða markaði (alla) þar sem samanlögð markaðshlutdeild aðilanna er yfir 15%.

9.1. Nefnið fimm helstu samkeppnisaðila samningsaðilanna. Nefnið fyrirtækin og áætlið eftir bestu getu markaðshlutdeild þeirra á viðkomandi svæðisbundnum markaði eða mörkuðum. Gefið einnig upp póstfang, síma- og bréfasímanúmer og, ef þess er kostur, nafn tengiliðar fyrir hvert þessara fyrirtækja.

9.2. Nefnið fimm helstu viðskiptavini hvers aðila. Gefið upp heiti fyrirtækisins, póstfang, síma- og bréfasímanúmer og nafn tengiliðar.

10. þáttur

Markaðsaðgangur og hugsanleg samkeppni á vörumörkuðum og svæðisbundnum mörkuðum

Veitið eftirfarandi upplýsingar fyrir viðkomandi vörumarkað eða -markaði og svæðisbundinn markað eða markaði (alla) þar sem samanlögð markaðshlutdeild aðilanna er yfir 15%.

10.1. Lýsið hinum ýmsu þáttum, að því er vöruna varðar, sem hafa áhrif á aðgang að *viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum* í þessu tilviki (þ.e. hvaða hindranir koma í veg fyrir að fyrirtæki, sem framleiða ekki sem stendur vörur fyrir viðkomandi vörumarkað eða -markaði, takist að hasla sér völl á þessum markaði eða mörkuðum). Takið mið af eftirfarandi, eftir því sem við á:

— Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður kröfum um leyfisveitingu stjórnvalda eða notkun opinberra staðla af einhverju tagi. Er aðgangur að þessum mörkuðum háður takmörkunum samkvæmt lögum eða reglum?

— Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður framboði hráefna?

— Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður gildistíma samninga milli fyrirtækis og birgja þess og/eða viðskiptavina?

— Gerið grein fyrir vægi rannsókna og þróunarstarfs, einkum vægi nytjaleyfa vegna einkaleyfa, verkkunnáttu og annarra réttinda á þessum mörkuðum.

10.2. Lýsið hinum ýmsu landfræðilegu þáttum sem hafa áhrif á aðgang að viðkomandi svæðisbundnum markaði eða mörkuðum í þessu tilviki (þ.e. hvaða hindranir koma í veg fyrir að fyrirtæki, sem þegar framleiða og/eða setja vörur á viðkomandi vörumarkað eða -markaði en á svæðum utan viðkomandi svæðisbundins

[1] Ef viðkomandi svæðisbundinn markaður er skilgreindur sem heimsmarkaður skal greina frá þessum tölum fyrir EES, bandalagið, yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna og hvert aðildarríki EB. Ef viðkomandi svæðisbundinn markaður er skilgreindur sem bandalagið skal greina frá þessum tölum fyrir EES, yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna og hvert aðildarríki EB. Ef markaðurinn er skilgreindur sem innlendur markaður skal greina frá þessum tölum fyrir EES, bandalagið og yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna.

markaðar eða markaða, auki söluumsvif sín þannig að þau nái til viðkomandi svæðisbundins markaðar eða svæðisbundinna markaða. Vinsamlegast rökstyðjið svörin og gerið grein fyrir því, eftir því sem við á, hvaða vægi eftirfarandi þættir hafa:

— lögbundnar viðskiptahindranir, svo sem tollar, kvótar o.s.frv.,

— staðbundnar forskriftir eða tæknikröfur,

— opinber innkaupastefna,

— aðgangur að viðunandi staðbundnu dreifingar- og smásölukerfi,

— flutningskostnaður,

— rótgrónar neytendavenjur staðbundnum vörumerkjum eða vörum í hag,

— tungumál.

10.3. Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl á síðastliðnum þremur árum á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum á sölusvæðum aðilanna? Veitið þessar upplýsingar bæði að því er varðar nýliðun á vörumarkaði og svæðisbundnum markaði. Hafi slík nýliðun átt sér stað skal tilgreina fyrirtækið eða fyrirtækin sem um er að ræða (heiti, póstfang, síma- og bréfasímanúmer og, ef þess er kostur, nafn tengiliðar) og áætla eftir bestu getu markaðshlutdeild þeirra á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum og svæðisbundnum markaði eða mörkuðum.

III. KAFLI

Þáttur er varðar viðkomandi markað og gildir aðeins um sameiginleg fyrirtæki á samstarfsgrundvelli þar sem óskað er eftir flýtimeðferð

11. þáttur

Viðkomandi markaður

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar.

Eftirtaldir þættir eru að jafnaði taldir skipta máli ([1]) við ákvörðun viðeigandi vörumarkaðar og er rétt að taka tillit til þeirra í þessari greiningu:

— hversu líkar viðkomandi vörur/tegundir þjónustu eru í útliti,

— munur á endanlegri notkun vöru,

— verðmunur á tveimur vörutegundum,

— kostnaður við að skipta úr einni vörutegund yfir í aðra sem á hugsanlega í samkeppni við þá fyrri,

— hefðbundnar eða rótgrónar neytendavenjur sem eru tiltekinni vörutegund eða vöruflokki í hag miðað við aðra,

— vöruflokkun innan atvinnugreinarinnar (til dæmis samkvæmt flokkun atvinnugreinasamtaka).

Til svæðisbundins markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki selja vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi svæðisbundnum markaði, eru ([2]) eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, aðgangshindranir eða neytendavenjur og greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækjanna eða mikill verðmunur á nærliggjandi svæðum og flutningskostnaður.

([1]) Þessi upptalning er þó ekki tæmandi og er tilkynnendum heimilt að vísa til annarra þátta.

([2]) Þessi upptalning er þó ekki tæmandi og er tilkynnendum heimilt að vísa til annarra þátta.

Hluti 11.1

Greining tilkynnenda á viðkomandi markaði

11.1.1. Tilgreinið vinsamlegast, með hliðsjón af framangreindu, þá skilgreiningu á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum sem aðilarnir álíta að framkvæmdastjórnin ætti að leggja til grundvallar mati sínu á tilkynningunni.

Í svarinu skulu ályktanir og niðurstöður rökstuddar og skýrt frá því að hvaða leyti mið var tekið af framangreindum þáttum.

Í eftirfarandi spurningum er vísað til þessara(r) skilgreininga(r) sem „viðkomandi vörumarkaðs eða -markaða".

11.1.2. Tilgreinið vinsamlegast þá skilgreiningu á viðkomandi svæðisbundnum markaði eða mörkuðum sem aðilarnir álíta að framkvæmdastjórnin ætti að leggja til grundvallar mati sínu á tilkynningunni.

Í svarinu skulu ályktanir og niðurstöður rökstuddar og skýrt frá því að hvaða leyti mið var tekið af framangreindum þáttum.

Hluti 11.2

Spurningar um viðkomandi vörumarkað eða -markaði og svæðisbundinn markað eða markaði

Svör við eftirfarandi spurningum gera framkvæmdastjórninni kleift að sannreyna hvort skilgreiningar ykkar á vörumörkuðum og svæðisbundnum mörkuðum í 1. lið 11. þáttar séu í samræmi við framangreindar skilgreiningar.

Skilgreining á vörumarkaði

11.2.1. Skráið vörur eða þjónustu sem verða fyrir beinum eða óbeinum áhrifum af tilkynnta samningnum.

11.2.2. Skráið þá flokka vara og/eða þjónustu sem tilkynnendur telja, í efnahagslegu tilliti, mjög sambærilegar staðgönguvörur þeirrar vöru sem er nefnd í svarinu við spurningu 11.2.1. Ef tilgreindar eru fleiri en ein tegund vöru eða þjónustu í svarinu við spurningu 11.2.1 skal, í svarinu við þessari spurningu, gera skrá fyrir hverja vöru eða þjónustu.

Í skránni skal raða vörunum eftir því í hve miklum mæli þær nýtast sem staðgönguvörur, þannig að fyrst skal telja þá vöru sem nýtist best sem staðgönguvara fyrir vörur aðilanna og síðast þá vöru sem nýtist síst sem staðgönguvara ([1]).

([1]) Mjög sambærileg staðgönguvara í efnahagslegu tilliti; besta staðgönguvaran; sísta staðgönguvaran; þessar skilgreiningar gilda aðeins fyrir þá sem fylla út III. kafla eyðublaðsins, þ.e. þá sem tilkynna sameiginleg fyrirtæki á samstarfsgrundvelli þar sem óskað er eftir flýtimeðferð.
Fyrir allar vörur (í þessari skilgreiningu merkir „vara" vörur eða þjónustu) eru til hliðstæðar vörur. Til þeirra teljast allar hugsanlegar staðgönguvörur umræddrar vöru, þ.e. allar vörur sem uppfylla þarfir viðkomandi neytanda að meira eða minna leyti. Staðgönguvörurnar spanna allt frá mjög sambærilegum (eða alveg sambærilegum) vörum (vörum sem neytendur myndu til dæmis strax snúa sér að við minnstu verðhækkun á umræddri vöru) til lítt sambærilegra (eða ófullkominna) staðgönguvara (þ.e. vara sem neytendur myndu aðeins snúa sér að ef umrædd vara hækkaði mjög mikið í verði). Þegar framkvæmdastjórnin skilgreinir viðkomandi markað og reiknar út markaðshlutdeild tekur hún aðeins mið af vörum sem eru mjög sambærilegar staðgönguvörur umræddrar vöru í efnahagslegu tilliti. Vörur sem eru mjög sambærilegar staðgönguvörur annarra vara í efnahagslegu tilliti eru vörur sem neytendur myndu snúa sér að ef lítil en afgerandi hækkun yrði á verði umræddrar vöru (t.d. 5%). Þetta gerir framkvæmdastjórninni kleift að meta markaðsstyrk fyrirtækjanna, sem standa að tilkynningu, á viðkomandi markaði sem spannar allar þær vörur sem neytendur umræddrar vöru gætu auðveldlega snúið sér að.
Þetta merkir þó ekki að framkvæmdastjórnin taki ekki tillit til hafta á samkeppnishegðun viðkomandi aðila vegna ófullkominna staðgönguvara (sem neytendur myndu ekki snúa sér að ef lítil en afgerandi hækkun yrði á verði umræddrar vöru (t.d. 5%)). Þessi áhrif eru tekin til greina eftir að búið er að skilgreina markaðinn og ákvarða markaðshlutdeild. Því er mikilvægt fyrir framkvæmdastjórnina að hafa bæði upplýsingar um vörur sem eru mjög sambærilegar staðgönguvörur umræddrar vöru í efnahagslegu tilliti og um vörur sem eru lakari staðgönguvörur.
Til dæmis má hugsa sér að tvö fyrirtæki, sem starfa að framleiðslu hágæðaúra, geri með sér samning um rannsóknir og þróun. Bæði framleiða úr sem kosta frá 1 800 — 2 000 ekur. Mjög sambærilegar staðgönguvörur í efnahagslegu tilliti væru þá líklega úr frá öðrum framleiðendum í svipuðum verðflokki og tekið verður tillit til þeirra þegar viðkomandi vörumarkaður er skilgreindur. Ódýrari úr, og einkum einnota plastúr, væru þá ófullkomnar staðgönguvörur því að ólíklegt er að hugsanlegur kaupandi að úri á 2 000 ekur keypti þess í stað úr sem kostaði 20 ekur þótt verð dýra úrsins hækkaði um 5%.

Gerið grein fyrir því hvernig tekið hefur verið tillit til þátta, sem skipta máli við skilgreiningu á viðkomandi vörumarkaði, við gerð þessarar skrár og í niðurröðun á vörunum/þjónustustarfseminni.

Skilgreining á svæðisbundnum markaði

11.2.3. Teljið upp þau lönd þar sem aðilarnir reka starfsemi á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum. Ef þeir reka starfsemi í öllum löndum innan ákveðins landahóps eða verslunarsvæðis (t.d. í öllu bandalaginu, í öllum EFTA-ríkjunum, í EES-löndunum, um allan heim) nægir að tilgreina viðkomandi svæði.

11.2.4 Útskýrið með hvað hætti aðilarnir framleiða og selja vörur og/eða þjónustu í hverju landi eða á hverju svæði fyrir sig. Er t.d. um staðbundna framleiðslu að ræða, fer sala fram um staðbundið dreifingarkerfi eða fer dreifing fram fyrir milligöngu innflytjenda eða dreifingaraðila, með eða án einkaumboðs?

11.2.5 Eru mikil viðskipti með vörurnar/þjónustustarfsemina sem vörumarkaðurinn eða -markaðirnir spanna i) milli aðildarríkja EB (vinsamlegast tilgreinið þau ríki og áætlið hundraðshluta innflutnings af heildarsölu í hverju aðildarríki þar sem aðilarnir reka starfsemi, og ii) milli allra eða sumra aðildarríkja EB og allra eða sumra EFTA-ríkjanna (tilgreinið þau ríki og áætlið hundraðshluta innflutnings af heildarsölu) iii) milli EFTA-ríkjanna (tilgreinið þau ríki og áætlið hundraðshluta innflutnings af heildarsölu í hverju ríki þar sem aðilarnir reka starfsemi) og iv) milli alls Evrópska efnahagssvæðisins, eða hluta þess, og annarra landa (hér skal einnig tilgreina ríkin og áætla hundraðshluta innflutnings af heildarsölu).

11.2.6 Hvaða framleiðslufyrirtæki, sem hafa aðsetur utan bandalagsins eða EES, selja á Evrópska efnahagssvæðinu í löndum þar sem aðilarnir reka starfsemi á viðkomandi vörumörkuðum? Hvernig markaðssetja þessi fyrirtæki vörur sínar? Er munur á þessu milli ólíkra aðildarríkja EB og/eða EFTA-ríkja?

12. þáttur

Meðlimir fyrirtækjahópa sem starfa á sama markaði og aðilar að tilkynnta samningnum

12.1. Fyrir hvern aðila að tilkynntum samningi skal tilgreina öll fyrirtæki innan sama fyrirtækjahóps sem:

12.1.1. starfa á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum;

12.1.2. starfa á grannmörkuðum viðkomandi vörumarkaðar eða -markaða, (þ.e. reka starfsemi í tengslum við vörur og/eða þjónustu þar sem einungis eru boðnar fram ófullkomnar staðgönguvörur og/eða staðgönguþjónusta og aðeins að hluta til í stað þeirra vara og/eða þjónustu ([1]) sem skilgreining ykkar tekur til);

12.1.3. reka starfsemi á mörkum sem eru á fyrra eða seinna stigi miðað við markaðina sem teljast til viðkomandi vörumarkaðar eða vörumarkaða.

Slík fyrirtæki þarf að tilgreina jafnvel þótt þau selji umræddа vöru eða þjónustu á öðrum landsvæðum en aðilarnir að tilkynnta samningnum starfa á. Vinsamlegast tilgreinið fyrir hvern meðlim hópsins heiti, skráningarstað, tegund framleiðsluvöru og á hvaða landsvæði hann rekur starfsemi.

13. þáttur

Staða aðilanna á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum

Upplýsingarnar, sem óskað er eftir í þessum þætti, skulu ná yfir fyrirtækjahópa sem aðilarnir tilheyra en ekki aðeins þau fyrirtæki sem tilkynnti samningurinn hefur bein áhrif á.

([1]) Geti vörur og þjónusta aðeins komið í staðinn fyrir aðrar vörur og þjónustu á ákveðnum landsvæðum, hluta úr ári eða til tiltekinna nota teljast þær aðeins að hluta til staðgönguvörur þeirra.

13.1. Vinsamlegast veitið upplýsingar um eftirfarandi fyrir hvern viðkomandi vörumarkað eða -markaði sem þið skilgreinið í svari ykkar við lið 11.1.2:

13.1.1. markaðshlutdeild aðilanna á viðkomandi svæðisbundnum markaði þrjú næstliðin ár;

13.1.2. markaðshlutdeild aðilanna, ef einhverju munar a) á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, b) í bandalaginu, c) á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna og d) í hverju aðildarríki EB og EFTA-ríki þrjú næstliðin ár ([1]). Sé markaðshlutdeild innan við 20% tilgreinið þá aðeins á hvaða bili hlutfallið liggur miðað við verð eða magn: 0 til 5%, 5 til 10%, 10 til 15%, 15 til 20%.

Í svörum við þessum spurningum má reikna markaðshlutdeild hvort heldur er á grundvelli verðgildis eða magns. Rökstyðja skal tölurnar sem gefnar eru upp. Þannig verður að tilgreina heildarverðgildi/heildarmagn markaðarins í hverju svari ásamt sölu eða veltu hvers aðila sem hlut á að máli. Enn fremur skal geta heimilda og láta fylgja afrit, þegar þess er kostur, af skjölunum sem upplýsingarnar eru fengnar úr.

13.2. Ef markaðshlutdeildin, sem spurt er um í lið 13.1, væri reiknuð á öðrum grundvelli en þeim sem aðilarnir byggja á myndi það þá breyta niðurstöðunni um meira en 5% á einhverjum markaði (þ.e. hafi aðilarnir reiknað markaðshlutdeildina út frá magni hver yrði þá útkoman ef reiknað væri út frá verðgildi)? Ef munurinn á tölunum er meiri en 5% veitið þá vinsamlegast upplýsingarnar sem óskað er eftir í lið 13.1, bæði á grundvelli verðgildis og magns.

13.3. Áætlið eftir bestu getu núverandi nýtingu á afkastagetu aðilanna og í atvinnugreininni í heild á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum og svæðisbundnum markaði eða mörkuðum.

14. þáttur

Staða samkeppnisaðila og viðskiptavina á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum

Upplýsingarnar, sem óskað er eftir í þessum þætti, skulu ná yfir fyrirtækjahópana sem aðilarnir tilheyra en ekki aðeins þau fyrirtæki sem tilkynnti samningurinn hefur bein áhrif á.

Veitið vinsamlegast eftirfarandi upplýsingar fyrir viðkomandi vörumarkað eða -markaði (alla) þar sem samanlögð markaðshlutdeild aðilanna er yfir 10% innan alls Evrópska efnahagssvæðisins, bandalagsins eða yfirráðasvæðis EFTA-ríkjanna eða í einhverju aðildarríkja EB eða EFTA-ríki.

14.1. Nefnið samkeppnisaðila samningsaðilanna á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum sem hafa meira en 10% markaðshlutdeild í einhverju aðildarríki EB, EFTA-ríki, á yfirráðasvæði EFTA, Evrópska Efnahagssvæðinu eða á heimsmarkaði. Nefnið fyrirtækin og áætlið eftir bestu getu markaðshlutdeild þeirra á þessum landsvæðum. Gefið einnig upp póstfang, síma- og bréfasímanúmer og, ef þess er kostur, nafn tengiliðar fyrir hvert þessara fyrirtækja.

14.2. Hvað einkennir eftirspurn á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum? Eru kaupendur t.d. margir eða fáir, skiptast þeir í mismunandi flokka, eru ríkisstofnanir eða ráðuneyti stórir viðskiptavinir?

14.3. Nefnið fimm helstu viðskiptavini hvers samningsaðila fyrir hvern *viðkomandi vörumarkað eða -markaði*. Gefið upp heiti fyrirtækisins, póstfang, síma- og bréfasímanúmer og nafn tengiliðar.

15. þáttur

Markaðsaðgangur og hugsanleg samkeppni

Veitið vinsamlegast eftirfarandi upplýsingar fyrir viðkomandi vörumarkað eða -markaði (alla) þar sem samanlögð markaðshlutdeild aðilanna er yfir 10% innan alls Evrópska efnahagssvæðisins, bandalagsins eða yfirráðasvæðis EFTA-ríkjanna eða í einhverju aðildarríkja EB eða EFTA-ríki.

([1]) Ef viðkomandi svæðisbundinn markaður er skilgreindur sem heimsmarkaður skal greina frá þessum tölum fyrir EES, bandalagið, yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna og hvert aðildarríki EB og EFTA-ríki. Ef viðkomandi svæðisbundinn markaður er skilgreindur sem bandalagið skal greina frá þessum tölum fyrir EES, yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna og hvert aðildarríki EB og EFTA-ríki. Ef markaðurinn er skilgreindur sem innlendur markaður skal greina frá þessum tölum fyrir EES, bandalagið og yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna.

15.1. Lýsið hinum ýmsu þáttum sem hafa áhrif á aðgang að viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum í þessu tilviki. Takið mið af eftirfarandi, eftir því sem við á:

— Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður kröfum um leyfisveitingu stjórnvalda eða notkun opinberra staðla af einhverju tagi. Er aðgangur að þessum mörkuðum háður takmörkunum samkvæmt lögum eða reglum?

— Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður framboði hráefna?

— Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður gildistíma samninga milli fyrirtækis og birgja þess og/eða viðskiptavina?

— Hvert er vægi rannsókna og þróunarstarfs, einkum vægi nytjaleyfa vegna einkaleyfa, verkkunnáttu og annarra réttinda á þessum mörkuðum.

15.2. Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl á síðastliðnum þremur árum á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum á sölusvæðum aðilanna? Hafi slík nýliðun átt sér stað skuluð þið nefna fyrirtækin sem um er að ræða (heiti, póstfang, síma og bréfasímanúmer og, ef þess er kostur, nafn tengiliðar) og áætla eftir bestu getu markaðshlutdeild þeirra í hverju aðildarríki EB og EFTA-ríki þar sem þau reka starfsemi og í bandalaginu, á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna og Evrópska efnahagssvæðinu í heild.

15.3. Áætlið eftir bestu getu þá markaðshlutdeild sem fyrirtæki þarf að lágmarki að afla sér á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum til að starfsemi þess skili hagnaði.

15.4. Eru verulegar hindranir sem koma í veg fyrir:

15.4.1. að fyrirtæki, sem starfa á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum í einu aðildarríkja EB eða EFTA-ríki, geti selt vörur sínar á öðrum hlutum Evrópska efnahagssvæðisins?

15.4.2. að fyrirtæki, sem starfa á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum utan Evrópska efnahagssvæðisins, geti selt á öllu Evrópska efnahagssvæðinu eða hluta þess?

Vinsamlegast rökstyðjið svörin og gerið grein fyrir því, eftir því sem við á, hvaða vægi eftirfarandi þættir hafa:

— lögbundnar viðskiptahindranir, svo sem tollar, kvótar o.s.frv.,

— staðbundnar forskriftir eða tæknikröfur,

— opinber innkaupastefna,

— aðgangur að viðunandi staðbundnu dreifingar- og smásölukerfi,

— flutningskostnaður,

— rótgrónar neytendavenjur staðbundnum vörumerkjum eða vörum í hag,

— tungumál.

IV. KAFLI

Lokaþættir

(Skal svarað í öllum tilkynningum)

16. þáttur

Ástæður fyrir umsókn um neikvætt vottorð

Ef sótt er um neikvætt vottorð:

16.1. skulu tilgreindar ástæður þess, þ.e. hvaða ákvæði eða áhrif samkomulagsins eða starfsháttanna gæti, að mati ykkar, leikið vafi á að samræmdust samkeppnisreglum bandalagsins og/eða Evrópska efnahagssvæðisins. Markmiðið með þessum upplýsingum er að gefa framkvæmdastjórninni sem gleggsta mynd af þeim efasemdum sem þið hafið um samning ykkar eða starfshætti og sem þið viljið fá úr skorið með neikvæðu vottorði.

Skýrið, undir þremur eftirfarandi liðum, frá þeim staðreyndum sem máli skipta og ástæðum þess að þið teljið að ákvæði 1. mgr. 85. gr. og 86. gr. EB-sáttmálans og/eða 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins gildi ekki, þ.e.:

16.2. hvers vegna ekki er stefnt að því með samningnum eða starfsháttunum að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni svo nokkru nemi á hinum sameiginlega markaði eða á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna, eða hvers vegna samningurinn eða starfshættirnir hafa ekki þessi áhrif, eða hvers vegna fyrirtæki ykkar hefur ekki yfirburðastöðu á markaðinum eða hvers vegna starfshættir þess eru ekki misnotkun á yfirburðastöðu, og/eða

Einstaklingum sem heyra undir gildissvið þessarar reglugerðar ætti einungis að veita slíkar bætur í samræmi við löggjöf búsetulands hlutaðeigandi einstaklings, eða aðstandenda hans, að teknu tilliti til búsetutímabila í öðrum aðildarríkjum ef þörf krefur og án þess að mismunað sé á grundvelli þjóðernis.

Nauðsynlegt er að mæla fyrir um sérstakar reglur, sem varða einkum veikindi og atvinnuleysi, fyrir farandlaunþega og launþega í árstíðabundnum störfum þar sem tekið er tillit til sérstöðu þeirra.

Nauðsynlegt er að tryggja vernd þeirra sem búa eða dveljast í öðru aðildarríki en lögbæru aðildarríki að því er varðar bætur vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar.

Staða krefjenda um lífeyri og lífeyrisþega og aðstandenda þeirra er sérstök og því þarf að aðlaga ákvæði um sjúkratryggingar að henni.

Æskilegt er að koma á samræmingarkerfi vegna örorkubóta þar sem tekið er tillit til sérkenna innlendrar löggjafar. Af þessum sökum er nauðsynlegt að gera greinarmun á löggjöf þar sem fjárhæð örorkubóta er óháð lengd tryggingatímabils og löggjöf þar sem fjárhæðin er háð lengd slíks tímabil.

Vegna þess hve kerfi aðildarríkjanna eru mismunandi þarf að setja samræmingarreglur sem má beita ef örorka ágerist.

Nauðsynlegt er að koma á kerfi fyrir úthlutun bóta vegna elli og til eftirlifenda vegna launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem falla undir löggjöf í einu aðildarríki eða fleiri.

Nauðsynlegt er að ákvarða fjárhæð lífeyris, sem er reiknaður út í samræmi við aðferð við útreikninga á uppsöfnuðum lífeyri og hlutfallslífeyri og tryggður með lögum bandalagsins, ef beiting innlendrar löggjafar, að meðtöldum ákvæðum um lækkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun, er óhagstæðari en framangreind aðferð.

Til að vernda farandlaunþega og eftirlifendur þeirra gegn allt of stífri beitingu innlendra ákvæða um lækkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun bóta er nauðsynlegt að bæta við ákvæðum um strangar reglur um beitingu þessara ákvæða.

Að því er varðar bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma er nauðsynlegt, í því skyni að veita vernd, að setja reglur um stöðu þeirra sem eru búsettir eða dveljast í öðru aðildarríki en lögbæru aðildarríki.

Nauðsynlegt er að samþykkja sérstök ákvæði um styrki vegna andláts.

Til að tryggja hreyfanleika vinnuafls við bætt skilyrði er nauðsynlegt að koma á aukinni samræmingu reglna um atvinnuleysistryggingar og aðstoð við atvinnulausa í öllum aðildarríkjunum.

Í þeim tilgangi að auðvelda atvinnuleit í hinum ýmsu aðildarríkjum er sérstaklega við hæfi að veita þeim sem er atvinnulaus atvinnuleysisbætur í tiltekinn tíma samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem hann heyrði síðast undir.

Til að ákveða undir hvaða löggjöf greiðsla fjölskyldubóta heyrir er það atvinnuviðmiðunin sem tryggir jafnan rétt allra vinnandi manna sem heyra undir sömu löggjöf.

Til að koma í veg fyrir óréttmæta skörun bóta er nauðsynlegt að setja reglur um forgang ef bótaréttur skarast við rétt til fjölskyldubóta samkvæmt löggjöf í lögbæru ríki og samkvæmt löggjöf í búseturíki aðstandenda.

Löggjöf aðildarríkjanna er mismunandi og sértæk í eðli sínu og því er talið nauðsynlegt að setja sérstakar reglur um samræmingu innlendra kerfa fyrir veitingu bóta vegna barna á framfæri lífeyrisþega og vegna munaðarleysingja.

Nauðsynlegt er að koma á fót framkvæmdaráði þar sem ríkisstjórnir allra aðildarríkjanna eiga fulltrúa og skal hlutverk þess einkum vera að fjalla um allt er lýtur að framkvæmd og túlkun ákvæða þessarar reglugerðar og að stuðla að samvinnu aðildarríkjanna.

Æskilegt er að fulltrúar starfandi fólks og vinnuveitenda komi saman á vegum ráðgjafarnefndar til að skoða þau málefni sem framkvæmdaráðið hefur haft til umfjöllunar.

Nauðsynlegt er að setja sérstök ákvæði sem endurspegla sérkenni innlendrar löggjafar í því skyni að auðvelda beitingu samræmingarreglnanna.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr. (10) (15)

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) *launþegi* og *sjálfstætt starfandi einstaklingur*:

i) maður sem er skyldutryggður eða tryggður frjálsri viðvarandi tryggingu fyrir einu eða fleiri tilvikum sem falla undir almannatryggingar launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga;

ii) maður sem er tryggður skyldutryggingu fyrir einu eða fleiri tilvikum sem falla undir almannatryggingar og fjallað er um í þessari reglugerð ef maðurinn, samkvæmt almannatryggingakerfi sem nær til allra íbúa eða allra vinnandi manna:

— getur talist launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur samkvæmt því hvernig kerfinu er stjórnað eða það fjármagnað, eða

— eigi það ekki við, er tryggður fyrir öðrum tilvikum sem skilgreind eru í I. viðauka, samkvæmt kerfi sem gildir um launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga, annaðhvort með skyldutryggingu eða frjálsri viðvarandi tryggingu, eða, í þeim tilvikum þar sem engin slík löggjöf er í aðildarríki, fellur undir skilgreininguna sem fram kemur í I. viðauka;

iii) maður sem er tryggður skyldutryggingu fyrir ýmsum tilvikum sem falla undir flokka sem fjallað er um í þessari reglugerð, í almannatryggingakerfi aðildarríkis er nær til allra landsbyggðarmanna samkvæmt skilmálunum sem kveðið er á um í I. viðauka;

iv) maður sem er tryggður frjálsri tryggingu fyrir einu eða fleiri tilvikum sem falla undir flokka sem fjallað er um í þessari reglugerð, í almannatryggingakerfi aðildarríkis fyrir launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga eða fyrir alla íbúa eða fyrir einhvern hóp íbúa:

— ef hann starfar sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, eða

— hafi hann áður verið skyldutryggður fyrir sams konar tilvikum innan kerfis fyrir launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga í sama aðildarríki;

b) *maður sem sækir vinnu yfir landamæri*: launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem starfar á yfirráðasvæði aðildarríkis en hefur búsetu í öðru aðildarríki og fer aftur heim daglega eða að minnsta kosti einu sinni í viku; engu að síður heldur maður, sem sækir vinnu yfir landamæri og er sendur til starfa annars staðar í aðildarríkinu eða til annars aðildarríkis af fyrirtæki sem hann starfar hjá eða sem stundar þjónustuviðskipti annars staðar á yfirráðasvæði ríkisins eða annars aðildarríkis, þeirri stöðu sinni í allt að fjóra mánuði, jafnvel þótt þannig hátti til að hann geti ekki farið heim daglega eða einu sinni í viku hið minnsta á tímabilinu;

c) *launþegi í árstíðabundnum störfum*: maður sem er búsettur í einu aðildarríki en fer til annars aðildarríkis til þess að starfa við árstíðabundin störf hjá fyrirtæki eða vinnuveitanda í því aðildarríki um tíma sem má undir engum kringumstæðum vera lengri en átta mánuðir, og dvelst í fyrrnefndu aðildarríki jafnlengi og vinnan varir; árstíðabundin störf teljast þau störf sem háð eru árstíðum og þarf að inna af hendi ár hvert;

d) *flóttamaður*: sömu merkingar og gert er ráð fyrir í 1. gr. samnings um réttarstöðu flóttamanna sem undirritaður var í Genf 28. júlí 1951;

e) *ríkisfangslaus maður*: sömu merkingar og gert er ráð fyrir í 1. gr. samnings um réttarstöðu ríkisfangslausra manna sem undirritaður var í New York 28. september 1954;

f) i) *aðstandandi*: hver sá sem er skilgreindur eða viðurkenndur sem fjölskyldumeðlimur eða talinn er heyra til fjölskyldu samkvæmt löggjöf þeirri sem bætur eru veittar eftir eða, í tilvikum sem um getur í a-lið 1. mgr. 22. gr. og í 31. gr. samkvæmt löggjöf aðildarríkis þar sem aðstandandi hefur búsetu; taki löggjöf um þetta efni einungis til þeirra sem búa undir sama þaki og launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur, skal þessu skil-

yrði talið fullnægt ef sá sem í hlut á er að mestu á framfæri þess aðila. Í þeim tilvikum þar sem ekki er gert ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis um veikindi eða meðgöngu og fæðingu að aðstandendur séu aðgreindir frá öðrum einstaklingum sem hún nær yfir skal hugtakið „aðstandandi“ hafa þá merkingu sem fram kemur í I. viðauka;

ii) ef hins vegar er um að ræða bætur til fatlaðra einstaklinga sem eru veittar samkvæmt löggjöf aðildarríkis til allra ríkisborgara þess ríkis sem uppfylla sett skilyrði merkir orðið „aðstandandi“ að minnsta kosti maka launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings, ung börn eða börn sem eru á framfæri hans;

g) *eftirlifandi*: hver sá sem er skilgreindur eða viðurkenndur sem slíkur samkvæmt löggjöf sem bætur eru veittar eftir; taki löggjöf um þetta efni einungis til þeirra sem búa undir sama þaki og hinn látni, skal þessu skilyrði talið fullnægt ef sá sem í hlut á var að mestu á framfæri hins látna;

h) *búseta*: föst búseta;

i) *dvöl*: tímabundin búseta;

j) *löggjöf*: að því er varðar sérhvert aðildarríki, gildandi lög, reglugerðir og önnur ákvæði ásamt síðari breytingum aðildarríkis um framkvæmd almannatryggingareglna sem 1. og 2. mgr. 4. gr. ná til eða sérstakar bætur sem eru ekki iðgjaldsskyldar og fjallað er um í 2. mgr. a í 4. gr.;

Undir þetta falla ekki ákvæði gildandi eða komandi kjarasamninga, óháð því hvort yfirvöld hafa ákveðið að gera þau skyldubundin eða víkka gildissvið þeirra. Ef slík ákvæði:

i) hafa verið notuð til að koma á skyldutryggingu þeirri sem kveðið er á um í þeim lögum og reglugerðum sem um getur í undanfarandi undirgrein, eða

ii) hafa falið í sér fyrirmæli um að komið sé á fót kerfi undir stjórn sömu stofnunar og kveðið er á um í þeim lögum og reglugerðum sem um getur í undanfarandi undirgrein,

má hins vegar afnema þessa takmörkun hvenær sem er með yfirlýsingu hlutaðeigandi aðildarríkis, þar sem fram kemur hvaða tryggingakerfi reglugerðinni er ætlað að ná til. Gefa skal út tilkynningu um slíka yfirlýsingu og hún birt samkvæmt ákvæðum 97. gr.

Ákvæði undanfarandi undirgreinar skulu ekki verða til þess að kerfi sem falla undir reglugerð nr. 3 verði undanþegin við beitingu þessarar reglugerðar.

Hugtakið „löggjöf“ nær heldur ekki yfir ákvæði er varða sérstök bótakerfi sjálfstætt starfandi einstaklinga enda séu þau háð frumkvæði hlutaðeigandi aðila eða gildi aðeins á hluta yfirráðasvæðis þess aðildarríkis sem um ræðir, óháð því hvort yfirvöld hafa ákveðið að gera þau skyldubundin eða víkka gildissvið þeirra. Þau bótakerfi sem hér um ræðir eru talin upp í II. viðauka.

k) *samningur um félagslegt öryggi*: tvíhliða eða marghliða gjörningur sem varðar tvö eða fleiri aðildarríki svo og aðrir marghliða gjörningar sem varða að minnsta kosti tvö aðildarríki og að auki eitt eða fleiri ríki utan bandalagsins á sviði almannatrygginga, hvort sem hann tekur að hluta eða í heild til þeirra trygginga sem getið er í 1. og 2. mgr. 4. gr., ásamt hvers konar samningum sem gerðir eru samkvæmt nefndum gjörningum;

l) *lögbært yfirvald*: sá ráðherra eða þeir ráðherrar eða sambærilegt yfirvald í sérhverju aðildarríki sem ber ábyrgð á framkvæmd reglna um almannatryggingar í öllu ríkinu eða hluta þess;

m) *framkvæmdaráð*: ráðið sem um getur í 80. gr.;

n) *stofnun*: sá aðili eða yfirvald í sérhverju aðildarríki sem ber ábyrgð á framkvæmd allrar löggjafarinnar eða hluta hennar;

o) *þar til bær stofnun*:

i) stofnun sú sem hlutaðeigandi er tryggður hjá þegar hann sækir um bætur,

eða

ii) stofnun sú sem hlutaðeigandi á eða ætti rétt á bótum frá, væri hann eða aðstandendur hans búsettir í aðildarríki þar sem stofnunin er staðsett, eða

iii) stofnun sú sem útnefnd er af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu sem í hlut á, eða

iv) vinnuveitandi eða sá tryggingaraðili sem í hlut á, eða sé um það að ræða, aðili eða yfirvald útnefnt af lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis, þegar um er að ræða reglur um ábyrgð vinnuveitanda á þeim bótum sem fjallað er um í 1. mgr. 4. gr.;

p) *stofnun á búsetustað* og *stofnun á dvalarstað*: í þessari röð, stofnun sem ber að greiða bætur þar sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur búsetu og stofnun sem ber að greiða bætur þar sem hlutaðeigandi dvelst, samkvæmt þeirri löggjöf sem stofnunin starfar eftir, eða, þar sem engin slík stofnun er til staðar, stofnun sem útnefnd er af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins sem í hlut á;

q) *lögbært ríki*: aðildarríkið þar sem þar til bær stofnun er staðsett;

r) *tryggingatímabil*: iðgjaldatímabil eða starfstímabil launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings eins og það er skilgreint eða viðurkennt sem tryggingatímabil, samkvæmt þeirri löggjöf sem í gildi var þegar þeim var lokið eða var talið lokið, og að auki öll tímabil sem farið er með sem slík þar sem þau í téðri löggjöf eru talin jafngilda tryggingatímabilum;

s) *starfstímabil launþega* og *starfstímabil sjálfstætt starfandi einstaklings*: tímabil sem er skilgreint eða viðurkennt sem slíkt, samkvæmt þeirri löggjöf sem í gildi var þegar því var lokið, og öll tímabil sem farið er með sem slík þar sem þau í téðri löggjöf eru talin jafngilda starfstímabilum launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings;

sa) *búsetutímabil*: tímabil sem eru skilgreind eða viðurkennd sem slík í þeirri löggjöf sem þeim var lokið eða talið vera lokið eftir;

t) *bætur* og *lífeyrir*: allar bætur og lífeyrir, að meðtöldum öllum þáttum þeirra, sem greiðast úr opinberum sjóðum, uppbætur þar á og viðbótargreiðslur, með fyrirvara um ákvæði III. hluta, sem og eingreiðslur er geta komið í stað lífeyris og greiðslur sem eru endurgreiðslur á iðgjöldum;

u) i) *fjölskyldubætur*: öll aðstoð eða bætur í peningum sem ætlað er að mæta útgjöldum fjölskyldu samkvæmt löggjöfinni sem kveðið er á um í h-lið 1. mgr. 4. gr., að undanskildum sérstökum greiðslum vegna fæðingar eða ættleiðingar sem um getur í II. viðauka;

ii) *fjölskyldugreiðslur*: bætur í peningum greiddar með reglulegu millibili sem miðast eingöngu við fjölda aðstandenda og, eftir atvikum, við aldur þeirra;

v) *styrkur vegna andláts*: fjárhæð sem greidd er í eitt skipti við fráfall, að undanskilinni eingreiðslunni sem getið er í t-lið.

2. gr.

Einstaklingar sem eru tryggðir

1. Reglugerð þessi gildir um launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga sem heyra undir eða hafa heyrt undir löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja og eru ríkisborgarar eins aðildarríkis eða eru ríkisfangslausir eða flóttamenn búsettir í einhverju aðildarríkjanna auk aðstandenda þeirra og eftirlifenda.

2. Reglugerð þessi gildir að auki um eftirlifendur launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga sem heyrt hafa undir löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja, óháð þjóðerni hlutaðeigandi launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga, þar sem eftirlifendur þeirra eru ríkisborgarar eins aðildarríkis, ríkisfangslausir eða flóttamenn sem búa í einhverju aðildarríkjanna.

3. Reglugerð þessi gildir um opinbera starfsmenn og aðra sem njóta sömu réttinda samkvæmt gildandi löggjöf, heyri þeir undir eða hafi þeir heyrt undir löggjöf aðildarríkis sem reglugerðin gildir í.

3. gr.

Jafnræði við málsmeðferð

1. Með fyrirvara um sérákvæði þessarar reglugerðar hafa einstaklingar, búsettir í aðildarríki, sem þessi reglugerð gildir í, sömu skyldum að gegna og njóta sömu réttinda og bóta og þarlendir ríkisborgarar samkvæmt löggjöf þess ríkis.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda um rétt til þess að kjósa fulltrúa í stjórnir stofnana almannatrygginga eða rétt til að taka þátt í tilnefningu þeirra en hafa ekki áhrif á lagaákvæði

aðildarríkis um kjörgengi eða aðferðir við tilnefningu aðila er tengjast þessum stofnunum.

3. Ákvæði samninga um félagslegt öryggi, að undanskildum ákvæðum í III. viðauka, sem í gildi eru samkvæmt c-lið 2. mgr. 7. gr. og ákvæði samninga sem gerðir eru samkvæmt 1. mgr. 8. gr. skulu gilda um alla þá sem þessi reglugerð nær til.

4. gr. (10)

Tryggingaflokkar

1. Reglugerð þessi nær til löggjafar um eftirfarandi flokka almannatrygginga:

a) bætur vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar;

b) örorkubætur að meðtöldum bótum sem ætlaðar eru til að viðhalda eða auka möguleika á tekjuöflun;

c) bætur vegna elli;

d) bætur til eftirlifenda;

e) bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma;

f) styrki vegna andláts;

g) atvinnuleysisbætur;

h) fjölskyldubætur.

2. Reglugerð þessi gildir um allar almannatryggingar, almennar og sérstakar og hvort sem þær eru iðgjaldsskyldar eða ekki, og einnig um reglur um ábyrgð vinnuveitanda eða skipseiganda vegna bóta samkvæmt 1. mgr.

2a. Þessi reglugerð gildir einnig um sérstakar bætur sem eru ekki iðgjaldsskyldar og eru veittar samkvæmt annarri löggjöf eða öðru bótakerfi en um getur í 1. mgr., eða útilokaðar samkvæmt 4. mgr., þegar þessum bótum er ætlað:

a) annaðhvort að vera til viðbótar eða koma í staðinn fyrir tryggingu gegn áhættu er þeir flokkar almannatrygginga sem um getur í a- til h-lið 1. mgr. taka til, eða

b) einvörðungu að veita fötluðum sérstaka vernd.

2b. Þessi reglugerð gildir ekki um ákvæði í löggjöf aðildarríkis um sérstakar bætur sem eru ekki iðgjaldsskyldar, eins og um getur í III. þætti II. viðauka, enda sé gildissvið þeirra bundið við hluta af yfirráðasvæði þess.

3. Ákvæði III. bálks þessarar reglugerðar hafa þó engin áhrif á lagaákvæði aðildarríkis er lúta að ábyrgð skipseiganda.

4. Reglugerð þessi gildir ekki um félagslega aðstoð eða læknishjálp, bætur til handa fórnarlömbum styrjaldar eða vegna afleiðinga hennar né heldur tekur hún til sérstakra reglna um opinbera starfsmenn og einstaklinga sem njóta sömu réttinda.

5. gr. (10)

Yfirlýsingar aðildarríkjanna um gildissvið þessarar reglugerðar

Aðildarríkin skulu, í opinberum auglýsingum sem ber að tilkynna og birta í samræmi við 97. gr., tilgreina löggjöf og kerfi sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr., sérstakar bætur sem eru ekki iðgjaldsskyldar og um getur í 2. mgr. a í 4. gr. svo og lágmarksbætur þær sem um getur í 50. gr. og bæturnar sem um getur í 77. og 78. gr.

6. gr.

Samningar um félagslegt öryggi sem felldir eru úr gildi með þessari reglugerð

Reglugerð þessi skal, með fyrirvara um ákvæði 7. og 8. gr. og 4. mgr. 46. gr., hvað snertir þá einstaklinga og þá efnisflokka sem hún tekur til, koma í staðinn fyrir ákvæði allra samninga um félagslegt öryggi sem eru bindandi fyrir annaðhvort:

a) tvö eða fleiri aðildarríki eingöngu, eða

b) að minnsta kosti tvö aðildarríki og eitt eða fleiri ríki utan bandalagsins þar sem þau málsuppgjör sem falla undir slíkan samning koma ekki til kasta stofnunar í neinu af síðartöldu ríkjunum.

7. gr. (7)

Alþjóðleg ákvæði sem þessi reglugerð hefur ekki áhrif á

1. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar vegna:

a) samþykktar Alþjóðavinnumálaþingsins sem hefur öðlast gildi eftir staðfestingu eins eða fleiri aðildarríkja;

b) bráðabirgðasamninga Evrópuríkja um félagslegt öryggi frá 11. desember 1953 sem gerðir voru milli aðildarríkja Evrópuráðsins.

2. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skal eftirfarandi gilda áfram :

a) ákvæði samkomulags frá 27. júlí 1950 og 30. nóvember 1979 um félagslegt öryggi siglingamanna á Rín;

b) ákvæði samnings Evrópuríkja frá 9. júlí 1956 um félagslegt öryggi þeirra sem vinna við millilandaflutninga;

c) ákvæði samninga um félagslegt öryggi sem tilgreindir eru í III. viðauka.

8. gr.

Samningar milli aðildarríkja

1. Tvö eða fleiri aðildarríki mega, eftir því sem þörf krefur, gera samninga sín á milli byggða á grundvallarreglum og í anda þessarar reglugerðar.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 97. gr. hvern þann samning sem gerður er við annað aðildarríki samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

9. gr.

Aðgangur að frjálsum tryggingum eða frjálsum viðvarandi tryggingum

1. Lagaákvæði aðildarríkis sem binda aðgang að frjálsum tryggingum eða frjálsum viðvarandi tryggingum við búsetu á yfirráðasvæði ríkisins skulu ekki gilda um einstaklinga sem eru búsettir í öðru aðildarríki, að því tilskildu að fyrr á starfsævinni hafi þeir heyrt undir löggjöf fyrrnefnda ríkisins sem launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar.

2. Ef réttur til frjálsra trygginga eða frjálsra viðvarandi trygginga samkvæmt löggjöf aðildarríkis er háður því að tryggingatímabilum sé lokið skal taka trygginga- og búsetutímabil sem hefur verið lokið samkvæmt löggjöf annars ríkis til greina, eftir því sem þörf er á, eins og verið hefði samkvæmt löggjöf fyrra ríkisins.

9. gr. a (7)

Framlenging viðmiðunartímabils

Ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að á tilteknu tímabili sem fer á undan tilviki sem tryggt er gegn þurfi að ljúka lágmarkstryggingatímabili (viðmiðunartímabili) til að réttur til bóta sé viðurkenndur, og geri fyrrnefnd löggjöf ráð fyrir því að bótatímabil eða tímabil þegar viðkomandi hefur séð um umönnun barna á yfirráðasvæði þess aðildarríkis skuli teljast nægileg ástæða til að framlengja viðmiðunartímabilið, skulu tímabil sem örorku- eða ellilífeyrir eða sjúkra-, atvinnuleysis- eða vinnuslysabætur (lífeyrir frátalinn) hafa verið veittar fyrir samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis og tímabil er viðkomandi hefur séð um umönnun barna á yfirráðasvæði annars aðildarríkis einnig vera tilefni til framlengingar umrædds viðmiðunartímabils.

10. gr.

Eftirgjöf á skilyrðum um búsetu — Áhrif skyldutryggingar á endurgreiðslu iðgjalda

1. Hafi réttur til peningagreiðslna vegna örorku-, ellieða eftirlifendabóta eða til lífeyris vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma og styrkja vegna andláts verið áunninn samkvæmt löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja, skulu þessar greiðslur ekki lækka, breytast, stöðvast tímabundið, falla niður eða vera gerðar upptækar af þeirri ástæðu að viðtakandi hafi búsetu í öðru aðildarríki en því þar sem stofnun sú sem ber ábyrgð á greiðslum er staðsett, nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð.

Undanfarandi undirgrein skal einnig gilda um eingreiðslur sem inntar eru af hendi vegna þess að eftirlifandi maki sem átti rétt á eftirlifendalífeyri gengur í hjónaband á ný.

2. Ef endurgreiðsla iðgjalda er háð því skilyrði að hluteigandi heyri ekki lengur undir skyldutryggingar samkvæmt löggjöf aðildarríkis telst þessu skilyrði ekki fullnægt á meðan hann heyrir undir skyldutryggingu launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis.

10. gr. a (10)

Sérstakar bætur sem eru ekki iðgjaldsskyldar

1. Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. og III. bálks skulu einstaklingar sem heyra undir þessa reglugerð eingöngu hljóta sérstakar bætur í peningum, sem eru ekki iðgjaldsskyldar og um getur í 2. mgr. a 4. gr., á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem þeir eru búsettir, í samræmi við löggjöf þess ríkis, að því tilskildu að slíkar bætur séu tilgreindar í II. viðauka a. Stofnun á búsetustað skal úthluta bótunum og greiða þær.

2. Í aðildarríki, þar sem löggjöfin gerir ráð fyrir því að réttur til bóta samkvæmt 1. mgr. sé háður því að starfstímabili sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur eða búsetutímabili sé lokið, skal þar til bær stofnun taka til greina, að því marki sem nauðsynlegt er, starfstímabil launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings, eða búsetutímabil sem er lokið á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, eins og um væri að ræða tímabil sem er lokið á yfirráðasvæði fyrrnefnda aðildarríkisins.

3. Þegar gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að réttur til bóta, sem fjallað er um í 1. mgr. en veittar eru sem viðbótargreiðslur, sé háður bótagreiðslum sem falla undir a-til h-lið í 1. mgr. 4. gr. og ekki er hægt að gera kröfu um slíkar bætur samkvæmt þeirri löggjöf, skal litið á samsvarandi bætur sem eru veittar samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis sem bætur veittar samkvæmt löggjöf fyrrnefnda aðildarríkisins að því er varðar rétt til viðbótargreiðslna.

4. Þegar gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að réttur til bóta vegna fötlunar eða örorku, sem fjallað er um í 1. mgr., sé háður því skilyrði að fötlunin eða örorkan hafi fyrst verið metin á yfirráðasvæði þess aðildarríkis skal litið svo á að þessu skilyrði hafi verið fullnægt þegar slíkt mat fer fyrst fram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

11. gr.

Uppbætur á bætur

Reglur um uppbætur í löggjöf aðildarríkis gilda um bætur sem greiddar eru samkvæmt þeirri löggjöf og í krafti ákvæða þessarar reglugerðar.

12. gr. (9) (11)

Komið í veg fyrir að bætur skarist

1. Reglugerð þessi getur hvorki veitt né viðhaldið rétti til margvíslegra bóta sömu tegundar fyrir sama tímabil skyldutrygginga. Þetta ákvæði gildir þó ekki um bætur vegna örorku, elli, andláts (lífeyrir) eða atvinnusjúkdóms sem stofnanir í tveimur eða fleiri aðildarríkjum veita í samræmi við 41. gr., 2. og 3. mgr. 43. gr., 46., 50. og 51. gr. eða b-lið 1. mgr. 60. gr.

2. Nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð má beita ákvæðum löggjafar aðildarríkis um lækkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun bóta þegar um skörun við aðrar bætur almannatrygginga eða annars konar tekjur er að ræða, jafnvel þegar réttur til slíkra bóta hefur áunnist samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis eða teknanna verið aflað á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

3. Heimilt er að beita lagaákvæðum aðildarríkis um lækkun, tímabundna stöðvun eða niðurfellingu bóta til einstaklings sem fær örorkubætur eða snemmbæran ellilífeyri og stundar atvinnustarfsemi, jafnvel þótt hann stundi starfsemi sína á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

4. Þegar hollenskri stofnun er gert, samkvæmt 5. mgr. 57. gr. eða b-lið 2. mgr. 60. gr., að taka þátt í bótagreiðslum sem veittar eru samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis vegna atvinnusjúkdóma, lækka örorkubætur sem greiddar eru samkvæmt hollenskri löggjöf sem nemur greiðslu til þeirrar stofnunar í öðru aðildarríki sem ber að greiða bætur vegna atvinnusjúkdóms.

II. BÁLKUR

ÁKVÖRÐUN UM HVAÐA LÖGGJÖF SKULI BEITA

13. gr. (9)

Almennar reglur

1. Þeir einstaklingar sem þessi reglugerð nær til skulu, með fyrirvara um c-lið 14. gr., aðeins heyra undir löggjöf eins aðildarríkis. Sú löggjöf skal ákveðin í samræmi við ákvæði þessa bálks.

2. Með fyrirvara um ákvæði 14. – 17. gr.:

a) skal einstaklingur sem ráðinn er til starfa í einu aðildarríki heyra undir löggjöf þess ríkis, jafnvel þótt hann búi í öðru aðildarríki eða skráð aðsetur skrifstofu eða vinnustöð þess fyrirtækis eða einstaklings sem hann starfar hjá sé í öðru aðildarríki;

b) skal einstaklingur sem starfar sjálfstætt á yfirráðasvæði eins aðildarríkis heyra undir löggjöf þess ríkis, jafnvel þótt hann búi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis;

c) skal einstaklingur sem starfar um borð í skipi er siglir undir fána aðildarríkis heyra undir löggjöf þess ríkis;

d) skulu opinberir starfsmenn og þeir sem sömu réttinda njóta heyra undir sömu löggjöf og þau stjórnvöld sem þeir vinna fyrir;

e) skal einstaklingur sem er kvaddur eða endurkvaddur til herþjónustu í aðildarríki, eða til starfa í þjónustu ríkisins heyra undir löggjöf þess ríkis. Ef réttindi samkvæmt þeirri löggjöf eru háð því að tryggingatímabilum sé lokið fyrir herþjónustu eða þjónustu í þágu ríkisins, eða eftir að henni lýkur, skal taka til greina þau tryggingatímabil sem viðkomandi hefur lokið samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja, eftir því sem þörf krefur, eins og þeim hefði verið lokið samkvæmt löggjöf fyrrgreinds ríkis. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem kvaddur hefur verið eða endurkvaddur til herþjónustu, eða þjónustu í þágu ríkisins, skal halda stöðu sinni sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur;

f) skal einstaklingur sem hættir að heyra undir löggjöf eins aðildarríkis án þess að löggjöf annars aðildarríkis taki við, í samræmi við eina af reglunum í undanfarandi liðum eða í samræmi við eina af undantekningunum eða sérákvæðunum í 14. – 17. gr., heyra undir löggjöf aðildarríkisins þar sem hann er búsettur, í samræmi við ákvæði þeirrar löggjafar einnar.

14. gr.

Sérreglur sem gilda um einstaklinga, aðra en sjómenn, er stunda launaða vinnu

Ákvæði a-liðar 2. mgr. 13. gr. gilda með fyrirvara um eftirfarandi undantekningar eða aðstæður:

1. a) Einstaklingur sem er ráðinn hjá fyrirtæki í aðildarríki sem hann starfar að jafnaði hjá og er sendur til annars aðildarríkis til vinnu fyrir fyrirtækið skal halda áfram að heyra undir löggjöf fyrra ríkisins, enda sé áætlaður dvalartími ekki lengri en 12 mánuðir og hann leysi ekki af annan einstakling sem lokið hefur starfstímabili sínu.

   b) Ef starfstímabilið fer af ófyrirsjáanlegum orsökum fram úr því sem ætlað var í upphafi, og yfir tólf mánuði, skal löggjöf fyrra ríkisins gilda áfram þar til vinnunni er lokið, sé það samþykkt af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu sem hlutaðeigandi hefur verið sendur til, eða af stofnun sem það yfirvald tilnefnir; slíks samþykkis verður að leita áður en upphaflega tólf mánaða tímabilið rennur út. Slíkt samþykki má þó ekki gefa út til lengri tíma en tólf mánaða.

2. Einstaklingur sem starfar að jafnaði í tveimur eða fleiri aðildarríkjum heyrir undir þá löggjöf sem hér segir:

   a) einstaklingur sem starfar við samgöngur á landi og í lofti á vegum fyrirtækis sem rekur farþega- eða vöruflutningaþjónustu á milli landa með járnbrautum, á vegum, í lofti, eða á vatnaleiðum innanlands, gegn leigugjaldi eða þóknun eða á eigin kostnað og hefur skráð aðsetur skrifstofu eða vinnustöðvar á yfirráðasvæði aðildarríkis, skal heyra undir löggjöf síðastgreinda ríkisins en þó með eftirfarandi takmörkunum:

      i) þegar fyrirtækið hefur útibú eða umboð í öðru aðildarríki en því sem aðsetur skrifstofu eða vinnustöðvar er skráð í skal einstaklingur sem starfar á vegum útibúsins eða umboðsins heyra undir löggjöf þess aðildarríkis þar sem útibúið eða umboðið er;

      ii) þegar einstaklingur starfar að mestu leyti í aðildarríkinu sem hann er búsettur í skal hann heyra undir löggjöf þess ríkis, jafnvel þó að fyrirtækið sem hann starfar hjá hafi enga skráða skrifstofu, vinnustöðvar, útibú eða umboð á því yfirráðasvæði;

   b) annar en sá sem um getur í a-lið skal heyra undir:

      i) löggjöf þess aðildarríkis sem hann býr í, ef hluti starfa hans fer fram í því ríki; hið sama gildir ef hann starfar á vegum margra fyrirtækja eða vinnuveitenda sem hafa skráðar skrifstofur eða vinnustöðvar í mismunandi aðildarríkjum;

      ii) löggjöf þess aðildarríkis þar sem skráð skrifstofa eða vinnustöð þess fyrirtækis eða vinnuveitanda sem hann starfar hjá er, svo framarlega sem hann er ekki búsettur í neinu því aðildarríki þar sem hann starfar;

3. Einstaklingur sem starfar í aðildarríki á vegum fyrirtækis sem hefur skráða skrifstofu eða vinnustöð í öðru aðildarríki og er á sameiginlegum landamærum ríkjanna tveggja skal heyra undir löggjöf þess aðildarríkis þar sem fyrirtækið hefur skráða skrifstofu eða vinnustöð.

14. gr. a

Sérreglur sem gilda um sjálfstætt starfandi einstaklinga, aðra en sjómenn

Ákvæði b-liðar 2. mgr. 13. gr. gilda með fyrirvara um eftirfarandi undantekningar og aðstæður:

1. a) Einstaklingur sem starfar að jafnaði sjálfstætt á yfirráðasvæði aðildarríkis en starfar í öðru aðildarríki skal áfram heyra undir löggjöf fyrra ríkisins, enda sé áætlaður starfstími ekki lengri en tólf mánuðir.

   b) Ef starfstímabilið fer af ófyrirsjáanlegum orsökum fram úr því sem ætlað var í upphafi, og yfir tólf mánuði, skal löggjöf fyrra ríkisins gilda áfram þar til vinnunni er lokið, sé það samþykkt af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu sem hlutaðeigandi hefur starfað í, eða af stofnun sem það yfirvald tilnefnir; slíks samþykkis verður að leita áður en upphaflega tólf mánaða tímabilið rennur út. Slíkt samþykki má þó ekki gefa út til lengri tíma en tólf mánaða.

2. Einstaklingur sem starfar að jafnaði sjálfstætt í tveimur eða fleiri aðildarríkjum skal heyra undir löggjöf þess ríkis sem hann er búsettur í, fari einhver hluti starfsemi hans fram í því ríki. Ef engin starfsemi fer fram á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem hann er búsettur í skal hann heyra undir löggjöf þess aðildarríkis þar sem hann hefur mest umsvif. Mælikvarðinn sem er notaður til að ákveða hvað séu meginumsvif kemur fram í reglugerðinni sem getið er í 98. gr.

3. Einstaklingur sem starfar sjálfstætt í fyrirtæki sem hefur skráða skrifstofu eða vinnustöð í einu aðildarríki og er á sameiginlegum landamærum tveggja aðildarríkja skal heyra undir löggjöf þess ríkis þar sem skrifstofan eða vinnustöðin er skráð.

4. Ef löggjöfin sem einstaklingur ætti að heyra undir samkvæmt 2. eða 3. mgr. heimilar honum ekki að gerast aðili að bótakerfi, jafnvel ekki að eigin frumkvæði, skal hlutaðeigandi einstaklingur heyra undir löggjöf hins aðildarríkisins sem gildir þá óháð þessum tilteknu ákvæðum eða, komi til greina að hann geti heyrt undir löggjöf fleiri en eins aðildarríkis, undir þá löggjöf sem samkomulag næst um á milli hlutaðeigandi aðildarríkja eða lögbærra yfirvalda þeirra.

14. gr. b

Sérreglur er gilda um sjómenn

Ákvæði c-liðar 2. mgr. 13. gr. gilda með fyrirvara um eftirfarandi undantekningar og aðstæður:

1. Einstaklingur, sem er ráðinn til fyrirtækis þar sem hann starfar að jafnaði, annaðhvort á yfirráðasvæði aðildarríkis eða um borð í skipi sem siglir undir fána aðildarríkis, og er sendur af téðu fyrirtæki til að gegna störfum fyrir það um borð í skipi sem siglir undir fána annars aðildarríkis, skal með fyrirvara um þau skilyrði sem getið er í 1. mgr. 14. gr. áfram heyra undir löggjöf fyrrgreinda aðildarríkisins.

2. Einstaklingur, sem starfar að jafnaði sjálfstætt, annaðhvort á yfirráðasvæði aðildarríkis eða um borð í skipi sem siglir undir fána aðildarríkis og gegnir störfum á eigin vegum um borð í skipi sem siglir undir fána annars aðildarríkis, skal samkvæmt skilyrðum þeim sem getið er í 1. mgr. 14. gr. a áfram heyra undir löggjöf fyrrgreinda aðildarríkisins.

3. Einstaklingur, sem vinnur að jafnaði ekki á sjó en er ráðinn til starfa innan landhelgi eða á hafnarsvæði eins aðildarríkis á skipi sem siglir undir fána annars aðildarríkis innan landhelgi þess hafnarsvæðis, án þess þó að vera skipverji, skal heyra undir löggjöf fyrrgreinda ríkisins.

4. Einstaklingur, sem er ráðinn á skip sem siglir undir fána aðildarríkis og þiggur laun fyrir þá vinnu af fyrirtæki eða einstaklingi sem hefur skráða skrifstofu eða vinnustöð í öðru aðildarríki, skal heyra undir löggjöf síðargreinda ríkisins ef hann hefur búsetu í því; fyrirtækið eða aðilinn sem greiðir launin lýtur reglum um atvinnurekendur samkvæmt þeirri löggjöf.

14. gr. c (5)

Sérreglur er gilda um einstaklinga sem eru ráðnir til starfa í einu aðildarríki á sama tíma og þeir starfa sjálfstætt í öðru aðildarríki

Einstaklingur, sem er ráðinn til starfa í einu aðildarríki samtímis því sem hann starfar sjálfstætt í öðru aðildarríki, skal heyra undir:

a) löggjöf þess aðildarríkis þar sem hann er í launuðu starfi sé ekki kveðið á um annað í b-lið eða, gegni hann

störfum á yfirráðasvæði fleiri en tveggja aðildarríkja, löggjöf þá sem ákveðin er í samræmi við 2. eða 3. mgr. 14. gr.;

b) í þeim tilvikum sem um getur í VII. viðauka:

— löggjöf þess aðildarríkis þar sem hann gegnir launuðu starfi, sem ákveðin er í samræmi við ákvæði 2. eða 3. mgr. 14. gr., ef hann starfar á yfirráðasvæði tveggja eða fleiri aðildarríkja, og

— löggjöf þess aðildarríkis þar sem hann starfar sjálfstætt, sem ákveðin er í samræmi við 2., 3. eða 4. mgr. 14. gr. a, starfi hann með þessum hætti á yfirráðasvæði tveggja eða fleiri aðildarríkja.

14. gr. d (5)

Ýmis ákvæði

1. Við beitingu þeirrar löggjafar sem sett er í samræmi við þessi ákvæði skal farið með einstakling þann sem um getur í 2. og 3. mgr. 14. gr., 2., 3. og 4. mgr. 14. gr. a og a-lið 14. gr. c sem hann hefði stundað starf sitt eða störf eingöngu á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis.

2. Um iðgjöld þeirra manna sem getið er í b-lið 14. gr. c og starfa sjálfstætt skal fara eftir löggjöf þess aðildarríkis þar sem þeir starfa, líkt og þeir gegndu launuðu starfi á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis.

3. Ákvæði í löggjöf aðildarríkis, sem kveða á um að lífeyrisþegi sem stundar atvinnustarfsemi sé undanþeginn skyldutryggingu vegna starfsemi sinnar, skulu einnig gilda um lífeyrisþega sem hefur áunnið sér lífeyrisréttindi samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, nema hlutaðeigandi einstaklingur fari fram á annað með því að sækja sérstaklega um það til þeirrar stofnunar sem hefur verið tilnefnd af lögbæru yfirvaldi í fyrstgreinda aðildarríkinu, og er auk þess tilgreind í 10. viðauka reglugerðarinnar sem um getur í 98. gr.

15. gr.

Reglur um frjálsar tryggingar eða frjálsar viðvarandi tryggingar

1. Ákvæði 13. – 14. gr. d skulu hvorki gilda um frjálsar tryggingar né frjálsar viðvarandi tryggingar, nema í einhverju aðildarríkjanna sé aðeins um að ræða frjálsar tryggingar í einhverjum þeim flokki sem um getur í 4. gr.

2. Í þeim tilvikum er beiting löggjafar tveggja eða fleiri aðildarríkja hefur í för með sér skörun trygginga:

— skal viðkomandi einstaklingur, ef skyldutryggingakerfi er í gildi ásamt einu eða fleiri kerfum frjálsra trygginga eða frjálsra viðvarandi trygginga, eingöngu heyra undir skyldutryggingakerfið;

— má viðkomandi einstaklingur, þegar um er að ræða tvö eða fleiri kerfi frjálsra trygginga eða frjálsra viðvarandi trygginga, aðeins gerast aðili að því kerfi sem hann hefur valið sér.

3. Hvað snertir örorku, elli og andlát (lífeyrir) getur viðkomandi hins vegar gerst aðili að frjálsum tryggingum eða frjálsum viðvarandi tryggingum aðildarríkis, jafnvel þótt hann eigi að heyra undir löggjöf annars aðildarríkis, að því marki sem slík skörun trygginga er beint eða óbeint heimiluð í fyrrgreinda aðildarríkinu.

16. gr.

Sérreglur um einstaklinga sem starfa við sendiráð eða ræðismannsskrifstofur eða sem aðstoðarfólk hjá Evrópubandalaginu

1. Ákvæði a-liðar 2. mgr. 13. gr. skulu gilda um einstaklinga sem starfa hjá sendiráðum og ræðismannsskrifstofum og um starfsfólk á heimilum erindreka slíkra sendiráða eða stöðva.

2. Þó geta starfsmenn, sem heyra undir 1. mgr. og eru ríkisborgarar þess aðildarríkis sem veitt hefur þeim umboð eða sent þá, valið að heyra undir löggjöf þess ríkis. Réttinn til að velja má endurnýja í lok hvers almanaksárs, án afturvirkra áhrifa.

3. Aðstoðarfólk á vegum Evrópubandalagsins getur kosið að heyra undir löggjöf þess aðildarríkis sem það vinnur í, þá löggjöf aðildarríkis sem það heyrði síðast undir, eða löggjöf þess aðildarríkis sem það hefur ríkisborgararétt í, að því er varðar önnur ákvæði en þau sem lúta að fjölskyldugreiðslum, sem ráðast af starfskjörum þeim sem gilda um slíkt starfsfólk. Réttinum til að velja má aðeins beita einu sinni og gildir valið frá þeim degi er starf hefst.

17. gr. (9)

Undantekningar frá 13. – 16. gr.

Tvö eða fleiri aðildarríki, lögbær yfirvöld þeirra eða aðilar tilnefndir af þessum yfirvöldum geta gert með sér samkomulag um undantekningar frá ákvæðum 13. – 16. gr. í þágu ákveðinna einstaklinga eða hópa einstaklinga.

17. gr. a (9)

Sérreglur um einstaklinga sem eiga rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf eins eða fleiri aðildarríkis

Einstaklingur sem á rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja en er búsettur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis getur að eigin ósk verið undanþeginn löggjöf síðarnefnda ríkisins að því tilskildu að hann heyri ekki undir þá löggjöf vegna atvinnu sinnar.

III. BÁLKUR

SÉRÁKVÆÐI UM ÝMSA BÓTAFLOKKA

1. KAFLI

VEIKINDI OG MEÐGANGA OG FÆÐING

1. ÞÁTTUR

Sameiginleg ákvæði

18. gr.

Söfnun trygginga-, starfs- eða búsetutímabila

1. Í aðildarríki sem bindur rétt einstaklings samkvæmt löggjöf til að öðlast, viðhalda eða endurheimta bætur því skilyrði að trygginga-, starfs- eða búsetutímabilum sé lokið, skal þar til bær stofnun taka til greina, að því marki sem nauðsynlegt er, trygginga-, starfs- eða búsetutímabil sem lokið er samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja eins og þeim hefði verið lokið samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda um launþega í árstíðabundnum störfum, jafnvel þótt hlé á milli tryggingatímabila reynist lengra en leyfilegt er samkvæmt löggjöf þess ríkis sem í hlut á, svo fremi sem viðkomandi launþegi hafi ekki verið lengur en fjóra mánuði án trygginga.

2. ÞÁTTUR

Launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar og aðstandendur þeirra

19. gr.

Búseta í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki — Almennar reglur

1. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem er búsettur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki en fullnægir skilyrðum sem sett eru fyrir bótarétti í löggjöf hins lögbæra ríkis, skal, með tilliti til ákvæða 18. gr. þar sem þau eiga við, fá í búseturíkinu:

a) aðstoð sem stofnun á búsetustaðnum lætur í té fyrir hönd þar til bærrar stofnunar, samkvæmt ákvæðum löggjafar þeirrar sem hún starfar eftir, eins og hlutaðeigandi væri tryggður þar;

b) bætur í peningum sem greiddar eru af þar til bærri stofnun samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir. Þó getur stofnun á búsetustaðnum tekið að sér að greiða bætur þessar samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis fyrir hönd fyrrgreindrar stofnunar, hafi náðst samkomulag um það milli þessara stofnana.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu á hliðstæðan hátt gilda um alla aðstandendur sem eru búsettir í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki, eigi þeir ekki rétt á bótum samkvæmt löggjöf þess ríkis sem þeir eru búsettir í.

Í þeim tilvikum þar sem aðstandendur búa á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem réttur til aðstoðar er ekki háður ráðningar- eða tryggingaskilmálum skal litið svo á að aðstoð sem þeir hljóta sé veitt af hálfu stofnunarinnar sem launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur er tryggður hjá, nema maki eða sá aðili sem hefur umsjá með börnum stundi atvinnustarfsemi á yfirráðasvæði umrædds aðildarríkis.

20. gr.

Menn sem sækja vinnu yfir landamæri og aðstandendur þeirra — Sérreglur

Þeir sem sækja vinnu yfir landamæri geta einnig átt kost á bótum í hinu lögbæra ríki. Slíkar bætur skulu greiddar af þar til bærri stofnun samkvæmt löggjöf þess ríkis eins og

hlutaðeigandi aðili væri búsettur í því ríki. Aðstandendur hans eiga rétt á aðstoð með sömu skilmálum; skal slík aðstoð þó vera háð því, nema í bráðatilvikum, að hlutaðeigandi ríki eða stofnanir þeirra hafi samið um það sín á milli eða, sé slíkt ekki fyrir hendi, að þar til bær stofnun hafi veitt heimild til þess fyrirfram.

21. gr.

Dvöl í hinu lögbæra ríki eða búferlaflutningar þangað

1. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem getið er í 1. mgr. 19. gr. og dvelst í hinu lögbæra ríki, skal fá bætur samkvæmt ákvæðum löggjafar þess ríkis eins og hann væri búsettur þar, jafnvel þótt hann hafi fengið bætur vegna sömu veikinda eða meðgöngu og fæðingar áður en dvölin hófst.

2. Ákvæði 1. mgr. skal gilda á hliðstæðan hátt um aðstandendur þá sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

Í þeim tilvikum þar sem hinir síðarnefndu eru búsettir í öðru aðildarríki en því sem launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur er búsettur í skal stofnun á dvalarstað veita aðstoð fyrir hönd stofnunar á búsetustað hlutaðeigandi einstaklinga.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um þá sem sækja vinnu yfir landamæri og aðstandendur þeirra.

4. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur og aðstandendur hans sem um getur í 19. gr. sem flytjast búferlum til lögbærs ríkis skulu fá bætur samkvæmt ákvæðum löggjafar þess ríkis jafnvel þótt þeir hafi fengið bætur vegna sömu veikinda eða meðgöngu og fæðingar fyrir búferlaflutninginn.

22. gr.

Dvöl utan lögbærs ríkis — Endurkoma eða búferlaflutningar til annars aðildarríkis á veikinda- eða meðgöngutíma — Nauðsynlegar ferðir til annars aðildarríkis í lækningaskyni

1. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem fullnægir bótaskilyrðum í löggjöf lögbærs ríkis, með tilliti til ákvæða 18. greinar þar sem þau eiga við, og:

a) sem af heilsufarsástæðum þarfnast bóta án tafar á meðan hann dvelur í öðru aðildarríki; eða

b) sem hefur áunnið sér rétt til bóta frá þar til bærri stofnun og hefur heimild hennar til að hverfa aftur til þess aðildarríkis þar sem hann er búsettur eða flytjast búferlum til annars aðildarríkis; eða

c) sem hefur heimild þar til bærrar stofnunar til að leita sér lækninga í öðru aðildarríki,

skal eiga rétt á:

i) aðstoð sem stofnun á dvalar- eða búsetustaðnum lætur honum í té, fyrir hönd hinnar þar til bæru stofnunar, samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, eins og hann væri tryggður hjá henni; þó skal lengd bótatímabilsins fara eftir löggjöf hins lögbæra ríkis;

ii) bótum í peningum sem þar til bærri stofnun ber að greiða samkvæmt ákvæðum þeirrar löggjafar sem hún starfar eftir. Þó getur stofnun á dvalar- eða búsetustaðnum tekið að sér að greiða slíkar bætur fyrir hönd þeirrar fyrrgreindu samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis, hafi samkomulag um það náðst milli þessara stofnana.

2. Ekki er heimilt að synja um þá heimild sem krafist er samkvæmt b-lið 1. mgr. nema ljóst sé að flutningur viðkomandi hafi skaðleg áhrif á heilsufar hans eða möguleika til að fá læknismeðferð.

Ekki er heimilt að synja um þá heimild sem krafist er samkvæmt c-lið 1. mgr. sé umrædd meðferð hluti af þeirri aðstoð sem kveðið er á um í löggjöf aðildarríkisins þar sem viðkomandi er búsettur og eigi hann ekki kost á slíkri meðferð innan eðlilegra tímamarka í búseturíkinu ef mið er tekið af heilsufarsástandi hans og líklegri framvindu sjúkdómsins.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda á hliðstæðan hátt gagnvart aðstandendum launþega eða hins sjálfstætt starfandi einstaklings.

Ef beita á ákvæðum a-liðar og i-liðar í c-lið 1. mgr. gagnvart aðstandendum þeim sem um getur í 2. mgr. 19. gr. og búa í öðru aðildarríki en því sem launþegi eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur býr:

a) skal stofnun á dvalarstað veita aðstoð fyrir hönd stofnunar í búseturíki aðstandenda samkvæmt ákvæðum þeirrar löggjafar sem hún starfar eftir eins og laun-

þeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur væri tryggður þar. Hins vegar skal lengd bótatímabils vera háð ákvæðum löggjafar þess aðildarríkis sem aðstandendur eru búsettir í;

b) skal stofnun í búseturíki aðstandenda gefa út heimild þá sem krafist er samkvæmt c-lið 1. mgr.

4. Þótt launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur heyri undir ákvæði 1. mgr. skal það ekki skerða bótarétt aðstandenda hans.

22. gr. a (14)

Sérreglur fyrir tiltekna hópa fólks

Þrátt fyrir 2. gr. þessarar reglugerðar gilda a- og c-liður í 1. mgr. 22. gr. einnig um þá sem eru ríkisborgarar aðildarríkis og eru tryggðir samkvæmt löggjöf aðildarríkis og um aðstandendur sem búa hjá þeim.

22. gr. b (15)

Starf í öðru aðildarríki en lögbæru ríki — Dvöl í starfsríki

Þeir launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar sem um getur í 13. (d-lið 2. mgr.), 14. , 14. a, 14. b, 14. c (a-lið) eða 17. gr., og aðstandendur sem fylgja þeim, skulu njóta ákvæða a-liðar 1. mgr. 22. gr. sé ástand þeirra þannig að þeir þurfi á bótum að halda þegar þeir dveljast á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur starfar eða ríkisins þar sem skip hans er skráð.

23. gr. (A)

Útreikningur bóta í peningum

1. Í aðildarríki þar sem gert er ráð fyrir því í löggjöfinni að bætur í peningum séu reiknaðar út eftir meðaltekjum eða meðaliðgjöldum skal þar til bær stofnun eingöngu ákvarða meðaltekjur eða meðaliðgjöld með hliðsjón af launum eða iðgjöldum sem greidd voru á þeim tímabilum sem hlutaðeigandi hefur lokið samkvæmt fyrrgreindri löggjöf.

2. Í aðildarríki þar sem gert er ráð fyrir því í löggjöfinni að bætur í peningum séu reiknaðar út eftir viðmiðunartekjum skal þar til bær stofnun eingöngu taka til greina viðmiðunartekjur eða, eftir því sem við á, meðaltal viðmiðunartekna á þeim tímabilum sem hlutaðeigandi hefur lokið samkvæmt fyrrgreindri löggjöf.

3. Í aðildarríki þar sem gert er ráð fyrir því í löggjöfinni að bætur í peningum fari eftir fjölda aðstandenda skal þar til bær stofnun taka tillit til aðstandenda sem búsettir eru í öðru aðildarríki á sama hátt og væru þeir búsettir í hinu lögbæra ríki.

24. gr.

Veruleg aðstoð

1. Hafi stofnun í einu aðildarríki viðurkennt rétt launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings eða aðstandenda hans til gervilims, stærri stoðtækja eða annarrar verulegrar aðstoðar áður en hann er tryggður hjá stofnun í öðru aðildarríki, skal launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi fá aðstoðina á kostnað fyrrnefndu stofnunarinnar, jafnvel þótt aðstoðin sé veitt eftir að hann telst tryggður hjá síðarnefndu stofnuninni.

2. Framkvæmdaráðið skal taka saman skrá yfir þær bætur sem falla undir 1. mgr.

3. ÞÁTTUR

Atvinnulausir menn og aðstandendur þeirra

25. gr.

1. Atvinnulaus maður sem áður var launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur og heyrir undir 1. mgr. 69. gr. eða annan málslið ii-liðar í b-lið 1. mgr. 71. gr. og sem fullnægir skilyrðum hins lögbæra ríkis fyrir aðstoð og bótum í peningum, með tilliti til ákvæða 18. gr. eftir því sem við á, skal fá fyrir tímabilið sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 69. gr.:

a) aðstoð sem stofnun í aðildarríki þar sem hann leitar sér atvinnu lætur honum í té, fyrir hönd þar til bærrar stofnunar, samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, eins og hann væri tryggður hjá henni;

b) bætur í peningum sem þar til bærri stofnun ber að greiða samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir. Þó má stofnun í aðildarríki þar sem atvinnulaus maður leitar sér atvinnu greiða honum bætur fyrir hönd þeirrar fyrrgreindu í samræmi við löggjöf hins lögbæra ríkis, hafi náðst samkomulag um það milli stofnananna. Atvinnuleysisbætur sem heyra undir 1. mgr. 69. gr. skulu þó ekki greiddar fyrir sama tímabil og bætur í peningum eru greiddar á.

2. Einstaklingur sem er með öllu atvinnulaus en var áður launþegi og heyrir undir ákvæði ii-liðar í a-lið 1. mgr. 71. gr. eða ákvæði fyrsta málsliðar ii-liðar í b-lið 1. mgr. 71. gr. skal fá aðstoð og bætur í peningum samkvæmt ákvæðum

í löggjöf þess aðildarríkis sem hann er búsettur í eins og hann hefði heyrt undir löggjöf þess þegar hann hafði síðast atvinnu, með tilliti til ákvæða 18. gr. eftir því sem við á; skal stofnun í búsetulandinu bera kostnað vegna slíkra bóta.

3. Ef atvinnulaus einstaklingur fullnægir skilyrðum í löggjöf aðildarríkis fyrir að fá greiddar sjúkrabætur og bætur vegna meðgöngu og fæðingar í aðildarríki sem ber ábyrgð á kostnaði vegna atvinnuleysisbóta, með tilliti til ákvæða 18. gr. eftir því sem við á, skulu aðstandendur hans eiga kost á slíkri aðstoð án tillits til þess í hvaða aðildarríki þeir eru búsettir eða dvelja. Slíkar bætur skal:

i) þegar um aðstoð er að ræða, stofnun á búsetu- eða dvalarstað þeirra greiða samkvæmt ákvæðum þeirrar löggjafar sem hún starfar eftir fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í aðildarríki sem ber ábyrgð á kostnaði vegna atvinnuleysisbóta;

ii) þegar um bætur í peningum er að ræða, þar til bær stofnun í aðildarríki, sem ber ábyrgð á kostnaði vegna atvinnuleysisbóta, greiða samkvæmt ákvæðum þeirrar löggjafar sem hún starfar eftir.

4. Þar til bærri stofnun er heimilt innan ramma eigin löggjafar að lengja bótatímabilið sem kveðið er á um í 1. mgr. þegar óviðráðanlegar aðstæður eru fyrir hendi, án þess þó að það hafi áhrif á þau lagaákvæði aðildarríkis sem heimila greiðslu sjúkrabóta á lengra tímabili.

25. gr. a (14)

Iðgjöld sem einstaklingi sem er atvinnulaus með öllu ber að greiða

Stofnuninni, sem veitir aðstoð og annast greiðslu bóta í peningum til atvinnulausu einstaklinganna sem um getur í 2. mgr. 25. gr., og er í aðildarríki þar sem lög gera ráð fyrir innheimtu iðgjalda, sem atvinnulausum einstaklingum ber að greiða til að eiga rétt á bótum vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar, er heimilt að innheimta þessi iðgjöld í samræmi við ákvæði þeirrar löggjafar sem hún starfar eftir.

4. ÞÁTTUR

Krefjendur um lífeyri og aðstandendur þeirra

26. gr.

Réttur til aðstoðar þegar þar til bær stofnun ber ekki lengur ábyrgð á bótagreiðslum til einstaklings

1. Falli niður réttur launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings, aðstandenda hans eða eftirlifenda til aðstoðar, samkvæmt löggjöf aðildarríkisins sem síðast átti í hlut, á meðan bótaumsókn þess er í hlut á er til athugunar, skal hann og/eða þeir engu að síður fá aðstoð með eftirfarandi skilyrðum: þeim skal vera látin í té aðstoð samkvæmt ákvæðum í löggjöf þess aðildarríkis sem hlutaðeigandi er búsettur í, að því tilskildu að þeir eigi rétt til slíkra bóta samkvæmt löggjöf þess eða ættu rétt til þeirra samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis væru þeir búsettir þar, með tilliti til ákvæða 18. gr. eftir því sem við á.

2. Krefjandi um lífeyri, sem á rétt á aðstoð samkvæmt löggjöf aðildarríkis þar sem viðkomandi einstaklingi ber sjálfum að greiða sjúkratryggingaiðgjöld á meðan krafa hans um lífeyri er til athugunar, missir þennan rétt til aðstoðar hafi hann ekki staðið skil á iðgjaldagreiðslum í tvo mánuði samfleytt.

3. Stofnun sem innheimtir iðgjöld samkvæmt ákvæðum 2. mgr. ber að greiða kostnað við aðstoð sem veitt er samkvæmt ákvæðum 1. mgr.; þegar slíkra iðgjaldagreiðslna er ekki krafist samkvæmt ákvæðum 2. mgr. skal sú stofnun sem ber ábyrgð á kostnaðinum vegna aðstoðarinnar endurgreiða hlutaðeigandi stofnun í búsetulandinu bótakostnaðinn eftir að hafa úrskurðað um lífeyri samkvæmt ákvæðum 28. gr.

5. ÞÁTTUR

Lífeyrisþegar og aðstandendur þeirra

27. gr.

Lífeyrir sem skylt er að greiða samkvæmt löggjöf nokkurra ríkja þegar fyrir hendi er réttur á aðstoð í búsetulandinu

Lífeyrisþegi sem á rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja, að meðtalinni löggjöf þess aðildarríkis sem hann er búsettur í, þar sem hann á rétt á bótum samkvæmt löggjöf þess ríkis, með tilliti til ákvæða 18. gr. og VI. viðauka eftir því sem við á, skal, ásamt aðstandendum, fá bætur frá stofnun á búsetustaðnum og á kostnað hennar eins og sá sem í hlut á væri lífeyrisþegi sem ætti eingöngu rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf þess ríkis.

28. gr.

Lífeyrir sem skylt er að greiða samkvæmt löggjöf eins eða fleiri ríkja þegar ekki er fyrir hendi réttur á aðstoð í búsetulandinu

1. Lífeyrisþegi sem á rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis eða rétt á bótum samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja en á ekki rétt á bótum samkvæmt löggjöf

aðildarríkisins sem hann er búsettur í skal þó fá slíkar bætur sér og aðstandendum sínum til handa ef hann ætti, með tilliti til ákvæða 18. gr. og VI. viðauka eftir því sem við á, að öðrum kosti rétt á þeim samkvæmt löggjöf eins eða að minnsta kosti eins lögbærs aðildarríkis, sem bæri ábyrgð á lífeyri væri hann búsettur þar. Eftirfarandi reglur skulu gilda um úthlutun bóta:

a) stofnun á dvalarstaðnum skal veita aðstoð fyrir hönd stofnunarinnar sem getið er í 2. mgr. eins og hlutaðeigandi væri lífeyrisþegi sem heyrði undir löggjöf þess ríkis sem hann er búsettur í og ætti rétt á aðstoð þar;

b) þar til bær stofnun skal greiða bætur í peningum, eftir því sem við á, eins og kveðið er á um í þeim reglum sem settar eru fram í 2. mgr., samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir. Þó getur stofnun í búsetulandinu tekið að sér að greiða slíkar bætur fyrir hönd þeirrar fyrrgreindu samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis, hafi samkomulag náðst milli þessara stofnana um það.

2. Í tilvikum sem falla undir ákvæði 1. mgr. skal ákveðið hvaða stofnun skuli bera kostnað vegna aðstoðar samkvæmt eftirfarandi reglum:

a) þar sem lífeyrisþegi á rétt á téðri aðstoð einungis samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis skal þar til bær stofnun í því ríki bera kostnaðinn;

b) þar sem lífeyrisþegi á rétt á téðri aðstoð samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja skal þar til bær stofnun í aðildarríkinu þar sem hlutaðeigandi hefur dvalið lengst standa straum af kostnaði vegna hennar; leiði þetta til þess að fleiri stofnanir teljist bera ábyrgð á kostnaðinum skal sú stofnun sem starfar eftir þeirri löggjöf sem lífeyrisþegi heyrði síðast undir bera kostnaðinn.

28. gr. a

Lífeyrir sem skylt er að greiða samkvæmt löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja annarra en búsetulands þegar réttur á bótum er fyrir hendi þar

Þegar lífeyrisþegi sem á rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis eða rétt á bótum samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja býr á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem réttur til aðstoðar er ekki háður ráðningar- eða tryggingaskilmálum né er, samkvæmt löggjöf þess ríkis, skylt að greiða lífeyri, skal stofnun í einu aðildarríkjanna sem er bært til að greiða lífeyri samkvæmt reglunum sem settar eru í 2. mgr. 28. gr. standa straum af kostnaði vegna bóta sem lífeyrisþeganum eða aðstandendum hans eru veittar að því marki sem lífeyrisþeginn og aðstandendur hans hefðu átt kost á slíkum bótum samkvæmt þeirri löggjöf sem téð stofnun starfar eftir ef þeir hefðu búið á yfirráðasvæði þess aðildarríkis þar sem stofnunin er.

29. gr.

Búseta aðstandenda í öðru ríki en búseturíki lífeyrisþegans — Búferlaflutningar til búseturíkis lífeyrisþegans

1. Aðstandendur lífeyrisþega, sem eiga rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis eða rétt á bótum samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja og sem búsettir eru í aðildarríki öðru en búseturíki lífeyrisþegans, skulu, í þeim tilvikum þar sem lífeyrisþeginn á rétt á aðstoð samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis, fá bætur eins og hann væri búsettur á sama stað og þeir. Eftirfarandi reglur skulu gilda um úthlutun bóta:

a) stofnun á dvalarstað aðstandenda skal veita aðstoð samkvæmt ákvæðum þeirrar löggjafar sem hún starfar eftir en stofnun á búsetustað lífeyrisþega skal bera kostnaðinn;

b) þar til bær stofnun, sem ákveðin er í samræmi við ákvæði 27. gr. eða 2. mgr. 28. gr., skal greiða bætur í peningum, eftir því sem við á, og samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir. Þó getur stofnun á búsetustaðnum tekið að sér að greiða slíkar bætur fyrir hönd þeirrar fyrrgreindu samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis, hafi samkomulag náðst milli þessara stofnana um það.

2. Aðstandendur sem um getur í 1. mgr. og flytja til þess aðildarríkis þar sem lífeyrisþeginn er búsettur skulu fá:

a) aðstoð samkvæmt löggjöf þess ríkis, jafnvel þótt þeir hafi fengið bætur vegna sömu veikinda eða meðgöngu og fæðingar áður en þeir fluttust búferlum;

b) bætur í peningum, eftir því sem við á, hjá þar til bærri stofnun sem ákveðin er í samræmi við ákvæði 27. gr. eða 2. mgr. 28. gr. og samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir. Þó getur stofnun í búsetulandinu tekið að

sér að greiða slíkar bætur fyrir hönd þeirrar fyrrgreindu samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis, hafi samkomulag um það náðst milli þessara stofnana.

30. gr.

Veruleg aðstoð

Ákvæði 24. gr. skulu gilda á hliðstæðan hátt gagnvart lífeyrisþegum.

31. gr.

Dvöl lífeyrisþega og/eða aðstandenda hans í öðru ríki en búseturíki þeirra

Lífeyrisþegi, sem á rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis eða rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja og á rétt á bótum samkvæmt löggjöf eins þeirra, skal, ásamt aðstandendum sem dvelja á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en búseturíkis þeirra, fá:

a) aðstoð hjá stofnun í dvalarlandi samkvæmt ákvæðum þeirrar löggjafar sem hún starfar eftir en stofnun á búsetustað lífeyrisþega skal standa straum af kostnaðinum;

b) bætur í peningum, eftir því sem við á, hjá þar til bærri stofnun sem ákvæðin er í samræmi við ákvæði 27. gr. eða 2. mgr. 28. gr. og samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir. Þó getur stofnun á dvalarstaðnum tekið að sér að greiða slíkar bætur fyrir hönd þeirrar fyrrgreindu samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis, hafi samkomulag náðst um það milli þessara stofnana.

32. gr. (15)

.....

33. gr. (7)

Iðgjöld sem lífeyrisþegum ber að greiða

1. Stofnun í aðildarríki, sem ber ábyrgð á lífeyrisgreiðslum og þar sem löggjöfin gerir ráð fyrir frádrætti frá lífeyrisgreiðslum vegna iðgjalda sem greidd hafa verið vegna veikinda og vegna meðgöngu og fæðingar, er heimilt að draga slíkar fjárhæðir, reiknaðar samkvæmt hlutaðeigandi löggjöf, frá bótum sem henni ber að greiða, að því marki sem kostnaður vegna aðstoðar samkvæmt ákvæðum 27., 28., 28.a, 29., 31. og 32. gr. greiðist af stofnun í því aðildarríki.

2. Ef réttur til að öðlast sjúkra- og meðgöngu- og fæðingarbætur er háður greiðslu iðgjalda eða sambærilegra gjalda í þeim tilvikum sem um getur í 28. gr. a samkvæmt löggjöf búseturíkis viðkomandi lífeyrisþega, skal ekki greiða iðgjöld á grundvelli slíkrar búsetu.

34. gr.

Almenn ákvæði

1. Með tilliti til ákvæða 28., 28.a, 29. og 31. gr. gildir það sama um lífeyrisþega sem fær greiddan í það minnsta tvenns konar lífeyri samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis og um lífeyrisþega sem á rétt á bótum í samræmi við löggjöf eins aðildarríkis, í skilningi þessara ákvæða.

2. Ákvæði 27. – 31. gr. gilda ekki um lífeyrisþega eða aðstandendur hans sem hafa áunnið sér rétt til aðstoðar samkvæmt löggjöf aðildarríkis með því að stunda atvinnustarfsemi. Í slíkum tilvikum gildir það sama um hlutaðeigandi einstakling, að því er varðar framkvæmd þessa kafla, og um launþega eða sjálfstætt starfandi einstakling eða aðstandendur þeirra.

6. ÞÁTTUR

Ýmis ákvæði

35. gr.

Hvaða bótakerfi skal nota þegar um fleiri kerfi er að ræða í búsetu- eða dvalarlandi — Fyrri veikindi — Hámarkslengd bótatímabils

1. Með fyrirvara um 2. mgr., hafi löggjöf í dvalar- eða búsetulandinu að geyma nokkur kerfi trygginga vegna veikinda eða meðgöngu og fæðingar, skulu bætur sem kveðið er á um samkvæmt ákvæðum 19., 21. (1. mgr.), 22., 25., 26., 28. (1. mgr.), 29. (1. mgr.) eða 31. gr. fara eftir sérstöku bótakerfi verkafólks í stáliðnaði. Geri þessi löggjöf aftur á móti ráð fyrir sérstökum bótakerfum fyrir menn í námuvinnu og sambærilegum störfum skulu ákvæði slíkra kerfa gilda gagnvart þessum hópi launþega og aðstandendum þeirra, að því tilskildu að stofnun á búsetu- eða dvalarstað þeirra fái umsókn um það og sé til þess bær að annast slíkt bótakerfi.

2. Í þeim tilvikum þar sem löggjöfin í dvalar- eða búsetulandinu gerir ráð fyrir sérstökum bótakerfum af einni eða fleiri gerðum, sem ná til allra eða flestra starfshópa sjálfstætt starfandi einstaklinga en kveður á um aðstoð sem

er ekki eins hagstæð og sú sem launþegar eiga kost á, skulu hlutaðeigandi einstaklingar, og aðstandendur þeirra samkvæmt 19. (a-liður 1. mgr. og 2. mgr.), 22. (i-liður 1. mgr. og 3. mgr.), 28. (a-liður 1. mgr.) og 31. gr. (a-liður), heyra undir þær tryggingar eða tryggingaflokka sem kveðið er á um í framkvæmdarreglugerðinni sem getið er í 98. gr.:

a) þegar hlutaðeigandi einstaklingur heyrir í hinu lögbæra ríki undir sérstakt bótakerfi sjálfstætt starfandi einstaklinga sem jafnframt veitir aðstoð sem er óhagstæðari en sú sem launþegar eiga kost á, eða

b) þegar einstaklingur sem fær eina eða fleiri tegundir lífeyris samkvæmt löggjöf um lífeyri í hinu lögbæra ríki eða öðrum aðildarríkjum á einungis rétt á aðstoð samkvæmt sérstöku bótakerfi sjálfstætt starfandi einstaklinga sem jafnframt veitir aðstoð sem er óhagstæðari en sú sem launþegar eiga kost á.

3. Ef löggjöf aðildarríkis bindur rétt til bóta skilyrði um orsök veikindanna skal það skilyrði hvorki gilda gagnvart launþegum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum né aðstandendum þeirra sem heyra undir þessa reglugerð, án tillits til þess í hvaða aðildarríki þeir eru búsettir.

4. Í aðildarríki þar sem löggjöfin kveður á um hámarkslengd bótatímabils er stofnun sem starfar samkvæmt þeirri löggjöf heimilt, eftir því sem við á, að taka til greina þau tímabil sem stofnun í öðru aðildarríki greiddi bætur á vegna sömu veikinda eða sömu meðgöngu og fæðingar.

7. ÞÁTTUR

Endurgreiðslur milli stofnana

36. gr. (15)

1. Aðstoð sem stofnun í einu aðildarríki veitir samkvæmt ákvæðum þessa kafla fyrir hönd stofnunar í öðru aðildarríki skal endurgreidd að fullu.

2. Endurgreiðslurnar sem um getur í 1. mgr. skulu ákvarðaðar og greiddar í samræmi við málsmeðferðina sem tilgreind er í framkvæmdarreglugerðinni sem um getur í 98. gr., annaðhvort í samræmi við gögn um raunverulegan kostnað eða með eingreiðslum.

Í síðargreinda tilvikinu skulu fjárhæðir eingreiðslna fara eins nálægt raunverulegum kostnaði og unnt er.

3. Tveimur eða fleiri aðildarríkjum eða lögbærum yfirvöldum þeirra er heimilt að semja sín í milli um annað fyrirkomulag á endurgreiðslum eða fella þær niður milli stofnana sem undir þau heyra.

2. KAFLI (11)

ÖRORKA

1. ÞÁTTUR

Launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar sem heyra eingöngu undir löggjöf þar sem fjárhæð örorkubóta er óháð lengd tryggingatímabila

37. gr. (11)

Almenn ákvæði

1. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem hefur samfellt eða sitt á hvað heyrt undir löggjöf tveggja aðildarríkja eða fleiri, og sem einungis hefur fullnægt skilyrðum um tryggingatímabil samkvæmt löggjöf sem mælir fyrir um að fjárhæð örorkubóta sé óháð lengd tryggingatímabila, skal fá bætur samkvæmt 39. gr. Þessi grein hefur engin áhrif á lífeyrishækkanir eða viðbótargreiðslur vegna barna sem eru veittar samkvæmt ákvæðum 8. kafla.

2. Í A-hluta í IV. viðauka er að finna skrá yfir löggjöf sem nefnd er í 1. mgr. og er í gildi í hverju aðildarríkjanna.

38. gr. (11)

Mat á trygginga- eða búsetutímabilum sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur lokið til að öðlast, viðhalda eða endurheimta bótarétt samkvæmt löggjöf sem hann hefur heyrt undir

1. Þegar löggjöf aðildarríkis setur það skilyrði fyrir rétti einstaklings til að öðlast, viðhalda eða endurheimta bætur eftir bótakerfi, sem er ekki sérstakt bótakerfi í skilningi 2. eða 3. mgr., að trygginga- eða búsetutímabilum sé lokið, skal þar til bær stofnun þess aðildarríkis taka til greina, að því marki sem nauðsynlegt er, trygginga- eða búsetutímabil sem lokið er samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, hvort heldur sem það er gert eftir almennu kerfi eða sérstöku bótakerfi og hvort heldur um er að ræða launþega eða sjálfstætt starfandi einstakling. Með það í huga skal hún taka tillit til þessara tímabila eins og þeim hefði verið lokið samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir.

2. Þegar löggjöf aðildarríkis setur það skilyrði fyrir veitingu tiltekinna bóta að tryggingatímabilum sé eingöngu lokið í starfsgrein þar sem launþegar heyra undir sérstakt bóta-

kerfi eða, eftir því sem við á, í tilteknu starfi, skal taka til greina þau tímabil sem er að fullu lokið samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja þegar bætur eru ákvarðaðar en þó aðeins hafi þeim verið lokið samkvæmt sambærilegu kerfi, eða að öðrum kosti í sömu starfsgrein eða, eftir því sem við á, í sama starfi.

Fullnægi hlutaðeigandi einstaklingur ekki þeim skilyrðum sem sett eru fyrir greiðslu þessara bóta, þó að tillit sé tekið til lokinna tímabila, skulu þessi tímabil talin með þegar bætur eru ákvarðaðar samkvæmt almenna kerfinu eða að öðrum kosti samkvæmt því kerfi sem gildir um verka- og skrifstofufólk, eftir því sem við á, að því tilskildu að hlutaðeigandi einstaklingur hafi heyrt undir annað hvort þessara kerfa.

3. Þegar löggjöf aðildarríkis setur það skilyrði fyrir veitingu tiltekinna bóta að tryggingatímabilum sé eingöngu lokið í starfsgrein sem heyrir undir sérstakt bótakerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga, skal taka til greina þau tímabil sem er að fullu lokið samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja þegar bætur eru ákvarðaðar en þó aðeins hafi þeim verið lokið samkvæmt sambærilegu kerfi, eða að öðrum kosti í sömu starfsgrein. Í B-hluta IV. viðauka eru tilgreind fyrir hvert hlutaðeigandi aðildarríki sérstök bótakerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga sem um getur í þessari málsgrein.

Fullnægi hlutaðeigandi einstaklingur ekki þeim skilyrðum sem sett eru fyrir greiðslu þessara bóta, þó að tillit sé tekið til lokinna tímabila, skulu þessi tímabil talin með þegar bætur eru ákvarðaðar samkvæmt almenna kerfinu eða að öðrum kosti samkvæmt því kerfi sem gildir um verka- og skrifstofufólk, eftir því sem við á, að því tilskildu að hlutaðeigandi einstaklingur hafi heyrt undir annað hvort þessara kerfa.

39. gr. (11) (14)

Úthlutun bóta

1. Verði einstaklingur óvinnufær og síðan öryrki skal stofnun í lögbæra aðildarríkinu þar sem gild löggjöf er fyrir hendi ákvarða hvort hann fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir bótarétti samkvæmt löggjöfinni og með tilliti til, eftir því sem við á, ákvæða 38. gr.

2. Einstaklingur sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. skal eingöngu fá bætur frá téðri stofnun, samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir.

3. Einstaklingur sem á ekki rétt á bótum samkvæmt 1. mgr. skal fá þær bætur sem hann á enn rétt á samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis með tilliti til, eftir því sem við á, ákvæða 38. gr.

4. Geri löggjöfin sem um getur í 2. eða 3. mgr. ráð fyrir því að fjárhæð bóta skuli ákvörðuð með tilliti til aðstandenda annarra en barna, skal þar til bær stofnun einnig taka tillit til aðstandenda hlutaðeigandi einstaklings sem eru búsettir á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, á sama hátt og væru þeir búsettir í hinu lögbæra ríki.

5. Geri löggjöfin sem um getur í 2. eða 3. mgr. ráð fyrir lækkun, tímabundinni niðurfellingu eða afturköllun bóta, þegar um skörun við aðrar tekjur eða bætur annarrar tegundar í skilningi 2. mgr. 46. gr. a er að ræða, gilda ákvæði 3. mgr. 46. gr. a og 5. mgr. 46. gr. c að breyttu breytanda.

6. Launþegi sem er með öllu atvinnulaus og heyrir undir ii-lið í a-lið 1. mgr. 71. gr. eða fyrsta málslið ii-liðar í b-lið 1. mgr. 71. gr. skal fá þær örorkubætur sem þar til bær stofnun í búseturíkinu veitir, samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, eins og hann hefði heyrt undir þá löggjöf þegar hann gegndi síðast starfi, að teknu tilliti til, eftir því sem við á, ákvæða 38. gr. og/eða 2. mgr. 25. gr.. Stofnun í búsetulandi skal bera kostnað vegna greiðslu þessara bóta.

Ef sú stofnun beitir löggjöf sem gerir ráð fyrir innheimtu iðgjalda frá atvinnulausum til að eiga rétt á örorkubótum er henni heimilt að innheimta þessi iðgjöld í samræmi við ákvæði þeirrar löggjafar sem hún starfar eftir.

Geri löggjöfin, sem sú stofnun starfar eftir, ráð fyrir því að útreikningur bóta byggist á kaupi eða launum skal stofnunin taka tilliti til kaups eða launa sem hafa fengist í landinu þar sem síðast var starfað og í búsetulandinu í samræmi við löggjöfina sem stofnunin starfar eftir. Hafi viðkomandi ekki fengið laun eða kaup í búsetulandinu skal þar til bær stofnun leggja til grundvallar, að því marki sem nauðsynlegt er og í samræmi við reglur í löggjöf hennar, laun sem hafa fengist í landinu þar sem síðast var starfað.

2. ÞÁTTUR

Launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar sem heyra annaðhvort eingöngu undir löggjöf sem gerir ráð fyrir því að fjárhæð örorkubóta fari eftir lengd trygginga- eða búsetutímabila eða sem heyra bæði undir slíka löggjöf og þá sem getið er um í 1. þætti

40. gr. (11)

Almenn ákvæði

1. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem hefur samfellt eða sitt á hvað heyrt undir löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja, og minnst ein þeirra er annars eðlis en sú sem um getur í 1. mgr. 37. gr, skal fá bætur samkvæmt

ákvæðum 3. kafla, sem skal gilda að breyttu breytanda með hliðsjón af ákvæðum 4. mgr.

2. Þó skal launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem orðið hefur óvinnufær og síðan öryrki á meðan hann heyrði undir löggjöf þá sem tilgreind er í A-hluta IV. viðauka, fá bætur samkvæmt 1. mgr. 37. gr. með eftirfarandi skilyrðum:

— að hann fullnægi skilyrðum löggjafarinnar, eða annarrar samsvarandi, með tilliti til, eftir því sem við á, ákvæða 38. gr. en án þess að með séu talin tryggingatímabil sem lokið er samkvæmt löggjöf sem ekki er tilgreind í A-hluta IV. viðauka, og

— að hann fullnægi ekki settum skilyrðum til bótaréttar vegna örorku samkvæmt löggjöf sem ekki er tilgreind í A-hluta IV. viðauka, og

— að hann geri ekki kröfu um bætur vegna elli, að teknu tilliti til annars málsliðar 2. mgr. 44. gr.

3. a) Við ákvörðun á rétti til bóta samkvæmt þeirri löggjöf aðildarríkis sem fram kemur í A-hluta IV. viðauka, þar sem veiting örorkubóta er háð því skilyrði að hlutaðeigandi einstaklingur hafi fengið greiddar sjúkrabætur í peningum eða verið óvinnufær á tilteknu tímabili, skal taka til greina, þegar launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem hefur heyrt undir þessa löggjöf er óvinnufær og síðan öryrki í kjölfar þess á meðan hann heyrði undir löggjöf annars aðildarríkis, þó með fyrirvara um 1. mgr. 37. gr.:

i) hvert það tímabil sem viðkomandi hefur, samkvæmt löggjöf síðarnefnda aðildarríkisins, fengið sjúkrabætur í peningum fyrir, vegna téðrar óvinnufærni, eða þess í stað, haldið launum sínum eða kaupi;

ii) hvert það tímabil sem viðkomandi hefur, vegna örorkunnar sem kom í kjölfar óvinnufærni, fengið bætur í skilningi 2. og 3. kafla III. bálks reglugerðarinnar sem hafa verið veittar vegna örorku samkvæmt löggjöf síðarnefnda aðildarríkisins;

eins og um væri að ræða tímabil sem hann hefði fengið greiddar sjúkrabætur í peningum fyrir samkvæmt löggjöf fyrrgreinda aðildarríkisins eða verið ófær um að stunda vinnu í skilningi þeirrar löggjafar.

b) Rétt til örorkubóta samkvæmt löggjöf fyrrgreinda aðildarríkisins öðlast menn annaðhvort þegar undanfarandi sjúkrabótatímabil, eins og það er skilgreint í þeirri löggjöf, er runnið út eða þegar undanfarandi tímabil óvinnufærni, eins og það er skilgreint í þeirri löggjöf, er runnið út, þó í fyrsta lagi:

i) þann dag sem réttur til þeirra örorkubóta sem um getur í ii-lið a-liðar er fenginn samkvæmt löggjöf síðarnefnda aðildarríkisins; eða

ii) daginn eftir síðasta daginn sem viðkomandi einstaklingur á rétt á að fá sjúkrabætur í peningum greiddar samkvæmt löggjöf síðarnefnda aðildarríkisins.

4. Ákvörðun sem stofnun aðildarríkis tekur um örorkustig umsækjanda er bindandi fyrir þar til bærar stofnanir annarra viðkomandi aðildarríkja, að því tilskildu að samræmi í löggjöf ríkjanna um skilyrði varðandi örorkustig sé viðurkennt í V. viðauka.

3. ÞÁTTUR

Aukning örorku

41. gr. (11)

1. Eftirfarandi ákvæði skulu gilda þegar örorka ágerist hjá launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklingi sem nýtur bóta samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis:

a) hafi viðkomandi ekki heyrt undir löggjöf annars aðildarríkis frá því að bótagreiðslur hófust, skal þar til bær stofnun í fyrra ríkinu veita bætur þar sem tillit er tekið til aukinnar örorku samkvæmt ákvæðum þeirrar löggjafar sem hún starfar eftir;

b) hafi viðkomandi heyrt undir löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja frá því að bótagreiðslur hófust, verða honum veittar bætur þar sem tillit er tekið til aukinnar örorku samkvæmt 1. mgr. 37. gr. eða 1. eða 2. mgr. 40. gr., eftir því sem við á;

c) ef heildarfjárhæð bóta eða bótanna sem greiddar eru samkvæmt b-lið er lægri en fjárhæð bóta sem viðkomandi fékk hjá stofnun þeirri sem bar áður ábyrgð á bóta-

greiðslum, er stofnunin skuldbundin til að greiða honum viðbótarfjárhæð sem nemur mismuninum á þessum tveimur fjárhæðum;

d) ef hollensk stofnun bar ábyrgð á upphaflegri óvinnufærni samkvæmt málsatvikum í b-lið, og:

i) veikindin sem leiddu til aukinnar örorku voru einnig ástæða upprunalegra bótagreiðslna samkvæmt hollenskri löggjöf,

ii) veikindin eru skilgreind sem atvinnusjúkdómur samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem einstaklingurinn heyrði síðast undir og þau veita honum rétt til þeirrar viðbótarfjárhæðar sem um getur í b-lið 1. mgr. 60. gr., og

iii) sú löggjöf sem einstaklingurinn hefur heyrt undir frá því að bótagreiðslur hófust er tilgreind í A-hluta IV. viðauka,

ber hollensku stofnuninni að halda áfram upphaflegum bótagreiðslum eftir að örorka ágerist, og skulu bætur sem hlutaðeigandi einstaklingur á rétt á samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem hann heyrði síðast undir lækkaðar um þá fjárhæð sem hollensku bótunum nemur;

e) ef, í því tilviki sem um getur í b-lið, hlutaðeigandi einstaklingur á engan rétt til bóta frá stofnun í öðru aðildarríki, ber þar til bærri stofnun í fyrrgreinda ríkinu að veita bætur í samræmi við löggjöf þess ríkis, að teknu tilliti til aukinnar örorku og, eftir því sem við á, ákvæða 38. gr.

2. Nú ágerist örorka sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur þiggur bætur fyrir samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja og skulu honum þá veittar bætur, að teknu tilliti til aukinnar örorku, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 40. gr.

4. ÞÁTTUR

Endurupptaka bótagreiðslna eftir tímabundna niðurfellingu eða afturköllun — Örorkubótum breytt í bætur vegna elli — Endurútreikningur bóta sem eru veittar samkvæmt 39. gr.

42. gr. (11)

Ákvörðun um hvaða stofnun skuli bera ábyrgð á bótagreiðslum þegar greiðsla örorkubóta hefst að nýju

1. Þegar greiðsla örorkubóta hefst að nýju eftir tímabundna niðurfellingu verður sú eða þær stofnanir sem báru ábyrgð á bótagreiðslunum þegar þær voru stöðvaðar ábyrgar fyrir þeirri greiðslu, samanber þó ákvæði 43. gr.

2. Ef ástand einstaklings gefur ástæðu til frekari bótagreiðslna eftir að þær hafa verið felldar niður skulu þær veittar í samræmi við ákvæði 1. mgr. 37. gr. eða 1. eða 2. mgr. 40. gr., eftir því sem við á.

43. gr. (11)

Breyting örorkubóta í bætur vegna elli — Endurútreikningur bóta sem eru veittar samkvæmt 39. gr.

1. Örorkubótum skal breytt í bætur vegna elli, eftir því sem við á, í samræmi við skilyrði þeirrar löggjafar sem gilti þegar bæturnar voru veittar og í samræmi við ákvæði 3. kafla.

2. Sérhver stofnun sem ber ábyrgð á greiðslu örorkubóta samkvæmt löggjöf aðildarríkis skal áfram greiða einstaklingi, sem fær örorkubætur og getur gert kröfu um bætur vegna elli samkvæmt löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja í samræmi við 49. gr., örorkubætur sem hann á rétt á samkvæmt þeirri löggjöf sem stofnunin starfar eftir þar til ákvæði 1. mgr. taka gildi að því er þessa stofnun varðar eða jafnlengi og hlutaðeigandi einstaklingur uppfyllir skilyrði til slíkra bóta.

3. Hafi örorkubótum sem eru greiddar samkvæmt ákvæðum 39. gr. eftir löggjöf aðildarríkis verið breytt í bætur vegna elli, og hlutaðeigandi einstaklingur fullnægir ekki enn þeim skilyrðum sem eru sett í löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja um rétt til þessara bóta, skal hlutaðeigandi fá frá þessu eða þessum aðildarríkjum, talið frá þeim degi sem breytingin á sér stað, örorkubætur greiddar samkvæmt 3. kafla, eins og ákvæði þess kafla hafi gilt á þeim tíma er hann hlaut örorku sem kom í kjölfar óvinnufærni, þar til hlutaðeigandi einstaklingur fullnægir skilyrðum til bóta vegna elli sem eru sett í löggjöf þess eða þeirra aðildarríkja sem eiga hlut að máli eða, sé ekki gert ráð fyrir slíkri umbreytingu, jafnlengi og hann á rétt á örorkubótum samkvæmt viðeigandi löggjöf.

4. Örorkubæturnar sem kveðið er á um í 39. gr. skal endurútreikna samkvæmt ákvæðum 3. kafla þegar bótaþegi fullnægir settum skilyrðum um bætur vegna örorku í löggjöf sem er ekki tilgreind í A-hluta IV. viðauka eða jafnskjótt og hann fær bætur vegna elli samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis.

3. KAFLI (11)

ELLI OG ANDLÁT (LÍFEYRIR)

44. gr. (11)

Almenn ákvæði um greiðslu bóta þegar launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur heyrt undir löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja

1. Hafi launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrt undir löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja skal ákvarða bótarétt hans, eða eftirlifenda hans, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

2. Þegar bótakrafa er lögð fram af hlutaðeigandi einstaklingi skal við ákvörðun um afgreiðslu hennar hafa hliðsjón af allri löggjöf sem um launþegann eða hinn sjálfstætt starfandi einstakling hefur gilt, samanber þó ákvæði 49. gr. Frá þessari reglu skal vikið ef hlutaðeigandi óskar þess sérstaklega að greiðslu bóta vegna elli, sem hann á rétt á samkvæmt löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja, verði frestað.

3. Þessi kafli gildir hvorki um hækkanir né viðbótargreiðslur á lífeyri vegna barna né um lífeyri vegna munaðarlausra barna greiddan samkvæmt ákvæðum 8. kafla.

45. gr. (11) (14)

Mat á trygginga- eða búsetutímabilum sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur lokið til að öðlast, viðhalda eða endurheimta bótarétt samkvæmt löggjöf sem hann hefur heyrt undir

1. Þegar löggjöf aðildarríkis setur það skilyrði fyrir rétti einstaklings til að öðlast, viðhalda eða endurheimta bætur eftir kerfi, sem er ekki sérstakt bótakerfi í skilningi 2. eða 3. mgr., að trygginga- eða búsetutímabilum sé lokið, skal þar til bær stofnun þess aðildarríkis taka til greina, að því marki sem nauðsynlegt er, trygginga- eða búsetutímabil sem lokið er samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, hvort heldur sem það er gert eftir almennu kerfi eða sérstöku bótakerfi og hvort heldur um er að ræða launþega eða sjálfstætt starfandi einstakling. Með það í huga skal hún taka tillit til þessara tímabila eins og þeim hefði verið lokið samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir.

2. Þegar löggjöf aðildarríkis setur það skilyrði fyrir veitingu tiltekinna bóta að tryggingatímabilum sé eingöngu lokið í starfsgrein þar sem launþegar heyra undir sérstakt bótakerfi eða, eftir því sem við á, í tilteknu starfi, skal taka til greina þau tímabil sem er lokið samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja þegar bætur eru veittar en þó aðeins hafi þeim verið lokið samkvæmt sambærilegu kerfi, eða að öðrum kosti í sömu starfsgrein eða, eftir því sem við á, í sama starfi. Fullnægi hlutaðeigandi einstaklingur ekki þeim skilyrðum sem sett eru fyrir greiðslu þessara bóta, þó að tillit sé tekið til lokinna tímabila, skulu þessi tímabil talin með þegar bætur eru veittar samkvæmt almenna kerfinu eða að öðrum kosti samkvæmt því kerfi sem gildir um verka- og skrifstofufólk, eftir því sem við á, að því tilskildu að hlutaðeigandi einstaklingur hafi heyrt undir annað hvort þessara kerfa.

3. Þegar löggjöf aðildarríkis setur það skilyrði fyrir veitingu tiltekinna bóta að tryggingatímabilum sé eingöngu lokið í starfsgrein sem heyrir undir sérstakt bótakerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga, skal taka til greina þau tryggingatímabil sem er lokið samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja þegar bætur eru veittar en þó aðeins hafi þeim verið lokið samkvæmt sambærilegu kerfi, eða að öðrum kosti í sömu starfsgrein. Í B-hluta IV. viðauka eru tilgreind fyrir hvert hlutaðeigandi aðildarríki sérstök bótakerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga sem um getur í þessari málsgrein. Fullnægi hlutaðeigandi einstaklingur ekki þeim skilyrðum sem sett eru fyrir greiðslu þessara bóta, þó að tillit sé tekið til tímabilanna sem um getur í þessari málsgrein, skulu þessi tímabil talin með þegar bætur eru veittar samkvæmt almenna kerfinu eða að öðrum kosti samkvæmt því kerfi sem gildir um verka- og skrifstofufólk, eftir því sem við á, að því tilskildu að hlutaðeigandi einstaklingur hafi heyrt undir annað hvort þessara kerfa.

4. Taka skal tillit til tryggingatímabila sem lokið er eftir sérstöku bótakerfi aðildarríkis þegar reiknað er eftir almenna kerfinu eða að öðrum kosti samkvæmt því kerfi sem gildir um verka- og skrifstofufólk, eftir því sem við á, í öðru aðildarríki til að öðlast, viðhalda eða endurheimta rétt til bóta, að því tilskildu að hlutaðeigandi einstaklingur hafi heyrt undir eitthvert þessara kerfa, jafnvel þó að þegar hafi verið tekið tillit til þessara tímabila í síðargreinda aðildarríkinu eftir kerfi sem um getur í 2. mgr. eða í fyrsta málslið 3. mgr.

5. Þegar löggjöf aðildarríkis setur það skilyrði fyrir rétti einstaklings til að öðlast, viðhalda eða endurheimta bætur að hlutaðeigandi einstaklingur sé tryggður á þeim tíma er áhættan kemur fram skal litið svo á að því skilyrði hafi verið fullnægt, enda sé viðkomandi tryggður samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, í samræmi við reglur sem eru settar fyrir hvert aðildarríki í VI. viðauka.

6. Þar til bær stofnun á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem launþegi, sem heyrir undir ii-lið a-liðar í 1. mgr. 71. gr. eða fyrsta málslið ii-liðar í b-lið 1. mgr. 71. gr., er búsettur skal taka tillit til tímabils þegar hann er með öllu atvinnulaus

samkvæmt þeirri löggjöf sem stofnunin starfar eftir, eins og hann hefði heyrt undir þá löggjöf þegar hann gegndi síðast starfi.

Ef sú stofnun beitir löggjöf sem gerir ráð fyrir innheimtu iðgjalda frá atvinnulausum til að eiga rétt á elli- og andlátslífeyri er henni heimilt að innheimta þessi iðgjöld í samræmi við ákvæði þeirrar löggjafar sem hún starfar eftir.

Ef einungis er hægt að taka tillit til tímabils þegar hlutaðeigandi einstaklingur er með öllu atvinnulaus í búsetulandinu að því tilskildu að iðgjaldatímabilum hafi verið lokið í því landi skal litið svo á að þessu skilyrði hafi verið fullnægt ef iðgjaldatímabilum er lokið í öðru aðildarríki.

46. gr. (11)

Úthlutun bóta

1. Hafi skilyrðum sem eru sett í löggjöf aðildarríkis vegna bótaréttar verið fullnægt án þess að beita þurfi ákvæðum 45. gr. eða 3. mgr. 40. gr. gilda eftirfarandi reglur:

a) þar til bær stofnun reiknar fjárhæð þeirra bóta sem skulu greiddar:

   i) annars vegar eingöngu samkvæmt þeirri löggjöf sem stofnunin starfar eftir;

   ii) og hins vegar samkvæmt 2. mgr.;

b) þar til bær stofnun getur þó fallið frá útreikningunum sem eiga að fara fram samkvæmt ii-lið a-liðar sé niðurstaða þessara útreikninga, að frátöldum mismuni sem kemur fram þegar tölur eru rúnnaðar af, jafnhá eða lægri en niðurstaða útreikninganna sem fram fara samkvæmt i-lið a-liðar, að því tilskildu að stofnunin beiti ekki löggjöf sem í er að finna ákvæði gegn skörun bóta sem um getur í 46. gr. b og 46. gr. c, eða fyrrgreind stofnun beiti löggjöf sem í er að finna ákvæði gegn skörun bóta í því tilviki sem um getur í 46. gr. c, að því tilskildu að í umræddri löggjöf sé einungis kveðið á um að bætur af ólíkum toga séu metnar vegna tengsla trygginga- eða búsetutímabila, sem er lokið samkvæmt þeirri löggjöf einni saman, við trygginga- eða búsetutímabil sem er krafist samkvæmt þeirri löggjöf til að hljóta fullan rétt til bóta.

   Í C-hluta IV. viðauka eru talin upp fyrir hvert aðildarríki um sig þau tilvik þar sem báðir útreikningarnir gefa þessa niðurstöðu.

2. Verði skilyrðum sem eru sett í löggjöf aðildarríkis vegna bótaréttar einungis fullnægt með því að beita ákvæðum 45. gr. og/eða 3. mgr. 40. gr. gilda eftirfarandi reglur:

a) þar til bær stofnun skal reikna út þá viðmiðunarfjárhæð bóta sem viðkomandi gæti krafist ef öllum tryggingaog/eða búsetutímabilum, sem hefur verið lokið samkvæmt löggjöf þeirra aðildarríkja sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrði undir, hefði verið lokið í umræddu ríki og samkvæmt þeirri löggjöf er stofnunin starfar eftir á þeim degi þegar bótum er úthlutað. Ef bótafjárhæðin er samkvæmt þeirri löggjöf óháð lengd lokinna tímabila skal litið svo á að hún sé viðmiðunarfjárhæðin sem um getur í þessum staflið;

b) þar til bær stofnun skal síðan ákvarða raunverulegu bótafjárhæðina á grundvelli þeirrar viðmiðunarfjárhæðar sem um getur í undanfarandi staflið eftir hlutfallinu á milli lengdar trygginga- eða búsetutímabila, sem var lokið samkvæmt löggjöf stofnunarinnar áður en áhættan kom fram, og heildarlengdar trygginga- eða búsetutímabila sem var lokið samkvæmt löggjöf allra hlutaðeigandi aðildarríkja áður en áhættan kom fram.

3. Hlutaðeigandi einstaklingur skal eiga rétt á hæstu bótafjárhæð, sem er reiknuð samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., frá þar til bærri stofnun hvers aðildarríkis, með fyrirvara um beitingu ákvæða vegna lækkunar, tímabundinnar niðurfellingar eða afturköllunar sem kveðið er á um í þeirri löggjöf sem greiða á bæturnar eftir.

Ef svo ber til skal gerður samanburður á þeim fjárhæðum sem eru ákveðnar eftir beitingu umræddra ákvæða.

4. Ef heildarfjárhæð örorku-, elli- eða eftirlifendalífeyris, sem þar til bærum stofnunum tveggja eða fleiri aðildarríkja ber að greiða samkvæmt ákvæðum marghliða samnings um félagslegt öryggi sem um getur í b-lið 6. gr., er ekki hærri en heildarfjárhæð sú sem aðildarríkjunum bæri að greiða samkvæmt 1. til 3. mgr. skal viðkomandi njóta góðs af ákvæðum þessa kafla.

46. gr. a (11)

Almenn ákvæði um lækkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun bóta vegna örorku, elli eða til eftirlifenda samkvæmt löggjöf aðildarríkjanna

1. Að því er þennan kafla varðar merkir skörun bóta sömu tegundar: alla skörun bóta vegna örorku, elli og til eftirlifenda sem eru reiknaðar eða veittar á grundvelli trygginga- og/eða búsetutímabila sem einn og sami einstaklingur hefur lokið.

2. Að því er þennan kafla varðar merkir skörun bóta af ólíkum toga: alla skörun bóta sem ekki geta talist sömu

tegundar í skilningi 1. mgr.

3. Eftirfarandi reglur skulu gilda um beitingu ákvæða í löggjöf aðildarríkis um lækkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun þegar bætur vegna örorku, elli og til eftirlifenda skarast á við bætur sömu tegundar, bætur af ólíkum toga eða aðrar tekjur:

a) tekið skal tillit til bóta sem hafa áunnist samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, eða annarra tekna sem hefur verið aflað í öðru aðildarríki, þó einungis að kveðið sé á um það í löggjöf fyrstnefnda aðildarríkisins að tekið skuli tillit til bóta eða tekna sem er aflað erlendis;

b) tekið skal tillit til bótafjárhæðar sem greiðist af öðru aðildarríki áður en skattur, almannatryggingaiðgjöld og önnur einstaklingsbundin gjöld eða frádráttur er dreginn frá;

c) ekki skal tekið tillit til bótafjárhæðar sem réttur hefur áunnist til samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis og er veitt á grundvelli frjálsra eða frjálsra viðvarandi tryggginga;

d) gildi ákvæði um lækkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun aðeins samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis vegna þess að hlutaðeigandi einstaklingur fær bætur af svipuðum eða ólíkum toga á grundvelli löggjafar annarra aðildarríkja, eða aðrar tekjur sem hefur verið aflað á yfirráðasvæði annarra aðildarríkja, má mest skera bætur samkvæmt löggjöf fyrrnefnda aðildarríkisins niður um fjárhæð er nemur bótagreiðslunni sem grundvallast á löggjöf eða tekjum sem hefur verið aflað á yfirráðasvæði hinna aðildarríkjanna.

46. gr. b (11)

Sérákvæði um skörun bóta sömu tegundar samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja

1. Ákvæði í löggjöf aðildarríkis um lækkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun bóta gilda ekki um bætur sem eru reiknaðar út samkvæmt 2. mgr. 46. gr.

2. Ákvæði í löggjöf aðildarríkis um lækkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun bóta gilda einungis um bætur sem eru reiknaðar út samkvæmt i-lið í a-lið 1. mgr. 46. gr. sé um að ræða:

a) bætur sem um getur í D-hluta IV. viðauka og eru að fjárhæð óháðar lengd tryggginga- eða búsetutímabila sem lokið er; eða

b) bætur þar sem fjárhæð er ákveðin á grundvelli inneignartímabils sem á að hafa lokið á tímabili milli þess dags er áhættan kom fram og síðari dagsetningar. Í síðara tilvikinu gilda umrædd ákvæði þegar slíkar bætur skarast við:

i) annaðhvort bætur sömu tegundar, nema tvö eða fleiri aðildarríki hafi gert með sér samkomulag um að ekki skuli reiknað með einu og sama inneignartímabili tvisvar eða oftar;

ii) eða bætur þeirrar tegundar sem um getur í a-lið.

Bæturnar og samningarnir sem um getur í b-lið eru taldir upp í D-hluta IV. viðauka.

46. gr. c (11)

Sérákvæði um skörun einnar eða fleiri tegunda bóta sem um getur í 1. mgr. 46. gr. a við eina eða fleiri tegundir bóta af ólíkum toga eða annarra tekna, þegar tvö eða fleiri aðildarríki eiga í hlut

1. Ef móttaka bóta af ólíkum toga eða annarra tekna leiðir til lækkunar, tímabundinnar niðurfellingar eða afturköllunar á tvennum eða fleiri bótum sem um getur í i-lið a-liðar í 1. mgr. 46. gr. skal deila í fjárhæðirnar, sem ekki eru greiddar þegar ákvæðum í löggjöf hlutaðeigandi aðildarríkja um lækkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun bóta er beitt af ítrustu nákvæmni, með fjölda bóta sem lækkun, tímabundin niðurfelling eða afturköllun nær til.

2. Þegar um er að ræða bætur sem eru reiknaðar út samkvæmt 2. mgr. 46. gr. skal við beitingu ákvæða vegna lækkunar, tímabundinnar niðurfellingar eða afturköllunar tekið tillit til bóta eða bóta annarrar tegundar frá öðrum aðildarríkjum, annarra tekna og allra annarra eininga, sem kveðið er á um í löggjöf aðildarríkisins, í hlutfalli við tryggginga- og/eða búsetutímabilin sem um getur í b-lið 2. mgr. 46. gr. og skulu notuð við útreikning á umræddum bótum.

3. Ef móttaka bóta af ólíkum toga eða annarra tekna leiðir til lækkunar, tímabundinnar niðurfellingar eða afturköllunar á einum eða fleiri bótum sem um getur í i-lið a-liðar í 1. mgr. 46. gr. og einum eða fleiri bótum sem um getur í 2. mgr. 46. gr. gilda eftirfarandi reglur:

a) þegar um er að ræða einar eða fleiri bætur sem um getur í i-lið a-liðar í 1. mgr. 46. gr. skal deila í fjárhæðirnar, sem ekki eru greiddar þegar ákvæðum í löggjöf hlutað-

eigandi aðildarríkja um lækkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun bóta er beitt af ítrustu nákvæmni, með fjölda bóta sem lækkun, tímabundin niðurfelling eða afturköllun nær til;

b) þegar um er að ræða einar eða fleiri bætur sem eru reiknaðar út í samræmi við 2. mgr. 46. gr. skal lækkun, tímabundin niðurfelling eða afturköllun fara fram samkvæmt 2. mgr.

4. Þegar löggjöf aðildarríkis gerir ráð fyrir, í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. og a-lið 3. mgr., að við beitingu ákvæða um lækkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun skuli tekið tillit til bóta af ólíkum toga og/eða annarra tekna og allra annarra eininga í hlutfalli við tryggingatímabilin sem um getur í b-lið 2. mgr. 46. gr. skal deilingin sem kveðið er á um í umræddum málsgreinum ekki gilda að því er þetta aðildarríki varðar.

5. Öll framangreind ákvæði gilda að breyttu breytanda þegar í löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja er gert ráð fyrir að ekki sé hægt að ávinna sér rétt til bóta þegar hlutaðeigandi einstaklingur fær bætur af ólíkum toga, sem ber að greiða samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, eða aðrar tekjur.

47. gr. (11)

Viðbótarákvæði um útreikning bóta

1. Eftirfarandi reglum skal beitt við útreikning viðmiðunarfjárhæðar og hlutfallsfjárhæðar (*pro rata*) þeirrar sem um getur í 2. mgr. 46. gr.:

a) ef heildarlengd trygginga- og búsetutímabila, sem hefur verið lokið samkvæmt löggjöf allra hlutaðeigandi aðildarríkja áður en áhættan kemur fram, fer fram yfir hámarkstryggingatímabilið sem leggja þarf að baki til að fá fullar bætur samkvæmt löggjöf eins þessara ríkja skal þar til bær stofnun þess ríkis taka tillit til þessa hámarkstryggingatímabils í stað samanlagðrar lengdar lokinna tímabila. Þessi reikningsaðferð má ekki leggja þá byrði á stofnunina að hún greiði bætur sem eru hærri en fullar bætur samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir. Þetta ákvæði gildir ekki þegar fjárhæð bóta er ekki háð lengd tryggingatímabila;

b) nánari reglur um hvernig tekið skuli tillit til skörunar tímabila eru settar í framkvæmdarreglugerðinni sem um getur í 98. gr.;

c) ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að bætur séu reiknaðar á grundvelli meðaltekna, meðaliðgjalds eða meðalhækkunar, eða á grundvelli þess hlutfalls sem var á milli bruttótekna umsækjanda og meðaltals af bruttótekjum allra tryggðra einstaklinga, annarra en lærlinga, á tryggingatímabilunum, skal þar til bær stofnun þess ríkis ákvarða slík meðaltöl eða hlutföll einungis á grundvelli þeirra tryggingatímabila sem lokið er samkvæmt löggjöf umræddra ríkis, eða á grundvelli bruttótekna hlutaðeigandi einstaklings á þeim tímabilum einvörðungu;

d) ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að bætur séu reiknaðar á grundvelli tekna, iðgjalda eða hækkana, skal þar til bær stofnun ákvarða tekjur, iðgjöld og hækkanir sem skulu teknar til greina á tryggingaeða búsetutímabilum sem lokið er samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja, á grundvelli meðaltekna, meðaliðgjalda eða meðalhækkana, eins og fjárhæð þeirra var skráð á þeim tryggingatímabilum sem lokið er samkvæmt löggjöf þeirri sem stofnunin starfar eftir;

e) ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að bætur séu reiknaðar á grundvelli viðmiðunartekna eða fastagjalds skal þar til bær stofnun líta svo á að viðmiðunartekjur þær eða fastagjald, sem henni ber að taka til greina varðandi trygginga- eða búsetutímabil sem lokið er samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja, sé jafnt viðmiðunartekjum eða fastagjaldi eða, eftir því sem við á, meðaltali viðmiðunartekna eða fastagjalds er svarar til tryggingatímabila sem lokið er samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir;

f) ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að bætur séu reiknaðar fyrir sum tímabil á grundvelli tekna, en fyrir önnur tímabil á grundvelli viðmiðunartekna eða fastagjalds, skal þar til bær stofnun í því ríki taka til greina, fyrir þau trygginga- eða búsetutímabil sem lokið er samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja, þær tekjur eða fastagjöld sem ákvörðuð eru samkvæmt ákvæðunum sem um getur í d- og e-liðum hér að framan, eða meðaltal teknanna eða fastagjaldanna, eftir því sem við á, en séu bætur reiknaðar á grundvelli viðmiðunartekna eða fastagjalds fyrir öll tímabil sem lokið er samkvæmt löggjöf þeirri sem stofnunin starfar eftir, skal hin þar til bæra stofnun líta svo á að tekjur þær sem henni ber að taka til greina fyrir trygginga- eða búsetutímabil sem lokið er samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja séu jafnar þeim reiknuðu tekjum sem samsvara viðmiðunartekjunum eða fastagjaldinu;

g) ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að bætur séu reiknaðar á grundvelli meðaliðgjalda skal þar til bær stofnun ákvarða meðaltalið eingöngu á grundvelli tryggingatímabila sem hefur verið lokið samkvæmt löggjöf þess ríkis.

2. Ákvæði í löggjöf aðildarríkis um uppfærslu þeirra þátta sem taka ber til greina við útreikning bóta gilda, eftir því sem við á, um þá þætti sem þar til bærri stofnun þess ríkis ber samkvæmt 1. mgr. að taka til greina varðandi tryggingaeða búsetutímabil sem lokið er samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja.

3. Ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að bótafjárhæð sé ákvörðuð með tilliti til aðstandenda annarra en barna skal þar til bær stofnun ríkisins einnig taka tillit til aðstandenda hlutaðeigandi sem eru búsettir á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eins og væru þeir búsettir á yfirráðasvæði hins lögbæra ríkis.

4. Ef þess er krafist í löggjöfinni sem þar til bær stofnun aðildarríkis starfar eftir að tekið sé tillit til launa við útreikning bóta, þegar ákvæðum fyrstu og annarrar undirgreinar 6. mgr. 45. gr. er beitt, og sé við greiðslu lífeyris í þessu aðildarríki einungis tekið tillit til tímabila þar sem viðkomandi er með öllu atvinnulaus og fær bætur samkvæmt ii-lið a - liðar í 1. mgr. 71. gr. eða fyrsta málslið í ii-lið b-liðar í 1. mgr. 71. gr., skal þar til bær stofnun þess aðildarríkis greiða lífeyrinn á grundvelli viðmiðunarlaunanna, sem voru notuð við útreikning á atvinnuleysisbótunum, og samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir.

48. gr. (11)

Trygginga- eða búsetutímabil sem eru skemmri en eitt ár

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 46. gr. er stofnun í aðildarríki ekki skylt að veita bætur vegna tímabila sem lokið er samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, og tekið er tillit til þegar áhættan kemur fram, ef:

— lengd umræddra tímabila er ekki meiri en eitt ár,
og

— þessi tímabil ein sér nægja ekki til að viðkomandi eigi rétt til bóta samkvæmt ákvæðum þeirrar löggjafar.

2. Þar til bærar stofnanir í hverju hinna aðildarríkjanna sem í hlut eiga skulu taka til greina þau tímabil sem getið er í 1. mgr. þegar þau beita ákvæðum 2. mgr. 46. gr., að undanskildum b-lið.

3. Leiði beiting ákvæða 1. mgr. til þess að skyldur allra stofnana þeirra aðildarríkja sem í hlut eiga falla niður skal aðeins greiða bætur samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem skilyrðum til bótaréttar var síðast fullnægt, eins og öllum trygginga- eða búsetutímabilum sem lokið er samkvæmt 1. til 4. mgr. 45. gr. væri lokið samkvæmt löggjöf þess ríkis.

49. gr. (11) (15)

Útreikningur bóta þegar hlutaðeigandi einstaklingur fullnægir ekki samtímis þeim skilyrðum sem kveðið er á um í löggjöf þeirra aðildarríkja þar sem trygginga- eða búsetutímabilum hefur verið lokið eða þegar hann hefur sérstaklega farið fram á að bótum vegna elli sé frestað

1. Ef hlutaðeigandi einstaklingur fullnægir ekki á tilteknum tíma bótaskilyrðum löggjafar allra ríkja sem hann hefur heyrt undir, þótt tekið sé tillit til ákvæða 45. gr. og/eða 3. mgr. 40. gr., eftir því sem við á, heldur fullnægir aðeins bótaskilyrðum eins eða fleiri þeirra, skal beita eftirfarandi reglum:

a) hver þar til bær stofnun sem starfar samkvæmt lagaskilyrðum sem viðkomandi uppfyllir, skal reikna út, samkvæmt ákvæðum 46. gr., þá bótafjárhæð sem greiða ber;

b) á hinn bóginn:

i) ef viðkomandi fullnægir skilyrðum sem sett eru í löggjöf að minnsta kosti tveggja ríkja án þess að metin séu trygginga- eða búsetutímabil sem lokið er í aðildarríkjum þar sem skilyrðum er ekki fullnægt, skulu tímabilin ekki tekin til greina hvað 2. mgr. 46. gr. snertir nema unnt sé að ákvarða hærri bætur með því að taka tillit til umræddra tímabila;

a) ef stofnunin sem ber ábyrgð á bótunum gengur, í krafti þeirrar löggjafar sem hún starfar eftir, inn í réttarstöðu kröfuhafa gagnvart þriðja aðila, skulu slík kröfuhafaskipti viðurkennd af sérhverju aðildarríki;

b) ef áðurnefnd stofnun á beinan kröfurétt á hendur þriðja aðila, skal sá réttur viðurkenndur af sérhverju aðildarríki.

2. Ef einstaklingur fær greiddar bætur samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis vegna meiðsla sem hann hlaut í öðru aðildarríki, skulu ákvæði áðurnefndrar löggjafar sem ákvarða hvenær vinnuveitendur eða launþegar þeirra eru undanþegnir refsiábyrgð einnig gilda um áðurnefndan einstakling eða þar til bæra stofnun.

Ákvæði 1. mgr. skulu einnig gilda um rétt stofnunarinnar sem greiðir bæturnar gagnvart vinnuveitanda eða launþegum hans í þeim tilvikum er þeir eru ekki undanþegnir ábyrgð.

3. Þegar tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra hafa, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 36. gr. og/eða 3. mgr. 63. gr., gert með sér samkomulag um að falla frá endurgreiðslum milli stofnana sem heyra undir löggjöf þeirra, skal fara með mál er varða rétt á ábyrgan þriðja aðila samkvæmt eftirfarandi reglum:

a) þar sem stofnun í búsetu- eða dvalarríki greiðir einstaklingi bætur vegna meiðsla sem hann hefur hlotið á yfirráðasvæði þess, skal sú stofnun, samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, notfæra sér réttinn til kröfuhafaskipta eða beinna aðgerða á hendur þriðja aðilanum sem ber ábyrgð á að veita bætur vegna meiðslanna;

b) við framkvæmd a-liðar:

i) er litið svo á að bótaþegi sé tryggður hjá stofnun á búsetu- eða dvalarstað,

og

ii) telst sú stofnun vera greiðslustofnun;

c) ákvæði 1. og 2. mgr. gilda áfram um allar bætur sem ekki falla undir áðurgreint samkomulag um að falla frá endurgreiðslum milli stofnana.

VII. BÁLKUR

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

94. gr. (7) (8) (11) (12)

Bráðabirgðaákvæði vegna launþega

1. Þessi reglugerð veitir engan rétt vegna tímabila fyrir 1. október 1972 eða fyrir þann dag er hún tók gildi á yfirráðasvæði þess aðildarríkis er í hlut á eða hluta þess.

2. Við ákvörðun á rétti til bóta samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar skal taka til athugunar öll tryggingatímabil og, eftir því sem við á, starfs- eða búsetutímabil sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf aðildarríkis fyrir 1. október 1972 eða fyrir þann dag sem hún tók gildi á yfirráðasvæði þess aðildarríkis eða hluta þess.

3. Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. veitir þessi reglugerð rétt til bóta jafnvel vegna tilviks sem kom fram fyrir 1. október 1972 eða fyrir þann dag sem hún tók gildi á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis eða hluta þess.

4. Allar bætur sem ekki hafa verið veittar eða sem hafa verið felldar niður um tíma vegna þjóðernis eða búsetustaðar hlutaðeigandi einstaklings, skulu greiddar eða greiðslur teknar upp að nýju, komi umsókn frá hlutaðeigandi einstaklingi um það, frá 1. október 1972 eða frá og með þeim degi sem reglugerðin tók gildi á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis eða hluta þess, að því tilskildu að réttur sem áður hefur verið viðurkenndur hafi ekki þegar verið bættur með eingreiðslu.

5. Heimilt er að endurskoða rétt einstaklings til lífeyris, sem veittur hefur verið fyrir 1. október 1972 eða þann dag sem reglugerðin tók gildi á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis eða hluta þess, með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, komi umsókn frá hlutaðeigandi einstaklingi um það. Þetta ákvæði gildir einnig um aðrar bætur sem um getur í 78. grein.

6. Ef umsókn sú sem um getur í 4. og 5. mgr. er lögð fram innan tveggja ára frá 1. október 1972 eða frá þeim degi sem reglugerðin tók gildi á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis, skulu þau réttindi, sem áunnin eru samkvæmt reglugerð þessari, gilda frá þeim degi og jafnframt skal óheimilt að beita lagaákvæðum aðildarríkis er varða missi eða takmörkun réttinda gagnvart hlutaðeigandi einstaklingum.

Sömu ákvæði gilda um beitingu þessarar reglugerðar á þeim yfirráðasvæðum sem voru innlimuð 3. október 1990 í Sambandslýðveldið Þýskaland, að því tilskildu að umsóknin sem um getur í 4. eða 5. mgr. sé lögð fram innan tveggja ára frá 1. júní 1992.

7. Ef umsókn sú sem um getur í 4. og 5. mgr. er lögð fram eftir að tveggja ára fresturinn frá 1. október 1972, eða frá þeim degi sem reglugerðin tók gildi á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis, er útrunninn, gilda þau réttindi sem viðkomandi hefur ekki þegar misst eða eru ekki háð tímatakmörkunum frá þeim degi er umsóknin var lögð fram, nema í þeim tilvikum þar sem lagaákvæði aðildarríkis eru hagstæðari.

Sömu ákvæði gilda um beitingu þessarar reglugerðar á þeim yfirráðasvæðum sem voru innlimuð 3. október 1990 í Sambandslýðveldið Þýskaland, að því tilskildu að umsóknin sem um getur í 4. eða 5. mgr. sé lögð fram eftir að tveggja ára fresturinn frá 1. júní 1992 er útrunninn.

8. Þegar um er að ræða bótagreiðslur vegna sjúklinga með herslisryklungu (sclerogenic pneumoconiosis), og hlutaðeigandi stofnanir hafa ekki gert með sér samkomulag, skal 5. mgr. 57. gr. gilda um bætur í peningum vegna atvinnusjúkdóms þar sem ekki hefur verið unnt að skipta útgjöldum milli stofnananna fyrir 1. október 1972.

9. Fjölskyldugreiðslur, sem launþegar í Frakklandi eða atvinnulausir, sem fá atvinnuleysisbætur samkvæmt franskri löggjöf, fá vegna aðstandenda sem eru búsettir í öðru aðildarríki þann 15. nóvember 1989 eru greiddar áfram á því gengi, innan þeirra marka og með þeim hætti

sem tíðkast á þeim degi svo fremi sú fjárhæð er þeir fá greidda sé hærri en bæturnar sem þeir fengju frá 16. nóvember 1989 og að því tilskildu að hlutaðeigandi einstaklingar heyri undir franska löggjöf. Ekki skal taka til greina hlé sem eru skemmri en einn mánuður, né heldur tímabil þar sem greiddar eru atvinnuleysis- eða sjúkrabætur.

Hlutaðeigandi aðildarríki, eða lögbær yfirvöld þeirra, skulu gera með sér samkomulag, að fengnu áliti framkvæmdaráðsins, þar sem kveðið er á um aðferð við framkvæmd þessarar málsgreinar og einkum kostnaðarskiptingu vegna þessara bóta.

10. Á grundvelli 6. mgr. 45. gr. má endurskoða réttindi einstaklinga sem var úthlutað lífeyri áður en ákvæði 6. mgr. 45. gr. öðluðust gildi, fari þeir fram á slíkt.

95. gr. (6) (12)

Bráðabirgðaákvæði vegna sjálfstætt starfandi einstaklinga

1. Þessi reglugerð veitir engan rétt vegna tímabils fyrir 1. júlí 1982 eða fyrir þann dag sem hún kemur til framkvæmda á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis eða hluta þess.

2. Við ákvörðun á rétti til bóta samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar skal taka til athugunar öll tryggingatímabil og, eftir því sem við á, starfstímabil launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings eða búsetutímabil sem lokið er samkvæmt löggjöf aðildarríkis fyrir 1. júlí 1982 eða fyrir þann dag sem reglugerð þessi kemur til framkvæmda á yfirráðasvæði þess aðildarríkis eða hluta þess.

3. Með fyrirvara um 1. mgr. veitir þessi reglugerð rétt til bóta jafnvel vegna tilviks sem kom fram fyrir 1. júlí 1982 eða fyrir þann dag sem reglugerðin kom til framkvæmda á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis eða hluta þess.

4. Allar bætur sem hafa ekki verið veittar eða sem hafa verið felldar niður um tíma vegna þjóðernis eða búsetustaðar hlutaðeigandi einstaklings skulu greiddar eða greiðslur teknar upp að nýju, komi umsókn frá hlutaðeigandi einstaklingi um það, frá 1. júlí 1982 eða frá því að reglugerð þessi tekur gildi á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis eða hluta þess, að því tilskildu að réttur sem áður hefur verið viðurkenndur hafi ekki þegar verið bættur með eingreiðslu.

5. Heimilt er að endurskoða rétt einstaklings til lífeyris sem veittur hefur verið fyrir 1. júlí 1982 eða fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis eða hluta þess, með tilliti til ákvæða þessarar reglugerðar, komi umsókn frá hlutaðeigandi einstaklingi um það. Þessi ákvæði skulu einnig gilda um aðrar bætur sem um getur í 78. grein.

6. Ef umsókn sú sem um getur í 4. og 5. mgr. er lögð fram innan tveggja ára frá 1. júlí 1982 eða innan tveggja ára frá framkvæmd þessarar reglugerðar á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis, skulu þau réttindi, sem áunnin eru samkvæmt reglugerð þessari, gilda frá þeim degi og jafnframt skal óheimilt að beita lagaákvæðum aðildarríkis er varða missi eða takmörkun réttinda gagnvart hlutaðeigandi einstaklingum.

Sömu ákvæði gilda um beitingu þessarar reglugerðar á þeim yfirráðasvæðum sem voru innlimuð 3. október 1990 í Sambandslýðveldið Þýskaland, að því tilskildu að umsóknin sem um getur í 4. eða 5. mgr. sé lögð fram innan tveggja ára frá 1. júní 1992.

7. Ef umsókn sú sem um getur í 4. og 5. mgr. er lögð fram eftir að tveggja ára fresturinn frá 1. júlí 1982 eða frá framkvæmd þessarar reglugerðar á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis er útrunninn gilda þau réttindi sem viðkomandi hefur ekki þegar misst eða eru ekki háð takmörkunum frá þeim degi er umsóknin var lögð fram nema í þeim tilvikum þar sem lagaákvæði aðildarríkis eru hagstæðari.

Sömu ákvæði gilda um beitingu þessarar reglugerðar á þeim yfirráðasvæðum sem voru innlimuð 3. október 1990 í Sambandslýðveldið Þýskaland, að því tilskildu að umsóknin sem um getur í 4. eða 5. mgr. sé lögð fram eftir að tveggja ára fresturinn frá 1. júní 1992 er útrunninn.

95. gr. a (11)

Bráðabirgðaákvæði vegna beitingar reglugerðar (EBE) nr. 1248/92 (1)

1. Reglugerð (EBE) nr. 1248/92 veitir ekki rétt til bóta vegna tímabila sem lokið er fyrir 1. júní 1992.

2. Tekið skal tillit til allra trygginga- eða búsetutímabila sem hefur verið lokið samkvæmt löggjöf aðildarríkis fyrir 1. júní 1992 við ákvörðun bótaréttar samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1248/92.

3. Með fyrirvara um 1. mgr. má viðurkenna réttindi samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1248/92 jafnvel þó að þau varði tilvik sem kom fram fyrir 1. júní 1992.

4. Endurskoða má réttindi einstaklings sem hefur verið úthlutað lífeyri fyrir 1. júní 1992, sæki hlutaðeigandi einstaklingur um slíkt, að teknu tilliti til ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 1248/92.

---

(1) Stjtíð. EB nr. L 136, 19. 5. 1992, bls. 7.

5. Ef umsókn sem um getur í 4. mgr. er lögð fram innan tveggja ára frá 1. júní 1992 skulu réttindi sem hafa áunnist samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1248/92 koma til framkvæmda frá þeim degi og ekki má beita ákvæðum aðildarríkis varðandi sviptingu eða takmörkun réttinda gagnvart hlutaðeigandi einstaklingi.

6. Ef umsókn sem um getur í 4. mgr. er lögð fram að liðnum tveggja ára frestinum frá 1. júní 1992 skulu réttindi sem viðkomandi hefur ekki verið sviptur eða hafa ekki fyrnst koma til framkvæmda frá þeim degi sem umsóknin var lögð fram nema þegar hagstæðari ákvæði í löggjöf aðildarríkis gilda.

95. gr. b (14)

Bráðabirgðaákvæði vegna beitingar reglugerðar (EBE) nr. 1247/92 ([1])

1. Reglugerð (EBE) nr. 1247/92 veitir engan rétt vegna tímabila sem liðin eru fyrir 1. júní 1992.

2. Við ákvörðun á rétti til bóta samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 1247/92 skal taka tillit til búsetu- og starfstímabila eða tímabila sjálfstæðrar starfsemi sem lokið hefur verið á yfirráðasvæði aðildarríkis fyrir 1. júní 1992.

3. Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. veitir reglugerð (EBE) nr. 1247/92 rétt jafnvel vegna tilviks sem kom fram fyrir 1. júní 1992.

4. Allar sérstakar iðgjaldsfrjálsar bætur, sem hafa ekki verið veittar, eða verið slegið á frest vegna þjóðernis hlutaðeigandi einstaklings, skulu greiddar eða greiðslur teknar upp að nýju, ef viðkomandi sækir um slíkt, og skulu greiðslurnar hefjast 1. júní 1992 hafi þessi réttur ekki þegar verið viðurkenndur og bættur með eingreiðslu.

5. Endurskoða má réttindi einstaklinga, sem hefur verið úthlutaður lífeyrir fyrir 1. júní 1992, enda leggi viðkomandi fram umsókn þar að lútandi, með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 1247/92.

6. Ef umsókn sem um getur í 4. og 5. mgr. er lögð fram innan tveggja ára frá 1. júní 1992, skulu þau réttindi sem áunnin eru samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1247/92 gilda frá þeim degi, og jafnframt skal óheimilt að beita nokkrum lagaákvæðum aðildarríkis er varða missi eða takmörkun réttinda gagnvart hlutaðeigandi einstaklingum.

7. Ef umsókn sem um getur í 4. og 5. mgr. er lögð fram eftir að tveggja ára fresturinn frá 1. júní 1992 er runninn út, gilda þau réttindi sem ekki hafa þegar fallið úr gildi eða fyrnst frá þeim degi er umsóknin var lögð fram, nema í þeim tilvikum þar sem lagaákvæði aðildarríkis eru hagstæðari.

8. Beiting 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1247/92 má ekki leiða til niðurfellingar bótagreiðslna sem þar til bærar stofnanir aðildarríkjanna veittu fyrir 1. júní 1992 samkvæmt III. bálki reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og 10. gr. síðarnefndu reglugerðarinnar gilda um.

9. Beiting 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1247/92 má ekki leiða til synjunar á umsókn um sérstakar iðgjaldsfrjálsar bætur, sem eru veittar til viðbótar við lífeyri, einstaklings er uppfyllti skilyrði fyrir úthlutun slíkra bóta fyrir 1. júní 1992, jafnvel þótt viðkomandi búi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en lögbæra ríkisins, að því tilskildu að umsóknin sé lögð fram eigi síðar en fimm árum eftir 1. júní 1992.

10. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal veita sérstakar iðgjaldsfrjálsar bætur, sem eru til viðbótar við lífeyri, sem hafa ekki verið veittar eða þeim slegið á frest á grundvelli búsetu hlutaðeigandi einstaklings á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en lögbæra ríkisins, enda sæki viðkomandi um það, eða hefja greiðslur á þeim að nýju frá 1. júní 1992, í fyrra tilvikinu skal miða við daginn sem veita hefði átt bæturnar og í síðara tilvikinu við þann dag sem bótagreiðslum var slegið á frest.

11. Þegar þar til bærri stofnun í aðildarríkinu þar sem viðkomandi er búsettur er heimilt að veita sérstakar iðgjaldsfrjálsar bætur, sem um getur í 2. mgr. a í 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, á sama tímabili og vegna sama einstaklings á grundvelli 10. gr. a í þeirri reglugerð, og þar til bærri stofnun í öðru aðildarríki er það heimilt á grundvelli 1. til 10. mgr. þessarar greinar, getur viðkomandi einungis fengið greidda samanlagt þá bótafjárhæð sem nemur hæstu bótafjárhæð sem hann á rétt á samkvæmt annarri hvorri löggjöfinni sem um ræðir.

12. Nákvæmar reglur um beitingu 11. mgr., einkum að því er varðar beitingu ákvæða í löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja um lækkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun þeirra bóta sem um getur í þeirri málsgrein, og hvað varðar úthlutun ýmiss konar viðbótarfjárhæða, skulu settar með ákvörðun framkvæmdaráðsins um félagslegt öryggi farandlaunþega og eftir atvikum með samhljóða samkomulagi hlutaðeigandi aðildarríkja eða lögbærra yfirvalda þeirra.

96. gr.

Samningar um endurgreiðslur milli stofnana

Samningar sem hafa verið gerðir, samkvæmt 36. (3. mgr.), 63. (3. mgr.) og 70. gr. (3. mgr.), fyrir 1. júlí 1982 gilda á sama hátt um þá einstaklinga sem felldir voru undir gild-

([1]) Stjtíð. EB nr. L 136, 19. 5. 1992, bls. 1.

issvið reglugerðarinnar frá og með þeim degi, nema fram komi mótbárur frá einhverju samningsríkjanna.

Aðeins skal tekið tillit til þessara mótmæla ef lögbær yfirvöld þess aðildarríkis senda lögbærum yfirvöldum hins aðildarríkisins (eða ríkjanna) sem á hlut að máli skriflega umkvörtun fyrir 1. október 1983. Afrit af þessum upplýsingaskiptum skal sent til framkvæmdaráðsins.

97. gr.

Tilkynningar varðandi sérstök ákvæði

1. Tilkynningar þær sem um getur í j-lið 1. gr., í 5. gr. og í 2. mgr. 8. gr. skulu sendar forseta ráðs Evrópubandalaganna. Í þeim skal koma fram hvaða dag hlutaðeigandi lög og kerfi öðlast gildi eða, þegar um er að ræða tilkynningar þær sem um getur í j-lið 1. gr., frá hvaða degi skuli beita reglugerð þessari gagnvart þeim kerfum sem tilgreind eru í yfirlýsingum aðildarríkjanna.

2. Tilkynningar sem berast samkvæmt 1. mgr. skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

98. gr.

Framkvæmdarreglugerð

Í annarri reglugerð skal kveða á um leiðir við framkvæmd þessarar reglugerðar.

I. VIÐAUKI (A) (B) (8) (9) (13) (14) (15)

EINSTAKLINGAR SEM REGLUGERÐIN NÆR TIL

I. **Launþegar og/eða sjálfstætt starfandi einstaklingar** (ii- og iii-liðir í a-lið 1. gr.)

A. BELGÍA

Á ekki við.

B. DANMÖRK

1. Sá einstaklingur sem vegna starfs síns sem launþegi heyrir undir:

   a) löggjöf um vinnuslys og atvinnusjúkdóma fyrir tímabilið fram að 1. september 1977;

   b) löggjöf um viðbótarlífeyri launþega (arbejdsmarkedets tillægspension, ATP) fyrir tímabilið sem hefst þann 1. september 1977 eða síðar, telst launþegi í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.

2. Sá einstaklingur sem samkvæmt löggjöf um dagpeninga vegna veikinda eða meðgöngu og fæðingar á rétt á slíkum bótum vegna annarra tekna en launa telst sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.

C. ÞÝSKALAND

Ef þar til bær stofnun sem greiðir fjölskyldubæturnar samkvæmt 7. kafla III. bálks reglugerðarinnar er þýsk, þá merkir í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar:

a) hugtakið „launþegi" einstakling sem er skyldutryggður gagnvart atvinnuleysi eða hvern þann sem vegna slíkra trygginga þiggur bætur í peningum eða aðrar sambærilegar bætur frá sjúkratryggingum;

b) hugtakið „sjálfstætt starfandi einstaklingur" hvern þann sem starfar sjálfstætt og ber skylda til:

   — að taka þátt í eða greiða iðgjöld til ellitrygginga í kerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga, eða

   — taka þátt í tryggingakerfi sem fellur undir skyldutryggingakerfið.

D. SPÁNN

Á ekki við.

E. FRAKKLAND

Ef frönsk stofnun ber ábyrgð á að greiða fjölskyldubæturnar samkvæmt 7. kafla í III. bálki reglugerðarinnar:

1. merkir hugtakið „launþegi" í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar hvern þann sem er skyldutryggður samkvæmt grein L 311-2 í almannatryggingalögunum og fullnægir lágmarksskilyrðum sem sett eru fyrir ráðningu eða launum og kveðið er á um í grein L 313-1 í sömu lögum til að fá sjúkra-, meðgöngu og fæðingar- og örorkubætur greiddar í peningum, eða þann sem þiggur þessar bætur;

2. merkir hugtakið „sjálfstætt starfandi einstaklingur" í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar hvern þann sem starfar á eigin vegum og ber skylda til að taka þátt í og greiða iðgjöld til kerfis ellitrygginga sjálfstætt starfandi einstaklinga.

F. GRIKKLAND

1. Einstaklingar sem tryggðir eru samkvæmt OGA- kerfinu og starfa eingöngu sem launþegar eða sem heyra eða hafa heyrt undir löggjöf annars aðildarríkis og eru eða hafa verið launþegar í skilningi a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar teljast launþegar í skilningi iii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.

2. Vegna fjölskyldugreiðslna teljast einstaklingar sem vísað er til í i- og iii-lið a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar launþegar í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.

G. ÍRLAND

1. Einstaklingur sem er skyldutryggður eða tryggður frjálsum tryggingum samkvæmt 5. og 37. þætti almannatryggingalaganna (Consolidation) frá 1981 telst launþegi í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.

2. Einstaklingur sem er skyldutryggður eða tryggður frjálsri tryggingu samkvæmt ákvæðum 17. þáttar A í almannatryggingalögunum (Social Welfare (Consolidation) Act) frá 1981 telst vera sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.

H. ÍTALÍA

Á ekki við.

I. LÚXEMBORG

Á ekki við.

J. HOLLAND

Einstaklingur sem leggur stund á starf eða fæst við starfsemi án þess að ráðningarsamningur sé fyrir hendi telst sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii-liðar í a-lið reglugerðarinnar.

K. AUSTURRÍKI

Á ekki við.

L. PORTÚGAL

Á ekki við.

M. FINNLAND

Einstaklingur sem er launþegi eða sjálfstætt starfandi í skilningi löggjafar um starfstengt lífeyriskerfi telst með sama hætti launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.

N. SVÍÞJÓÐ

Einstaklingur sem er launþegi eða sjálfstætt starfandi í skilningi löggjafar um vinnuslysatryggingar telst með sama hætti launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.

O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Einstaklingur sem er „launþegi" (employed earner) eða „sjálfstætt starfandi" (self-employed earner) í skilningi löggjafar Stóra-Bretlands eða Norður-Írlands telst með sama hætti launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar. Einstaklingur, sem samkvæmt löggjöf Gíbraltar á rétt á fjárframlagi sem „launþegi" (employed earner) eða „sjálfstætt starfandi einstaklingur" (self-employed earner), telst með sama hætti launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.

II. **Aðstandendur** (Annar málsliður f-liðar 1. gr. reglugerðarinnar)

A. BELGÍA

Á ekki við.

B. DANMÖRK

Þegar ákvarða á hvort réttur til aðstoðar vegna veikinda eða meðgöngu og fæðingar sé fyrir hendi samkvæmt a-lið 1. mgr. 22. gr. og 31. gr. reglugerðarinnar merkir hugtakið „aðstandandi":

1. maki launþega, sjálfstætt starfandi einstaklings eða einstaklings sem á rétt á aðstoð samkvæmt skilmálum reglugerðarinnar hafi makinn ekki þegar slíkan rétt samkvæmt skilmálum reglugerðarinnar; eða

2. barn undir 18 ára aldri í umsjá einstaklings sem hefur slíkan rétt samkvæmt skilmálum reglugerðarinnar.

C. ÞÝSKALAND

Á ekki við.

D. SPÁNN

Á ekki við.

E. FRAKKLAND

Hugtakið „aðstandandi“ merkir hvern þann einstakling sem getið er í grein L 512-3 í almannatryggingalögunum.

F. GRIKKLAND

Á ekki við.

G. ÍRLAND

Þegar ákvarða á rétt til aðstoðar vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar samkvæmt reglugerðinni merkir hugtakið „aðstandandi“ hvern þann sem telst vera á framfæri launþegans eða hins sjálfstætt starfandi einstaklings í skilningi heilbrigðislaganna frá 1947–1970 *(Health Acts 1947–1970)*.

H. ÍTALÍA

Á ekki við.

I. LÚXEMBORG

Á ekki við.

J. HOLLAND

Á ekki við.

K. AUSTURRÍKI

Á ekki við.

L. PORTÚGAL

Á ekki við.

M. FINNLAND

Þegar ákvarða á rétt til aðstoðar samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bálks í reglugerðinni merkir „aðstandandi“ maki eða barn samkvæmt skilgreiningu í sjúkratryggingalöggjöfinni.

N. SVÍÞJÓÐ

Þegar ákvarða á rétt til aðstoðar samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bálks í reglugerðinni merkir „aðstandandi“ maki eða barn yngra en 18 ára.

O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Þegar ákvarða á rétt til aðstoðar hefur orðið „aðstandandi“ eftirfarandi merkingu:

1. að því er varðar löggjöf Stóra-Bretlands eða Norður-Írlands:

1) maki, að því tilskildu:

a) að hann, hvort sem hann er launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, eða annar sem hefur þennan rétt samkvæmt reglugerðinni:

i) búi með makanum; eða

ii) leggi til framfærslu makans;

og að

b) maki:

i) hafi ekki tekjur sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur eða bótarétt samkvæmt reglugerðinni; eða

ii) fái ekki bætur eða lífeyri frá almannatryggingum á grundvelli tryggingar maka;

2) einstaklingur sem hefur fyrir barni að sjá, að því tilskildu að:

a) hann, hvort sem hann er launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, eða á rétt á bótum samkvæmt reglugerðinni:

i) sé í sambúð með viðkomandi; eða

ii) leggi til framfærslu viðkomandi;

og að

b) hann:

i) hafi ekki tekjur sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur eða bótarétt samkvæmt reglugerðinni; eða

ii) fái ekki bætur eða lífeyri frá almannatryggingum á grundvelli eigin tryggingar;

3) barn sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur eða annar einstaklingur sem á rétt á bótum samkvæmt reglugerðinni fær eða gæti fengið greiddar barnabætur með.

2. Að því er varðar löggjöf Gíbraltar:

einstaklingur sem er á framfæri annars samkvæmt reglum um sjúkratryggingakerfi fyrir hópa (*Group Practice Medical Scheme Ordinance*) frá 1973.

II. VIÐAUKI (A) (B) (8) (10) (15)

(j- og u-liður 1. gr. reglugerðarinnar)

I. **Sérstök bótakerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga sem undanþegin eru ákvæðum reglugerðarinnar samkvæmt fjórðu undirgrein j-liðar 1. gr.**

A. BELGÍA
Á ekki við.

B. DANMÖRK
Á ekki við.

C. ÞÝSKALAND
Trygginga- og félagsmálastofnanir (Versicherungs- und Versorgungswerke) lækna, tannlækna, dýralækna, lyfsala, málafærslumanna, lögfræðinga, einkaleyfishafa, (Patentanwälte), lögbókenda, endurskoðenda (Wirtschaftprüfer), skattaráðgjafa (Steuerbevollmächtigte), hafnsögumanna (Seelotsen) og arkitekta, samkvæmt löggjöf hvers fylkis (Länder), eftir því sem við á, og aðrar trygginga- og félagsmálastofnanir, sér í lagi félagsmálasjóðir (Fürsorgeeinrichtungen) og viðbótarskiptisjóður (erweiterte Honorarverteilung).

D. SPÁNN

1. Frjálsir lífeyrissjóðir, sem koma til uppbótar eða viðbótar almannatryggingum, í umsjá stofnana sem falla undir almenn lög um almannatryggingar frá 6. desember 1941 og reglugerð þeirra frá 26. maí 1943:

   a) að því er varðar bætur sem koma til uppbótar eða viðbótar almannatryggingum, eða

   b) að því er varðar gagnkvæm tryggingasamtök sem falla ekki undir ákvæði í 7. lið sjötta bráðabirgðaákvæðis almennu laganna um almannatryggingar frá 30. maí 1974 og koma þar af leiðandi ekki í stað stofnana í lögbundna almannatryggingakerfinu.

2. Lífeyrissjóðir og/eða sjóðir sem veita félagslega aðstoð eða stunda góðgerðarstarfsemi falla ekki undir almennu lögin um almannatryggingar eða lögin frá 6. desember 1941.

E. FRAKKLAND

1. Sjálfstætt starfandi einstaklingar utan landbúnaðargeirans:

   a) Viðbótarkerfi vegna ellilífeyris og bótakerfi trygginga sjálfstætt starfandi einstaklinga vegna örorku og andláts eins og um getur í almannatryggingalögunum, greinum L 658, L 659, L 663-11, L 663-12, L 682 og L 683-1.

   b) Þær viðbótarbætur sem getið er um í 9. gr. laga nr. 66.509 frá 12. júlí 1966.

2. Sjálfstætt starfandi einstaklingar í landbúnaði:
   Þær tryggingar sem kveðið er á um í landbúnaðarlögunum, greinum 1049 og 1234.19, þ.e. annars vegar vegna sjúkdóma og meðgöngu og fæðingar og elli og hins vegar vinnuslysa- og atvinnusjúkdóma sjálfstætt starfandi einstaklinga í landbúnaði.

F. GRIKKLAND
Á ekki við.

G. ÍRLAND
Á ekki við.

H. ÍTALÍA
Á ekki við.

I. LÚXEMBORG

Á ekki við.

J. HOLLAND

Á ekki við.

K. AUSTURRÍKI

Tryggínga- og félagsmálastofnanir (Versicherungs- und Versorgungswerke), „félagsmálasjóðir" (Fürsorgeeinrichtungen) og viðbótarskiptisjóður (erweitere Honoraverteilung) fyrir lækna, dýralækna, málafærslumenn og lögfræðinga, og verkfræðinga (Ziviltechniker).

L. PORTÚGAL

Á ekki við.

M. FINNLAND

Á ekki við.

N. SVÍÞJÓÐ

Á ekki við.

O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Á ekki við.

II. **Sérstakar greiðslur vegna barnsburðar eða ættleiðingar er falla ekki undir gildissvið reglugerðarinnar samkvæmt i-lið í u-lið 1. gr.**

A. BELGÍA

a) Greiðsla vegna barnsburðar.

b) Greiðsla vegna ættleiðingar (prime d'adoption).

B. DANMÖRK

Engar.

C. ÞÝSKALAND

Engar.

D. SPÁNN

Engar.

E. FRAKKLAND

a) Greiðsla vegna ungbarna að þriggja mánaða aldri.

b) Greiðsla vegna ættleiðingar (allocation d'adoption).

F. GRIKKLAND

Engar.

G. ÍRLAND

Engar.

H. ÍTALÍA

Engar.

I. LÚXEMBORG

a) meðgöngugreiðsla;

b) greiðsla vegna barnsburðar.

J. HOLLAND

Engar.

K. AUSTURRÍKI

Almennur hluti greiðslu vegna barnsburðar.

L. PORTÚGAL

Engar.

M. FINNLAND

Heildarstuðningur vegna meðgöngu og fæðingar eða eingreiðslustyrkur vegna meðgöngu og fæðingar samkvæmt löggjöf um styrki vegna meðgöngu og fæðingar.

N. SVÍÞJÓÐ

Engar.

O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Engar.

III. **Sérstakar bætur sem eru ekki iðgjaldsskyldar í skilningi 2. mgr. b í 4. gr. og falla ekki undir gildissvið reglugerðarinnar**

A. BELGÍA

Engar.

B. DANMÖRK

Engar.

C. ÞÝSKALAND

a) Bætur sem eru greiddar fötluðu fólki, einkum blindum, samkvæmt löggjöf fylkja (Länder).

b) Félagslegar viðbætur samkvæmt lögum frá 28. júní 1990 um jöfnun lífeyris.

D. SPÁNN

Engar.

E. FRAKKLAND

Engar.

F. GRIKKLAND

Engar.

G. ÍRLAND

Engar.

H. ÍTALÍA

Engar.

I. LÚXEMBORG

Engar.

J. HOLLAND

Engar.

K. AUSTURRÍKI

Bætur greiddar fötluðum og þeirra sem þarfnast umönnunar samkvæmt alríkislöggjöfinni (Bundesländer).

L. PORTÚGAL
Engar.

M. FINNLAND
Engar.

N. SVÍÞJÓÐ
Engar.

O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
Engar.

II. VIÐAUKI a (B) (10) (12) (13) (14) (15)

SÉRSTAKAR IÐGJALDSFRJÁLSAR BÆTUR

(10. gr. a í reglugerðinni)

A. BELGÍA

a) Greiðslur til fatlaðra einstaklinga (lög frá 27. febrúar 1987).

b) Tekjutrygging aldraðra einstaklinga (lög frá 1. apríl 1969).

c) Lágmarksfjölskyldubætur (lög frá 20. júlí 1971).

B. DANMÖRK

a) Föst endurhæfingargreiðsla veitt samkvæmt félagsmálalöggjöf til framfærslu einstaklinga sem eru í endurhæfingu.

b) Útgjöld lífeyrisþega vegna húsnæðis (lög um einstaklingsaðstoð vegna húsnæðis (lov om individuel boligstøtte), steypt saman með lögum nr. 204 frá 29. mars 1995.).

C. ÞÝSKALAND

Engar.

D. SPÁNN

a) Bætur samkvæmt lögum um félagslega síblöndun fatlaðra einstaklinga (lög nr. 13/82 frá 7. apríl 1982).

b) Bætur í peningum til aðstoðar öldruðum og óvinnufærum öryrkjum (konungsúrskurður nr. 2620/81 frá 24. júlí 1981).

c) Örorkulífeyrir, eftirlaunalífeyrir og barnabætur sem eru ekki iðgjaldsskyld eins og kveðið er á um í 132. (1. mgr.), 136. a, 137. a, 138. a, 154. a, 155. a, 156. a, 167, 168 (2. mgr.), 169 og 170. gr. almennu laganna um félagslegt öryggi, eins og þeim var breytt með lögum nr. 26/90 frá 20. desember 1990 um stofnun almannatryggingabóta sem eru ekki iðgjaldsskyldar.

E. FRAKKLAND

a) Viðbótargreiðslur úr innlenda einingarsjóðnum (lög frá 30. júní 1956).

b) Greiðslur til fullorðinna fatlaðra einstaklinga (lög frá 30. júní 1975).

c) Sérstakar greiðslur (lög frá 10. júlí 1952).

F. GRIKKLAND

a) Sérstakar bætur til aldraðra (lög 1296/82).

b) Barnagreiðslur til mæðra sem ekki stunda vinnu og eiga eiginmenn sem gegna herþjónustu (lög 1483/84, 1. mgr. 23. gr.).

c) Barnagreiðslur til mæðra sem ekki stunda vinnu og eiga eiginmenn sem sitja í fangelsi (lög 1483/84, 2. mgr. 23. gr.).

d) Greiðslur til einstaklinga sem þjást af meðfæddu rauðaleysandi blóðlosi (lagaúrskurður 321/69) (sameiginlegur ráðherraúrskurður G4a/F.222/oik.2204).

e) Greiðslur til daufdumbra (undantekningarlög 421/37) (sameiginlegur ráðherraúrskurður G4b/F.422/oik.2205).

f) Greiðslur til alvarlega fatlaðra einstaklinga (lagaúrskurður 162/73) (sameiginlegur ráðherraúrskurður G4a/F.225/oik.161).

g) Greiðslur til krampahneigðra einstaklinga (lagaúrskurður 162/72) (sameiginlegur ráðherraúrskurður G4a/F.224/oik.2207).

h) Greiðslur vegna alvarlegrar andlegrar fötlunar (lagaúrskurður 162/73) (sameiginlegur ráðherraúrskurður G4b/F.423/oik.2208).

i) Greiðslur til blindra (lög 958/79) (sameiginlegur ráðherraúrskurður G4b/F.421/oik.2209).

G. ÍRLAND

a) Atvinnuleysisaðstoð (Social Welfare (Consolidation) Act frá 1981, 2. kafli III. hluta).

b) Elli- og blindralífeyrir (ekki iðgjaldsskylt) (Social Welfare (Consolidation) Act frá 1981, 3. kafli III. hluta).

c) Ekkna- og munaðarleysingjalífeyrir (ekki iðgjaldsskylt) (Social Welfare (Consolidation) Act frá 1981, 4. kafli III. hluta).

d) Greiðslur til einstæðra foreldra (Social Welfare Act frá 1990, III. hluti).

e) Umönnunargreiðslur (Social Welfare Act frá 1990, IV. hluti).

f) Tekjuauki vegna fjölskyldu (Social Welfare Act, 1984, III. hluti).

g) Framfærslugreiðslur til fatlaðra einstaklinga (Health Act frá 1970, 69. þáttur).

h) Ferðastyrkur (Health Act frá 1970, 61. þáttur).

i) Framfærslugreiðslur til þeirra sem þjást af smitsjúkdómum (Health Act frá 1947, 5. þáttur og 5. tölul. 44. þáttar).

j) Greiðslur vegna heimaumönnunar (Health Act frá 1970, 61. þáttur).

k) Blindrastyrkur (Blind Persons Act frá 1920, 49. kafli).

l) Greiðslur vegna endurhæfingar fatlaðra einstaklinga (Health Act frá 1970, 68., 69. og 72. þáttur).

H. ÍTALÍA

a) Félagslegur lífeyrir til fólks án tekna (lög nr. 153 frá 30. apríl 1969).

b) Lífeyrir og greiðslur til óbreyttra borgara sem eru fatlaðir eða öryrkjar (lög nr. 118 frá 30. mars 1974, nr. 18 frá 11. febrúar 1980 og nr. 508 frá 23. nóvember 1988).

c) Lífeyrir og greiðslur til daufdumbra (lög nr. 381 frá 26. maí 1970 og nr. 508 frá 23. nóvember 1988).

d) Lífeyrir og greiðslur til óbreyttra borgara sem eru blindir (lög nr. 382 frá 27. maí 1970 og nr. 508 frá 23. nóvember 1988).

e) Bætur til viðbótar lágmarkslífeyri (lög nr. 218 frá 4. apríl 1952, nr. 638 frá 11. nóvember 1983 og nr. 407 frá 29. desember 1990).

f) Bætur til viðbótar greiðslum vegna fötlunar (lög nr. 222 frá 12. júní 1984).

g) Mánaðargreiðslur vegna viðvarandi persónulegrar aðstoðar við óvinnufæra lífeyrisþega (lög nr. 222 frá 12. júní 1984).

I. LÚXEMBORG

a) Sérstakar greiðslur vegna alvarlegrar fötlunar (lög frá 16. apríl 1979).

b) Greiðslur vegna meðgöngu og fæðingar (lög frá 30. apríl 1980).

J. HOLLAND

Engar.

K. AUSTURRÍKI

a) Uppbót (sambandslög frá 9. september 1955 um almannatryggingar — ASVG, sambandslög frá 11. október 1978 um almannatryggingar fyrir þá sem starfa við viðskipti og verslun — GSVG og sambandslög frá 11. október 1978 um almannatryggingar fyrir bændur — BSVG).

b) Umönnunargreiðslur (Pflegegeld) samkvæmt austurrísku sambandslögunum um umönnunargreiðslur (Bundespflegegeldgesetz), þó að frátöldum umönnunargreiðslum sem slysatryggingastofnanir greiða ef vinnuslys eða atvinnusjúkdómur veldur fötlun.

L. PORTÚGAL

(a) Iðgjaldsfrjálsar fjölskyldugreiðslur (lagaúrskurður nr. 160/80 frá 27. maí 1980).

b) Greiðslur til mæðra með barn á brjósti (lagaúrskurður nr. 160/80 frá 27. maí 1980).

c) Viðbótargreiðslur vegna fatlaðra barna og ungs fólks (lagaúrskurður nr. 160/80 frá 27. maí 1980).

d) Greiðslur vegna sérskólasóknar (lagaúrskurður nr. 160/80 frá 27. maí 1980).

e) Iðgjaldsfrjáls munaðarleysingjalífeyrir (lagaúrskurður nr. 160/80 frá 27. maí 1980).

f) Iðgjaldsfrjáls örorkulífeyrir (lagaúrskurður nr. 464/80 frá 13. október 1980).

g) Iðgjaldsfrjáls ellilífeyrir (lagaúrskurður nr. 464/80 frá 13. október 1980).

h) Viðbótarlífeyrir vegna alvarlegrar örorku (lagaúrskurður nr. 160/80 frá 27. maí 1980).

i) Iðgjaldsfrjáls ekknalífeyrir (reglugerðarúrskurður nr. 52/81 frá 11. nóvember 1981).

M. FINNLAND

a) Greiðslur vegna umönnunar barna (Lög um greiðslur vegna umönnunar barna, 444/69).

b) Greiðslur til fatlaðra (Lög um greiðslur til fatlaðra, 124/88).

c) Húsnæðisgreiðslur til lífeyrisþega (Lög um húsnæðisgreiðslur til lífeyrisþega, 591/78).

d) Grunngreiðslur vegna atvinnuleysis (Lög um greiðslur vegna atvinnuleysis, 602/84) ef viðkomandi uppfyllir ekki samsvarandi skilyrði um tekjutengdar greiðslur vegna atvinnuleysis.

N. SVÍÞJÓÐ

a) Húsnæðisuppbót sveitarfélags á grunnlífeyri (Lög 1962: 392, endurprentuð 1976: 1014).

b) Greiðslur til fatlaðra sem greiðast ekki lífeyrisþega (Lög 1962: 381, endurprentuð 1982: 120).

c) Umönnunargreiðslur vegna fatlaðra barna (Lög 1962: 381, endurprentuð 1982: 120).

O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

a) ...

b) Umönnunargreiðslur vegna öryrkja (almannatryggingalög 1975 frá 20. mars 1975, 37. þáttur og almannatryggingalög 1975 (Norður-Írland) frá 20. mars 1975, 37. þáttur).

c) Fjölskylduuppbót (almannatryggingalög 1986 frá 25. júlí 1986, 20. til 22. þáttur og almannatryggingareglur 1986 (Norður-Írland) frá 5. nóvember 1986, 21. til 23. gr.).

d) Umönnunargreiðslur (almannatryggingalög 1975 frá 20. mars 1975, 35. þáttur og almannatryggingalög 1975 (Norður-Írland) frá 20. mars 1975, 35. þáttur).

e) Tekjuuppbót (almannatryggingalög 1986 frá 25. júlí 1986, 20. til 23. þáttur og almannatryggingareglur 1986 (Norður-Írland) frá 5. nóvember 1986, 21. til 28. gr.).

f) Framfærslugreiðslur til fatlaðra einstaklinga (lög um framfærslu- og atvinnugreiðslur til fatlaðra 1991 frá 27. júní 1991, 1. þáttur og reglur um framfærslu- og atvinnugreiðslur til fatlaðra 1991 (Norður-Írland) frá 24. júlí 1991, 3. gr.).

g) Atvinnugreiðslur til fatlaðra einstaklinga (lög um framfærslu- og atvinnugreiðslur til fatlaðra 1991 frá 27. júní 1991, 6. þáttur og reglur um framfærslu- og atvinnugreiðslur til fatlaðra 1991 (Norður-Írland) frá 24. júlí 1991, 8. gr.).

h) Tekjutengdar greiðslur fyrir fólk í atvinnuleit (lög um fólk í atvinnuleit 1995 (Jobseekers Act 1995), frá 28. júní 1995, ii-liður í d-lið 2. liðar og 3. liður í I. þætti, og reglur um fólk í atvinnuleit (Jobseekers Order 1995) (Norður-Írland), 18. október 1995, ii-liður í d-lið 2. mgr. 3. gr. og 5. gr.).

III. VIÐAUKI (A) (B) (6) (7) (12) (14) (15)

ÁKVÆÐI SAMNINGA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI SEM GILDA ÁFRAM ÞRÁTT FYRIR 6. GR. REGLUGERÐARINNAR — ÁKVÆÐI SAMNINGA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI SEM GILDA EKKI UM ALLA ÞÁ EINSTAKLINGA SEM REGLUGERÐIN NÆR TIL

(c-liður 2. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar)

Almennar athugasemdir

1. Þar sem í viðauka þessum er vísað til ákvæða annarra samninga skulu vísanir í samsvarandi ákvæði þessarar reglugerðar koma í stað þessara vísana, nema ákvæði samninga þeirra sem í hlut eiga komi sjálf fram í viðaukanum.

2. Uppsagnarákvæði í samningi um félagslegt öryggi gilda einnig um þau ákvæði samningsins sem tekin hafa verið upp í viðauka þennan.

A. **Ákvæði samninga um félagslegt öryggi sem gilda áfram þrátt fyrir 6. gr. reglugerðarinnar.** (c-liður 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar)

1. BELGÍA – DANMÖRK
   Enginn samningur.

2. BELGÍA – ÞÝSKALAND

   a) Ákvæði 3. og 4. gr. lokabókunar frá 7. desember 1953 við almenna samninginn frá þeim degi, í þeirri gerð sem fram kemur í viðbótarbókun frá 10. nóvember 1960.

   b) Viðbótarsamningur nr. 3 frá 7. desember 1957 við almenna samninginn frá þeim degi, í þeirri gerð sem fram kemur í viðbótarbókun frá 10. nóvember 1960 (lífeyrisgreiðslur fyrir tímabil á undan gildistöku almenna samningsins).

3. BELGÍA – SPÁNN
   Engin.

4. BELGÍA – FRAKKLAND

   a) Ákvæði 13., 16. og 23. gr. viðbótarsamnings frá 17. janúar 1948 við almenna samninginn frá þeim degi (um menn í námuvinnu og sambærilegum störfum).

   b) Bréfaskipti frá 27. febrúar 1953 (um beitingu 2. mgr. 4. gr. almenna samningsins frá 17. janúar 1948).

   c) Bréfaskipti frá 29. júlí 1953 um greiðslur til aldraðra launþega.

5. BELGÍA – GRIKKLAND
   Ákvæði 2. mgr. 15. gr., 2. mgr. 35. gr. og 37. gr. almenna samningsins frá 1. apríl 1958.

6. BELGÍA – ÍRLAND
   Enginn samningur.

7. BELGÍA – ÍTALÍA
   Ákvæði 29. gr. samningsins frá 30. apríl 1948.

8. BELGÍA – LÚXEMBORG

   Ákvæði 2. og 4. gr. samningsins frá 27. október 1971 (almannatryggingar handan hafs).

9. BELGÍA – HOLLAND
   Ákvæði 2. og 4. gr. samningsins frá 4. febrúar 1969 (starf handan hafs).

10. BELGÍA – AUSTURRÍKI

a) Ákvæði 4. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 4. apríl 1977 að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) Ákvæði III. liðar í lokabókun við framangreindan samning að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

11. BELGÍA – PORTÚGAL

Ákvæði 1. og 5. gr. samningsins frá 13. janúar 1965 (almannatryggingar launþega í Belgísku Kongó og Rúanda-Úrúndí), samkvæmt orðalagi samningsins sem gerður var með bréfaskiptum frá 18. júní 1982.

12. BELGÍA – FINNLAND

Enginn samningur.

13. BELGÍA – SVÍÞJÓÐ

Enginn samningur.

14. BELGÍA – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Engin.

15. DANMÖRK – ÞÝSKALAND

a) Ákvæði 15. liðar lokabókunar samningsins um félagslegar tryggingar frá 14. ágúst 1953.

b) Viðbótarsamningur frá 14. ágúst 1953 við áðurnefndan samning.

16. DANMÖRK – SPÁNN

Enginn samningur.

17. DANMÖRK – FRAKKLAND

Engin.

18. DANMÖRK – GRIKKLAND

Enginn samningur.

19. DANMÖRK – ÍRLAND

Enginn samningur.

20. DANMÖRK – ÍTALÍA

Enginn samningur.

21. DANMÖRK – LÚXEMBORG

Enginn samningur.

22. DANMÖRK – HOLLAND

Enginn samningur.

23 DANMÖRK – AUSTURRÍKI

a) Ákvæði 4. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 16. júní 1987 að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) Ákvæði I. liðar í lokabókun við framangreindan samning að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

24. DANMÖRK – PORTÚGAL

Enginn samningur.

25. DANMÖRK – FINNLAND

Ákvæði 10. gr. samnings Norðurlanda um félagslegt öryggi frá 15. júní 1992.

26. DANMÖRK – SVÍÞJÓÐ

Ákvæði 10. gr. samnings Norðurlanda um félagslegt öryggi frá 15. júní 1992.

27. DANMÖRK – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Engin.

28. ÞÝSKALAND – SPÁNN

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 45. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 4. desember 1973.

29. ÞÝSKALAND – FRAKKLAND

a) Ákvæði 1. mgr. 11. gr., önnur málsgrein 16. gr. og 19. gr. almenna samningsins frá 10. júlí 1950.

b) Ákvæði 9. gr. viðbótarsamnings nr. 1 frá 10. júlí 1950 við almenna samninginn frá þeim degi (um menn í námuvinnu og sambærilegum störfum).

c) Viðbótarsamningur nr. 4 frá 10. júlí 1950 við almenna samninginn frá þeim degi, í þeirri gerð sem fram kemur í viðbótarþætti nr. 2 frá 18. júní 1955.

d) Ákvæði I. og III. bálks viðbótarþáttar nr. 2 frá 18. júní 1955.

e) Ákvæði 6., 7. og 8. tölul. í almennu bókuninni frá 10. júlí 1950 við almenna samninginn frá þeim degi.

f) Ákvæði II., III. og IV. bálks samnings frá 20. desember 1963 (um félagslegt öryggi í Saarlandi).

30. ÞÝSKALAND – GRIKKLAND

a) Ákvæði 2. mgr. 5. gr. almenna samningsins frá 25. apríl 1961.

b) Ákvæði 1. mgr., b-liður 2. mgr. og 3. mgr. 8. gr. og 9. - 11. gr. og I. og IV. kafli, að svo miklu leyti sem þeir varða þessar greinar, samningsins um atvinnuleysistryggingar frá 31. maí 1961, ásamt athugasemd í fundargerð frá 13. júní 1980.

c) Bókun frá 7. október 1991 í tengslum við samninginn frá 6. júlí 1984 milli ríkisstjórnar Þýska alþýðulýðveldisins og ríkisstjórnar Lýðveldisins Grikklands um úrlausn álitamála er tengjast lífeyri.

31. ÞÝSKALAND – ÍRLAND

Enginn samningur.

32. ÞÝSKALAND – ÍTALÍA

a) Ákvæði 3. gr. (2. mgr.), 23. gr. (2. mgr.), 26. gr. og 36. gr. (3. mgr.) samningsins frá 5. maí 1953 (um félagslegar tryggingar).

b) Viðbótarsamningur frá 12. maí 1953 við samninginn frá 5. maí 1953 (um lífeyrisgreiðslur fyrir tímabil áður en samningurinn tók gildi).

33. ÞÝSKALAND – LÚXEMBORG

Ákvæði 4., 5., 6. og 7. gr. sáttmálans frá 11. júlí 1959 (Ausgleichsvertrag; sættir í deilu Þýskalands og Lúxemborgar).

34. ÞÝSKALAND – HOLLAND

a) Ákvæði 2. mgr. 3. gr. samningsins frá 29. mars 1951.

b) Ákvæði 2. og 3. gr. viðbótarsamnings nr. 4 frá 21. desember 1956 við samninginn frá 29. mars 1951 (um uppgjör vegna réttinda sem hollenskir vinnandi menn hafa aflað sér samkvæmt þýska almannatryggingakerfinu frá 13. maí 1940 til 1. september 1945).

35. ÞÝSKALAND – AUSTURRÍKI

a) Ákvæði 41. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 22. desember 1966, eins og honum var breytt með viðbótarsamningi nr. 1 frá 10. apríl 1969, nr. 2 frá 29. mars 1974 og nr. 3 frá 29. ágúst 1980.

b) Ákvæði 3. mgr. (c- og d-liður), 17. mgr., 20. mgr. (a-liður) og 21. mgr. lokabókunar við framangreindan samning.

c) Ákvæði 3. gr. við framangreindan samning að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

d) Ákvæði g-liðar 3. mgr. lokabókunar við framangreindan samning að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

e) Ákvæði 1. mgr. 4. gr. samningsins að því er varðar þýska löggjöf en samkvæmt henni skal ekki greiða bætur vegna slysa (eða atvinnusjúkdóma) sem orðið hafa eða komið hafa upp utan Sambandslýðveldisins Þýskalands né heldur vegna tryggingatímabila sem hefur verið lokið utan þess, eða skuli aðeins greiðast með tilteknum skilyrðum, þegar þeir sem njóta myndu bótaréttar eru búsettir utan Sambandslýðveldisins Þýskalands, en í því tilviki:

i) bæturnar hafa þegar verið greiddar eða koma til greiðslu 1. janúar 1994;

ii) bótaþegi hefur hafið fasta búsetu í Austurríki fyrir 1. janúar 1994 og lífeyrisgreiðslur sem greiða ber samkvæmt lífeyris- og slysatryggingu hefjast fyrir 31. desember 1994;

þetta gildir einnig um tímabil þar sem aðrar lífeyrisgreiðslur, svo sem eftirlifendalífeyrir, hafa verið þegnar í stað upphaflega lífeyrisins þegar útborgunartímabilin koma hvert á eftir öðru án þess að hlé verði á.

f) Ákvæði b-liðar 19. mgr. lokabókunar við framangreindan samning. Við beitingu c-liðar 3. liðar þessa ákvæðis skal þar til bær stofnun ekki taka tillit til hærri fjárhæðar en ber að greiða vegna samsvarandi tímabila sem þessari stofnun ber að greiða.

g) Ákvæði 2. gr. viðbótarsamnings nr. 1 frá 10. apríl 1969 við framangreindan samning.

h) Ákvæði 5. mgr. 1. gr. og 8. gr. samnings um atvinnuleysistryggingar frá 19. júlí 1978.

i) Ákvæði 10. mgr. lokabókunar við framangreindan samning.

36. ÞÝSKALAND – PORTÚGAL

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samnings frá 6. nóvember 1964.

37. ÞÝSKALAND – FINNLAND

a) Ákvæði 4. gr. við samning um félagslegt öryggi frá 23. apríl 1979.

b) Ákvæði a-liðar 9. liðar lokabókunar við framangreindan samning.

38. ÞÝSKALAND – SVÍÞJÓÐ

a) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. við samning um félagslegt öryggi frá 27. febrúar 1976.

b) Ákvæði a-liðar 8. liðar lokabókunar við framangreindan samning.

39. ÞÝSKALAND – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

a) Ákvæði 1. og 6. mgr. 3. gr. og 2.– 6. mgr. 7. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 20. apríl 1960.

b) Ákvæði 2.– 7. gr. lokabókunar við samninginn um félagslegt öryggi frá 20. apríl 1960.

c) Ákvæði 5. mgr. 2. gr. og 2.– 6. mgr. 5. gr. samningsins um atvinnuleysistryggingar frá 20. apríl 1960.

40. SPÁNN – FRAKKLAND

Engin.

41. SPÁNN – GRIKKLAND

Enginn samningur.

42. SPÁNN – ÍRLAND

Enginn samningur.

43. SPÁNN – ÍTALÍA

Ákvæði 5. gr., c-liðar 1. mgr. 18. gr. og 23. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 30. október 1979.

44. SPÁNN – LÚXEMBORG

a) Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samnings frá 8. maí 1969.

b) Ákvæði 1. gr. framkvæmdarsamnings frá 27. júní 1975 varðandi beitingu samningsins frá 8. maí 1969 með tilliti til sjálfstætt starfandi einstaklinga.

45. SPÁNN – HOLLAND

Ákvæði 2. mgr. 23. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 5. febrúar 1974.

46. SPÁNN – AUSTURRÍKI

a) Ákvæði 4. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 6. nóvember 1981 að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) Ákvæði II. liðar í lokabókun við framangreindan samning að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

47. SPÁNN – PORTÚGAL

Ákvæði 2. mgr. 4. gr., 2. mgr. 16. gr. og 22. gr. almenns samnings frá 11. júní 1969.

48. SPÁNN – FINNLAND

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 19. desember 1985.

49. SPÁNN – SVÍÞJÓÐ

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. og 16. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 29. júní 1983.

50. SPÁNN – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Engin.

51. FRAKKLAND – GRIKKLAND

Fjórða undirgrein 16. gr. og 30. gr. almenna samningsins frá 19. apríl 1958.

52. FRAKKLAND – ÍRLAND

Enginn samningur.

53. FRAKKLAND – ÍTALÍA

a) Ákvæði 20. og 24. gr. almenna samningsins frá 31. mars 1948.

b) Bréfaskipti frá 3. mars 1956 (um sjúkrabætur til handa launþegum í árstíðabundnum landbúnaðarstörfum).

54. FRAKKLAND – LÚXEMBORG

Ákvæði 11. og 14. gr. viðbótarsamnings frá 12. nóvember 1949 við almenna samninginn frá þeim degi (um menn í námuvinnu og sambærilegum störfum).

55. FRAKKLAND – HOLLAND

Ákvæði 11. gr. viðbótarsamnings frá 1. júní 1954 við almenna samninginn frá 7. janúar 1950 (um menn í námuvinnu og sambærilegum störfum).

56. FRAKKLAND – AUSTURRÍKI

Engin.

57. FRAKKLAND – PORTÚGAL

Engin.

58. FRAKKLAND – FINNLAND

Engin.

59. FRAKKLAND – SVÍÞJÓÐ

Engin.

60. FRAKKLAND – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Bréfaskipti frá 27. og 30. júlí 1970 um stöðu, að því er varðar félagslegt öryggi, kennara frá Breska konungsríkinu sem starfa tímabundið í Frakklandi á grundvelli menningarsáttmálans frá 2. mars 1948.

61. GRIKKLAND – ÍRLAND

Enginn samningur.

62. GRIKKLAND – ÍTALÍA

Enginn samningur.

63. GRIKKLAND – LÚXEMBORG

Enginn samningur.

64. GRIKKLAND – HOLLAND

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. almenna samningsins frá 13. september 1966.

65. GRIKKLAND – AUSTURRÍKI

a) Ákvæði 4. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 14. desember 1979 eins og honum var breytt með viðbótarsamningi frá 21. maí 1986 að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) Ákvæði II. liðar í lokabókun við framangreindan samning að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

66. GRIKKLAND – PORTÚGAL

Enginn samningur.

67. GRIKKLAND – FINNLAND

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. og 21. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 11. mars 1988.

68. GRIKKLAND – SVÍÞJÓÐ

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. og 23. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 5. maí 1978, eins og honum var breytt með viðbótarsamningi frá 14. september 1984.

69. GRIKKLAND – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Enginn samningur.

70. ÍRLAND – ÍTALÍA

Enginn samningur.

71. ÍRLAND – LÚXEMBORG

Enginn samningur.

72. ÍRLAND – HOLLAND

Enginn samningur.

73. ÍRLAND – AUSTURRÍKI

Ákvæði 4. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 30. september 1988 að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

74. ÍRLAND – PORTÚGAL

Enginn samningur.

75. ÍRLAND – FINNLAND

Enginn samningur.

76. ÍRLAND – SVÍÞJÓÐ

Enginn samningur.

77. ÍRLAND – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Ákvæði 8. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 14. september 1971.

78. ÍTALÍA – LÚXEMBORG

Ákvæði 2. mgr. 18. gr. og 24. gr. almenna samningsins frá 29. maí 1951.

79. ÍTALÍA – HOLLAND

Ákvæði 2. mgr. 21. gr. almenna samningsins frá 28. október 1952.

80. ÍTALÍA – AUSTURRÍKI

a) Ákvæði 3. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 9. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 21. janúar 1981.

b) Ákvæði 4. gr. framangreinds samnings og 2. mgr. lokabókunar við framangreindan samning að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

81. ÍTALÍA – PORTÚGAL

Enginn samningur.

82. ÍTALÍA – FINNLAND

Enginn samningur.

83. ÍTALÍA – SVÍÞJÓÐ

Ákvæði 20. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 25. september 1979.

84. ÍTALÍA – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Engin.

85. LÚXEMBORG – HOLLAND

Engin.

86. LÚXEMBORG – AUSTURRÍKI

a) Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 21. desember 1971 eins og honum var breytt með viðbótarsamningi nr. 1 frá 16. maí 1973 og nr. 2 frá 9. október 1978.

b) Ákvæði 2. mgr. 3. gr. framangreinds samnings að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

c) Ákvæði II. liðar í lokabókun við framangreindan samning að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

87. LÚXEMBORG – PORTÚGAL

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. samnings frá 12. febrúar 1965.

88. LÚXEMBORG – FINNLAND

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 15. september 1988.

89. LÚXEMBORG – SVÍÞJÓÐ

a) Ákvæði 4. gr. og 1. mgr. 29. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 21. febrúar 1985 að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) Ákvæði 30. gr. framangreinds samnings.

90. LÚXEMBORG – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Engin.

91. HOLLAND – AUSTURRÍKI

a) Ákvæði 3. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 7. mars 1974 eins og honum var breytt með viðbótarsamningi frá 5. nóvember 1980 að því er varðar þá sem eru búsettir í þriðja ríki.

3. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem er ekki lengur tryggður samkvæmt spænskri löggjöf telst vera tryggður þegar áhættan kemur fram, að því er varðar framkvæmd ákvæða 3. kafla III. bálks reglugerðarinnar, enda sé hann tryggður samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis þegar áhættan kemur fram eða, ef svo er ekki, á rétt á bótum vegna sömu áhættu samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis. Síðara skilyrðinu telst þó fullnægt í því tilviki sem um getur í 1. mgr. 48. gr.

4. a) Við beitingu 47. gr. reglugerðarinnar skal útreikningur á spænsku viðmiðunarfjárhæðinni byggður á raunverulegum iðgjöldum hins tryggða einstaklings næstu ár á undan síðustu iðgjaldagreiðslu til spænsku almannatrygginganna.

   b) Lífeyrisfjárhæðin sem þannig er ákvörðuð skal hækkuð um hækkunar- og endurmatsfjárhæðina sem er reiknuð fyrir hvert ár á eftir og allt fram að árinu er fer á undan árinu er áhættan kemur fram á sama hátt og annar lífeyrir sömu tegundar.

E. FRAKKLAND

1. a) Bætur til aldraðra launþega svo og bætur til aldraðra sjálfstætt starfandi einstaklinga og greiðslur vegna elli til fólks í landbúnaðarstörfum sem kveðið er á um í franskri löggjöf handa frönskum vinnandi mönnum, skulu veittar öllum launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum, sem eru ríkisborgarar annarra aðildarríkja, samkvæmt þessum skilyrðum, séu þeir búsettir á frönsku yfirráðasvæði á þeim tíma er þeir leggja fram kröfu um bætur.

b) Hið sama gildir um flóttamenn og ríkisfangslausa menn.

c) Ákvæði reglugerðarinnar hafa ekki áhrif á ákvæði franskra laga, en þau taka aðeins til greina starfstímabil launþega eða jafngild tímabil eða, eftir því sem við á, starfstímabil sjálfstætt starfandi einstaklinga sem viðkomandi hefur lokið á frönsku yfirráðasvæði í Evrópu, eða í frönsku umdæmunum utan Evrópu (Guadeloupe, Guiana, Martinique og Réunion), þegar metnar eru greiðslur til aldraðra launþega.

2. Sérstakar greiðslur og uppsafnaðar bætur, sem kveðið er á um í sérstakri löggjöf um tryggingar í námuvinnu, skulu aðeins greiðast launþegum sem starfa í frönskum námum.

3. Lög nr. 65–555 frá 10. júlí 1965, er veita frönskum ríkisborgurum sem stunda eða hafa stundað atvinnustarfsemi erlendis aðgang að frjálsu tryggingakerfi vegna ellilífeyris, gilda um ríkisborgara annarra aðildarríkja að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

— atvinnustarfsemi, sem veitir aðgang að frjálsri tryggingu samkvæmt franska kerfinu, má hvorki vera né hafa verið stunduð á frönsku yfirráðasvæði né á yfirráðasvæði þess aðildarríkis þar sem launþeginn eða sjálfstætt starfandi einstaklingurinn á ríkisfang,

— er launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur leggur fram bótakröfu verður hann annaðhvort að sanna að hann hafi verið búsettur í Frakklandi eigi skemur en í tíu ár, samfellt eða ekki, eða að hann hafi um jafnlangt skeið heyrt undir franska löggjöf um skyldutryggingar eða frjálsar viðvarandi tryggingar.

4. Einstaklingur sem heyrir undir franska löggjöf á rétt á að fá greiddar eftirtaldar fjölskyldubætur, vegna aðstandenda sem dvelja með honum í aðildarríkinu þar sem hann gegnir störfum, samkvæmt 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 4. gr. a í reglugerðinni:

a) greiðsla vegna ungbarna sem veitt er fram að þriggja mánaða aldri;

b) fjölskyldubætur sem greiddar eru samkvæmt 73. gr. reglugerðarinnar.

5. Þegar reikna skal út viðmiðunarfjárhæð þá sem getið er í a-lið 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar skal, þegar um er að ræða ellilífeyri reiknaðan á grundvelli eftirlaunastiga, þar til bær stofnun taka tillit til, hvað varðar tryggingaár sem lokið er samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, heildarfjölda eftirlaunastiga sem eru fengin með því að deila með samsvarandi fjölda ára í þann fjölda stiga sem safnað hefur verið samkvæmt löggjöf sem um þau gildir.

6. a) Þeir sem sækja vinnu yfir landamæri og starfa sem launþegar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en Frakklands en hafa búsetu í frönsku sýslunum Haut-Rhin, Bas-Rhin og Moselle, eiga í þessum sýslum rétt á aðstoð samkvæmt sérstökum reglum fyrir Elsass-Lótringen sem kveðið er á um í lögum nr. 46 – 1428 frá 12. júní 1946 og nr. 67 – 814 frá 25. september 1967, í samræmi við 19. gr. reglugerðarinnar.

b) Ákvæði þessi gilda á hliðstæðan hátt um þá sem eiga rétt samkvæmt 2. og 3. mgr. 25. gr. og 28. og 29. gr. reglugerðarinnar.

7. Þrátt fyrir ákvæði 73. og 74. gr. reglugerðarinnar skulu húsnæðisgreiðslur, umönnunargreiðsla vegna barna og foreldragreiðsla aðeins veittar hlutaðeigandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem búsettir eru á frönsku yfirráðasvæði.

8. Launþegi sem heyrir ekki lengur undir franska löggjöf um ekknatryggingu í franska almannatryggingakerfinu eða bótakerfi landbúnaðarverkamanna telst hafa réttarstöðu tryggðs einstaklings samkvæmt slíkri löggjöf þegar áhættan kemur fram, að því er varðar framkvæmd ákvæða 3. kafla III. bálks reglugerðarinnar, enda sé hann tryggður sem launþegi samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis þegar áhættan kemur fram eða, ef svo er ekki, á rétt á eftirlifendabótum samkvæmt löggjöf um launþega í öðru aðildarríki. Þessu skilyrði telst þó fullnægt í því tilviki sem um getur í 1. mgr. 48. gr.

F. GRIKKLAND

1. .....

2. Lög nr. 1469/84 um frjálsa þátttöku grískra ríkisborgara eða erlendra ríkisborgara af grískum uppruna í lífeyristryggingum gilda um ríkisborgara annarra aðildarríkja, um ríkisfangslausa menn og flóttamenn sem búa á yfirráðasvæði aðildarríkis samkvæmt annarri undirgrein.

Að öðrum skilyrðum þessara laga uppfylltum er hægt að greiða iðgjöldin:

a) ef hlutaðeigandi einstaklingur er heimilisfastur eða býr á yfirráðasvæði aðildarríkis og hefur einhvern tíma áður greitt skylduiðgjöld í grísku lífeyristryggingakerfið, eða

b) ef hlutaðeigandi einstaklingur, án tillits til heimilisfestu eða búsetu, hefur annaðhvort búið í Grikklandi í tíu ár samtals, hvort sem um samfellda búsetu er að ræða eða ekki, eða hefur áður heyrt undir grísku löggjöf í 1 500 daga að eigin ósk eða skyldugur.

3. Þrátt fyrir gildandi ákvæði í lögum sem OGA starfar eftir ber að líta á tímabil þar sem bætur eru greiddar vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms samkvæmt löggjöf aðildarríkja, þegar sérstaklega er kveðið á um slíka áhættu, sem tryggingatímabil samkvæmt þeirri löggjöf sem OGA starfar eftir, í skilningi r-liðar 1. gr. reglugerðarinnar, enda falli þau saman við starfstímabil á sviði landbúnaðar í Grikklandi.

4. Eftir grískri löggjöf er beiting 2. mgr. 49. gr. reglugerðarinnar háð því skilyrði að nýi útreikningurinn sem um getur í framangreindri grein hafi ekki neikvæð áhrif á hagsmuni hlutaðeigandi einstaklings.

5. Ef gert er ráð fyrir því í reglum grísku viðbótarlífeyrissjóðanna („επικουρικά ταμεία") að tímabil með skyldubundinni ellilífeyristryggingu, sem er lokið hjá lögboðnum grískum tryggingastofnunum („κύριας ασφάλισης"), séu viðurkennd, skulu reglurnar einnig gilda um tímabil með skyldubundinni lífeyristryggingu, sem er lokið samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, og sem falla undir gildissvið reglugerðarinnar.

6. Líta ber á launþega, sem bar skylda til að vera í lífeyristryggingakerfi annars aðildarríkis en Grikklands til 31. desember 1992, og sem falla undir lögboðnar almannatryggingar í Grikklandi (lögboðið grunnkerfi) í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1993 sem „áður tryggða einstaklinga" í samræmi við ákvæði laga nr. 2084/92.

G. ÍRLAND

1. Launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar, atvinnulausir einstaklingar, krefjendur um lífeyri og lífeyrisþegar ásamt aðstandendum sem greint er frá í 19. (1. mgr.), 22. (1. og 3. mgr.), 25. (1. og 3. mgr.), 26. (1. mgr.), 28. a, 29. og 31. gr. reglugerðarinnar sem búsettir eru eða dveljast á Írlandi eiga rétt á allri læknismeðferð, sem kveðið er á um í írskri löggjöf, sér að kostnaðarlausu, ef stofnun í öðru aðildarríki en Írlandi greiðir kostnaðinn.

2. Aðstandendur launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings sem heyrir undir löggjöf annars aðildarríkis en Írlands og fullnægir skilyrðum fyrir rétti til bóta samkvæmt þeirri löggjöf, að teknu tilliti til 18. gr. reglugerðarinnar, eftir því sem við á, eiga rétt á allri læknismeðferð sem kveðið er á um í írskri löggjöf sér að kostnaðarlausu ef þeir eru búsettir á Írlandi.

   Stofnun sú er launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur er tryggður hjá ber kostnað af slíkum bótum.

   Ef maki launþega eða hins sjálfstætt starfandi einstaklings, eða þess einstaklings sem hefur umsjá með börnum, stundar atvinnustarfsemi á Írlandi skal írsk stofnun greiða fjölskyldubætur, að því tilskildu að viðkomandi hafi öðlast rétt til bóta eingöngu samkvæmt ákvæðum írskra laga.

3. Ef launþegi sem heyrir undir írska löggjöf hverfur frá yfirráðasvæði aðildarríkis til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis vegna atvinnu sinnar og verður fyrir slysi áður en hann kemst á ákvörðunarstað, skal hann fá bætur vegna umrædds slyss:

   a) eins og slysið hafi átt sér stað á írsku yfirráðasvæði; og

   b) án þess að tekin sé til greina fjarvera hans frá írsku yfirráðasvæði þegar ákvarða skal hvort hann hafi með starfi sínu verið tryggður samkvæmt umræddri löggjöf.

4. .....

5. Þegar reikna skal út tekjur við veitingu tekjutengdra bóta samkvæmt írskri löggjöf vegna atvinnuleysis, skal færa launþega til tekna, þrátt fyrir 1. mgr. 23. gr. og 68. gr. reglugerðarinnar, upphæð jafna meðalvikulaunum karlkyns eða kvenkyns launþega þess árs, eftir því sem við á, fyrir hverja vinnuviku hlutaðeigandi tekjuskattsárs sem viðkomandi hefur lokið samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis.

6. Við beitingu ii-liðar í a-lið 3. mgr. 40. gr. skal einungis tekið tillit til þeirra tímabila þegar launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur var óvinnufær í skilningi írskra laga.

7. Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. telst launþegi greinilega hafa farið fram á frestun ellilífeyris, sem hann á rétt á samkvæmt írskri löggjöf, ef hann leggur ekki niður störf við eftirlaunaaldur þegar slíkt er gert að skilyrði fyrir greiðslu ellilífeyris.

8. .....

9. Atvinnulaus einstaklingur sem snýr aftur til Írlands að loknu þriggja mánaða bótatímabili samkvæmt írskri löggjöf vegna beitingar 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar á rétt á að sækja um atvinnuleysisbætur, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 69. gr., fullnægi hann skilyrðum fyrrnefndrar löggjafar.

10. Tímabil sem fellur undir írska löggjöf samkvæmt f-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar er ekki hægt að :

    i) taka til greina, samkvæmt því ákvæði, sem tímabil sem fellur undir írska löggjöf vegna III. bálks reglugerðarinnar, né

    ii) getur það gert Írland að lögbæru ríki vegna veitingar bóta sem kveðið er á um í 18., 38. eða 39. (1. mgr.) gr. reglugerðarinnar.

H. ÍTALÍA

Engin

I. LÚXEMBORG

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 94. gr. reglugerðarinnar skal því aðeins taka til greina tryggingatímabil eða jafngild tímabil, sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur lokið fyrir 1. janúar 1946, eða fyrir dag sem er tiltekinn í tvíhliða samningi, samkvæmt löggjöf í Lúxemborg um lífeyristryggingar vegna örorku, elli og andláts við beitingu umræddrar löggjafar, að hlutaðeigandi einstaklingur geti sýnt fram á að hann hafi lokið sex mánaða tryggingatímabili samkvæmt löggjöf í Lúxemborg eftir umrædda dagsetningu. Séu margir tvíhliða samningar í gildi skal taka til greina þau tryggingatímabil eða jafngild tímabil sem elst eru.

2. Tryggingatímabil launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga sem búsettir eru utan yfirráðasvæðis Lúxemborgar sem lokið er samkvæmt löggjöf í Lúxemborg skulu metin, frá 1. október 1972, til jafns við búsetutímabil þegar greiða skal hinn fasta hluta lífeyrisgreiðslna í Lúxemborg.

3. Önnur undirgrein 2. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar hefur ekki áhrif á gildi ákvæða í löggjöf Lúxemborgar sem kveða á um að ekki sé hægt að neita einstaklingum um heimild sem sjúkrasjóðurinn veitir vegna læknismeðferðar erlendis þegar ekki er hægt að fá viðeigandi meðferð í Stórhertogadæminu.

4. Með það fyrir augum að taka til greina tryggingatímabil sem kveðið er á um í 7. mgr. 171. gr. almannatryggingalaganna (Code des Assurances Sociales) skal stofnun í Lúxemborg viðurkenna tryggingatímabil sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur lokið samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis eins og þau væru tímabil er lokið hefur verið samkvæmt löggjöf sem hún starfar eftir. Beiting framangreinds ákvæðis skal vera með fyrirvara um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi síðast lokið tryggingatímabilum samkvæmt löggjöf Lúxemborgar.

J. HOLLAND

1. *Tryggingar vegna læknisútgjalda*

    a) Hvað varðar rétt til bóta samkvæmt hollenskum lögum merkir hugtakið einstaklingar sem eiga rétt á aðstoð þá einstaklinga sem eru tryggðir eða meðtryggðir samkvæmt tryggingareglum hollenskra laga um sjúkratryggingasjóði að því er varðar framkvæmd 1. kafla III. bálks.

    b) .....

    c) Að því er varðar 27.– 34. gr. reglugerðarinnar skal eftirtalinn lífeyrir teljast lífeyrir sem greiða ber samkvæmt ákvæðum í b-lið (örorka) og c-lið (elli) yfirlýsingar Konungsríkisins Hollands, eins og kveðið er á um í 5. gr. reglugerðarinnar:

        — lífeyrir sem úthlutað er samkvæmt lögum frá 6. janúar 1966 (*Staatsblad* 6) um nýjar reglur er gilda um opinbera starfsmenn og eftirlifendur þeirra (lög um lífeyri fyrir opinbera starfsmenn í Hollandi)(Algemene burgerlijke pensioenwet),

— lífeyrir sem úthlutað er samkvæmt lögum frá 6. október 1966 (*Staatsblad* 445) um nýjar reglur er gilda um lífeyri fyrir hermenn og eftirlifendur þeirra (lög um lífeyri fyrir hermenn)(Algemene militaire pensioenwet),

— lífeyrir sem úthlutað er samkvæmt lögum frá 15. febrúar 1967 (*Staatsblad* 138) um nýjar reglur er gilda um lífeyri fyrir starfsfólk NV Nederlandse Spoorwegen (hollenska járnbrautafélagsins) og eftirlifendur þeirra (lög um lífeyri járnbrautastarfsmanna) (Spoorwegpensioenwet),

— lífeyrir sem úthlutað er samkvæmt reglugerð um vinnuskilyrði hollenska járnbrautafélagsins (Reglement Dienstvoorwaarden Nederlandse Spoorwegen)(RDV 1964 NS),

eða

— lífeyrisbætur sem eru veittar einstaklingum fyrir 65 ára eftirlaunaaldur samkvæmt lífeyrissjóði sem er ætlað að veita launþegum eða fyrrum launþegum elliaðstoð, eða snemmbær ellilífeyrir sem er veittur samkvæmt kerfi um snemmbæran lífeyri sem ríkið kemur á fót eða er komið á með eða samkvæmt samningi á vinnumarkaði eða kerfi sem sjúkratryggingaráðið kemur á fót.

d) Aðstandendur sem um getur í 2. mgr. 19. gr. og eru búsettir í Hollandi og launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar og aðstandendur þeirra, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 22. gr. og 3. mgr. borið saman við b-lið 1. mgr. 22. gr., 25. og 26. gr., sem eiga rétt á bótum samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis skulu ekki tryggðir samkvæmt lögum um almenna tryggingu gegn sérstökum læknisútgjöldum (Algemene Wet Bijzondere Ziektekosten, AWBZ).

2. *Beiting hollenskrar löggjafar um almennar tryggingar vegna elli (Toepassing van de Nederlandse Algemene Ouderdomswet)(AOW)*

a) Skerðing sú sem um getur í 1. mgr. 13. gr. AOW gildir ekki um almanaksár eða hluta úr almanaksári sem liðu fyrir 1. janúar 1957 þegar bótaþegi, á aldursskeiðinu 15 til 65 ára, sem var búsettur á yfirráðasvæði Hollands, fullnægði ekki skilyrðum fyrir því að fá slík ár metin sem tryggingatímabil, eða þegar hann starfaði sem launþegi í Hollandi, hjá vinnuveitanda sem hafði staðfestu í því landi, en var búsettur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. AOW skal litið svo á að þeir einstaklingar sem voru búsettir eða störfuðu í samræmi við fyrrnefnd skilyrði fyrir 1. janúar 1957 eigi einnig rétt á lífeyri.

b) Skerðingin sem um getur í 1. mgr. 13. gr. AOW skal ekki gilda um almanaksár eða hluta úr þeim sem voru liðnir fyrir 2. ágúst 1989, hafi giftur einstaklingur, eða einstaklingur sem hefur verið í hjúskap, á aldursskeiðinu 15 til 65 ára ekki verið tryggður samkvæmt áðurgreindum lögum þó að hann hafi verið búsettur í öðru aðildarríki en Hollandi, að svo miklu leyti sem almanaksárin eða hlutar þeirra falla annaðhvort saman við þau tryggingatímabil sem maki hans hefur áunnið sér samkvæmt þeirri löggjöf, að því tilskildu að hjónabandið hafi staðið yfir á þessum tímabilum, eða saman við almanaksárin eða hluta úr þeim sem taka ber tillit til samkvæmt a-lið.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. AOW á umræddur einstaklingur rétt á lífeyri.

c) Skerðingin sem um getur í 2. mgr. 13. gr. AOW skal ekki gilda um almanaksár eða hluta úr þeim sem voru liðnir fyrir 1. janúar 1957, þegar maki lífeyrisþega fullnægir ekki skilyrðum fyrir því að fá þessi ár metin sem tryggingatímabil og hefur verið búsettur í Hollandi á aldursskeiðinu 15 til 65 ára, eða þegar hann hefur starfað sem launþegi í Hollandi hjá vinnuveitanda með staðfestu í því ríki enda þótt hann hafi verið búsettur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

d) Skerðingin sem um getur í 2. mgr. 13. gr. AOW skal ekki gilda um almanaksár eða hluta úr þeim sem voru liðnir fyrir 2. ágúst 1989, þegar maki lífeyrisþega var búsettur í öðru aðildarríki en Hollandi, á aldursskeiðinu 15 til 65 ára, og var ekki tryggður samkvæmt umræddri löggjöf, að svo miklu leyti sem almanaksárin eða hlutar þeirra falla annaðhvort saman við þau tryggingatímabil sem makinn hefur áunnið sér samkvæmt þeirri löggjöf, að því tilskildu að hjónabandið hafi staðið yfir á þessum tímabilum, eða saman við almanaksárin eða hluta úr þeim sem taka ber tillit til samkvæmt a-lið.

e) Einungis má beita ákvæðum sem um getur í a-, b-, c- og d-liðum hafi viðkomandi einstaklingur búið í einu eða fleiri aðildarríkjum í sex ár eftir 59 ára aldur og á meðan hlutaðeigandi er búsettur á yfirráðasvæði eins þessara aðildarríkja.

f) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 45. gr. laga um almennar ellitryggingar (AOW) og 1. mgr. 47. gr. laga um almennar tryggingar fyrir munaðarleysingja og ekkjur (AWW) skal heimila maka launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings, sem heyrir undir skyldutryggingakerfi og er búsettur í öðru aðildarríki en Hollandi, að útvega sér frjálsar tryggingar samkvæmt þeirri löggjöf, en þó eingöngu fyrir tímabil eftir 2. ágúst 1989 þegar launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur er eða var tryggður skyldutryggingu samkvæmt fyrrnefndri löggjöf. Þessi heimild fellur úr gildi þegar skyldutrygging launþegans eða hins sjálfstætt starfandi einstaklings fellur niður.

Fyrrnefnd heimild fellur þó ekki úr gildi ef skyldutrygging launþega eða hins sjálfstætt starfandi einstaklings fellur niður vegna andláts hans og ekkja hans fær einungis lífeyri samkvæmt hollenskri löggjöf um almennar tryggingar fyrir ekkjur og munaðarleysingja (AWW).

Hvað sem öðru líður fellur heimild vegna frjálsra trygginga úr gildi þegar hinn tryggði nær 65 ára aldri.

Iðgjöld sem greidd hafa verið vegna fyrrnefndra frjálsra trygginga skulu, þegar í hlut á maki launþega eða hins sjálfstætt starfandi einstaklings sem er skyldutryggður samkvæmt hollenskri löggjöf um almennar tryggingar fyrir aldraða (AOW) og hollenskri löggjöf um almennar tryggingar fyrir ekkjur og munaðarleysingja, ákvörðuð í samræmi við ákvæði er lúta að ákvörðun iðgjalda vegna skyldutrygginga sem eru háðar tekjum sem hún/hann hefur aflað í Hollandi.

Iðgjöld vegna maka launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings sem var tryggður skyldutryggingu 2. ágúst 1989 eða eftir þann tíma skulu ákveðin í samræmi við ákvæði er lúta að ákvörðun iðgjalda frjálsra trygginga samkvæmt hollenskri löggjöf um almennar tryggingar fyrir aldraða og samkvæmt hollenskri löggjöf um almennar tryggingar fyrir ekkjur og munaðarleysingja.

g) Heimild sú sem um getur í f-lið skal einungis veitt ef maki launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings hefur tilkynnt *Sociale Verzekeringsbank* (Almannatryggingabankanum), eigi síðar en einu ári eftir að hann/hún hefur skyldutryggingatímabil sitt, um þá fyrirætlun sína að tryggja sig frjálsri tryggingu.

Eins árs tímabilið hefst 2. ágúst 1989 þegar í hlut á maki launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings sem var tryggður skyldutryggingu fram að 2. ágúst 1989.

Ekki má veita heimildina sem um getur í 4. lið f-liðar vegna maka launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings sem er ekki búsettur í Hollandi og sem ákvæði 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 14. gr. a eða 17. gr. í reglugerðinni gilda um hafi makinn, samkvæmt ákvæðum hollenskrar löggjafar einnar saman, tekið eða verið heimilt að taka frjálsa tryggingu.

h) Ákvæði a-, b-, c-, d- og f-liða skulu hvorki gilda um tímabil sem skarast við tímabil sem taka má tillit til við útreikning lífeyrisréttinda samkvæmt löggjöf um ellilífeyri í öðru aðildarríki en Hollandi né um tímabil þegar hlutaðeigandi einstaklingur fékk ellilífeyri samkvæmt slíkri löggjöf.

i) Við beitingu 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar skal einungis taka til greina sem tryggingatímabil þau tímabil sem er lokið eftir 15 ára aldur samkvæmt hollenskum lögum um almennar ellitryggingar (AOW).

3. a) Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem heyrir ekki lengur undir hollenska löggjöf um ekknatryggingu telst tryggður samkvæmt slíkri löggjöf þegar áhættan kemur fram, að því er varðar framkvæmd ákvæða 3. kafla III. bálks reglugerðarinnar, enda sé hann tryggður samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis vegna sömu áhættu eða, ef svo er ekki, á rétt á eftirlifendabótum samkvæmt löggjöf í öðru aðildarríki. Síðara skilyrðinu telst þó fullnægt í því tilviki sem um getur í 1. mgr. 48. gr.

b) Eigi ekkja rétt á, samkvæmt a-lið, ekknalífeyri samkvæmt hollenskri löggjöf um almenna tryggingu fyrir ekkjur og munaðarlaus börn skal sá lífeyrir reiknaður í samræmi við 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar.

Við beitingu þessara ákvæða skal einnig litið á tryggingatímabil sem er lokið fyrir 1. október 1959, þegar launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur verið búsettur eftir 15 ára aldur á hollensku yfirráðasvæði eða stundað launaða atvinnustarfsemi í Hollandi fyrir vinnuveitanda með staðfestu í því landi, á sama tíma og hann var búsettur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, sem tryggingatímabil sem hefur verið lokið samkvæmt fyrrgreindri hollenskri löggjöf.

c) Ekki skal tekið tillit til tímabila sem til greina koma samkvæmt b-lið ef þau falla saman við tryggingatímabil sem hefur verið lokið samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis vegna eftirlifendalífeyris.

d) Við beitingu 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar skulu einungis tryggingatímabil sem hefur verið lokið eftir 15 ára aldur samkvæmt almennum lögum um tryggingu fyrir ekkjur og munaðarlaus börn (AWW) metin sem tryggingatímabil.

4. a) Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem er ekki lengur tryggður samkvæmt lögunum frá 18. febrúar 1966 um tryggingar vegna óvinnufærni (WAO) og/eða lögunum frá 11. desember 1975 um óvinnufærni (AAW) telst vera tryggður þegar áhættan kemur fram, að því er varðar framkvæmd ákvæða 3. kafla III. bálks reglugerðarinnar, enda sé hann tryggður vegna sömu áhættu samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis eða, ef svo er ekki, á rétt á bótum vegna sömu áhættu samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis. Síðara skilyrðinu telst þó fullnægt í því tilviki sem um getur í 1. mgr. 48. gr.

b) Eigi hlutaðeigandi einstaklingur rétt á, samkvæmt a-lið, hollenskum örorkubótum skulu þær bætur metnar í samræmi við reglurnar í 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar:

i) hafi hann, samkvæmt ákvæðum framangreindra laga frá 18. febrúar 1966 (WAO), á þeim tíma er óvinnufærnin kom fram verið tryggður vegna sömu áhættu samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis sem launþegi í skilningi a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar;

ii) hafi hann, samkvæmt ákvæðum framangreindra laga frá 11. desember 1975 (AAW), á þeim tíma er óvinnufærnin kom fram:

— verið tryggður gegn áhættunni samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis en ekki sem launþegi í skilningi a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar, eða

— ekki verið tryggður gegn áhættunni samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis en getur sett fram kröfu um bætur samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis.

Sé fjárhæð bótanna sem eru reiknaðar samkvæmt ákvæðum i-liðar lægri en sú sem fæst með beitingu ákvæða ii-liðar skal síðarnefnda bótafjárhæðin greidd.

c) Við útreikning bóta sem eru greiddar samkvæmt ákvæðum framangreindra laga frá 18. febrúar 1966 (WAO) eða framangreindra laga frá 11. desember 1975 (AAW) skal hollenska stofnunin taka til greina:

— launuð starfstímabil og tímabil sem eru metin sem slík og hefur verið lokið í Hollandi fyrir 1. júlí 1967,

— tryggingatímabil sem hefur verið lokið samkvæmt framangreindum lögum frá 18. febrúar 1966 (WAO),

— tryggingatímabil sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur lokið eftir 15 ára aldur samkvæmt framangreindum lögum frá 11. desember 1975 (AAW), enda falli þau ekki saman við tryggingatímabil sem hefur verið lokið samkvæmt framangreindum lögum frá 18. febrúar 1966 (WAO).

d) Við útreikning á hollenskum örorkubótum samkvæmt 1. mgr. 40. gr. reglugerðarinnar taka hollensku stofnanirnar ekki til greina viðbótargreiðslur sem á að greiða samkvæmt ákvæðum laga um viðbótargreiðslur. Réttur til þeirrar viðbótar og fjárhæð hennar skal alfarið reiknuð á grundvelli laga um viðbótargreiðslur.

5. *Beiting hollenskrar löggjafar um fjölskyldugreiðslur*

a) Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem fær fjölskyldubætur samkvæmt hollenskri löggjöf einhvern tíma á ársfjórðungi og heyrir á fyrsta degi ársfjórðungsins undir sams konar löggjöf annars aðildarríkis telst frá þeim degi tryggður samkvæmt hollenskri löggjöf.

b) Upphæð fjölskyldubóta sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem er í samræmi við a-lið talinn tryggður samkvæmt hollenskri löggjöf um fjölskyldubætur, getur farið fram á skal ákvörðuð í samræmi við þær ítarlegu ráðstafanir framkvæmdarreglugerðarinnar sem um getur í 98. gr. reglugerðarinnar.

6. *Beiting sérstakra bráðabirgðaákvæða*

Ákvæði 1. mgr. 45. gr. gilda ekki þegar meta þarf rétt manna til bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laga um almennar tryggingar vegna elli (46. gr.), um almennar ekkna- og munaðarleysingjatryggingar og um almennar tryggingar vegna óvinnuhæfni.

K. AUSTURRÍKI

1. Við beitingu 1. kafla III. bálks við reglugerðina telst sá vera lífeyrisþegi sem fær lífeyri opinberra starfsmanna.

2. Við beitingu 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar skal ekki taka tillit til viðbótarframlaga vegna viðbótartrygginga og viðbótarbóta fyrir námumenn samkvæmt austurrískri löggjöf. Í þeim tilvikum skal hækka fjárhæðina sem er reiknuð út samkvæmt 2. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar sem nemur viðbótarframlagi vegna viðbótartrygginga og viðbótarbótum námumanna.

3. Við beitingu 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar skal við beitingu á austurrískri löggjöf telja þann dag sem hefur gildi að því varðar lífeyri (Stichtag) þann dag sem áhættan kemur fram.

4. Beiting ákvæða reglugerðarinnar má ekki leiða til rýrari réttar til bóta, í krafti austurrískrar löggjafar, þeirra sem búa við skert félagslegt öryggi af stjórnmálalegum eða trúarlegum ástæðum eða vegna uppruna síns.

L. PORTÚGAL

Opinberir starfsmenn, hvort sem þeir eru í starfi eða á eftirlaunum, og aðstandendur þeirra, sem falla undir sérstakt sjúkratryggingakerfi, geta fengið aðstoð vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar við bráðar aðstæður þegar þeir dveljast á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða fara þangað í því skyni að fá viðeigandi meðferð vegna heilsu sinnar eftir að hafa fengið leyfi til þess fyrirfram frá þar til bærri stofnun í Portúgal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í a- og c-liðum 1. mgr., öðrum málslið 2. mgr. og 3. mgr. 22. gr. og a-lið 31. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með sömu skilyrðum og launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar sem falla undir almenna almannatryggingakerfið.

M. FINNLAND

1. Til að ákveða hvort taka beri tillit til tímabils milli þess sem lífeyrisatburður á sér stað og lífeyrisaldurs (framtíðartímabil) við útreikning á fjárhæð finnsks starfslífeyris ber að taka tillit til tryggingar- eða búsetutímabila samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis við uppfyllingu skilyrðis um búsetu í Finnlandi.

2. Hafi atvinnuþátttöku í þjónustu annarra eða á eigin vegum verið hætt í Finnlandi og eigi lífeyrisatburður sér stað við störf í þjónustu annarra eða á eigin vegum í öðru aðildarríki, og taki lífeyrir samkvæmt finnskri löggjöf um starfslífeyri ekki lengur til tímabilsins milli lífeyrisatburðar og lífeyrisaldurs (framtíðartímabil), ber að taka tillit til tryggingatímabila samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis vegna kröfu um framtíðartímabil sem væru þau tryggingatímabil í Finnlandi.

3. Ef stofnun í Finnlandi ber að greiða viðbót samkvæmt finnskri löggjöf vegna tafa við afgreiðslu á umsókn um bætur skal líta svo á að umsókn sem lögð er fram í stofnun í öðru aðildarríki í því skyni að beita ákvæðum finnskrar löggjafar um slíka viðbót, hafi verið lögð fram á þeim degi sem sú umsókn, ásamt öllum nauðsynlegum fylgiskjölum, berst þar til bærri stofnun í Finnlandi.

N. SVÍÞJÓÐ

1. Við beitingu á 1. mgr. 18. gr. í því skyni að úrskurða um rétt einstaklings til foreldrabóta skal telja tryggingatímabil sem er lokið samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis en Svíþjóðar grundvallað á sömu meðaltekjum og sænsk tryggingatímabil sem þau leggjast við.

2. Ákvæði reglugerðarinnar um söfnun trygginga- og búsetutímabila gilda ekki um bráðabirgðareglur sænskrar löggjafar um rétt til hagstæðari útreiknings grunnlífeyris fyrir þá sem eru búsettir í Svíþjóð á tilteknu tímabili fyrir dagsetningu umsóknarinnar.

3. Til að úrskurða um rétt til örorku- eða eftirlifendalífeyris, er grundvallast að hluta til á tryggingatímabilum sem gera má ráð fyrir í framtíðinni, skal líta svo á að einstaklingur uppfylli kröfur um tryggingu og tekjur samkvæmt sænskri löggjöf ef hann fellur undir trygginga- eða búsetukerfi í öðru aðildarríki við störf sín þar í þjónustu annarra eða á eigin vegum.

4. Líta ber á þau ár sem er varið, samkvæmt skilyrðum sænskrar löggjafar, til umönnunar ungra barna sem tryggingatímabil vegna viðbótarlífeyris jafnvel þótt barnið og viðkomandi einstaklingur séu búsett í öðru aðildarríki, að því tilskildu að sá sem annast barnið sé í foreldraorlofi samkvæmt ákvæðum laga um réttindi til að fá leyfi vegna barnauppeldis.

O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

1. Þegar einstaklingur sem venjulega býr á Gíbraltar, eða hefur eftir að hann kom þangað síðast verið gerður iðgjaldsskyldur sem launþegi

samkvæmt þarlendri löggjöf, sækir um tímabundna undanþágu vegna óvinnuhæfni, vegna meðgöngu og fæðingar eða atvinnuleysis og fer jafnframt fram á að iðgjöld tímabilsins verði færð honum til tekna, skal meta hvert það starfstímabil sem einstaklingurinn hefur lokið sem launþegi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en Breska konungsríkisins eins og hann hafi lokið því sem launþegi á Gíbraltar og greitt iðgjöld á tímabilinu samkvæmt þarlendri löggjöf þegar umsókn hans er tekin fyrir.

2. Þegar einstaklingur getur samkvæmt breskum lögum átt tilkall til ellilífeyris ef:

   a) iðgjöld fyrrverandi maka eru talin með sem eigin iðgjöld;

      eða

   b) maki eða fyrrverandi maki þess einstaklings hefur uppfyllt viðkomandi skilyrði um iðgjöld,

   þá skulu ákvæði 3. kafla í III. bálki reglugerðarinnar gilda við ákvörðun á bótarétti samkvæmt breskum lögum að því tilskildu að maki eða fyrrverandi maki hafi verið launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem heyrði undir löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja. Í því tilviki skal túlka tilvísanir í áðurnefndum 3. kafla til „tryggingatímabila" sem áunnin réttindi af hálfu:

   i) maka eða fyrrverandi maka sé um að ræða gifta konu, ekkil eða fráskilinn einstakling sem gerir kröfu til bóta,

      eða

   ii) fyrrverandi maka sé um að ræða ekkju sem leggur fram kröfu og hafði ekki fengið eftirlifendabætur greiddar áður en hún náði eftirlaunaaldri eða sem nýtur einvörðungu aldurstengds ekkjulífeyris sem reiknaður er út samkvæmt 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar.

3. a) Ef atvinnuleysisbætur, sem kveðið er á um í löggjöf Breska konungsríkisins, eru greiddar einstaklingi samkvæmt ii-lið a-liðar eða ii-lið b-liðar 1. mgr. 71. gr. reglugerðarinnar, skal litið á tryggingatímabil, starfstímabil launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis sem viðverutímabil í Stóra-Bretlandi, eða Norður-Írlandi, eftir því sem við á, til þess að fullnægja skilyrðum sem kveðið er á um í fyrrnefndri löggjöf hvað varðar barnabætur fyrir viðverutímabil í Stóra-Bretlandi, eða Norður-Írlandi, eftir því sem við á.

   b) Ef löggjöf Breska konungsríkisins nær, samkvæmt II. bálki reglugerðarinnar, að f-lið 2. mgr. 13. gr. undanskildum, yfir launþega eða sjálfstætt starfandi einstakling sem fullnægir ekki skilyrðum sem sett eru í löggjöf Breska konungsríkisins vegna barnabóta varðandi:

      i) viðveru á Stóra-Bretlandi, eða Norður-Írlandi, eftir því sem við á, telst hann fullnægja slíkum skilyrðum, eins og hann hefði viðdvöl þar;

      ii) viðverutímabil í Stóra-Bretlandi, eða Norður-Írlandi, eftir því sem við á, skulu tryggingatímabil, starfstímabil launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings sem umræddur einstaklingur hefur lokið samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis teljast dvalartímabil í Stóra-Bretlandi eða Norður-Írlandi hvað slík skilyrði varðar.

   c) Beita skal ákvæðum a- og b-liða á hliðstæðan hátt hvað varðar umsóknir um fjölskyldugreiðslur samkvæmt löggjöf á Gíbraltar.

4. Litið skal á ekknagreiðslur sem eru veittar samkvæmt löggjöf Breska konungsríkisins sem eftirlifendagreiðslur að því er varðar 3. kafla reglugerðarinnar.

5. Við beitingu 2. mgr. 10. gr. a vegna ákvæða um rétt á umönnunargreiðslum (attendance allowance), umönnunargreiðslum vegna öryrkja (invalid care allowance) og framfærslugreiðslum til fatlaðra einstaklinga (disability living allowance) skal taka til greina starfstímabil, sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, eða búsetutímabil sem er lokið á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en Breska konungsríkisins, að svo miklu leyti sem þörf er á til að uppfylla kröfuna um búsetu í Breska konungsríkinu fyrir þann dag sem réttur til umræddra bóta kemur fyrst fram.

6. Ef launþegi sem heyrir undir löggjöf Breska konungsríkisins verður fyrir slysi eftir að hann yfirgefur yfirráðasvæði eins aðildarríkis en áður en hann kemst á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, sem hann er á leið til vegna starfs síns, skal réttur hans til bóta vegna umræddra slyss staðfestur:

   a) eins og slysið hafi átt sér stað á yfirráðasvæði Breska konungsríkisins;

og

b) til þess að fá úr því skorið hvort hann sé launþegi, samkvæmt löggjöf Stóra-Bretlands eða Norður-Írlands eða samkvæmt löggjöf Gíbraltar, með því að taka ekki tillit til fjarveru hans frá þessum yfirráðasvæðum.

7. Þessi reglugerð nær ekki til þeirra ákvæða löggjafar Breska konungsríkisins sem eiga að koma í framkvæmd samningum um félagslegt öryggi sem Breska konungsríkið hefur gert við þriðja ríki.

8. Að því er varðar 3. kafla III. bálks reglugerðarinnar skal ekki taka tillit til stighækkandi iðgjalda sem hinn tryggði hefur greitt eftir löggjöf Breska konungsríkisins eða stighækkandi eftirlaunabóta sem veittar eru samkvæmt þeim. Upphæð stighækkandi eftirlaunabóta skal bætt við fjárhæð bóta sem greiða skal samkvæmt löggjöf Breska konungsríkisins í samræmi við það sem kveðið er á um í umræddum kafla. Heildarfjárhæð þessara tveggja fjárhæða telst fjárhæð þeirra bóta sem viðkomandi einstaklingi ber í raun.

9. .....

10. Að því er varðar almannatryggingabætur án iðgjalda og reglur um atvinnuleysistryggingar (Gíbraltar) skal litið svo á að einstaklingur sem heyrir undir þessa reglugerð og er búsettur í einhverju aðildarríkjanna hafi fasta búsetu á Gíbraltar.

11. Að því er varðar 10., 27., 28., 28. a , 29., 30. og 31. gr. reglugerðarinnar er litið á umönnunargreiðslur sem veittar eru launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklingi, samkvæmt breskri löggjöf, sem örorkubætur.

12. Að því er varðar 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar skal bótaþegi sem þiggur bætur samkvæmt löggjöf Breska konungsríkisins og dvelur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis teljast búsettur á yfirráðasvæði þess aðildarríkis á meðan á dvöl hans stendur.

13.1. Þegar reikna skal út tekjuþátt í þeim tilgangi að ákvarða rétt til bóta samkvæmt löggjöf Breska konungsríkisins, með fyrirvara um 15. lið, skal hver vika, sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrði undir löggjöf annars aðildarríkis og hófst á viðkomandi tekjuskattsári, í skilningi löggjafar Breska konungsríkisins, metin á eftirfarandi hátt:

a) tímabil frá 6. apríl 1975 til 5. apríl 1987:

i) fyrir hverja þá trygginga-, starfs- eða búsetuviku sem viðkomandi lýkur sem launþegi telst hann hafa greitt iðgjöld launþega á grundvelli tekna sem jafngildar eru tveimur þriðju af hámarkstekjum þess árs;

ii) fyrir hverja þá tryggingaviku, starfsviku á eigin vegum eða búsetuviku sem viðkomandi lýkur sem sjálfstætt starfandi einstaklingur telst hann hafa greitt iðgjöld samkvæmt 2. flokki sem slíkur;

b) tímabil frá 6. apríl 1987 og síðar:

i) fyrir hverja þá trygginga-, starfs- eða búsetuviku sem viðkomandi lýkur sem launþegi telst hann hafa hlotið, og greitt iðgjöld launþega á grundvelli þeirra, vikulegar tekjur sem jafngildar eru tveimur þriðju af hámarkstekjum þeirrar viku;

ii) fyrir hverja þá tryggingaviku, starfsviku á eigin vegum eða búsetuviku sem viðkomandi lýkur sem sjálfstætt starfandi einstaklingur telst hann hafa greitt iðgjöld samkvæmt 2. flokki sem slíkur;

c) fyrir hverja heila viku sem hann hefur lokið tímabili er jafngildir tryggingatímabili, starfstímabili launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings eða búsetutímabili teljast iðgjöld eða tekjur hafa verið metin viðkomandi einstaklingi til tekna, þó einungis að því marki að tekjur hans nái því stigi sem krafist er til þess að umrætt skattaár teljist fullgilt ár í skilningi löggjafar Breska konungsríkisins um tekjufærslu iðgjalda eða tekna.

13.2 Vegna b-liðar 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar, þar sem:

a) launþegi hefur lokið trygginga-, starfs- eða búsetutímabilum alfarið í öðru aðildarríki en Breska konungsríkinu, á tekjuskattsári sem hefst 6. apríl 1975 eða síðar, og beiting i-liðar í a-lið eða i-liðar í b-lið 1. mgr. leiðir til þess að það ár er reiknað með samkvæmt breskri löggjöf vegna a-liðar 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar, þá skal sá hinn sami teljast hafa verið tryggður í 52 vikur á því ári í hinu aðildarríkinu:

b) tekjuskattsár sem hefst hinn 6. apríl 1975 eða síðar telst ekki með samkvæmt breskum lögum hvað viðkemur a-lið 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar, og skal því alfarið horft framhjá trygginga-, starfs- eða búsetutímabilum á því ári.

13.3. Þegar breyta á tekjuþætti í tryggingatímabil skal deila í tekjur viðkomandi tekjuskattsárs í skilningi löggjafar Breska konungsríkisins með lágmarkstekjum þess árs. Niðurstöðuna skal birta í heilum tölum en brotum sleppt. Niðurstöðutalan stendur síðan fyrir fjölda tryggingavikna sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf Breska konungsríkisins á því ári, að því tilskildu að talan fari ekki fram úr þeim vikufjölda á því ári sem einstaklingurinn heyrði undir umrædda löggjöf.

14. Við beitingu ii-liðar í a-lið 3. mgr. 40. gr skal einungis taka tillit til tímabila þegar launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur var óvinnufær í skilningi löggjafar Breska konungsríkisins.

15.1. Þegar reikna skal út samkvæmt a-lið 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar viðmiðunarfjárhæð þess hluta lífeyris sem samanstendur af viðbótarþætti eins og kveðið er á um í breskri löggjöf:

a) skal orðalagið „tekjur, iðgjöld eða hækkanir" í b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðarinnar túlkað sem umframtekjur samkvæmt skilgreiningu lífeyristryggingalaga frá 1975 eða lífeyristryggingatilskipunar frá 1975 (Norður-Írland), eftir því sem við á;

b) skal meðaltal umframtekna reiknað samkvæmt b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðarinnar eins og lýst er í a-lið hér á undan með því að deila uppsöfnuðum umframtekjum sem skráðar eru samkvæmt löggjöf Breska konungsríkisins með fjölda tekjuskattsára í skilningi löggjafar Breska konungsríkisins (þ.m.t. hlutar úr tekjuskattsárum) sem lokið hefur verið samkvæmt umræddri löggjöf eftir 6. apríl 1978 og falla innan viðeigandi tryggingatímabils.

15.2.) Skal orðalagið „trygginga- eða búsetutímabil" í 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar túlkað, þegar meta þarf þann þátt lífeyris sem samanstendur af viðbótarþætti í skilningi löggjafar Breska konungsríkisins, sem trygginga- eða búsetutímabil sem lokið hefur verið eftir 6. apríl 1978.

16. Atvinnulaus einstaklingur sem snýr aftur til Breska konungsríkisins að loknu þriggja mánaða tímabili sem hann þáði bætur á, samkvæmt löggjöf Breska konungsríkisins, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar, á áfram rétt á atvinnuleysisbótum, þrátt fyrir 2. mgr. 69. gr., fullnægi hann skilyrðum fyrrnefndrar löggjafar.

17. Að því er varðar rétt á greiðslum vegna alvarlegrar fötlunar skal litið svo á að launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem heyrir, eða hefur heyrt, undir löggjöf Breska konungsríkisins, samkvæmt II. bálki reglugerðarinnar, að undanskildum f-lið 2. mgr. 13. gr.:

a) hafi haldið til eða verið búsettur í Breska konungsríkinu allt það tímabil sem hann hefur verið launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur og heyrt undir löggjöf Breska konungsríkisins á sama tíma og hann hefur haldið til eða verið búsettur í öðru aðildarríki;

b) eigi rétt á að tryggingatímabil, sem hann hefur lokið sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur á yfirráðasvæði og samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, fáist metin sem viðveru- eða búsetutímabil í Breska konungsríkinu.

18. Tímabil sem fellur undir löggjöf Breska konungsríkisins samkvæmt f-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar er ekki hægt að :

i) taka til greina, samkvæmt því ákvæði, sem tímabil sem fellur undir löggjöf Breska konungsríkisins vegna III. bálks reglugerðarinnar, né

ii) getur það gert Breska konungsríkið að lögbæru ríki vegna veitingar bóta sem kveðið er á um í 18., 38. eða 39. (1. mgr.) gr. reglugerðarinnar.

19. Með fyrirvara um samninga sem hafa verið gerðir við einstök aðildarríki hættir löggjöf Breska konungsríkisins að gilda, vegna f-liðar 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar og 10. gr. b í framkvæmdarreglugerðinni, eftir þann dag sem kemur síðast af eftirfarandi þremur dögum, um einstakling sem hefur áður heyrt undir löggjöf Breska konungsríkisins sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur:

a) daginn þegar búseta viðkomandi flyst til hins aðildarríkisins sem um getur í f-lið 2. mgr. 13. gr.;

b) daginn þegar viðkomandi hætti að stunda launað starf eða sjálfstæða atvinnustarfsemi, hvort sem hún telst varanleg eða tímabundin, sem veitti honum rétt samkvæmt löggjöf Breska konungsríkisins;

c) lokadag tímabils sem viðkomandi hlaut bætur fyrir í Breska konungsríkinu vegna veikinda eða meðgöngu og fæðingar (að meðtalinni aðstoð þar sem Breska konungsríkið er lögbært ríki) eða atvinnuleysis og

i) hófst fyrir þann dag er búsetan var flutt til annars aðildarríkis eða, hafi það tímabil hafist síðar,

ii) hófst strax að aflokinni launavinnu eða sjálfstæðri atvinnustarfsemi í öðru aðildarríki er viðkomandi heyrði undir löggjöf Breska konungsríkisins.

20. Enda þótt einstaklingur hafi komist í þá aðstöðu að heyra undir löggjöf annars aðildarríkis samkvæmt f-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar, 10. gr. b í framkvæmdarreglugerðinni og 19. lið að framan, skal það ekki koma í veg fyrir:

a) að Breska konungsríkið sem lögbært ríki beiti um hann þeim ákvæðum er varða launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga í 1. kafla og 1. þætti 2. kafla III. bálks eða 2. mgr. 40. gr. reglugerðarinnar haldi hann áfram að vera í þeirri aðstöðu sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur og hafi síðast verið tryggður sem slíkur samkvæmt löggjöf Breska konungsríkisins;

b) að með hann sé farið sem launþega eða sjálfstætt starfandi einstakling að því er varðar 7. og 8. kafla III. bálks reglugerðarinnar, 10. eða 10. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni, að því tilskildu að unnt sé að greiða honum, í samræmi við a-lið, bætur Breska konungsríkisins sem falla undir 1. kafla III. bálks.

———

VII. VIÐAUKI (B) (2) (5) (6) (15)

TILVIK ÞAR SEM EINSTAKLINGUR HEYRIR SAMTÍMIS UNDIR LÖGGJÖF TVEGGJA AÐILDARRÍKJA

(b-liður 1. mgr. 14. gr. c í reglugerðinni)

1. Ef hann er sjálfstætt starfandi í Belgíu og gegnir launuðu starfi í öðru aðildarríki.

2. Þegar einstaklingur búsettur í Danmörku starfar sjálfstætt í Danmörku og gegnir launuðu starfi í öðru aðildarríki.

3. Hvað varðar slysatryggingakerfi landbúnaðarins og ellitryggingakerfi bænda: þegar hann starfar sjálfstætt sem bóndi í Þýskalandi og gegnir launuðu starfi í öðru aðildarríki.

4. Þegar einstaklingur búsettur á Spáni starfar sjálfstætt á Spáni og gegnir launuðu starfi í öðru aðildarríki.

5. Þegar hann starfar sjálfstætt í Frakklandi og gegnir launuðu starfi í öðru aðildarríki, að Lúxemborg frátöldu.

6. Þegar hann starfar sjálfstætt sem bóndi í Frakklandi og gegnir launuðu starfi í Lúxemborg.

7. Að því er varðar lífeyristryggingakerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga: Þegar hann starfar sjálfstætt í Grikklandi og gegnir launuðu starfi í öðru aðildarríki.

8. Þegar hann starfar sjálfstætt á Ítalíu og gegnir launuðu starfi í öðru aðildarríki.

9. Þegar einstaklingur starfar sjálfstætt í Austurríki og gegnir launuðu starfi í öðru aðildarríki.

10. Þegar einstaklingur starfar sjálfstætt í Portúgal og gegnir launuðu starfi í öðru aðildarríki.

11. Þegar einstaklingur sem er búsettur og starfar sjálfstætt í Finnlandi gegnir launuðu starfi í öðru aðildarríki.

12. Þegar einstaklingur sem er búsettur og starfar sjálfstætt í Sviþjóð gegnir launuðu starfi í öðru aðildarríki.

II. HLUTI

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja

EFNISYFIRLIT

I. BÁLKUR:	ALMENN ÁKVÆÐI (1. – 4. gr.)	1627
II. BÁLKUR:	FRAMKVÆMD ALMENNRA ÁKVÆÐA REGLUGERÐARINNAR (5. – 10. gr. a)	1628
III. BÁLKUR:	FRAMKVÆMD ÁKVÆÐA REGLUGERÐARINNAR ER ÁKVARÐA VIÐEIGANDI LÖGGJÖF (10. gr. b – 14. gr.)	1630
IV. BÁLKUR:	FRAMKVÆMD SÉRÁKVÆÐA REGLUGERÐARINNAR UM HINA ÝMSU BÓTAFLOKKA	
1. kafli:	Almennar reglur um söfnun tímabila (15. gr.)	1633
2. kafli:	Veikindi og meðganga og fæðing (16. – 34. gr.)	1635
3. kafli:	Örorka, elli og andlát (lífeyrir) (35. – 59. gr.)	1642
4. kafli:	Vinnuslys og atvinnusjúkdómar (60. – 77. gr.)	1648
5. kafli:	Styrkir vegna andláts (78. – 79. gr.)	1655
6. kafli:	Atvinnuleysisbætur (80. – 84. gr.)	1655
7. kafli:	Fjölskyldubætur (85. – 89. gr.)	1657
8. kafli:	Bætur vegna barna sem eru á framfæri lífeyrisþega og vegna munaðarleysingja (90. – 92. gr.)	1658
V. BÁLKUR:	FJÁRHAGSÁKVÆÐI (93. – 107. gr.)	1659
VI. BÁLKUR:	ÝMIS ÁKVÆÐI (108. – 117. gr.)	1663
VII. BÁLKUR:	BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI (118. – 122. gr.)	1665
VIÐAUKAR		
1. viðauki:	Lögbær yfirvöld	1667
2. viðauki:	Þar til bærar stofnanir	1669
3. viðauki:	Stofnanir á búsetu- og dvalarstað	1691
4. viðauki:	Samskiptastofnanir	1707
5. viðauki:	Framkvæmdarákvæði tvíhliða samninga sem gilda áfram	1714
6. viðauki:	Aðferðir við útborgun bóta	1725
7. viðauki:	Bankar	1727
8. viðauki:	Greiðsla fjölskyldubóta	1728
9. viðauki:	Útreikningur árlegs meðaltalskostnaðar vegna aðstoðar	1730
10. viðauki:	Stofnanir og aðilar tilnefndir af lögbærum yfirvöldum	1732
11. viðauki:	Reglur sem um getur í 2. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar	1748
Viðbætir:	95. gr.	1749

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 51. og 235. gr.,

með hliðsjón af reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, einkum 98. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að setja reglur um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 sem byggðar eru á grundvallarreglunum og þeirri reynslu sem fengist hefur af beitingu þessara texta um árabil.

Einkum er nauðsynlegt að tilgreina þar til bær yfirvöld og stofnanir í hverju aðildarríki, svo og samskiptastofnanir sem mega hafa bein samskipti sín á milli.

Nauðsynlegt er að tilgreina þau gögn sem einstaklingar þurfa að leggja fram og formsatriði sem þarf að fullnægja áður en bótagreiðslur geta hafist.

Nauðsynlegt er að tilgreina nákvæmlega framkvæmd ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 er ákvarða viðeigandi löggjöf og ákvæða um hina ýmsu bótaflokka.

Einnig er nauðsynlegt að setja skilyrði fyrir endurgreiðslu bóta sem greiddar hafa verið af stofnun í einu aðildarríki fyrir hönd stofnunar í öðru aðildarríki og skyldur endurskoðunarnefndarinnar.

Nauðsynlegt er að ákveða aðferðir við umreikning gjaldmiðla innan ramma peningakerfis Evrópu.

Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir rafrænni úrvinnslu gagna í tengslum við beitingu reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 í því skyni að greiða fyrir samskiptum yfirvalda og stofnana í aðildarríkinu.

Hægt er að breyta 1., 4., 5., 6., 7. og 8. viðauka framkvæmdarreglugerðarinnar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar, að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis eða aðildarríkja eða lögbærra yfirvalda þeirra, að fengnu áliti framkvæmdaráðsins. Markmiðið með breytingu þessara viðauka er einungis það að fella inn í gerð bandalagsins ákvarðanir sem hlutaðeigandi aðildarríki eða þar til bær yfirvöld þess hafa samþykkt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð:

a) merkir „reglugerð" reglugerð (EBE) nr. 1408/71;

b) merkir „framkvæmdarreglugerð" þessa reglugerð;

c) halda skilgreiningarnar í 1. gr. reglugerðarinnar þeirri merkingu sem þeim var fengin þar.

2. gr.

Prentuð sýnishorn eyðublaða — Upplýsingar um löggjöf — Leiðbeiningarit

1. Framkvæmdaráð skal bera ábyrgð á hönnun sýnishorna af vottorðum, staðfestum yfirlýsingum, tilkynningum, umsóknum og öðrum þeim skjölum sem nauðsynleg teljast við framkvæmd reglugerðarinnar og framkvæmdarreglugerðarinnar.

Tveimur aðildarríkjum eða lögbærum yfirvöldum þeirra er heimilt að gera með sér gagnkvæman samning, að fengnu áliti framkvæmdaráðsins, um að nota einfölduð eyðublöð í samskiptum sín á milli.

2. Til aðstoðar við lögbær yfirvöld hvers aðildarríkis er framkvæmdaráðinu heimilt að safna upplýsingum um þau ákvæði í löggjöf einstakra ríkja sem tengjast reglugerðinni.

3. Framkvæmdaráðið skal sjá um að semja leiðbeiningarit þar sem hlutaðeigandi einstaklingar geta leitað upplýsinga um rétt sinn og hvaða formsatriði þeim beri að uppfylla áður en þeir geta nýtt sér þennan rétt.

Hafa skal samráð við framkvæmdaráðið áður en slík leiðbeiningarit eru samin.

3. gr. (7)

Samskiptastofnanir — Tengsl milli stofnana og milli bótaþega og stofnana

1. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að tilnefna samskiptastofnanir sem geta haft bein samskipti sín á milli.

2. Stofnun í aðildarríki og hver sá einstaklingur sem býr eða dvelur á yfirráðasvæði aðildarríkis getur lagt inn umsókn hjá stofnun í öðru aðildarríki, ýmist beint eða fyrir milligöngu samskiptastofnananna.

3. Senda skal ákvarðanir og skjöl annars efnis, sem koma frá stofnun aðildarríkis og eru ætluð einstaklingum sem hafa búsetu eða dveljast á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, í ábyrgðarbréfi ásamt móttökukvittun.

4. gr. (9)

Viðaukar

1. Í 1. viðauka er skrá yfir lögbært yfirvald eða yfirvöld hvers aðildarríkis.

2. Í 2. viðauka er skrá yfir þar til bærar stofnanir hvers aðildarríkis.

3. Í 3. viðauka er skrá yfir stofnanir á búsetustað og stofnanir á dvalarstað að því er varðar hvert aðildarríki.

4. Í 4. viðauka er skrá yfir samskiptastofnanirnar sem tilnefndar eru samkvæmt 1. mgr. 3. gr. í framkvæmdarreglugerðinni.

5. Í 5. viðauka er skrá yfir ákvæðin sem vísað er til í 5., 53. (3. mgr.), 104., 105. (2. mgr.), 116. og 121. gr. í framkvæmdarreglugerðinni.

6. Í 6. viðauka er skrá yfir aðferðir við útborgun bóta sem stofnanir er annast bótagreiðslur í einstökum aðildarríkjum hafa valið sér í samræmi við 1. mgr. 53. gr. í framkvæmdarreglugerðinni.

7. Í 7. viðauka er skrá yfir heiti og skráðar skrifstofur eða vinnustöðvar banka sem vísað er til í 1. mgr. 55. gr. í framkvæmdarreglugerðinni.

8. Í 8. viðauka er skrá yfir aðildarríki sem ákvæði d-liðar 1. mgr. 10. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni taka til þegar um samskipti þeirra á milli er að ræða.

9. Í 9. viðauka er skrá yfir kerfi sem taka skal tillit til við útreikning á meðaltali ársútgjalda vegna veittrar aðstoðar í samræmi við a-lið 3. mgr. 94. gr. og a-lið 3. mgr. 95. gr. í framkvæmdarreglugerðinni.

10. Í 10. viðauka er skrá yfir stofnanir eða aðila sem tilnefndir eru af lögbærum yfirvöldum samkvæmt eftirtöldum ákvæðum:

a) reglugerð: 14. gr. c, 14. gr. d (3. mgr.) og 17. gr.

b) framkvæmdarreglugerð: 6. gr. (1. mgr.), 11. gr. (1. mgr.), 11. gr. a (1. mgr.), 12. gr. a, 13. gr. (2. og 3. mgr.), 14. gr. (1., 2. og 3. mgr.), 38. gr. (1. mgr.), 70. gr. (1. mgr.), 80. gr. (2. mgr.), 81. gr., 82. gr. (2. mgr.), 85. gr. (2. mgr.), 86. gr. (2. mgr.), 89. gr. (1. mgr.), 91. gr. (2. mgr.), 102. gr. (2. mgr.), 109. gr., 110. gr., 113. gr. (2. mgr.).

11. Í 11. viðauka er skrá yfir kerfi, eitt eða fleiri, sem getið er um í 2. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar.

II. BÁLKUR

FRAMKVÆMD ALMENNRA ÁKVÆÐA REGLUGERÐARINNAR

Framkvæmd 6. og 7. gr. reglugerðarinnar

5. gr.

Framkvæmdarreglugerð í stað ráðstafana til framkvæmdar á samþykktum

Ákvæði framkvæmdarreglugerðarinnar koma í stað ráðstafana til framkvæmdar á samningunum sem vísað er til í 6. gr. reglugerðarinnar; þau koma einnig í stað ákvæða um framkvæmd samninganna sem vísað er til í c-lið 2. mgr. 7. gr. í reglugerðinni, að því tilskildu að þau séu ekki í 5. viðauka við reglugerðina.

Framkvæmd 9. gr. reglugerðarinnar

6. gr.

Aðgangur að frjálsum eða frjálsum viðvarandi tryggingum

1. Ef einstaklingur uppfyllir í krafti 9. gr. og 3. mgr. 15. gr. í reglugerðinni öll skilyrði um aðgang að frjálsum eða frjálsum viðvarandi tryggingum nokkurra kerfa vegna örorku, elli eða andláts (lífeyrir) samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis og hafi hann ekki heyrt undir skyldutryggingar samkvæmt einhverju þessara kerfa, þar sem hann starfaði síðast, eða þegar hann starfaði síðast á eigin vegum, er honum heimilt, samkvæmt téðum greinum, að gerast aðili að frjálsum eða frjálsum viðvarandi tryggingum sem tilgreindar eru í löggjöf aðildarríkisins eða, séu engar slíkar tryggingar tilgreindar, þeim tryggingum sem hann sjálfur velur.

2. Svo beita megi ákvæðum 2. mgr. 9. gr. í reglugerðinni skal einstaklingur leggja fram hjá stofnun hlutaðeigandi aðildarríkis staðfesta yfirlýsingu um þau trygginga- eða búsetutímabil sem lokið er að lögum annars aðildarríkis. Sú stofnun eða þær stofnanir sem starfa samkvæmt þeirri löggjöf sem einstaklingurinn hefur heyrt undir meðan hann lauk tímabilunum skulu gefa út staðfesta yfirlýsingu að beiðni hans.

Framkvæmd 12. gr. reglugerðarinnar

7. gr. (11)

Almennar reglur um framkvæmd ákvæða sem eiga að koma í veg fyrir að bætur skarist

1. Ef bætur sem hægt er að krefjast samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja eru háðar gagnkvæmri lækkun, tímabundinni niðurfellingu eða afturköllun skal deilt í fjárhæðina sem ekki ber að greiða samkvæmt ítrustu beitingu ákvæða um lækkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun í löggjöf viðkomandi aðildarríkja með fjölda bóta sem lækkun, tímabundin niðurfelling eða afturköllun tekur til.

2. Vegna framkvæmdar 2., 3. og 4. mgr. 12. gr., 46. gr. a, 46. gr. b og 46. gr. c í reglugerðinni skulu þar til bærar stofnanir sem eiga hlut að máli skiptast á nauðsynlegum upplýsingum, óski þær þess.

8. gr. (5)

Reglur sem gilda þegar réttur til bóta vegna veikinda eða meðgöngu og fæðingar skarast samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja

1. Ef launþegi, sjálfstætt starfandi einstaklingur eða aðstandandi hans á rétt á bótum vegna meðgöngu og fæðingar samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja, skal greiða bæturnar eingöngu samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem legið var á sæng eða, ef sængurlega fór fram utan yfirráðasvæðis ofangreindra aðildarríkja, samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrði síðast undir.

2. Ef launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur á rétt á sjúkrabótum samkvæmt löggjöf Írlands og Breska konungsríkisins fyrir sama tímabil sem hann er óvinnufær á, skal greiða bæturnar eingöngu samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem hlutaðeigandi einstaklingur heyrði síðast undir.

3. Í þeim tilvikum sem um getur í b-lið 14. gr. c, þar sem hlutaðeigandi eða aðstandandi hans á rétt á bótum vegna veikinda eða vegna meðgöngu og fæðingar samkvæmt hvorri tveggja löggjöfinni er um ræðir, skulu eftirfarandi reglur gilda:

a) komi fram í að minnsta kosti annarri hvorri löggjöfinni að greiða skuli bótaþeganum bæturnar í formi endurgreiðslu, er það alfarið á ábyrgð viðkomandi stofnunar í aðildarríkinu þar sem bæturnar hafa verið veittar;

b) hafi verið ákveðið að veita bæturnar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en umræddra aðildarríkja, er það alfarið á ábyrgð viðkomandi stofnunar í aðildarríkinu þar sem umræddur aðili heyrir undir löggjöf vegna launaðs starfs síns.

8. gr. a

Reglur sem gilda þegar réttur til sjúkrabóta og bóta vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma skarast samkvæmt löggjöf Grikklands og löggjöf eins eða fleiri annarra aðildarríkja

Ef launþegi, sjálfstætt starfandi einstaklingur eða aðstandandi hans á rétt á sjúkrabótum og bótum vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma samkvæmt löggjöf Grikklands og löggjöf eins eða fleiri annarra aðildarríkja fyrir sama tímabil, skal greiða bæturnar eingöngu samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem hlutaðeigandi einstaklingur heyrði síðast undir.

9. gr. (5)

Reglur sem gilda þegar réttur til styrks vegna andláts skarast samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja

1. Við dauðsfall á yfirráðasvæði aðildarríkis skal áunninn réttur til styrks vegna andláts samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis halda gildi sínu, en áunninn réttur sem fæst samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis falla niður.

2. Verði dauðsfall á yfirráðasvæði aðildarríkis og réttur til styrks vegna andláts hefur áunnist samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri annarra aðildarríkja, eða ef dauða ber að höndum utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna og ofangreindur réttur hefur áunnist samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja, gildir einungis sá réttur sem áunnist hefur samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem hinn látni heyrði síðast undir og réttur sem áunnist hefur samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja fellur niður.

3. Þrátt fyrir það sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. um þau tilvik sem um getur í b-lið 14. gr. c í reglugerðinni, skal réttur til bóta vegna andláts sem áunnist hefur samkvæmt löggjöf annars hvors hinna tveggja viðkomandi aðildarríkja sem um getur í VII. viðauka haldast.

9. gr. a

Reglur sem gilda þegar réttur til atvinnuleysisbóta skarast

Ef launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem á rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem hann heyrði undir þegar hann starfaði síðast sjálfstætt eða sem launþegi samkvæmt 69. gr. reglugerðarinnar, fer til Grikklands, þar sem hann á einnig rétt á atvinnuleysisbótum vegna tryggingatímabils eða tímabils þegar hann starfaði sjálfstætt eða sem launþegi og áður hefur verið lokið samkvæmt grískri löggjöf, skal rétturinn til bóta samkvæmt grískri löggjöf falla niður í þann tíma sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar.

10. gr. (12) (13)

Reglur sem gilda þegar réttur launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga til fjölskyldubóta eða fjölskyldugreiðslna skarast

1. a) Réttur til fjölskyldubóta eða fjölskyldugreiðslna samkvæmt löggjöf aðildarríkis, þar sem réttur til þessara bóta eða greiðslna er ekki háður ráðningar- eða tryggingaskilmálum launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings, skerðist fyrir sama tímabil og vegna sama aðstandanda, þegar einungis er um að ræða rétt til bóta samkvæmt innlendri löggjöf annars aðildarríkis eða samkvæmt 73., 74., 77. eða 78. gr. reglugerðarinnar, um fjárhæð sem nemur þessum bótum.

b) Sé hins vegar atvinnu- eða fagstarfsemi stunduð á yfirráðasvæði fyrrnefnds aðildarríkis:

i) af þeim einstaklingi sem á rétt á fjölskyldubótum, eða einstaklingi sem á að fá bæturnar greiddar, þegar um er að ræða bætur sem réttur stendur til eingöngu samkvæmt innlendri löggjöf annars aðildarríkis, eða samkvæmt 73. eða 74. gr. reglugerðarinnar, skerðist þó rétturinn til þessara fjölskyldubóta, sem annaðhvort eru greiddar eingöngu samkvæmt innlendri löggjöf þessa aðildarríkis eða samkvæmt þessum greinum, um fjárhæð sem nemur allt að fjölskyldubótunum sem kveðið er á um í löggjöf aðildarríkisins þar sem aðstandandinn er búsettur. Kostnaður við greiðslu bóta sem eru veittar í aðildarríki þar sem aðstandandinn er búsettur skal borinn af því aðildarríki;

ii) af þeim einstaklingi sem á rétt á þessum bótum, eða einstaklingi sem á að fá bæturnar greiddar, þegar um er að ræða bætur sem réttur stendur til eingöngu samkvæmt innlendri löggjöf annars aðildarríkis, eða samkvæmt 77. eða 78. gr. reglugerðarinnar, skerðist þó rétturinn til þessara fjölskyldubóta eða fjölskyldugreiðslna sem annaðhvort eru greiddar eingöngu samkvæmt innlendri löggjöf þessa aðildarríkis eða samkvæmt þessum greinum; ef svo ber undir á hlutaðeigandi einstaklingur rétt á fjölskyldubótum eða fjölskyldugreiðslum í aðildarríkinu þar sem börnin eru búsett, og ber það aðildarríki kostnaðinn, og, eftir því sem við á, rétt á öðrum bótum en fjölskyldugreiðslunum sem um getur í 77. eða 78. gr. reglugerðarinnar, og ber lögbæra ríkið samkvæmt ákvæðum þessara greina kostnaðinn.

2. Ef launþegi sem heyrir undir löggjöf aðildarríkis á rétt á fjölskyldugreiðslum vegna tryggingar- eða starfstímabila sem áður hefur verið lokið í samræmi við löggjöf í Grikklandi, skerðist rétturinn, þegar greiða á fjölskyldubætur eða -greiðslur í samræmi

við löggjöf fyrsta aðildarríkisins samkvæmt 73. og 74. gr. reglugerðarinnar, fyrir sama tímabil eða vegna sama aðstandanda, sem nemur allt að fjárhæð þessara bóta.

3. Ef unnt er að krefjast bóta vegna sama tímabils og sama aðstandanda frá tveimur aðildarríkjum samkvæmt 73. og/eða 74. gr. reglugerðarinnar skal þar til bær stofnun í aðildarríkinu þar sem lög kveða á um hæstu bæturnar greiða slíkar bætur að fullu og skal þar til bær stofnun í hinu aðildarríkinu endurgreiða helming fjárhæðarinnar enda sé sú fjárhæð ekki hærri en fjárhæðin sem kveðið er á um í löggjöf síðarnefnda aðildarríkisins.

10. gr. a (8)

Reglur sem gilda þegar launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrir til skiptis undir löggjöf nokkurra aðildarríkja á sama tímabili eða hluta tímabils

Eftirfarandi reglur gilda hafi launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrt til skiptis undir löggjöf tveggja aðildarríkja á tímabili sem afmarkast af útborgunardögum fjölskyldubóta samkvæmt löggjöf annars eða beggja aðildarríkjanna:

a) fjölskyldubætur sem umræddur einstaklingur getur krafist á þeim forsendum að hann heyri undir löggjöf hvers ríkis um sig skulu samsvara heildarfjölda dagsbóta sem hann á rétt á samkvæmt viðeigandi löggjöf. Sé greiðsla bóta eða styrkja ekki miðuð við daga í löggjöf, greiðast fjölskyldubæturnar í hlutfalli við þann tíma sem einstaklingurinn hefur heyrt undir löggjöf hvers aðildarríkis um sig í hlutfalli við það tímabil sem kveðið er á um í hlutaðeigandi löggjöf;

b) hafi fjölskyldubæturnar verið greiddar um eitthvert skeið af annarri stofnun en þeirri sem í raun ber að greiða bæturnar, skulu ofangreindar stofnanir jafna reikninga sín á milli;

c) að því er varðar a- og b-lið, þar sem starfstímabil sem lokið er samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis eru mæld í öðrum einingum en þeim sem notaðar eru við útreikning á fjölskyldubótum samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis sem launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur einnig heyrt undir á sama tímabili, fer umreikningurinn eftir 3. mgr. 15. gr. í framkvæmdarreglugerðinni;

d) stofnunin sem stendur straum af greiðslu fjölskyldubóta vegna fyrstu atvinnu launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings á umræddu tímabili skal, þrátt fyrir ákvæði a-liðar, standa straum af bótakostnaði til loka yfirstandandi tímabils þegar um er að ræða þau samskipti milli aðildarríkja sem tilgreind eru í 8. viðauka við framkvæmdarreglugerðina.

III. BÁLKUR

FRAMKVÆMD ÁKVÆÐA REGLUGERÐARINNAR ER ÁKVARÐA VIÐEIGANDI LÖGGJÖF

Framkvæmd 13. til 17. gr. reglugerðarinnar

10. gr. b (9)

Formsatriði samkvæmt f-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar

Ákveðið skal hvaða dag og við hvaða skilyrði löggjöf aðildarríkis hættir að gilda um þann einstakling sem um getur í f-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar í samræmi við þá löggjöf. Stofnun sem hefur verið tilnefnd af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem viðkomandi kemur til með að heyra undir löggjöfina, skal óska eftir því við stofnunina sem er tilnefnd af lögbæru yfirvaldi fyrra aðildarríkisins að þessi dagur sé tilgreindur.

11. gr.

Formsatriði vegna launþega sem sendir eru burt til vinnu samkvæmt 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 14. gr. b í reglugerðinni og vegna samninga sem gerðir eru í samræmi við 17. gr. reglugerðarinnar

1. Stofnun sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi þeirra aðildarríkja þar sem löggjöf á að gilda áfram skal gefa út vottorð þar sem fram kemur að launþeginn heyri eftir sem áður undir þá löggjöf fram að ákveðnum degi:

a) að beiðni launþegans eða vinnuveitanda hans í þeim tilvikum sem getið er um í 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 14. gr. a í reglugerðinni;

b) í þeim tilvikum sem 17. gr. reglugerðarinnar á við um.

2. Vinnuveitandi skal fara fram á að fá samþykkið sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 14. gr. b í reglugerðinni.

11. gr. a

Formsatriði samkvæmt 1. mgr. 14. gr. a og 2. mgr. 14. gr. b í reglugerðinni og vegna samninga sem gerðir eru í samræmi við 17. gr. reglugerðarinnar vegna vinnu sem innt er af hendi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess þar sem hlutaðeigandi einstaklingur stundar að jafnaði sjálfstæða starfsemi

1. Stofnun sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem löggjöf á að gilda áfram skal gefa út vottorð þar sem fram kemur að hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur heyri eftir sem áður undir þá löggjöf fram að ákveðnum degi:

a) að beiðni hins sjálfstætt starfandi einstaklings í þeim tilvikum sem getið er um í 1. mgr. 14. gr. a og 2. mgr. 14. gr. b í reglugerðinni;

b) í þeim tilvikum sem 17. gr. reglugerðarinnar á við.

2. Hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur skal fara fram á að fá samþykkið sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 14. gr. a og 2. mgr. 14. gr. b í reglugerðinni.

12. gr.

Sérákvæði um tryggingar launþega innan þýska almannatryggingakerfisins

Ef þýsk löggjöf, samkvæmt 13. (a-lið 2. mgr.), 14. (1. og 2. mgr.) eða 14. gr. b (1. mgr.) í reglugerðinni, eða eftir samkomulagi sem gert hefur verið samkvæmt 17. gr. reglugerðarinnar, gildir um launþega sem starfar á vegum fyrirtækis eða vinnuveitanda með skráða skrifstofu eða vinnustöð utan Þýskalands, og hlutaðeigandi einstaklingur hefur ekki fast starf á þýsku yfirráðasvæði, skal sú löggjöf gilda á sama hátt og ef hann starfaði á búsetustað sínum á þýsku yfirráðasvæði.

Ef launþegi er ekki búsettur á þýsku yfirráðasvæði skal þýsk löggjöf eiga við á sama hátt og ef hann starfaði þar sem Allgemeine Ortskrankenkasse Bonn (Almenna staðarsjúkrasamlagið í Bonn), Bonn, er til þess bært.

12. gr. a (5)

Reglur sem gilda um þá einstaklinga sem getið er um í 14. (b-lið 2. mgr. og 3. mgr.), 14. gr. a (2. til 4. mgr.) og 14. gr. c í reglugerðinni sem eru að jafnaði ráðnir í vinnu og/eða starfa sjálfstætt á yfirráðasvæði tveggja eða fleiri aðildarríkja

Að því er varðar 14. (b-lið 2. mgr. og 3. mgr.), 14. gr. a (2. til 4. mgr.) og 14. gr. c í reglugerðinni, skulu eftirfarandi reglur gilda:

1. a) Einstaklingur sem að jafnaði starfar á yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja eða á vegum fyrirtækis með skráða skrifstofu eða vinnustöð á yfirráðasvæði eins aðildarríkis og er á sameiginlegum landamærum tveggja aðildarríkja, eða er samtímis launþegi í einu aðildarríki og starfar sjálfstætt í öðru aðildarríki skal tilkynna um það til stofnunarinnar sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem hann er búsettur.

b) Þegar löggjöf aðildarríkis á yfirráðasvæði þar sem einstaklingur er búsettur á ekki við um hann, skal stofnun sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis tilkynna um það til stofnunar sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem löggjöfin gildir.

2. a) Þegar einstaklingur, í samræmi við i-lið b-liðar 2. mgr. 14. gr. eða fyrsta málslið 2. mgr. 14. gr. a reglugerðarinnar, sem er að jafnaði launþegi eða starfar sjálfstætt á yfirráðasvæði tveggja eða fleiri aðildarríkja og stundar starfsemi sína að hluta í aðildarríkinu þar sem hann er búsettur heyrir undir löggjöf þess aðildarríkis, skal stofnun sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis gefa út vottorð handa hlutaðeigandi einstaklingi til staðfestingar á að hann heyri undir löggjöf þess og senda afrit af því til þeirrar stofnunar sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis:

i) á því yfirráðasvæði þar sem hlutaðeigandi einstaklingur stundar starfsemi sína að hluta; og/eða

ii) ef hann er launþegi, á því yfirráðasvæði þar sem fyrirtæki eða vinnuveitandi sem hann er ráðinn hjá er með skráða skrifstofu eða vinnustöð.

b) Síðarnefnda stofnunin skal, þegar nauðsyn ber til, senda stofnuninni sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem löggjöfin gildir þær upplýsingar sem þarf til þess að meta framlagið sem krafist er af vinnuveitanda eða vinnuveitendum og/eða hlutaðeigandi einstaklingi samkvæmt þeirri löggjöf.

3. a) Þegar einstaklingur, í samræmi við 3. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 14. gr. a reglugerðarinnar, sem er ráðinn á yfirráðasvæði eins aðildarríkis hjá fyrirtæki með skráða skrifstofu eða vinnustöð á yfirráðasvæði annars aðildarríkis og er á sameiginlegum landamærum þessara ríkja, eða sem starfar sjálfstætt við slíkt fyrirtæki, heyrir undir

löggjöf aðildarríkisins þar sem fyrirtækið er með skráða skrifstofu eða vinnustöð, skal stofnun sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi síðarnefnda aðildarríkisins gefa út vottorð handa hlutaðeigandi einstaklingi til staðfestingar á að hann heyri undir löggjöf þess og senda afrit af því til þeirrar stofnunar sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis:

i) á því yfirráðasvæði þar sem hlutaðeigandi einstaklingur er ráðinn til vinnu eða starfar sjálfstætt;

ii) á því yfirráðasvæði þar sem hlutaðeigandi einstaklingur er búsettur.

b) Ákvæði b-liðar 2. mgr. hér að framan gilda á hliðstæðan hátt.

4. a) Þegar launþegi, í samræmi við ii-lið b-liðar 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar, sem ekki er búsettur í neinu því aðildarríki þar sem hann stundar starfsemi sína heyrir undir löggjöf þess aðildarríkis þar sem fyrirtækið eða aðilinn sem hann vinnur hjá er með skráða skrifstofu eða vinnustöð, skal stofnun sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi síðarnefnda ríkisins gefa út vottorð handa honum til staðfestingar á að hann heyri undir löggjöf þess og senda afrit af því til þeirrar stofnunar sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis:

i) á því yfirráðasvæði þar sem launþeginn stundar starfsemi sína að hluta;

ii) á því yfirráðasvæði þar sem launþeginn er búsettur.

b) Ákvæði b-liðar 2. mgr. hér að framan gilda á hliðstæðan hátt.

5. a) Þegar einstaklingur, í samræmi við annan málslið 2. mgr. 14. gr. a reglugerðarinnar, sem starfar að jafnaði sjálfstætt á yfirráðasvæði tveggja eða fleiri aðildarríkja, en stundar ekki starfsemi sína að neinu leyti í aðildarríkinu þar sem hann er búsettur, heyrir undir löggjöf þess aðildarríkis þar sem hann stundar aðalstarfsemi sína, skal stofnun sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi þess ríkis þar sem hann er búsettur þegar í stað láta stofnun sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis vita.

b) Lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja, eða stofnanir sem tilnefndar eru af þessum lögbæru yfirvöldum, skulu komast að samkomulagi um hvaða löggjöf eigi við um hlutaðeigandi einstakling, að teknu tilliti til ákvæða d-liðar og, eftir því sem við á, ákvæða 4. mgr. 14. gr. a reglugerðarinnar, eigi síðar en sex mánuðum frá þeim degi þegar aðstæður hlutaðeigandi einstaklings voru tilkynntar einni af hlutaðeigandi stofnunum.

c) Stofnunin sem sér um framkvæmd þeirrar löggjafar sem ákvarðað hefur verið að eigi við um hlutaðeigandi einstakling skal gefa út vottorð handa honum þar sem fram kemur að hann heyri undir þá löggjöf og senda afrit af því til hinna stofnananna sem hlut eiga að máli.

d) Til þess að ákvarða aðalstarfsemi hlutaðeigandi einstaklings, samkvæmt þriðja málslið 2. mgr. 14. gr. a reglugerðarinnar, skal einkum hafa hliðsjón af því frá hvaða varanlega athafnasvæði hlutaðeigandi einstaklingur stundar starfsemi sína. Að öðrum kosti ber að hafa hliðsjón af viðmiðunum til dæmis um eðli og tímalengd þeirrar starfsemi sem stunduð er, hversu oft þjónusta er veitt og tekjum af starfseminni.

e) Hlutaðeigandi stofnun skal veita allar upplýsingar sem þarf bæði til þess að ákvarða aðalstarfsemi hlutaðeigandi einstaklings og til þess að meta framlagið sem greiða á samkvæmt þeirri löggjöf sem ákvarðað hefur verið að eigi við um hann.

6. a) Ef stofnunin, með fyrirvara um 5. mgr., einkum b-lið, sem tilnefnd hefur verið af lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis þar sem löggjöfin ætti að gilda í krafti 2. eða 3. mgr. 14. gr. a reglugerðarinnar, staðfestir að ákvæði 4. mgr. fyrrnefndrar greinar eigi við um hlutaðeigandi einstakling skal hún tilkynna það lögbærum yfirvöldum annarra hlutaðeigandi aðildarríkja eða þeim stofnunum sem tilnefndar hafa verið af þessum yfirvöldum; þegar nauðsyn ber til skal gera samkomulag um hvaða löggjöf eigi við um hlutaðeigandi einstakling.

b) Aðrar hlutaðeigandi stofnanir skulu senda upplýsingarnar sem um getur í b-lið 2. mgr. hér að framan til þeirra stofnana sem tilnefndar hafa verið af lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis þar sem samkomulag hefur orðið um að löggjöfin eigi að gilda.

7. a) Þegar einstaklingur, í samræmi við a-lið 14. gr. c reglugerðarinnar, sem er ráðinn samtímis á yfirráðasvæði eins aðildarríkis og starfar sjálfstætt á yfirráðasvæði annars aðildarríkis heyrir undir löggjöf aðildarríkisins þar sem hann stundar launað starf, skal stofnun sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi síðarnefnda ríkisins gefa út vottorð handa launþeganum til staðfestingar á að hann heyri undir löggjöf þess og senda afrit af því til þeirrar stofnunar sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis:

i) á því yfirráðasvæði þar sem einstaklingurinn starfar sjálfstætt;

ii) á því yfirráðasvæði þar sem einstaklingurinn er búsettur.

b) Ákvæði b-liðar 2. mgr. hér að framan gildir á hliðstæðan hátt.

8. Þegar einstaklingur, sem gegnir í senn launuðu starfi á yfirráðasvæði eins aðildarríkis og starfar sjálfstætt á yfirráðasvæði annars aðildarríkis svo sem kveðið er á um í b-lið 14. gr. c, lýtur löggjöf tveggja aðildarríkja skulu ákvæði 1., 2., 3. og 4. liðar gilda þegar um er að ræða launað starf, en ákvæði 1., 2., 3., 5. og 6. liðar, að breyttu breytanda, þegar um er að ræða sjálfstæða starfsemi.

Stofnanir tilnefndar af lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum tveimur sem eiga hlut að máli skulu veita hver annarri viðeigandi upplýsingar.

13. gr.

Valfrelsi einstaklinga sem starfa á vegum sendiráða eða ræðismannsskrifstofa

1. Nýta verður réttinn til að velja sem kveðið er á um í 2. mgr. 16. gr. í reglugerðinni innan þriggja mánaða frá þeim degi er launþegi var ráðinn til starfa hjá sendiráði eða ræðismannsskrifstofu eða umboðsaðilum hlutaðeigandi sendiráðs eða skrifstofu. Valið öðlast gildi frá og með ráðningardegi.

Þegar hlutaðeigandi einstaklingur endurnýjar réttinn til að velja við lok almanaksárs skal valið öðlast gildi frá og með fyrsta degi næsta almanaksárs.

2. Hlutaðeigandi einstaklingur sem nýtir sér réttinn til að velja skal tilkynna það þeirri stofnun sem tilnefnd hefur verið af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis sem hann hefur kosið að heyra undir og einnig vinnuveitanda sínum. Ofangreindri stofnun ber, gerist þess þörf, að senda þessar upplýsingar öllum öðrum stofnunum innan sama aðildarríkis í samræmi við tilskipanir frá lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis.

3. Stofnunin sem tilnefnd er af hálfu lögbærs yfirvalds þess aðildarríkis þar sem einstaklingurinn hefur kosið að heyra undir löggjöf skal veita honum vottorð til staðfestingar á að hann heyri undir löggjöf þess aðildarríkis á meðan hann er við störf hjá hlutaðeigandi sendiráði eða ræðismannsskrifstofu eða í einkaþjónustu umboðsaðila slíks sendiráðs eða skrifstofu.

4. Hafi hlutaðeigandi einstaklingur kosið að heyra undir þýska löggjöf gilda ákvæði þeirrar löggjafar á sama hátt og ef hann starfaði þar sem þýska ríkisstjórnin hefur aðsetur sitt. Lögbært yfirvald skal tilnefna þar til bæra sjúkratryggingastofnun.

14. gr.

Valfrelsi aðstoðarfólks við stofnanir Evrópubandalagsins

1. Nýta verður réttinn til að velja sem kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr. í reglugerðinni við gerð ráðningarsamnings. Þau yfirvöld sem sjá um gerð slíks samnings skulu tilkynna það stofnun sem tilnefnd hefur verið af lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis þar sem aðstoðarmaðurinn hefur kosið að heyra undir löggjöf. Ofangreindri stofnun ber, gerist þess þörf, að senda öllum öðrum stofnunum í aðildarríkinu slíkar upplýsingar.

2. Stofnunin sem tilnefnd hefur verið af lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis sem aðstoðarmaðurinn hefur kosið að fylgja að lögum skal láta honum í té vottorð til staðfestingar á að hann heyri undir löggjöf þess aðildarríkis meðan hann er starfandi sem aðstoðarmaður á vegum Evrópubandalagsins.

3. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu, þar sem þess gerist þörf, tilgreina þar til bærar stofnanir vegna aðstoðarfólks á vegum Evrópubandalagsins.

4. Hafi aðstoðarmaður, sem ráðinn er til starfa í aðildarríki öðru en Þýskalandi, kosið að lúta þýskri löggjöf skulu ákvæði þeirra laga gilda sem væri aðstoðarmaðurinn starfandi þar sem þýska ríkisstjórnin hefur aðsetur sitt. Lögbært yfirvald skal tilnefna þar til bæra sjúkratryggingastofnun.

IV. BÁLKUR

FRAMKVÆMD SÉRÁKVÆÐA REGLUGERÐARINNAR UM HINA ÝMSU BÓTAFLOKKA

1. KAFLI

ALMENNAR REGLUR UM SÖFNUN TÍMABILA

15. gr. (A) (5) (11)

1. Söfnun tímabila í þeim tilvikum sem greint er frá í 18. (1.mgr.), 38., 45. (1.–3. mgr.), 64. og 67. gr. (1. og 2. mgr.) reglugerðarinnar skal fara fram samkvæmt eftirfarandi reglum:

a) Ef viðbótartímabila er þörf til þess að einstaklingurinn fullnægi skilyrðum sem aðildarríki setur fyrir því að öðlast, viðhalda eða endurheimta rétt til bóta, skal trygginga- eða búsetutímabilum, sem lokið hefur verið í öðrum aðildarríkjum, bætt við þau trygginga- eða búsetutímabil sem hlutaðeigandi hefur

lokið í fyrrnefndu aðildarríki, að því tilskildu að þau skarist ekki. Greiði stofnanir tveggja eða fleiri aðildarríkja örorkubætur, ellilífeyri eða bætur vegna andláts (lífeyrir), samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar, skal hver þessara stofnana hafa sérstaka skrá yfir tryggingа- eða búsetutímabil og taka tillit til tryggingа- eða búsetutímabila sem hlutaðeigandi hefur lokið á meðan hann hefur heyrt undir lög annarra aðildarríkja, samanber þó, eftir því sem við á, ákvæði 2. og 3. mgr. 45. gr. og a-liðar 1. mgr. 47. gr. í reglugerðinni. Við úthlutun bóta ber ofannefndum stofnunum engu að síður, í þeim tilvikum sem um getur í b-lið í 4. gr. c, að taka tillit til liðinna tryggingа- eða búsetutímabila sem skarast við skyldutryggingakerfi samkvæmt löggjöf viðkomandi tveggja aðildarríkja.

b) Skarist tryggingа- eða búsetutímabil sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf aðildarríkis um skyldutryggingar við tímabil frjálsra eða frjálsra viðvarandi tryggingа sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis er einungis skyldutryggingatímabilið metið.

c) Skarist tryggingа- eða búsetutímabil sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf [illegible] ríkis, en er ekki farið með sem slíkt, við tryggingatímabil sem farið er með sem slíkt samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, er einungis fyrrnefnda tímabilið metið.

d) Einungis skal meta tímabil, sem farið er með sem tryggingatímabil samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri ríkja, af stofnun þess aðildarríkis og samkvæmt þeirri löggjöf um skyldutryggingu sem einstaklingur heyrði undir næst á undan umræddu tímabili; hafi hinn tryggði ekki heyrt undir skyldutryggingar samkvæmt löggjöf aðildarríkis á undan þessu tímabili, skal sú stofnun aðildarríkis sem hann var fyrst skyldutryggður hjá að tímabilinu loknu meta það.

e) Ef ekki er mögulegt að ákvarða nákvæmlega hvenær tryggingatímabilum var lokið samkvæmt löggjöf aðildarríkis, er litið svo á að þau tímabil skarist ekki við tryggingа- eða búsetutímabil sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja, og skulu þau metin þegar það reynist hagstætt.

f) Ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að ákveðin tryggingа- eða búsetutímabil séu einungis metin hafi þeim verið lokið innan ákveðinna tímamarka, skal stofnun sem starfar eftir þessari löggjöf:

i) meta einungis þau tryggingа- eða búsetutímabil sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, hafi þeim verið lokið innan settra tímamarka; eða

ii) framlengja þessi tímamörk sem nemur lengd tryggingа- eða búsetutímabila, sem lokið hefur verið að öllu eða nokkru leyti innan settra tímamarka samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, þegar eingöngu viðurkenning tryggingа- eða búsetutímabila sem falla undir löggjöf síðarnefnda aðildarríkisins getur leitt af sér afnám þeirra tímamarka sem gilt hafa um öflun tímabilanna.

2. Litið skal á tryggingа- eða búsetutímabil sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf aðildarríkis en falla ekki undir reglugerðina, en eru tekin til greina samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem reglugerðin gildir fyrir, sem tryggingа- eða búsetutímabil er taka ber tillit til við söfnun.

3. Þegar notaðar eru aðrar einingar til að skilgreina tryggingatímabil sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis en notaðar eru í öðru aðildarríki skal fylgja eftirfarandi reglum við umreikning sem nauðsynlegur er vegna söfnunar:

a) Ef hlutaðeigandi einstaklingur er launþegi sem hefur unnið sex daga vinnuviku eða starfar sjálfstætt:

i) telst einn dagur jafngilda átta klukkustundum og öfugt;

ii) teljast sex dagar jafngilda einni viku og öfugt;

iii) teljast tuttugu og sex dagar jafngilda einum mánuði og öfugt;

iv) teljast þrír mánuðir eða þrettán vikur eða sjötíu og átta dagar jafngilda ársfjórðungi og öfugt;

v) skal við umreikning vikna í mánuði og öfugt fyrst umreikna vikurnar og mánuðina í daga;

vi) getur beiting reglnanna hér á undan ekki haft það í för með sér að þau tryggingatímabil sem lokið hefur verið á einu almanaksári verði samtals lengri en þrjú hundruð

og tólf dagar eða fimmtíu og tvær vikur eða tólf mánuðir eða fjórir ársfjórðungar;

b) Ef hlutaðeigandi einstaklingur er launþegi sem hefur unnið fimm daga vinnuviku:

i) telst einn dagur jafngilda níu klukkustundum og öfugt;

ii) teljast fimm dagar jafngilda einni viku og öfugt;

iii) teljast tuttugu og tveir dagar jafngilda einum mánuði og öfugt;

iv) teljast þrír mánuðir eða þrettán vikur eða sextíu og sex dagar jafngilda ársfjórðungi og öfugt;

v) skal við umreikning vikna í mánuði og öfugt fyrst umreikna vikurnar og mánuðina í daga;

vi) getur beiting reglnanna hér á undan ekki haft það í för með sér að þau tryggingatímabil sem lokið hefur verið á einu almanaksári verði samtals lengri en tvö hundruð sextíu og fjórir dagar, eða fimmtíu og tvær vikur eða tólf mánuðir eða fjórir ársfjórðungar.

c) Ef hlutaðeigandi einstaklingur er launþegi sem hefur unnið sjö daga vinnuviku:

i) telst einn dagur jafngilda sex klukkustundum og öfugt;

ii) teljast sjö dagar jafngilda einni viku og öfugt;

iii) teljast þrjátíu dagar jafngilda einum mánuði og öfugt;

iv) teljast þrír mánuðir eða þrettán vikur eða níutíu dagar jafngilda ársfjórðungi og öfugt;

v) skal við umreikning vikna í mánuði og öfugt fyrst umreikna vikurnar og mánuðina í daga;

vi) getur beiting reglnanna hér á undan ekki haft það í för með sér að þau tryggingatímabil sem lokið hefur verið á einu almanaksári verði samtals lengri en þrjú hundruð og sextíu dagar, eða fimmtíu og tvær vikur eða tólf mánuðir eða fjórir ársfjórðungar.

Þegar tryggingatímabil sem lokið hefur verið samkvæmt lögum aðildarríkis eru tilgreind sem einingar teljast dagar, sem svara til hluta mánaðar, vera einn heill mánuður í samræmi við reglur þessarar málsgreinar um umreikning.

2. KAFLI

VEIKINDI OG MEÐGANGA OG FÆÐING

Framkvæmd 18. gr. reglugerðarinnar

16. gr.

Staðfesting tryggingatímabila

1. Til að geta nýtt sér ákvæði 18. gr. reglugerðarinnar skal launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur afhenda þar til bærri stofnun staðfesta yfirlýsingu sem sýnir hvaða tryggingatímabilum hann hefur lokið samkvæmt þeirri löggjöf sem hann heyrði undir síðast.

2. Sú stofnun eða þær stofnanir sem starfa samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrði síðast undir skulu gefa út slíka staðfesta yfirlýsingu að beiðni hans. Leggi hann ekki fram staðfestu yfirlýsinguna, verður hin þar til bæra stofnun að afla sér hennar beint frá hlutaðeigandi stofnun eða stofnunum.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda á hliðstæðan hátt sé nauðsynlegt að taka til greina tryggingatímabil sem lokið hefur verið áður samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis til þess að skilyrðum sem sett eru í löggjöf hins lögbæra ríkis sé fullnægt.

Framkvæmd 19. gr. reglugerðarinnar

17. gr. (14)

Aðstoð þegar hlutaðeigandi einstaklingur er búsettur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

1. Til þess að eiga rétt á aðstoð samkvæmt 19. gr. reglugerðarinnar verður launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur að láta skrá sig og aðstandendur sína hjá stofnun á búsetustað með því að leggja fram staðfesta yfirlýsingu þess efnis að hann og fjölskylda hans eigi rétt á aðstoðinni. Þar til bær stofnun skal gefa út þessa yfirlýsingu á grundvelli upplýsinga frá vinnuveitanda, eftir því sem við á. Leggi launþegi, sjálfstætt starfandi einstaklingur eða aðstandendur hans ekki fram umræddа yfirlýsingu skal stofnun á búsetustað útvega sér hana milliliðalaust frá hinni þar til bæru stofnun.

2. Þessi staðfesta yfirlýsing gildir þangað til stofnunin á búsetustað fær tilkynningu um að hún hafi verið felld úr gildi. Gefi þýsk, frönsk, ítölsk eða portúgölsk stofnun hins vegar út umræddа yfirlýsingu gildir hún einungis í eitt ár frá útgáfudegi og skal hún endurnýjast á árs fresti.

3. Ef hlutaðeigandi einstaklingur er í árstíðabundnum störfum, skal staðfesta yfirlýsingin sem um getur í 1. mgr. gilda út væntanlegan ráðningartíma hans, nema þar til bær stofnun tilkynni

stofnun á búsetustað um ógildingu hennar í millitíðinni.

4. Stofnun á búsetustað skal tilkynna þar til bærri stofnun um allar skráningar sem fara fram samkvæmt 1. mgr.

5. Með hverri umsókn um aðstoð verður hlutaðeigandi einstaklingur að leggja fram þau vottorð og fylgiskjöl sem krafist er til að aðstoð verði veitt samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem hann er búsettur.

6. Ef um sjúkrahúsvist er að ræða, ber stofnun á búsetustað að tilkynna, innan þriggja daga frá því að hún fær vitneskju um það, þar til bærri stofnun um innlagnardag, áætlaða lengd sjúkrahúsvistar og útskriftardag af sjúkrahúsi. Slík tilkynning er hins vegar óþörf þegar stofnun á búsetustað fær kostnað vegna aðstoðarinnar endurgreiddan með eingreiðslu.

7. Stofnun á búsetustað skal tilkynna þar til bærri stofnun fyrirfram um allar ákvarðanir sem lúta að því að láta í té aðstoð þegar áætlaður eða raunverulegur kostnaður er hærri en eingreiðslan sem er fastsett og endurskoðuð reglulega af framkvæmdaráðinu. Þar til bær stofnun hefur fimmtán daga frest, frá þeim degi er tilkynningin er send, til að bera fram mótmæli og færa rök að slíkum mótmælum; hafi engin slík mótmæli borist að þeim tíma liðnum skal stofnun á búsetustað veita aðstoðina. Neyðist stofnun á búsetustað til að veita slíkar bætur í bráðatilviki, skal hún tilkynna það þar til bærri stofnun án tafar. Hins vegar er óþarfi að bera fram rökstudd mótmæli þegar stofnun á búsetustað fær kostnað vegna aðstoðarinnar endurgreiddan með eingreiðslu.

8. Launþegi, sjálfstætt starfandi einstaklingur eða aðstandendur hans skulu tilkynna stofnun á búsetustað um allar breytingar á högum sínum sem gætu haft áhrif á rétt þeirra til aðstoðar, sér í lagi ef hlutaðeigandi einstaklingur hættir að vinna eða skiptir um starf eða hann eða einhver í fjölskyldu hans flyst búferlum eða skiptir um dvalarstað. Þar til bærri stofnun ber einnig að tilkynna stofnun á búsetustað að launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sé ekki lengur tryggður eða eigi ekki lengur rétt á aðstoð. Stofnun á búsetustað getur hvenær sem er farið fram á upplýsingar frá þar til bærri stofnun um tryggingar launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings eða rétt hans til aðstoðar.

9. Tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta samþykkt að taka upp önnur framkvæmdarákvæði að fengnu áliti framkvæmdaráðsins.

18. gr.

Bætur í peningum ef hlutaðeigandi er búsettur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

1. Til að eiga kost á bótum í peningum samkvæmt b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar verður launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, innan þriggja daga frá því að hann varð óvinnufær, að sækja um þær til stofnunar á búsetustað með því að leggja fram tilkynningu um að hann hafi hætt í starfi eða, ef þess er krafist í löggjöfinni sem þar til bær stofnun eða stofnun á búsetustað starfar eftir, vottorð gefið út af lækninum sem annast hann um að hann sé ekki lengur vinnufær.

2. Gefi hlutaðeigandi læknar í búsetulandinu ekki út vottorð um að hlutaðeigandi einstaklingur sé óvinnufær, skal hann leita beint til stofnunar á búsetustað innan þeirra tímamarka sem sett eru í löggjöfinni sem stofnunin starfar eftir.

Sú stofnun skal þegar í stað fá staðfestingu læknis og gefa út vottorð það sem vísað er til í 1. mgr. Í slíku vottorði skal tilgreina hversu lengi hlutaðeigandi verði að líkindum óvinnufær og skal það sent til hinnar þar til bæru stofnunar þegar í stað.

3. Í þeim tilvikum þar sem ákvæði 2. mgr. eiga ekki við skal stofnun á búsetustað sjá til þess við fyrsta tækifæri, og eigi síðar en þremur dögum eftir að hlutaðeigandi einstaklingur leitar til hennar, að hann fái læknisskoðun eins og hann væri tryggður hjá þeirri stofnun. Í skýrslu læknis skal koma sérstaklega fram hversu lengi hlutaðeigandi verði að líkindum óvinnufær og skal stofnun á búsetustað senda skýrsluna til þar til bærrar stofnunar innan þriggja daga frá því að læknisskoðunin fer fram.

4. Stofnun á búsetustað skal síðan sjá um nauðsynlegt eftirlit með hlutaðeigandi einstaklingi eða læknisskoðanir eins og hann væri tryggður hjá þeirri stofnun. Stofnunin skal undir eins og hún fær vitneskju um að einstaklingurinn sé fær til vinnu á ný tilkynna honum og þar til bærri stofnun um það og jafnframt tilkynna frá og með hvaða degi hann telst vinnufær. Tilkynningin sem send er til hlutaðeigandi einstaklings gildir sem ákvörðun hinnar þar til bæru stofnunar, samanber þó ákvæði 6. mgr.

5. Þar til bær stofnun áskilur sér í öllum tilvikum rétt til að láta lækni sem hún sjálf velur skoða hlutaðeigandi einstakling.

6. Ákveði þar til bær stofnun að greiða ekki bætur í peningum á þeim forsendum að hlutaðeigandi einstaklingur hafi ekki fullnægt öllum formsatriðum sem mælt er fyrir um í löggjöf búsetulands, eða vegna vitneskju um að hann sé orðinn vinnufær á ný, skal hún tilkynna hlutaðeigandi einstaklingi ákvörðun sína og senda jafnframt afrit af ákvörðuninni til stofnunar á búsetustað.

7. Þegar hlutaðeigandi einstaklingur hefur vinnu á ný skal hann tilkynna þar til bærri stofnun um það, sé þess krafist samkvæmt þeirri löggjöf sem stofnunin starfar eftir.

8. Þar til bær stofnun skal greiða bætur í peningum með þeim hætti sem við á, helst með alþjóðlegri póstávísun, og skal hún jafnframt tilkynna það hlutaðeigandi einstaklingi og stofnun á búsetustað. Greiði stofnun á búsetustað bætur í peningum fyrir hönd þar til bærrar stofnunar, skal sú síðarnefnda upplýsa hlutaðeigandi einstakling um rétt hans og tilkynna stofnun á búsetustað um fjárhæð bótanna, greiðsludaga þeirra og hámarkslengd bótatíma samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis.

9. Tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta samþykkt önnur framkvæmdarákvæði að fengnu áliti framkvæmdaráðsins.

Framkvæmd 20. gr. reglugerðarinnar

19. gr.

Sérákvæði um þá sem sækja vinnu yfir landamæri og aðstandendur þeirra

Þegar um er að ræða menn sem sækja vinnu yfir landamæri eða aðstandendur þeirra er lyfjavörum, sáraumbúðum, gleraugum og minni stoðtækjum úthlutað og greiningar og prófanir á rannsóknastofum gerðar eingöngu í því aðildarríki þar sem gefin voru fyrirmæli um slíkt í samræmi við löggjöf þess, nema löggjöfin sem þar til bær stofnun starfar eftir eða samkomulag milli hlutaðeigandi aðildarríkja eða lögbærra yfirvalda þeirra er hagstæðara.

Framkvæmd annars undirliðar í 2. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar

19. gr. a (15)

Aðstoð við dvöl í lögbæru ríki — Aðstandendur búsettir í öðru aðildarríki en launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur

1. Til að fá aðstoð samkvæmt skilmálum 21. gr. reglugerðarinnar skulu aðstandendur láta stofnun á dvalarstað í té vottorð til staðfestingar á að þeir eigi rétt á umræddum bótum. Vottorðið, sem stofnun á búsetustað aðstandenda gefur út, ef mögulegt er áður en þeir yfirgefa yfirráðasvæði búseturíkisins, skal einkum tilgreina eftir því sem við á hámarkslengd aðstoðartímabils, eins og kveðið er á um í löggjöf þess aðildarríkis. Leggi aðstandendur ekki fram umrætt vottorð skal stofnun á dvalarstað hafa samband við stofnun á búsetustað til að fá það afhent.

2. Ákvæði 6., 7. og 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt. Í því tilviki telst stofnun á búsetustað aðstandenda þar til bær stofnun.

Framkvæmd 22. gr. reglugerðarinnar

20. gr.

Aðstoð þegar hlutaðeigandi dvelur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki — Sérreglur um launþega í millilandaflutningum og aðstandendur þeirra

1. Launþegi í millilandaflutningum sem ákvæði a-liðar 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar eiga við um og sem vegna atvinnu sinnar fer til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis en hins lögbæra ríkis skal, til þess að fá aðstoð fyrir sig eða aðstandendur sína sem fylgja honum, afhenda stofnun á dvalarstað, eins fljótt og auðið er, sérstaka staðfesta yfirlýsingu gefna út af vinnuveitanda eða umboðsmanni hans í þeim almanaksmánuði eða á næstliðnum tveimur almanaksmánuðum fyrir afhendingu yfirlýsingarinnar. Í yfirlýsingunni skal koma fram hvenær hlutaðeigandi einstaklingur var ráðinn til starfa hjá umræddum vinnuveitanda svo og heiti og heimilisfang þar til bærrar stofnunar; sé vinnuveitanda hins vegar ekki skylt, samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis, að hafa vitneskju um þá stofnun skal hlutaðeigandi einstaklingur leggja skriflega fram heiti og heimilisfang umræddrar stofnunar um leið og hann leggur inn umsókn sína til stofnunar á dvalarstað. Hafi einstaklingur lagt fram slíka yfirlýsingu telst hann hafa fullnægt skilyrðum fyrir því að fá aðstoð. Reynist einstaklingi ekki fært að ná sambandi við stofnun á dvalarstað áður en hann leitar læknisaðstoðar, skal hann fá slíka aðstoð engu að síður, eins og hann væri tryggður hjá þeirri stofnun, leggi hann fram umbeðna staðfesta yfirlýsingu.

2. Stofnun á dvalarstað skal innan þriggja daga leita upplýsinga um það hjá þar til bærri stofnun hvort hlutaðeigandi einstaklingur fullnægi skilyrðum fyrir rétti til aðstoðar. Stofnun á dvalarstað veitir aðstoð þar til svar berst frá þar til bærri stofnun, þó ekki lengur en í þrjátíu daga.

3. Þar til bær stofnun skal senda svar til stofnunar á dvalarstað innan tíu daga frá því að henni berst fyrirspurnin. Verði svarið jákvætt skal hin þar til bæra stofnun tiltaka, ef nauðsyn krefur, hámarkslengd bótatímabils samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir og heldur stofnun á dvalarstað áfram að veita umræddar bætur.

4. Í stað staðfestu yfirlýsingarinnar sem kveðið er á um í 1. mgr. getur hlutaðeigandi einstaklingur sem heyrir undir ákvæði þeirrar málsgreinar lagt fram hjá stofnun á dvalarstað staðfesta yfirlýsingu um að skilyrðum fyrir veitingu aðstoðar hafi verið fullnægt. Í slíkri yfirlýsingu, sem þar til bær stofnun gefur út, skal sérstaklega taka fram, þar sem þurfa þykir, hámarkslengd bótatíma samkvæmt löggjöf lögbæra ríkisins. Í slíku tilviki gilda 1., 2. og 3. mgr. ekki.

5. Ákvæði 6., 7. og 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt.

6. Aðstoð sem veitt er á þeim forsendum sem greint er frá í 1. mgr. skal endurgreidd á þann hátt sem kveðið er á um í 1. mgr. 36. gr. reglugerðarinnar.

21. gr.

Aðstoð þegar dvalið er í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki — Launþegar aðrir en þeir sem heyra undir 20. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar

1. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur skal afhenda stofnun á dvalarstað staðfesta yfirlýsingu um það að hann hafi rétt til aðstoðar samkvæmt i-lið a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar að undanskildu því tilviki sem um getur í 20. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar. Í yfirlýsingunni, sem þar til bær stofnun gefur út að beiðni hlutaðeigandi einstaklings, ef þess er kostur, áður en hann yfirgefur hið lögbæra ríki, skal sérstaklega taka fram, þar sem þurfa þykir, hámarkslengd bótatíma samkvæmt löggjöf lögbæra ríkisins. Leggi hlutaðeigandi einstaklingur ekki fram umrædda yfirlýsingu skal stofnun á dvalarstað útvega sér hana beint frá þar til bærri stofnun.

2. Ákvæði 6., 7. og 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt.

22. gr.

Aðstoð til handa launþegum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum sem flytja til annars aðildarríkis, eða hverfa aftur til fyrra búsetulands, og til handa launþegum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum sem leita sér lækninga í öðru aðildarríki

1. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur skal afhenda stofnun á búsetustað staðfesta yfirlýsingu þess efnis að hann eigi rétt á áframhaldandi aðstoð samkvæmt i-lið b-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar. Í yfirlýsingunni sem þar til bær stofnun gefur út, skal taka sérstaklega fram, þar sem þurfa þykir, hámarkslengd þess viðbótartímabils sem hægt er að greiða slíkar bætur á samkvæmt ákvæðum löggjafar lögbæra ríkisins. Ef ekki er hægt, af óviðráðanlegum ástæðum, að gefa staðfesta yfirlýsingu út fyrir brottför hlutaðeigandi einstaklings getur hann farið fram á að það sé gert eftir á.

2. Ákvæði 6., 7. og 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda á hliðstæðan hátt í því tilviki sem vísað er til í i-lið c-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar um rétt til aðstoðar.

23. gr.

Aðstoð til handa aðstandendum

Ákvæði 21. eða 22. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar gilda, eftir því sem við á, á hliðstæðan hátt um aðstoð til handa aðstandendum eins og kveðið er á um í 3. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar.

Hins vegar skal litið svo á, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 22. gr. í reglugerðinni, að stofnun á búsetustað og löggjöf í búsetulandi aðstandenda séu þar til bær stofnun og löggjöf lögbærs ríkis að því er tekur til 6., 7. og 9. mgr. 17. gr., 21. og 22. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

24. gr.

Bætur í peningum ef launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur dvelur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

Ákvæði 18. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar gilda á hliðstæðan hátt um greiðslur bóta í peningum samkvæmt ii-lið í a-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem dvelur í aðildarríki án þess að starfa þar þarf ekki að leggja fram tilkynningu um að hann hafi hætt störfum svo sem greint er frá í 1. mgr. 18. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar, en þessi undanþága hefur þó ekki áhrif á skyldu hans til að skila vottorði um að hann sé óvinnufær.

Framkvæmd 3. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar

25. gr.

Staðfest yfirlýsing um aðstandendur sem taka verður tillit til við útreikning bóta í peningum

1. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur verður að afhenda þar til bærri stofnun staðfesta yfirlýsingu um aðstandendur sína sem búsettir eru í öðru aðildarríki en því þar sem umrædd stofnun er staðsett til að fá bætur samkvæmt 3. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar.

2. Stofnun á búsetustað skal gefa út staðfesta yfirlýsingu vegna aðstandenda.

Hún gildir í tólf mánuði frá útgáfudegi. Heimilt er að endurnýja hana; í því tilviki tekur hún gildi frá og með endurnýjunardegi.

Hlutaðeigandi einstaklingi ber að tilkynna þar til bærri stofnun þegar í stað verði breyting á högum hans sem kallar á breytingu á yfirlýsingunni. Sú breyting tekur gildi frá þeim degi er hagir hans breyttust.

3. Í stað hinnar staðfestu yfirlýsingar sem kveðið er á um í 1. mgr. getur þar til bær stofnun krafið hlutaðeigandi einstakling um nýleg gögn sem staðfesta borgaralega réttarstöðu þeirra aðstandenda hans sem eru búsettir á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þar sem hlutaðeigandi stofnun er.

Framkvæmd 1. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar

26. gr.

Bætur til atvinnulausra einstaklinga sem fara til annars aðildarríkis en hins lögbæra ríkis í leit að atvinnu

1. Atvinnulaus einstaklingur skal afhenda sjúkratryggingastofnun á staðnum sem hann fer til staðfesta yfirlýsingu, sem honum ber að sækja um hjá þar til bærri sjúkratryggingastofnun fyrir brottför, til þess að fá bætur eða aðstoð fyrir sig og aðstandendur sína eins og kveðið er á um í 1. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar. Leggi hinn atvinnulausi einstaklingur ekki fram umrædda yfirlýsingu skal stofnun á dvalarstað afla hennar beint frá þar til bærri stofnun.

Yfirlýsingin skal staðfesta rétt til téðra bóta samkvæmt skilyrðum sem sett eru fram í a-lið 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar; þar skal tilgreind lengd bótatímabils, með hliðsjón af ákvæðum c-liðar 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar, og bótafjárhæðar sem greiða skal, eftir því sem við á, vegna sjúkratrygginga á ofangreindu tímabili, verði hlutaðeigandi óvinnufær eða leggist á sjúkrahús.

2. Atvinnuleysistryggingastofnun á þeim stað sem hinn atvinnulausi hefur farið til skal staðfesta, í yfirlýsingu þeirri sem greint er frá í 83. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar og send skal til sjúkratryggingastofnunar á þeim stað, að skilyrðum b-liðar 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar hafi verið fullnægt og tilgreina frá hvaða degi, og frá hvaða degi hinn atvinnulausi einstaklingur skuli njóta atvinnuleysisbóta á kostnað þar til bærrar stofnunar.

Staðfesta yfirlýsingin skal gilda í þann tíma sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar, að því tilskildu að skilyrðum sé fullnægt. Atvinnuleysistryggingastofnun á þeim stað sem hinn atvinnulausi hefur farið til skal, innan þriggja daga, tilkynna fyrrnefndri sjúkratryggingastofnun ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt.

3. Ákvæði 6. og 7. og 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt.

4. Til þess að fá bætur í peningum sem kveðið er á um í löggjöf hins lögbæra ríkis skal hinn atvinnulausi einstaklingur, innan þriggja daga, senda vottorð um að hann sé óvinnufær, gefið út af lækninum sem annast hann, til sjúkratryggingastofnunar á þeim stað sem hann hefur farið til. Honum ber einnig að tilgreina daginn þegar hann hætti að fá sjúkratryggingabætur og gefa upp heimilisfang sitt í landinu þar sem hann dvelst.

5. Sjúkratryggingastofnun á dvalarstað hins atvinnulausa einstaklings skal, innan þriggja daga, tilkynna þar til bærri sjúkratryggingastofnun og þar til bærri atvinnuleysistryggingastofnun, og enn fremur atvinnumiðluninni þar sem hinn atvinnulausi er skráður, hvaða dag hann varð óvinnufær og hvaða dag hann varð aftur vinnufær.

6. Í þeim tilvikum sem skilgreind eru í 4. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar skal sjúkratryggingastofnunin á þeim stað sem hinn atvinnulausi hefur farið til tilkynna þar til bærri sjúkratryggingastofnun og þar til bærri atvinnuleysistryggingastofnun að skilyrðum fyrir því að lengja tímabilið, sem greiða má bætur í peningum og veita aðstoð á, sé fullnægt, og gera grein fyrir ástæðunum sem álit þeirra byggist á, og láta nákvæma skýrslu um ástand sjúklingsins frá lækninum sem skoðaði hann fylgja þessum upplýsingum til þar til bærrar sjúkratryggingastofnunar, þar sem fram kemur hversu lengi skilyrðin fyrir beitingu 4. mgr. 25. gr. muni að líkindum vara. Þar til bærri sjúkratryggingastofnun ber síðan að taka ákvörðun um framlengingu þess tímabils sem greiða má hinum sjúka atvinnulausa einstaklingi bætur.

7. Ákvæði 2., 3., 4., 5., 6., 8. og 9. mgr. 18. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt.

Framkvæmd 3. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar

27. gr.

Aðstoð til handa aðstandendum atvinnulausra einstaklinga sem eru búsettir í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

Ákvæði 17. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar gilda á hliðstæðan hátt þegar veita skal aðstandendum hins atvinnulausa, sem eru búsettir á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en hins lögbæra ríkis, aðstoð. Þegar skráning aðstandenda hins atvinnulausa, sem fær bætur samkvæmt 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar, fer fram skal staðfesta

yfirlýsingin sem vísað er til í 1. mgr. 26. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar lögð fram. Yfirlýsing gildir það tímabil sem heimilt er að veita bætur á samkvæmt 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar.

Framkvæmd 26. gr. reglugerðarinnar

28. gr.

Aðstoð til handa krefjendum um lífeyri og aðstandendum þeirra

1. Til að krefjandi eigi rétt á bótum á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem hann er búsettur, samkvæmt 1. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar, skulu krefjandi og aðstandendur hans skrá sig hjá stofnun á búsetustað með því að leggja fram staðfesta yfirlýsingu um að hann eigi rétt á umræddum bótum sjálfum sér og aðstandendum sínum til handa, samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis. Yfirlýsingin skal gefin út af stofnun þess aðildarríkis sem ber ábyrgð á aðstoð.

2. Stofnun á búsetustað ber að tilkynna þeirri stofnun sem gaf út yfirlýsinguna um allar skráningar sem fara fram samkvæmt 1. mgr.

Framkvæmd 28. og 28. gr. a reglugerðarinnar

29. gr.

Aðstoð til handa lífeyrisþegum og aðstandendum þeirra sem eru ekki búsettir í aðildarríki þar sem þeir fá lífeyri og eiga rétt á bótum samkvæmt löggjöf

1. Til að lífeyrisþegi fái aðstoð á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem hann er búsettur, samkvæmt 1. mgr. 28. gr. og 28. gr. a reglugerðarinnar, verða lífeyrisþegi og aðstandendur hans að skrá sig hjá stofnun á búsetustað með því að leggja fram staðfesta yfirlýsingu um að hann eigi rétt til umræddra bóta sjálfum sér og aðstandendum sínum til handa, samkvæmt einhverri þeirri löggjöf sem gerir ráð fyrir slíkum lífeyri.

2. Ein þeirra stofnana sem ber ábyrgð á greiðslu lífeyrisins skal gefa út slíka yfirlýsingu að beiðni lífeyrisþegans, um leið og hann fullnægir skilyrðum fyrir að hljóta rétt til slíkra bóta eða, eftir því sem við á, stofnun sem hefur umboð til að ákvarða rétt til aðstoðar. Leggi lífeyrisþeginn staðfestu yfirlýsinguna ekki fram skal stofnun á búsetustað fá hana beint frá stofnuninni eða stofnunum sem bera ábyrgð á greiðslu lífeyrisins eða, eftir því sem við á, frá stofnuninni sem hefur heimild til að gefa út slíka yfirlýsingu. Stofnun á búsetustað getur á meðan beðið er eftir umræddri yfirlýsingu og með tilliti til þeirra upplýsinga sem hún hefur skráð lífeyrisþegann og aðstandendur hans til bráðabirgða. Slík skráning gildir ekki hjá þeirri stofnun sem ber ábyrgð á greiðslu aðstoðarinnar fyrr en stofnun á búsetustað hefur lagt fram yfirlýsingu þá sem kveðið er á um í 1. mgr.

3. Stofnun á búsetustað skal tilkynna þeirri stofnun sem gaf út yfirlýsingu þá sem kveðið er á um í 1. mgr. um allar skráningar sem fram fara samkvæmt ákvæðum umræddrar málsgreinar.

4. Þegar sótt er um aðstoð verður að sanna fyrir stofnun á búsetustað, með kvittun eða fylgiskjali póstávísunar sem síðasta greiðsla var greidd með, að lífeyrisþegi eigi áfram rétt á lífeyri.

5. Lífeyrisþegi eða aðstandendur hans skulu tilkynna stofnun á búsetustað um allar breytingar á högum sínum sem breytt gætu rétti þeirra til aðstoðar, sérstaklega ef um tímabundna stöðvun eða afturköllun lífeyris eða búferlaflutninga er að ræða. Stofnanir sem bera ábyrgð á lífeyrinum skulu einnig tilkynna stofnun á búsetustað um slíkar breytingar.

6. Framkvæmdaráðið skal, að því marki sem nauðsynlegt er, setja reglur til að ákveða hvaða stofnun skuli bera kostnað af aðstoð í þeim tilvikum sem vísað er til í b-lið 2. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar.

Framkvæmd 29. gr. reglugerðarinnar

30. gr. (14)

Aðstoð til handa aðstandendum sem eru búsettir í aðildarríki öðru en búseturíki lífeyrisþegans

1. Til að aðstandendur njóti aðstoðar á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem þeir eru búsettir, samkvæmt 1. mgr. 29. gr. reglugerðarinnar, skulu þeir skrá sig hjá stofnun á búsetustað þeirra með því að leggja fram þau gögn sem krafist er samkvæmt löggjöfinni sem stofnunin starfar eftir og heimila aðstandendum lífeyrisþega slíka aðstoð ásamt staðfestri yfirlýsingu um rétt lífeyrisþegans til aðstoðar til handa sér og aðstandendum sínum. Stofnun á búsetustað lífeyrisþegans gefur út slíka yfirlýsingu og gildir hún þar til stofnun á búsetustað aðstandendanna er tilkynnt um ógildingu hennar. Gefi þýsk, frönsk, ítölsk eða portúgölsk stofnun hins vegar út umrædda yfirlýsingu gildir hún einungis í eitt ár frá útgáfudegi og skal hún endurnýjast á árs fresti.

2. Aðstandendur skulu afhenda stofnun á búsetustað þeirra yfirlýsingu þá sem vísað er til í 1. mgr. þegar sótt er um aðstoð, ef löggjöf sú sem stofnunin starfar eftir gerir ráð fyrir að slíkri

umsókn skuli fylgja staðfesting á rétti til lífeyris.

3. Stofnun á búsetustað lífeyrisþega skal tilkynna stofnun á búsetustað aðstandenda um tímabundna stöðvun eða niðurfellingu lífeyris og búferlaflutninga lífeyrisþega. Stofnun á búsetustað aðstandenda getur hvenær sem er leitað upplýsinga hjá stofnun á búsetustað lífeyrisþega um rétt til aðstoðar.

4. Aðstandendur skulu tilkynna stofnun á búsetustað sínum um allar breytingar á högum sínum sem breytt gætu rétti þeirra til aðstoðar, sérstaklega ef um búferlaflutninga er að ræða.

Framkvæmd 31. gr. reglugerðarinnar

31. gr.

Aðstoð til handa lífeyrisþegum og aðstandendum þeirra sem dveljast í öðru aðildarríki en búseturíkinu

1. Til að fá aðstoð samkvæmt 31. gr. reglugerðarinnar, skal lífeyrisþegi afhenda stofnun á búsetustað staðfesta yfirlýsingu um það að hann eigi rétt á aðstoð. Stofnun á búsetustað lífeyrisþegans skal gefa út slíka staðfesta yfirlýsingu áður en hann yfirgefur yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem hann er búsettur, ef þess er kostur, og tilgreina meðal annars, eftir því sem við á, hámarkslengd þess tímabils sem aðstoð getur komið fyrir samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis. Leggi lífeyrisþegi ekki fram umrædda yfirlýsingu skal stofnun á dvalarstað afla hennar beint frá stofnun á búsetustað.

2. Ákvæði 6., 7. og 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt. Í því tilviki telst stofnun á búsetustað lífeyrisþegans þar til bær stofnun.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda á hliðstæðan hátt þegar um er að ræða aðstoð til handa aðstandendum sem heyra undir 31. gr. reglugerðarinnar.

Framkvæmd 1. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar

32. gr.

Stofnanir sem menn í námuvinnu og sambærilegum störfum og aðstandendur þeirra geta snúið sér til þegar þeir eru búsettir eða dveljast í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

1. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar og þar sem, í dvalar- eða búseturíkinu, bætur greiddar vegna veikinda eða meðgöngu og fæðingar samkvæmt bótakerfi verkafólks í stáliðnaði eru jafngildar þeim sem menn í námuvinnu og sambærilegum störfum eiga rétt á samkvæmt sérstöku bótakerfi, geta menn sem heyra til síðarnefnda hópnum og aðstandendur þeirra sótt um bætur hjá stofnun sem tilgreind er í 3. viðauka við framkvæmdarreglugerðina og er næst þeim í því aðildarríki þar sem þeir dvelja eða eru búsettir, jafnvel þótt umrædd stofnun hafi umsjón með bótakerfi fyrir verkafólk í stáliðnaði, og ber þeirri stofnun þá að veita þeim slíkar bætur.

2. Ef bætur sem greiddar eru til manna í námuvinnu eða sambærilegum störfum samkvæmt sérstöku bótakerfi eru hagstæðari, geta þeir eða aðstandendur þeirra sjálfir ákveðið hvort þeir snúa sér til stofnunar sem hefur umsjón með því bótakerfi eða til stofnunar sem hefur umsjón með bótakerfi fyrir verkamenn í stáliðnaði og er næst þeim í því aðildarríki þar sem þeir dvelja eða eru búsettir. Í seinna tilvikinu skal hlutaðeigandi stofnun vekja athygli viðkomandi á því að snúi hann sér til stofnunar sem hefur umsjón með ofangreindu sérkerfi fái hann meiri bætur; enn fremur skal hún upplýsa hann um heiti og heimilisfang þeirrar stofnunar.

Framkvæmd 2. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar

32. gr. a

Sérstök kerfi sem eiga við tiltekna sjálfstætt starfandi einstaklinga

Í 11. viðauka er skrá yfir kerfi, eitt eða fleiri, sem getið er um í 2. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar.

Framkvæmd 4. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar

33. gr.

Hvernig meta skal bótatímabil í öðru aðildarríki

Að því er varðar framkvæmd ákvæða 4. mgr. 35 gr. reglugerðarinnar getur stofnun í aðildarríki sem krafin er um bætur farið þess

á leit við stofnun í öðru aðildarríki að hún veiti upplýsingar um tímabil sem hún hefur þegar greitt bætur fyrir vegna sömu veikinda eða meðgöngu og fæðingar.

Endurgreiðsla þar til bærrar stofnunar vegna kostnaðar sem stofnað var til við dvöl í öðru ríki

34. gr. (12)

1. Ef ekki er unnt að ganga frá formsatriðum, sem kveðið er á um í 20. (1. og 4. mgr.), 21., 23. og 31. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar, á meðan á dvöl launþegans eða hins sjálfstætt starfandi einstaklings í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki stendur, skal kostnaður hans endurgreiddur að beiðni hans af þar til bærri stofnun í samræmi við endurgreiðsluhlutfall stofnunar á dvalarstað.

2. Stofnun á dvalarstað skal að beiðni þar til bærrar stofnunar leggja fram nauðsynlegar upplýsingar um fjárhæð slíkra greiðslna.

Ef stofnun á dvalarstað og þar til bær stofnun eru bundnar af samkomulagi sem kveður á um annaðhvort enga endurgreiðslu, eða endurgreiðslu með eingreiðslu á bótum sem veittar eru í samræmi við i-lið í a-lið 1. mgr. 22 gr. og 31. gr. reglugerðarinnar, skal þess krafist af stofnuninni á dvalarstað að hún yfirfæri fjárhæðina sem á að endurgreiða hlutaðeigandi aðila í samræmi við ákvæði 1. mgr. til þar til bæru stofnunarinnar.

3. Þegar um háar fjárhæðir er að ræða getur þar til bær stofnun látið hlutaðeigandi einstakling fá tiltekna fyrirframgreiðslu um leið og hann leggur fram kröfu um endurgreiðslu á hendur stofnuninni.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. mgr. getur þar til bær stofnun látið fara fram endurgreiðslu kostnaðar sem stofnað er til samkvæmt þeim töxtum sem hún starfar eftir, að því tilskildu að endurgreiðsla geti farið fram eftir þessum töxtum, að útgjöld sem á að endurgreiða fari ekki yfir ákveðið mark, sem er tiltekið af framkvæmdaráðinu, og að launþegi, sjálfstætt starfandi einstaklingur eða lífeyrisþegi samþykki að þessu ákvæði sé beitt. Endurgreiðslan má ekki undir neinum kringumstæðum vera hærri en raunverulega útlagður kostnaður.

5. Ef ekki er kveðið á um endurgreiðslutaxta í löggjöf aðildarríkisins getur þar til bær stofnun látið endurgreiðslu fara fram samkvæmt skilmálum sem eru settir í 4. mgr. án þess að samþykki hlutaðeigandi einstaklings sé nauðsynlegt.

3. KAFLI

ÖRORKA, ELLI OG ANDLÁT (LÍFEYRIR)

Kröfur um bætur og umfjöllun þeirra

35. gr. (11)

Umsóknir um örorkubætur þegar launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur einungis heyrt undir löggjöf sem er tilgreind í þætti A í IV. viðauka við reglugerðina og einnig í því tilviki sem um getur í 2. mgr. 40. gr. reglugerðarinnar

1. Til að eiga rétt á bótum samkvæmt 37., 38. og 39. gr. reglugerðarinnar, að meðtöldum tilvikunum sem um getur í 40. (2. mgr.), 41. (1. mgr.) og 42. gr.(2. mgr.) reglugerðarinnar, skal launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur leggja fram kröfu annaðhvort til þeirrar stofnunar í aðildarríkinu sem hann heyrði undir þegar hann varð óvinnufær og sú óvinnufærni leiddi til örorku eða þess að örorka jókst, eða til stofnunar á búsetustað, sem skal senda kröfuna til fyrri stofnunarinnar ásamt upplýsingum um hvaða dag krafan var lögð inn; síðan skal litið á þann dag sem eiginlegan skiladag kröfunnar til fyrri stofnunarinnar. Hafi sjúkrabætur í peningum hins vegar verið greiddar verður sá dagur, eftir því sem við á, er slíkar greiðslur féllu niður að teljast skiladagur kröfu um lífeyri.

2. Í þeim tilvikum sem um getur í b-lið 1. mgr. 41. gr. reglugerðarinnar skal sú stofnun, sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur var síðast tryggður hjá, tilkynna stofnuninni sem upphaflega var ætlað að greiða bæturnar um fjárhæð bóta sem hlutaðeigandi á rétt á samkvæmt löggjöf sem hún starfar eftir svo og um það hvenær greiðslur skulu hefjast. Frá og með þeim degi skulu bætur sem hlutaðeigandi átti rétt á áður en örorkan ágerðist felldar niður eða lækkaðar, þó ekki meira en sem nemur þeirri viðbótarfjárhæð sem vísað er til í c-lið 1. mgr. 41. gr. reglugerðarinnar.

3. Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við í því tilviki sem vísað er til í d-lið 1. mgr. 41. gr. reglugerðarinnar. Í slíku tilviki skal stofnun sú sem krefjandinn var síðast tryggður hjá leita upplýsinga hjá stofnun í Hollandi um fjárhæð sem viðkomandi á rétt á frá hlutaðeigandi stofnun.

36. gr.

Kröfur um elli- og eftirlifendabætur (að undanskildum munaðarleysingjabótum) og örorkubætur sem falla ekki undir 35. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar

1. Hlutaðeigandi einstaklingur skal leggja fram kröfu hjá stofnun á búsetustað, eins og ráð er fyrir gert í löggjöfinni sem hún starfar eftir, til þess að fá bætur samkvæmt 40.–51.gr. í reglugerðinni, að undanskildum þeim tilvikum sem vísað er til í 35. gr.

framkvæmdarreglugerðarinnar. Hafi launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur ekki heyrt undir þá löggjöf, skal stofnun á búsetustað senda kröfuna áfram til stofnunar sem starfar samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem krefjandi heyrði síðast undir og tilgreina dagsetningu kröfunnar. Gildir dagsetningin sem skiladagur kröfu hjá síðarnefndu stofnuninni.

2. Hafi krefjandi ekki heyrt undir löggjöf, sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, þess aðildarríkis þar sem hann er búsettur, getur hann sent kröfu sína til stofnunar sem starfar samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem hann heyrði síðast undir.

3. Sé krefjandi búsettur á yfirráðasvæðis ríkis sem ekki er aðildarríki, skal hann leggja inn kröfu hjá þar til bærri stofnun sem starfar samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrði síðast undir.

Sendi krefjandi kröfu sína til stofnunar í aðildarríki þar sem hann er ríkisborgari, skal hún senda kröfuna áfram til þar til bærrar stofnunar.

4. Krafa um bætur sem send er til stofnunar í einu aðildarríki felur í sér að bótum er sjálfkrafa úthlutað samtímis samkvæmt löggjöf allra hlutaðeigandi aðildarríkja, þar sem krefjandi hefur fullnægt skilyrðum fyrir bótarétti, nema krefjandi, samkvæmt 2. mgr. 44. gr. reglugerðarinnar, fari fram á að greiðslu ellilífeyris, sem hann á rétt á samkvæmt löggjöf eins eða fleiri aðildarríkis, sé frestað.

37. gr.

Skjöl og upplýsingar sem skulu fylgja bótakröfum sem vísað er til í 36. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar

Um kröfur sem falla undir 36. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar gilda eftirfarandi reglur:

a) kröfunni skal skila á þar til gerðum eyðublöðum ásamt nauðsynlegum fylgiskjölum, eins og mælt er fyrir um í löggjöf:

   i) þess aðildarríkis þar sem krefjandi er búsettur, í því tilviki sem um getur í 1. mgr. 36. gr.;

   ii) þess aðildarríkis sem launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrði síðast undir, í því tilviki sem um getur í 2. og 3. mgr. 36. gr.;

b) allar upplýsingar sem krefjandi veitir skulu staðfestar með löggiltum fylgiskjölum eða af lögbærum aðilum í því aðildarríki þar sem hann er búsettur;

c) krefjandi skal veita upplýsingar, að því marki sem unnt er, um stofnun eða stofnanir sem sjá um örorkubætur, ellibætur eða bætur vegna andláts (lífeyri) í þeim löndum þar sem hann hefur verið tryggður, eða um vinnuveitanda eða vinnuveitendur sem hann hefur starfað hjá í einhverju aðildarríki, með því að leggja fram þau starfsvottorð sem hann kann að hafa undir höndum;

d) fari krefjandi, samkvæmt 2. mgr. 44. gr, fram á frestun á ellilífeyri sem hann á rétt á samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis eða fleiri, verður hann að tilgreina þá löggjöf sem hann vill heyra undir.

38. gr.

Staðfestar yfirlýsingar um aðstandendur sem taka verður tillit til við ákvörðun bóta

1. Krefjandi skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu um aðstandendur sína, aðra en börn, sem búsettir eru á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess þar sem stofnunin sem ber ábyrgð á að veita bæturnar er, til þess að fá bætur samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 39. gr. eða 3. mgr. 47. gr.

Sjúkratryggingastofnun á búsetustað fjölskyldunnar, eða önnur stofnun sem er tilnefnd af þar til bæru yfirvaldi í búseturíki fjölskyldunnar, skal gefa út staðfestu yfirlýsinguna. Ákvæði annarrar og þriðju undirgreinar 2. mgr. 25. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar gilda á hliðstæðan hátt.

Í staðinn fyrir hina staðfestu yfirlýsingu sem kveðið er á um í 1. mgr. getur stofnun sem ber að greiða bætur krafið krefjanda um nýlegt vottorð um borgaralega réttarstöðu aðstandenda hans, annarra en barna, sem eru búsettir á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess þar sem hlutaðeigandi stofnun er.

2. Geri sú löggjöf sem hlutaðeigandi stofnun starfar eftir ráð fyrir því að aðstandendur búi undir sama þaki og krefjandinn, í því tilviki sem um getur í 1. mgr., verður að sýna fram á að umræddir aðstandendur, sem fullnægja ekki fyrrnefndu skilyrði, séu samt sem áður að mestu leyti á framfæri krefjanda með því að leggja fram skjöl til staðfestingar því að krefjandi láti reglulega af hendi hluta tekna sinna.

39. gr. (11)

Mat á umsóknum um örorkubætur hafi launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur einungis heyrt undir löggjöf sem er tilgreind í þætti A í IV. viðauka reglugerðarinnar

1. Hafi stofnun viðurkennt kröfu launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings um örorkubætur, samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 37. gr. reglugerðarinnar, skal hún óska eftir, þegar þörf krefur,

staðfestri yfirlýsingu frá þeirri tryggingastofnun, sem hlutaðeigandi einstaklingur var síðast tryggður hjá, um þau tryggingatímabil sem hann hefur lokið samkvæmt löggjöfinni sem sú stofnun starfar eftir.

2. Þar sem nauðsynlegt er að taka til greina tryggingatímabil sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis til að fullnægja skilyrðum hins lögbæra ríkis, gilda ákvæði 1. mgr. á hliðstæðan hátt.

3. Sú stofnun sem hefur fjallað um mál krefjanda skal koma skjölum um hann áleiðis til þeirrar stofnunar sem hann var síðast tryggður hjá, í því tilviki sem um getur í 3. mgr. 39. gr. reglugerðarinnar.

4. 41.–50. gr. í framkvæmdarreglugerðinni ná ekki til athugunar á þeim kröfum sem um getur í 1., 2. og 3. mgr.

40. gr.

Örorkumat

Við mat á örorku skal stofnun hafa hliðsjón af skjölum, læknisskýrslum og upplýsingum sem hún fær frá stofnun í öðru aðildarríki. Þó áskilur hver stofnun sér rétt til þess að láta lækni að eigin vali skoða krefjanda, nema í þeim tilvikum þar sem ákvæði 4. mgr. 40. gr. gilda.

Athugun á kröfum vegna örorku-, elli-, og eftirlifendabóta í þeim tilvikum sem um getur í 36. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar

41. gr.

Úrskurður um hvaða stofnun beri að fjalla um kröfur

1. Sú stofnun sem fengið hefur bótakröfur sendar samkvæmt ákvæðum 36. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar, skal taka þær til athugunar. Þessi stofnun er hér eftir kölluð „umsagnarstofnun".

2. Umsagnarstofnun skal tilkynna öllum hlutaðeigandi stofnunum um bótakröfur á þar til gerðum eyðublöðum, þannig að þær geti allar tekið kröfurnar til athugunar tafarlaust.

42. gr.

Eyðublöð sem nota skal við athugun á bótakröfum

1. Þegar bótakröfur eru teknar til athugunar skal umsagnarstofnun nota eyðublöð þar sem meðal annars kemur fram staðfest samantekt allra trygginga- eða búsetutímabila sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur lokið samkvæmt löggjöf hlutaðeigandi ríkja.

2. Þessi eyðublöð koma í stað fylgiskjala þegar þau eru send til stofnunar í öðru aðildarríki.

43. gr.

Málsmeðferð sem hlutaðeigandi stofnunum ber að fylgja við athugun á kröfu

1. Umsagnarstofnun skal skrá öll trygginga- eða búsetutímabil sem lokið hefur verið samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir á eyðublaðið sem kveðið er á um í 1. mgr. 42. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar og skal afrit af því sent til stofnunar sem veitir örorkubætur, ellibætur og bætur vegna andláts (lífeyri) og launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur verið tryggður hjá, ásamt öllum starfsvottorðum sem krefjandi kann að leggja fram.

2. Eigi einungis ein önnur stofnun í hlut skal hún útfylla eyðublaðið með því að taka fram:

a) trygginga- eða búsetutímabil sem hefur verið lokið samkvæmt þeirri löggjöf sem stofnunin starfar eftir;

b) bótafjárhæð sem krefjandi getur fengið sé einungis tekið tillit til ofangreindra tryggingatímabila;

c) viðmiðunarfjárhæð og raunverulega fjárhæð bóta sem reiknuð er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar.

Eyðublað með viðeigandi upplýsingum skal senda aftur til umsagnarstofnunarinnar.

Ef réttur til bóta er einungis fenginn með tilliti til þeirra trygginga- eða búsetutímabila sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf sem stofnun í seinna aðildarríkinu starfar eftir, og hægt er að reikna bótafjárhæð vegna þeirra án tafar, þar eð sá útreikningur sem um getur í c-lið krefst talsvert lengri tíma, skal senda eyðublaðið aftur til umsagnarstofnunar ásamt þeim upplýsingum sem um getur í a- og b-lið; senda ber þær upplýsingar sem um getur í c-lið til umsagnarstofnunar við fyrsta tækifæri.

3. Eigi tvær eða fleiri stofnanir hlut að máli skal hver þeirra fylla út umrætt eyðublað og greina frá trygginga- eða búsetutímabilum sem lokið hefur verið samkvæmt þeirri löggjöf sem þær starfa eftir og skal þeim skilað til matsaðila.

Ef bótaréttur er áunninn með því að taka til greina trygginga- eða búsetutímabil sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf sem ein eða fleiri þessara stofnana starfa eftir, og sé unnt að ákveða bótafjárhæð vegna þeirra án tafar, skal tilkynna umsagnarstofnun samtímis um fjárhæðina og trygginga- eða búsetutímabilin; verði einhver töf á útreikningi skal tilkynna umsagnaraðila um fjárhæðina um leið og hún hefur verið ákveðin.

Þegar umsagnarstofnun hefur fengið öll þau eyðublöð sem gefa upplýsingar um trygginga- eða búsetutímabil og, eftir því sem við á, fjárhæð eða fjárhæðir sem viðkomandi á rétt á samkvæmt löggjöf eins eða fleiri hlutaðeigandi aðildarríkja, skal hún senda afrit af eyðublöðum útfylltum á þennan hátt til hlutaðeigandi stofnana og skal hver þeirra síðan tilgreina viðmiðunarfjárhæð og raunverulega fjárhæð bóta, sem reiknaðar eru samkvæmt 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar, og senda aftur til umsagnarstofnunar.

4. Umsagnarstofnun skal strax og ljóst er, að fengnum upplýsingunum sem um getur í 2. eða 3. mgr., að beita þurfi 40. (2.mgr.) eða 48. gr. (2. eða 3. mgr.) reglugerðarinnar tilkynna hlutaðeigandi stofnunum um það.

5. Í því tilviki sem kveðið er á um í d-lið 37. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar skulu þær stofnanir í aðildarríkjunum, sem krefjandi hefur heyrt undir löggjöf hjá og hafa tekið við umsókn hans um frestun bótagreiðslna, einungis skrá á eyðublaðið sem kveðið er á um í 1. mgr. 42. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar þau trygginga- eða búsetutímabil sem krefjandi hefur lokið samkvæmt þeirri löggjöf sem stofnanirnar starfa eftir.

44. gr.

Stofnun sem hefur vald til að ákveða örorkustig

1. Einungis umsagnarstofnun hefur heimild þá sem kveðið er á um í 4. mgr. 40. gr. reglugerðarinnar til að meta örorkustig krefjanda, þó með fyrirvara um ákvæði 2. og 3. mgr. Skal hún taka slíka ákvörðun, eftir því sem við á, með tilliti til 45. gr. reglugerðarinnar um leið og hún getur metið hvort skilyrðum um bótarétt sé fullnægt samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir. Tilkynna skal hlutaðeigandi stofnunum um slíka ákvörðun þegar í stað.

2. Hafi skilyrðum um bótarétt, öðrum en þeim sem lúta að örorkumati, ekki verið fullnægt samkvæmt löggjöf sem umsagnarstofnun starfar eftir, að teknu tilliti til ákvæða 45. gr. reglugerðarinnar, skal umsagnarstofnun þegar í stað tilkynna það þeirri stofnun sem sér um örorkubætur og launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrði síðast undir löggjöf hjá. Sú stofnun hefur heimild til að meta örorkustig krefjanda hafi skilyrðum til bóta verið fullnægt samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir; skal hún þegar í stað tilkynna hlutaðeigandi stofnunum um ákvörðun sína.

3. Nauðsynlegt getur reynst að vísa málinu aftur með sömu skilmálum til stofnunar sem ber ábyrgð á örorkubótum í því aðildarríki sem launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrði fyrst undir löggjöf hjá.

45. gr.

Bótagreiðslur til bráðabirgða og fyrirframgreiddar bætur

1. Staðfesti umsagnarstofnun rétt krefjanda til bóta samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, án þess að taka til greina þau trygginga- eða búsetutímabil sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf annarra aðildarríkja, skal hún þegar í stað greiða slíkar bætur til bráðabirgða.

2. Komi í ljós að krefjandi eigi ekki rétt á bótum samkvæmt 1. mgr., en þær upplýsingar sem umsagnarstofnun voru látnar í té samkvæmt 2. og 3. mgr. 43. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar sýna að hlutaðeigandi á rétt til bóta samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, þegar einungis er tekið tillit til þeirra trygginga- eða búsetutímabila sem lokið hefur verið samkvæmt þeirri löggjöf, skal sú stofnun sem starfar samkvæmt umræddri löggjöf greiða slíkar bætur til bráðabirgða jafnskjótt og umsagnarstofnun hefur tilkynnt henni að hún sé bótaskyld.

3. Hafi hlutaðeigandi í því tilviki sem vísað er til í 2. mgr. öðlast rétt til bóta samkvæmt löggjöf fleiri en eins aðildarríkis, þegar einungis er tekið tillit til þeirra trygginga- eða búsetutímabila sem lokið hefur verið samkvæmt löggjöf hvers ríkis fyrir sig, skal sú stofnun sem í upphafi tilkynnti umsagnarstofnun um þann rétt bera ábyrgð á bótagreiðslu til bráðabirgða; ber umsagnarstofnun að tilkynna hlutaðeigandi stofnunum um það.

4. Stofnun sem ber að greiða bætur samkvæmt 1., 2. eða 3. mgr. skal tilkynna krefjanda um það hið fyrsta, og jafnframt vekja athygli hans á því að sú ráðstöfun er til bráðabirgða og að ekki er hægt að áfrýja ákvörðuninni.

5. Nú á krefjandi engan rétt til bráðabirgðabóta samkvæmt 1., 2. eða 3. mgr., en síðar koma fram upplýsingar um að hlutaðeigandi eigi rétt á þeim samkvæmt 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar, og skal umsagnarstofnun þá greiða honum fyrirfram viðeigandi bætur sem

hægt er að krefjast endurgreiðslu á og skal fjárhæðin vera sem næst þeirri sem líklegt má telja að hann fengi samkvæmt 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar.

6. Tvö aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta samþykkt að greiða bráðabirgðabætur á annan hátt þegar eingöngu er um að ræða stofnanir í hlutaðeigandi ríkjum. Slíkar samþykktir skal tilkynna til framkvæmdaráðsins.

46. gr. (11)

Bætur sem svara til tryggingatímabila vegna frjálsra trygginga eða frjálsra viðvarandi trygginga sem ekki má taka til greina samkvæmt b-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar

Þegar reikna skal út viðmiðunarfjárhæð og raunverulega fjárhæð bóta samkvæmt a- og b-liðum 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar skulu reglurnar sem kveðið er á um í b-, c- og d-liðum 1. mgr. 15. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar gilda.

Raunveruleg fjárhæð, sem skal reiknuð út samkvæmt 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar, skal hækkuð um fjárhæð sem svarar til tímabila frjálsra eða frjálsra viðvarandi trygginga sem hafa ekki verið tekin til greina samkvæmt b-lið 1. mgr. 15. gr. í framkvæmdarreglugerðinni. Þessi viðbótarfjárhæð skal reiknuð út samkvæmt ákvæðum í löggjöf þeirra aðildarríkja þar sem tímabilum vegna frjálsra trygginga eða frjálsra viðvarandi trygginga hefur verið lokið.

Samanburðurinn sem um getur í 3. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar skal gerður með framangreinda hækkun í huga.

47. gr. (11)

Útreikningur bótafjárhæða sem svara til tímabila vegna frjálsra trygginga eða frjálsra viðvarandi trygginga

Stofnun í hverju aðildarríki um sig skal, í samræmi við þá löggjöf sem hún starfar eftir, reikna út bótafjárhæð sem svarar til tímabila vegna frjálsra trygginga eða frjálsra viðvarandi trygginga og er ekki samkvæmt c-lið 3. mgr. 46. gr. a í reglugerðinni háð ákvæðum um lækkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun í öðru aðildarríki.

48. gr. (11)

Ákvarðanir stofnana tilkynntar krefjanda

1. Lokaákvörðun allra hlutaðeigandi stofnana skal tilkynnt umsagnaraðila. Í hverri ákvörðun um sig skal koma fram hvaða forsendur og áfrýjunarfrestur er tilgreindur í viðkomandi löggjöf. Eftir að umsagnaraðili fær ákvarðanirnar í hendur skal hann senda krefjanda samantekt um þær á hans eigin tungumáli ásamt fylgiriti með fyrrgreindum ákvörðunum. Krefjandi hefur tiltekinn frest til áfrýjunar frá þeim degi er hann fær samantektina í hendur.

2. Umsagnarstofnun skal um leið og hún sendir krefjanda samantektina sem um getur í 1. mgr., senda afrit til hlutaðeigandi stofnana ásamt afritum af niðurstöðum hinna stofnananna.

49. gr. (11)

Endurútreikningur bóta

1. Að því er varðar framkvæmd ákvæða 43. (3. og 4. mgr.), 49. (2. og 3. mgr.) og 51. gr. (2. mgr.) í reglugerðinni skulu ákvæði 45. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar gilda að breyttu breytanda.

2. Verði þörf á að endurreikna, afturkalla eða fella niður bætur tímabundið skal stofnun sem hefur tekið slíka ákvörðun tilkynna það hlutaðeigandi einstaklingi þá þegar og jafnframt öllum stofnunum þar sem hann hefur lagt fram umsókn til bóta, með milligöngu umsagnaraðila ef þurfa þykir. Í ákvörðuninni skal koma fram hvaða forsendur og áfrýjunarfrestur er tilgreindur í viðkomandi löggjöf. Hlutaðeigandi einstaklingur hefur frest til að áfrýja ákvörðuninni frá þeim degi er hann fær hana í hendur.

50. gr.

Ráðstafanir til að flýta fyrir úthlutun bóta

1. a) i) Þegar launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem er ríkisborgari eins aðildarríkis en heyrir undir löggjöf annars aðildarríkis lætur skrá sig hjá stofnun sem ber að greiða lífeyri í síðarnefnda ríkinu skal hún senda, með öllum tiltækum leiðum, stofnun sem tilnefnd er af lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu allar persónuupplýsingar um hlutaðeigandi einstakling, fyrsta starfsdag hans, heiti þar til bærrar stofnunar og tryggingarnúmer sem hún hefur úthlutað honum.

ii) Þar til bær stofnun sem vísað er til í i-lið skal einnig, eftir því sem hægt er, senda allar upplýsingar, sem greitt og flýtt gætu fyrir úthlutun lífeyris, til þeirrar stofnunar sem tilnefnd er samkvæmt ákvæðum i-liðar.

iii) Slíkar upplýsingar skal senda, samkvæmt fyrirmælum sem framkvæmdaráð setur, til stofnunar sem

lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis hafa tilnefnt.

iv) Við framkvæmd ákvæða i-, ii- og iii-liða teljast ríkisfangslausir einstaklingar og flóttamenn eiga ríkisfang í því aðildarríki sem þeir heyrðu fyrst undir löggjöf hjá.

b) Hlutaðeigandi stofnanir skulu að beiðni hlutaðeigandi einstaklings eða þeirrar stofnunar sem hann er tryggður hjá taka saman tryggingasögu hans og skal hún hefjast ekki seinna en einu ári áður en hlutaðeigandi nær lífeyrisaldri.

2. Framkvæmdaráðið setur reglur um hvernig framkvæma skuli ákvæði 1. mgr.

Eftirlit og læknisskoðanir

51. gr.

1. Þegar einstaklingur sem þiggur bætur, þar með taldar:

a) örorkubætur;

b) ellilífeyri sem veittur er þegar viðkomandi verður óvinnufær;

c) ellilífeyri sem veittur er rosknum atvinnulausum einstaklingum;

d) ellilífeyri sem veittur er þegar einstaklingur hættir að stunda atvinnustarfsemi;

e) eftirlifendabætur sem veittar eru vegna örorku eða þegar viðkomandi verður óvinnufær;

f) bætur sem veittar eru með því skilyrði að tekjur viðtakanda fari ekki yfir tiltekin mörk,

dvelur eða er búsettur í öðru aðildarríki en því þar sem sú stofnun sem er ábyrg fyrir greiðslum er staðsett, skal stofnun á dvalar- eða búsetustað viðtakanda skipuleggja eftirlit og læknisskoðanir, að beiðni fyrrnefndrar stofnunar, samkvæmt málsmeðferð þeirri sem mælt er fyrir um í löggjöf sem sú stofnun starfar eftir. Stofnun sem er ábyrg fyrir greiðslum skal þó áskilja sér rétt til að ákveða hvaða læknir skoðar viðtakandann.

2. Stofnun á dvalar- eða búsetustað skal senda skýrslu til þeirrar stofnunar sem fór fram á eftirlitið eða skoðunina og er ábyrg fyrir greiðslum, verði það uppvíst að viðtakandi, sem um getur í 1. mgr., sé launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur eða hafi tekjur umfram leyfileg mörk á meðan hann þiggur bætur. Í þessari skýrslu skal meðal annars koma fram hvers eðlis starf hlutaðeigandi er, hve miklar tekjur hann hefur haft undanfarinn ársfjórðung, eðlilegar tekjur sem aflað hefur verið af launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklingi á viðkomandi svæði í sambærilegri stöðu og hlutaðeigandi gegndi áður en hann varð öryrki, á viðmiðunartímabili sem stofnun sem ábyrg er fyrir greiðslum ákveður og, eftir því sem við á, álit sérfræðings á sviði læknisfræði á heilsu hlutaðeigandi einstaklings.

52. gr.

Ef hlutaðeigandi einstaklingur endurheimtir rétt til bóta, sem hafa verið stöðvaðar tímabundið, á meðan hann er búsettur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki, skulu hlutaðeigandi stofnanir skiptast á öllum viðeigandi upplýsingum með tilliti til þess að fyrrnefndar bætur verði greiddar að nýju.

Greiðslur bóta

53. gr.

Útborgun bóta

1. Ef sú stofnun sem er ábyrg fyrir bótagreiðslum í aðildarríki borgar ekki milliliðalaust til bótaþega sem eru búsettir á yfirráðasvæði annars aðildarríkis þær bætur sem þeir eiga rétt á, skal samskiptastofnun þess aðildarríkis eða stofnun á búsetustað þeirra einstaklinga, sem eiga rétt á bótum, greiða bæturnar samkvæmt þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 54.– 58. gr. í framkvæmdarreglugerðinni, að beiðni þeirrar stofnunar sem ber ábyrgð á greiðslum; ef sú stofnun sem er ábyrg fyrir greiðslum greiðir bæturnar beint til bótaþega skal hún tilkynna stofnun á búsetustað um það. Í 6. viðauka er skrá yfir það hvernig greiðslu bóta er háttað í einstökum aðildarríkjum.

2. Tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta samið um aðra tilhögun bótagreiðslna í tilvikum þar sem þar til bærar stofnanir þessara aðildarríkja eiga einar hlut að máli. Slíkt samkomulag skal tilkynna framkvæmdaráðinu.

3. Ákvæði samkomulags um bótagreiðslur sem eru í gildi daginn áður en reglugerðin tekur gildi skulu gilda áfram að því tilskildu að þau séu skráð í 5. viðauka.

54. gr.

Greiðslustofnun tilkynnt um greiðsluáætlun bóta

Sú stofnun sem ber ábyrgð á greiðslu bóta skal senda samskiptastofnun í því aðildarríki þar sem bótaþegi er búsettur, eða stofnun á búsetustað (báðar kallaðar „greiðslustofnun“ héðan í frá), nákvæma greiðsluáætlun í tvíriti og skal hún berast greiðslustofnun eigi síðar en tuttugu dögum fyrir þann dag sem bæturnar eiga að koma til útborgunar.

55. gr.

Greiðslur sem leggjast skulu inn á reikning greiðslustofnunar

1. Stofnun sem ber ábyrgð á greiðslu bóta skal, tíu dögum fyrir greiðsludag, greiða þá fjárhæð sem tilgreind er í greiðsluáætlun þeirri sem getið er í 54. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar, í gjaldmiðli eigin aðildarríkis. Greiðslur skulu fara í gegnum seðlabanka eða annan banka í viðkomandi aðildarríki inn á reikning sem seðlabanki eða annar banki í aðildarríki greiðslustofnunar stofnar fyrir hennar hönd. Með slíkri greiðslu innir stofnunin skyldur sínar af hendi. Skal hún jafnframt tilkynna greiðslustofnun um innborgunina.

2. Bankinn sem tekur við greiðslunni skal færa greiðslustofnun hana til tekna í gjaldmiðli þess aðildarríkis sem hún hefur aðsetur sitt í.

3. Heiti og skráðar skrifstofur eða vinnustöðvar banka sem vísað er til í 1. mgr. er skráð í 7. viðauka.

56. gr.

Bætur sem greiðslustofnun greiðir bótaþegum

1. Greiðslustofnun skal greiða bótaþega bætur tilgreindar í greiðsluáætlun þeirri sem vísað er til í 54. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar fyrir hönd stofnunar sem ábyrg er fyrir bótunum. Slíkar greiðslur skulu fara fram samkvæmt fyrirmælum laga sem greiðslustofnun starfar eftir.

2. Greiðslustofnun, eða stofnun sem hún tilnefnir, skal hætta öllum bótagreiðslum fái hún upplýsingar um atvik sem réttlætir tímabundna stöðvun eða niðurfellingu bóta. Þetta á einnig við í þeim tilvikum þegar bótaþegi flyst búferlum til annars aðildarríkis.

3. Greiðslustofnun skal tilkynna þeirri stofnun sem ábyrg er fyrir greiðslu um ástæðu fyrir því að greiðslum var hætt. Látist bótaþegi eða maki hans, eða giftist ekkill eða ekkja að nýju, skal greiðslustofnun tilkynna umræddri stofnun um dagsetningu þess.

57. gr.

Uppgjör vegna greiðslna sem vísað er til í 56. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar

1. Gera skal upp reikninga vegna greiðslna sem vísað er til í 56. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar í lok hvers bótatímabils til þess að unnt sé að ákvarða þær fjárhæðir sem hafa þegar verið greiddar einstaklingum sem eiga rétt til bóta, eða viðurkenndum umboðsmanni þeirra, og þær sem eru ógreiddar.

2. Leita skal staðfestingar á að heildarfjárhæðin, rituð bæði í tölustöfum og bókstöfum, í gjaldmiðli aðildarríkis greiðslustofnunar, sé í samræmi við bótafjárhæð sem greiðslustofnun hefur greitt og skal hún árituð af fulltrúa greiðslustofnunarinnar.

3. Greiðslustofnun ber að tryggja að bótagreiðslur fari fram á tilskilinn hátt.

4. Mismunurinn á fjárhæð bóta sem stofnun ábyrg fyrir greiðslum hefur borgað, sem reiknaður er í gjaldmiðli þess aðildarríkis þar sem stofnunin er, og fjárhæð greiðslna sem greiðslustofnun hefur innt af hendi, skal dreginn frá eða honum bætt við fjárhæð sem stofnun ábyrg fyrir greiðslu á eftir að gera skil á.

58. gr.

Kostnaður vegna bótagreiðslna endurheimtur

Greiðslustofnun hefur endurkröfurétt gagnvart viðtakendum vegna kostnaðar við útborgun bóta, að meðtöldum póst- og bankakostnaði, samkvæmt skilmálum laga sem hún starfar eftir.

59. gr.

Tilkynning um búferlaflutninga bótaþega

Þegar bótaþegi, sem á rétt á bótum samkvæmt löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja flyst búferlum frá einu aðildarríki til annars ber að tilkynna það stofnun eða stofnunum sem ábyrgar eru fyrir bótum svo og greiðslustofnun.

4. KAFLI

VINNUSLYS OG ATVINNUSJÚKDÓMAR

Framkvæmd 52. og 53. gr. reglugerðarinnar

60. gr.

Aðstoð þegar hlutaðeigandi er búsettur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

1. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur skal skila til stofnunar á búsetustað staðfestri yfirlýsingu um rétt sinn til að-

stoðar samkvæmt a-lið 52. gr. reglugerðarinnar. Þar til bær stofnun gefur út slíka staðfesta yfirlýsingu eftir að hafa fengið nauðsynlegar upplýsingar frá vinnuveitanda, eftir því sem við á. Launþeginn eða sjálfstætt starfandi einstaklingur verður þar að auki að afhenda stofnun á búsetustað staðfestingu á því að hann hafi tilkynnt um vinnuslys eða atvinnusjúkdóm, geri lögin í hinu lögbæra ríki ráð fyrir því. Skili hlutaðeigandi einstaklingur ekki þessum skjölum, verður stofnunin á búsetustað að útvega sér þau frá þar til bærri stofnun og veita honum aðstoð samkvæmt löggjöf um sjúkratryggingar á meðan beðið er eftir þeim.

2. Þessi staðfesta yfirlýsing gildir þangað til stofnunin á búsetustað fær tilkynningu um að hún hafi verið felld úr gildi. Sé yfirlýsingin hins vegar gefin út af franskri stofnun gildir hún einungis í eitt ár frá útgáfudegi og þarf að endurnýja hana árlega.

3. Ef hlutaðeigandi einstaklingur er í árstíðabundnum störfum, skal staðfesta yfirlýsingin sem um getur í 1. mgr. gilda út væntanlegan ráðningartíma hans, nema þar til bær stofnun tilkynni stofnun á búsetustað um ógildingu hennar í millitíðinni.

4. Með hverri umsókn um aðstoð verður hlutaðeigandi einstaklingur að leggja fram þau vottorð og fylgiskjöl sem krafist er til að aðstoð verði veitt samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem hann er búsettur.

5. Ef um sjúkrahúsvist er að ræða, ber stofnun á búsetustað að tilkynna, innan þriggja daga frá því að hún fær vitneskju um það, þar til bærri stofnun um innlagnardag, áætlaða lengd sjúkrahúsvistar og útskriftardag af sjúkrahúsi.

6. Stofnun á búsetustað skal tilkynna þar til bærri stofnun fyrirfram um allar ákvarðanir sem lúta að því að láta í té aðstoð þegar áætlaður eða raunverulegur kostnaður er hærri en eingreiðslan sem er fastsett og endurskoðuð reglulega af framkvæmdaráðinu.

Þar til bær stofnun hefur fimmtán daga frest, frá þeim degi er tilkynningin er send, til að bera fram mótmæli og færa rök að slíkum mótmælum; hafi engin slík mótmæli borist að þeim tíma liðnum skal stofnun á búsetustað veita aðstoðina. Neyðist stofnun á búsetustað til að veita slíkar bætur í bráðatilviki, skal hún tilkynna það þar til bærri stofnun án tafar.

7. Hlutaðeigandi einstaklingur skal tilkynna stofnun á búsetustað um allar breytingar á högum sínum sem gætu haft áhrif á rétt hans til aðstoðar, sér í lagi ef hann hættir að vinna eða skiptir um starf, flyst búferlum eða skiptir um dvalarstað. Þar til bærri stofnun ber einnig að tilkynna stofnun á búsetustað að hlutaðeigandi einstaklingur sé ekki lengur tryggður eða eigi ekki lengur rétt á aðstoð. Stofnun á búsetustað getur hvenær sem er farið fram á upplýsingar frá þar til bærri stofnun um tryggingar hlutaðeigandi einstaklings eða rétt hans til aðstoðar.

8. Þegar um er að ræða menn sem sækja vinnu yfir landamæri, eða aðstandendur þeirra, er lyfjavörum, sáraumbúðum, gleraugum og minni stoðtækjum úthlutað og greiningar og prófanir á rannsóknastofum gerðar eingöngu á yfirráðasvæði þess aðildarríkis þar sem mælt var fyrir um slíkt í samræmi við löggjöf þess aðildarríkis.

9. Tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta samþykkt önnur framkvæmdarákvæði að fengnu áliti framkvæmdaráðsins.

61. gr.

Bætur í peningum aðrar en lífeyrir ef hlutaðeigandi er búsettur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

1. Til að eiga kost á bótum í peningum öðrum en lífeyri samkvæmt b-lið 52. gr. reglugerðarinnar verður launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, innan þriggja daga frá því að hann varð óvinnufær, að sækja um þær til stofnunar á búsetustað með því að leggja fram tilkynningu um að hann hafi hætt í starfi eða, ef þess er krafist í löggjöfinni sem þar til bær stofnun eða stofnun á búsetustað starfar eftir, vottorð gefið út af lækninum sem annast hann um að hann sé ekki lengur vinnufær.

2. Gefi hlutaðeigandi læknar í búsetulandinu ekki út vottorð um að hlutaðeigandi einstaklingur sé óvinnufær, skal hann leita beint til stofnunar á búsetustað innan þeirra tímamarka sem sett eru í löggjöfinni sem stofnunin starfar eftir.

Sú stofnun skal þegar í stað fá staðfestingu læknis og gefa út vottorð það sem vísað er til í 1. mgr. Í slíku vottorði skal tilgreina hversu lengi hlutaðeigandi verði að líkindum óvinnufær og skal það sent til hinnar þar til bæru stofnunar þegar í stað.

3. Í þeim tilvikum þar sem ákvæði 2. mgr. eiga ekki við skal stofnun á búsetustað sjá til þess við fyrsta tækifæri, og eigi síðar en þremur dögum eftir að hlutaðeigandi einstaklingur leitar til hennar, að hann fái læknisskoðun eins og hann væri tryggður hjá þeirri stofnun. Í skýrslu læknis skal koma sérstaklega fram hversu lengi hlutaðeigandi verði að líkindum óvinnufær og skal stofnun á búsetustað senda skýrsluna til þar til bærrar stofnunar innan þriggja daga frá því að læknisskoðunin fer fram.

4. Stofnun á búsetustað skal síðan sjá um nauðsynlegt eftirlit með hlutaðeigandi einstaklingi eða læknisskoðanir eins og hann

væri tryggður hjá þeirri stofnun. Stofnunin skal undir eins og hún fær vitneskju um að hlutaðeigandi einstaklingur sé fær til vinnu á ný tilkynna honum og þar til bærri stofnun um það og jafnframt tilkynna frá og með hvaða degi launþegi telst vinnufær. Tilkynningin sem send er til hlutaðeigandi einstaklings gildir sem ákvörðun hinnar þar til bæru stofnunar, samanber þó ákvæði 6. mgr.

5. Þar til bær stofnun áskilur sér í öllum tilvikum rétt til að láta lækni sem hún sjálf velur skoða hlutaðeigandi einstakling.

6. Ákveði þar til bær stofnun að greiða ekki bætur í peningum á þeim forsendum að hlutaðeigandi einstaklingur hafi ekki fullnægt öllum formsatriðum sem mælt er fyrir um í löggjöf búsetulands, eða vegna vitneskju um að hann sé orðinn vinnufær á ný, skal hún tilkynna hlutaðeigandi einstaklingi ákvörðun sína og senda jafnframt afrit af ákvörðuninni til stofnunar á búsetustað.

7. Þegar hlutaðeigandi einstaklingur hefur vinnu á ný skal hann tilkynna þar til bærri stofnun um það, sé þess krafist samkvæmt þeirri löggjöf sem stofnunin starfar eftir.

8. Þar til bær stofnun skal greiða bætur í peningum með þeim hætti sem við á, helst með alþjóðlegri póstávísun, og skal hún jafnframt tilkynna það hlutaðeigandi einstaklingi og stofnun á búsetustað. Greiði stofnun á búsetustað bætur í peningum fyrir hönd þar til bærrar stofnunar, skal sú síðarnefnda upplýsa hlutaðeigandi einstakling um rétt hans og tilkynna stofnun á búsetustað um fjárhæð bótanna, greiðsludaga þeirra og hámarkslengd bótatíma samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis.

9. Tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta samþykkt önnur framkvæmdarákvæði að fengnu áliti framkvæmdaráðsins.

Framkvæmd 55. gr. reglugerðarinnar

62. gr.

Aðstoð veitt þegar dvalist er í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

1. Launþegi í millilandaflutningum, sem ákvæði a-liðar 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar eiga við um og sem vegna atvinnu sinnar fer til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis en hins lögbæra ríkis, verður að afhenda stofnuninni á dvalarstað sínum sérstaka staðfesta yfirlýsingu sem gefin er út af vinnuveitanda eða umboðsmanni hans í þeim almanaksmánuði eða á tveimur undanfarandi almanaksmánuðum til þess að eiga rétt á aðstoð. Í yfirlýsingunni skal meðal annars koma fram hvenær hlutaðeigandi einstaklingur var ráðinn til starfa hjá umræddum vinnuveitanda ásamt heiti og heimilisfangi þar til bærrar stofnunar. Hafi hlutaðeigandi einstaklingur lagt fram slíka staðfesta yfirlýsingu telst hann hafa fullnægt skilyrðum fyrir rétti til aðstoðar. Reynist hlutaðeigandi einstaklingi ekki fært að ná sambandi við stofnun á dvalarstað áður en hann leitar læknisaðstoðar, á hann samt rétt á slíkri aðstoð eins og hann væri tryggður hjá þeirri stofnun leggi hann fram umrædda staðfesta yfirlýsingu.

2. Stofnun á dvalarstað skal innan þriggja daga leita upplýsinga um það hjá þar til bærri stofnun hvort hlutaðeigandi einstaklingur fullnægi skilyrðum fyrir rétti til aðstoðar. Stofnun á dvalarstað veitir aðstoð þar til svar berst frá þar til bærri stofnun, þó ekki lengur en í þrjátíu daga.

3. Þar til bær stofnun skal senda svar til stofnunar á dvalarstað innan tíu daga frá því að henni berst fyrirspurnin. Verði svarið jákvætt skal hin þar til bæra stofnun tiltaka, ef nauðsyn krefur, hámarkslengd bótatímabils samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir og heldur stofnun á dvalarstað áfram að veita umræddar bætur.

4. Aðstoð sem veitt er í krafti ákvæða 1. mgr. skal endurgreidd eins og kveðið er á um í 1. mgr. 36. gr. reglugerðarinnar.

5. Launþegum sem heyra undir ákvæði 1. mgr. er heimilt að skila staðfestri yfirlýsingu sem kveðið er á um í 6. mgr. í staðinn fyrir staðfestu yfirlýsinguna sem kveðið er á um í 1. mgr.

6. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur verður að skila til stofnunar á dvalarstað staðfestri yfirlýsingu um að hann hafi rétt til aðstoðar samkvæmt i-lið í a-lið 1. mgr. 55. gr. reglugerðarinnar. Þar til bær stofnun verður að gefa yfirlýsinguna út áður en hlutaðeigandi einstaklingur yfirgefur búseturíkið, sé þess nokkur kostur, og skal hún meðal annars tilgreina hámarkstímann sem hann á rétt á aðstoð samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis. Ef hlutaðeigandi einstaklingur skilar ekki yfirlýsingunni verður stofnun á búsetustað að útvega sér hana frá þar til bærri stofnun.

7. Ákvæði 5., 6. og 9. mgr. 60. gr. gilda á hliðstæðan hátt.

63. gr.

Aðstoð til handa launþegum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum sem flytjast búferlum til annars aðildarríkis eða flytja aftur til fyrra búseturíkis og til handa launþegum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum sem fá heimild til að leita sér lækninga í öðru aðildarríki

1. Launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur skal afhenda stofnun á búsetustað staðfesta yfirlýsingu þess efnis að hann eigi

rétt á áframhaldandi aðstoð samkvæmt i-lið b-liðar 1. mgr. 55. gr. reglugerðarinnar. Í yfirlýsingunni sem þar til bær stofnun gefur út, skal taka sérstaklega fram, þar sem þurfa þykir, hámarkslengd þess viðbótartímabils sem hægt er að greiða slíkar bætur á samkvæmt ákvæðum löggjafar lögbæra ríkisins. Ef ekki er hægt, af óviðráðanlegum ástæðum, að gefa staðfesta yfirlýsingu út fyrir brottför hlutaðeigandi einstaklings getur hann farið fram á að það sé gert eftir á.

2. Ákvæði 5., 6. og 9. mgr. 60. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar gilda á hliðstæðan hátt.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda á hliðstæðan hátt í því tilviki sem vísað er til í i-lið í c-lið 1. mgr. 55. gr. reglugerðarinnar um rétt til aðstoðar.

64. gr.

Bætur í peningum aðrar en lífeyrisgreiðslur þegar hlutaðeigandi dvelur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

Ákvæði 61. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar gilda á hliðstæðan hátt um greiðslur bóta í peningum, aðrar en lífeyrisgreiðslur, samkvæmt ii-lið í a-lið 1. mgr. 55. gr. reglugerðarinnar. Launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklingi sem dvelur í aðildarríki en stundar ekki atvinnustarfsemi í því ríki er ekki skylt að leggja fram tilkynningu þá sem um getur í 1. mgr. 61. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar um að hann hafi hætt í starfi, en þessi undanþága breytir ekki því að honum ber að skila vottorði um að hann sé óvinnufær.

Framkvæmd 52. til 56. gr. reglugerðarinnar

65. gr.

Yfirlýsingar, rannsóknir og upplýsingaskipti milli stofnana verði einstaklingur fyrir vinnuslysi eða veikist af atvinnusjúkdómi í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

1. Verði hlutaðeigandi einstaklingur fyrir vinnuslysi eða veikist af atvinnusjúkdómi, sem er fyrst greindur í öðru aðildarríki en því lögbæra, skal gefa yfirlýsingu um vinnuslysið eða atvinnusjúkdóminn samkvæmt ákvæðum löggjafar hins lögbæra ríkis, en án þess að það skerði þau lagaákvæði sem í gildi eru í aðildarríkinu þar sem hann varð fyrir slysinu eða atvinnusjúkdómurinn var fyrst greindur og gilda þau ákvæði áfram í slíku tilviki. Yfirlýsinguna skal senda til hinnar þar til bæru stofnunar og afrit af henni til stofnunar á búsetustað eða á dvalarstað.

2. Stofnun í aðildarríki þar sem hlutaðeigandi einstaklingur varð fyrir vinnuslysinu eða þar sem atvinnusjúkdómurinn var fyrst greindur skal koma áleiðis til þar til bærrar stofnunar, í tvíriti, öllum læknisvottorðum sem skrifuð eru á því yfirráðasvæði, ásamt öllum gögnum öðrum er málið varða og sem þar til bær stofnun kynni að falast eftir.

3. Verði hlutaðeigandi fyrir slysi á ferðalagi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en hins lögbæra ríkis getur þar til bær stofnun tilnefnt rannsóknarmann ef ástæða er talin til að rannsaka slysið og skal hún tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum í ríkinu þar um. Yfirvöldin skulu veita rannsóknarmanninum alla nauðsynlega aðstoð, einkum og sér í lagi með því að tilnefna mann til að aðstoða hann við að kanna opinberar skýrslur og önnur skjöl er lúta að málinu.

4. Læknisskjölum og nákvæmri skýrslu er greinir frá afleiðingum slyss eða sjúkdóms og ástandi hlutaðeigandi einstaklings, hvort honum hefur batnað eða sjúkdómurinn ágerst skal koma áleiðis til þar til bærrar stofnunar þegar meðferðinni lýkur. Stofnun á dvalar- eða búsetustað, eftir því sem við á, greiðir kostnaðinn samkvæmt töxtum hlutaðeigandi stofnunar en hefur endurkröfurétt á hendur þar til bærri stofnun.

5. Þar til bær stofnun skal, sé þess óskað, tilkynna stofnun á búsetu- eða dvalarstað, eftir því sem við á, ákvörðun sína um að hlutaðeigandi teljist hafa náð bata eða ástand hans náð jafnvægi og, eftir því sem við á, ákvörðun um lífeyrisgreiðslur.

66. gr.

Ágreiningur um hvort rekja megi sjúkdóm eða slys til atvinnu

1. Þegar, í þeim tilvikum sem um getur í 52. gr. eða 1. mgr. 55. gr. reglugerðarinnar, þar til bær stofnun dregur í efa að beita eigi lagaákvæðum um vinnuslys eða atvinnusjúkdóma, skal hún tilkynna það þegar í stað þeirri stofnun á dvalar- eða búsetustað sem veitt hefur aðstoðina; teljast bæturnar þá falla undir sjúkratryggingar og skulu þær veittar áfram samkvæmt því þegar öllum vottorðum eða staðfestum yfirlýsingum sem um getur í 20. og 21. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar hefur verið skilað.

2. Þegar þar til bær stofnun hefur tekið lokaákvörðun um þetta skal hún þegar í stað tilkynna það þeirri stofnun á dvalar- eða búsetustað sem veitt hefur aðstoðina. Verði niðurstaðan sú að ekki sé um vinnuslys eða atvinnusjúkdóm að ræða, skal hlutaðeigandi stofnun veita aðstoðina áfram sem sjúkratryggingabætur, eigi launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur rétt á þeim. Í öðrum tilvikum telst aðstoð sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur fengið sem sjúkratryggingabætur vera veitt vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms.

Framkvæmd 57. gr reglugerðarinnar

67. gr. (7)

Málsmeðferð þegar rekja má atvinnusjúkdóm til starfa í nokkrum aðildarríkjum

1. Í tilvikum sem heyra undir 1. mgr. 57. gr. reglugerðarinnar skal annaðhvort koma tilkynningu um atvinnusjúkdóm áleiðis til stofnunar sem ber ábyrgð á bótum vegna atvinnusjúkdóma í aðildarríkinu þar sem einstaklingurinn sem gengur með sjúkdóminn gegndi síðast því starfi sem líkur eru á að hafi orsakað umræddan sjúkdóm eða til stofnunar á búsetustað, sem skal senda tilkynninguna áleiðis til þar til bærrar stofnunar.

2. Fái þar til bær stofnun sem um getur 1. mgr. vitneskju um að hlutaðeigandi hafi heyrt undir löggjöf annars aðildarríkis þegar hann gegndi síðast starfi sem telja má líklegt að orsakað hafi umræddan atvinnusjúkdóm, skal hún koma tilkynningunni ásamt fylgiskjölum áleiðis til samsvarandi stofnunar í því aðildarríki.

3. Fái hin þar til bæra stofnun í aðildarríkinu þar sem sjúklingurinn gegndi síðast starfi, sem telja má líklegt að orsakað hafi umræddan atvinnusjúkdóm samkvæmt löggjöf þess ríkis, vitneskju um að hlutaðeigandi einstaklingur eða eftirlifendur hans fullnægi ekki skilyrðum þeirrar löggjafar, að teknu tilliti til ákvæða 2., 3. og 4. mgr. 57. gr. reglugerðarinnar, skal stofnunin:

a) koma án tafar til stofnunar í því aðildarríki þar sem sjúklingurinn gegndi áður starfi, sem telja má líklegt að orsakað hafi umræddan atvinnusjúkdóm, tilkynningu um veikindi hans og öllum fylgiskjölum, að meðtöldum skýrslum og niðurstöðum úr læknisskoðuninni sem fyrrgreinda stofnunin stóð fyrir, ásamt afriti af ákvörðuninni sem um getur í b-lið;

b) jafnframt tilkynna hlutaðeigandi einstaklingi um ákvörðun sína og tiltaka m.a. ástæður fyrir því að honum eru ekki veittar bætur, en auk þess um leiðir og tímafrest til að áfrýja úrskurðinum og hvenær skjölum hans var komið áleiðis til stofnunarinnar sem um getur í a-lið.

4. Nauðsynlegt getur reynst að vísa málinu samkvæmt sömu málsmeðferð aftur til samsvarandi stofnunar í aðildarríkinu þar sem einstaklingurinn sem gengur með sjúkdóminn, samkvæmt löggjöf þess ríkis, fyrst starfi sem telja má líklegt að orsakað hafi umræddan atvinnusjúkdóm.

68. gr. (7)

Upplýsingaskipti milli stofnana sé ákvörðun um að hafna bótakröfu áfrýjað — Fyrirframgreiddar bætur í slíkum tilvikum

1. Áfrýi einstaklingur sem gengur með sjúkdóminn ákvörðun hlutaðeigandi stofnunar um að hafna bótakröfu í aðildarríki þar sem hann gegndi starfi sem telja má líklegt að orsakað hafi umræddan sjúkdóm, ber stofnuninni að tilkynna það þeirri stofnun í öðru aðildarríki sem hefur fengið mál hans til frekari athugunar samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 67. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar og síðan um endanlega ákvörðun í málinu þegar að því kemur.

2. Hafi réttur til bóta verið áunninn samkvæmt löggjöf síðarnefndu stofnunarinnar, að teknu tilliti til ákvæða 2., 3. og 4. mgr. 57. gr. reglugerðarinnar, skal sú stofnun greiða bætur fyrirfram að hámarksfjárhæð sem ákveðin er, gerist þess þörf, í samráði við stofnunina sem hefur hafnað bótakröfunni. Leiði áfrýjunin síðan til þess að stofnun verði dæmd til að greiða bæturnar, skal hún endurgreiða fyrirframgreidda bótafjárhæð. Síðan skal hún draga þessa fjárhæð frá heildarfjárhæð þeirra bóta sem henni ber að greiða hlutaðeigandi einstaklingi.

69. gr. (7)

Skipting kostnaðar vegna bóta í peningum þegar um herslisryklungu (sclerogenic pneumoconiosis) er að ræða

Við framkvæmd 5. mgr. 57. gr. reglugerðarinnar gilda eftirfarandi reglur:

a) þar til bær stofnun þess aðildarríkis sem greiðir bætur samkvæmt eigin löggjöf og í samræmi við 1. mgr. 57. gr. reglugerðarinnar (hér eftir nefnd „stofnun sem ber ábyrgð á að greiða bætur í peningum") skal nota sérstakt eyðublað þar sem fram kemur meðal annars staðfesting á og samantekt yfir öll tryggingatímabil sem einstaklingur sem gengur með sjúkdóminn hefur lokið (vegna ellilífeyris) samkvæmt löggjöf hvers aðildarríkis sem í hlut á;

b) stofnun sem ber ábyrgð á að greiða bætur í peningum skal senda eyðublaðið til allra stofnana í aðildarríkjunum sem greiða ellilífeyri og einstaklingurinn sem gengur með sjúkdóminn hefur verið tryggður hjá; hver þessara stofnana skal skrá þau trygginga- eða búsetutímabil sem lokið hefur verið (vegna ellilífeyris) samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir og endursenda eyðublaðið stofnuninni sem ber ábyrgð á að greiða bætur í peningum;

c) stofnun sem ber ábyrgð á að greiða bætur í peningum skal síðan skipta kostnaðinum milli sín og þar til bærra stofnana sem í hlut eiga; sendir hún þeim síðarnefndu tillögur um skiptinguna til samþykkis ásamt viðeigandi fylgiskjölum og upplýsingum, meðal annars um heildarfjárhæð bótanna, kostnaðarhlutfall hverrar stofnunar og hvernig það var reiknað;

d) í lok hvers almanaksárs skal stofnun sem ber ábyrgð á að greiða bætur í peningum senda öllum þar til bærum stofnunum sem í hlut eiga yfirlit yfir bætur greiddar á umræddu reikningsári sem sýnir skuldastöðu hverrar stofnunar sam-

kvæmt kostnaðarskiptingunni sem kveðið er á um í c-lið; hver stofnun skal endurgreiða stofnuninni sem ber ábyrgð á að greiða bætur í peningum þessa fjárhæð svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan þriggja mánaða.

Framkvæmd 3. mgr. 58. gr reglugerðarinnar

70. gr.

Staðfest yfirlýsing um aðstandendur sem taka verður tillit til við útreikning bóta í peningum, að meðtöldum lífeyri

1. Krefjandi um bætur verður að skila staðfestri yfirlýsingu um aðstandendur sína, sem búsettir eru á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess þar sem stofnunin sem ber að greiða bætur í peningum er staðsett, til þess að eiga rétt til bóta samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 58. gr. reglugerðarinnar.

Sjúkratryggingastofnun á búsetustað aðstandendanna eða önnur stofnun sem hefur verið tilnefnd af þar til bæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem þeir eru búsettir skal gefa út staðfestu yfirlýsinguna. Ákvæði annarrar og þriðju undirgreinar 2. mgr. 25. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar gilda á hliðstæðan hátt.

Stofnun sem ber að greiða bætur í peningum getur krafist þess að krefjandi leggi fram nýleg skjöl, í staðinn fyrir staðfestu yfirlýsinguna sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein hér að ofan, sem staðfesta borgaralega stöðu aðstandenda hans sem búsettir eru á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess þar sem umrædd stofnun er staðsett.

2. Geri sú löggjöf sem hlutaðeigandi stofnun starfar eftir ráð fyrir því að aðstandendur búi undir sama þaki og krefjandinn, í því tilviki sem um getur í 1. mgr., skal krefjandinn leggja fram skjöl til staðfestingar því að hann sendi reglulega hluta tekna sinna til þeirra aðstandenda sem fullnægja ekki fyrrgreindu skilyrði en eru þrátt fyrir það að mestu leyti á framfæri hans.

Framkvæmd 60. gr. reglugerðarinnar

71. gr.

Atvinnusjúkdómur ágerist

1. Sæki krefjandi um bætur hjá stofnun í aðildarríki í tilvikum sem falla undir 1. mgr. 60. gr. reglugerðarinnar, ber honum að útvega stofnuninni allar upplýsingar um bætur sem hann hefur þegar fengið vegna umræddrs atvinnusjúkdóms. Sú stofnun getur síðan leitað allra upplýsinga sem hún telur nauðsynlegar hjá öllum þar til bærum stofnunum sem hafa áður átt hlut að máli.

2. Í því tilviki sem fellur undir c-lið 1. mgr. 60. gr. reglugerðarinnar skal þar til bær stofnun, sem ber að greiða bætur í peningum, senda hinni hlutaðeigandi stofnuninni til samþykktar tilkynningu um fjárhæð sem þeirri síðarnefndu ber að greiða þegar sjúkdómur ágerist, ásamt viðeigandi fylgiskjölum. Í lok hvers almanaksárs skal fyrri stofnunin senda þeirri síðari yfirlit yfir bætur greiddar á reikningsárinu sem um ræðir þar sem skuldastaða hennar kemur fram og skal sú síðarnefnda endurgreiða fyrri stofnuninni þessa fjárhæð svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan þriggja mánaða.

3. Í því tilviki sem um getur í fyrsta málslið b-liðar 2. mgr. 60. gr. reglugerðarinnar skal stofnun sem ber ábyrgð á að greiða bætur í peningum senda þar til bærum stofnunum sem í hlut eiga upplýsingar um breytingar á fyrri kostnaðarskiptingu, ásamt viðeigandi skýrslum eða fylgiskjölum, til samþykkis.

4. Ákvæði 2. mgr. gilda á hliðstæðan hátt í því tilviki sem vísað er til í öðrum málslið b-liðar 2. mgr. 60. gr. reglugerðarinnar.

Framkvæmd 5. mgr. og 6. mgr. 61. gr. reglugerðarinnar

72. gr.

Mat á skertri starfsorku vegna vinnuslyss sem hefur átt sér stað áður eða síðar eða vegna atvinnusjúkdóms sem hefur verið greindur áður eða síðar

1. Krefjandi verður að skila til þar til bærrar stofnunar þess ríkis þar sem hann heyrði undir samkvæmt löggjöf þegar vinnuslysið átti sér stað eða þegar atvinnusjúkdómurinn var fyrst greindur, öllum upplýsingum um vinnuslys sem hann hefur áður eða síðar orðið fyrir eða atvinnusjúkdóma sem hann hefur áður eða síðar veikst af þegar hann heyrði undir lög annarra aðildarríkja, án tillits til skerðingar starfsorku sem af því hlaust, til þess að fá skerðingu á starfsorku metna, rétt til bóta staðfestan eða fjárhæð slíkra bóta ákvarðaða í tilvikum sem um getur í 5. og 6. mgr. 61. gr. reglugerðarinnar.

2. Þar til bær stofnun skal taka til greina, í samræmi við þá löggjöf sem hún starfar eftir að því er varðar rétt til bóta og um ákvörðun bótafjárhæðar, þá skerðingu starfsorku sem rekja má til þessara fyrri eða síðari tilvika.

3. Þar til bær stofnun getur leitað til stofnana sem áður eða síðar voru þar til bærar og fengið allar upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar.

Hafi hlutaðeigandi einstaklingur áður eða síðar orðið fyrir skerðingu starfsorku sökum vinnuslyss sem hann varð fyrir á meðan hann heyrði undir löggjöf aðildarríkis sem setur engin skilyrði um upprunalega orsök við mat á skerðingu starfsorku, skal þar til bær stofnun sem áður eða síðar átti í hlut þegar starfsorka hlutaðeigandi skertist eða sú stofnun sem hefur verið tilnefnd af þar til bæru yfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki veita, að beiðni þar til bærrar stofnunar í öðru aðildarríki, upplýsingar um fyrri eða síðari skerðingu á starfsorku og, að því marki sem unnt er, allar upplýsingar sem gætu auðveldað ákvörðun um hvort sú skerðing starfsorku sem um ræðir orsakaðist af vinnuslysi í skilningi löggjafar síðarnefnda ríkisins sem þar til bær stofnun starfar eftir. Í slíku tilviki gilda ákvæði 2. mgr. á hliðstæðan hátt.

Framkvæmd 1. mgr. 62. gr. reglugerðarinnar

73. gr.

Stofnanir sem menn í námuvinnu og sambærilegum störfum geta leitað til þegar þeir eru búsettir eða dveljast í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

1. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. 62. gr. reglugerðarinnar og þar sem, í dvalar- eða búseturíkinu, bætur greiddar vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma samkvæmt bótakerfi verkafólks í stáliðnaði eru jafngildar þeim sem menn í námuvinnu og sambærilegum störfum eiga rétt á samkvæmt sérstöku bótakerfi, geta verkamenn sem heyra til síðarnefnda hópnum og aðstandendur þeirra sótt um bætur hjá stofnun sem tilgreind er í 3. viðauka við framkvæmdarreglugerðina og er næst þeim í því aðildarríki þar sem þeir dvelja eða eru búsettir, jafnvel þótt umrædd stofnun hafi umsjón með bótakerfi fyrir verkafólk í stáliðnaði, og ber þeirri stofnun þá að veita þeim slíkar bætur.

2. Ef bætur sem greiddar eru til manna í námuvinnu eða sambærilegum störfum samkvæmt sérstöku bótakerfi eru hagstæðari, geta þeir sjálfir ákveðið hvort þeir snúa sér til stofnunar sem hefur umsjón með því bótakerfi eða til stofnunar sem hefur umsjón með bótakerfi fyrir verkamenn í stáliðnaði og er næst þeim í því aðildarríki þar sem þeir dvelja eða eru búsettir. Í seinna tilvikinu skal hlutaðeigandi stofnun vekja athygli viðkomandi á því að snúi hann sér til stofnunar sem hefur umsjón með ofangreindu sérkerfi fái hann meiri bætur; enn fremur skal hún upplýsa hann um heiti og heimilisfang þeirrar stofnunar.

Framkvæmd 2. mgr. 62. gr. reglugerðarinnar

74. gr.

Hvernig meta skal bótatímabil í öðru aðildarríki

Að því er varðar framkvæmd ákvæða 2. mgr. 62 gr. reglugerðarinnar getur stofnun í aðildarríki sem krafin er um bætur farið þess á leit við stofnun í öðru aðildarríki að hún veiti upplýsingar um tímabil sem hún hefur þegar greitt bætur fyrir vegna sama vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms.

Kröfur um lífeyri og mat á þeim, að undanskildum lífeyri vegna atvinnusjúkdóma sem falla undir 57. gr. reglugerðarinnar

75. gr.

1. Til þess að eiga rétt á lífeyri eða viðbótargreiðslu samkvæmt löggjöf aðildarríkis verður launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur eða eftirlifendur hans sem búsettir eru í öðru aðildarríki að leggja fram kröfu annaðhvort hjá þar til bærri stofnun eða hjá stofnun í búseturíkinu sem kemur henni síðan áleiðis til þar til bærrar stofnunar. Sækja skal um lífeyri samkvæmt eftirfarandi reglum:

a) kröfunni ásamt umbeðnum fylgiskjölum skal skila á þar til gerðum eyðublöðum sem fullnægja þeim lagaskilyrðum sem þar til bær stofnun starfar eftir;

b) allar upplýsingar sem krefjandi veitir skulu staðfestar með löggiltum fylgiskjölum eða af þar til bærum stofnunum í aðildarríkinu þar sem krefjandi er búsettur.

2. Þar til bær stofnun skal tilkynna krefjanda um ákvörðun sína beint eða í gegnum samskiptastofnun sína í hinu lögbæra ríki; skal hún senda afrit af ákvörðuninni til samskiptastofnunar sinnar í aðildarríkinu þar sem krefjandi er búsettur.

Eftirlit og læknisskoðanir

76. gr.

1. Stofnun í aðildarríki þar sem einstaklingur sem á rétt á bótum er staddur skal hafa með höndum eftirlit og læknisskoðanir, að meðtöldum læknisskoðunum sem framkvæma ber við endur-

skoðun á lífeyri, fari þar til bær stofnun fram á það, samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í löggjöf sem fyrrnefnda stofnunin starfar eftir. Þar til bær stofnun áskilur sér þó rétt til að láta lækni sem hún sjálf velur skoða lífeyrisþega.

2. Einstaklingi sem fær greiddar bætur, annaðhvort sjálfum sér til handa eða vegna munaðarleysingja, ber að tilkynna stofnuninni sem greiðir lífeyrinn um allar breytingar á högum sínum eða munaðarleysingjans sem gætu hugsanlega haft áhrif á rétt til lífeyris.

Greiðsla lífeyris

77. gr.

Stofnun í aðildarríki sem ber ábyrgð á lífeyrisgreiðslum til lífeyrisþega sem búsettir eru á yfirráðasvæði annars aðildarríkis greiðir þær í samræmi við ákvæði 53.–58. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

5. KAFLI

STYRKIR VEGNA ANDLÁTS

Framkvæmd 64., 65. og 66. gr. reglugerðarinnar

78. gr.

Krafa um styrk vegna andláts lögð fram

Krefjandi verður að leggja fram kröfu annaðhvort hjá þar til bærri stofnun eða hjá stofnun á búsetustað til þess að eiga rétt á styrk vegna andláts samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis en búseturíkisins.

Kröfunni skulu fylgja öll fylgiskjöl sem krafist er samkvæmt þeirri löggjöf sem þar til bær stofnun starfar eftir.

Allar upplýsingar sem krefjandi veitir skulu staðfestar með löggiltum fylgiskjölum eða af þar til bærum stofnunum í búseturíki krefjanda.

79. gr.

Staðfest yfirlýsing um tryggingatímabil

1. Krefjandi verður að skila til þar til bærrar stofnunar staðfestri yfirlýsingu þar sem fram koma upplýsingar um trygginga- eða búsetutímabil sem hann hefur lokið samkvæmt þeirri löggjöf sem hann sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrði síðast undir til þess að eiga rétt á bótum samkvæmt ákvæðum 64. gr. reglugerðarinnar.

2. Sjúkra- eða ellilífeyristryggingastofnun, eftir atvikum, sú sem launþegi eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur var síðast tryggður hjá gefur út hina staðfestu yfirlýsingu að beiðni krefjanda. Skili krefjandi ekki staðfestu yfirlýsingunni, skal þar til bær stofnun útvega sér hana frá annarri fyrrnefndra stofnana.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda á hliðstæðan hátt þegar nauðsynlegt reynist að taka til greina trygginga- eða búsetutímabil sem hlutaðeigandi hefur áður lokið, samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, til að fullnægja skilyrðum hins lögbæra ríkis.

6. KAFLI

ATVINNULEYSISBÆTUR

Framkvæmd 67. gr. reglugerðarinnar

80. gr.

Staðfest yfirlýsing um trygginga- eða starfstímabil

1. Hlutaðeigandi einstaklingur verður að skila til þar til bærrar stofnunar staðfestri yfirlýsingu þar sem fram koma upplýsingar um trygginga- eða starfstímabil sem launþegi hefur þegar lokið samkvæmt þeirri löggjöf sem hann heyrði síðast undir, ásamt öðrum upplýsingum sem krafist er samkvæmt löggjöf sem sú stofnun starfar eftir, til þess að njóta ákvæða 1., 2. eða 4. mgr. 67. gr. reglugerðarinnar.

2. Stofnun sem ber ábyrgð á greiðslu atvinnuleysisbóta í aðildarríkinu þar sem hlutaðeigandi einstaklingur heyrði síðast undir löggjöf, eða önnur stofnun sem lögbært yfirvald í umræddu aðildarríki tilnefnir, skal gefa út umrædda yfirlýsingu að beiðni hans. Ef hann leggur ekki fram téða staðfesta yfirlýsingu skal þar til bær stofnun útvega sér hana frá annarri fyrrnefndra stofnana.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda á hliðstæðan hátt þegar nauðsynlegt reynist að taka til greina starfs- eða tryggingatímabil sem launþegi hefur áður lokið samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis til að fullnægja skilyrðum sem sett eru í löggjöf hins lögbæra ríkis.

Framkvæmd 68. gr. reglugerðarinnar

81. gr.

Staðfest yfirlýsing vegna útreiknings bóta

Ef stofnun er ber ábyrgð á útreikningi bóta heyrir undir 1. mgr. 68 gr. reglugerðarinnar, og einstaklingur hefur ekki stundað síðasta starf sitt í fjórar vikur hið minnsta á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem stofnunin er staðsett, skal hann skila til hennar staðfestri yfirlýsingu um eðli þess starfs sem hann vann síðast við í fjórar vikur hið minnsta á yfirráðasvæði annars aðildarríkis og þá grein atvinnulífsins hann starfaði við. Skili hlutaðeigandi einstaklingur ekki staðfestri yfirlýsingu skal umrædd stofnun útvega sér hana, annaðhvort frá þeirri stofnun sem ber ábyrgð á atvinnuleysisbótum í síðarnefndu aðildarríki og þar sem hann var síðast tryggður eða frá annarri stofnun sem þar til bært yfirvald í því aðildarríki tilnefnir.

82. gr.

Staðfest yfirlýsing um aðstandendur sem taka verður tillit til við útreikning bóta

1. Hlutaðeigandi einstaklingur verður að afhenda þar til bærri stofnun staðfesta yfirlýsingu um aðstandendur sína sem búsettir eru í öðru aðildarríki en því þar sem umrædd stofnun er staðsett til þess að njóta ákvæða 2. mgr. 68. gr. reglugerðarinnar.

2. Stofnun sem hefur verið tilnefnd af lögbæru yfirvaldi í búseturíki aðstandenda gefur út staðfestu yfirlýsinguna. Í henni verður að koma fram að aðstandendur komi ekki til greina við útreikning atvinnuleysisbóta vegna annars einstaklings samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis.

Yfirlýsingin gildir í tólf mánuði frá útgáfudegi hennar. Heimilt er að endurnýja hana; í því tilviki tekur hún gildi frá og með endurnýjunardegi. Hlutaðeigandi einstaklingi ber að tilkynna þar til bærri stofnun þegar í stað verði breyting á högum hans sem kallar á breytingu á yfirlýsingunni. Sú breyting tekur gildi frá þeim degi er hagir hans breyttust.

3. Ef stofnun er gefur út staðfestu yfirlýsinguna sem um getur í 1. mgr. 68 gr. hefur ekki tök á að staðfesta að ekki sé tekið tillit til aðstandenda við útreikning atvinnuleysisbóta handa öðrum einstaklingi sem heyrir undir löggjöf þess aðildarríkis þar sem þeir eru búsettir, skal hlutaðeigandi einstaklingur láta yfirlýsingu þar að lútandi fylgja staðfestu yfirlýsingunni þegar hann skilar henni til þar til bærrar stofnunar.

Ákvæði annarrar undirgreinar 2. mgr. gilda á hliðstæðan hátt um yfirlýsinguna.

Framkvæmd 69. gr. reglugerðarinnar

83. gr.

Skilyrði og takmarkanir vegna bótaréttar fari atvinnulaus maður til annars aðildarríkis

1. Atvinnulaus maður sem heyrir undir 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar verður að skila til stofnunar á nýjum dvalarstað staðfestri yfirlýsingu frá þar til bærri stofnun þar sem fram kemur að hann njóti áfram réttar til bóta samkvæmt skilmálum sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. umræddrar greinar til þess að viðhalda bótarétti. Þar til bær stofnun skal í yfirlýsingu þessari meðal annars tilgreina:

a) fjárhæð bóta sem greiða skal hinum atvinnulausa einstaklingi samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis;

b) frá hvaða degi hinn atvinnulausi einstaklingur gaf ekki lengur kost á sér hjá vinnumiðlun í lögbæra ríkinu;

c) frestinn sem sá atvinnulausi hefur samkvæmt b-lið 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar til að skrá sig í atvinnuleit í því aðildarríki sem hann hefur farið til;

d) hámarkstíma sem viðhalda má réttinum til bóta samkvæmt c-lið 1. mgr. 69. gr.;

e) aðstæður sem breytt gætu rétti hlutaðeigandi til bóta.

2. Atvinnulaus maður sem hefur í hyggju að fara til annars aðildarríkis í atvinnuleit skal fyrir brottför sækja um staðfestu yfirlýsinguna sem getið er um í 1. mgr. Skili hinn atvinnulausi ekki umræddri yfirlýsingu skal stofnun á nýjum dvalarstað útvega sér hana frá hinni þar til bæru stofnun. Vinnumiðlun í hinu lögbæra ríki verður að sjá um að hinum atvinnulausa hafi verið tilkynnt um skyldur sínar samkvæmt 69. gr. reglugerðarinnar og samkvæmt þessari grein.

3. Stofnun á nýja dvalarstaðnum skal tilkynna þar til bærri stofnun um hvaða dag hinn atvinnulausi skráði sig hjá henni svo og hvaða dag bótagreiðslur til hans hófust og skal hún greiða honum bætur fyrir hönd lögbærs ríkis í samræmi við málsmeðferð þá sem kveðið er á um í löggjöf þess aðildarríkis sem hinn atvinnulausi einstaklingur hefur farið til.

Stofnun á nýja dvalarstaðnum ber að halda uppi eftirliti eða skipuleggja eftirlit með hinum atvinnulausa eins og um væri að ræða atvinnulausan mann sem ætti rétt á bótum samkvæmt þeirri löggjöf sem stofnunin starfar eftir. Hún skal tilkynna þar til bærri stofnun um öll tilvik sem falla undir e-lið 1. mgr. hér að ofan jafnskjótt og hún fær vitneskju um þau, og eigi bæturnar að stöðvast eða falla niður, skal hún stöðva greiðslurnar þegar í stað. Þar til bær

stofnunin skal láta stofnun á nýja dvalarstaðnum þegar í stað fá upplýsingar um þær breytingar sem verða á bótarétti hins atvinnulausa og frá hvaða degi breytingarnar gilda. Greiðslur geta aðeins hafist að nýju, eftir því sem við á, að fengnum slíkum upplýsingum. Ef skerða á bæturnar skal stofnun á nýja dvalarstaðnum halda áfram að greiða hinum atvinnulausa skertar bætur, en áskilur sér rétt til leiðréttingar eftir að hafa fengið svar frá hinni þar til bæru stofnun.

4. Tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta, að fengnu áliti framkvæmdaráðs, samþykkt að taka upp önnur framkvæmdarákvæði.

Framkvæmd 71. gr. reglugerðarinnar

84. gr.

Atvinnulausir einstaklingar sem áður voru launþegar og búsettir í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki þegar þeir höfðu síðast atvinnu

1. Stofnun á búsetustað telst þar til bær stofnun við beitingu ákvæða 80. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar í tilvikum sem falla undir ákvæði ii-liðar í a-lið 1. mgr. 1. gr. og fyrsta málsliðar ii-liðar í b-lið 1. mgr. 71. gr. reglugerðarinnar.

2. Atvinnulaus maður, sem áður var launþegi, verður að skila stofnun á búsetustað, auk yfirlýsingarinnar sem kveðið er á um í 80. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar, staðfestri yfirlýsingu frá hlutaðeigandi stofnun samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis sem hann heyrði síðast undir, þar sem tekið er fram að hann eigi engan rétt til bóta samkvæmt ákvæðum 69. gr. reglugerðarinnar, til að eiga rétt á bótum samkvæmt ákvæðum ii-liðar í b-lið 1. mgr. 71. gr. reglugerðarinnar.

3. Að því er varðar framkvæmd ákvæða 2. mgr. 71. gr. reglugerðarinnar skal stofnunin á búsetustað leita upplýsinga hjá þar til bærri stofnun um rétt hins atvinnulausa, sem áður var launþegi, til bóta hjá síðarnefndu stofnuninni.

7. KAFLI (8)

FJÖLSKYLDUBÆTUR

Framkvæmd 72. gr. reglugerðarinnar

85. gr. (A)

Staðfest yfirlýsing um starfstímabil launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings

1. Einstaklingur verður að skila til þar til bærrar stofnunar staðfestri yfirlýsingu þar sem fram koma upplýsingar um tryggingatímabil eða starfstímabil sem hann hefur lokið sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur samkvæmt löggjöf sem hann heyrði síðast undir til að njóta ákvæða 72. gr. reglugerðarinnar.

2. Stofnun sem ber ábyrgð á greiðslu fjölskyldugreiðslna í því aðildarríki þar sem hlutaðeigandi einstaklingur var síðast tryggður, eða önnur stofnun sem lögbært yfirvald í umræddu aðildarríki tilnefnir, skal gefa út staðfestu yfirlýsinguna að beiðni hans. Ef hann leggur ekki fram téða staðfesta yfirlýsingu skal þar til bær stofnun útvega sér hana frá annarri fyrrnefndra stofnana, nema hún fái sent afrit af staðfestu yfirlýsingunni sem kveðið er á um í 1. mgr. 16. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar frá sjúkratryggingastofnuninni.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda á hliðstæðan hátt þegar nauðsynlegt reynist að taka til greina tryggingatímabil eða starfstímabil sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur áður lokið samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis til að fullnægja skilyrðum sem sett eru í löggjöf hins lögbæra ríkis.

Framkvæmd 73. gr. og 1. og 2. mgr. 75. gr. reglugerðarinnar (8)

86. gr. (8)

1. Launþegi verður að skila kröfu til þar til bærrar stofnunar, fyrir milligöngu vinnuveitanda síns ef þörf krefur, til að eiga rétt á fjölskyldubótum samkvæmt 1. mgr. 73. gr. reglugerðarinnar.

2. Til stuðnings kröfu sinni skal launþegi skila vottorði um aðstandendur sína sem búa á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þar sem þar til bær stofnun er staðsett. Vottorðið skal gefið út af lögbærum yfirvöldum að því er varðar borgaralega réttarstöðu í búsetulandi þessara aðstandenda, eða af þar til bærri stofnun að því er varðar sjúkratryggingar á búsetustað þessara aðstandenda, eða af annarri stofnun sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem þessir aðstandendur eru búsettir. Vottorðið skal endurnýja árlega.

3. Geri löggjöf í hinu lögbæra ríki ráð fyrir að fjölskyldugreiðslur megi eða skuli greiðast öðrum í fjölskyldunni en launþeganum sjálfum verður launþegi að skila með kröfu sinni upplýsingum um hverjum fjölskyldugreiðslur skuli greiddar í búsetulandinu (fullt nafn og heimilisfang viðtakanda).

4. Lögbær yfirvöld tveggja eða fleiri aðildarríkja geta samið um sérstakt fyrirkomulag við greiðslu fjölskyldubóta, meðal annars til

þess að auðvelda framkvæmd 1. og 2. mgr. 75. gr. reglugerðarinnar. Tilkynna skal framkvæmdaráðinu um alla slíka samninga.

5. Launþega ber að tilkynna þar til bærri stofnun, fyrir milligöngu vinnuveitanda síns ef þörf krefur:

— um allar breytingar á högum sínum sem gætu haft áhrif á rétt hans til fjölskyldubóta;

— um breytingar á fjölda aðstandenda sem greiða ber fjölskyldubætur með;

— hafi fyrrgreindir aðstandendur skipt um búsetu- eða dvalarstað;

— um hverja þá iðkun atvinnustarfsemi, sem felur í sér rétt til fjölskyldubóta samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem aðstandendurnir eru búsettir.

87. gr. (8)

.....

Framkvæmd 74. gr. reglugerðarinnar

88. gr. (8)

Ákvæði 86. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar gilda á hliðstæðan hátt um atvinnulausa menn sem hafa verið launþegar eða starfað á eigin vegum og heyra undir 74. gr. reglugerðarinnar.

89. gr. (8)

.....

8. KAFLI

BÆTUR VEGNA BARNA SEM ERU Á FRAMFÆRI LÍFEYRISÞEGA OG VEGNA MUNAÐARLEYSINGJA

Framkvæmd 77., 78. og 79. gr. reglugerðarinnar

90. gr.

1. Til þess að eiga rétt á bótum samkvæmt 77. eða 78. gr. reglugerðarinnar verður krefjandi að leggja fram kröfu til stofnunar á búsetustað sínum samkvæmt fyrirmælum sem tilgreind eru í löggjöf sem stofnunin starfar eftir.

2. Ef krefjandi býr ekki í því aðildarríki þar sem þar til bær stofnun er staðsett getur hann skilað kröfu sinni annaðhvort til þar til bærrar stofnunar eða til stofnunar á búsetustað sínum sem kemur kröfunni ásamt upplýsingum um dagsetningu hennar áleiðis til hinnar þar til bæru stofnunar. Telst sú dagsetning vera eiginlegur skiladagur kröfunnar hjá þar til bærri stofnun.

3. Ákvarði þar til bær stofnun, sem um getur í 2. mgr., að krefjandi eigi engan rétt til bóta samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, skal hún þegar í stað koma kröfunni áleiðis, ásamt öllum nauðsynlegum upplýsingum og fylgiskjölum, til stofnunar í því aðildarríki sem launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur heyrði lengst undir löggjöf hjá.

Nauðsynlegt getur reynst að vísa málinu aftur með sömu skilmálum til stofnunar í því aðildarríki þar sem hlutaðeigandi einstaklingur lauk stysta trygginga- eða búsetutímabilinu.

4. Framkvæmdaráðið skal, gerist þess þörf, ákveða frekari reglur um hvenær skuli orðið við kröfum um bætur.

91. gr.

1. Greiðsla bóta sem falla undir 77. eða 78. gr. reglugerðarinnar fer fram samkvæmt 53.–58. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

2. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum tilnefna, gerist þess þörf, stofnun sem ber ábyrgð á greiðslu bóta samkvæmt 77. eða 78. gr. reglugerðarinnar.

92. gr.

Einstaklingur sem fær greiddar bætur vegna barna lífeyrisþega eða vegna munaðarleysingja samkvæmt 77. eða 78. gr. reglugerðarinnar verður að tilkynna þeirri stofnun sem ber ábyrgð á greiðslu bótanna:

— um allar breytingar á högum barna eða munaðarleysingja sem gætu haft áhrif á bótaréttinn;

— um allar breytingar á fjölda barna eða munaðarleysingja sem greiða ber bætur með;

— um búferlaflutning barna eða munaðarleysingja;

— um hverja þá iðkun atvinnustarfsemi sem felur í sér rétt til fjölskyldubóta eða fjölskyldugreiðslna vegna barnanna eða vegna munaðarleysingjanna.

V. BÁLKUR

FJÁRHAGSÁKVÆÐI

93. gr.

Endurgreiðslur bóta vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar, annarra en þeirra sem heyra undir 94. og 95. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar

1. Þar til bær stofnun skal endurgreiða raunverulegan kostnað við aðstoðina sem er veitt samkvæmt 1. og 2. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem eru búsettir í sama aðildarríki svo og vegna aðstoðar sem veitt er samkvæmt 21. (2. mgr.), 22., 25.(1., 3. og 4. mgr.), 26., 29. (1. mgr.) eða 31. gr. reglugerðarinnar.

2. Stofnun á búsetustað aðstandenda eða lífeyrisþega, eftir atvikum, telst þar til bær stofnun í þeim tilvikum sem um getur í 21. (annarri undirgrein 2. mgr.), 22. (annarri undirgrein 3. mgr.) og 29. gr. (1. mgr.) og 31. gr. reglugerðarinnar, svo og við framkvæmd 1. mgr.

3. Ef raunveruleg fjárhæð bóta sem um getur í 1. mgr. kemur ekki fram í reikningshaldi stofnunarinnar sem veitti bæturnar, og hafi ekkert samkomulag verið gert samkvæmt 6. mgr., skal endurgreiða kostnað með eingreiðslu og fjárhæð hennar reiknuð með tilliti til viðeigandi viðmiðana og á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir. Framkvæmdaráðið skal ákveða forsendur fyrir útreikningi eingreiðslna og fjárhæðina út frá því.

4. Við útreikning endurgreiðslna skal ekki taka mið af hærri töxtum en þeim sem notaðir eru vegna aðstoðar til launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga sem heyra undir löggjöf þá sem stofnunin er leggur til bætur þær sem um getur í 1. mgr. starfar eftir.

5. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda á hliðstæðan hátt þegar um er að ræða endurgreiðslur bóta í peningum sem greiddar eru samkvæmt ákvæðum annars málsliðar 8. mgr. 18. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

6. Tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta gert með sér samkomulag um aðrar aðferðir við að ákvarða endurgreiðslur, sér í lagi eingreiðslur, að fengnu áliti framkvæmdaráðsins.

94. gr.

Endurgreiðsla kostnaðar við aðstoð sem veitt er aðstandendum launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings sem eru búsettir í öðru aðildarríki en hann vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar

1. Þar til bærar stofnanir skulu endurgreiða kostnað vegna aðstoðar, sem veitt er, samkvæmt 2. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar, aðstandendum launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings sem búsettir eru í öðru aðildarríki en hlutaðeigandi einstaklings, þeim stofnunum sem veittu aðstoðina með eingreiðslu fyrir hvert almanaksár og skal hún vera sem næst raunverulegum kostnaði við aðstoðina.

2. Upphæð eingreiðslunnar er reiknuð með því að margfalda meðalkostnað á hverja fjölskyldu með meðalfjölda þeirra fjölskyldna sem taka verður tillit til árlega, síðan skal lækka þá tölu um 20%.

3. Nauðsynlegir þættir við útreikning eingreiðslunnar skulu ákvarðaðir á eftirfarandi hátt:

a) hvert aðildarríki reiknar árlegan meðalkostnað á hverja fjölskyldu með því að deila árlegum kostnaði vegna allrar aðstoðar sem stofnanir í því aðildarríki hafa veitt öllum aðstandendum launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings, sem heyra undir löggjöf þess og undir hlutaðeigandi almannatryggingareglur, með árlegum meðalfjölda slíkra launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga og aðstandenda þeirra; þær almannatryggingareglur sem hafa ber í huga eru tilgreindar í 9. viðauka framkvæmdarreglugerðarinnar;

b) í samskiptum stofnana tveggja aðildarríkja skal árlegur meðalfjöldi fjölskyldna sem taka verður tillit til vera jafn árlegum meðalfjölda launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga sem heyra undir löggjöf annars aðildarríkisins og eiga aðstandendur sem hafa rétt til aðstoðar hjá stofnun í hinu aðildarríkinu.

4. Fjöldi fjölskyldna sem taka verður tillit til samkvæmt b-lið 3. mgr. skal fundinn með hliðsjón af skrá sem stofnun á búsetustað hefur tekið saman í þeim tilgangi og byggist á upplýsingum frá þar til bærri stofnun um bótarétt hlutaðeigandi einstaklinga. Komi upp

ágreiningur skulu hlutaðeigandi stofnanir koma athugasemdum til endurskoðunarnefndarinnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 101. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

5. Framkvæmdaráðið setur reglur um aðferðir til að ákvarða þá þætti í útreikningi sem um getur í 3. og 4. mgr.

6. Tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta, að fengnu áliti framkvæmdaráðsins, samið um aðrar aðferðir til að ákvarða fjárhæð endurgreiðslunnar.

95. gr. (1)

Endurgreiðsla kostnaðar við aðstoð vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar sem veitt er lífeyrisþegum og aðstandendum þeirra sem ekki eru búsettir í því aðildarríki þar sem þeir fá lífeyri og eiga rétt á bótum

1. Þar til bærar stofnanir skulu endurgreiða kostnað vegna aðstoðar sem kveðið er á um í 1. mgr. 28. gr. og 28. gr. a reglugerðarinnar til þeirra stofnana sem veittu aðstoðina með eingreiðslu og skal fjárhæð hennar vera sem næst raunverulegum kostnaði við aðstoðina.

2. Upphæð eingreiðslunnar er reiknuð með því að margfalda árlegan kostnað á hvern lífeyrisþega með meðalfjölda lífeyrisþega sem taka verður tillit til árlega og síðan skal lækka fjárhæðina um 20%.

3. Nauðsynlegir þættir við útreikning umræddrar eingreiðslu skulu ákvarðaðir á eftirfarandi hátt:

a) hvert aðildarríki reiknar árlegan meðalkostnað á hvern lífeyrisþega með því að deila árlegum kostnaði vegna allrar aðstoðar sem stofnanir í því aðildarríki hafa veitt öllum lífeyrisþegum, sem eiga rétt á bótum samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis og heyra undir hlutaðeigandi almannatryggingareglur, með árlegum meðalfjölda slíkra lífeyrisþega og aðstandenda þeirra; þær almannatryggingareglur sem hafa ber í huga eru tilgreindar í 9. viðauka;

b) í samskiptum stofnana tveggja aðildarríkja skal árlegur meðalfjöldi lífeyrisþega sem taka verður tillit til vera jafn árlegum meðalfjölda þeirra lífeyrisþega sem um getur í 2. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar, og eru búsettir í öðru aðildarríkinu en eiga rétt á bótum frá stofnun í hinu aðildarríkinu.

4. Fjöldi lífeyrisþega sem taka verður tillit til samkvæmt b-lið 3. mgr. skal ákvarðaður með hliðsjón af skrá sem stofnun á búsetustað hefur tekið saman í þeim tilgangi og byggist á upplýsingum frá þar til bærri stofnun um bótarétt hlutaðeigandi einstaklinga. Komi upp ágreiningur skulu hlutaðeigandi stofnanir koma athugasemdum til endurskoðunarnefndarinnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 101. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

5. Framkvæmdaráðið setur reglur um aðferðir til að ákvarða þá þætti í útreikningi sem um getur í 3. og 4. mgr.

6. Tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta, að fengnu áliti framkvæmdaráðsins, samið um aðrar aðferðir til að ákvarða fjárhæð endurgreiðslnanna.

Framkvæmd 2. mgr. 63. gr. reglugerðarinnar

96. gr.

Endurgreiðsla kostnaðar við aðstoð vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma sem stofnun í einu aðildarríki veitir fyrir hönd stofnunar í öðru aðildarríki

Að því er varðar framkvæmd ákvæða 2. mgr. 63. gr. reglugerðarinnar gilda ákvæði 93. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar á hliðstæðan hátt.

Framkvæmd 2. mgr. 70. gr. reglugerðarinnar

97. gr.

Endurgreiðsla atvinnuleysisbóta einstaklinga sem fara til annars aðildarríkis í atvinnuleit

1. Þar til bær stofnun skal endurgreiða bótafjárhæðir sem hafa verið greiddar samkvæmt 69. gr. reglugerðarinnar eins og fram kemur í reikningshaldi hlutaðeigandi stofnunar.

2. Tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta:

— að fengnu áliti framkvæmdaráðsins, gert með sér samkomulag um að taka upp aðrar aðferðir við að ákvarða fjárhæðir endurgreiðslna, sér í lagi eingreiðslna, eða

— fellt niður allar endurgreiðslur milli stofnana sinna.

(1) Stjtíð. EB nr. L 136, 19. 5. 1992, bls. 7.

98. gr. (8)

.....

Sameiginleg ákvæði um endurgreiðslur

99. gr.

Stjórnunarkostnaður

Tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta, samkvæmt ákvæðum þriðja málsliðar 2. mgr. 84. gr. reglugerðarinnar, gert með sér samkomulag um að auka þær bótafjárhæðir sem um getur í 93.– 98. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar sem nemur ákveðnu hundraðshlutfalli til þess að mæta stjórnunarkostnaði. Hlutfallið getur verið mismunandi eftir bótaflokkum.

100. gr.

Síðbúnar kröfur

1. Við uppgjör reikninga milli stofnana aðildarríkjanna þarf sú stofnun sem ábyrg er fyrir greiðslu ekki að taka til greina kröfur um endurgreiðslu vegna bóta sem veittar voru þremur almanaksárum eða meira fyrir þann dag sem slíkar kröfur voru lagðar fram til samskiptastofnunarinnar eða stofnunarinnar sem ber ábyrgð á greiðslum í hinu lögbæra ríki.

2. Þegar um er að ræða kröfur um endurgreiðslur í formi eingreiðslna skal þriggja ára tímabilið talið frá þeim degi þegar árlegur meðalkostnaður vegna aðstoðar er ákvarðaður samkvæmt 94. og 95. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar og birtur í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

101. gr. (8)

Yfirlit yfir kröfur

1. Framkvæmdaráðið skal framfylgja ákvæðum 36., 63. og 70. gr. reglugerðarinnar með því að taka saman yfirlit yfir kröfur hvers almanaksárs.

2. Framkvæmdaráðið getur skipulagt eftirlit vegna öflunar tölfræði- og bókhaldsgagna sem nauðsynlegar eru við gerð kröfuyfirlitsins sem kveðið er á um í 1. mgr., einkum til að tryggja að reglum í þessum bálki sé fylgt.

3. Framkvæmdaráðið skal taka ákvarðanir þær sem vísað er til í þessari grein um skýrslu endurskoðunarnefndarinnar en henni skal fylgja rökstutt álit. Framkvæmdaráðið skal ákveða starfshætti og samsetningu endurskoðunarnefndarinnar.

102. gr. (8)

Hlutverk endurskoðunarnefndar — Meðferð endurgreiðslna

1. Hlutverk endurskoðunarnefndarinnar er að:

a) safna nauðsynlegum gögnum og láta gera þann útreikning sem þarf til framkvæmdar á þessum bálki;

b) láta framkvæmdaráðinu reglulega í té skýrslu um framkvæmd reglugerðarinnar, með sérstöku tilliti til hinnar fjárhagslegu hliðar;

c) koma tillögum sem gætu komið að gagni í sambandi við a- og b-liði til framkvæmdaráðsins;

d) skila til framkvæmdaráðsins tillögum um þær athugasemdir sem vísað hefur verið til hennar samkvæmt 4. mgr. 94. gr. og 4. mgr. 95. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar;

e) leggja fyrir framkvæmdaráðið tillögur um framkvæmd 101. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar;

f) inna af hendi öll verk, rannsóknir og skyldur vegna þeirra mála sem framkvæmdaráðið vísar til hennar.

2. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum tilnefna aðila til að hafa milligöngu um endurgreiðslur, samkvæmt 36., 63. og 70. gr. reglugerðarinnar, og greiða skuldir þeirra við stofnanir annars aðildarríkis fyrir hönd allra þar til bærra stofnana. Þeir aðilar sem sjá um endurgreiðslur skulu tilkynna framkvæmdaráðinu um fjárhæð þeirra innan settra tímamarka og í samræmi við starfshætti sem ráðið ákveður.

3. Hafi endurgreiðslur verið ákvarðaðar á grundvelli raunverulegrar bótafjárhæðar, samkvæmt reikningshaldi stofnananna, skal endurgreiða bætur fyrir hvert hálft almanaksár á næsta árshelmingi á eftir.

4. Þegar endurgreiðslur eru ákvarðaðar á grundvelli eingreiðslna skulu þær ná yfir heilt almanaksár; í því tilviki leggja þar til bærar stofnanir til fyrirframgreiðslur til lánastofnana 1. janúar og 1. júlí, í samræmi við þá málsmeðferð sem framkvæmdaráðið ákveður.

5. Lögbær yfirvöld tveggja eða fleiri aðildarríkja geta gert með sér samkomulag um önnur tímamörk vegna endurgreiðslna eða aðrar aðferðir við fyrirframgreiðslur.

103. gr.

Söfnun tölfræði- og bókhaldsgagna

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja ákvæðum þessa bálks, sérstaklega við söfnun tölfræði- og bókhaldsgagna.

104. gr. (8)

Milliríkjasamningar um endurgreiðslur eru skráðir í 5. viðauka

1. Ákvæði sem eru svipuð ákvæðum 36. (3. mgr.), 63. (3. mgr.) og 70. gr. (3. mgr.) reglugerðarinnar, ákvæðum 93. (6. mgr.), 94. (6. mgr.) og 95. gr. (6. mgr.) framkvæmdarreglugerðarinnar og önnur sambærileg ákvæði, sem eru í gildi daginn fyrir gildistöku reglugerðarinnar, gilda áfram að því tilskildu að þau sé að finna í 5. viðauka í framkvæmdarreglugerðinni.

2. Ákvæði svipuð þeim sem um getur í 1. mgr., um samskipti tveggja eða fleiri aðildarríkja, og verða lögmæt eftir gildistöku reglugerðarinnar, skal skrá í 5. viðauka framkvæmdarreglugerðarinnar. Hið sama gildir um ákvæði sem samþykkt verða samkvæmt 2. mgr. 97. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

Kostnaður vegna eftirlits og læknisskoðana

105. gr.

1. Stofnun sem ber ábyrgð á bótakostnaði skal endurgreiða þeirri stofnun sem sá um að veita bæturnar fyrir hennar hönd allan kostnað vegna eftirlits, læknisskoðana, athugana, læknisvitjana og annars eftirlits sem nauðsynlegt er vegna veitingar, úthlutunar eða endurskoðunar bóta samkvæmt reikningi sem síðarnefnda stofnunin leggur fram.

2. Tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta hins vegar gert með sér samkomulag um aðrar aðferðir við endurgreiðslur, sér í lagi eingreiðslur, eða ákveðið að fella niður allar endurgreiðslur milli stofnana.

Slíkt samkomulag skal skrá í 5. viðauka í framkvæmdarreglugerðinni. Samkomulag sem er í gildi daginn fyrir gildistöku reglugerðarinnar skal gilda áfram að því tilskildu að það sé skráð í umræddum viðauka.

Sameiginleg ákvæði vegna greiðslu bóta í peningum

106. gr.

Lögbær yfirvöld hvers aðildarríkis skulu tilkynna framkvæmdaráðinu, innan tiltekins frests og samkvæmt þeirri málsmeðferð sem framkvæmdaráðið ákveður, um fjárhæð bóta í peningum sem stofnanir er heyra undir lögsögu þeirra hafa greitt viðtakendum sem dvelja eða eru búsettir á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

107. gr. (9) (11) (12) (14)

Umreikningur gjaldmiðils

1. Að því er varðar framkvæmd eftirfarandi ákvæða:

a) reglugerð: 12. gr. (2., 3. og 4. mgr.), 14. gr. d (1. mgr.), 19. gr. (síðasti málsliður b-liðar 1. mgr.), 22. gr. (síðasti málsliður ii-liðar 1. mgr.), 25. gr. (næstsíðasti málsliður b-liðar 1. mgr.), 41. gr. (c- og d-liður 1. mgr.), 46. gr. (4. mgr.), 46. gr. a (3. mgr.), 50. gr., 52. gr. (síðasti málsliður b-liðar), 55. gr. (síðasti málsliður ii-liðar 1. mgr.), 70. gr. (fyrsta undirgrein 1. mgr.) og 71. gr. (ii-liður a-liðar og næstsíðasti málsliður ii-liðar b-liðar 1. mgr.);

b) framkvæmdarreglugerð: 1., 4. og 5. mgr. 34. gr.;

skal umreikningsgengi innlends gjaldmiðils, vegna fjárhæða sem eru gefnar upp í gjaldmiðli annars lands, vera hið sama og gengið sem framkvæmdastjórnin reiknar út í hverjum mánuði á viðmiðunartímabilinu, sem er skilgreint í 2. mgr., á grundvelli meðaltalsgengis þeirra gjaldmiðla sem tilkynnt hefur verið um til framkvæmdastjórnarinnar vegna peningakerfis Evrópu.

2. Viðmiðunartímabilið verði:

— janúar fyrir umreikningsgengi sem gildir frá næsta 1. apríl,

— apríl fyrir umreikningsgengi sem gildir frá næsta 1. júlí,

— júlí fyrir umreikningsgengi sem gildir frá næsta 1. október,

— október fyrir umreikningsgengi sem gildir frá næsta 1. janúar.

3. Að því er varðar 1. mgr. skal miða við það gengi sem seðlabankar, sem reikna út evrópsku mynteininguna (ECU) innan evrópska myntbandalagsins, tilkynna framkvæmdastjórninni samtímis.

4. Að fenginni tillögu frá endurskoðunarnefndinni skal framkvæmdaráðið fastsetja dagsetningarnar sem hafa ber til hliðsjónar þegar umreikningsgengið, sem á að gilda í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr., er ákvarðað.

5. Birta skal umreikningsgengið, sem á að gilda í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr., í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* í næstsíðasta mánuði á undan gildistökumánuðinum.

6. Í þeim tilvikum sem ekki er gert ráð fyrir í 1. mgr. skal umreikningurinn miðast við opinbert gengi þann dag þegar bæði greiðsla og endurgreiðsla bóta fer fram.

VI. BÁLKUR

ÝMIS ÁKVÆÐI

108. gr.

Staðfesting á árstíðabundnu starfi

Launþegi sem heyrir undir c-lið 1. gr. reglugerðarinnar skal krafinn um að leggja fram ráðningarsamning sem vinnumiðlun í því aðildarríki sem hann sækir vinnu til eða hefur unnið í hefur stimplað, til staðfestingar á því að starf hans sé árstíðabundið. Séu ráðningarsamningar um árstíðabundin störf ekki gerðir í því aðildarríki skal stofnun í landinu sem unnið er í gefa út, eftir því sem við á, þegar bóta er krafist, vottorð sem staðfestir, á grundvelli þeirra upplýsinga sem hlutaðeigandi einstaklingur veitir, að starfið sem hann stundar eða hefur stundað sé árstíðabundið.

109. gr.

Tilhögun iðgjaldagreiðslna

Vinnuveitandi sem hefur enga vinnustöð í því aðildarríki þar sem launþegi starfar getur með samþykki hins síðarnefnda hagað því þannig til að launþeginn sjái um greiðslu iðgjalda fyrir hans hönd.

Vinnuveitandi skal tilkynna þar til bærri stofnun eða, gerist þess þörf, stofnun sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi umræddsaðildarríkis um allar slíkar ráðstafanir.

110. gr.

Gagnkvæm aðstoð stofnana við að endurheimta bætur sem bótaþegi átti ekki rétt á

Ef stofnun aðildarríkis fyrirhugar að grípa til aðgerða gegn einstaklingi sem hlotið hefur bætur frá henni án þess að eiga rétt á þeim skal stofnun á búsetustað þessa einstaklings, eða stofnun sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi búseturíkis hans, veita henni aðstoð.

111. gr.

Almannatryggingabætur sem bótaþegi átti ekki rétt á endurheimtar og kröfur aðstoðarstofnana

1. Ef stofnun aðildarríkis hefur greitt viðtakanda hærri fjárhæð en hann átti rétt á þegar bætur (lífeyrir) vegna örorku, elli eða andláts voru veittar, eða endurskoðaðar samkvæmt ákvæðum í 3. kafla III. bálks reglugerðarinnar, getur hún farið fram á það við stofnun í öðru aðildarríki, sem er ábyrg fyrir greiðslu samsvarandi bóta til viðtakandans, að hún dragi umframgreiðsluna frá þeim bótum sem hann á ógreiddar hjá henni. Sú stofnun skal yfirfæra frádregna fjárhæð til inneignarstofnunarinnar. Sé ekki hægt að fá umræddafjárhæð dregna frá ógreiddum bótum skulu ákvæði 2. mgr. gilda.

2. Ef stofnun aðildarríkis hefur greitt viðtakanda hærri fjárhæð en hann átti rétt á getur hún, samkvæmt skilyrðum og innan takmarkana þeirrar löggjafar sem hún starfar eftir, farið fram á það við stofnun í öðru aðildarríki, sem er ábyrg fyrir greiðslum til viðtakandans, að hún dragi umframgreiðsluna frá þeim bótum sem hún greiðir umræddum viðtakanda. Síðarnefnda stofnunin skal draga umframgreiðsluna frá bótunum samkvæmt þeim skilyrðum og innan þeirra marka sem löggjöf sú sem hún starfar eftir setur um skuldajöfnuð, eins og hún hafi sjálf ofgreitt bæturnar, og skal hún yfirfæra umræddafjárhæð til inneignarstofnunarinnar.

3. Hafi einstaklingur sem heyrir undir reglugerðina fengið aðstoð frá einu aðildarríki á meðan hann átti rétt á bótum samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, getur sú stofnun sem veitti aðstoðina, eigi hún lagalegan rétt á endurkröfu vegna bóta umræddseinstak-

lings, farið fram á það við stofnun í öðru aðildarríki, sem er ábyrg fyrir greiðslum til bótaþegans, að hún dragi fjárhæð bótanna frá þeim bótum sem hún greiðir bótaþeganum.

Hafi aðstandandi einstaklings sem heyrir undir reglugerðina hlotið aðstoð á yfirráðasvæði aðildarríkis á sama tíma og hlutaðeigandi einstaklingur átti rétt á bótum samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, vegna sama aðstandanda, getur sú stofnun sem veitti aðstoðina, eigi hún lagalegan endurkröfurétt til bóta umrædds einstaklings vegna hlutaðeigandi aðstandanda, farið fram á það við stofnun í öðru aðildarríki, sem ábyrg er fyrir bótum til þessa einstaklings, að hún dragi fjárhæð aðstoðar frá þeim bótum sem hún greiðir honum vegna hlutaðeigandi aðstandanda.

Umrædd stofnun skal draga frá bótunum samkvæmt þeim skilyrðum og innan þeirra marka sem löggjöf sú sem hún starfar eftir setur um skuldajöfnuð, og skal hún yfirfæra umræddа fjárhæð til inneignarstofnunarinnar.

112. gr.

Hafi stofnun greitt bætur sem henni ber ekki að greiða, annaðhvort milliliðalaust eða í gegnum aðra stofnun, og sýnt þykir að ekki verði hægt að endurheimta þær, skal hún bera endanlegan kostnað nema um fjársvik sé að ræða.

113. gr.

Endurheimt kostnaðar vegna aðstoðar til handa launþegum í millilandaflutningum sem þeir áttu ekki rétt á

1. Viðurkenni þar til bær stofnun ekki rétt til aðstoðar skal hún eigi að síður endurgreiða kostnað vegna aðstoðar sem stofnun á dvalarstað hefur veitt launþega í millilandaflutningum í krafti þess að hann teljist hafa fullnægt skilyrðum þeim sem um getur í 1. mgr. 20. gr. eða 1. mgr. 62. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

2. Stofnun sem tilgreind er sem þar til bær stofnun í staðfestri yfirlýsingu, eða stofnun sem tilnefnd er í þessu skyni af lögbæru yfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki, skal endurgreiða kostnað sem stofnun á dvalarstað hefur stofnað til vegna launþega í millilandaflutningum sem hefur ekki áður sótt um bætur hjá stofnun á dvalarstað og á ekki rétt á aðstoð en hefur samt sem áður fengið aðstoð gegn framvísun þeirrar staðfestu yfirlýsingar sem um getur í 1. mgr. 20. gr. eða 1 mgr. 62. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

3. Þar til bær stofnun eða, í því tilviki sem um getur í 2. mgr., stofnun sem talin er þar til bær eða stofnun sem er tilnefnd í þeim tilgangi skal skuldfæra á reikning viðtakanda kostnað vegna aðstoðar sem hann átti ekki rétt á. Skal umrædd stofnun tilkynna slíkar skuldfærslur til endurskoðunarnefndarinnar sem um getur í 3. mgr. 101. framkvæmdarreglugerðarinnar, og ber henni að taka saman yfirlit um þær.

114. gr.

Tímabundnar bótagreiðslur þegar ósamkomulag er um hvaða löggjöf skuli gilda eða hvaða stofnun beri að veita bætur

Ef deilur eru milli stofnana eða lögbærra yfirvalda tveggja eða fleiri aðildarríkja um hvaða löggjöf skuli gilda um þá sem heyrir undir ákvæði í II. bálki reglugerðarinnar, eða um hvaða stofnun beri að veita bætur, skal hlutaðeigandi einstaklingur, sem annars ætti rétt til bóta ef slíkar deilur stæðu ekki, fá greiddar bætur til bráðabirgða sem stofnun á dvalar- eða búsetustað ber að greiða samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, ef hann býr ekki í einu af hlutaðeigandi aðildarríkjum skal stofnun sem hann lagði inn kröfu hjá í upphafi greiða honum bætur sem kveðið er á um í þeirri löggjöf sem hún starfar eftir.

115. gr.

Málsmeðferð vegna læknisskoðana sem fara fram í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

Stofnun á dvalar- eða búsetustað sem ber ábyrgð á að læknisskoðun fari fram samkvæmt 87. gr. reglugerðarinnar skal haga framkvæmd hennar í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í löggjöf þeirri sem hún starfar eftir.

Hafi hún engin slík fyrirmæli til að miða við skal hún snúa sér til þar til bærrar stofnunar vegna upplýsinga þar að lútandi.

116. gr.

Samningar um endurgreiðslur iðgjalda

1. Samningar sem gerðir eru samkvæmt 2. mgr. 92. gr. reglugerðarinnar skulu skráðir í 5. viðauka við framkvæmdarreglugerðina.

2. Samningar sem gerðir eru vegna framkvæmdar 51. gr. reglugerðar nr. 3 gilda áfram að því tilskildu að þeir séu skráðir í 5. viðauka í framkvæmdarreglugerðinni.

117. gr.

Gagnavinnsla

1. Eitt eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta, að fengnu áliti framkvæmdaráðsins, gert eyðublöð fyrir vottorð, staðfestar yfirlýsingar, yfirlýsingar, kröfur og önnur skjöl þannig úr

garði að hægt sé að taka þau til gagnavinnslu, vegna framkvæmdar reglugerðarinnar og framkvæmdarreglugerðarinnar, og lagað þær aðferðir sem notaðar eru við upplýsingaskiptin að gagnavinnslunni.

2. Framkvæmdaráðið skal, þegar þróun gagnavinnslu í aðildarríkjunum gerir það kleift, kanna nánar hvað þarf til þess að samræma og koma í almenna notkun þeim vinnsluaðferðum sem gert er ráð fyrir samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

VII. BÁLKUR

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

118. gr. (6) (12)

Bráðabirgðaákvæði vegna lífeyris til handa launþegum

1. Ef um er að ræða tilvik sem á sér stað fyrir 1. október 1972 eða fyrir gildistöku framkvæmdarreglugerðarinnar á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis og ekki hefur verið orðið við kröfu um lífeyrisgreiðslur fyrir þann dag, skal slík krafa, ef réttur er fyrir hendi í umræddu tilviki, leiða til tvenns konar bóta vegna tímabils fyrir þann dag:

a) vegna tímabilsins fyrir 1. október 1972 eða fyrir þann dag sem framkvæmdarreglugerðin kemur til framkvæmda á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis í samræmi við reglugerð nr. 3 eða samninga sem eru í gildi milli hlutaðeigandi aðildarríkja;

b) vegna tímabilsins sem hefst 1. október 1972 eða á þeim degi er framkvæmdarreglugerðin kemur til framkvæmda á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis í samræmi við reglugerðina.

Ef fjárhæðin sem reiknuð er samkvæmt ákvæðunum sem um getur í a-lið er hærri en samsvarandi fjárhæð reiknuð samkvæmt ákvæðunum sem um getur í b-lið skal hlutaðeigandi einstaklingur eiga rétt á þeirri fjárhæð sem fæst við útreikning samkvæmt ákvæðunum sem um getur í a-lið.

2. Krafa um örorku-, ellilífeyris- eða eftirlifendabætur sem lögð er fram hjá stofnun í aðildarríki eftir 1. október 1972 eða eftir þann dag sem framkvæmdarreglugerðin kemur til framkvæmda á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis eða hluta þess skal sjálfkrafa leiða til endurmats þeirra bóta sem stofnun eða stofnanir í einu aðildarríki eða fleirum hafa veitt samkvæmt reglugerðinni vegna sama tilviks fyrir þann tíma; endurmatið má ekki leiða til lækkunar á þeim bótum sem veittar eru.

119. gr. (6) (12)

Bráðabirgðaákvæði vegna lífeyris til handa sjálfstætt starfandi einstaklingum

1. Ef um er að ræða tilvik sem á sér stað fyrir 1. júlí 1982 eða þann dag sem framkvæmdarreglugerðin kemur til framkvæmda á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis og ekki hefur verið orðið við kröfu um lífeyrisgreiðslur fyrir þann dag, skal slík krafa, ef réttur er fyrir hendi í umræddu tilviki, leiða til tvenns konar bóta vegna tímabils fyrir þann dag:

a) vegna tímabilsins fyrir 1. júlí 1982 eða þann dag sem framkvæmdarreglugerðin kemur til framkvæmda á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis í samræmi við reglugerðina eða samninga sem eru í gildi milli hlutaðeigandi aðildarríkja;

b) vegna tímabilsins sem hefst 1. júlí 1982 eða á þeim degi er framkvæmdarreglugerðin kemur til framkvæmda á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis í samræmi við reglugerðina.

Ef fjárhæðin sem reiknuð er samkvæmt ákvæðunum sem um getur í a-lið er hærri en samsvarandi fjárhæð reiknuð samkvæmt ákvæðunum í b-lið skal hlutaðeigandi einstaklingur eiga rétt á þeirri fjárhæð sem fæst við útreikning samkvæmt ákvæðunum í a-lið.

2. Krafa um örorku-, ellilífeyris- eða eftirlifendabætur sem lögð er fram hjá stofnun í aðildarríki eftir 1. júlí 1982 eða þann dag sem framkvæmdarreglugerðin kemur til framkvæmda á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis eða hluta þess skal sjálfkrafa leiða til endurmats þeirra bóta sem stofnun eða stofnanir í einu aðildarríki eða fleirum hafa veitt samkvæmt reglugerðinni vegna sama tilviks fyrir þann tíma; endurmatið má ekki leiða til lækkunar á þeim bótum sem veittar eru.

119. gr. a (5)

Bráðabirgðaákvæði um lífeyri vegna framkvæmdar síðasta hluta a-liðar 1. mgr. 15. gr. í framkvæmdarreglugerðinni

1. Ef um er að ræða tilvik sem á sér stað fyrir 1. janúar 1987 og ekki hefur verið orðið við kröfu um lífeyrisgreiðslu fyrir þann dag, skal slík krafa, í þeim tilvikum þar sem réttur er fyrir hendi og eftir því sem við á, leiða til tvenns konar bóta:

a) vegna tímabils fyrir 1. janúar 1987 skal lífeyrir veittur samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar eða samninga sem í gildi eru milli hlutaðeigandi aðildarríkja,

b) vegna tímabils sem hefst 1. janúar 1987 samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar.

Ef fjárhæð sú sem reiknuð er samkvæmt ákvæðum þeim sem um getur í a-lið er hins vegar hærri en sú sem reiknuð er samkvæmt þeim ákvæðum sem um getur í b-lið, skal hlutaðeigandi einstaklingur áfram eiga rétt á fjárhæðinni sem reiknuð er út samkvæmt ákvæðum þeim er um getur í a-lið.

2. Ef krafa um örorku-, elli- eða eftirlifendabætur er lögð inn hjá stofnun í aðildarríki frá og með 1. janúar 1987 skal sjálfkrafa endurmeta bætur sem hafa verið veittar fyrir sama tilvik fram að þeim degi af stofnun eða stofnunum í einu eða fleiri aðildarríkjum öðrum, í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar og með fyrirvara um ákvæði 3. gr.

3. Endurskoða má réttindi hlutaðeigandi einstaklinga sem öðluðust rétt til lífeyris fyrir 1. janúar 1987 á yfirráðasvæði umræddsaðildarríkis að beiðni þeirra með tilvísun til ákvæða reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3811/86 ([1]).

4. Ef beiðni sú sem getið er í 3. mgr. er lögð fram innan árs frá 1. janúar 1987 öðlast viðkomandi réttindi samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3811/86 frá 1. janúar 1987 eða frá þeim degi sem rétti til bóta er náð, enda sé það síðar en 1. janúar 1987; í slíkum tilvikum má ekki beita ákvæðum í löggjöf neins aðildarríkis gagnvart hlutaðeigandi einstaklingum til afturköllunar eða takmörkunar á réttindum þeirra.

5. Ef beiðni sú sem getið er í 3. mgr. er lögð fram meira en einu ári eftir 1. janúar 1987 öðlast viðkomandi réttindi samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3811/86 frá þeim degi sem beiðnin var lögð fram nema hagstæðari ákvæði í löggjöf annars aðildarríkis eigi við, enda hafi réttindin hvorki verið afturkölluð né fyrnst.

120. gr. (8)

.....

121. gr.

Viðbótarsamningar um framkvæmd

1. Tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta, gerist þess þörf, gert með sér samninga sem kveða nánar á um framkvæmd reglugerðarinnar. Slíkir samningar eru skráðir í 5. viðauka framkvæmdarreglugerðarinnar.

2. Samningar af því tagi sem um getur í 1. mgr., sem eru í gildi daginn fyrir 1. október 1972, gilda áfram að því tilskildu að þeir séu skráðir í 5. viðauka við framkvæmdarreglugerðina.

122. gr.

Sérákvæði um breytingar á ákveðnum viðaukum

Hægt er að breyta 1., 4., 5., 6., 7. og 8. viðauka framkvæmdarreglugerðarinnar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar, að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis eða aðildarríkja eða lögbærra yfirvalda þeirra, að fengnu áliti framkvæmdaráðsins.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 136, 19. 5. 1992, bls. 1.

1. VIÐAUKI (A) (B) (3) (4) (9) (13) (15)

LÖGBÆR YFIRVÖLD

(1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar og 1. mgr. 4. gr. og 122. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar)

A. BELGÍA:	1. Ministre de la prévoyance sociale, Bruxelles — Minister van Sociale Voorzorg, Brussel (félagsmálaráðherrann, Brussel) 2. Ministre des classes moyennes, Bruxelles — Minister van Middenstand (ráðuneyti millistétta), Brussel
B. DANMÖRK:	1. Socialministeren (félagsmálaráðherrann), Kaupmannahöfn 2. Arbejdsministeren (atvinnumálaráðherrann), Kaupmannahöfn 3. Sundhedsministeren (heilbrigðisráðherrann), Kaupmannahöfn .....
C. ÞÝSKALAND:	Bundesminister für Arbeit und Sozialordnung (atvinnu- og félagsmálaráðherrann), Bonn
D. SPÁNN:	Ministro de Trabajo y Asuntos Sociales (atvinnu- og almannatryggingaráðuneytið), Madrid
E. FRAKKLAND:	1. Ministre des affaires sociales et de la solidarité nationale (félagsmálaráðherrann), París 2. Ministre de l'agriculture (landbúnaðarráðherrann), París
F. GRIKKLAND	1. Υπουργός Κοινωνικών Υπηρεσιών, Αθήνα (félagsmálaráðherrann, Aþenu) 2. Υπουργός Εργασίας, Αθήνα (atvinnumálaráðherrann, Aþenu) 3. Υπουργός Εμπορικής Ναυτιλίας, Πειραιάς (kaupskipaflotaráðherrann, Píreus)
G. ÍRLAND:	1. Minister for Social Welfare (félagsmálaráðherrann), Dyflinni 2. Minister for Health (heilbrigðismálaráðherrann), Dyflinni
H. ÍTALÍA:	1. Ministro del lavoro e della previdenza sociale, (atvinnu- og félagsmálaráðherrann), Róm 2. Ministro della sanità (heilbrigðisráðherrann), Róm 3. Ministro di grazia e giustizia (dómsmálaráðherrann), Róm 4. Ministro delle finanze (fjármálaráðherrann), Róm
I. LÚXEMBORG:	1. Ministre du travail et de la sécurité sociale (atvinnu- og tryggingamálaráðherrann), Lúxemborg 2. Ministre de la famille (fjölskyldumálaráðherrann), Lúxemborg
J. HOLLAND:	1. Minister van Sociale Zaken en Werkgelegenheid (atvinnu- og félagsmálaráðherrann), Haag 2. Minister van Welzijn, Volksgezondheid en Cultuur (félagsmála-, heilbrigðis- og menningarmálaráðherrann), Rijswijk
K. AUSTURRÍKI:	1. Bundesminister für Arbeit und Soziales (sambandsráðherra atvinnu- og félagsmála), Vín 2. Bundesminister für Jugend und Familie (sambandsráðherra ungmenna- og fjölskyldumála), Vín

L. PORTÚGAL:

1. Ministro do Trabalho e Segurança Social (atvinnu- og félagsmálaráðherrann), Lissabon
2. Ministro da Saúde (heilbrigðisráðherrann), Lissabon
3. Secrétario Regional dos Assuntos Sociais da Região Autónoma da Madeira (félagsmálaráðherrann fyrir sjálfsstjórnarhéraðið Madeira), Funchal
4. Secrétario Regional dos Assuntos Sociais da Região Autónoma dos Açores (félagsmálaráðherrann fyrir sjálfsstjórnarhéraðið Asoreyjar), Angra do Heroismo

M. FINNLAND:

Sosiaali- ja treveysministeriö/Social- och hälsovårdsministeriet (félagsmála- og heilbrigðisráðuneytið), Helsinki

N. SVÍÞJÓÐ:

Regeringen (Socialdepartementet) (stjórnvöld (heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið)), Stokkhólmi

O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

1. Secretary of State for Social Security (félagsmálaráðherrann), London;

1a. Secretary of State for Health (heilbrigðismálaráðherrann), London.

2. Secretary of State for Scotland
(ráðherra sem fer með málefni Skotlands), Edinborg
3. Secretary of State for Wales
(ráðherra sem fer með málefni Wales), Cardiff
4. Department of Health and Social Services for Northern Ireland
(ráðuneyti sem fer með heilbrigðis- og félagsmál fyrir Norður-Írland), Belfast
5. Director of the Department of Labour and Social Security
(yfirmaður atvinnu- og félagsmálaráðuneytis), Gíbraltar
6. Director of the Gibraltar Health Authority (yfirmaður heilbrigðismála), Gíbraltar

---

2. VIÐAUKI (A) (B) (2) (3) (7) (8) (9) (13) (14) (15)

ÞAR TIL BÆRAR STOFNANIR

(o-liður 1. gr. reglugerðarinnar og 2. mgr. 4. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar)

A. BELGÍA

1. **Bætur vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar:**	
a) Við beitingu 16. – 29. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	
i) almennt:	Sá tryggingaraðili sem launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur er tryggður hjá
ii) til sjómanna:	Caisse de secours et de prévoyance en faveur des marins — Hulp- en voorzorgskas voor zeevarenden — (aðstoðar- og framfærslusjóður sjómanna), Antwerpen
iii) til einstaklinga sem falla undir almannatryggingakerfi fyrir umdæmin handan hafs:	Office de sécurité sociale d'outre-mer — Dienst voor de Overzeese Sociale Zekerheid (almannatryggingaskrifstofan fyrir umdæmin handan hafs), Bruxelles
iv) til fyrrverandi starfsmanna í Belgísku Kongó og Rúanda-Úrúndí:	Office de sécurité sociale d'outre-mer — Dienst voor de Overzeese Sociale Zekerheid (almannatryggingaskrifstofan fyrir umdæmin handan hafs), Bruxelles
b) Við beitingu V. bálks framkvæmdarreglugerðarinnar:	Institut national d'assurance maladie-invalidité, Bruxelles — Rijksinstituut voor ziekte- en invaliditeitsverzekering, Brussel — (sjúkra- og örorkutryggingastofnunin) fyrir hönd tryggingaraðila eða aðstoðar- og framfærslusjóðsins vegna sjómanna
2. **Örorkubætur:**	
a) Almenn örorka (verkafólk, skrifstofufólk og námumenn) og örorka sjálfstætt starfandi einstaklinga:	Institut national d'assurance maladie-invalidité, Bruxelles — Rijksinstituut voor ziekte- en invaliditeitsverzekering, Brussel — (sjúkra- og örorkutryggingastofnunin), ásamt þeim tryggingaraðila sem launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur er eða hefur verið tryggður hjá
b) Sérstakt örorkubótakerfi námumanna:	Fonds national de retraite des ouvriers-mineurs, Bruxelles — Nationaal pensioenfonds voor mijnwerkers, Brussel — (lífeyrissjóður námumanna)
c) Örorkubótakerfi sjómanna:	Caisse de secours et de prévoyance en faveur des marins — Hulp- en voorzorgskas voor zeevarenden — (aðstoðar- og framfærslusjóður sjómanna), Antwerpen
d) örorka einstaklinga sem falla undir almannatryggingakerfi fyrir umdæmin handan hafs:	Office de sécurité sociale d'outre-mer — Dienst voor de Overzeese Sociale Zekerheid (almannatryggingaskrifstofan fyrir umdæmin handan hafs), Bruxelles
e) örorka fyrrverandi starfsmanna í Belgísku Kongó og Rúanda-Úrúndí:	Office de sécurité sociale d'outre-mer — Dienst voor de Overzeese Sociale Zekerheid (almannatryggingaskrifstofan fyrir umdæmin handan hafs), Bruxelles
3. **Lífeyrir vegna elli og andláts:**	
a) almennt kerfi (verkamenn, skrifstofufólk, námumenn og sjómenn):	Office national des pensions — Rijksdienst voor pensioenen (almenna lífeyrisskrifstofan), Bruxelles
b) kerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga:	Institut national d'assurances sociales pour travailleurs indépendants — Rijksinstituut voor de sociale verzekeringen der zelfstandigen (almannatryggingastofnunin fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga), Bruxelles
c) almannatryggingakerfi fyrir umdæmin handan hafs:	Office de sécurité sociale d'outre-mer — Dienst voor de Overzeese Sociale Zekerheid (almannatryggingaskrifstofan fyrir umdæmin handan hafs), Bruxelles
d) kerfi fyrir fyrrverandi starfsmenn í Belgísku Kongó og Rúanda-Úrúndí:	Office de sécurité sociale d'outre-mer — Dienst voor de Overzeese Sociale Zekerheid (almannatryggingaskrifstofan fyrir umdæmin handan hafs), Bruxelles

4. **Bætur vegna vinnuslysa:**

a) Þar til endurskoðunartímabil það sem kveðið er á um í lögum frá 10. apríl 1971 (72. gr.) rennur út:	
i) aðstoð:	
— endurnýjun og viðhald gervilima:	Fonds des accidents du travail, Bruxelles — Fonds voor arbeidsongevallen, Brussel — (vinnuslysasjóðurinn)
— bætur aðrar en þær sem getið er að ofan:	Tryggingaraðilinn sem vinnuveitandinn er tryggður hjá
ii) bætur í peningum:	
— styrkir:	Tryggingaraðilinn sem vinnuveitandinn er tryggður hjá
— viðbótaruthlutanir sem kveðið er á um í konungsúrskurði frá 21. desember 1971:	Fonds des accidents du travail, Bruxelles — Fonds voor arbeidsongevallen, Brussel — (vinnuslysasjóðurinn)
b) Eftir að endurskoðunartímabil það sem kveðið er á um í lögum frá 10. apríl 1971 (72. gr.) rennur út:	
i) aðstoð:	Fonds des accidents du travail, Bruxelles — Fonds voor arbeidsongevallen, Brussel — (vinnuslysasjóðurinn)
ii) bætur í peningum:	
— lífeyrir:	Stofnun viðurkennd til að sjá um lífeyri
— viðbótaruthlutanir:	Fonds des accidents du travail, Bruxelles — Fonds voor arbeidsongevallen, Brussel — (vinnuslysasjóðurinn)
c) Bótakerfi fyrir sjómenn og fiskimenn:	Fonds des accidents du travail, Bruxelles — Fonds voor arbeidsongevallen, Brussel — (vinnuslysasjóðurinn)
d) Ef um engar tryggingar er að ræða:	Fonds des accidents du travail, Bruxelles — Fonds voor arbeidsongevallen, Brussel — (vinnuslysasjóðurinn)
e) kerfi fyrir fyrrverandi starfsmenn í Belgísku Kongó og Rúanda-Úrúndí:	Office de sécurité sociale d'outre-mer — Dienst voor de Overzeese Sociale Zekerheid (almannatryggingaskrifstofan fyrir umdæmin handan hafs), Bruxelles

5. **Bætur vegna atvinnusjúkdóma:**

a) almennt:	Fonds des maladies professionelles, Bruxelles — Fonds voor beroepsziekten, Brussel (atvinnusjúkdómasjóðurinn)
b) kerfi fyrir fyrrverandi starfsmenn í Belgísku Kongó og Rúanda-Úrúndí:	Office de sécurité sociale d'outre-mer — Dienst voor de Overzeese Sociale Zekerheid (almannatryggingaskrifstofan fyrir umdæmin handan hafs), Bruxelles

6. **Styrkir vegna andláts:**

a) Sjúkra- og örorkutryggingar:	
i) almennt:	Institut national d'assurance maladie-invalidité, Bruxelles — Rijksinstituut voor ziekte- en invaliditeitsverzekering, Brussel — (sjúkra- og örorkutryggingastofnunin), ásamt þeim tryggingaraðila sem launþeginn var tryggður hjá
ii) til sjómanna:	Caisse de secours et de prévoyance en faveur des marins — Hulp- en voorzorgskas voor zeevarenden — (aðstoðar- og framfærslusjóður sjómanna), Antwerpen

iii) til einstaklinga sem falla undir almannatryggingakerfi fyrir umdæmin handan hafs: Office de sécurité sociale d'outre-mer — Dienst voor de Overzeese Sociale Zekerheid (almannatryggingaskrifstofan fyrir umdæmin handan hafs), Bruxelles

iv) til fyrrverandi starfsmanna í Belgísku Kongó og Rúanda-Úrúndí: Office de sécurité sociale d'outre-mer — Dienst voor de Overzeese Sociale Zekerheid (almannatryggingaskrifstofan fyrir umdæmin handan hafs), Bruxelles

b) Bætur vegna vinnuslysa:

i) almennt: Tryggingaraðili

ii) til sjómanna: Fonds des accidents du travail, Bruxelles — Fonds voor arbeidsongevallen, Brussel — (vinnuslysasjóðurinn)

iii) til fyrrverandi starfsmanna í Belgísku Kongó og Rúanda-Úrúndí: Office de sécurité sociale d'outre-mer — Dienst voor de Overzeese Sociale Zekerheid (almannatryggingaskrifstofan fyrir umdæmin handan hafs), Bruxelles

c) Bætur vegna atvinnusjúkdóma:

i) almennt: Fonds des maladies professionelles, Bruxelles — Fonds voor beroepsziekten, Brussel (atvinnusjúkdómasjóðurinn)

ii) til fyrrverandi starfsmanna í Belgísku Kongó og Rúanda-Úrúndí: Office de sécurité sociale d'outre-mer — Dienst voor de Overzeese Sociale Zekerheid (almannatryggingaskrifstofan fyrir umdæmin handan hafs), Bruxelles

7. **Atvinnuleysisbætur:**

i) almennt: Office national de l'emploi, Bruxelles — Rijksdienst voor arbeidsvoorziening, Brussel — (atvinnumálaskrifstofan)

ii) til sjómanna: Pool des marins de la marine marchande — Pool van de zeelieden ter koopvaardij — (farmannasjóðurinn), Antwerpen

8. **Fjölskyldubætur:**

a) til launþega: Office national des allocations familiales pour travailleurs salariés, Bruxelles — Rijksdienst voor kinderbijslag voor werknemers, Brussel (fjölskyldugreiðslnaskrifstofa launþega)

b) til sjálfstætt starfandi einstaklinga: Institut national d'assurances sociales pour travailleurs indépendants, Bruxelles — Rijksinstituut voor de sociale verzekeringen der zelfstandigen, Brussel (almannatryggingastofnunin fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga)

c) til fyrrverandi starfsmanna í Belgísku Kongó og Rúanda-Úrúndí: Office de sécurité sociale d'outre-mer — Dienst voor de Overzeese Sociale Zekerheid (almannatryggingaskrifstofan fyrir umdæmin handan hafs), Bruxelles

B. DANMÖRK

1. **Bætur vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar:**

a) Veikindi:

— aðstoð: Þar til bær amtskommune (svæðisstjórn). Í sveitarfélaginu Kaupmannahöfn: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins). Í sveitarfélaginu Friðriksbergi: stjórn sveitarfélagsins

— bætur í peningum: Félagsmálanefndin í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins)

b) Meðganga og fæðing:

— aðstoð: Þar til bær amtskommune (svæðisstjórn). Í sveitarfélaginu Kaupmannahöfn: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins). Í sveitarfélaginu Friðriksbergi: stjórn sveitarfélagsins

— bætur í peningum: Félagsmálanefndin í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins)

2. **Örorkubætur:**

a) Bætur sem veittar eru samkvæmt löggjöf um almannatryggingar: Direktoratet for Social Sikring og Bistand (almannatryggingaog félagsmálaskrifstofan), København

b) Endurhæfingarbætur: Félagsmálanefndin í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins)

3. **Lífeyrir vegna elli og andláts:**

a) Lífeyrir sem veittur er samkvæmt löggjöf um almannatryggingar: Direktoratet for Social Sikring og Bistand (almannatryggingaog félagsmálaskrifstofan), København

b) Lífeyrir sem er veittur samkvæmt löggjöf um viðbótarlífeyri fyrir launþega („loven om Arbejdsmarkedets Tillægspension"): Arbejdsmarkedets Tillægspension (skrifstofa sem sér um viðbótarlífeyri fyrir launþega), Hillerød

4. **Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma:**

a) Aðstoð og lífeyrir: Arbejdsskadestyrelsen (vinnuslysaráðið), København

b) Dagpeningar:: Félagsmálanefndin í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins)

5. **Styrkir vegna andláts:** Félagsmálanefndin í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins)

6.) **Atvinnuleysisbætur:** Direktoratet for Arbejdsløshedsforsikringen (skrifstofa atvinnuleysistrygginga), København

7. **Fjölskyldubætur (fjölskyldugreiðslur):** Félagsmálanefndin í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins)

C. ÞÝSKALAND

Lögsaga þýskra stofnana ákvarðast af ákvæðum þýskrar löggjafar nema annars sé sérstaklega getið hér á eftir

1. **Sjúkratryggingar:**

Við beitingu e-liðar 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar:

a) þegar hlutaðeigandi einstaklingur er búsettur á yfirráðasvæði Sambandslýðveldisins Þýskalands: Þar til bæra Allgemeine Ortskrankenkasse (almenna staðarsjúkrasamlagið) þar sem hlutaðeigandi einstaklingur er búsettur

b) þegar hlutaðeigandi einstaklingur er búsettur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis: Allgemeine Ortskrankenkasse Bonn (almenna staðarsjúkrasamlagið í Bonn), Bonn

c) þegar aðstandendur hlutaðeigandi einstaklings sem var, áður en hann var kvaddur eða endurkvaddur til herþjónustu, eða þegnskylduvinnu, tryggður hjá þýskri stofnun í samræmi við 1. mgr. 17. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar: Sjúkratryggingastofnun þar sem þessir aðstandendur eru tryggðir

Við beitingu 1. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar:	Sjúkratryggingastofnun sem hinn atvinnulausi var tryggður hjá daginn sem hann fór frá Sambandslýðveldinu Þýskalandi
Vegna sjúkratrygginga kreſjanda um lífeyri, lífeyrisþega og aðstandenda þeirra samkvæmt ákvæðum 4. og 5. þáttar 1. kafla, III. bálks reglugerðarinnar:	
i) þegar hlutaðeigandi einstaklingur er tryggður hjá „Allgemeine Ortskrankenkasse“ (almennu staðarsjúkrasamlagi) eða þegar hann er hvergi sjúkratryggður:	Allgemeine Ortskrankenkasse Bonn (almenna staðarsjúkrasamlagið í Bonn), Bonn
ii) í öllum öðrum tilvikum:	Sjúkratryggingastofnunin þar sem hlutaðeigandi kreſjandi eða lífeyrisþegi er tryggður
2. **Lífeyristryggingar verkafólks, skrifstofufólks og námumanna:**	
Vegna aðgangs að frjálsum tryggingum og ráðstöfun bótakrafna og úthlutun bóta í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar:	
a) Fyrir einstaklinga sem hafa verið tryggðir eða verið taldir tryggðir annaðhvort eingöngu samkvæmt þýskri löggjöf eða samkvæmt þýskri löggjöf og löggjöf eins eða fleiri annarra aðildarríkja, og eftirlifendur þeirra, ef hlutaðeigandi einstaklingur:	
— er búsettur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, eða	
— er ríkisborgari annars aðildarríkis og búsettur á yfirráðasvæði ríkis sem er utan EB:	
i) Ef iðgjöld voru síðast greidd í lífeyristryggingasjóð verkafólks og:	
— ef hlutaðeigandi er búsettur í Hollandi eða er hollenskur ríkisborgari búsettur í ríki utan EB:	Landesversicherungsanstalt Westfalen (héraðstryggingastofnun Westfalen), Münster
— ef hlutaðeigandi er búsettur í Belgíu eða á Spáni eða er belgískur eða spænskur ríkisborgari búsettur í ríki utan EB:	Landesversicherungsanstalt Rheinprovinz (héraðstryggingastofnun Rínarhéraðs), Düsseldorf
— ef hlutaðeigandi er búsettur á Ítalíu eða er ítalskur ríkisborgari búsettur í ríki utan EB:	Landesversicherungsanstalt Schwaben (héraðstryggingastofnun Schwaben), Augsburg
— ef hlutaðeigandi er búsettur í Frakklandi eða Lúxemborg eða er ríkisborgari annars hvors ríkisins en búsettur í ríki utan EB:	Landesversicherungsanstalt Rheinland-Pfalz (héraðstryggingastofnun Rheinland-Pfalz), Speyer
— ef hlutaðeigandi er búsettur í Danmörku eða er danskur ríkisborgari í ríki utan EB:	Landesversicherungsanstalt Schleswig-Holstein (héraðstryggingastofnun Slésvíkur-Holtsetalands), Lübeck
— ef hlutaðeigandi er búsettur á Írlandi eða í Breska konungsríkinu eða er ríkisborgari annars hvors ríkisins en búsettur í ríki utan EB:	Landesversicherungsanstalt Freie und Hansestadt Hamburg (héraðstryggingastofnun í hinni frjálsu hansaborg Hamborg), Hamburg

— ef hlutaðeigandi er búsettur í Grikklandi eða er grískur ríkisborgari en búsettur í ríki utan EB: Landesversicherungsanstalt Württemberg (héraðstryggingastofnun Württemberg), Stuttgart

— ef hlutaðeigandi er búsettur í Portúgal eða er portúgalskur ríkisborgari en búsettur í ríki utan EB: Landesversicherungsanstalt Unterfranken (héraðstryggingastofnun neðri Frankóníu), Würzburg

Hafi iðgjald hins vegar síðast verið greitt til:

— Landesversicherungsanstalt für das Saarland (héraðstryggingastofnunar Saarlands), Saarbrücken, eða til Bahnversicherungsanstalt (tryggingastofnunar járnbrautanna), Frankfurt am Main: Stofnun sem iðgjöld voru síðast greidd til

— Seekasse (tryggingasjóður sjómanna), Hamborg, eða ef iðgjöld hafa verið greidd í sextíu mánuði hið minnsta til Seekasse (Rentenversicherung der Arbeiter oder der Angestellten) (tryggingasjóður sjómanna (lífeyristryggingasjóður fyrir verkafólk eða skrifstofufólk)), Hamburg: Seekasse (tryggingasjóður sjómanna), Hamburg

ii) Ef síðustu iðgjöld voru greidd í lífeyristryggingasjóð skrifstofufólks:

— hafi engin iðgjöld verið greidd til Seekasse (tryggingasjóður sjómanna), Hamborg eða hafi síðustu iðgjöld ekki verið greidd til Bahnversicherungsanstalt (tryggingastofnunar járnbrautanna), Frankfurt am Main: Bundesversicherungsanstalt für Angestellte (tryggingastofnun skrifstofufólks), Berlin

— hafi iðgjöld verið greidd til Seekasse (Rentenversicherung der Arbeiter oder der Angestellten) (tryggingasjóður sjómanna (lífeyristryggingasjóður fyrir verkafólk eða skrifstofufólk)), Hamborg: Seekasse (tryggingasjóður sjómanna), Hamburg

— hafi síðustu iðgjöld verið greidd til Bahnversicherungsanstalt (tryggingastofnunar járnbrautanna), Frankfurt am Main: Bahnversicherungsanstalt (tryggingastofnun járnbrautanna), Frankfurt am Main

iii) hafi iðgjald síðast verið greitt í lífeyristryggingasjóð námumanna eða tilskildu tryggingatímabili sem veitir rétt til bóta vegna skertrar starfsorku námumanns (Bergmannsrente) er, eða telst vera, lokið: Bundesknappschaft (tryggingasjóður námumanna), Bochum

b) Fyrir einstaklinga sem hafa verið eða eru taldir hafa verið tryggðir samkvæmt þýskri löggjöf og löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja, og eftirlifendur þeirra, ef hlutaðeigandi einstaklingur:

— er búsettur á yfirráðasvæði Sambandslýðveldisins Þýskalands, þó ekki í Saarlandi, eða

— er þýskur ríkisborgari búsettur á yfirráðasvæði ríkis utan sem er EB:

i) Ef iðgjöld samkvæmt þýskri löggjöf voru síðast greidd í lífeyristryggingasjóð fyrir verkafólk:

— ef iðgjald samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis var síðast greitt til tryggingastofnunar í Hollandi:	Landesversicherungsanstalt Westfalen (héraðstryggingastofnun Westfalen), Münster
— ef hlutaðeigandi er búsettur í Belgíu eða á Spáni eða er belgískur eða spænskur ríkisborgari búsettur í ríki utan EB:	Landesversicherungsanstalt Rheinprovinz (héraðstryggingastofnun Rínarhéraðs), Düsseldorf
— ef iðgjald samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis var síðast greitt til tryggingastofnunar á Ítalíu:	Landesversicherungsanstalt Schwaben (héraðstryggingastofnun Schwaben), Augsburg
— ef iðgjald samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis var síðast greitt til tryggingastofnunar í Lúxemborg eða Frakklandi:	Landesversicherungsanstalt Rheinland-Pfalz (héraðstryggingastofnun Rheinland-Pfalz), Speyer
— ef iðgjald samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis var síðast greitt til tryggingastofnunar í Danmörku	Landesversicherungsanstalt Schleswig-Holstein (héraðstryggingastofnun Slésvíkur-Holtsetalands), Lübeck
— ef iðgjald samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis var síðast greitt til tryggingastofnunar á Írlandi eða í Breska konungsríkinu:	Landesversicherungsanstalt Freie und Hansestadt Hamburg (héraðstryggingastofnun í hinni frjálsu hansaborg Hamborg), Hamburg
— ef iðgjald samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis var síðast greitt til tryggingastofnunar í Grikklandi:	Landesversicherungsanstalt Württemberg (héraðstryggingastofnun Württemberg), Stuttgart
— ef hlutaðeigandi er búsettur í Portúgal eða er portúgalskur ríkisborgari en búsettur í ríki utan EB:	Landesversicherungsanstalt Unterfranken (héraðstryggingastofnun neðri Frankóníu), Würzburg
Ef hlutaðeigandi einstaklingur er hins vegar búsettur í Saarlandi á yfirráðasvæði Sambandslýðveldisins Þýskalands eða búsettur í ríki utan EB og iðgjald samkvæmt þýskri löggjöf var síðast greitt til lífeyrissjóðs í Saarlandi:	Landesversicherungsanstalt für das Saarland (héraðstryggingastofnun Saarlands), Saarbrücken
Ef iðgjald samkvæmt þýskri löggjöf var hins vegar síðast greitt til:	
— Seekasse (tryggingasjóður sjómanna), Hamborg, eða ef iðgjöld voru greidd í sextíu mánuði hið minnsta vegna starfa við þýska sjóherinn eða sjóher annars lands:	Seekasse (tryggingasjóður sjómanna), Hamburg
— Bahnversicherungsanstalt (tryggingastofnun járnbrautanna), Frankfurt am Main:	Bahnversicherungsanstalt (tryggingastofnun járnbrautanna), Frankfurt am Main

ii) Ef síðustu iðgjöld voru greidd í lífeyristryggingasjóð skrifstofufólks:	
— hafi engin iðgjöld verið greidd til Seekasse (tryggingasjóður sjómanna), Hamborg eða hafi síðustu iðgjöld ekki verið greidd til Bahnversicherungsanstalt (tryggingastofnunar járnbrautanna), Frankfurt am Main:	Bundesversicherungsanstalt für Angestellte (tryggingastofnun skrifstofufólks), Berlin
— hafi iðgjöld verið greidd til Seekasse (Rentenversicherung der Arbeiter oder der Angestellten) (tryggingasjóður sjómanna (lífeyristryggingasjóður fyrir verkafólk eða skrifstofufólk)), Hamburg:	Seekasse (tryggingasjóður sjómanna), Hamburg
— hafi síðustu iðgjöld verið greidd til Bahnversicherungsanstalt (tryggingastofnunar járnbrautanna), Frankfurt am Main:	Bahnversicherungsanstalt (tryggingastofnun járnbrautanna), Frankfurt am Main
iii) Ef iðgjald var síðast greitt í lífeyristryggingasjóð námumanna samkvæmt þýskri löggjöf eða tilskildu tryggingatímabili er veitir rétt til bóta vegna skertrar starfsorku námumanns (Bergmannsrente) er, eða telst vera, lokið:	Bundesknappschaft (tryggingasjóður námumanna), Bochum
c) Ef flutt er frá búsetulandi eftir að bætur hafa verið veittar skal, í þeim tilvikum sem um getur í i-lið a-liðar og i-lið b-liðar, skipta um þar til bæra stofnun til samræmis	
3. **Ellitryggingar fyrir bændur:**	Landwirtschaftliche Alterskasse Rheinhessen-Pfalz (ellitryggingasjóður landbúnaðarins Rheinhessen-Pfalz), Speyer
4. **Viðbótartryggingar fyrir verkafólk í járn- og stáliðnaði:**	Landesversicherungsanstalt Saarland (héraðstryggingastofnun Saarlands), Saarbrücken
5. **Slysatryggingar (vinnuslys og atvinnusjúkdómar):**	Slysatryggingastofnun sem er ábyrg í hverju tilviki
6. **Atvinnuleysis- og fjölskyldubætur:**	Bundesanstalt für Arbeit (atvinnumálaskrifstofan), Nürnberg

D. SPÁNN

1. **Öll kerfi, önnur en fyrir sjómenn:**	
a) í öllum tilvikum utan atvinnuleysis:	Direcciones Provinciales del Instituto Nacional de la Seguridad Social (héraðsskrifstofur almannatryggingastofnunarinnar)
b) vegna atvinnuleysis:	Direcciones Provinciales Del Instituto Nacional de Empleo (héraðsskrifstofur atvinnumálastofnunarinnar)
2. **Fyrir sjómenn:**	Instituto Social de la Marina (héraðsskrifstofur á vegum félagsmálastofnunar sjómanna), Madrid
3. **Vegna elli- og örorkulífeyris sem er ekki iðgjaldsskyldur:**	Instituto Nacional de Servicios Sociales (almannatryggingastofnun ríkisins), Madrid

E. FRAKKLAND

1. Við beitingu 1. mgr. 93. gr., 94. og 95. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:

A **Tryggingar fyrir launþega:**

a) Almenna kerfið:	Caisse nationale de l'assurance maladie (almenni sjúkratryggingasjóðurinn), Paris
b) Tryggingar í landbúnaði:	Caisse centrale de secours mutuels agricoles (almennur gagnkvæmur bótasjóður starfsfólks í landbúnaði), Paris
c) Tryggingar námumanna:	Caisse autonome nationale de sécurité sociale dans les mines (sjálfseignartryggingasjóður námumanna), Paris
d) Tryggingar sjómanna:	établissement national des invalides de la marine (örorkustofnun sjómanna), Paris

B **Tryggingar sjálfstætt starfandi einstaklinga:**

a) Tryggingar sjálfstætt starfandi einstaklinga sem vinna ekki við landbúnað:	Caisse nationale d'assurance maladie et maternité des travailleurs non salariés des professions non agricoles, Saint-Denis (almenni sjúkra- og meðgöngu- og fæðingarsjóðurinn fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga sem vinna ekki við landbúnað), Saint-Denis
b) Tryggingar í landbúnaði:	Caisse centrale de secours mutuels agricoles (almennur gagnkvæmur bótasjóður starfsfólks í landbúnaði), Paris Caisse centrale des mutuelles agricoles (almennur gagnkvæmur bótasjóður starfsfólks í landbúnaði) Fédération française des sociétés d'assurances (Ramex et Camex) (landsamband franskra tryggingafélaga) Fédération nationale de la mutualité française (landsamband gagnkvæmra franskra tryggingasjóða)

2. Við beitingu 96. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:

a) Almenna kerfið:	Caisse nationale de l'assurance maladie (almenni sjúkratryggingasjóðurinn), Paris
b) Tryggingar í landbúnaði:	Caisse de mutualité sociale agricole (gagnkvæmi almannatryggingabótasjóðurinn í landbúnaði)
c) Tryggingar námumanna:	Caisse autonome nationale de sécurité sociale dans les mines (sjálfseignartryggingasjóður námumanna), Paris
d) Tryggingar sjómanna:	établissement national des invalides de la marine (örorkustofnun sjómanna), Paris

3. Aðrar þar til bærar stofnanir samkvæmt ákvæðum franskrar löggjafar eru:

I. *Í FRAKKLANDI SJÁLFU*

A **Tryggingar launþega:**

a) Almenna kerfið:

i) bætur vegna veikinda, meðgöngu og fæðingar og styrkir vegna andláts:	Caisse primaire d'assurance maladie (staðarsjúkratryggingasjóðurinn)
ii) örorkubætur:	
aa) almennt, nema í París og á höfuðborgarsvæðinu:	Caisse primaire d'assurance maladie (staðarsjúkratryggingasjóðurinn)
í París og á höfuðborgarsvæðinu:	Caisse régionale d'assurance maladie (sjúkratryggingasjóður héraðsins), Paris

bb) vegna sérstaks bótakerfis sem kveðið er á um í greinum L 365 til L 382 í löggjöf um almannatryggingar:	Caisse régionale d'assurance maladie (sjúkratryggingasjóður héraðsins), Strassborg
iii) ellilífeyrir:	
aa) almennt, nema í París og á höfuðborgarsvæðinu:	Caisse régionale d'assurance maladie (branche vieillesse) (sjúkratryggingasjóður héraðsins (ellilífeyrisdeild))
í París og á höfuðborgarsvæðinu:	Caisse nationale d'assurance vieillesse des travailleurs salariés (ellilífeyrissjóður launþega), Paris
bb) vegna sérstaks bótakerfis sem kveðið er á um í greinum L 365 til L 382 í almannatryggingalögunum:	Caisse régionale d'assurance vieillesse (ellilífeyrissjóður héraðsins), Strassborg eða Caisse régionale d'assurance maladie (sjúkratryggingasjóður héraðsins), Strassborg
iv) bætur vegna vinnuslysa:	
aa) þegar hlutaðeigandi er óvinnufær um tíma:	Caisse primaire d'assurance maladie (staðarsjúkratryggingasjóðurinn)
bb) þegar hlutaðeigandi er varanlega óvinnufær:	
— lífeyrir:	
— vegna slysa sem áttu sér stað eftir 31. desember 1946:	Caisse primaire d'assurance maladie (staðarsjúkratryggingasjóðurinn)
— vegna slysa sem áttu sér stað fyrir 1. janúar 1947:	Vinnuveitandinn eða hlutaðeigandi tryggingaraðili fyrir hans hönd
— viðbótarlífeyrir:	
— vegna slysa sem áttu sér stað eftir 31. desember 1946:	Caisse primaire d'assurance maladie (staðarsjúkratryggingasjóðurinn)
— vegna slysa sem áttu sér stað fyrir 1. janúar 1947	Caisse des dépôts et consignations (opinberi söfnunarsjóðurinn)
v) fjölskyldubætur:	Caisse d'allocations familiales (fjölskyldugreiðslnasjóðurinn)
vi) atvinnuleysisbætur:	
— vegna skráningar sem einstaklingur í atvinnuleit:	Vinnumiðlun á búsetustað hlutaðeigandi einstaklings
— vegna útgáfu á eyðublöðum E 301, E 302, E 303:	Groupement des Assedic de la région parisienne (GARP) 90, rue Baudin, F-92537, Levallois-Perret
b) Tryggingar í landbúnaði:	
i) bætur vegna veikinda, meðgöngu og fæðingar, andláts (styrkur) og fjölskyldubætur:	Caisse de mutualité sociale agricole (gagnkvæmi almannatryggingabótasjóðurinn í landbúnaði)
ii) örorku- og ellilífeyristryggingar og bætur til eftirlifandi maka:	Caisse centrale de secours mutuels agricoles (almennur gagnkvæmur bótasjóður starfsfólks í landbúnaði), Paris
iii) bætur vegna vinnuslysa:	
aa) almennt:	— Vinnuveitandinn eða hlutaðeigandi tryggingaraðili fyrir hans hönd, vegna slysa sem áttu sér stað fyrir 1. júlí 1973. — Caisse de mutualité sociale agricole (gagnkvæmi almannatryggingabótasjóðurinn í landbúnaði), vegna slysa sem áttu sér stað eftir 30. júní 1973.

bb) vegna viðbótarlífeyris:	— Caisse des dépôts et consignations (opinberi söfnunarsjóðurinn), Arcueil (94), vegna slysa sem áttu sér stað eftir 30. júní 1973. — Caisse de mutualité sociale agricole (gagnkvæmi almannatryggingabótasjóðurinn í landbúnaði), vegna slysa sem áttu sér stað eftir 30. júní 1973.
iv) atvinnuleysisbætur:	
— vegna skráningar sem einstaklingur í atvinnuleit:	Vinnumiðlun á búsetustað hlutaðeigandi einstaklings
— vegna útgáfu á eyðublöðum E 301, E 302, E 303:	Groupement des Assedic de la région parisienne (GARP) 90, rue Baudin, F-92537, Levallois-Perret
c) Tryggingar námumanna:	
i) bætur vegna veikinda, meðgöngu og fæðingar, og andláts (styrkur):	Société de secours minière (styrktarnefnd námumanna)
ii) örorkubætur, lífeyrir vegna elli og andláts:	Caisse autonome nationale de sécurité sociale dans les mines (sjálfseignartryggingasjóður námumanna), Paris
iii) bætur vegna vinnuslysa:	
aa) þegar hlutaðeigandi er óvinnufær um tíma:	Société de secours minière (styrktarnefnd námumanna)
bb) þegar hlutaðeigandi er varanlega óvinnufær:	
— lífeyrir:	
— vegna slysa sem áttu sér stað eftir 31. desember 1946:	Union régionale des sociétés de secours minières (héraðssamband styrktarnefnda námumanna)
— vegna slysa sem áttu sér stað fyrir 1. janúar 1947:	Vinnuveitandinn eða hlutaðeigandi tryggingaraðili fyrir hans hönd
— viðbótarlífeyrir:	
— vegna slysa sem áttu sér stað eftir 31. desember 1946:	Union régionale des sociétés de secours minières (héraðssamband styrktarnefnda námumanna)
— vegna slysa sem áttu sér stað fyrir 1. janúar 1947:	Caisse des dépôts et consignations (opinberi söfnunarsjóðurinn)
iv) fjölskyldubætur:	Union régionale des sociétés de secours minières (héraðssamband styrktarnefnda námumanna)
v) atvinnuleysisbætur:	
— vegna skráningar sem einstaklingur í atvinnuleit:	Vinnumiðlun á búsetustað hlutaðeigandi einstaklings
— vegna útgáfu á eyðublöðum E 301, E 302, E 303:	Agence nationale pour l'emploi (service spécialisé pour la sécurité sociale des travailleurs migrants)(atvinnumálaskrifstofan (sérdeild sem sér um almannatryggingar farandlaunþega)), 9, rue Sextious Michel, F-75015 Paris
d) Tryggingar sjómanna:	
i) bætur vegna veikinda, meðgöngu og fæðingar, örorku og vinnuslysa; styrkir vegna andláts og lífeyrir eftirlifenda öryrkja og manna sem hafa slasast við vinnu sína:	Section „Caisse générale de prévoyance des marins" du quartier des affaires maritimes (almennur tryggingasjóður sjómanna undir siglingadeild)

ii) lífeyrir vegna elli og andláts:	Section „Caisse de retraite des marins" du quartier des affaires maritimes (almennur lífeyrissjóður sjómanna undir siglingadeild)
iii) fjölskyldubætur:	Caisse nationale d'allocations familiales des marins du commerce (fjölskyldugreiðslnasjóður sjómanna á kaupskipaflotanum) eða Caisse nationale d'allocations familiales de la pêche maritime (fjölskyldugreiðslnasjóður sjávarútvegsins), eftir því sem við á
iv) atvinnuleysisbætur:	
— vegna skráningar sem einstaklingur í atvinnuleit:	Vinnumiðlun á búsetustað hlutaðeigandi einstaklings
— vegna útgáfu á eyðublöðum E 301, E 302, E 303:	Groupement des Assedic de la région parisienne (GARP) 90, rue Baudin, F-92537, Levallois-Perret
B Tryggingar sjálfstætt starfandi einstaklinga:	
a) Tryggingar sjálfstætt starfandi einstaklinga sem starfa ekki við landbúnað:	
i) bætur vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar:	Caisse mutuelle régionale (gagnkvæmur bótasjóður héraðsins)
ii) bætur vegna elli:	
aa) tryggingar handverksmanna:	Caisse nationale de l'organisation autonome d'assurance vieillesse des travailleurs non salariés des professions artisanales (Cancava) Paris (óháði ellitryggingasjóðurinn fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga sem starfa við handverk) Caisses de base professionnelles ou interprofessionnelles (starfs- eða starfsgreinasjóðir staðarins)
b) Endurgreiðslur samkvæmt 63. gr. reglugerðarinnar:	
i) aðstoð:	Ministero della sanità (heilbrigðisráðuneytið), Roma
ii) gervilimir og stærri stoðtæki:	Istituto nazionale per l'assicurazione contro gli infortuni sul lavoro (almenna vinnuslysatryggingastofnunin), Roma
c) Endurgreiðslur samkvæmt 70. gr. reglugerðarinnar:	Istituto nazionale della previdenza sociale (félagsmálastofnunin), Roma

7. Við beitingu 2. mgr. 113. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	
a) Sjúkrabætur (að meðtöldum bótum vegna berkla):	Ministero della sanità (heilbrigðisráðuneytið), Roma
b) Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma:	
i) aðstoð:	Ministero della sanità (heilbrigðisráðuneytið), Roma
ii) gervilimir og stærri stoðtæki:	Istituto nazionale per l'assicurazione contro gli infortuni sul lavoro (almenna vinnuslysatryggingastofnunin), Roma

I. LÚXEMBORG

1. Við beitingu 3. mgr. 14. gr. d reglugerðarinnar:	Lögbær yfirvöld fyrir það starf sem er stundað
2. Við beitingu 1. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	Þar til bærar reglur fyrir viðkomandi starf launþega eða starf á eigin vegum í Stórhertogadæminu
3. Við beitingu 11. gr. (1. mgr.), 11. gr. a, 13. gr. (2. og 3. mgr.) og 14. gr. (1., 2. og 3. mgr.) framkvæmdarreglugerðarinnar:	Inspection générale de la sécurité sociale (almennt eftirlit almannatrygginga), Luxembourg
4. Við beitingu 10. gr. b og 12. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni:	Centre commun de sécurité sociale (sameiginlega almannatryggingamiðstöðin), Luxembourg
5. Við beitingu 80. gr. (2. mgr.), 81. gr. og 82. gr. (2. mgr.) framkvæmdarreglugerðarinnar:	Administration de l'emploi (atvinnumálaskrifstofan), Luxembourg
6. Við beitingu 2. mgr. 85. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	Sjúkrasamlag sem hlutaðeigandi einstaklingur var síðast tryggður hjá
7. Við beitingu 2. mgr. 91. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	
a) Lífeyrir vegna örorku, elli og andláts:	
i) til verkafólks:	Établissement d'assurance contre la vieillesse et l'invalidité (elli- og örorkutryggingastofnunin), Luxembourg
ii) til skrifstofufólks og aðila að starfsgreinum:	Caisse de pension des employés privés (lífeyrissjóður starfsfólks í einkageiranum), Luxembourg
iii) til sjálfstætt starfandi einstaklinga sem starfa við handverk, verslun eða framleiðslu:	Caisse de pension des artisans, des commerçants et des industriels (lífeyrissjóður handverksmanna, verslunarmanna og framleiðenda), Luxembourg
iv) til sjálfstætt starfandi einstaklinga sem starfa við landbúnað:	Caisse de pension agricole (lífeyrissjóður landbúnaðarins), Luxembourg
b) Fjölskyldubætur:	Caisse nationale des prestations familiales (fjölskyldubótasjóðurinn), Luxembourg
8. Við beitingu 2. mgr. 102. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	
a) Bætur vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar:	Union des caisses de maladie (samtök sjúkrasjóða), Luxembourg
b) Bætur vegna vinnuslysa:	Association d'assurance contre les accidents, section industrielle (slysatryggingasambandið, atvinnugreinadeild), Luxembourg
c) Atvinnuleysisbætur:	Administration de l'emploi (atvinnumálaskrifstofan), Luxembourg

9. Við beitingu 2. mgr. 113. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	
a) Bætur vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar:	Union des caisses de maladie (samtök sjúkrasjóða), Luxembourg
b) Bætur vegna vinnuslysa:	Association d'assurance contre les accidents, section industrielle (slysatryggingasambandið, atvinnugreinadeild), Luxembourg

J. HOLLAND

1. Við beitingu 17. gr. reglugerðarinnar, 6. gr. (1. mgr.), 11. gr. (1. og 2. mgr.), 11. gr. a (1. og 2. mgr.), 12. gr. a, 13. gr. (2. og 3. mgr.) og 14. gr. (1. og 2. mgr.) framkvæmdarreglugerðarinnar:	Sociale verzekeringsbank (almannatryggingabankinn), Amstelveen
2. Við beitingu 3. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar, hvað varðar aðstoðarfólk á vegum Evrópubandalagsins sem er ekki búsett í Hollandi (á aðeins við um aðstoð)	Algemeen Nederlands Onderling Ziekenfonds (almenni hollenski sjúkratryggingasjóðurinn), Utrecht
3. Við beitingu 2. mgr. 82. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	Nieuwe Algemene Bedrijfsvereniging (nýju almennu fagfélögin og stéttarsamtökin), Amsterdam
4. Við beitingu 2. mgr. 102. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	
a) Endurgreiðslur samkvæmt 36. og 63. gr. reglugerðarinnar:	Ziekenfondsraad (ráð sjúkrasjóða), Amstelveen
b) Endurgreiðslur samkvæmt 70. gr. reglugerðarinnar:	Algemeen Werkloosheidsfond Den Haag (atvinnuleysistryggingasjóðurinn), Zoetermeer

K. AUSTURRÍKI

1. ...	
2. Við beitingu b-liðar 1. mgr. 14. gr. og 17. gr. reglugerðarinnar:	Bundesminister für Arbeit und Soziales (sambandsráðherra atvinnu- og félagsmála), Wien, með samkomulagi við Bundesministerium für Jugend und Familie (ráðuneyti æskulýðs- og fjölskyldumála), Wien
Við beitingu 3. mgr. 14. gr. d í reglugerðinni:	þar til bær stofnun
3. Við beitingu 11., 11. gr. a, 12. gr. a, 13. og 14. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	
a) Ef viðkomandi heyrir undir austurríska löggjöf og fellur undir sjúkratryggingar:	þar til bær sjúkratryggingastofnun
b) Ef viðkomandi heyrir undir austurríska löggjöf og fellur ekki undir sjúkratryggingar:	þar til bær slysatryggingastofnun
c) Í öllum öðrum tilvikum:	Hauptverband der österreichischen Sozialversicherungsträger (aðalsamtök austurrískra almannatryggingastofnana), Wien
4. Við beitingu 1. mgr. 38. og 1. mgr. 70. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	þar til bær Gebietskrankenkasse (sjúkratryggingasjóður héraðsins) á búsetustað aðstandenda
5. Við beitingu 2. mgr. 80. gr., 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	Regionale Geschäftsstellen des Arbeitsmarktservice (héraðsskrifstofa vinnumarkaðsmála) á síðasta búsetu- eða dvalarstað eða vinnustað launþega

6. Við beitingu 2. mgr. 85. gr. og 2. mgr. 86. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar í tengslum við Karenzurlaubsgeld (sérstakar greiðslur vegna meðgöngu og fæðingar):	Regionale Geschäftsstellen des Arbeitsmarktservice (héraðsskrifstofa vinnumarkaðsmála) á síðasta búsetu- eða dvalarstað eða vinnustað launþega
7. Við beitingu:	
a) 2. mgr. 102. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar í tengslum við 36. og 63. gr. reglugerðarinnar:	Hauptverband der österreichischen Sozialversicherungsträger (aðalsamtök austurrískra almannatryggingastofnana), Wien
b) 2. mgr. 102. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar í tengslum við 70. gr. reglugerðarinnar:	Landesgeschäftsstelle Wien des Arbeitsmarktservice (svæðisskrifstofa vinnumarkaðsmála í Vín)
8. Við beitingu 110. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.	— þar til bær stofnun, eða — ef engin stofnun í Austurríki er til þess bær, stofnun á búsetustað
9. Við beitingu 2. mgr. 113. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	Hauptverband der österreichischen Sozialversicherungsträger (aðalsamtök austurrískra almannatryggingastofnana), Wien, og er endurgreiðsla kostnaðar við aðstoð greidd af framlögum lífeyrisþega til sjúkratrygginga sem aðalsamtökin taka við

L. PORTÚGAL

I. Í LANDINU SJÁLFU

1. Við beitingu 17. gr. reglugerðarinnar:	Departamento de Relações Internacionais e Convenções de Segurança Social (ráðuneyti alþjóðatengsla og samninga um félagslegt öryggi), Lisboa
2. Við beitingu 1. mgr. 11. gr. og 11. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni:	Centro Regional de Segurança Social (héraðsmiðstöð almannatrygginga) sem útsendur starfsmaður á aðild að
3. Við beitingu 12. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni:	Centro Regional de Segurança Social (héraðsmiðstöð almannatrygginga) á búsetu- eða tryggingarstað viðkomandi, eftir því sem við á
4. Við beitingu 2. mgr. 13. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:	Departamento de Relações Internacionais e Convenções de Segurança Social (ráðuneyti alþjóðatengsla og samninga um félagslegt öryggi), Lisboa
5. Við beitingu 1. og 2. mgr. 14. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:	Departamento de Relações Internacionais e Convenções de Segurança Social (ráðuneyti alþjóðatengsla og samninga um félagslegt öryggi), Lisboa
6. Við beitingu 3. mgr. 14. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:	Centro Regional de Segurança Social (héraðsmiðstöð almannatrygginga), Lisboa
7. Við beitingu 28. gr. (1. mgr.), 29. gr. (2. og 5. mgr.), 30. gr. (1. og 3. mgr.) og 31. gr. (annar málsliður 1. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni (með tilliti til útgáfu vottorða):	Centro Nacional de Pensões (almenna lífeyrismiðstöðin), Lisboa
8. Við beitingu 25. gr. (2. mgr.), 38. gr. (1. mgr.), 70. gr. (1. mgr.), 82. gr. (2. mgr.) og 86. gr. (2. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni:	stjórnvald á búsetustað aðstandenda
9. Við beitingu 17. gr. (6. og 7. mgr.), 18. gr. (3., 4. og 6. mgr.), 20. gr., 21. gr. (1. mgr.), 22. gr., 31. gr. (fyrsti málsliður 1. mgr.) og 34. gr. (1. mgr. og fyrsta undirgrein 2. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni (varðar stofnun á búsetu- eða dvalarstað, eftir því sem við á:	Administraçao Regional de Saúde (heilbrigðisstjórn héraðsins) á búsetu- eða dvalarstað viðkomandi

10. Við beitingu 2. mgr. 80. gr., 81. gr. og 2. mgr. 85. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:	Centro Regional de Segurança Social (héraðsmiðstöð almannatrygginga) þar sem viðkomandi var síðast tryggður
11. Við beitingu 2. mgr. 102. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:	Departamento de Relações Internacionais e Convenções de Segurança Social (ráðuneyti alþjóðatengsla og samninga um félagslegt öryggi), Lisboa
II. SJÁLFSSTJÓRNARHÉRAÐIÐ MADEIRA	
1. Við beitingu 17. gr. reglugerðarinnar:	Secretário Regional dos Assuntos Sociais (framkvæmdastjóri almannatryggingamála í héraðinu), Funchal
2. Við beitingu 1. mgr. 11. gr. og 11. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni:	Direcção Regional de Segurança Social (héraðsskrifstofa almannatrygginga), Funchal
3. Við beitingu 12. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni:	Direcção Regional de Segurança Social (héraðsskrifstofa almannatrygginga), Funchal
4. Við beitingu 2. mgr. 13. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:	Departamento de Relações Internacionais e Convenções de Segurança Social (ráðuneyti alþjóðatengsla og samninga um félagslegt öryggi), Lisboa
5. Við beitingu 1. og. 2. mgr. 14. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:	Departamento de Relações Internacionais e Convenções de Segurança Social (ráðuneyti alþjóðatengsla og samninga um félagslegt öryggi), Lisboa
6. Við beitingu 3. mgr. 14. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:	Direcção Regional de Segurança Social (héraðsskrifstofa almannatrygginga), Funchal
7. Við beitingu 28. gr. (1. mgr.), 29. gr. (2. og 5. mgr.), 30. gr. (1. og 3. mgr.) og 31. gr. (annar málsliður 1. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni (með tilliti til útgáfu vottorða):	Direcção Regional de Segurança Social (héraðsskrifstofa almannatrygginga), Funchal
8. Við beitingu 25. gr. (2. mgr.), 38. gr. (1. mgr.), 70. gr. (1. mgr.), 82. gr. (2. mgr.) og 86. gr. (2. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni:	stjórnvald á búsetustað aðstandenda
9. Við beitingu 17. gr. (6. og 7. mgr.), 18. gr. (3., 4. og 6. mgr.), 20. gr., 21. gr. (1. mgr.), 22. gr., 31. gr. (fyrsti málsliður 1. mgr.) og 34. gr. (1. mgr. og fyrsta undirgrein 2. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni (varðar stofnun á búsetu- eða dvalarstað, eftir því sem við á:	Direcção Regional de Saúde (héraðsskrifstofa almannaheillbrigðis), Funchal
10. Við beitingu 2. mgr. 80. gr., 81. gr. og 2. mgr. 85. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:	Direcção Regional de Segurança Social (héraðsskrifstofa almannatrygginga), Funchal
11. Við beitingu 2. mgr. 102. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:	Departamento de Relações Internacionais e Convenções de Segurança Social (ráðuneyti alþjóðatengsla og samninga um félagslegt öryggi), Lisboa
III. SJÁLFSSTJÓRNARHÉRAÐIÐ ASOREYJAR	
1. Við beitingu 17. gr. reglugerðarinnar:	Direcção Regional de Segurança Social (héraðsskrifstofa almannatrygginga), Angra do Heroísmo
2. Við beitingu 1. mgr. 11. gr. og 11. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni:	Direcção Regional de Segurança Social (héraðsskrifstofa almannatrygginga), Angra do Heroísmo
3. Við beitingu 12. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni:	Direcção Regional de Segurança Social (héraðsskrifstofa almannatrygginga), Angra do Heroísmo

4. Við beitingu 2. mgr. 13. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:	Departamento de Relações Internacionais e Convenções de Segurança Social (ráðuneyti alþjóðatengsla og samninga um félagslegt öryggi), Lisboa
5. Við beitingu 1. og. 2. mgr. 14. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:	Departamento de Relações Internacionais e Convenções de Segurança Social (ráðuneyti alþjóðatengsla og samninga um félagslegt öryggi), Lisboa
6. Við beitingu 3. mgr. 14. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:	Direcção Regional de Segurança Social (héraðsskrifstofa almannatrygginga), Angro do Heroísmo
7. Við beitingu 28. gr. (1. mgr.), 29. gr. (2. og 5. mgr.), 30. gr. (1. og 3. mgr.) og 31. gr. (annar málsliður 1. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni (með tilliti til útgáfu vottorða):	Direcção Regional de Segurança Social (héraðsskrifstofa almannatrygginga), Angro do Heroísmo
8. Við beitingu 25. gr. (2. mgr.), 38. gr. (1. mgr.), 70. gr. (1. mgr.), 82. gr. (2. mgr.) og 86. gr. (2. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni:	stjórnvald á búsetustað aðstandenda
9. Við beitingu 17. gr. (6. og 7. mgr.), 18. gr. (3., 4. og 6. mgr.), 20. gr., 21. gr. (1. mgr.), 22. gr., 31. gr. (fyrsti málsliður 1. mgr.) og 34. gr. (1. mgr. og fyrsta undirgrein 2. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni (varðar stofnun á búsetu- eða dvalarstað, eftir því sem við á:	Direcção Regional de Saúde (héraðsskrifstofna almannaheilbrigðis), Angra do Heroísmol
10. Við beitingu 2. mgr. 80. gr., 81. gr. og 2. mgr. 85. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:	Direcção Regional de Segurança Social (héraðsskrifstofa almannatrygginga), Angra do Heroísmo
11. Við beitingu 2. mgr. 102. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:	Departamento de Relações Internacionais e Convenções de Segurança Social (ráðuneyti alþjóðatengsla og samninga um félagslegt öryggi), Lisboa

M. FINNLAND

1. Við beitingu b-liðar 1. mgr. 14. gr. og b-liðar 1. mgr. 14. gr. a í reglugerðinni og 11. gr. (1. mgr.), 11. gr. a (1. mgr.), 12. gr. a, 13. gr. (2. og 3. mgr.) og 14. gr. (1. og 2. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni:	Eläketurvakeskus/Pensionsskyddscentralen (lífeyristryggingamiðstöðin), Helsinki
2. Við beitingu 10. gr. b í framkvæmdarreglugerðinni:	Kansaneläkelaitos/Folkpensionsanstalten (almannatryggingastofnunin), Helsinki
3. Við beitingu 36. og 90. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.	Kansaneläkelaitos/Folkpensionsanstalten (almannatryggingastofnunin), Helsinki, og Työeläkelaitokset (starfslífeyrisstofnanir) og Eläketurvakeskus/Pensionsskyddscentralen (lífeyristryggingamiðstöðin), Helsinki
4. Við beitingu 37. gr. (b-liður), 38. gr. (1. mgr.), 70. gr. (1. mgr.), 82. gr. (2. mgr.), 85. gr. (2. mgr.) og 86. gr. (2. mgr.) framkvæmdarreglugerðarinnar:	Kansaneläkelaitos/Folkpensionsanstalten (almannatryggingastofnunin), Helsinki

5. Við beitingu 41. til 59. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	Kansaneläkelaitos/Folkpensionsanstalten (almannatryggingastofnunin), Helsinki, og Eläketurvakeskus/Pensionsskyddscentralen (lífeyristryggingamiðstöðin), Helsinki
6. Við beitingu 60. til 67. gr., 71., 75., 76. og 78. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	sú tryggingastofnun á búsetu- eða dvalarstað sem Tapaturmavakuutuslaitosten Liitto/Olycksfallsförsäkringsanstalternas Förbund (samtök slysatryggingastofnana), Helsinki, tilnefna
7. Við beitingu 80. og 81. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	þar til bær atvinnuleysissjóður vegna tekjutengdra atvinnuleysisbóta Kansaneläkelaitos/Folkpensionsanstalten (almannatryggingastofnunin), Helsinki, vegna grunnbóta fyrir atvinnuleysi
8. Við beitingu 102. og 113. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	Kansaneläkelaitos/Folkpensionsanstalten (almannatryggingastofnunin), Helsinki Tapaturmavakuutuslaitosten Liitto/Olycksfallsförsäkringsanstalternas Förbund (samtök slysatryggingastofnana), Helsinki, vegna slysatrygginga
9. Við beitingu 110. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:	
a) Starfslífeyrir:	Eläketurvakeskus/Pensionsskyddscentralen (lífeyristryggingamiðstöðin), Helsinki, vegna starfslífeyris
b) Vinnuslys, atvinnusjúkdómar:	Tapaturmavakuutuslaitosten Liitto/Olycksfallsförsäkringsanstalternas Förbund (samtök slysatryggingastofnana), Helsinki, vegna slysatrygginga
c) í öðrum tilvikum:	Kansaneläkelaitos/Folkpensionsanstalten (almannatryggingastofnunin), Helsinki

N. SVÍÞJÓÐ

1. Við beitingu 1. mgr. 14. gr., 1.mgr. 14. gr. a, 1. og 2. mgr. 14. gr. b í reglugerðinni og a-lið 1. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 11. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni:	Almannatryggingaskrifstofan sem viðkomandi er tryggður hjá
2. Við beitingu b-liðar 1. mgr. 14. gr. og b-lið 1. mgr. 14. gr. a í þeim tilvikum þegar maður er sendur til Svíþjóðar til starfa:	Almannatryggingaskrifstofan á staðnum þar sem starfið er innt af hendi
3. Við beitingu 1. og 2. mgr. 14. gr. b í þeim tilvikum þegar einstaklingur er sendur til Svíþjóðar til að starfa þar lengur en í 12 mánuði:	Göteborgs almänna försäkringskassa, Sjöfartskontoret (almannatryggingaskrifstofan í Gautaborg, sjómannadeildin)
4. Við beitingu 2. og 3. mgr. 14. gr. og 2. og 3. mgr. 14. gr. a í reglugerðinni:	Almannatryggingaskrifstofan á búsetustað
5. Við beitingu 4. mgr. 14. gr. a reglugerðarinnar og b-liðar 1. mgr. 11. gr. og b-liðar 1. mgr. 11. gr. a og 5. og 6. mgr. og a-lið 7. mgr. 12. gr. a í framkvæmdarreglugerðinni:	Almannatryggingaskrifstofan á staðnum þar sem starfið er innt af hendi

6. Við beitingu 17. gr. reglugerðarinnar:

a) Almannatryggingaskrifstofan á staðnum sem starfið er innt af hendi eða verður innt af hendi, og

b) Riksförsäkringsverket (almannatryggingastjórnin) vegna hópa launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga.

7. Við beitingu 2. mgr. 102. gr.:

a) Riksförsäkringsverket (almannatryggingastjórnin).

b) Arbetsmarknadsstyrelsen (atvinnumarkaðsstjórnin) vegna atvinnuleysisbóta

O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

1. Við beitingu 14. gr. c, 14. gr. d (3. mgr.) og 17. gr. reglugerðarinnar og 6. gr. (1. mgr.), 11. gr. (1. mgr.), 11. gr. a (1. mgr.), 12. gr. a, 13. gr. (2. og 3. mgr.), 14. gr. (1., 2. og 3. mgr.), 80. gr. (2. mgr.), 81. gr., 82. gr. (2. mgr.) og 109. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar:

Stóra-Bretland: Department of Social Security (tryggingamálaráðuneytið), Contributions Agency (iðgjaldadeild), Overseas Contributions (iðgjöld handan hafs), Newcastle upon Tyne, NE98 1YX

Norður-Írland: Department of Health and Social Services (heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið), Northern Ireland Social Security Agency (almannatryggingastofnun Norður-Írlands), Overseas Branch (deild fyrir málefni handan hafs), Belfast, BT1 1DX

2. Við beitingu 36. og 63. gr. reglugerðarinnar og 8. gr., 38. gr. (1. mgr.), 70. gr. (1. mgr.), 91. gr. (2. mgr.), 102. gr. (2. mgr.), 110. gr. og 113. gr. (2. mgr.) framkvæmdarreglugerðarinnar:

Stóra-Bretland: Department of Social Security (tryggingamálaráðuneytið), Benefits Agency (bótadeild), Overseas Branch (deild fyrir málefni handan hafs), Newcastle upon Tyne, NE98 1YX

Norður-Írland:
(að undanskildum 36. og 63. gr. reglugerðarinnar og 2. mgr. 102. gr. og 2. mgr. 113. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar, en í þeim tilvikum gildir það sem fram kemur í þættinum Stóra-Bretland): Department of Health and Social Services (heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið), Northern Ireland Social Security Agency (almannatryggingastofnun Norður-Írlands), Overseas Branch (deild fyrir málefni handan hafs), Belfast, BT1 1DX

3. Við beitingu 85. gr. (2. mgr.), 86. gr. (2. mgr.) og 89. gr. (1. mgr.) framkvæmdarreglugerðarinnar:

Stóra-Bretland: Department of Social Security (tryggingamálaráðuneytið), Child Benefit Centre (barnabótadeild), Newcastle upon Tyne, NE88 1AA

Norður-Írland: Department of Health and Social Services (heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið), Northern Ireland Social Security Agency (almannatryggingastofnun Norður-Írlands), Child Benefit Office (barnabótadeildin), Belfast, BT1 1SA

11. VIÐAUKI (A) (B) (7)

REGLUR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 35. GR. REGLUGERÐARINNAR

(11. mgr. 4. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar)

A. BELGÍA
Reglur um að tryggingar vegna læknismeðferðar (aðstoð) skuli einnig ná til sjálfstætt starfandi einstaklinga.

B. DANMÖRK
Engar

C. ÞÝSKALAND
Engar

D. SPÁNN
Engar

E. FRAKKLAND
Engar

F. GRIKKLAND

1. Tryggingasjóður fyrir handverksmenn og smákaupmenn (TEBE).
2. Tryggingasjóður kaupmanna.
3. Sjúkratryggingasjóður fyrir lögmenn:
   a) Styrktarsjóður í Aþenu;
   b) Styrktarsjóður í Píreus;
   c) Styrktarsjóður í Þessalóníku;
   d) Heilbrigðissjóður fyrir héraðslögmenn (TYDE).
4. Trygginga- og lífeyrissjóður heilbrigðisstéttanna.

G. ÍRLAND
Engar

H. ÍTALÍA
Engar

I. LÚXEMBORG
Engar

J. HOLLAND
Engar

K. AUSTURRÍKI
Engar

L. PORTÚGAL
Engar

M. FINNLAND
Engar

N. SVÍÞJÓÐ
Engar

O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
Engar

Viðbætir ([1])

95. gr. (14)

Endurgreiðsla kostnaðar við aðstoð vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar sem veitt er lífeyrisþegum og aðstandendum þeirra sem búa ekki í aðildarríki þar sem þeir eiga samkvæmt löggjöf rétt á lífeyri og bótum

1. Þar til bærar stofnanir skulu endurgreiða kostnað vegna aðstoðar, sem kveðið er á um í 1. mgr. 28. gr. og 28. gr. a í reglugerðinni, til þeirra stofnana sem veittu aðstoðina með eingreiðslu og skal upphæð hennar vera sem næst raunverulegum kostnaði við aðstoðina.

2. Upphæð eingreiðslunnar er reiknuð með því að margfalda árlegan meðalkostnað á mann með meðalfjölda lífeyrisþega sem taka verður tillit til árlega, síðan skal lækka upphæðina um 20%.

3. Nauðsynlegir þættir við útreikning umræddrar eingreiðslu skulu ákvarðaðir á eftirfarandi hátt:

a) hvert aðildarríki reiknar árlegan meðalkostnað á mann með því að deila árlegum kostnaði vegna allrar aðstoðar sem stofnanir í því aðildarríki hafa veitt öllum lífeyrisþegum, sem eiga rétt á bótum samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis og heyra undir hlutaðeigandi almannatryggingareglur, með árlegum meðalfjölda slíkra lífeyrisþega og aðstandenda þeirra; þær almannatryggingareglur sem farið skal eftir eru tilgreindar í 9. viðauka;

b) í samskiptum milli stofnana tveggja aðildarríkja skal árlegur meðalfjöldi lífeyrisþega og aðstandenda þeirra, sem taka verður tillit til, vera jafn árlegum meðalfjölda þeirra lífeyrisþega og aðstandenda þeirra sem um getur í 2. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar og eru búsettir á yfirráðasvæði annars aðildarríkisins en eiga rétt á aðstoð sem stofnun í hinu aðildarríkinu ber að greiða.

4. Fjöldi lífeyrisþega og aðstandenda þeirra sem taka verður tillit til samkvæmt b-lið 3. mgr. skal ákvarðaður með hliðsjón af skrá sem stofnun á búsetustað hefur tekið saman í þeim tilgangi og byggist á upplýsingum frá þar til bærri stofnun um bótarétt hlutaðeigandi einstaklinga. Komi upp ágreiningur skulu hlutaðeigandi stofnanir koma athugasemdum til endurskoðunarnefndarinnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 101. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.

5. Framkvæmdaráðið ákveður reglur og aðferðir til að ákvarða þá þætti í útreikningi sem greint er frá í 3. og 4. mgr.

6. Tvö eða fleiri aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta, að fengnu áliti framkvæmdaráðsins, samið um aðrar aðferðir til að ákvarða upphæð endurgreiðslnanna.

VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR GERÐIR TIL BREYTINGAR Á REGLUGERÐUM (EBE) NR. 1408/71 OG (EBE) NR. 574/72

A. Lög um aðild Spánar og Portúgals (Stjtíð. EB nr. L 302, 15. 11. 1985, bls. 23).

B. Lög um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 9), eins og þeim var breytt með ákvörðun ráðsins 95/1/EB (Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 1).

1. Uppfærðar með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2001/83 frá 2. júní 1983 (Stjtíð. EB nr. L 230, 22. 8. 1983, bls. 6).

2. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1660/85 frá 13. júní 1985 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 (Stjtíð. EB nr. L 160, 20. 6. 1985, bls. 1; spænsk útgáfa: DO Edicíon especial, 1985 (05.V4), bls. 142; portúgölsk útgáfa: OJ DO Edição Especial, 1985 (05. F4), bls. 142; sænsk útgáfa: EGT, Specialutgåva 1994, område 05 (04), bls. 61; finnsk útgáfa: EYVL:n erityispanios 1994, alue 05 (04), bls. 61)

3. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1661/85 frá 13. júní 1985 sem mælir fyrir um tæknilega aðlögun að reglum bandalagsins um almannatryggingar fyrir farandlaunþega vegna Grænlands (Stjtíð. EB nr. L 160, 20. 6. 1985, bls. 7; spænsk útgáfa: DO Edicíon especial, 1985 (05.V4), bls. 148; portúgölsk útgáfa: OJ DO Edição Especial, 1985 (05. F4), bls. 148; sænsk útgáfa: EGT, Specialutgåva 1994, område 05 (04), bls. 67; finnsk útgáfa: EYVL:n erityispanios 1994, alue 05 (04), bls. 67)

4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 513/86 frá 26. febrúar 1986 um breytingu á viðaukum 1, 4, 5 og 6 við reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja (Stjtíð. EB nr. L 51, 28. 2. 1986, bls. 44; sænsk útgáfa: EGT, Specialutgåva 1994, område 05 (04), bls. 73; finnsk útgáfa: EYVL:n erityispanios 1994, alue 05 (04), bls. 73)

5. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3811/86 frá 11. desember 1986 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um framkvæmd almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og á reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 (Stjtíð. EB nr. L 355, 16. 12. 1986, bls. 5; sænsk útgáfa: EGT, Specialutgåva 1994, område 05 (04), bls. 86; finnsk útgáfa: EYVL:n erityispanios 1994, alue 05 (04), bls. 86)

6. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1305/89 frá 11. maí 1989 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 (Stjtíð. EB nr. L 131, 13. 5. 1985, bls. 1; sænsk útgáfa: EGT, Specialutgåva 1994, område 05 (04), bls. 143; finnsk útgáfa: EYVL:n erityispanios 1994, alue 05 (04), bls. 143)

7. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2332/89 frá 18. júlí 1989 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 (Stjtíð. EB nr. L 224, 2. 8. 1989, bls. 1; sænsk útgáfa: EGT, Specialutgåva 1994, område 05 (04), bls. 154; finnsk útgáfa: EYVL:n erityispanios 1994, alue 05 (04), bls. 154)

8. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3427/89 frá 30. október 1989 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 (Stjtíð. EB nr. L 331, 16. 11. 1989, bls. 1; sænsk útgáfa: EGT, Specialutgåva 1994, område 05 (04), bls. 165; finnsk útgáfa: EYVL:n erityispanios 1994, alue 05 (04), bls. 165)

9. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2195/91 frá 25. júní 1991 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 (Stjtíð. EB nr. L 206, 29. 7. 1991, bls. 2; sænsk útgáfa: EGT, Specialutgåva 1994, område 05 (04), bls. 46; finnsk útgáfa: EYVL:n erityispanios 1994, alue 05 (04), bls. 46)

10. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja (Stjtíð. EB nr. L 136, 19. 5. 1992, bls. 1; sænsk útgáfa: EGT, Specialutgåva 1994, område 05 (04), bls. 124; finnsk útgáfa: EYVL:n erityispanios 1994, alue 05 (04), bls. 124)

11. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1248/92 frá 30. apríl 1992 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 (Stjtíð. EB nr. L 136, 19. 5. 1992, bls. 7; sænsk útgáfa: EGT, Specialutgåva 1994, område 05 (04), bls. 130; finnsk útgáfa: EYVL:n erityispanios 1994, alue 05 (04), bls. 130)

12. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1249/92 frá 30. apríl 1992 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 (Stjtíð. EB nr. L 136, 19. 5. 1992, bls. 28; sænsk útgáfa: EGT, Specialutgåva 1994, område 05 (04), bls. 151; finnsk útgáfa: EYVL:n erityispanios 1994, alue 05 (04), bls. 151)

13. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1945/93 frá 30. júní 1993 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerð (EBE) nr. 1247/92 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 (Stjtíð. EB nr. L 181, 23. 7. 1993, bls. 1; sænsk útgáfa: EGT, Specialutgåva 1994, område 05 (04), bls. 63; finnsk útgáfa: EYVL:n erityispanios 1994, alue 05 (04), bls. 63)

14. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3095/95 frá 22. desember 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, reglugerð (EBE) nr. 1247/92 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og á reglugerð (EBE) nr. 1945/93 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1247/92 (Stjtíð. EB nr. L 335, 30. 12. 1994, bls. 1)

15. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3096/95 frá 22. desember 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 (Stjtíð. EB nr. L 335, 30. 12. 1995, bls. 10)

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar.

1. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/97 frá 27. júní 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/98 frá 4. júlí 1998 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerðin, sbr. 1. mgr., fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Reglugerð félagsmálaráðuneytisins um gildistöku þess hluta sem fjallar um atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof kveður á um gildistöku í þeim tilvikum. Einnig kveður reglugerð fjármálaráðuneytisins um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum um gildistöku í þeim tilvikum.

2. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/97 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/98, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 21, bls. 255-272, er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. júní 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 99/EES/21/02
nr. 67/98
frá 4. júlí 1998

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/98 frá 27. mars 1998[1].

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/97 frá 27. júní 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71[2], skal felld inn í samninginn.

Ýmsa aðlögunarliði við reglugerð ráðsins (EB) nr. 574/72 ber að endurskoða og leiðrétta.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) í VI. viðauka við samninginn bætist eftirfarandi við á undan aðlögunarliðunum:

„og síðar breytt með:

- **397 R 1290**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/97 frá 27. júní 1997 (Stjtíð. EB L 176, 4.7.1997, bls. 1).“.

2. gr.

2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við á undan aðlögunarliðunum:

„ og síðar breytt með:

- **397 R 1290**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/97 frá 27. júní 1997 (Stjtíð. EB L 176, 4.7.1997, bls. 1).“.

2. Eftirfarandi komi í stað textans í aðlögunarlið g) undir fyrirsögninni „153. NOREGUR-BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“:

„ Bréfaskipti frá 20. mars 1997 og 3. apríl 1997 varðandi 3. mgr. 36. gr. og 3. mgr. 63. gr. reglugerðarinnar (endurgreiðsla eða niðurfelling endurreiðslna vegna aðstoðar) og 105. gr. framkvæmdareglugerðarinnar (niðurfelling endurgreiðslna vegna kostnaðar við eftirlit og læknisskoðanir).“.

3. Eftirfarandi komi í stað textans í aðlögunarlið m) undir fyrirsögninni „P. ÍSLAND“:

„1. Við beitingu á d-lið 2. mgr. 13. gr., a-lið 1. mgr. 14. gr., b-lið 2. mgr. 14. gr., a-lið 1. mgr. 14. gr. a, 2. mgr. 14. gr. a, 4. mgr. 14. gr. a, 1. mgr. 14. gr. b, 2. mgr. 14. gr. b, 4. mgr. 14. gr. b og a-lið 14. gr. c í reglugerðinni og 11. gr., 11. gr. a, a-lið 2. mgr. 12. gr. a, c-lið 5. mgr. 12. gr. a og a-lið 7. mgr. 12. gr. a í framkvæmdareglugerðinni:

Alþjóðadeild Tryggingastofnunar ríkisins, Reykjavík.

2. Við beitingu 17. gr. reglugerðarinnar:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Reykjavík.

3. Við beitingu 1., 2., 3., 4., 5. og 8. kafla í III. bálki reglugerðarinnar og ákvæða sem tengjast þessum ákvæðum í framkvæmdareglugerðinni:

Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík.

4. Við beitingu 6. kafla í III. bálki reglugerðarinnar og ákvæða sem tengjast þessum ákvæðum í framkvæmdareglugerðinni:

Atvinnuleysistryggingasjóður, Vinnumálaskrifstofan, Reykjavík.

5. Við beitingu 7. kafla í III. bálki reglugerðarinnar og ákvæða sem tengjast þessum ákvæðum í framkvæmdareglugerðinni:

Ríkisskattstjóri, Reykjavík.“

[1] Stjtíð. EB L 310, 19.11.1998, bls. 4 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 18, 19.11.1998, bls. 152.

[2] Stjtíð. EB L 176, 4.7.1997, bls. 1.

3. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1290/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. júlí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1290/97

frá 27. júní 1997

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópusambandsins, einkum 51. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]), sem var lögð fram að höfðu samráði við framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nauðsynlegt er að gera vissar breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja ([4]) og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja ([5]). Sumar þessara breytinga tengjast breytingum sem aðildarríkin hafa gert á löggjöf sinni um almannatryggingar, aðrar eru tæknilegs eðlis og eiga að bæta reglugerðirnar enn frekar.

2) Til glöggvunar er rétt að aðlaga síðasta málslið i-liðar í f-lið 1. gr. að því er varðar merkingu hugtaksins „aðstandandi".

3) Skýrt skal kveðið á um að aðstandendur og eftirlifendur opinberra starfsmanna og þeirra sem njóta sömu réttinda og þeir skuli falla undir reglugerð (EBE) nr. 1408/71.

4) Svo virðist sem rétt sé að tryggja að þeir sem dveljast í öðru aðildarríki en lögbæru ríki við nám eða vegna starfsþjálfunar og aðstandendur þeirra, sem fylgja þeim, falli undir ákvæði a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 með tilliti til skilyrða fyrir bótum. Setja ber ákvæði um aðlögunartímabil vegna samskipta við konungsríkið Holland í því skyni að taka tillit til stjórnsýsluvanda sem upp kann að koma hjá því ríki.

5) Nútímalegri upplýsingaskipti milli almannatryggingastofnana í aðildarríkjunum bæta þjónustu við tryggða menn sem flytjast innan bandalagsins.

6) Notkun gagnaflutningsþjónustu við gagnaskipti milli stofnana krefst ákvæða sem tryggja að skjöl sem eru send með rafrænum hætti teljist jafngild skjölum á pappír.

7) Gagnaskipti af þessu tagi skulu fara fram í samræmi við ákvæði bandalagsins um verndun einstaklinga með hliðsjón af meðferð persónuupplýsinga.

8) Komið hefur í ljós að nauðsynlegt er að koma á fót tækninefnd á vegum framkvæmdarráðs um félagslegt öryggi farandlaunþega til að hafa á hendi tiltekin störf á sviði gagnavinnslu.

([1]) Stjtfð. EB nr. C 341, 13. 11. 1996, bls. 6.
([2]) Stjtfð. EB nr. C 182, 16. 6. 1997.
([3]) Stjtfð. EB nr. C 89, 19. 3. 1997, bls. 20.
([4]) Stjtfð. EB nr. L 149, 5. 7. 1971, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 118/97 (Stjtfð. EB nr. L 28. 30. 1. 1997, bls. 1).
([5]) Stjtfð. EB nr. L 74, 27. 3. 1972, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 118/97 (Stjtfð. EB nr. L 28, 30. 1. 1997, bls. 1).

9) Nauðsynlegt er að breyta II. hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 í því skyni að skýra gildissvið færslu í þættinum „E. FRAKKLAND".

10) Nauðsynlegt er að breyta I. hluta II. viðauka í þættinum „D. SPÁNN" í ljósi breytinga sem gerðar hafa verið á spænski löggjöf.

11) Rétt er að aðlaga a-lið II. viðauka í þættinum „D. SPÁNN" í því skyni að taka tillit til þess að samsvarandi spænskri löggjöf hefur verið steypt saman. Einnig er nauðsynlegt að aðlaga þættina „L. PORTÚGAL" og „N. SVÍÞJÓÐ" þar sem heitum sumra bótategunda hefur verið breytt.

12) Rétt er að fella burt vísanir til samninga milli Þýskalands og Lúxemborgar í 3. lið í D-hluta IV. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 þar sem löggjöf í þessum tveimur aðildarríkjum hefur verið breytt.

13) Rétt er að aðlaga 2. lið í þættinum „B. DANMÖRK" í VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 í því skyni að taka tillit til sérkenna í danskri löggjöf um sjúkratryggingar.

14) Nauðsynlegt er að aðlaga þáttinn „C. ÞÝSKALAND" í VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 í kjölfar breytinga sem hafa verið gerðar á þýskri löggjöf.

15) Rétt er að taka tillit til nýrra ákvæða í spænskri löggjöf um valfrjálsar tryggingar embættismanna alþjóðasamtaka sem eru búsettir erlendis. Rétt er að gera ráðstafanir til að samræma betur orðalag 1. og 2. liðar í þættinum „D. SPÁNN" í VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71.

16) Einnig er nauðsynlegt að rýmka ákvæði þáttar „F. GRIKKLAND" í VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 í því skyni að tryggja að opinberir starfsmenn, sem eru við störf eða hafa látið af störfum, og þeir sem njóta sömu réttinda og þeir svo og aðstandendur þeirra geti fengið bráða aðstoð vegna veikinda og/eða meðgöngu og fæðingar við dvöl á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða á ferð þar í því skyni að fá þar nauðsynlega læknismeðferð, hafi þar til bær grísk stofnun gefið til þess leyfi fyrirfram.

17) Rétt er að rýmka gildissvið 22. gr. b í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 svo að hún taki til allra opinberra starfsmanna og þeirra sem njóta sömu réttinda og þeir og aðstandenda þeirra sem heyra undir sérstakt heilbrigðisþjónustukerfi í Grikklandi.

18) Vegna reglugerðar (EBE) nr. 1247/92 og breytinga á samsvarandi löggjöf í Breska konungsríkinu virðist nauðsynlegt að endurskoða 11. lið í þættinum „O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ" í VI. viðauka til þess að skýra annars vegar að umönnunargreiðslur falla ekki undir 10. gr. reglugerðarinnar og hins vegar að tilteknar sérstakar iðgjaldsfrjálsar bætur teljast til lífeyris að því er varðar sjúkrabætur.

19) Komið hefur í ljós að nauðsynlegt er að bæta við 93. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 í ljósi breytinga sem voru gerðar með reglugerðum (EB) nr. 3095/95 og (EB) nr. 3096/95 og nýrri 22. gr. c.

20) Í kjölfar stjórnsýslulegrar endurskipulagningar í Belgíu, Danmörku, Þýskalandi, á Spáni, Grikklandi, í Hollandi, Portúgal og Svíþjóð er nauðsynlegt að aðlaga 1., 4. og 10. viðauka í þættinum „A. BELGÍA", 2., 3., 4. og 10. viðauka í þættinum „B. DANMÖRK", 2., 3., 4., 6. og 10. viðauka í þættinum „C. ÞÝSKALAND", 1. og 10. viðauka í þættinum „D. SPÁNN", 1. og 10. viðauka í þættinum „F. GRIKKLAND", 1. viðauka í þættinum „J. HOLLAND", 1., 2., 3., 4. og 10. viðauka í þættinum „L. PORTÚGAL" og 10. viðauka í þættinum „N. SVÍÞJÓÐ" í reglugerð (EBE) nr. 574/72.

21) Nauðsynlegt er að bæta við tilvísunum við „58. FRAKKLAND – FINNLAND" og „59. FRAKKLAND – SVÍÞJÓÐ" og aðlaga þættina „12. BELGÍA – FRAKKLAND", „17. DANMÖRK – FRAKKLAND", „54. FRAKKLAND – LÚXEMBORG" og „102. FINNLAND – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ" í 5. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 574/72.

22) Rétt er að bæta við 8. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

23) Nauðsynlegt er að aðlaga tilvísun í „C. ÞÝSKALAND" í 9. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

24) Í því skyni að ná markmiðinu um frjálsa för launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga í bandalaginu er rétt að breyta reglum um samræmingu innlendra almannatryggingakerfa með bindandi lagagerningi bandalagsins er gildir beint í hverju aðildarríki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á reglugerð (EBE) nr. 1408/71:

1. Eftirfarandi texti komi í stað síðasta málsliðar í i-lið f-liðar 1. gr.:

„Í þeim tilvikum þar sem ekki er gert ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að aðstandendur séu aðgreindir frá öðrum einstaklingum sem hún nær yfir skal hugtakið „aðstandandi“ hafa þá merkingu sem fram kemur í I. viðauka.“.

2. Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 2. gr.:

„3. Reglugerð þessi gildir um opinbera starfsmenn og aðra sem njóta sömu réttinda og þeir samkvæmt gildandi löggjöf, heyri þeir undir eða hafi þeir heyrt undir löggjöf aðildarríkis sem reglugerðin gildir í, svo og um aðstandendur þeirra og eftirlifendur.“.

3. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 22. gr. b:

„*22. gr. c*

Nám í aðildarríki öðru en lögbæru ríki — Dvöl í námsríki

Sá sem um getur í 1. og 3. mgr. 22. gr. og 22. gr. a og dvelur við nám eða starfsþjálfun í aðildarríki öðru en lögbæru ríki og fær að því loknu prófskírteini sem nýtur opinberrar viðurkenningar yfirvalda í aðildarríki, og aðstandendur hans sem fylgja honum, skulu falla undir ákvæði a-liðar í 1. mgr. 22. gr. við dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem hann er við nám eða fær starfsþjálfun í þeim tilvikum þar sem bóta er þörf.“.

4. Eftirfarandi komi í stað d-liðar 81. gr.:

„d) að stuðla að og auka samvinnu milli aðildarríkjanna með því að færa aðferðir við upplýsingaskipti til nútímahorfs einkum með því að laga upplýsingaflæði milli stofnana að gagnaflutningi og skal höfð hliðsjón af þróun gagnavinnslu í hverju aðildarríki. Meginmarkmiðið er að flýta fyrir greiðslu bóta.“.

5. Eftirfarandi málsgrein bætist við 85. gr.:

„3. Yfirvaldi eða stofnun í aðildarríki er óheimilt að hafna rafrænum gögnum sem stofnun í öðru aðildarríki sendir í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og framkvæmdareglugerðarinnar af þeirri ástæðu að þau eru flutt með rafrænum hætti, hafi viðtökustofnunin lýst því yfir að hún sé fær um að taka við rafrænum gögnum. Afritun og skráning slíkra gagna telst vera rétt og nákvæm afritun frumskjalsins eða skráning á þeim upplýsingum sem um er að ræða, nema annað þyki sannað.

Rafræn gögn skulu tekin gild ef nægilegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar varðandi tölvukerfið, sem gögnin eru skráð á, til að ekki sé unnt að breyta eða birta öðrum skráðar upplýsingar eða veita aðgang að þeim. Skráðar upplýsingar verður að vera unnt að afrita hvenær sem er til beins aflestrar. Þegar rafræn gögn eru send frá einni almannatryggingastofnun til annarrar skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir í samræmi viðeigandi ákvæði bandalagsins.“.

6. Eftirfarandi komi í stað þáttarins „E. FRAKKLAND“ í II. hluta I. viðauka:

„E. FRAKKLAND“

Hugtakið „aðstandandi“ merkir hvern þann sem getið er í grein L 512-3 í almannatryggingalögunum þegar ákvarða skal rétt til fjölskyldugreiðslna eða fjölskyldubóta.“.

7. Eftirfarandi komi í stað 1. liðar í þættinum „D. SPÁNN“ í I. hluta II. viðauka:

„1. Sjálfstætt starfandi einstaklingar sem um getur í c-lið 2. mgr. 10. gr. í samsteyptum texta almennra laga um félagslegt öryggi (konunglegur lagaúrskurður nr. 1/1994 frá 20. júní 1994) og í 3. gr. úrskurðar nr. 2530/1970 frá 20. ágúst 1970 um tilhögun almannatrygginga sjálfstætt starfandi einstaklinga sem ganga í fagfélög og ákveða að gerast aðilar að gagnkvæmu tryggingafélagi á vegum þessara félaga í stað þess að eiga aðild að sérstöku almannatryggingakerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga.“.

8. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka a:

a) Eftirfarandi komi í stað c-liðar í þættinum „D. SPÁNN“:

„c) Örorkulífeyrir, eftirlaunalífeyrir og barnabætur sem eru ekki iðgjaldsskyld eins og kveðið er á um í c- og d-lið 1. mgr. 38. gr. samsteypts texta almennu laganna um félagslegt öryggi sem fengið hefur samþykki með konunglegum lagaúrskurði nr. 1/1994 frá 20. júní 1994.“.

b) Eftirfarandi komi í stað h-liðar í þættinum „L. PORTÚGAL“:

„h) Umönnunargreiðslur vegna þeirra sem fá örorku-, elli-, ekkna- eða munaðarleysingjalífeyri (lagaúrskurður nr. 160/80 frá 27. maí 1980 og lög um framkvæmd nr. 1066/94 frá 5. desember 1994).“.

c) Eftirfarandi komi í stað a-liðar í þættinum „N. SVÍÞJÓÐ“:

„a) Húsnæðisuppbót til lífeyrisþega (lög 1994:308).“.

9. Fella ber niður tilvísun í samning frá 20. júlí 1978 milli ríkisstjórnar Stórhertogadæmisins Lúxemborgar og ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands í 3. lið í D-hluta IV. viðauka.

10. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á VI. viðauka:

a) Eftirfarandi komi í stað 2. liðar í þættinum „B. DANMÖRK“:

„2. Þeir sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar á meðan þeir dveljast eða eru búsettir í Danmörku skulu halda þeim rétti með skilmálum sem dönsk löggjöf setur vegna einstaklinga sem heyra undir 1. flokk samkvæmt lögum um sjúkratryggingar (lov om offentlig sygesikring). Þó geta þeir sem taka sér búsetu í Danmörku og fá aðild að dönskum sjúkratryggingum valið að tilheyra 2. flokki.“.

b) Eftirfarandi komi í stað 3. liðar í þættinum „C. ÞÝSKALAND“:

„3. Hafi beiting reglugerðarinnar eða síðari reglugerða um félagslegt öryggi í för með sér óvænt útgjöld fyrir ákveðnar sjúkratryggingastofnanir má bæta það að hluta eða að fullu. Þýsk samskiptastofnun sjúkratrygginga við útlönd (Krankenversicherung — Ausland), Bonn, skal taka ákvörðun um slíkar bætur með almennu samkomulagi við önnur samtök sjúkrasjóða. Allar sjúkratryggingastofnanirnar skulu skipta með sér kostnaði við slíkar bætur í hlutfalli við meðalfjölda bótaþega á næstliðnu ári, að frátöldum þeim sem látið hafa af störfum vegna aldurs.“.

c) Eftirfarandi komi í stað 1. og 2. liðar í þættinum „D. SPÁNN“:

„1. Óheimilt er að setja skilyrði um að hlutaðeigandi skuli starfa annaðhvort sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur eða skilyrði um að hlutaðeigandi hafi áður verið tryggður skyldutryggingu vegna sömu áhættu samkvæmt kerfi fyrir launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga í sama aðildarríki, sem mælt er fyrir um í iv-lið a-liðar 1. gr. þessarar reglugerðar, að því er varðar þá einstaklinga sem eiga samkvæmt ákvæðum konungsúrskurðar nr. 317/1985 frá 6. febrúar 1985 frjálsa aðild að almenna almannatryggingakerfinu vegna starfa sinna sem embættismenn eða starfsmenn í þjónustu alþjóðlegra milliríkjastofnana.

2. Í samræmi við meginregluna um jafnræði skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja, flóttamenn og ríkisfangslausir menn, sem búa á yfirráðasvæði aðildarríkis, einnig eiga rétt á bótum, sem kveðið er á um í konungsúrskurði nr. 2805/79 frá 7. desember 1979 um frjálsa aðild að almannatryggingakerfinu, hafi þeir hætt skylduaðild að spænska almannatryggingakerfinu þegar þeir hófu störf hjá alþjóðastofnun.“.

d) Eftirfarandi liðir bætast við í þættinum „F. GRIKKLAND“:

„7. Opinberir starfsmenn, sem eru við störf eða hafa látið af störfum, og þeir sem njóta sömu réttinda og þeir og aðstandendur þeirra, sem falla undir sérstakt sjúkraþjónustukerfi, geta fengið bráða aðstoð vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar við dvöl á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða eru á ferð þar í því skyni að fá þar nauðsynlega læknismeðferð hafi þar til bær grísk stofnun gefið til þess leyfi fyrirfram, í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 22. gr. (a- og c-lið 1. mgr.), 22. gr. (3. mgr.) og 31. gr. (a-lið) þessarar reglugerðar með sömu skilyrðum og eiga við um launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem falla undir gríska almannatryggingalöggjöf (lögbundin kerfi).

8. Ákvæði 22. gr. b gilda á hliðstæðan hátt um opinbera starfsmenn og þá sem njóta sömu réttinda og þeir og aðstandendur þeirra sem falla undir sérstakt sjúkraþjónustukerfi í Grikklandi.“.

e) Eftirfarandi komi í stað 11. liðar í þættinum „O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“:

„11. Að því er varðar 27., 28., 28. a , 29., 30. og 31. gr. þessarar reglugerðar er litið á bætur, sem eru greiddar utan Breska konungsríkisins eingöngu á grundvelli 8. mgr. 95. gr. reglugerðarinnar, sem örorkubætur.“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á reglugerð (EBE) nr. 574/72:

1. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 2. gr.:

„1. Framkvæmdaráð ber ábyrgð á hönnun fyrirmynda að vottorðum, staðfestum yfirlýsingum, tilkynningum, kröfum og öðrum þeim skjölum sem nauðsynleg teljast við framkvæmd reglugerðarinnar og framkvæmdarreglugerðarinnar.

Tveimur aðildarríkjum eða lögbærum yfirvöldum þeirra er heimilt að gera með sér gagnkvæman samning, að fengnu áliti framkvæmdaráðsins, um að nota einfölduð eyðublöð í samskiptum sín á milli.

Heimilt er að senda vottorð, staðfestar yfirlýsingar, tilkynningar, kröfur og önnur skjöl milli stofnana annaðhvort á pappír eða sem stöðluð rafræn gögn með gagnaflutningi í samræmi við ákvæði VI. bálks a. Upplýsingaskipti með gagnaflutningi falla undir samning milli þar til bærra yfirvalda í sendi- og viðtökuríkjum.“.

2. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 93. gr.:

„1. Þar til bær stofnun skal endurgreiða, samkvæmt bókhaldsgögnum, þeirri stofnun sem greiðir fyrir aðstoðina raunkostnað vegna aðstoðar sem er veitt samkvæmt 1. og 2. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem eru búsettir í sama aðildarríki, svo og vegna aðstoðar sem veitt er samkvæmt 21. gr. (2. mgr.), 22. gr. til 22. gr. c, 25. gr. (1., 3. og 4. mgr.), 26. gr., 29. gr. (1. mgr.) eða 31. gr. reglugerðarinnar.“.

3. Eftirfarandi fyrirsögn bætist við á eftir 116. gr.:

„ VI. BÁLKUR a

ÁKVÆÐI UM VINNSLU RAFRÆNNA GAGNA“

4. Eftirfarandi komi í stað 117. gr.:

„*117. gr.*

Gagnavinnsla

1. Framkvæmdaráðið skal á grundvelli rannsókna og tillagna tækninefndarinnar, sem um getur í 117. gr. c við framkvæmdareglugerðina, laga að nýrri gagnavinnslutækni fyrirmyndir að þeim eyðublöðum fyrir vottorð, staðfestar yfirlýsingar, yfirlýsingar, kröfur og önnur skjöl, boðleiðir og aðferðir til gagnasendingar sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerðarinnar og framkvæmdareglugerðarinnar.

2. Framkvæmdaráðið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja almenna notkun slíkra aðlagaðra eyðublaða, boðleiða og aðferða með hliðsjón af þróun í nýrri gagnavinnslutækni í hverju aðildarríki.“.

5. Eftirfarandi greinar bætist við á eftir 117. gr.:

„117. gr. a

Gagnaflutningsþjónusta

1. Aðildarríkin skulu jafnt og þétt vinna að því að stofnanir noti gagnaflutningsþjónustu við skipti á gögnum vegna beitingar reglugerðarinnar og framkvæmdareglugerðarinnar.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins skal styðja starfsemi sem þjónar sameiginlegum hagsmunum um leið og aðildarríkin hafa komið gagnaflutningsþjónustu á fót.

2. Framkvæmdaráðið skal á grundvelli tillagna tækninefndarinnar, sem um getur í 117. gr. c í framkvæmdareglugerðinni, samþykkja sameiginlegar reglur um uppbyggingu gagnaflutningsþjónustunnar, einkum um öryggi og notkun staðla.

117. gr. b

Rekstur gagnaflutningsþjónustu

1. Hvert aðildarríki ber ábyrgð á að reka sinn hluta gagnaflutningsþjónustunnar í samræmi við ákvæði bandalagsins um vernd einstaklinga með hliðsjón af meðferð persónuupplýsinga.

2. Framkvæmdaráðið skal setja ákvæði um rekstur sameiginlegs hluta gagnaflutningsþjónustunnar.

117. gr. c

Tækninefnd um gagnavinnslu

1. Framkvæmdaráðið skal koma á fót tækninefnd sem skilar skýrslum og rökstuddu áliti áður en ákvarðanir eru teknar samkvæmt 117. gr., 117. gr. a og 117. gr. b. Framkvæmdaráðið ákveður starfsreglur og skipan tækninefndarinnar.

2. Tækninefndinni ber að:

a) safna mikilvægum tækniskjölum og sjá til þess að gerðar séu rannsóknir og það starf innt af hendi sem er nauðsynlegt vegna beitingar þessa bálks;

b) leggja fyrir framkvæmdaráðið þær skýrslur og þau rökstuddu álit sem um getur í 1. mgr.;

c) sinna þeim verkefnum og rannsóknum sem framkvæmdaráðið vísar til hennar.“.

6. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka:

a) Eftirfarandi texti komi í stað þáttarins „A. BELGÍA“:

„A. BELGÍA

1. Ministre des affaires sociales, Bruxelles - Minister van Soziale Zaken, Brussel (félagsmálaráðherrann, Brussel)

2. Ministre de l'agriculture et des petites et moyennes entreprises, Bruxelles - Minister van Landbouw en de Kleine en Middelgrote Ondernemingen, Brussel (ráðherra landbúnaðarmála og lítilla og meðalstórra fyrirtækja, Brussel)“.

b) Eftirfarandi komi í stað 1. og 2. liðar í þættinum „F. GRIKKLAND“:

„1. Atvinnu- og tryggingamálaráðherrann, Aþenu.

2. Heilbrigðis- og félagsmálaráðherrann, Aþenu.“.

c) Eftirfarandi komi í stað 2. liðar í þættinum „J. HOLLAND“:

„2. Minister van Volksgezondheid, Welzijn en Sport (heilbrigðis-, félags- og íþróttamálaráðherrann), Rijswijk“.

d) Eftirfarandi komi í stað 1. og 3. liðar í þættinum „L. PORTÚGAL“:

„1. Ministro da Solidariedade e Segurança Social (félags- og tryggingamálaráðherrann), Lisboa

3. Secretário Regional da Saúde e Segurança Social da Região Autónoma dos Açores (heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sjálfstjórnarhéraðsins Asoreyja), Angra do Heroísmo“.

7. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. viðauka:

a) Í þættinum „B. DANMÖRK“:

i) Eftirfarandi komi í stað 1. liðar:

„1. Bætur vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar

a) aðstoð:

Þar til bær amtskommune (svæðisstjórn). Í sveitarfélaginu Kaupmannahöfn: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins). Í sveitarfélaginu Frederiksberg: stjórn sveitarfélagsins. Meðferð á sjúkrahúsi í þessum tveimur sveitarfélögum: Hovedstadens Sygehusfælleskab (samtök sjúkrahúsa í höfuðstaðnum).

b) bætur í peningum:

Yfirvöld í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins).“.

ii) Eftirfarandi komi í stað b-liðar í 2. lið:

„b) Endurhæfingarbætur:

Yfirvöld í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins).“.

iii) Eftirfarandi komi í stað b-liðar í 4. lið:

„b) Dagpeningar:

Yfirvöld í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins).“.

iv) Eftirfarandi komi í stað 5. liðar:

„5. **Styrkir vegna andláts:**

Yfirvöld í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins).“.

v) Eftirfarandi komi í stað 7. liðar:

„7. **Fjölskyldubætur (fjölskyldugreiðslur):**

Yfirvöld í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins).“.

b) Í þættinum „C. ÞÝSKALAND“:

i) Í a-lið 1. liðar skal „Sjúkrasjóður sem hlutaðeigandi hefur valið á búsetustað“ koma í stað „Þar til bært Allgemeine Ortskrankenkasse (almenna staðarsjúkrasamlagið) þar sem hlutaðeigandi er búsettur“.

ii) Í b-lið 1. liðar skal „Sjúkrasjóður sem hlutaðeigandi hefur valið á Bonn-svæðinu“ koma í stað „Allgemeine Ortskrankenkasse Bonn (almenna staðarsjúkrasamlagið), Bonn“.

iii) Í þriðju undirgrein c-liðar í 1. lið falli i- og ii-liður niður. Í stað „Allgemeine Ortskrankenkasse Bonn (almenna staðarsjúkrasamlagið Bonn), Bonn“ og „sjúkratryggingastofnunin þar sem hlutaðeigandi krefjandi eða lífeyrisþegi er tryggður“ komi „sjúkratryggingasjóður sem hlutaðeigandi hefur valið á búsetustað“. Ef Allgemeine Ortskrankenkasse (almenna staðarsjúkrasamlagið) er til þess bær stofnun fellur hlutaðeigandi undir AOK-Rheinland, Regionaldirektion Bonn (almenni staðarsjúkrasjóðurinn - Rínland, svæðisskrifstofan í Bonn).“.

iv) Eftirfarandi komi í stað fimmta undirliðar í i-lið a-liðar í 2. lið:

„— ef hlutaðeigandi er búsettur í Danmörku, Finnlandi eða Svíþjóð eða er danskur, finnskur eða sænskur ríkisborgari búsettur í landi utan EB:

Landesversicherungsanstalt Schleswig-Holstein (héraðstryggingastofnunin í Slésvík-Holtsetalandi), Lübeck“.

v) Eftirfarandi undirliður bætist við í i-lið a-liðar í 2. lið:

„— ef hlutaðeigandi er búsettur í Austurríki eða er austurrískur ríkisborgari búsettur á yfirráðasvæði lands utan EB:

Landesversicherungsanstalt Oberbayern (héraðstryggingastofnunin í Efra-Bæjaralandi), München“.

vi) Eftirfarandi komi í stað fimmta undirliðar í b-lið 2. liðar:

„— hafi síðasta iðgjald samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis verið greitt til danskrar, finnskrar eða sænskrar lífeyristryggingastofnunar:

Landesversicherungsanstalt Schleswig-Holstein (héraðstryggingastofnunin í Slésvík-Holtsetalandi), Lübeck“.

vii) Eftirfarandi undirliður bætist við í b-lið 2. liðar:

„— hafi síðasta iðgjald samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis verið greitt til austurrískrar lífeyristryggingastofnunar:

Landesversicherungsanstalt Oberbayern (héraðstryggingastofnunin í Efra-Bæjaralandi), München“.

c) Eftirfarandi komi í stað færslna í hægri dálki í liðum I.3, II.3 og III.3 í þættinum „L. PORTÚGAL“:

„Centro Nacional de Protecção contra os Riscos Profissionais (atvinnusjúkdómatryggingamiðstöð ríkisins)“.

8. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. viðauka:

a) Í þættinum „B. DANMÖRK“:

i) Eftirfarandi komi í stað ii-liðar í a-lið 1. liðar:

„ii) Við beitingu 18. og 25. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:

Yfirvöld í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins)“.

ii) Eftirfarandi komi í stað ii-liðar í d-lið 1. liðar:

„ii) Við beitingu 61. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:

Yfirvöld í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins)“.

iii) Eftirfarandi komi í stað a-liðar 2. liðar:

„i) Við beitingu 19. gr. a, 20., 21. og 31. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:

Þar til bær amtskommune (svæðisstjórn). Í sveitarfélaginu Kaupmannahöfn: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins); í sveitarfélaginu Frederiksberg: stjórn sveitarfélagsins. Meðferð á sjúkrahúsi í þessum tveimur sveitarfélögum: Hovedstadens Sygehusfælleskab (samtök sjúkrahúsa í höfuðstaðnum)

ii) Við beitingu 24. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:

Yfirvöld í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn dvelur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins)“.

iv) Eftirfarandi komi í stað ii. liðar í b-lið 2. liðar:

„ii) Við beitingu 64. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:

Yfirvöld í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn dvelur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins)“.

b) Í þættinum „C. ÞÝSKALAND“:

i) Eftirfarandi komi í stað 1. liðar:

1. Í öllum tilvikum: sjúkrasjóður sem hlutaðeigandi hefur valið á búsetu- eða dvalarstað.“.

ii) Eftirfarandi komi í stað vi-liðar í a-lið 3. liðar og nýr liður bætist við á eftir ix-lið:

„vi) í samskiptum við Danmörku, Finnland og Svíþjóð:

Landesversicherungsanstalt Schleswig-Holstein (héraðstryggingastofnunin í Slésvík-Holtsetalandi), Lübeck“.

(...)

„x) í samskiptum við Austurríki:

Landesversicherungsanstalt Oberbayern (héraðstryggingastofnunin í Efra-Bæjaralandi), München“.

c) Eftirfarandi komi í stað færslna í hægri dálki í liðum I.3, II.3 og III.3 í þættinum „L. PORTÚGAL“:

„Centro Nacional de Protecção contra os Riscos Profissionais (atvinnusjúkdómatryggingamiðstöð ríkisins)“.

9. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 4. viðauka:

a) Eftirfarandi komi í stað færslu í hægri dálki í b-lið 4. liðar í þættinum „A. BELGÍA“:

„Ministère des affaires sociales, de la santé publique et de l'environnement (félags-, heilbrigðis- og umhverfismálaráðuneytið), Bruxelles“.

b) „Direktoratet for Social Sikring og Bistand (almannatrygginga- og félagsmálaskrifstofan)“ komi í stað „Socialministeriet (félagsmálaráðuneytið)“ í hægri dálki 7. liðar í þættinum „B. DANMÖRK“

c) Eftirfarandi komi í stað ii-liðar í b-lið 3. liðar í þættinum „C. ÞÝSKALAND“ og nýr liður, x-liður, bætist við:

„ii) í samskiptum við Danmörku, Finnland og Svíþjóð:

Landesversicherungsanstalt Schleswig-Holstein (héraðstryggingastofnunin í Slésvík-Holtsetalandi), Lübeck“.

(...)

„x) í samskiptum við Austurríki:

Landesversicherungsanstalt Oberbayern (héraðstryggingastofnunin í Efra-Bæjaralandi), München“.

d) Eftirfarandi komi í stað færslunnar í hægri dálki í þættinum „L. PORTÚGAL“:

„Departamento de Relações Internacionais de Segurança Social (ráðuneyti alþjóðatengsla og samninga um félagslegt öryggi), Lisboa“.

10. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 5. viðauka:

a) Eftirfarandi texti komi í stað orðanna „Á ekki við“ í ‘liðnum „12. BELGÍA — FINNLAND“:

„Bréfaskipti frá 18. ágúst og 15. september 1994 um 3. mgr. 36. gr. og 63. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 (endurgreiðsla eða niðurfelling endurgreiðslna vegna aðstoðar) og 2. mgr. 105. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 (gagnkvæm niðurfelling endurgreiðslna vegna kostnaðar við eftirlit og læknisskoðanir).“.

b) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „17. DANMÖRK — FRAKKLAND“:

„17. DANMÖRK — FRAKKLAND

Samkomulag frá 29. júní 1979 og viðbótarsamkomulag frá 2. júní 1993 um niðurfellingu að hluta á endurgreiðslu samkvæmt 3. mgr. 36. gr. og 3. mgr. 63. gr. reglugerðarinnar og gagnkvæma niðurfellingu endurgreiðslna samkvæmt 2. mgr. 105. gr. framkvæmdareglugerðarinnar (niðurfelling að hluta á endurgreiðslu vegna aðstoðar við veikindi, meðgöngu og fæðingu, vinnuslys og atvinnusjúkdóma og niðurfelling á endurgreiðslu vegna kostnaðar við eftirlit og læknisskoðun).“.

c) Eftirfarandi liður bætist við í liðnum „54. FRAKKLAND — LÚXEMBORG“:

„e) Bréfaskipti frá 17. júlí og 20. september 1995 um reglur við uppgjör á gagnkvæmum kröfum samkvæmt 93., 95. og 96. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.“.

d) Eftirfarandi liðir bætist við:

„58. a FRAKKLAND — FINNLAND

Á ekki við.

58. b FRAKKLAND — SVÍÞJÓÐ

Engin.“

e) Eftirfarandi komi í stað „Engin“ í liðnum „102. FINNLAND — BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“:

„Bréfaskipti frá 1. og 20. júní 1995 um 3. mgr. 36. gr. og 3. mgr. 63. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 (endurgreiðsla eða niðurfelling endurgreiðslna vegna aðstoðar) og 2. mgr. 105. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 (gagnkvæm niðurfelling endurgreiðslna vegna kostnaðar við eftirlit og læknisskoðun).“.

11. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 6. viðauka:

Í þættinum „C. ÞÝSKALAND“:

i) Eftirfarandi texti komi í stað a-liðar í 1. lið og a-liðar í 2. lið:

„a) Í samskiptum við Belgíu, Danmörk, Grikkland, Spán, Frakkland, Írland, Ítalíu, Lúxemborg, Portúgal, Breska konungsríkið, Austurríki, Finnland og Svíþjóð: beinar greiðslur.“.

ii) Eftirfarandi komi í stað 4. liðar:

„4. Slysatryggingar:

a) í samskiptum við Spán, Grikkland, Ítalíu, Holland og Portúgal: greiðsla fyrir milligöngu samskiptastofnananna í lögbærum ríkjum og búseturíkjum (sameiginleg framkvæmd á 53–58. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar og á ákvæðunum sem mælt er fyrir um í 5. viðauka);

b) í samskiptum við Belgíu, Frakkland og Austurríki: greiðsla í gegnum samskiptastofnun í lögbæru ríki;

c) í samskiptum við Danmörku, Finnland, Írland, Lúxemborg, Breska konungsríkið og Svíþjóð: bein greiðsla, nema kveðið sé á um annað í sérstökum tilvikum.“.

12. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 9. viðauka:

Eftirfarandi kemur í stað textans í þættinum „C. ÞÝSKALAND“:

„Taka skal tillit til almenna kerfisins við útreikning á árlegum meðaltalskostnaði vegna aðstoðar.“.

13. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 10. viðauka:

a) Eftirfarandi komi, eftir því sem við á, í stað tveggja færslna í hægri dálki 4. liðar í þættinum „A. BELGÍA“:

„— Ministère des affaires sociales, de la santé publique et de l'environnement; administration de la sécurité sociale, service des relations internationales, Bruxelles (félags-, heilbrigðis- og umhverfismálaráðuneyti; stjórn mála er varða félagslegt öryggi, alþjóðaskrifstofan, Brussel)

— Ministère des classes moyennes et de l'agriculture; administration du statut social des indépendants, Bruxelles (ráðuneyti miðstétta og landbúnaðar; stjórn almannatrygginga fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga), Brussel“.

b) Eftirfarandi komi í stað 4. liðar í þættinum „B. DANMÖRK“:

„4. Við beitingu 38. gr. (1. mgr.), 70. gr. (1. mgr.) og 82. gr. (2. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni:

Yfirvöld í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins).“.

c) Eftirfarandi komi í stað 4. liðar í þættinum „C. ÞÝSKALAND“:

„4. Við beitingu 2., 3. og 4. mgr. 13. gr. og 14. gr. í framkvæmdareglugerðinni:

Sjúkrasjóður sem hlutaðeigandi hefur valið á Bonn-svæðinu.“.

d) Eftirfarandi komi í stað 1. liðar í þættinum „D. SPÁNN“:

„1. Við beitingu 17. gr. í reglugerðinni í einstökum tilvikum og 1. mgr. 6. gr. (að undanskildum sérsamningi milli sjófarenda og Instituto social de la Marina (félagsmálastofnunar sjómanna)), 11. gr. (1. mgr.), 11. gr. a, 12. gr. a, 13. gr. (2. og 3. mgr.), 14. gr. (1., 2. og 3. mgr.) og 109. gr. framkvæmdareglugerðarinnar:

Tesoreria General de la Seguridad Social (almannatryggingasjóðurinn).“.

e) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „F. GRIKKLAND“:

„1. Við beitingu 1. mgr. 6. gr. í framkvæmdareglugerðinni:

Ίδρυμα Κοινωνικών Ασφαλίσεων (ΙΚΑ), Αθήνα (tryggingastofnunin), Aþena

2. Við beitingu:

a) 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 14. gr. b í reglugerðinni og samninga samkvæmt 17. gr. reglugerðarinnar í tengslum við 11. gr. í framkvæmdareglugerðinni;

b) b-liðar í 2. mgr. 14. gr. og samnings samkvæmt 17. gr. reglugerðarinnar í tengslum við 12. gr. a í framkvæmdareglugerðinni:

i) almennt:

Ίδρυμα Κοινωνικών Ασφαλίσεων (ΙΚΑ), Αθήνα (almannatryggingastofnunin), Aþena

ii) til sjómanna:

Ναυτικό Απομαχικό Ταμείο (ΝΑΤ) Πειραιάζ (eftirlaunasjóður sjómanna), Píreus

3. Við beitingu:

a) 1.liðar í 14. gr. a, 2. liðar í 14. b og samninga samkvæmt 17. gr. reglugerðarinnar í tengslum við 11. gr. a í framkvæmdareglugerðinni;

b) 2. liðar í 14. gr. a, 14. gr. c og samninga samkvæmt 17. gr. reglugerðarinnar í tengslum við 12. gr. a í framkvæmdareglugerðinni;

c) 2. og 3. mgr. 13. gr. og 1. og 2. gr. 14. gr. í framkvæmdareglugerðinni:

i) til launþega:

Ίδρυμα Κοινωνικών Ασφαλίσεων (ΙΚΑ), Αθήνα (almannatryggingastofnunin), Aþena

ii) til sjálfstætt starfandi einstaklinga:

(tryggingastofnun þar sem hlutaðeigandi er tryggður),

nánar tilgreint:

— eigendur almenningssamgöngutækja:

Ταμείο Συντάξεων Αυτοκινητιστών (ΤΣΑ), Αθήνα (lífeyrissjóður ökumanna), Aþena

— handverksmenn og smákaupmenn:

Ταμείο Επαγγελματιών και Βιοτεχνών Ελλάδος (ΤΕΒΕ), Αθήνα (tryggingasjóður handverksmanna og smákaupmanna), Aþena

— kaupmenn:

Ταμείο Ασφάλισης Εμπόρων (ΤΑΕ), Αθήνα (tryggingasjóður kaupmanna), Aþena

— ferðasalar og skipamiðlarar:

Ταμείο Ασφάλισης Ναυτικών Πρακτόρων και Υπαλλήλων (ΤΑΝΠΥ), Πειραιάς (tryggingasjóður skipamiðlara og starfsmanna), Píreus

— lögmenn, málaflutningsmenn og lögbókarar:

Ταμείο Νομικών, Αθήνα (sjóður lögmanna), Aþena

— læknar, tannlæknar, dýralæknar og lyfjafræðingar:

Ταμείο Σύνταξης και Ασφάλισης Υλειονομικών (ΤΣΑΥ), Αθήνα (trygginga- og lífeyrissjóður starfsfólk í heilbrigðisstéttum), Aþena

— verkfræðingar og arkitektar:

Ταμείο Σύνταξης Μηχανικών και Εργοληπτών Δημοσίων Έργων (ΤΣΜΕΔΕ), Αθήνα (lífeyrissjóður verkfræðinga og opinberra verktaka), Aþena

— starfsfólk dagblaða í Aþenu og Þessalóníku:

Ταμείο Σύνταξης Προσωπικού Εφημερίδων Αθήνας - Θεσσαλονίκης (ΤΣΠΕΑΘ), Αθήνα (lífeyrissjóður starfsfólks í blaðamennsku í Aþenu og Þessalóníku), Aþena

— eigendur héraðsdagblaða og vikublaða, svo og blaðamenn:

Ταμείο Αωφάλιωης Ιδιοκτητών, συντακτών και Υπαλλήλων Τύπου (ΤΑΙΣΥΤ), Αθήνα (tryggingasjóður eigenda blaða, ritstjóra þeirra og starfsfólks), Aþena

— hóteleigendur:

Ταμείο Πρόνοιας Ξενοδόχων, Αθήνα (félagssjóður hóteleigenda), Aþena

— blaðsölufólk:

Ταμείο Συντάξεων Εφημεπιδοπωλών, Αθήνα-Θεωαλονίκη (lífeyrissjóður blaðsölufólks), Aþena – Þessalóníka

iii) til sjómanna.

Ναυτικό Απομαξικό Ταμείο (ΝΑΤ), Πειραιάς (eftirlaunasjóður sjómanna), Píreus

4. Við beitingu 3. mgr. 14. gr. c í reglugerðinni:

a) almennt:

Ίδρυμα Κοινωνικών Ασφαλίσεων (ΙΚΑ), Αθήνα (almannatryggingastofnunin), Aþena

b) til sjómanna:

Ναυτικό Απομαχικό Ταμείο (ΝΑΤ), Πειραιάς (eftirlaunasjóður sjómanna), Píreus

5. Við beitingu 80. gr. (2. mgr.), 82. gr. (2. mgr.) og 85. gr. (2. mgr.) í framkvæmdarreglugerðinni:

Οργανισμός Απασχολήσεως Εργατικού Δυναμικού (ΟΑΕΔ), Γλυφάδα (vinnumiðlun verkafólks), Glyfada

6. Við beitingu 81. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:

Ίδρυμα Κοινωνικών Ασφαλίσεων (ΙΚΑ), Αθήνα (almannatryggingastofnunin), Aþena

7. Við beitingu 2. mgr. 102. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:

a) Fjölskyldugreiðslur, atvinnuleysisbætur:

Οργανισμός Απασχολήσεως Εργατικού Δυναμικού (ΟΑΕΔ), Γλυφάδα (vinnumiðlun verkafólks), Glyfada

b) Bætur til sjómanna:

Οίκος Ναύτου, Πειραιάζ (sjómannaheimilið), Píreus

c) Aðrar bætur:

Ίδρυμα Κοινωνικών Ασφαλίσεων (ΙΚΑ), Αθήνα (almannatryggingastofnunin), Aþena

8. Við beitingu 110. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:

a) Fjölskyldugreiðslur, atvinnuleysisbætur:

Οργανισμός Απασχολήσεως Εργατικού Δυναμικού (ΟΑΕΔ), Γλυφάδα (vinnumiðlun verkafólks), Glyfada

b) Bætur til sjómanna:

Ναυτικό Απομαχικό Ταμείο (ΝΑΤ), Πειραιάς (eftirlaunasjóður sjómanna), Píreus

c) Aðrar bætur:

Ίδρυμα Κοινωνικών Ασφαλίσεων (ΙΚΑ), Αθήνα (almannatryggingastofnunin), Aþena

9. Við beitingu 2. mgr. 113. gr. í framkvæmdarreglugerðinni:

a) Bætur til sjómanna:

Ναυτικό Απομαχικό Ταμείο (ΝΑΤ), Πειραιάς (eftirlaunasjóður sjómanna), Píreus

b) Aðrar bætur:

Ίδρυμα Κοινωνικών Ασφαλίσεων (ΙΚΑ), Αθήνα (almannatryggingastofnunin), Aþena

f) Eftirfarandi komi í stað færslu í hægri dálki við liði I.1, 4, 5 og 11 í lið I, II og III í þættinum „L. PORTÚGAL“:

„Departamento de Relações Internacionais de Segurança Social“ (ráðuneyti alþjóðatengsla varðandi félagslegt öryggi), Lisboa“.

g) Eftirfarandi komi í stað a-liðar 6. liðar í þættinum „N. SVÍÞJÓÐ“:

„a) Almannatryggingaskrifstofan á staðnum þar sem starfið er eða verður innt af hendi og, ef starfið er innt af hendi í öðru aðildarríki, almannatryggingaskrifstofan þar sem hlutaðeigandi er tryggður og“.

3. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi 4. október 1997.

2. Ákvæði 3. liðar 1. gr. öðlast gildi að því er varðar þá sem eru við nám eða fá starfsþjálfun í Hollandi og aðstandendur þeirra, sem fylgja þeim á námstíma, þegar samþykkt verða viðeigandi ákvæði um endurgreiðslu samkvæmt 3. mgr. 93. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 og eigi síðar en 1. janúar 1999.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

A. MELKERT

forseti.

Nr. 589 22. ágúst 2000

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum og til barnabóta (I)).

1. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 frá 2. desember 1996 um breytingu og uppfærslu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/98 frá 4. júlí 1998 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í viðaukanum, bókun 1 við samninginn og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Í reglugerðum þessum er meðal annars fjallað um réttindi úr lífeyrissjóðum og rétt til barnabóta.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi og réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Reglugerð félagsmálaráðuneytisins um gildistöku þess hluta sem fjallar um atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof kveður á um gildistöku í þeim tilvikum. Einnig kveður reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/98, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 21, bls. 1-254, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 587/2000.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 56. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 22. ágúst 2000.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Tómas N. Möller.

22. ágúst 2000 Nr. 590

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum og til barnabóta (II)).

1. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/97 frá 27. júní 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/98 frá 4. júlí 1998 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Í reglugerðum þessum er meðal annars fjallað um réttindi úr lífeyrissjóðum og rétt til barnabóta.

Reglugerðin, sbr. 1. mgr., fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi og réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Reglugerð félagsmálaráðuneytisins um gildistöku þess hluta sem fjallar um atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof kveður á um gildistöku í þeim tilvikum. Einnig kveður reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/97 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/98, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 21, bls. 255-272, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 588/2000.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 56. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 22. ágúst 2000.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Tómas N. Möller.

Nr. 591 21. ágúst 2000

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingar- og foreldraorlofi (I)).

1. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 frá 2. desember 1996 um breytingu og uppfærslu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/98 frá 4. júlí 1998 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðin sem fjallar m.a. um atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í viðaukanum, bókun 1 við samninginn og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 fjallar að hluta til um almannatryggingar, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gefur út reglugerð um gildistöku þess hluta sem fjallar um almannatryggingar og fjármálaráðuneytið gefur út reglugerð um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum.

2. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/98, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 21, bls. 1-254, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 587/2000.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. gr. laga nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar með síðari breytingum og 35. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. ágúst 2000.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingar- og foreldraorlofi (II)).

1. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/97 frá 27. júní 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/98 frá 4. júlí 1998 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðin sem fjallar m.a. um atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerðin, sbr. 1. mgr., fjallar að hluta til um almannatryggingar, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gefur út reglugerð um gildistöku þess hluta sem fjallar um almannatryggingar og fjármálaráðuneytið gefur út reglugerð um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum.

2. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/97 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/98, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 21, bls. 255-272, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 588/2000.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. gr. laga nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar með síðari breytingum og 35. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. ágúst 2000.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.

19. júní 2000 Nr. 593

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun í Skaftárhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphreinsunargjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald) í Skaftárhreppi samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 275/2000.

2. gr.

Innheimta skal sorphreinsunargjald að lágmarki kr. 10.100 af hverri íbúð.

Gjöld vegna sumarhúsa skulu vera að lágmarki kr. 5.050 af hverju húsi.

Fyrirtæki skulu greiða sorphreinsunargjöld að lágmarki kr. 10.100 fyrir hvert fyrirtæki. Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur og þeir sem stunda búrekstur á jörðum í sveitarfélaginu.

Sorphreinsunargjöld skulu að jafnaði innheimt með fasteignagjöldum eða með sérstökum reikningi þar sem það á við.

3. gr.

Sorphreinsunargjaldið er sem hér segir:

	kr.
a. Íbúðir	10.100
b. Sumarhús	5.050
c. Fyrirtæki	
Flokkur A	10.100
Flokkur B	20.200
Flokkur C	40.400
Flokkur D	80.800
Flokkur E	101.000
Flokkur F	121.000

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni eða rúmmáli úrgangs.

4. gr.

Fyrirtæki geta farið fram á endurskoðun á ákvörðun um flokkun samkvæmt c-lið 3. greinar. Sveitarstjórn er einnig heimilt að endurákvarða flokkun vegna breytinga á rekstri fyrirtækja eða vegna nýrra fyrirtækja sem hefja rekstur á árinu.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 275/2000 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Kirkjubæjarklaustri, 19. júní 2000.

Ólafía Jakobsdóttir sveitarstjóri.

Nr. 594

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 1999.

Sameinaður rekstrarreikningur.

Fjármunatekjur:	**kr.**
Vaxtatekjur og verðbætur	23.196.404
Fjármunatekjur alls:	23.196.404
Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld	1.181
Reikn. gjöld v/verðlagsbreytinga	11.257.965
Fjármagnsgjöld alls:	11.259.146
Hreinar fjármunatekjur:	11.937.258

Aðrar tekjur:	**kr.**
Framlag sveitarfélaga	25.205.924
Framlag ríkissjóðs	35.000.000
Búnaðargjald	46.618.177
Gjald af söluv. landbúnaðarins	1.592.920
Aðrar tekjur alls:	108.417.021
Tekjur alls:	120.354.279
Styrkveitingar:	
Styrkir	75.591.786
Styrkveitingar alls:	75.591.786
Hreinar tekjur fyrir rekstrargjöld:	44.762.493
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	12.974.205
Sérkostnaður	6.014.239
Innheimtulaun búvörugjalds	31.858
Afskriftir	445.400
Rekstrargjöld alls:	19.465.702
Hagnaður fyrir skatta:	25.296.791
Fjármagnstekjuskattur	2.319.638
Hagnaður ársins:	22.977.153

Sameinaður efnahagsreikningur 31. desember 1999.

Eignir.

Fastafjármunir:	
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Áhöld	309.460
Fasteignir	12.607.185
Fastafjármunir alls:	12.916.645
Veltufjármunir:	
Skammtímakröfur:	
Óinnheimtar tekjur	7.050.037
Aðrar skammtímakröfur	344.100
Skammtímakröfur alls:	7.394.137
Handbært fé:	
Bankainnstæður	237.427.284
	237.427.284
Veltufjármunir alls:	244.821.421
Eignir samtals:	257.738.066

Skuldir og eigið fé.

Eigið fé:	kr.
Endurmatsreikningur	173.902.661
Óráðstafað eigið fé	62.701.196
Eigið fé alls:	236.603.857
Skuldbindingar:	
Lífeyrisskuldbinding	18.731.000
Skammtímaskuldir:	
Viðskiptaskuldir	2.403.209
Skammtímaskuldir alls:	2.403.209
Skuldir og skuldbindingar alls:	21.134.209
Skuldir og eigið fé samtals:	257.738.066

Reykjavík, 21. júní 2000.

Sesselja Árnadóttir. **Hörður Harðarson.**
Guðbjartur Gunnarsson. **Ríkharð Brynjólfsson.**
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Áritun framkvæmdastjóra.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri.

Birgir L. Blöndal
aðstoðarframkvæmdastjóri.

Áritun endurskoðanda.

Til stjórnar Bjargráðasjóðs.

Ég hef endurskoðað ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því áliti sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 1999, efnahag hans 31. desember 1999 og breytingu á handbæru fé á árinu 1999, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 21. júní 2000.

Gísli Guðmundsson endurskoðandi.

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1999.

Rekstrarreikningur.

Fjármunatekjur:	**kr.**
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af útlánum	669.098.178
Aðrar vaxtatekjur	20.425.946
Lántökugjald	13.592.000
Fjármunatekjur alls:	703.116.124
Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af langtímalánum	99.672.811
Önnur vaxtagjöld	8.919
Lántökugjöld	142.267
Fjármagnsgjöld alls:	99.823.997
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld án verðbreytingafærslu	603.292.127
Reikn. gjöld v/verðbreytinga	-316.008.348
Hreinar fjármunatekjur:	287.283.779
Aðrar tekjur:	
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	43.524.979
Aðrar tekjur alls:	43.524.979
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	14.629.851
Sérkostnaður Lánasjóðs	5.355.046
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	1.071.638
Rekstrargjöld alls:	21.056.535
Tekjuafgangur ársins:	309.752.223

Efnahagsreikningur 31. desember 1999.

Eignir.

Fastafjármunir:	**kr.**
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Fasteign	30.331.177
Varanlegir rekstrarfjármunir alls:	30.331.177
Áhættufé:	
Hlutabréfaeign	420.588
Áhættufé alls:	420.588
Langtímakröfur:	
Skuldabréfaeign	7.508.773.344
Afb. til greiðslu á næsta ári	-1.056.058.030
Langtímakröfur alls:	6.452.715.314
Fastafjármunir alls:	6.483.467.079

Veltufjármunir:	**kr.**
Útistandandi skuldir	13.889.626
Gjaldfallnar afborganir og vextir	78.422.821
Áfallnir útistandandi vextir	149.207.093
Afborganir sem gjaldfalla á næsta ári	1.016.028.229
Bankainnstæður	84.582.828
Sjóður	10.000
Veltufjármunir alls:	1.342.140.597
Eignir samtals:	7.825.607.676

Skuldir og eigið fé.

Eigið fé:	
Endurmatsreikningur	2.633.269.948
Óráðstafað eigið fé	3.657.261.413
Eigið fé alls:	6.290.531.361
Langtímaskuldir:	
Ábyrgðarskuldbinding:	
Lífeyrisskuldbinding v/starfsmanna	18.731.000
Ábyrgðarskuldbinding alls:	18.731.000
Langtímalán:	
Seðlabanki Íslands	2.310.925
Norræni fjárfestingarbankinn	1.123.702.306
Búnaðarbanki Íslands	125.891.001
Landsbanki Íslands	235.062.104
	1.486.966.336
Afborganir næsta árs	-87.699.752
Langtímalán alls:	1.399.266.584
Skammtímaskuldir:	
Skuldheimtumenn	4.226.174
Áfallnir ógr. vextir	25.152.805
Afb. næsta árs af langtímaskuldum	87.699.752
Skammtímaskuldir alls:	117.078.731
Skuldir alls:	1.535.076.315
Skuldir og eigið fé samtals:	7.825.607.676

Reykjavík, 9. maí 2000.

Kristján Magnússon stjórnarformaður.
Ásgeir Magnússon meðstjórnandi. **Kristinn Jónasson** meðstjórnandi.
Ingvar Viktorsson meðstjórnandi. **Karl Björnsson** meðstjórnandi.
Þórður Skúlason framkvæmdastjóri. **Birgir L. Blöndal** aðstoðarframkvæmdastjóri.

Áritun endurskoðanda.

Til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-11.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athugun á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar er koma fram í ársreikningnum.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1999, efnahag 31. desember 1999 og breytingu á handbæru fé á árinu 1999 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 2. ágúst 2000.

Ingimundur Sigurpálsson skoðunarmaður.
Sveinn Sæmundsson löggiltur endurskoðandi.

21. ágúst 2000 Nr. 596

REGLUGERÐ

um síldveiðar íslenskra skipa í norskri lögsögu 2000.

1. gr.

Heimilt er íslenskum skipum á árinu 2000 að veiða samtals 8.700 lestir af síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í efnahagslögsögu Noregs. Aðeins er heimilt að stunda veiðar með nót og eingöngu norðan 62°N og utan 12 sjómílna frá grunnlínum við Noreg. Hverju skipi er heimilt að veiða í fiskveiðilögsögu Noregs 55% af eftirstöðvum þess aflahámarks, miðað við 21. ágúst 2000, sem þeim var úthlutað í upphafi síldarvertíðarinnar að teknu tilliti til flutnings milli skipa. Heimilt er að flytja þann hluta aflahámarks, sem hverju skipi er heimilt að veiða við Noreg, milli skipa.

2. gr.

Veiðar á síld við Noreg, sbr. 1. gr., eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Skipstjórnarmönnum ber að fylgja reglum norskra stjórnvalda við veiðar í efnahagslögsögu Noregs. Um tilkynningar til Fiskistofu og löndun afla gilda ákvæði reglugerðar nr. 233, 6. apríl 2000, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 2000, með síðari breytingum.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa, gefnum út með stoð í henni, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. ágúst 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 597 17. ágúst 2000

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarhverfis í Flugumýri, lóð nr. 32, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 32 við Flugumýri, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 13. júlí 2000.

Breyting felst í því að byggingarreitur lóðar nr. 32 færist til um 4 m til suðurs og til austurs. Engin stækkun verður á byggingarreit lóðarinnar við þessa tilfærslu.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar, sunnan gamla Vesturlandsvegar, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar, sunnan gamla Vesturlandsvegar, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 7. júlí 2000.

Breytingin felst í því að afmörkuð er sérlóð fyrir spennistöð og heimilað er að hafa kjallara í húsagerð V-2. Nýtingarhlutfalli lóða er breytt til samræmis.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var í júlí 1998.

Mosfellsbæ, 17. ágúst 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

STJÓRNARTÍÐINDI B 87 – 2000

23. ágúst 2000 1781 Nr. 598

REGLUGERÐ

um greiðslu verðmiðlunargjalds af kindakjöti.

1. gr.

Innheimta verðmiðlunargjalds.

Greiða skal verðmiðlunargjald af kindakjöti, sem nemur kr. 5,00 af hverju kg kjöts sem selt er frá afurðastöð á innanlandsmarkað og skal tekjum af gjaldinu varið til verkefna samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Bændasamtök Íslands annast álagningu gjaldsins samkvæmt söluskýrslum afurðastöðva og innheimta það mánaðarlega hjá afurðastöðvunum. Gjalddagi er 25. dagur næsta mánaðar eftir sölu og eindagi 30 dögum síðar.

Verðmiðlunargjald kindakjöts er aðfararhæft.

2. gr.

Skipting tekna milli verkefna.

Markaðsráð kindakjöts sem er samstarfsvettvangur bænda og sláturleyfishafa gerir fyrir 1. mars ár hvert tillögu til landbúnaðarráðherra um skiptingu árlegra tekna af verðmiðlunargjaldi milli eftirfarandi verkefna:

a. Markaðs- og kynningarstarfsemi.
b. Jöfnunar á flutningskostnaði kindakjöts.
c. Jöfnunar á flutningskostnaði á sláturfé.

Verja skal að hámarki 65% af árlegum tekjum til markaðsstarfs, að hámarki 45% til jöfnunar á flutningskostnaði kindakjöts og að hámarki 10% til jöfnunar á flutningskostnaði sláturfjár.

Aldrei má ráðstafa meiru en árstekjum af verðmiðlunargjaldi samanlagt til ofangreindra verkefna.

Beina skal umsóknum um styrki til Bændasamtaka Íslands sem hafa umsjón með greiðslu gjaldsins. Umsóknum um styrki til jöfnunar á flutningskostnaði skulu fylgja gögn sem staðfesta magn og vegalengd.

3. gr.

Styrkir til markaðs- og kynningarmála.

Markaðsráð kindakjöts metur þörfina fyrir markaðs- og kynningarstarfsemi hverju sinni. Við mat og framkvæmd á verkefnum skal m.a. gætt eftirfarandi:

1. Velja skal að öðru jöfnu verkefni sem nýtast öllum afurðastöðvum óháð legu þeirra og stærð.
2. Nýta skal hagkvæmni stærðar til þess að ná niður kostnaði við hvert einstakt verkefni.

4. gr.

Jöfnun flutningskostnaðar kindakjöts.

Reikna skal hámark flutningsjöfnunar frá sláturstað til aðalmarkaðar þannig:

1. Sláturleyfishafi ber allan kostnað við flutning kindakjöts fyrstu 100 km ef flutt er landveg og hliðstætt hlutfall ef flutt er sjóveg. Lestun og losun er innifalin í þessum kostnaði.
2. Fyrir hvern einfaldan km sem flutt er umfram 100 km greiðist flutningsjöfnun, kr. 1,35 pr. kg kjöts að meðaltali á hverja 100 km. Sama fjárhæð greiðist þótt flutt sé sjóleiðis milli sömu staða.
3. Fari styrkþörf samkvæmt þessari grein fram úr ráðstöfunarfé eftir skiptingu sem ákveðin hefur verið samkvæmt 2. gr., skal lækka styrki hlutfallslega jafnt til allra aðila.

5. gr.

Jöfnun flutningskostnaðar á sláturfé.

Reikna skal hámark flutningsjöfnunar frá framleiðendum til afurðastöðva á eftirfarandi hátt:

1. Ekki er greidd flutningsjöfnun vegna flutnings sláturfjár fyrstu 150 km.
2. Fyrir hvern einfaldan km sem flutt er umfram 150 km greiðast kr. 1,50 á hvert lamb eða fullorðna kind.

Aldrei skal jafna kostnað vegna flutnings sláturfjár lengri leið en að næstu afurðastöð sem hefur raunhæfa möguleika á að taka við viðkomandi fé til slátrunar að mati markaðsráðs kindakjöts.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 469/1996 ásamt síðari breytingum.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. ágúst 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 599 23. ágúst 2000

REGLUGERÐ

um sýnatöku og rannsóknir á koligerlum í sauðfjárafurðum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerðin er hluti af innra eftirliti í sláturhúsum og tekur til sýnatöku og rannsókna á koligerlum í sauðfjárafurðum. Tilgangurinn er að fylgjast með því að ekki verði saurmengun á sláturafurðum við slátrun.

2. gr.

Sláturleyfishafi skal útbúa skriflega áætlun, sem er liður í innra eftirliti, um eftirlit í sláturhúsum samkvæmt reglugerðinni. Áætlunin skal m.a. gefa skriflegar leiðbeiningar varðandi sýnatöku, merkingu sýna, sýnatökuaðferð, meðferð sýna, túlkun niðurstaðna og viðbrögð við frávikum.

II. KAFLI
Sýnataka.

3. gr.

Sýnin skulu rannsökuð á rannsóknarstofu sem viðkomandi héraðsdýralæknir hefur viðurkennt.

4. gr.

Taka skal sýni þrjá daga í viku í hlutfalli við sláturfjárfjölda þannig að tekið sé 1 sýni af hverjum 900 skrokkum eða a.m.k. eitt sýni á viku ef vikuslátrun er minni er 900 fjár. Eitt sýni er tekið á þremur mismunandi stöðum á hverjum skrokki.

5. gr.

Við sýnatöku skal nota dauðhreinsaðan svamppinna, bómullarpinna eða skera úr skrokknum. Pinnann skal geyma í dauðhreinsuðu íláti með 10 ml af buffruðu petonvatni (PBS). Eftir sýnatöku skal pinninn látinn aftur í ílátið.

6. gr.

Taka skal sýnin af tilviljunarkenndu úrtaki skrokka. Taka skal sýnin að slátrun lokinni eftir að skrokkarnir hafa verið í kæli í a.m.k. 12 klst.

7. gr.

Taka skal strok með svamppinnanum á u.þ.b. 50 cm^2 svæði (5 x 10 cm) á þremur mismunandi stöðum á hverjum skrokki þannig að tekið sé strok af alls 150 cm^2 og sett í sama ílát.

8. gr.

Stroksýnin skulu tekin af bringu, síðu og lærum ofan- og innanverðum. Taka skal sýnin í þessari röð: læri, bringa, síða.

III. KAFLI
Sending sýna.

9. gr.

Strax eftir sýnatöku skal koma sýnum í kæli og þau geymd þannig þar til þau eru tekin til rannsóknar.

10. gr.

Ef sýnin eru rannsökuð í sláturhúsinu skal taka þau til rannsóknar strax eftir sýnatöku. Ef þau eru rannsökuð annars staðar skal senda þau þegar eftir sýnatöku (samdægurs) þannig að tryggt sé að þau verði tekin til rannsóknar innan 24 klst. Sýnin skal senda í kæliumbúðum þannig að þau haldist við 0-10°C þar til þau koma á rannsóknarstofuna.

IV. KAFLI
Rannsóknaraðferð og varðveisla rannsóknarniðurstaðna.

11. gr.

Rannsaka skal sýnin samkvæmt NMKL-aðferð nr. 147/1993 (991.14 of Official Methods of Analysis of the AOAC International) eða sambærilegri aðferð.

12. gr.

Gefa skal niðurstöðu upp sem bakteríuþyrpingar á fersentimetra (CFU/cm^2).

13. gr.

Sláturleyfishafi skal varðveita allar rannsóknarniðurstöður í a.m.k. 12 mánuði.

V. KAFLI

Túlkun niðurstaðna.

14. gr.

Fari fjöldi koligerla yfir leyfileg viðmiðunarmörk gefur það vísbendingu um að vinnubrögð við slátrun séu ófullnægjandi og að saurmengun eigi sér stað.

VI. KAFLI

Viðbrögð.

15. gr.

Sláturleyfishafa er skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta ef niðurstöður úr koligerlarannsóknum fara yfir leyfileg viðmiðunarmörk.

16. gr.

Fari fjöldi koligerla yfir leyfileg viðmiðunarmörk ber héraðsdýralækni að gefa sláturleyfishafa skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni hann ekki aðvörun innan þess frests skal yfirdýralæknir að höfðu samráði við héraðsdýralækni gefa stuttan lokafrest til úrbóta. Að þeim tíma liðnum er yfirdýralækni heimilt að tilkynna sláturleyfishafanum að löggilding falli niður og að heilbrigðisskoðun og heilbrigðismerking afurða verði ekki framkvæmd í sláturhúsinu þar til viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að hindra mengun af völdum koligerla við slátrun.

VII. KAFLI

Önnur ákvæði.

17. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, tekur þegar gildi.

I.

Bráðabirgðaákvæði.

Sláturhús sem ekki flytja út á Ameríkumarkað hafa aðlögunartíma fram til 1. júlí 2001 skv. reglugerð þessari. Öll sláturhús hafa eitt ár til að setja sér viðmiðunarmörk.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. ágúst 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 88 – 2000

25. ágúst 2000 1785 Nr. 600

VIÐAUKI

**við reglugerð nr. 438, 22. júní 1999
um togveiðar á kolmunna með síðari breytingum.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar er á tímabilinu frá kl. 14.00 25. ágúst til 1. október 2000 heimilt að stunda kolmunnaveiðar frá kl 08.00 til kl. 22.00 dag hvern utan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 63°33'60 N, 14°41'70 V
2. 63°35'55 N, 14°39'20 V
3. 63°41'46 N, 14°22'27 V
4. 63°45'42 N, 14°09'54 V
5. 63°46'50 N, 13°57'00 V
6. 63°48'60 N, 13°45'57 V
7. 63°53'15 N, 13°42'43 V
8. 63°58'43 N, 13°26'25 V
9. 64°00'54 N, 13°10'50 V
10. 64°02'54 N, 13°04'08 V
11. 64°07'04 N, 12°57'33 V
12. 64°19'21 N, 12°27'19 V
13. 64°21'70 N, 12°17'30 V

2. gr.

Viðauki þessi er settur samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. ágúst 2000.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 88, nr. 600. Útgáfudagur 25. ágúst 2000.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 89 – 2000

Nr. 601 1786 28. ágúst 2000

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 146, 7. mars 2000,
um tegundir sem undanþegnar eru viðskiptum á Kvótaþingi.**

1. gr.

Í stað orðanna „og loðnu“ í 1. gr. kemur: loðnu og rækju á deilisvæði 3L.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt tillögu stjórnar Kvótaþings með stoð í 3. tl. 1. gr. laga nr. 11/1998 um Kvótaþing til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. ágúst 2000.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Kristín Haraldsdóttir.

Stjórnartíðindi B 89, nr. 601. Útgáfudagur 28. ágúst 2000.

Gutenberg

22. ágúst 2000 1787 Nr. 602

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1.300 frá 1. september 2000 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðjan hf.) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytinu, 22. ágúst 2000.

F. h. r.
Atli Freyr Guðmundsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

18. ágúst 2000 Nr. 603

REGLUGERÐ

um löggildingu raforkumæla.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi mælir fyrir um prófanir og löggildingu raforkumæla sem eru löggildingarskyldir, sbr. 5. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu.

2. gr.
Skilgreiningar.

Frumsannprófun (*EBE-frumsannprófun*) er aðferð til að sannreyna að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar. Aðferðinni er lýst nánar í viðeigandi reglugerðum.

Gerðarviðurkenning (*EBE-gerðarviðurkenning*) byggist á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðkomandi tilskipana og reglugerða eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

Heimiluð hámarksfrávik eru stærstu gildi sem leyfð eru fyrir frávik í reglugerðum, stöðlum og öðrum kröfuskjölum fyrir tiltekin mælitæki.

Mælaspennir er samheiti fyrir spennuspenni og straumspenni.

Mæligrunnur merkir áþreifanlegan mælikvarða, mælitæki eða mælibúnað til þess að skilgreina, raungera, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.

Raforkumælibúnaður er raforkumælir ásamt mælaspenni.

3. gr.

Hæfniskröfur.

Löggildingaraðili skal uppfylla þær hæfniskröfur sem fram koma í reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Prófunarmaður skal vera rafiðnaðarmaður og hafa yfir að ráða nægilegri tæknikunnáttu til að annast löggildingar raforkumæla og meta ástand þeirra út frá prófunum og skoðunum. Tryggt skal að kunnáttu hans sé haldið við með endurmenntun. Hann skal kunna skil á þeim reglum sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið setur varðandi raforkumæla.

Tæknilegur stjórnandi skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa þekkingu á raforkumælum og reynslu af löggildingu þeirra. Undanþágu má gera frá framangreindum skilyrðum um þekkingu og reynslu ef viðkomandi hefur menntun eða starfsreynslu og þjálfun sem faggildingarsvið Löggildingarstofu telur fullnægjandi. Tæknilegur stjórnandi er ábyrgur fyrir öllum löggildingum sem löggildingaraðili vinnur.

4. gr.

Mælitæki notuð við löggildingu.

Allir mæligrunnar, sem löggildingaraðili notar í tengslum við löggildingar raforkumæla, skulu vera kvarðaðir og skal kvörðunin rekjanleg til landsmæligrunna á Íslandi.

Löggildingaraðili skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum mælitækjum til að staðfesta að umhverfi raforkumælis henti honum.

5. gr.

Aðstæður.

Flutningur löggilts raforkumælis frá prófunarstofu á notkunarstað skal uppfylla kröfur gæðakerfis um flutning.

Uppsetning löggildingarskylds raforkumælis á notkunarstað skal vera í samræmi við ákvæði í reglugerðum og stöðlum og fyrirmæli framleiðanda um umhverfisaðstæður og frágang.

Raforkumælar eru löggiltir á prófunarstofu þar sem tryggt hefur verið með faggildingu að kröfum um umhverfisþætti sé fullnægt.

Prófun raforkumælibúnaðar fer fram á notkunarstað og skal þá geta sérstaklega um það í prófunarskýrslu og fara eftir verklagsreglum um prófun á notkunarstað.

6. gr.

Löggildingarhæfi.

Löggildingarhæfi raforkumælis felst í að staðfesta með skoðun og prófun að hann uppfylli eftirfarandi atriði:

1. Ákvæði reglugerða um markaðssetningu raforkumæla.
2. Að merkingar og áletranir séu í samræmi við kröfur reglugerða um markaðssetningu raforkumæla.
3. Að aðstæður og notkun henti raforkumælinum.
4. Að mælifræðilegir eiginleikar hans séu í samræmi við kröfur staðla og reglugerða um markaðssetningu raforkumæla; þetta skal staðfest með prófun. Einkum er um að ræða staðfestingu þess að kröfum um heimiluð hámarksfrávik, tómagang og gangsetningu sé fullnægt.
5. Staðfesta má löggildingarhæfi safns raforkumæla með úrtaksprófun.
6. Löggildingarstofa getur heimilað löggildingar eldri mælagerða þó að ákvæðum 1. og 2. tölul. sé ekki fullnægt.

7. gr.

Löggilding raforkumæla.

Ekki má taka raforkumæli í notkun nema að undangenginni löggildingu.

Í samræmi við 10. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu, ber eiganda raforkumælis að sjá til þess að hann sæti reglubundnu eftirliti og uppfylli þær kröfur sem til hans eru gerðar samkvæmt lögum og reglugerðum og að löggilding hans sé ætíð í gildi.

Raforkumæli má löggilda hafi löggildingarhæfi hans eða þess mælasafns, sem hann tilheyrir, verið staðfest með skoðun og prófun. Sé raforkumælir löggildingarhæfur er festur á hann löggildingarmiði og innsigli með ártali löggildingar og telst hann þá löggiltur.

Þegar löggiltur raforkumælir er tengdur við mælaspenni getur Löggildingarstofa krafist staðfestingarprófana á raforkumælibúnaðinum á notkunarstað. Mælaspennar skulu uppfylla kröfur í reglugerð um raforkumæla og um prófanir á notkunarstað gilda sérstakar verklagsreglur.

Ef prófunarstofa með starfsleyfi til löggildingar raforkumæla annast einnig stillingu og viðgerðir þeirra skal halda þeim verkþáttum greinilega aðskildum frá löggildingunum í samræmi við kröfur staðla.

8. gr.

Tíðni löggildinga.

Tímabil löggildingar raforkumæla miðast við heilt ár og telst löggildingartímabilið hefjast 1. næsta mánaðar, þannig að fari löggilding fram í desember telst tímabilið hefjast 1. janúar næsta ár. Gildistími löggildinga raforkumæla er sem hér segir:

1. Löggilding ein- eða fjölfasa raforkumæla tengdra mælaspennum, sem hafa takmarkaða gerðarviðurkenningu eða eru notaðir til reynslu, gildir í allt að 5 ár.
2. Löggilding raforkumæla fyrir fjölþrepa gjaldskrá annarra en tvígjaldsmæla og aflmæla gildir í allt að 8 ár.
3. Löggilding raforkumæla fyrir markmælingu gildir í allt að 8 ár.
4. Löggilding ein- eða fjölfasa raforkumæla tengdra mælaspennum, annarra en getið er í 1. tölul., gildir í allt að 10 ár.
5. Löggilding ein- eða fjölfasa raforkumæla, þar með talið tvígjaldsmæla, gildir í allt að 16 ár.
6. Ef unnt er að sýna fram á með úrtaksprófun að raforkumælar skv. 3., 4. og 5. tölul. séu löggildingarhæfir er heimilt að framlengja gildistíma löggildinga viðkomandi mælasafns um allt að 4 ár í hvert sinn.

9. gr.

Afturköllun löggildingar.

Löggildingin fellur úr gildi, þrátt fyrir að gildistími skv. 8. gr. sé ekki liðinn, ef:

1. kröfum um flutning og uppsetningu, sbr. 5. gr., er ekki fullnægt,
2. raforkumælir bilar,
3. innsigli prófunarstofu á raforkumæli er rofið,
4. viðgerð er framkvæmd á raforkumælinum sem áhrif getur haft á mæliniðurstöðu hans,
5. frávik eru meiri en tvöföld heimiluð hámarksfrávik,
6. raforkumælir er fluttur úr stað.

Löggildingarstofu er heimilt að veita undanþágu frá 3. tölul. vegna eldri markmæla.

10. gr.
Skýrslugerð.

Skýrslugerð skal vera í samræmi við verklagsreglur og reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu. Eftirfarandi upplýsingar skulu m.a. koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingu:

1. Umsögn um merkingar.
2. Fjöldi mæla í safni og hve margir þeirra voru prófaðir.
3. Frávik við mælingu.
4. Niðurstöður tómagangs- og gangsetningarprófana.

Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum Löggildingarstofu.

11. gr.
Málskot.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

12. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. ágúst 2000.

F. h. r.
Þorgeir Örlygsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

Nr. 604 18. ágúst 2000

REGLUGERÐ

um löggildingu heitavatnsmæla.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi mælir fyrir um prófanir og löggildingu heitavatnsmæla sem eru löggildingarskyldir, sbr. 5. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu.

2. gr.
Skilgreiningar.

Frumsannprófun (EBE-frumsannprófun) er aðferð til að sannreyna að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar. Aðferðinni er lýst nánar í viðeigandi reglugerðum.

Gerðarviðurkenning (EBE-gerðarviðurkenning) byggist á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðkomandi tilskipana og reglugerða eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

Heimiluð hámarksfrávik eru stærstu gildi sem leyfð eru fyrir frávik í reglugerðum, stöðlum og öðrum kröfuskjölum fyrir tiltekin mælitæki.

Mæligrunnur merkir áþreifanlegan mælikvarða, mælitæki eða mælibúnað til þess að skilgreina, raungera, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.

3. gr.

Hæfniskröfur.

Löggildingaraðili skal uppfylla þær hæfniskröfur sem fram koma í reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Prófunarmaður skal vera vél- eða málmiðnaðarmaður eða hafa sambærilega menntun og hafa yfir að ráða nægilegri tæknikunnáttu til að annast löggildingar heitavatnsmæla og meta ástand þeirra út frá prófunum eða skoðunum. Tryggt skal að kunnáttu hans sé haldið við með endurmenntun. Hann skal kunna skil á þeim reglum sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið setur varðandi heitavatnsmæla.

Tæknilegur stjórnandi skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa þekkingu á heitavatnsmælum og reynslu af löggildingu þeirra. Undanþágu má gera frá framangreindum skilyrðum um þekkingu og reynslu ef viðkomandi hefur menntun eða starfsreynslu og þjálfun sem faggildingarsvið Löggildingarstofu telur fullnægjandi. Tæknilegur stjórnandi er ábyrgur fyrir öllum löggildingum sem löggildingaraðili vinnur.

4. gr.

Mælitæki notuð við löggildingu.

Allir mæligrunnar, sem löggildingaraðili notar í tengslum við löggildingar heitavatnsmæla, skulu vera kvarðaðir og skal kvörðunin rekjanleg til landsmæligrunna á Íslandi.

Löggildingaraðili skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum mælitækjum til að staðfesta að umhverfi heitavatnsmælis henti honum.

5. gr.

Aðstæður.

Flutningur löggilts heitavatnsmælis frá prófunarstofu á notkunarstað skal uppfylla kröfur gæðakerfis um flutning.

Uppsetning löggildingarskylds heitavatnsmælis skal vera í samræmi við ákvæði í reglugerðum og stöðlum og fyrirmæli framleiðanda um umhverfisaðstæður og frágang.

Heitavatnsmælar eru löggiltir á prófunarstofu þar sem tryggt hefur verið með faggildingu að kröfum um umhverfisþætti sé fullnægt.

6. gr.

Löggildingarhæfi.

Löggildingarhæfi heitavatnsmælis felst í að staðfesta með skoðun og prófun að hann uppfylli eftirfarandi atriði:

1. Ákvæði reglugerða um markaðssetningu heitavatnsmæla.
2. Að merkingar og áletranir séu í samræmi við kröfur reglugerða um markaðssetningu heitavatnsmæla.
3. Að aðstæður og notkun henti heitavatnsmælinum.
4. Að mælifræðilegir eiginleikar séu í samræmi við kröfur staðla og reglugerða um markaðssetningu heitavatnsmæla. Skal þetta staðfest með prófun. Einkum er um að ræða staðfestingu þess að kröfum um heimiluð hámarksfrávik sé fullnægt við þrenns konar rennsli.
5. Að heitavatnsmælirinn sé innsiglaður frá frumsannprófunaraðila.
6. Löggildingarstofa getur heimilað löggildingar eldri mælagerða þó að ákvæðum 1., 2. og 5. liðar sé ekki fullnægt.

Staðfesta má löggildingarhæfi nýrra mæla út frá gögnum um frumsannprófun og staðfesta má löggildingarhæfi safns heitavatnsmæla í notkun með úrtaksprófun.

7. gr.

Löggilding heitavatnsmæla.

Ekki má taka heitavatnsmæli í notkun nema að undangenginni löggildingu.

Í samræmi við 10. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu, ber ábyrgðarmanni heitavatnsmælis að sjá til þess að hann sæti reglubundnu eftirliti og uppfylli þær kröfur sem til hans eru gerðar samkvæmt lögum og reglugerðum og að löggilding hans sé ætíð í gildi.

Heitavatnsmæli má löggilda hafi löggildingarhæfi hans eða þess mælasafns sem hann tilheyrir verið staðfest með skoðun og prófun. Sé heitavatnsmælir löggildingarhæfur er festur á hann löggildingarmiði með ártali löggildingar og telst hann þá löggiltur.

Ef prófunarstofa með starfsleyfi til löggildingar heitavatnsmæla annast einnig stillingu og viðgerðir þeirra skal halda þeim verkþáttum greinilega aðskildum frá löggildingunum í samræmi við kröfur staðla.

8. gr.

Tíðni löggildinga.

Miða skal við að gildistími löggildinga fyrir mæla, sem vinna eftir aflfræðilegum lögmálum, sé 5 ár en gildistími löggildinga fyrir rafeindamæla sé 10 ár en þó fer gildistími löggildinga á heitavatnsmælum eftir gerð mæla, gæðum vatns og aðstæðum. Rekstraraðili dreifveitu og/eða eigandi mælasafns skal gera tillögu til Löggildingarstofu um lengd löggildingartímabils.

Ef unnt er að sýna fram á með úrtaksprófun að heitavatnsmælar í notkun standist settar kröfur, sem um mælana gilda, er heimilt að framlengja gildistíma viðkomandi mælasafns um allt að 2 ár vinni mælarnir eftir aflfræðilegum lögmálum en um allt að 5 ár sé um rafeindamæla að ræða.

Leggja skal aðferðir við úrtaksprófanir til samþykkis fyrir Löggildingarstofu.

9. gr.

Afturköllun löggildingar.

Löggildingin fellur úr gildi, þrátt fyrir að gildistími skv. 8. gr. sé ekki liðinn, ef:

1. heitavatnsmælir bilar,
2. innsigli frumsannprófunaraðila er rofið,
3. viðgerð er framkvæmd á heitavatnsmælinum sem áhrif getur haft á mæliniðurstöðu hans,
4. frávik eru meiri en tvöföld heimiluð hámarksfrávik.

10. gr.

Skýrslugerð.

Skýrslugerð skal vera í samræmi við verklagsreglur og reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Eftirfarandi upplýsingar skulu m.a. koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingu:

1. Umsögn um merkingar.
2. Fjöldi mæla í safni og hve margir þeirra voru prófaðir.
3. Frávik við mælingu.
4. Aðstæður.

Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum Löggildingarstofu.

11. gr.
Málskot.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

12. gr.
Gildistaka.

8. gr. um gildistíma á við um nýja mæla. Rekstraraðili dreifveitu og/eða eigandi eldri mæla gerir tillögur um úrtaksprófanir vegna framlengingar gildistíma þeirra. Fylgjast skal með ástandi eldra mælasafns jafnvel þótt þeir mælar verði ekki löggiltir en veita skal aðlögunartíma, 7 ár fyrir mæla sem vinna eftir aflfræðilegum lögmálum og 14 ár fyrir rafeindamæla. Að þeim tíma liðnum skulu allir mælar hafa hlotið löggildingu skv. 7. gr. og 8. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu og öðlast gildi við birtingu.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. ágúst 2000.

F. h. r.
Þorgeir Örlygsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

14. ágúst 2000 Nr. 605

REGLUGERÐ

um matvæli til nota í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi.

I. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar og almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um matvæli til nota í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi, sbr. e-lið 10. gr. í reglugerð nr. 446/1994 um sérfæði.

2. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Matvæli til nota í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eru framleidd til að uppfylla sérstakar þarfir sjúklinga. Slíkra matvæla má einungis neyta samkvæmt læknisráði og geta þau ýmist komið í stað daglegs fæðis eða verið hluti fæðis sjúklinga, sem hafa skerta eða takmarkaða getu til að neyta, melta, taka upp, brjóta niður eða losa sig við almenna fæðu, tiltekin næringarefni í henni eða niðurbrotsefni. Þetta á einnig við um sjúklinga með annars konar heilsubrest, er hefur í för með sér sérþarfir með tilliti til næringar, sem ekki er unnt að uppfylla með breytingum á almennu fæði, með öðru sérfæði eða fæði sem sett er saman úr þessu tvennu.

Ungbörn eru börn yngri en 12 mánaða.

3. gr.

Samsetning matvæla til nota í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi skal vera byggð á viðurkenndri þekkingu í læknis- og næringarfræði. Slík matvæli, sem neytt er í samræmi við fyrirmæli framleiðanda, skulu vera örugg og mæta næringarþörfum sjúklinga í samræmi við niðurstöður viðurkenndra rannsókna.

4. gr.

Matvæli til nota í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi skiptast í eftirtalda flokka:

1. Matvara með staðlaða samsetningu næringarefna, sem getur uppfyllt næringarþarfir einstaklingsins, sé farið að fyrirmælum framleiðanda við neyslu hennar.
2. Matvara með sérstaka samsetningu næringarefna, sem hentar sjúklingum með tiltekinn sjúkdóm og getur uppfyllt næringarþarfir einstaklingsins, sé farið að fyrirmælum framleiðanda við neyslu hennar.
3. Matvara með staðlaða eða sérstaka samsetningu næringarefna, sem hentar sjúklingum með tiltekinn sjúkdóm, en getur aðeins uppfyllt hluta af næringarþörfum einstaklingsins.

Vörur sem falla undir 1. tl. skulu uppfylla skilyrði um vítamín og steinefni sem fram koma í töflu 1 í viðauka. Séu matvælin ætluð ungbörnum er miðað við töflu 2. Sömu skilyrði gilda um vörur sem falla undir 2. og 3. tl. nema fyrirhuguð notkun útheimti breytingu á einum eða fleiri efnisþáttum.

Framangreind atriði eiga við um vöruna tilbúna til neyslu, hvort heldur hún er seld á því formi eða meðhöndluð skv. fyrirmælum framleiðanda. Matvörur sem vísað er til í liðum 1 og 2 má einnig nota sem hluta fæðis eða sem fæðubót.

Þegar matvæli til nota í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eru ætluð ungbörnum og innihalda önnur næringarefni en fram koma í töflu 2, skulu þau jafnframt uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 735/1997 um ungbarnablöndur og stoðblöndur.

II. KAFLI
Merking og markaðssetning.

5. gr.

Auk þess að uppfylla ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla og II. kafla reglugerðar nr. 446/1994 um sérfæði, skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum:

1. Orkugildi vörunnar í kílójoulum (kJ) og kílókaloríum (kkal) og orkuefni (prótein, kolvetni og fita). Magn vítamína og steinefna sem tilgreind eru í viðauka. Nánari upplýsingar um magn einstakra næringarefna, þ.e. próteina, kolvetna, fitu og/eða annarra næringarefna sem nauðsyn er að tilgreina vegna sérstakrar notkunar vörunnar. Merking næringargildis samkvæmt þessari grein skal vera í 100 g eða 100 ml vörunnar í því ástandi sem hún er seld, en einnig, eftir því sem við á, í 100 g eða 100 ml vörunnar tilbúinnar til neyslu skv. fyrirmælum framleiðanda. Að auki mega þessar upplýsingar koma fram fyrir þann skammt af vörunni sem neyta skal hverju sinni, að því tilskildu að heildarskammtafjöldi komi fram á umbúðunum.
2. Upplýsingar um saltstyrk, sem osmolality eða osmolarity, eftir því sem við á.
3. Upplýsingar um uppruna og eðli próteina og/eða peptíða og amínósýra sem notaðar eru í vöruna.

6. gr.

Leiðbeiningar um notkun skulu koma fram á umbúðum sem og leiðbeiningar um geymslu og notkun eftir að umbúðir hafa verið opnaðar. Á umbúðum skal enn fremur koma fram:

1. Að einungis skuli neyta vörunnar samkvæmt læknisráði.
2. Hvort varan uppfylli allar næringarþarfir.
3. Hvaða aldurshópi varan er ætluð.
4. Hvort neysla vörunnar geti valdið heilsutjóni sé hennar neytt af þeim sem ekki hafa sjúkdóm(a) eða sjúkdómseinkenni þeirra sem varan er ætluð.
5. Að varan er ætluð sjúklingum með _____, en í eyðunni skal koma fram hvaða sjúkdómar eða sjúkdómseinkenni eiga við.

6. Hvort gera þurfi einhverjar varúðarráðstafanir og hvort eitthvað mæli gegn notkun vörunnar.
7. Lýsing á þeim eiginleikum eða sérkennum sem gera það að verkum að varan er heppileg til tiltekinnar notkunar og sérstaklega ef magn tiltekinna næringarefna hefur verið aukið, minnkað, þau tekin burt eða einhver önnur breyting gerð.
8. Þegar við á, að næringuna megi ekki gefa í æð.

Á undan upplýsingum skv. 1.-4. tl. skal tilgreina orðin „mikilvægar upplýsingar“ eða annað sambærilegt.

III. KAFLI
Eftirlit og gildistaka.

7. gr.

Þegar vara sem fellur undir ákvæði þessarar reglugerðar er markaðssett er innlendum framleiðanda eða innflytjanda skylt að tilkynna það til Hollustuverndar ríkisins og afhenda sýnishorn af umbúðamerkingu vörunnar.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þær vörur sem falla undir gildissvið reglugerðar þessarar séu í samræmi við ákvæði hennar, ákvæði reglugerðar nr. 446/1994 um sérfæði og almenn ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Óheimilt er að dreifa vörum sem ekki uppfylla framangreind ákvæði.

8. gr.

Eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt skal vera í samræmi við IV. kafla reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Með þvingunarúrræði skal farið samkvæmt 30. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 16. og 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, tilskipunar 99/21/EB. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sérfæði til nota í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi, sem er á markaði hérlendis, skal uppfylla ákvæði reglugerðarinnar eigi síðar en 1. nóvember árið 2001.

Umhverfisráðuneytinu, 14. ágúst 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

VIÐAUKI
Vítamín og steinefni.

Tafla 1. Magn vítamína, stein- og snefilefna í alhliða sérfæði fyrir aðra en ungbörn.

	Í 100 kJ		Í 100 kkal	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
Vítamín				
A vítamín (µg RJ)[1]	8,4	43	35	180
D vítamín (µg)	0,12	0,65/0,75 [2]	0,5	2,5/3 [2]
K vítamín (µg)	0,85	5	3,5	20
C vítamín (mg)	0,54	5,25	2,25	22
Þíamín (mg)	0,015	0,12	0,06	0,5
Ríbóflavín (mg)	0,02	0,12	0,08	0,5
B6 vítamín (mg)	0,02	0,12	0,08	0,5
Níasín (mg NJ)[3]	0,22	0,75	0,9	3
Fólínsýra (µg)	2,5	12,5	10	50
B12 vítamín (µg)	0,017	0,17	0,07	0,7
Pantóþensýra (mg)	0,035	0,35	0,15	1,5
Bíótín (µg)	0,18	1,8	0,75	7,5
E vítamín (mg α-TJ)[4]	0,5 [5]	0,75	0,5 [5]	3
Steinefni				
Natríum (mg)	7,2	42	30	175
Klór (mg)	7,2	42	30	175
Kalíum (mg)	19	70	80	295
Kalsíum (mg)	8,4/12 [2]	42/60 [2]	35/50 [2]	175/250 [2]
Fosfór (mg)	7,2	19	30	80
Magnesíum (mg)	1,8	6	7,5	25
Járn (mg)	0,12	0,5	0,5	2,0
Sink (mg)	0,12	0,36	0,5	1,5
Kopar (µg)	15	125	60	500
Joð (µg)	1,55	8,4	6,5	35
Selen (µg)	0,6	2,5	2,5	10
Mangan (mg)	0,012	0,12	0,05	0,5
Króm (mg)	0,3	3,6	1,25	15
Mólybdenum (µg)	0,72	4,3	3,5	18
Flúoríð (mg)	—	0,05	—	0,2

[1] RJ: Retínól jafngildi. RJ = 3.33 alþjóðaeiningar (ae).

[2] Ætlað fyrir börn á aldrinum 1-10 ára.

[3] NJ: Níasín jafngildi. NJ = 1 mg nikótínsýra + 1 mg tryptofan/60.

[4] ∝-TJ: ∝-Tókóferól jafngildi. ∝-TJ = 1 mg d-∝-tókóferól.

[5] Í g af fjölómettuðum fitusýrum sem gefa skal upp sem línólsýru. Má ekki verða minna en 0,1 mg fyrir hver 100 kJ.

Tafla 2. Magn vítamína, stein- og snefilefna í alhliða sérfæði fyrir ungbörn.

	Í 100 kJ		Í 100 kkal	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
Vítamín				
A vítamín (µg RJ)[1]	14	43	60	180
D vítamín (µg)	0,25	0,75	1	3
K vítamín (µg)	1	5	4	20
C vítamín (mg)	1,9	6	8	25
Tíamín (mg)	0,01	0,075	0,04	0,3
Ríbóflavín (mg)	0,014	0,1	0,06	0,45
B6 vítamín (mg)	0,009	0,075	0,035	0,3
Níasín (mg NJ)[2]	0,2	0,75	0,8	3
Fólínsýra (µg)	1	6	4	25
B12 vítamín (µg)	0,025	0,12	0,1	0,5
Pantóþensýra (mg)	0,07	0,5	0,3	2
Bíótín (µg)	0,4	5	1,5	20
E vítamín (mg α-TJ)[3]	0,5 [4]	0,75	0,5 [4]	3
Steinefni				
Natríum (mg)	5	14	20	60
Klór (mg)	12	29	50	125
Kalíum (mg)	15	35	60	145
Kalsíum (mg) [5]	12	60	50	250
Fosfór (mg) [5]	6	22	25	90
Magnesíum (mg)	1,2	3,6	5	15
Járn (mg)	0,12	0,5	0,5	2
Sink (mg)	0,12	0,6	0,5	2,4
Kopar (µg)	4,8	29	20	120
Joð (µg)	1,2	8,4	5	35
Selen (µg)	0,25	0,7	1	3
Mangan (mg)	0,012	0,05	0,05	0,2
Króm (mg)	—	2,5	—	10
Mólybdenum (µg)	—	2,5	—	10
Flúoríð (mg)	—	0,05	—	0,2

[1] RJ: Retínól jafngildi. RJ = 3.33 alþjóðaeiningar (ae).

[2] NJ: Níasín jafngildi. NJ = 1 mg nikótínsýra + 1 mg tryptofan/60.

[3] ∝-TJ: ∝-Tókóferól jafngildi. ∝-TJ = 1 mg d-∝-tókóferól.

[4] Í g af fjölómettuðum fitusýrum sem gefa skal upp sem línólsýru. Má ekki verða minna en 0,1 mg fyrir hver 100 kJ.

[5] Hlutfallið kalsíum/fosfór má ekki vera lægra en 1,2 og ekki hærra en 2,0.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Kelduneshrepps.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Kelduneshrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Kelduneshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Kelduneshrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði fjórða fimmtudag hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að færa til fundardaga ef nauðsyn krefur og fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði á ári.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá hreppsnefndarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Oddviti, sbr. þó 8. gr., boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Oddviti semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem oddviti telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

12. gr.

Oddviti skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

14. gr.

Oddviti skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi tveir hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

17. gr.

Hreppsnefndarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefndinni í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um oddvita né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða oddvita, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Oddviti, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða oddvita. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusettra.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd er getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi tölurröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að

eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi hreppsnefndarmaður kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

51. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd* er sameiginleg í sýslunni skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Búfjáreftirlitsmenn.* Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
3. *Skipulags- og byggingarnefnd* er sameiginleg í sýslunni skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
4. *Félagsmála- og barnaverndarnefnd.* Einn maður kosinn og annar til vara í sameiginlega nefnd í sýslunni skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.
5. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
6. *Umhverfisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.
7. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar).
8. *Skólanefnd grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla.* Tveir aðalmenn (þrír til viðbótar koma frá samrekstrarsveitarfélagi) og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla

nr. 66/1995, 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

9. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Sameiginleg í N-Þing. Kosinn einn maður skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
10. *Brunavarnanefnd.* Slökkviliðsstjóri fer með brunavarnamál í samráði við hreppsnefnd.
11. *Stjórn bóka- og byggðasafns* er sameiginleg í N-Þing. Í stjórn bókasafns hreppsins eru kosnir þrír aðalmenn og tveir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
12. *Fjallskilastjóri.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
13. *Heilbrigðisnefnd* er sameiginleg á starfssvæði Eyþings skv. 7. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
14. *Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. samþ. D.S.Þ.
15. *Fulltrúar í Eyþing landshlutasamtök.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. samþ. Eyþings.
16. *Héraðsnefnd.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. samþ. héraðsnefndar.

52. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

53. gr.

Oddviti hreppsnefndar undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda.

Oddvitinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki ákveðið annað.

Oddvitinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki hreppsnefndar þarf til. Oddvitanum er heimilt með samþykki hreppsnefndarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Oddvitinn er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Varaoddviti gegnir störfum oddvita í forföllum hans.

54. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

55. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

56. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI
Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

57. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

58. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 57. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

59. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundi enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í hreppsnefnd með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

60. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

61. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 57. gr. og þriggja ára áætlun skv. 60. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 59. gr.

62. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Kelduneshrepps hefur gert samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. ágúst 2000.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

15. ágúst 2000 Nr. 607

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Hrunamannahrepps.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps er skipuð fimm hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í hreppsnefndarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Hrunamannahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Hrunamannahrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins

og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.30 mánuðina maí til september en kl. 14.00 mánuðina október til apríl. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra, ef hann er ráðinn, og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá hreppsnefndarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Oddviti eða sveitarstjóri, ef hann er ráðinn, sbr. þó 8. gr., boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Oddviti eða sveitarstjóri, ef hann er ráðinn, semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:
1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda og stjórna á vegum Hrunamannahrepps, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti og/eða sveitarstjóri, ef hann er ráðinn, ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að

tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það oddvita eða sveitarstjóra, ef hann er ráðinn, skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem oddviti eða sveitarstjóri, ef hann er ráðinn, telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

12. gr.

Oddviti eða sveitarstjóri, ef hann er ráðinn, skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

14. gr.

Oddviti eða sveitarstjóri, ef hann er ráðinn, skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta hreppsnefndarmanna skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

17. gr.

Hreppsnefndarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefndin ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita eða sveitarstjóra, ef hann er ráðinn, sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef hreppsnefnd hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri, ef hann er ráðinn, skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í hreppsnefnd.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, stjórnar eða oddvita eða sveitarstjóra, ef hann er ráðinn. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusiða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það oddvita eða sveitarstjóra, ef hann er ráðinn, skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi hreppsnefndarmaður kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI
Nefndir og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Oddviti eða sveitarstjóri, ef hann er ráðinn, boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum og stjórnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

51. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, stjórnir og embætti:

A. **Til fjögurra ára** á fyrsta eða öðrum fundi sínum að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Búfjáreftirlitsmaður.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
2. *Byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og skv. samkomulagi sveitarfélaganna sjö í uppsveitum Árnessýslu.
3. *Félagsmálanefnd Laugaráslæknishéraðs.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og skv. samkomulagi sveitarfélaga í Laugaráslæknishéraði. Nefndin fer jafnframt með barnaverndarmálefni skv. barnaverndarlögum nr. 58/1992, sbr. og heimild í 6. gr. sömu laga.
4. *Húsnæðisnefnd.* Hreppsnefnd Hrunamannahrepps fer með verkefni húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
5. *Jafnréttisnefnd.* Hreppsnefnd Hrunamannahrepps fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
6. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
7. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
8. *Skóla- og leikskólanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
9. *Stjórn bókasafns.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
10. *Stjórn Heimalands.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin fer með málefni dvalarheimilisins Heimalands í umboði hreppsnefndar.
11. *Veitustjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Veitustjórn fer með stjórn vatnsveitu Flúðahverfis og stjórn hitaveitu Flúða og nágrennis í umboði hreppsnefndar.
12. *Umhverfis-, skipulags- og umferðarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til hreppsnefndar um umhverfismál, skipulagsmál skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, og umferðarmál, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, í Hrunamannahreppi.
13. *Ferða- og atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til hreppsnefndar um ferða- og atvinnumál í Hrunamannahreppi.
14. *Fjallskilanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stjórn fjallskilamála í fjallskiladeild Hrunamannahrepps í umboði hreppsnefndar, sbr. ákvæði laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og fjallskilareglugerð.
15. *Æskulýðs- og íþróttanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til hreppsnefndar um mál sem varða æskulýðs- og íþróttastarf í Hrunamannahreppi og rekstur íþróttamannvirkja.

16. *Almannavarnanefnd Hrunamanna og Gnúpverja.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. ákvæðum 2. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
17. *Brunamálanefnd Hrunamanna og Gnúpverja.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til hreppsnefndanna um brunamál í Hrunamannahreppi og Gnúpverjahreppi.
18. *Héraðsnefnd Árnesinga.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt stofnsamningi sveitarfélaga í Árnessýslu um héraðsnefnd Árnesinga dags. 15. desember 1989.
19. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 4. gr. laga sambandsins.

B. **Til eins árs** í senn tímanlega fyrir aðalfundi viðkomandi samtaka og félaga:

1. *Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. gr. 3.1 í lögum samtakanna.
2. *Félagafundir Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands.* Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. samþykktir fyrir atvinnuþróunarsjóðinn.

52. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

53. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

54. gr.

Ef ekki er ráðinn sveitarstjóri hefur oddviti með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi hreppsnefndar, annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita, ef ekki er starfandi sveitarstjóri, skulu ákveðin sérstaklega af hreppsnefndinni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sem oddviti sér um á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu sveitarfélagsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

55. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum hreppsnefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefndina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki hreppsnefndarinnar þarf til. Sveitarstjóranum er heimilt með samþykki hreppsnefndarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.
Sveitarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

56. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

57. gr.

Sveitarstjóri, ef hann er ráðinn, ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 56. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem hreppsnefnd hefur sett.

58. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

59. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI
Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

60. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

61. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 60. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

62. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundi enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum hreppsnefndarmönnum með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

63. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

64. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 60. gr. og þriggja ára áætlun skv. 63. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 62. gr.

65. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn og sveitarstjóri, ef hann er ráðinn, skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur gert samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. ágúst 2000.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

18. ágúst 2000 Nr. 608

REGLUGERÐ

um vínmál og löggildingu þeirra.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi fjallar um allar gerðir vínmála sem notuð eru til að mæla skammta áfengis sem ætlað er til sölu.

2. gr.

Skilgreiningar.

Brúnarmerki eru tvö innsiglismerki sem slegin eru í veltivínmál til staðfestingar málrúmtaki þess. Þau eru slegin í veltivínmál þétt við efstu brún þess. Merkin skulu þannig mótuð að unnt sé að sjá hvort sorfið hafi verið af brúninni eftir að vínmálið hefur verið löggilt. Brúnarmerki skulu vera gegnt hvort öðru.

Frumsannprófun er aðferð til að ganga úr skugga um að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar.

Gerðarviðurkenning byggist á ítarlegri gerðarprófun þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðkomandi tilskipana og reglugerða eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

Glas merkir hér glas eða könnu sem notuð eru til að mæla og selja áfengi.

Heimiluð hámarksfrávik eru stærstu gildi sem leyfð eru fyrir frávik í reglugerðum, stöðlum og öðrum kröfuskjölum fyrir tiltekin mælitæki.

Mæligrunnur merkir áþreifanlega mælikvarða, mælitæki eða mælibúnað til þess að skilgreina, raungera, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.

Vínmál er samheiti fyrir veltivínmál, vínskammtara og glös.

Vínskammtari er samheiti fyrir hálfsjálfvirka og sjálfvirka vínskammtara fyrir þunnfljótandi áfengi.

Þunnfljótandi telst áfengi sem hefur minna en 5% þurrefnisinnihald, svo sem vodka, viskí og brennivín.

3. gr.

Hæfniskröfur.

Löggildingaraðili skal uppfylla þær kröfur sem fram koma í reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Prófunarmaður skal hafa yfir að ráða nægilegri tæknikunnáttu til að annast löggildingar vínmála og meta ástand þeirra út frá prófunum og skoðunum. Tryggt skal að kunnáttu hans sé við haldið með endurmenntun. Hann skal kunna skil á þeim reglum sem gilda um vínmál.

Tæknilegur stjórnandi skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa þekkingu á vínmálum og reynslu af löggildingu þeirra. Undanþágu má gera frá framangreindum skilyrðum um þekkingu og reynslu ef viðkomandi hefur menntun eða starfsreynslu og þjálfun sem faggildingarsvið Löggildingarstofu telur fullnægjandi. Tæknilegur stjórnandi er ábyrgur fyrir öllum löggildingum sem prófunarstofa vinnur.

Tæknilegur stjórnandi og prófunarmaður aðila með B-faggildingu á sviði löggildinga skulu uppfylla sömu hæfniskröfur og prófunarmaður.

4. gr.

Mælitæki notuð við löggildingu.

Öll mælitæki sem löggildingaraðili notar í tengslum við löggildingar vínmála skulu vera kvörðuð og skal kvörðunin rekjanleg til landsmæligrunna á Íslandi.

Vatn notað við prófun skal vera 20 ± 1°C. Vog notuð við prófun skal ekki hafa meiri óvissu en 0,2 g við 30 g en 0,4 g við 60 g. Hitamælir notaður við prófun skal ekki hafa grófari deilingu en 0,2°C við 20°C.

5. gr.

Aðstæður.

Vog, sem notuð er við löggildingar vínmála, skal vera lárétt á stöðugu borði, umhverfi skal vera hreint og loft kyrrt og allar aðstæður skulu vera þannig að þær spilli ekki niðurstöðu vigtunar. Lýsing þarf að vera góð þannig að nákvæmlega megi fylgjast með fyllingu vínmála. Aðstaða skal vera til að stilla flöskum upp með stöðugum hætti þannig að auðvelt sé að taka sýni úr fyllingum sjálfvirkra og hálfsjálfvirkra vínskammtara. Umhverfishitastig skal vera stöðugt og sem næst 20°C.

6. gr.

Löggildingarhæfi.

Ekki er krafist gerðarviðurkenningar eða frumsannprófunar fyrir vínmál en gerð þeirra er lýst í viðauka.

Löggildingarhæfi vínmála er staðfest með því að skoða og prófa hvort gerð og mælifræðilegir eiginleikar vínmáls séu í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar. Einkum er um að ræða staðfestingu þess að kröfur um heimiluð hámarksfrávik séu uppfylltar.

Löggildingarstofa metur löggildingarhæfi vínskammtara og veitir heimild til löggildingar á grundvelli tæknilegra gagna og prófana.

Heimiluð hámarksfrávik við löggildingu vínmála eru hin sömu og leyfileg notkunarfrávik. Leyfileg frávik eru:

1. ±1,0 ml fyrir 3 cl og ±2,0 ml fyrir 6 cl veltivínmál.
2. ±1,5 ml fyrir 3 cl og ±3,0 ml fyrir 6 cl vínskammtara.
3. 5% fyrir glös með 10 cl málrúmtak eða minna og 3% fyrir glös með meira en 10 cl málrúmtak.

Kerfisbundin misnotkun vikmarka er óheimil.

7. gr.

Löggilding vínmála.

Vínmál má ekki löggilda nema það uppfylli skilyrði um löggildingarhæfi.

Við löggildingu vínmála skal fara eftir verklagsreglum sem Löggildingarstofa hefur samþykkt. Mæla skal rúmtak sérhvers vínskammtara a.m.k. fjórum sinnum.

Veltivínmál eru löggilt með því að löggildingartákn ásamt faggildingarnúmeri prófunarstofu og ártali þess árs sem löggilt er á er slegið í arm þess. Einnig skal slá brúnarmerkin í málið til staðfestingar málrúmtaki. Vínskammtarar eru löggiltir með því að innsigla þá og festa einnig á þá löggildingarmiða þegar því verður við komið. Ártal á löggildingarmiða merkir árið þegar gildistími löggildingar rennur út en ártal á löggildingarhnappi er árið þegar löggilt var. Þegar bæði er settur löggildingarmiði og löggildingarhnappur sem innsigli má sleppa ártali á hnappinum.

Glös sem eru eins að allri gerð eins og lýst er í 3. tölul. viðaukans teljast löggilt.

8. gr.

Tíðni löggildinga.

Ekki má taka veltivínmál eða vínskammtara í notkun án undanfarandi löggildingar.

Veltivínmál verða ekki endurlöggilt en vínskammtara skal löggilda á 3 ára fresti.

9. gr.

Afturköllun löggildingar.

Löggilding vínmáls fellur úr gildi ef:

1. Vínmál skaddast eða bilar.
2. Innsigli er rofið.
3. Frávik við notkun er meira en heimiluð hámarksfrávik.

10. gr.

Skýrslugerð.

Skýrslugjöf til Löggildingarstofu skal vera í samræmi við reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu eftir því sem við á um vínmál.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingu vínmála:

1. Gerð vínmáls.
2. Málstærð vínmáls.
3. Niðurstaða prófunar.
4. Aðstæður.

Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum Löggildingarstofu.

11. gr.
Málskot.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

12. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 541/1996 um vínmál og löggildingu þeirra.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. ágúst 2000.

F. h. r.
Þorgeir Örlygsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

VIÐAUKI
Gerð vínmála.

1. Veltivínmál.

1.1. Veltivínmál er opið mæliker sem velt er við til að tæma það. Veltivínmál skal vera gert úr ryðfríu stáli eða öðrum þeim málmi sem uppfyllir kröfur reglugerðar um efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli. Efnisstyrkur málsins skal nægjanlegur til að það aflagist hvorki við meðhöndlun né langvarandi notkun. Gert skal ráð fyrir að hægt sé að slá í það löggildingartákn án þess að það aflagist.

1.2. Veltivínmál skal hafa hringlaga botn og víkkandi þversnið upp að brún. Brúnir veltivínmáls skulu vera jafnar að ofan og án kanta svo að hægt sé að slá í þær brúnarmerki.

1.3. Veltivínmál skal hafa tvo mótlæga arma til þess að halda málinu uppi þegar það er lagt ofan á glas sem verið er að skammta í. Armarnir skulu þannig gerðir að málið sitji stöðugt á glasi, hvort heldur málið er tómt eða fullt.

1.4. Málrúmtak veltivínmáls miðast við að það sé fyllt að efstu brún.

1.5. Málrúmtak veltivínmála skulu vera 3 eða 6 cl og skal það tilgreint greinilega á þeim.

2. Vínskammtari.

2.1. Vínskammtarar skulu þannig gerðir bæði hvað varðar efni og útlit að þeir hvorki breytist né aflagist í tímans rás eða við notkun.

2.2. Hálfsjálfvirkur vínskammtari er vínmál sem sett er á flöskustút og fyllist sjálfkrafa en tæmist handvirkt. Meginhlutar vínskammtarans eru hólkur sem gengur inn í flöskustútinn, mælihólf, sjálfvirkur loki sem opnar fyrir rennsli í mælihólfið og handvirkur loki sem opnar fyrir rennsli úr því. Við skömmtun áfengis úr flösku með vínskammt-

aranum er flaskan höfð á hvolfi og handvirki lokinn notaður til að tæma hólfið en á meðan er lokað fyrir rennsli í það. Sjálfvirki lokinn skal annars standa opinn. Mælihólf hálfsjálfvirkra vínskammtara skal vera þannig gert að hægt sé að sjá hvort það er fullt eða ekki.

2.3. Vínskammtarar skulu svo útbúnir að hægt sé að innsigla þá. Eftir að þeir hafa verið innsiglaðir má ekki vera hægt að breyta neinu því sem haft getur áhrif á mælt magn eða mælinákvæmni, nema með því að rjúfa innsiglið.

2.4. Vínskammtarar mega vera með teljara sem telur hversu oft er skammtað.

2.5. Málrúmtak mælihólfa vínskammtara skulu vera 3 eða 6 cl og skal það tilgreint greinilega á þeim.

3. Glös.

3.1. Glös skulu vera merkt með málrúmtaki og áfyllingarstriki sem sýnir hvar málrúmtaki þess er náð. Áfyllingarstrik skulu vera skörp og vel sýnileg.

3.2. Glös skulu auðkennd þeim sem er ábyrgur fyrir merkingunum. Ábyrgðaraðilinn skal hafa staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu og hafa tilskilin leyfi til merkinga á málrúmtaki glasa og sæta reglubundnu eftirliti.

16. ágúst 2000 Nr. 609

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Norður-Héraðs.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Norður-Héraðs er skipuð 7 sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Norður-Héraðs samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Norður-Héraðs er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, hreppsráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI
Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði að jafnaði fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 13.00. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunngert með auglýsingu í stofnunum sveitarfélagsins hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

2. Fundargerðir hreppsráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórnin ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta sveitarstjórnarmanna skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta sveitarstjórnarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi sveitarstjórnar þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti og/eða sveitarstjórn ákveði annað.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef sveitarstjórn hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri

stjórnmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundi.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitar-

stjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn er getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI
Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í hreppsráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar

um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá þóknun úr sveitarsjóði samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í hreppsráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá sveitarstjórnarmenn í hreppsráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í hreppsráð.

Sveitarstjóri situr fundi hreppsráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé sveitarstjórnarmaður og kjörinn í hreppsráðið.

Sveitarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn hreppsráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er sveitarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir sveitarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Hreppsráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í hverjum mánuði þriðja þriðjudag mánaðarins kl. 10.00. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður hreppsráðsins eða a.m.k. tveir hreppsráðsmenn óska þess.

46. gr.

Sveitarstjóri undirbýr hreppsráðsfundi í samráði við formann hreppsráðsins. Hann sér um að hreppsráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti hreppsráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sveitarstjóra um forföll og boðar sveitarstjórinn varamann hans á fund.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins hreppsráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara hreppsráðsins. Formaður hreppsráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í hreppsráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver hreppsráðsmanna óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið sér fundarritara utan hreppsráðs. Um ritun fundargerða hreppsráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Hreppsráð hefur umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér hreppsráð um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana

og fyrirtækja sveitarfélagsins lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Hreppsráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Hreppsráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli hreppsráðsmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu. Hreppsráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur sveitarstjórn falið hreppsráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi hreppsráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá hreppsráðs og/eða sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsráðsins og/eða sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsráðsins og/eða sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsráðið og/eða sveitarstjórnina.

57. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Hreppsráð.* Þrír sveitarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk atvinnumálanefndar er:
   a. Að vera sveitarstjórn og íbúum til ráðuneytis um allt er varðar atvinnumál í sveitarfélaginu og fylgjast með og stuðla að framþróun þeirra mála á Norður-Héraði.
   b. Að ýta undir almennan áhuga á atvinnumálum sveitarfélagsins og stuðla að auknингu á nýjum störfum innan sveitarfélagsins.
   c. Að annast tengsl við þau fyrirtæki sem hlutafé hefur verið lagt til.
   d. Að ráðstafa því fé sem varið er til nýsköpunar eða stuðnings atvinnulífinu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.
   e. Að annast önnur þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni.
2. *Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
3. *Fjallskilanefndir* skulu vera tvær, sín hvorum megin Jökulsár á Dal. Skipaðar fimm aðalmönnum í hvorri og jafnmörgum til vara.
4. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Sveitarstjórn hefur heimild til að skipa hverfiskjörstjórnir.
5. *Rekstrarnefnd bygginga og fasteigna.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur umsjón með eignum sveitarfélagsins. Hlutverk rekstrarnefndar bygginga og fasteigna á Norður-Héraði er:
   a. Að sjá um að ljúka við íþróttahússbyggingu og samræma rekstur íþróttamannvirkja og félagsheimila. Einnig má fela nefndinni rekstur og framkvæmdir á og við aðrar fasteignir sveitarfélagsins, t.d. Sænautasel o.fl.
   b. Að halda fundi að minnsta kosti tvisvar á ári eða oftar ef þörf krefur.
   c. Að fara árlega yfir fjárhagstillögur fyrir þær fasteignir sem nefndinni er falið að hafa umsjón með og gera tillögur að breytingum ef ástæða þykir til. Ennfremur fylgist nefndin eftir föngum með hvernig fjárhagsáætlanir fyrir fasteignirnar standast. Nefndin gerir tillögur að lánsfjárþörf ef ljúka þarf sérstökum byggingaráföngum.
   d. Að líta eftir því í samráði við sveitarstjóra að fasteignir sveitarfélagsins séu búnar nauðsynlegum búnaði og eðlilegt viðhald fari fram.
   e. Að gera tillögu að ráðningu húsvarðar (starfsmanns) í samráði við sveitarstjóra til að annast daglegan rekstur.

6. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar).
7. Þrír *búfjáreftirlitsmenn* og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
8. *Skólanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
9. *Stjórn bókasafns.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
10. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
11. Fulltrúi í *stjórn minjasafns* samkvæmt samningi þar um.
12. *Stjórn héraðsskjalasafns* samkvæmt samningi þar um.
13. Fulltrúi á *landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga* samkvæmt lögum sambandsins.
14. Fulltrúi á *þing SSA* samkvæmt samþykktum sambandsins.
15. Fulltrúi í *héraðsnefnd* samkvæmt samningi þar um.
16. Fulltrúi í *HAUST* samkvæmt samningi þar um.
17. Fulltrúi í *stjórn skólaskrifstofu* samkvæmt samningi um skólaskrifstofu.

C. Nefndir sameiginlegar með öðrum sveitarfélögum með fyrirvara um að sveitarfélagið eigi mann í viðkomandi nefndum:

1. *Almannavarnanefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Barnaverndarnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.
3. *Félagsmálanefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
4. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
5. *Gróðurverndarnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965.
6. *Heilbrigðisnefnd.* Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
7. *Heilbrigðisstofnun Austurlands.* Einn aðalmaður (tveir aðalmenn) og einn (jafnmargir) til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

58. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

59. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

60. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsráðs og sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og hreppsráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsráðið og sveitarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til. Sveitarstjóranum er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

61. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Hreppsráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem sveitarstjórn hefur sett.

63. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

64. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI
Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

65. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

66. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé

úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundi enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum sveitarstjórnarmönnum með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

68. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

70. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Norður-Héraðs hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 16. ágúst 2000.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um löggildingu ósjálfvirkra voga.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til prófana og löggildinga ósjálfvirkra voga af öllum stærðum sem löggildingarskyldar eru. Hér eftir nefnast þær vogir.

Allar vogir taldar upp í a-lið 2. tölul. 1. gr. í reglugerð nr. 426/1994 eru löggildingarskyldar, sbr. 5. og 16. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu.

2. gr.
Skilgreiningar.

EB-gerðarviðurkenning byggist á ítarlegri EB-gerðarprófun þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðkomandi tilskipana og reglugerða eða annarra kröfuskjala. EB-gerðarviðurkenning er forsenda EB-sannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

EB-sannprófun er aðferð til að ganga úr skugga um að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar. Aðferðinni er lýst nánar í viðkomandi reglugerðum.

EB-yfirlýsingin um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu) er málsmeðferð þar sem framleiðandi lýsir því yfir að viðkomandi tæki séu í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar. Skilyrði er að tilnefndur aðili hafi viðurkennt gæðakerfi framleiðandans. Aðferðinni er lýst nánar í viðkomandi reglugerðum.

Heimiluð hámarksfrávik eru stærstu gildi sem leyfð eru fyrir frávik í reglugerðum, stöðlum og öðrum kröfuskjölum fyrir tiltekin mælitæki.

Mæligrunnur merkir áþreifanlega mælikvarða, mælitæki eða mælibúnað til þess að skilgreina, raungera, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.

Tilnefndur aðili er óháður prófunar-, vottunar- eða skoðunaraðili, sem stjórnvöld tilnefna, til að annast samræmismat skv. reglugerð nr. 426/1994.

3. gr.
Hæfniskröfur.

Löggildingaraðili skal uppfylla hæfniskröfur sem settar eru fram í reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Prófunarmaður skal vera vél- eða raffræðingur eða hafa sambærilega menntun og hafa nægilega tæknikunnáttu til að annast löggildingar voga og meta ástand þeirra út frá prófunum eða skoðunum. Tryggt skal að kunnáttu hans sé við haldið með endurmenntun. Hann skal kunna skil á þeim reglum sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið setur varðandi ósjálfvirkar vogir.

Tæknilegur stjórnandi skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa þekkingu á vogum og reynslu af löggildingum þeirra. Undanþágu má gera frá framangreindum skilyrðum um þekkingu og reynslu ef viðkomandi hefur menntun eða starfsreynslu og þjálfun sem faggildingarsvið Löggildingarstofu telur fullnægjandi. Tæknilegur stjórnandi er ábyrgur fyrir öllum löggildingum sem löggildingaraðili vinnur.

Tæknilegur stjórnandi og prófunarmaður aðila með B-faggildingu á sviði löggildinga skulu uppfylla sömu hæfniskröfur og prófunarmaður.

4. gr.

Mælitæki notuð við löggildingu.

Allir mæligrunnar, sem löggildingaraðili notar í tengslum við löggildingar voga, skulu vera kvarðaðir og skal kvörðunin rekjanleg til landsmæligrunna á Íslandi.

Löggildingaraðili skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum mælitækjum til að staðfesta að umhverfi vogar henti henni.

Lóð, sem notuð eru við löggildingu voga, skulu vera í samræmi við kröfur gildandi reglugerða um lóð og skulu þau henta aðstæðum og vog þeirri sem verið er að prófa.

Frávik í massa lóða mega ekki vera meiri en þriðjungur af heimiluðu hámarksfráviki á því vigtarsviði sem verið er að prófa en þetta telst uppfyllt ef farið er eftir töflunni hér að neðan.

Lágmarksnákvæmnisflokkar lóða notaðir við löggildingu.

	Skerðing vogar							
Hámarks-geta vogar	100 g	10 g	1 g	100 mg	10 mg	1 mg	0,1 mg	≤ 0,01 mg
Allt að 200 g				M1	M1	F2	F1	E2
200 g til 1 kg			M1	M1	F2	F1/E2	E2	E2
1 kg til 30 kg	M2	M2	M1	F2	E2	E2	E2	
30 kg til 100 kg	M2	M1	F2	F1	E2			
Meira en 100 kg	M2	M1/F1	F1	E2				

Lóðaflokkur M2 samsvarar lóðum skilgreindum í reglugerð nr. 137/1994.

5. gr.

Aðstæður.

Undirlag voga skal hæfa vogargerð og notkun. Það skal vera stöðugt og laust við óhreinindi sem áhrif gætu haft á mæliniðurstöður vogarinnar. Sé undirlag vogar hallandi skal unnt að stilla hana lárétt og ekki má vera hætta á að vogin skríði undan hallanum. Umhverfishiti skal hæfa vog. Óheimilt er að löggilda vog ef hitastig þar sem vogin er notuð er utan þess sviðs sem vogin er gerð fyrir.

Vog skal ekki löggilt nema veðuráraun eða aðrir umhverfisþættir hafi hverfandi áhrif á niðurstöður.

6. gr.

Löggildingarhæfi.

Löggildingarhæfi vogar felst í því að staðfesta að hún uppfylli eftirfarandi atriði:

1. Ákvæði reglugerðar nr. 426/1994 um markaðssetningu. Tekið skal tillit til aðlögunarákvæða 15. gr. og ákvæða um vogir undanþegnar EB-gerðarprófun, sbr. a-lið 1. tölul. 8. gr. reglugerðar nr. 426/1994 um markaðssetningu.
2. Að merkingar séu í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 426/1994.
3. Að aðstæður og notkun henti voginni.
4. Að mælifræðilegir eiginleikar hennar séu í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 426/1994; þetta skal staðfest með prófun. Einkum er um að ræða staðfestingu þess að kröfum um heimiluð hámarksfrávik, endurtekningarhæfni og hornaskekkju sé fullnægt.
5. Sé vog notuð til beinnar sölu til almennings skal hún einnig standast kröfur sem fram koma í 14. tölul. í viðauka I reglugerðar nr. 426/1994.

Heimilt er að löggilda vog sem markaðssett var fyrir setningu reglugerðar nr. 426/1994 þó svo að merkingar séu ekki í samræmi við kröfur reglugerðarinnar, að því tilskildu að lágmarksmerkingar komi fram. Lágmarksmerkingar eru:

1. Vogargerð.
2. Hámarksgeta.
3. Lágmarksgeta.
4. Skerðingargildi.
5. Raðnúmer.

Þegar vog uppfyllir ekki kröfur reglugerðar nr. 426/1994 um merkingar skal löggildingaraðili gera athugasemd um að merkingum sé ábótavant og að vogin verði ekki endurlöggilt nema úr verði bætt. Athugasemdinni skal komið á framfæri við ábyrgðarmann vogar og Löggildingarstofu.

Til þess að vog standist prófun mega frávik ekki vera meiri en heimiluð hámarksfrávik í samræmi við töflu 3 í viðauka I í reglugerð nr. 426/1994. Gildir þetta um hvert atriði sem prófað er.

7. gr.

Löggilding voga.

Ný vog, sem staðist hefur samræmismat eftir viðauka II í reglugerð nr. 426/1994 og ber öll gild auðkenni þar að lútandi, telst vera löggilt enda hafi vogin verið innsigluð af framleiðanda eða tilnefndum aðila.

Í samræmi við 10. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu ber ábyrgðarmanni vogar að sjá til þess að hún sæti reglubundnu eftirliti og uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum og reglugerðum og að hún sé ætíð með gilda löggildingu.

Vog má löggilda hafi löggildingarhæfi hennar verið staðfest með skoðun og prófun. Sé vog löggildingarhæf er festur á hana löggildingarmiði og telst vogin þá löggilt. Hafi vogin búnað sem notanda er óheimilt að fjarlægja eða stilla skal tryggja gegn slíku með innsigli áður en löggildingarmiði er festur á vogina.

Ekki má taka vog til þeirra nota, sem talin eru upp í a-lið 2. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 426/1994, nema að vogin teljist löggilt.

Prófunarstofa með starfsleyfi til löggildingar mælitækja má ekki gera við vog. Þegar frávik vogar reynist vera komið út fyrir leyfileg fráviksmörk er löggildingaraðila þó heimilt að stilla vogina sé slík stilling gerð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða viðurkenndar aðferðir þegar leiðbeiningarnar eru ekki til.

8. gr.

Tíðni löggildinga.

Gildistími löggildinga voga er sem hér segir:

1. Löggilding voga, sem notaðar eru í framleiðslu, iðnaði, við matvælavinnslu, utanhúss, hvers konar annarri framleiðslu eða þar sem þær verða fyrir mikilli áraun, gildir allt að einu ári.
2. Löggilding annarra voga gildir allt að tveimur árum.

Gildistími fyrir nýjar vogir miðast við ártalið í CE-merkingunni, þannig skal vog endurlöggildast fyrir árslok næsta árs á eftir ártalinu í CE-merkingunni falli hún undir a-lið en fyrir árslok þar næsta árs á eftir ártalinu í CE-merkingunni falli hún undir b-lið.

Afturköllun löggildingar.

9. gr.

Löggilding fellur úr gildi, þrátt fyrir að gildistími skv. 8. gr. sé ekki liðinn, ef:

1. vog bilar,
2. innsigli er rofið,
3. viðgerð er framkvæmd á voginni sem áhrif getur haft á mæliniðurstöður hennar,
4. vog er flutt á annað þyngdarsvæði en hún var löggilt eða stillt fyrir,
5. frávik eru meiri en tvöföld þau heimiluð hámarksfrávik sem gefin eru upp í lið 4.1 í viðauka I reglugerðar nr. 426/1994.

10. gr.

Skýrslugerð.

Skýrslugjöf til Löggildingarstofu skal vera í samræmi við reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingu:

1. Núllfrávik.
2. Vigtarfall og frávik í þeim punktum sem prófaðir eru.
3. Hornaskekkja.
4. Endurtekningarhæfni.
5. Frávik með törun.
6. Aðstæður.

Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum Löggildingarstofu.

11. gr.

Málskot.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 356/1997 um löggildingu ósjálfvirks vogarbúnaðar.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. ágúst 2000.

F. h. r.
Þorgeir Örlygsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Öxarfjarðarhrepps.

I. KAFLI
Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps er skipuð fimm sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Öxarfjarðarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI
Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði þriðja miðvikudag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 13.00. Heimilt er að færa til fundardaga vor og haust og fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórnin ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta sveitarstjórnarmanna skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta sveitarstjórnarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi tveir sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt

sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef sveitarstjórn hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundi.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusettra liða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn er getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og

að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI
Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórnina.

51. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. Kosning oddvita og varaoddvita.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd* er sameiginleg í sýslunni skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Búfjáreftirlitsmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
3. *Byggingar- og skipulagsnefnd* er sameiginleg í sýslunni skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

4. *Félagsmála- og barnaverndarnefnd N-Þingeyjarsýslu* skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992 og 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
5. *Hafnarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
6. *Jafnréttisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
7. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
8. *Umhverfisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.
9. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar).
10. *Skólanefnd grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla.* Þrír aðalmenn (tveir til viðbótar koma frá samrekstrarsveitarfélagi) og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
11. *Stjórn bóka- og byggðasafns (sameiginleg í sýslunni).* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
12. *Stjórn heilbrigðisstofnunar* er sameiginleg í sýslunni skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
13. *Þjónustuhópur aldraðra.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
14. *Brunavarnanefnd.* Slökkviliðsstjóri fer með brunavarnamál í samráði við sveitarstjórn.
15. *Fjallskilastjórn.* A.m.k. einn fjallskilastjóri í hverri fjallskiladeild sem eru þrjár skv. lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
16. *Menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn. Nefndin sér um undirbúning fyrir hátíðarhöld 17. júní og önnur menningarmál í sveitarfélaginu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.
17. *Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. samþykkt D.S.Þ.
18. *Fulltrúar í Eyþing, landshlutasamtök.* Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. samþykktum Eyþings.
19. *Héraðsnefnd.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. samþykkt héraðsnefndarinnar.

C. Sveitarstjórn fer með hlutverk eftirtalinna nefnda og stjórna: Húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, stjórnar veitustofnana og atvinnumálanefndar.

52. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

53. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra til sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

54. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt

nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til. Sveitarstjóra er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri ákveður í samráði við oddvita hver gegna skuli störfum hans í forföllum.

55. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum.

56. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

57. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI
Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

58. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

59. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 58. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

60. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundi enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum sveitarstjórnarmönnum með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

61. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

62. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 58. gr. og þriggja ára áætlun skv. 61. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 60. gr.

63. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps hefur gert samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Öxarfjarðarhrepps nr. 40/1995.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. ágúst 2000.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 612 18. ágúst 2000

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 138 28. febrúar 1994 um raforkumæla.

1. gr.

Gildissvið.

Í samræmi við reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit er nauðsynlegt að mæla fyrir um tæknikröfur um hönnun raforkumæla og hvernig þeir vinna.

Þessi reglugerð gildir um raforkumæla og mælaspenna sem hannaðir eru til að mæla 50 Hz virkan einfasa- eða fjölfasaorkustraum.

2. gr.

Skilgreiningar.

EA (The European Cooperation for Accreditation) eru samtök evrópskra ríkja í faggildingum.

Frumsannprófun (*EBE-frumsannprófun*) er aðferð til að tryggja að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar. Aðferðinni er lýst nánar í viðeigandi reglugerðum.

Gerðarviðurkenning (*EBE-gerðarviðurkenning*) byggist á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðeigandi reglugerða eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda frumsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

Heimiluð hámarksfrávik eru stærstu gildi sem leyfð eru fyrir frávik í reglugerðum, stöðlum og öðrum kröfuskjölum fyrir tiltekin mælitæki.

Mælaspennir er samheiti fyrir spennuspenni og straumspenni.

WELMEC (The European Cooperation in Legal Metrology) eru samtök evrópskra ríkja í lögmælifræði.

Tæknilegar skilgreiningar er að finna í I. kafla viðauka I.

3. gr.

Markaðssetning og notkun.

Raforkumælum, sem mega fá EBE-merki og -tákn, er lýst í viðauka I við reglugerð þessa og nefnast þeir spanmælar. Skylt er að þeir fái EBE-gerðarviðurkenningu og að EBE-frumsannprófun fari fram á þeim.

Óheimilt er að hindra, banna eða takmarka markaðssetningu eða notkun raforkumæla hafi slíkir mælar EBE-gerðarviðurkenningarmerkið og EBE-frumsannprófunarmerkið.

Rafeindamæla og aðra raforkumæla, sem ekki falla undir viðauka I, er heimilt að setja á markað ef þeir standast kröfur viðauka II, bera gild auðkenni þar að lútandi og eru innsiglaðir.

Mælaspenna, sem notaðir eru við mælingar fyrir raforkusölu, er heimilt að setja á markað standist þeir kröfur viðauka II.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu og með hliðsjón af ákvæðum um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 19. tölul., IX. kafla, II. viðauka, tilskipunar 76/891/EBE ásamt síðari breytingum um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi raforkumæla, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 1, II. viðauka við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. ágúst 2000.

F. h. r.

Þorgeir Örlygsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

VIÐAUKI fær nýtt heiti og kallast: VIÐAUKI I

[Þessi viðauki er óbreyttur]

VIÐAUKI II

1. Rafeindamælar og mælaspennar.

Þessi viðauki tekur til rafeindamæla og annarra raforkumæla sem viðauki I gildir ekki fyrir og nefnast þeir hér eftir rafeindamælar í þessum viðauka. Þá tekur þessi viðauki einnig til mælaspenna sem notaðir eru til raforkusölumælinga.

2. Tæknilegar kröfur.

Rafeindamælar skulu uppfylla kröfur sambærilegar þeim kröfum sem gerðar eru til spanmæla í viðauka I.

Til að sýna fram á að rafeindamælir uppfylli tæknilegar kröfur þarf hann að hljóta gerðarviðurkenningu og vera frumsannprófaður í samræmi við kröfur þessa viðauka.

Mælaspennar þurfa að hljóta gerðarviðurkenningu og vera frumsannprófaðir í samræmi við kröfur þessa viðauka.

3. Gerðarviðurkenning.

Einungis má markaðssetja rafeindamæla hafi Löggildingarstofa veitt þeim innlenda gerðarviðurkenningu.

Gerðarviðurkenningin skal veitt hverjum þeim rafeindamæli sem stenst kröfur sambærilegar þeim sem gerðar eru til spanmæla í viðauka I og skal hafa aðferðir EBE um mælifræðilegt eftirlit skv. reglugerð nr. 129/1994 til hliðsjónar.

Löggildingarstofu er heimilt að byggja gerðarviðurkenningu á viðurkenningum frá aðildarlöndum WELMEC og á prófunum frá prófunarstofum sem eru faggiltar innan EA til gerðarprófana á rafeindamælum.

Einungis má markaðssetja mælaspenna hafi þeir hlotið gerðarviðurkenningu í aðildarlöndum WELMEC.

4. Frumsannprófun.

Frumsannprófun rafeindamæla er unnin í samræmi við viðauka I og skulu mælarnir standast kröfur sambærilegar þeim sem gerðar eru til spanmæla í viðauka I og skal hafa aðferðir EBE um mælifræðilegt eftirlit skv. reglugerð nr. 129/94 til hliðsjónar.

Löggildingarstofu er heimilt að samþykkja frumsannprófanir rafeindamæla frá aðildarlöndum WELMEC frá prófunarstofum sem eru faggiltar innan EA til frumsannprófana á rafeindamælum.

Einungis má markaðssetja mælaspenna hafi þeir verið frumsannprófaðir í aðildarlöndum WELMEC.

5. Hlutverk Löggildingarstofu.

Löggildingarstofa gefur út gerðarviðurkenningu rafeindamæla samkvæmt 3. tölul.

Löggildingarstofa hefur umsjón með frumsannprófunum og leggur mat á erlendar frumsannprófanir rafeindamæla samkvæmt 4. tölul. Faggiltar prófunarstofur geta tekið að sér frumsannprófanir í umboði Löggildingarstofu.

Löggildingarstofa sker úr um hvaða kröfur eru gerðar til gerðarviðurkenningar og frumsannprófunar rafeindamæla samkvæmt þessum viðauka. Úrskurði hennar má þó vísa til ráðherra til endanlegrar ákvörðunar, enda sé það gert innan fjögurra vikna frá því að Löggildingarstofa kvað upp úrskurð sinn.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

11. gr. orðist svo:

11.1 Hollustuvernd ríkisins getur gert frekari kröfur um gerð umbúða tiltekinna eiturefna og hættulegra efna eða vara sem innihalda slík efni, svo sem um form þeirra, lit, lok o.fl. Slíkar kröfur skulu birtar með auglýsingu í Stjórnartíðindum.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar eru gerðar á reglugerðinni:

a) Í stað „mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989“ í 5. mgr. 2. gr. kemur: reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.
b) Í stað „heilbrigðisráðuneytið“ í 1. mgr. 8. gr. kemur: umhverfisráðuneytið.
c) Í stað „Heilbrigðisráðherra“ í 30. gr. kemur: Umhverfisráðherra.
d) Hvarvetna þar sem í reglugerðinni segir „eiturefnanefnd“ kemur í viðeigandi beygingarfalli: Hollustuvernd ríkisins.
e) Hvarvetna þar sem í reglugerðinni segir „lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit“ kemur í viðeigandi beygingarfalli: lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
f) Hvarvetna þar sem í reglugerðinni segir „lyfjalög nr. 108/1984“ kemur í viðeigandi beygingarfalli: lyfjalög nr. 93/1994.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar eru gerðar á fylgiskjali 1, *Listi yfir eiturefni og hættuleg efni:*

a) Í stað inngangs að efnalista, *Skýringar,* kemur texti sem birtur er í I. viðauka við reglugerð þessa.
b) Flokkun tiltekinna efna breytist til samræmis við flokkun í II. viðauka við reglugerð þessa.
c) Við efnalistann bætast efni sem birt eru í III. viðauka við reglugerð þessa.
d) Efni sem birt eru í IV. viðauka við reglugerð þessa falla út af efnalista.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 1. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna, eins og henni var breytt með tilskipunum 94/069/EB og 96/054/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 14. ágúst 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI

Skýringar.

1. dálkur Heiti efna.

Efnin eru oftast nefnd með EINECS[1] eða ELINCS[2] nafni. Annars eru notuð ISO[3], IUPAC[4] eða önnur viðurkennd alþjóðleg nöfn. Litarefni eru einnig auðkennd með CI-númeri[5]. Oft eru birt fleiri en eitt nafn fyrir sama efni.
Í ákveðnum færslum eru sett fram sérstök styrkmörk fyrir neðan nafn efnis. Þessi styrkmörk skal nota við flokkun efnablandna, í stað þeirra almennu styrkmarka sem gefin eru í fylgiskjali 5, B-hluta.

Vissar færslur taka til margra efna, sbr. athugasemd A í 9. dálki hér á eftir. Heiti einstakra efna sem falla undir slíkar færslur eru yfirleitt ekki birt í efnalistanum.

Vissar færslur eru blöndur af fleiri en einu efni. Nauðsynlegt getur verið að auðkenna blönduna sem sett er á markað og þá eru hlutföllin tiltekin.

Í ákveðnum færslum er vísað til óhreininda. Dæmi um það er efni með raðnúmer 607-190-00-X: „metýlakrýlamíðómetoxýasetat (inniheldur ≥ 0,1% akrýlamíð)". Í slíkum tilfellum er tilvísunin í sviganum hluti af nafninu og skal því koma fram á merkimiða. Við nokkrar færslur er um lengri útskýringar að ræða sem birtar eru í hornklofum og þarf ekki að birta þær á merkimiða.

2. dálkur Hættuflokkun.

Hér er gefin flokkun efnis með hættuflokk og hættusetningum og byggjast kröfur um m.a. merkingar, umbúðir, notkun og sölu efnisins á henni. Flokkun efnis er einnig lögð til grundvallar við flokkun og merkingu efnablöndu. Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar fyrir hættuflokka:

Sterkt eitur:	Tx
Eitur:	T
Hættulegt heilsu:	Xn
Ætandi:	C
Ertandi:	Xi
Ofnæmisvaldandi:	H45 og/eða H43
Krabbameinsvaldandi:	Carc1, Carc2 eða Carc3
Stökkbreytandi verkun:	Mut1, Mut2 eða Mut3
Skaðleg áhrif á æxlun:	Rep1, Rep2 eða Rep3
Sprengifimt:	E
Eldnærandi:	O
Afar eldfimt:	Fx
Mjög eldfimt:	F
Eldfimt:	H10
Hættulegt umhverfinu:	N og/eða H52, H53, H59

[1] EINECS: European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances - Evrópuskrá yfir markaðssett efni.
[2] ELINCS: European List of Notified Chemical Substances - Evrópuskrá yfir tilkynnt efni.
[3] ISO: International Standardization Organization - Alþjóðlegu staðlasamtökin.
[4] IUPAC: International Union of Pure and Applied Chemistry.
[5] CI: Color Index Constitution Number.

Með hættuflokki eru birtar tilheyrandi hættusetningar. Í sumum tilfellum eru eingöngu birtar hættusetningar. Hættusetningar eru auðkenndar með númerum, sbr. fylgiskjal 3.

3. dálkur Varnaðarmerki.

Varnaðarmerki sem nota skal við merkingu efnisins, sjá fylgiskjal 2. Þar sem styrkmörk eru gefin er birt merkingin fyrir hvert styrkbil.

Í 2. dálki geta verið hættuflokkar sem ekki eru birtir í 3. dálki. Þetta stafar af því að skv. 14. gr. reglugerðarinnar skal einungis birta varnaðarmerki sem gefa til kynna mesta hættu, t.d. þarf ekki að birta varnaðarmerki Xi „Ertandi“ ef birta skal varnaðarmerki Xn „Hættulegt heilsu“.

4. dálkur Hættusetningar.

Hættusetningar sem nota skal við merkingu efnisins, sjá fylgiskjal 3. Bandstrik (-) aðskilur sjálfstæðar hættusetningar, en skástrik (/) er notað til að mynda samtengdar setningar. Þegar styrkmörk eru gefin er birt merkingin fyrir hvert styrkbil.

5. dálkur Varnaðarsetningar.

Varnaðarsetningar sem nota skal við merkingu efnisins, sjá fylgiskjal 3. Bandstrik (-) aðskilur sjálfstæðar hættusetningar, en skástrik (/) er notað til að mynda samtengdar setningar. Þegar varnaðarsetningar V1 og V2 eru í sviga má sleppa þeim á merkingu efna sem eingöngu eru ætluð til iðnaðarnota.

Ekki eru birtar varnaðarsetningar fyrir mismunandi styrkmörk. Vísað er til fylgiskjals 6 varðandi val á varnaðarsetningum.

6. dálkur CAS-nr.: Chemical Abstracts Service Registry Number - Alþjóðleg númer efna og efnasambanda.[6)]

7. dálkur EB-nr.: Númer sem gefin eru öllum efnum sem skráð eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Þau eru annaðhvort birt í Evrópuskrá yfir markaðssett efni, EINECS, eða Evrópuskrá yfir tilkynnt efni, ELINCS.[7)]

8. dálkur Raðnúmer: Númer sem efninu er gefið þegar það er tekið inn í Evrópulista yfir hættuleg efni (viðauki I við tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna).

Númerið er talnaröð af gerðinni *ABC-RST-VW-Y*, þar sem:

- *ABC* er annaðhvort sætistala þess frumefnis sem er mest einkennandi fyrir eiginleika efnisins (með einu eða tveimur núllum fyrir framan til uppfyllingar) eða flokksnúmer lífrænna efna,
- *RST* er raðtala efnisins í röðinni ABC,
- *VW* gefur til kynna á hvaða formi efnið er framleitt eða markaðssett,
- *Y* er vartala í samræmi við ISBN (International Standard Book Number).

[6)] CAS-nr. eru yfirleitt mismunandi fyrir vatnsfríar og vatnaðar myndir efnisins. CAS-nr. sem hér er tilgreint á þó eingöngu við um vatnsfríar myndir en EB-nr. á hins vegar við um báðar myndir.

[7)] EB-nr. og CAS-nr. eru yfirleitt ekki tekin með í færslum sem ná til fleiri en þriggja einstakra efna.

9. dálkur Athugasemdir.

A: Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar ber að tilgreina heiti efnis á merkimiða eins og það er birt í fylgiskjali 1. Í fylgiskjali 1 eru stundum skráð safnheiti á borð við „-sambönd“ eða „-sölt“. Þá ber að tilgreina EINECS/ELINCS-heiti eða annað viðurkennt alþjóðlegt efnaheiti (s.s. IUPAC eða ISO) á merkimiða, t.d. beryllíumklóríð fyrir $BeCl_2$.

B: Tiltekin efni (sýrur, basar o.s.frv.) eru á markaði sem vatnslausnir í mismunandi styrk, sbr. „saltpéturssýra _%“. Hér ber að tilgreina styrk lausnarinnar í hundraðshlutum á merkimiða, dæmi: „saltpéturssýra 45%“. Miðað er við hlutfall af þyngd ef annað er ekki tekið fram. Heimilt er að bæta við upplýsingum (t.d. eðlisþyngd, Baumé-gráðum) eða lýsandi orðum s.s. rjúkandi eða ís- (t.d. ísediksýra).

C: Tiltekin lífræn efni eru ýmist á markaði sem ákveðnir ísómerar eða sem blöndur ísómera. Fyrir slík efni er í fylgiskjali 1 stundum notað almennt heiti, t.d.: „xýlenól“. Hér ber að tilgreina á merkimiðanum hvort efnið er (a) tilteknir ísómerar eða (b) blanda ísómera, dæmi: a) 2,4-dímetýlfenól eða b) xýlenól (blanda ísómera).

D: Sum efni hafa tilhneigingu til sjálfkrafa fjölliðunar eða niðurbrots en eru þó venjulega seld í stöðugu formi. Efni þessi eru tilgreind í stöðugu formi í listanum. Séu efnin hins vegar á óstöðugu formi skal þess getið á merkimiðanum, t.d. metakrýlat (óstöðugt).

b) prófanir 1, 2 og 3 í lið 5.2.4.1. sýna að hann uppfyllir II. og III. hluta þessa viðauka að því er varðar mælifræðilega og tæknilega eiginleika;
c) að afloknu hverju þolprófi við aukið álag og hitaþolsprófi hafa ekki komið fram nein frávik í mælingum, sem samanborið við upphaflegan feril eru meiri en 1,5% milli Q_t og Q_{max} eða meiri en 3% milli Q_{min} og Q_t.

5.3. Vottorð um EBE-gerðarviðurkenningu.
Í vottorðinu um EBE-gerðarviðurkenningu er heimilt að gera ráð fyrir því að prófun á nákvæmni verði gerð með köldu vatni við frumsannprófun.
Þessi möguleiki er aðeins heimill ef könnun á reglum um jafngildi milli heits og kalds vatns hefur leitt það í ljós, við prófun vegna EBE-gerðarviðurkenningar, að hægt er að gera nákvæmnisprófun með köldu vatni og enn fremur að mælir sem stenst þá prófun uppfyllir einnig kröfur þær um heimiluð hámarksfrávik sem mælt er fyrir um í lið 2.1.
Þegar svo háttar til verður að koma fram á vottorðinu um EBE-gerðarviðurkenningu lýsing á þessari prófun og viðkomandi kröfum, nánar tiltekið kröfum um heimiluð frávik og rennsli við prófun.

6. EBE-frumsannprófun.

Tilhögun EBE-frumsannprófunar er lýst í reglugerð um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit nr. IX-1.

6.1. Aðferðir við sannprófun.
EBE-frumsannprófun verður að fara fram á stað sem *mælifræðistofa viðkomandi aðildarríkis* viðurkennir.
Fyrirkomulag húsnæðis á prófunarstaðnum svo og prófunarbúnaður verður að vera með þeim hætti að sannprófun geti verið áreiðanleg og skjót fyrir eftirlitsaðilann. Uppfylla verður kröfur liðar 5.2.3., nema að því er varðar hita á prófunarstaðnum þegar prófanir fara fram með köldu vatni í samræmi við ákvæði sem um það kunna að verða sett í vottorði um EBE-gerðarviðurkenningu. Heimilt er að koma málum svo fyrir á prófunarstaðnum að kleift sé að gera raðprófun á mælunum. Þrýstingurinn við frárennsli mælanna verður alltaf að vera nægilega mikill til að koma í veg fyrir loftbólumyndun og einnig er heimilt að fara fram á að sérstakar ráð-

stafanir verði gerðar til þess að koma í veg fyrir að áhrifa frá einum mæli gæti í öðrum.

Prófunarbúnaðurinn getur verið gerður úr sjálfvirkum tækjum, hjástreymislokum og rennslishemlum o.s.frv., enda sé þess gætt að hver rás milli mælanna sem prófa á og afrennslistanka sé glögglega afmörkuð og að hægt sé að kanna þéttleika rásarinnar hvenær sem er.

Heimilt er að nota hvers konar aðrennsliskerfi en ef nokkrar prófunarrásir eru í gangi í einu má ekki verða nein samverkun sem stríðir gegn kröfunum í lið 5.2.3.

Ef stýritanki er skipt í nokkur hólf verða skilveggir að vera nægilega stífir til að tryggja að rúmmál hólfsins breytist ekki um meira en 0,2% eftir því hvort aðliggjandi hólf eru full eða tóm.

6.2. Tilhögun prófunar.

Mælarnir verða að vera í samræmi við viðurkennda gerð.

EBE-frumsannprófun felur í sér þrýstiprófun og prófun á nákvæmni.

6.2.1. *Þrýstiprófun.*

Heimilt er að gera þrýstiprófunina með köldu vatni. Prófunin verður að standa í eina mínútu við 1,6-faldan hámarksvinnuþrýsting. Meðan prófunin stendur yfir má ekki koma fram leki í tengingum eða húsi mælisins.

6.2.2. *Nákvæmnisprófun.*

6.2.2.1. Nákvæmnisprófun með heitu vatni.

Nákvæmnisprófun er venjulega gerð með heitu vatni við 50 ± 5°C við að minnsta kosti þrenns konar rennsli:

a) milli 0,9 x Q_{max} og Q_{max};

b) milli Q_t og 1,1 x Q_t;

c) milli Q_{min} og 1,1 x Q_{min}.

Meðan prófunin stendur yfir verður mælirinn að standast kröfur um heimiluð hámarksfrávik eins og þau eru sett fram í lið 2.1.

Ef í ljós kemur að frávikin eru öll á einn og sama veg verður að endurstilla mælinn þannig að þau séu ekki öll umfram hálf heimiluð hámarksfrávik.

6.2.2.2. Nákvæmnisprófun með köldu vatni.

Heimilt er að nákvæmnisprófun sé gerð með köldu vatni sé það í samræmi við ákvæði vottorðsins um EBE-gerðarviðurkenningu. Þar sem svo háttar til fer prófunin fram í samræmi við þá tilhögun sem mælt er fyrir um í vottorðinu.

VIÐAUKI II

1. Rafeindamælar.

Þessi viðauki á aðeins við um heitavatnsmæla með rafeindabúnaði, sem mælir rúmmál þess heita vatns sem um þá fer. Í þessum viðauka nefnast þeir hér eftir rafeindamælar.

2. Tæknilegar kröfur.

Rafeindamælar skulu uppfylla kröfur sambærilegar þeim kröfum sem gerðar eru til heitavatnsmæla í viðauka I en þeir vinna alfarið eftir aflfræðilegum lögmálum.

Til að sýna fram á að rafeindamælir uppfylli tæknilegar kröfur þarf hann að hljóta gerðarviðurkenningu og vera frumsannprófaður í samræmi við kröfur þessa viðauka.

3. Gerðarviðurkenning.

Einungis má markaðssetja rafeindamæla hafi Löggildingarstofa veitt þeim innlenda gerðarviðurkenningu.

Gerðarviðurkenningin skal veitt hverjum þeim rafeindamæli sem stenst kröfur sambærilegar þeim sem gerðar eru til heitavatnsmælanna í viðauka I og skal hafa aðferðir EBE um mælifræðilegt eftirlit skv. reglugerð nr. 129/1994 til hliðsjónar.

Löggildingarstofu er heimilt að byggja gerðarviðurkenningu á viðurkenningum frá aðildarlöndum WELMEC og á prófunum frá prófunarstofum sem eru faggiltar innan EA til gerðarprófana á rafeindamælum.

4. Frumsannprófun.

Frumsannprófun rafeindamæla er unnin í samræmi við viðauka I og skulu mælarnir standast kröfur sambærilegar þeim sem gerðar eru til heitavatnsmælanna í viðauka I og skal hafa aðferðir EBE um mælifræðilegt eftirlit skv. reglugerð nr. 129/1994 til hliðsjónar.

Löggildingarstofu er heimilt að samþykkja frumsannprófanir rafeindamæla frá aðildarlöndum WELMEC frá prófunarstofum sem eru faggiltar innan EA til frumsannprófana á rafeindamælum.

5. Hlutverk Löggildingarstofu.

Löggildingarstofa gefur út gerðarviðurkenningu rafeindamæla samkvæmt 3. tölul.

Löggildingarstofa hefur umsjón með frumsannprófunum og leggur mat á erlendar frumsannprófanir rafeindamæla samkvæmt 4. tölul. Faggiltar prófunarstofur geta tekið að sér frumsannprófanir í umboði Löggildingarstofu.

Löggildingarstofa sker úr um hvaða kröfur eru gerðar til gerðarviðurkenningar og frumsannprófunar rafeindamæla samkvæmt þessum viðauka. Úrskurði hennar má þó vísa til ráðherra til endanlegrar ákvörðunar, enda sé það gert innan fjögurra vikna frá því að Löggildingarstofa kvað upp úrskurð sinn.

VIÐAUKI III

1. Orkumælar.

Þessi viðauki tekur til heitavatnsmæla sem samanstanda af hitaskynjurum, rennslismæli, sem mælir rúmmál, og reikniverki, sem reiknar orkuna. Í þessum viðauka nefnast þeir hér eftir orkumælar.

2. Tæknilegar kröfur.

Orkumælar skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru til þeirra í staðlinum ÍST EN 1434-5:1997.

Til að sýna fram á að orkumælir uppfylli tæknilegar kröfur þarf hann að hljóta gerðarviðurkenningu og vera frumsannprófaður í samræmi við kröfur þessa viðauka.

3. Gerðarviðurkenning.

Einungis má markaðssetja orkumæla hafi Löggildingarstofa veitt þeim innlenda gerðarviðurkenningu.

Gerðarviðurkenningin skal veitt hverjum þeim orkumæli sem stenst kröfur sem gerðar eru til þeirra í staðlinum ÍST EN 1434-5:1997 og skal hafa aðferðir EBE um mælifræðilegt eftirlit skv. reglugerð nr. 129/1994 til hliðsjónar.

Löggildingarstofu er heimilt að byggja gerðarviðurkenningu á viðurkenningum frá aðildarlöndum WELMEC og á prófunum frá prófunarstofum sem eru faggiltar innan EA til gerðarprófana á orkumælum.

4. Frumsannprófun.

Frumsannprófun orkumæla er unnin í samræmi við staðalinn ÍST EN 1434-5:1997 og skulu mælarnir standast kröfur staðalsins og skal hafa aðferðir EBE um mælifræðilegt eftirlit skv. reglugerð nr. 129/1994 til hliðsjónar.

Löggildingarstofu er heimilt að samþykkja frumsannprófanir orkumæla frá aðildarlöndum WELMEC frá prófunarstofum sem eru faggiltar innan EA til frumsannprófana á orkumælum.

5. Hlutverk Löggildingarstofu.

Löggildingarstofa gefur út gerðarviðurkenningu orkumæla samkvæmt 3. tölul.

Löggildingarstofa hefur umsjón með frumsannprófunum og leggur mat á erlendar frumsannprófanir orkumæla samkvæmt 4. tölul. Faggiltar prófunarstofur geta tekið að sér frumsannprófanir í umboði Löggildingarstofu.

Löggildingarstofa sker úr um hvaða kröfur eru gerðar til gerðarviðurkenningar og frumsannprófunar orkumæla samkvæmt þessum viðauka. Úrskurði hennar má þó vísa til ráðherra til endanlegrar ákvörðunar, enda sé það gert innan fjögurra vikna frá því að Löggildingarstofa kvað upp úrskurð sinn.

Nr. 616 18. ágúst 2000

REGLUGERÐ

um ósjálfvirkar vogir.

I. KAFLI

Gildissvið, markaðssetning og frjálsir flutningar.

1. gr.

Vog er mælitæki til að ákvarða massa hlutar með því að nota þyngdarkraftinn sem verkar á hlutinn. Vog kann einnig að vera notuð til að ákvarða aðrar stærðir, sem tengjast massa, svo sem fjölda, magn, kennistærðir eða eiginleika.

Ósjálfvirk telst vog sem stjórnandi þarf að hafa afskipti af meðan á vigtun stendur.

Þessi reglugerð tekur til allra ósjálfvirkra voga, hér eftir nefndar vogir.

Í þessari reglugerð er gerður munur á tvenns konar notkun voga:

1. a. Ákvörðun massa fyrir verslunarviðskipti.
   b. Ákvörðun massa fyrir útreikning á tollum, vörugjöldum, skatti, kaupauka eða ágóðahlut, févíti, þóknun, bótum eða greiðslum af slíkum toga.
   c. Ákvörðun massa fyrir beitingu laga eða reglugerða og álit sérfræðinga í dómsmálum.
   d. Ákvörðun massa í lækningastörfum við vigtun sjúklinga vegna eftirlits með heilbrigði, vegna sjúkdómsgreiningar og læknismeðferðar.
   e. Ákvörðun massa vegna lyfjagerðar eftir tilvísun í lyfjabúð og ákvörðun massa vegna greiningar á rannsóknarstofum fyrir læknis- og lyfjafræði.
   f. Ákvörðun verðs á grunni massa vegna beinnar sölu til almennings og vegna gerðar forpakkaðrar vöru.
2. Önnur beiting en sú sem talin er upp í 1. tölul. 4. mgr.

2. gr.

Stjórnvöld skulu beita öllum tiltækum ráðum til að tryggja að vogir séu ekki settar á markað nema þær standist viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

Stjórnvöld skulu beita öllum tiltækum ráðum til að tryggja að vogir séu ekki teknar í þá notkun sem um getur í 1. tölul. 4. mgr. 1. gr. nema þær standist viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar, þar með taldar reglur um aðferðir við samræmismat sem vísað er til í II. kafla og að þær séu með CE-merkingunum sem kveðið er á um í 10. gr.

3. gr.

Vogir, sem hafðar eru til þeirra nota sem um getur í 1. tölul. 4. mgr. 1. gr., skulu standast grunnkröfur sem fram koma í viðauka I.

Nú eru vogir tengdar við eða innihalda tæki, sem ekki eru notuð til þess sem um getur í 1. tölul. 4. mgr. 1. gr., og þurfa þau tæki þá ekki að standast grunnkröfurnar.

4. gr.

Ekki er heimilt að hindra markaðssetningu voga sem standast viðkomandi kröfur þessarar reglugerðar.

Ekki er heimilt að hindra að vogir séu teknar í þá notkun sem um getur í 1. tölul. 4. mgr. 1. gr. standist þær viðkomandi kröfur þessarar reglugerðar.

5. gr.

Vogir sem eru í samræmi við ÍST EN-45501 teljast vera í samræmi við þær grunnkröfur sem vísað er til í 3. gr. Nota skal þá útgáfu staðalsins sem gilti þegar vog fékk EB-samþrófun.

6. gr.

Ef stjórnvöld telja að samhæfðu staðlarnir, sem vísað er til 5. gr., uppfylli ekki að fullu grunnkröfurnar sem um getur í 3. gr. skal vísa málinu ásamt rökstuðningi til ESA, eftirlitsstofnunar EFTA.

7. gr.

Ef stjórnvöld komast að þeirri niðurstöðu að vogir með CE-merkingu, sem um getur í 2., 3. og 4. tölul. í viðauka II, standist ekki kröfur þessarar reglugerðar þótt þær séu rétt settar upp og hafðar til þeirra nota sem ráð er fyrir gert skulu þau gera allar viðeigandi ráðstafanir til að taka þessar vogir af markaði eða banna eða takmarka að þær séu teknar í notkun og/eða settar á markað. Tilkynna skal ESA þegar í stað um slíkar ráðstafanir og tilgreina ástæðurnar fyrir ákvörðuninni, einkum hvort ósamræmið sé vegna:

1. þess að grunnkröfunum, sem vísað er til í 3. gr., sé ekki fullnægt vegna þess að vogirnar uppfylla ekki staðlana sem vísað er til í 5. gr.,
2. þess að stöðlunum, sem vísað er til í 5. gr., hafi verið beitt á rangan hátt,
3. annmarka í sjálfum stöðlunum sem vísað er til í 5. gr.

Ef vog, sem stenst ekki kröfur, hefur CE-merkingu skal gera viðeigandi ráðstafanir gegn þeim sem hefur fest merkið á og skal tilkynna ESA það.

II. KAFLI
Samræmismat.

8. gr.

1. Votta má að vogir séu í samræmi við grunnkröfur, sem koma fram í viðauka I, með annarri af eftirfarandi málsmeðferðum eftir því sem umsækjandi kýs:

a. með EB-gerðarprófun, eins og um getur í 1. tölul. í viðauka II og síðan með EB-yfirlýsingu um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu) eins og um getur í 2. tölul. viðauka II eða EB-sannprófun eins og um getur í 3. tölul. viðauka II.
EB-gerðarprófun er þó ekki lögboðin ef um er að ræða vogir sem hafa ekki rafeindabúnað og þar sem ekki er notuð fjöður í álagsskynjara til mótvægis við álag.
b. með EB-einingarsannprófun eins og um getur í 4. tölul. viðauka II.

2. Skjöl og bréf sem tengjast málsmeðferðinni sem um getur í 1. tölul. skulu vera á íslensku eða tungumáli sem hinn tilnefndi aðili viðurkennir.

3. a. Ef vog fellur undir ákvæði annarra reglugerða sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um CE-merkingu á vog gefur þessi merking til kynna að viðkomandi vog telst einnig vera í samræmi við ákvæði þeirra reglugerða.
b. Heimili ein eða fleiri þessara reglugerða framleiðanda að velja hvaða fyrirkomulag hann notar á aðlögunartíma sýnir CE-merking að það sé eingöngu í samræmi við ákvæði þeirra reglugerða sem framleiðandi beitir. Í þessu tilviki skulu tilvísanir í þær reglugerðir sem beitt er koma fram í þeim skjölum, auglýsingum eða fyrirmælum sem krafist er í reglugerðum og fylgja slíkum tækjum.

9. gr.

Stjórnvöld tilkynna ESA um þá sem þau hafa tilnefnt til að framfylgja reglunum sem um getur í 8. gr. ásamt þeim sérstöku verkefnum sem þessum aðilum hefur verið falið að leysa af hendi. Í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB er birt skrá yfir tilnefnda aðila ásamt kenninúmerum þeirra og verkefnum sem þeim hefur verið úthlutað. ESA sér um að þessi skrá sé uppfærð.

Beita skal lágmarksskilyrðum sem mælt er fyrir um í viðauka V þegar aðilar eru valdir. Líta skal svo á að aðilar, sem uppfylla skilyrði samræmdra staðla sem faggildingarsvið Löggildingarstofu tilgreinir, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í viðauka V.

Draga skal valið til baka ef aðilinn telst ekki lengur uppfylla skilyrðin sem um getur í 2. mgr. Stjórnvöld skulu án tafar tilkynna ESA það og afturkalla tilnefninguna.

III. KAFLI
CE-merking um samræmi og áletranir.

10. gr.

CE-merking um samræmi og aðrar upplýsingar, sem lýst er í 1. lið viðauka IV, skal festa þannig að þær séu greinilegar, læsilegar og varanlegar á vogir sem CE-samræmi hefur verið staðfest fyrir.

Áletranirnar, sem um getur í 2. lið viðauka IV, skal festa þannig að þær séu greinilegar, læsilegar og varanlegar á allar aðrar vogir.

Óleyfilegt er að setja á vog merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkingar. Setja má hvers konar aðrar merkingar á vogina að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkingin sjáist vel og sé læsileg.

11. gr.

Án þess að draga úr ákvæðum 7. gr. gildir eftirfarandi:

1. Sannist að CE-merking sé á vog, sem uppfyllir ekki öll skilyrði til að bera hana, ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan EES skylda til þess að sjá um að endi sé bundinn á brotið og vogin uppfylli öll þau skilyrði um CE-merkingar sem sett eru af stjórnvöldum.
2. Sé vogin ekki lagfærð skulu stjórnvöld grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að takmarka eða banna markaðssetningu viðkomandi vogar eða tryggja að hún verði innkölluð af markaði í samræmi við ferlið sem mælt er fyrir um í 7. gr.

12. gr.

Þegar vog, sem er notuð í þeim tilgangi sem um getur í 1. tölul. 4. mgr. 1. gr., inniheldur eða er tengd við tæki sem hafa ekki fengið samræmismat eins og um getur í 8. gr. skal hvert þessara tækja bera tákn þar sem fram komi takmarkanir á notkun þess eins og tilgreint er í 3. tölul. í viðauka IV. Táknið skal fest á tækin þar sem það er greinilegt, læsilegt og varanlegt.

IV. KAFLI
Lokaákvæði.

13. gr.

Stjórnvöld skulu gera allt sem þarf til að tryggja að vog með CE-merkingu, sem vottar samræmi við allar kröfur þessarar reglugerðar, haldi áfram að fullnægja þessum kröfum.

14. gr.

Sérhver ákvörðun tekin á grunni þessarar reglugerðar til að hindra að vog sé tekin í notkun skal vandlega rökstudd með tilvísun til reglugerðarinnar. Slíka ákvörðun skal tafarlaust tilkynna viðkomandi aðila ásamt því að fræða hann um þau úrræði sem hann hefur til að leita réttar síns og innan hvaða tímamarka.

15. gr.

Markaðssetning og notkun voga er heimil til 1. janúar 2004 ef þær hafa gildar gerðarviðurkenningar útgefnar fyrir 1. janúar 1994 í samræmi við reglur sem þá giltu.

V. KAFLI
Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 27. tölul. IX. kafla II. viðauka tilskipunar 90/384/EBE ásamt síðari breytingu er varð með tilskipun 93/68/EBE frá 22. júlí 1993, um CE-merkingu, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af viðauka II, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og frá sama tíma fellur eldri reglugerð nr. 426/1994, um ósjálfvirkan vogarbúnað, úr gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. ágúst 2000.

F. h. r.
Þorgeir Örlygsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

VIÐAUKI I
Grunnkröfur.

Grunnkröfurnar, sem vogirnar er um getur í 1. tölul. 4. mgr. verða að standast, koma fram hér að aftan. Íðorðin sem notuð eru koma frá Alþjóðalögmælifræðistofnuninni.

Inngangsorð.

Þegar vog inniheldur eða er tengd við fleiri en einn álestrar- eða prentbúnað, sem notaður er í þeim tilgangi sem um getur í 1. tölul. 4. mgr., þarf búnaðurinn, sem sýnir aðeins niðurstöður vigtunar og getur ekki haft áhrif á að vogin vinni á réttan hátt, ekki að

standast grunnkröfurnar. Skilyrði er að niðurstöður vigtunar séu prentaðar eða skráðar á réttan hátt og varanlega með þeim hluta vogarinnar sem stenst grunnkröfurnar og að niðurstöðurnar séu aðgengilegar fyrir báða hlutaðeigandi aðila. Vogir sem notaðar eru við beina sölu til almennings verða að hafa álestrar- og prentbúnað fyrir seljanda og kaupanda sem stenst grunnkröfurnar.

Mælifræðilegar kröfur.

1. **Einingar massa.**
Einingar massa, sem nota á, skulu vera löglegar einingar í skilningi reglugerðar um mælieiningar nr. 128/1994.
Með fyrirvara um að þessu skilyrði sé fullnægt eru eftirfarandi einingar heimilaðar:
- SI-einingar: míkrógramm, milligramm, gramm, kílógramm og tonn.
- Eining sem ekki tilheyrir metrakerfinu er metrakarat við vigtun eðalsteina.

2. Nákvæmnisflokkar.

2.1. Skilgreindir hafa verið eftirfarandi flokkar:
I sérstök nákvæmni
II mikil nákvæmni
III millinákvæmni
IIII venjuleg nákvæmni
Skilgreiningar fyrir þessa flokka eru í töflu 1.

TAFLA 1
Nákvæmnisflokkar.

Flokkur	Skerðingargildi (e)	Lágmarksgeta (Min)	Fjöldi skerðingargilda n=Max/e	
		Lágmarks-gildi	Lágmarks-gildi	Hámarks-gildi
I	0,001 g ≤ e	100 e	50 000	–
II	0,001 g ≤ e ≤ 0,05 g 0,1 g ≤ e	20 e 50 e	100 5 000	100 000 100 000
III	0,1 g ≤ e ≤ 2 g 5 g ≤ e	20 e 20 e	100 500	10 000 10 000
IIII	5 g ≤ e	10 e	100	1 000

Lágmarksgeta minnkar í 5e fyrir vogir í II. og III. flokki sem notaðar eru til að ákvarða flutningsgjöld.

2.2. *Deilingargildi.*

2.2.1. Raunverulegt deilingargildi (d) og skerðingargildi (e) skulu vera sem hér segir: 1×10^k, 2×10^k eða 5×10^k einingar massa þar sem k er heil tala eða núll.

2.2.2. Fyrir aðrar vogir en þær sem hafa búnað fyrir nákvæmari álestur: d=e

2.2.3. Fyrir vogir, sem hafa búnað fyrir nákvæmari álestur, gildir eftirfarandi:
$e = 1 \times 10^k$ g
$d < e \leq 10$ d
nema fyrir vogir í I. flokki með $d < 10^{-4}$ g og $e = 10^{-3}$ g.

3. **Flokkun.**

3.1. *Vogir með eitt vigtunarsvið.*

Vogir, sem hafa búnað fyrir nákvæmari álestur, skulu tilheyra I. eða II. flokki. Lægri mörk lágmarksgetu fyrir þessar vogir fást úr töflu 1 með því að setja raunverulegt deilingargildi (d) í stað skerðingargildis (e) í 3. dálki.

Ef $d < 10^{-4}$ g má hámarksgeta í I. flokki vera minni en 50 000 e.

3.2. *Vogir með fleiri en eitt vigtunarsvið.*

Heimilt er að hafa fleiri en eitt vigtunarsvið á vogum að því tilskildu að það komi skýrt fram á þeim. Hvert vigtunarsvið er flokkað í samræmi við lið 3.1. Nú falla vigtunarsviðin undir mismunandi nákvæmnisflokka og skal þá vogin standast ströngustu kröfur sem gilda um þá nákvæmnisflokka sem vigtunarsviðin tilheyra.

3.3. *Vogir með margskipt vigtunarsvið.*

3.3.1. Eitt vigtunarsvið má vera skipt í marga sviðshluta. Vogir með margskiptu vigtunarsviði skulu ekki hafa búnað fyrir nákvæmari álestur.

3.3.2. Sérhver sviðshluti i, á vogum með margskiptu vigtunarsviði, er skilgreindur af:

- Skerðingargildi e_i þar sem $e_{(i+1)} > e_i$
- Hámarksgetu (Max_i) þar sem $Max_i = Max$
- Lágmarksgetu (Min_i) þar sem $Min_i = Max_{(i-1)}$
  þar sem $Min_i = Min$

þar sem:

i = 1, 2,... r

i = númer sviðshluta

r = fjöldi sviðshluta á skiptu vigtunarsviði.

Í öllum tilvikum er getan miðuð við nettóhleðslu án þess að tillit sé tekið til hugsanlegra törugilda.

3.3.3. Sviðshlutarnir eru flokkaðir eftir töflu 2. Allir sviðshlutar vogar falla undir sama nákvæmnisflokk og hún sjálf.

TAFLA 2

Vogir með margskiptu vigtunarsviði.

i = 1, 2,... r

i = númer sviðshluta

r = fjöldi sviðshluta á skiptu vigtunarsviði.

Flokkur	Skerðingargildi (e)	Lágmarksgeta (Min)	Fjöldi skerðingargilda n=Max/e	
		Lágmarks-gildi	Lágmarks-gildi[1)]	Hámarks-gildi $n=Max_i / e_i$
I	$0{,}001\ g \leq e_i$	$100\ e_1$	50 000	–
II	$0{,}001\ g \leq ei \leq 0{,}05\ g$	$20\ e_1$	5 000	100 000
	$0{,}1\ g \leq e_i$	$50\ e_1$	5 000	100 000
III	$0{,}1\ g \leq e_i$	$20\ e_1$	500	10 000
IIII	$5\ g \leq e_i$	$10\ e_1$	50	1 000

[1)] Fyrir i = r gildir samsvarandi dálkur úr töflu 1 þar sem e_r kemur í stað e.

4. **Nákvæmni.**

4.1. Þegar beitt er málsmeðferð þeirri sem um getur í 8. gr. skal frávik í álestri ekki vera meira en heimilað hámarksfrávik sem sýnt er í töflu 3. Ef um stafrænan álestur er að ræða skal leiðrétta frávik sem stafar af skekkju við að niðurstaða er rúnnuð í næstu heilu tölu.

Heimiluð hámarksfrávik gilda um gildi nettóþyngdar og töru að frátöldum fyrirframstilltum törugildum.

TAFLA 3
Heimiluð hámarksfrávik.

Flokkur I	Hleðsla		Flokkur IIII	Heimilað hámarks-frávik
	Flokkur II	Flokkur III		
$0 \leq m \leq 50\,000$ e	$0 \leq m \leq 5\,000$ e	$0 \leq m \leq 500$ e	$0 \leq m \leq 50$e	±0,5 e
$50\,000$ e $< m \leq 200\,000$ e	$5\,000$ e $< m \leq 20\,000$ e	500 e $< m \leq 2\,000$ e	50 e $< m \leq 200$ e	±1,0 e
$200\,000$ e $< m$	$20\,000$ e $< m \leq 100\,000$ e	$2\,000$ e $< m \leq 10\,000$ e	200 e $< m \leq 1\,000$ e	±1,5 e

4.2. Heimiluð hámarksfrávik við notkun eru tvöföld þau heimiluðu hámarksfrávik sem fastsett eru í lið 4.1.

5. Unnt skal vera að endurtaka vigtanir vogar og fá sömu niðurstöðu þótt notuð séu önnur álestrartæki og aðferðir við að ná jafnvægisstöðu.

Vigtunarniðurstöður skulu vera nægilega óháðar stöðu hleðslunnar á álagshluta.

6. Vog skal vera næm á litlar hleðslubreytingar.

7. **Áhrifsbreytur og tími.**

7.1. Vogir í II., III. og IIII. flokki, sem líklegt er að verði notaðar í hallandi stöðu, skulu vera nægilega ónæmar fyrir þeim halla sem orðið getur þegar vog er sett upp á eðlilegan hátt.

7.2. Vogirnar skulu standast mælifræðilegar kröfur innan þeirra hitamarka sem framleiðandi tilgreinir. Gildi þessara marka skal að minnsta kosti vera jafnt:

5°C	fyrir vog í I. flokki,
15°C	fyrir vog í II. flokki,
30°C	fyrir vog í III. eða IIII. flokki.

Ef framleiðandi hefur ekki tilgreint hitamörk gilda hitamörkin -10°C til +40°C.

7.3. Vogir sem knúnar eru með raforku frá orkuveitukerfi skulu standast mælifræðilegar kröfur við skilyrði við aðföng raforku sem eru innan eðlilegra fráviksmarka.

Vogir sem knúnar eru með raforku frá rafhlöðum skulu gefa til kynna þegar spenna fer niður fyrir það lágmarksgildi sem krafist er og annaðhvort starfa áfram á réttan hátt þegar það gerist eða stöðvast sjálfkrafa.

7.4. Rafeindavogir, að undanskildum vogum í I. og II. flokki þar sem e er minna en 1 g, skulu standast mælifræðilegar kröfur við efri hitamörk þótt hlutfallslegur raki sé mikill.

7.5. Nú stendur hleðsla á vog í II., III. eða IIII. flokki í langan tíma og skal það ekki hafa teljandi áhrif á álestur vogarinnar á meðan hleðslan er á, sem og á núllstöðu jafnskjótt og hleðslan hefur verið tekin af.

7.6. Við annars konar skilyrði skulu vogir ýmist starfa á réttan hátt eða stöðvast sjálfkrafa.

Hönnun og smíði.

8. **Almennar kröfur.**

8.1. Hönnun og smíði voga skal vera á þann veg að þær haldi mælifræðilegum eiginleikum sínum þegar þær eru settar upp og notaðar á réttan hátt í því umhverfi sem þær eru ætlaðar fyrir. Skylt er að sýna gildi massans.

8.2. Rafeindavogir skulu ekki sýna merki um alvarlega bilun þótt þær verði fyrir truflun eða skulu, að öðrum kosti, geta greint bilanir á sjálfvirkan hátt og gefið það til kynna.

Ef alvarleg villa greinist á sjálfvirkan hátt í rafeindavog skal viðvörun um hana heyrast eða sjást þar til notandi lagfærir bilunina eða hún hverfur.

8.3. Vogir skulu standast kröfurnar í liðum 8.1. og 8.2. í þann tíma sem talinn er eðlilegur miðað við þá notkun sem þær eru ætlaðar fyrir.

Á stafrænum rafeindavogum skal ætíð vera nægileg stjórn á að mæliferlið sé rétt og að álestrarbúnaður vinni rétt svo og á geymslu og flutningi gagna.

Ef alvarleg villa vegna slits greinist á sjálfvirkan hátt í rafeindavog skal viðvörun um það heyrast eða sjást þar til notandi lagar bilunina eða hún hverfur.

8.4. Nú er utanaðkomandi búnaður tengdur við rafeindavog með viðeigandi tengibúnaði og skal það ekki hafa áhrif á mælifræðilega eiginleika vogarinnar.

8.5. Vogir skulu ekki hafa neina þá eiginleika sem auðveldi sviksamleg not og möguleikar á misnotkun af vangá skulu vera svo litlir sem vera má. Íhlutar sem notanda er óheimilt að fjarlægja eða stilla skulu tryggðir gegn slíku.

8.6. Hanna skal vogir á þann veg að eftirlit það sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð megi framkvæma á fljótlegan hátt.

9. **Álestur vigtunarniðurstaðna og annarra vigtunargilda.**

Álestur vigtunarniðurstaðna og annarra vigtunargilda skal vera nákvæmur, ótvíræður og ekki villandi og álestrartækið skal leyfa auðveldan álestur við eðlileg notkunarskilyrði.

Heiti og tákn eininganna, sem um getur í 1. lið í viðauka þessum, skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um mælieiningar, nr. 128/1994, að viðbættu táknunum fyrir metrakarat sem er táknið „ct".

Álestur skal ekki vera mögulegur yfir hámarksgetu (Max), að viðbættum 9 e.

Einungis er heimilt að nota búnað fyrir nákvæmari álestur hægra megin við tugabrotskommu. Einungis er heimilt að nota búnað til að víkka út svið álestrar tímabundið og ekki skal vera hægt að prenta á meðan hann starfar.

Sýna má aukaálestra að því tilskildu að ekki sé unnt að rugla þeim saman við aðalálestra.

10. **Prentun vigtunarniðurstaðna og annarra vigtunargilda.**

Prentaðar niðurstöður skulu vera réttar, auðþekkjanlegar og ótvíræðar. Prentunin skal vera skýr, læsileg, varanleg og endingargóð.

11. **Hallastilling.**

Þegar þörf krefur skulu vogir hafa búnað til hallastillingar og nægilega næmt hallamál til að hægt sé að setja vogina upp á réttan hátt.

12. **Núllstilling.**

Heimilt er að hafa núllstillingarbúnað á vogum. Notkun slíks búnaðar skal leiða til nákvæmrar núllstillingar og má ekki valda röngum mæliniðurstöðum.

13. **Törubúnaður og fyrirframstilltur törubúnaður.**

Á vogum er heimilt að hafa einn törubúnað eða fleiri, svo og fyrirframstilltan törubúnað. Notkun slíks búnaðar skal leiða til nákvæmrar núllstillingar og tryggja rétta vigtun á nettóþyngd. Þá skal notkun fyrirframstillts törubúnaðar tryggja að reiknað nettógildi sé rétt ákvarðað.

14. **Viðbótarkröfur til voga sem notaðar eru við beina sölu til almennings er hafa ekki meiri hámarksgetu en 100 kg.**

Á vogum, sem notaðar eru til beinnar sölu til almennings, skulu allar nauðsynlegar upplýsingar um vigtunina vera sjáanlegar og kaupandi skal sjá greinilega útreikning verðs á þeirri vöru sem keypt er ef um er ræða vogir sem sýna verð.

Sé hægt að lesa söluverð af vog skal það vera nákvæmt.

Á vogum, sem reikna út verð, skal nauðsynlegur álestur vara nógu lengi til að kaupandi geti auðveldlega lesið það.

Einungis er heimilt að vogir með verðútreikningi séu notaðar til annars en vigtunar og verðútreiknings stykkjavöru ef allur álestur, sem tengist slíku, er prentaður greinilega og ótvírætt á strimil eða merkimiða fyrir viðskiptavininn.

Vogir skulu ekki hafa neina þá eiginleika sem geta valdið því að túlkun álesturs verði ekki auðveld eða einföld.

Vogir skulu tryggja kaupendur fyrir röngum söluviðskiptum sem eiga rætur að rekja til þess að þær starfa ekki rétt.

Ekki er heimilt að hafa búnað fyrir nákvæmari álestur á þessum vogum.

Einungis er heimilt að hafa aukabúnað á þessum vogum ef hann getur ekki leitt til sviksamlegra nota.

Vogir, sem svipar til voga, sem venjulega eru notaðar við beina sölu til almennings en uppfylla ekki kröfur þessa liðar, skulu hafa eftirfarandi varanlega áletrun nærri álestrarstað: „Ekki ætluð til notkunar við beina sölu til almennings“.

15. **Vogir sem prenta verðmerkimiða.**

Vogir sem prenta verðmerkimiða skulu standast kröfur um vogir sem sýna verð og notaðar eru við beina sölu til almennings svo fremi þær eigi við viðkomandi vog. Prentun á verðmerkimiða skal ekki vera möguleg fyrir magn undir lágmarksgetu.

VIÐAUKI II

1. **EB-gerðarprófun.**

1.1. EB-gerðarprófun er málsmeðferð þar sem tilnefndur aðili sannprófar og vottar að dæmigerð vog fyrir fyrirhugaða framleiðslu standist viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

1.2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan bandalagsins skal leggja fram umsókn um gerðarprófun til eins tilnefnds aðila.

Umsóknin skal innihalda:

- Nafn og heimilisfang framleiðanda og nafn og heimilisfang viðurkennda fulltrúans ef umsóknin er lögð fram af honum.
- Skriflega yfirlýsingu um að umsóknin hafi ekki verið lögð fram til annars tilnefnds aðila.
- Hönnunarlýsingu eins og lýst er í viðauka III.

Umsækjandi skal láta tilnefnda aðilanum í té dæmigerða vog fyrir fyrirhugaða framleiðslu, sem nefnist hér eftir „gerð“.

1.3. Tilnefndi aðilinn skal:

1.3.1. Athuga hönnunarlýsinguna og ganga úr skugga um að gerðin hafi verið framleidd samkvæmt lýsingunni.

1.3.2. Sammælast við umsækjanda um hvar rannsóknir og/eða prófanir eigi að fara fram.

1.3.3. Framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi rannsóknir og/eða prófanir til að ganga úr skugga um hvort lausnirnar, sem framleiðandinn velur, séu í samræmi við grunnkröfurnar þótt staðlarnir, sem um getur í 5. gr., hafi ekki verið notaðir. Framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi rannsóknir og/eða prófanir til að athuga hvort viðkomandi staðlar hafi verið notaðir í reynd þegar framleiðandinn hefur valið að nota þá svo að samræmi við grunnkröfurnar sé tryggt.

1.4. Þegar gerðin uppfyllir ákvæði þessarar reglugerðar skal tilnefndi aðilinn gefa út EB-gerðarviðurkenningarvottorð til umsækjandans. Séu einhver skilyrði fyrir gildistöku vottorðsins skal þess getið í vottorðinu en annars skal það innihalda niðurstöður rannsóknarinnar og nauðsynleg gögn sem sýna viðurkenndu gerðina og lýsingu á starfsemi hennar ef þörf krefur. Tæknileg atriði, svo sem teikningar og myndir, skulu fylgja í viðauka með EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu.

Vottorðið skal gilda í tíu ár frá útgáfudegi og það má síðan endurnýja með tíu ára gildistíma í senn.

Nú verða veigamiklar breytingar á hönnun vogar, til dæmis vegna tækninýjunga, og er þá heimilt að takmarka gildistíma vottorðsins við tvö ár með þriggja ára framlengingartímabili.

1.5. Sérhver tilnefndur aðili skal öðru hverju láta öllum aðildarríkjum í té skrá yfir:

- mótteknar umsóknir um EB-gerðarprófun,
- útgefin EB-gerðarviðurkenningarvottorð,
- umsóknir um gerðarviðurkenningarvottorð sem hefur verið hafnað,
- viðbætur og breytingar við áður útgefin gögn.

Enn fremur skal sérhver tilnefndur aðili tilkynna öllum aðildarríkjunum án tafar um afturköllun á EB-gerðarviðurkenningarvottorðum.

Hvert aðildarríkjanna skal láta þeim aðilum sem það hefur tilnefnt í té þessar upplýsingar.

1.6. Aðrir tilnefndir aðilar geta fengið afrit af vottorðunum ásamt viðaukum við þau.

1.7. Umsækjandinn skal láta tilnefnda aðilann, sem gaf út EB-gerðarviðurkenningarvottorðið, vita um allar breytingar á viðurkenndu gerðinni.

Ef viðurkenndri gerð er breytt skulu breytingarnar öðlast viðurkenningu tilnefnda aðilans sem gaf út EB-gerðarviðurkenningarvottorðið ef slíkar breytingar hafa áhrif á samræmi við grunnkröfur þessarar reglugerðar eða fyrirskipuð skilyrði um notkun tækisins. Þessi viðurkenning skal gefin í formi viðbótar við upprunalega EB-gerðarviðurkenningarvottorðið.

2. EB-yfirlýsing um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu).

2.1. EB-yfirlýsingin um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu) er málsmeðferð þar sem framleiðandi, sem uppfyllir skilyrðin í lið 2.2., lýsir því yfir að viðkomandi vogir séu í samræmi við gerðina sem lýst er í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og uppfylli viðeigandi grunnkröfur þessarar reglugerðar.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal setja CE-merkingu á allar vogir auk áletrananna sem kveðið er á um í IV. viðauka og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu.

Auk CE-merkingar skal fylgja kenninúmer tilnefnds aðila sem ber ábyrgð á EB-eftirlitinu sem um getur í lið 2.4.

2.2. Framleiðandinn skal á fullnægjandi hátt hafa komið á fót gæðakerfi eins og tilgreint er í lið 2.3. og skal sæta EB-eftirliti eins og kveðið er á um í lið 2.4.

2.3. *Gæðakerfi.*

2.3.1. Framleiðandinn skal leggja fram umsókn um viðurkenningu á gæðakerfi sínu til tilnefnds aðila.

Umsóknin skal innihalda:

- skuldbindingu um að rækja þær skyldur sem viðurkennt gæðakerfi hefur í för með sér,
- skuldbindingu um að viðhalda hagkvæmni og virkni viðurkennda gæðakerfisins.

Framleiðandinn skal láta tilnefnda aðilanum í té allar upplýsingar sem máli skipta, einkum gögn um gæðakerfið og hönnunarlýsingu vogarinnar.

2.3.2. Gæðakerfið skal tryggja samræmi voganna við gerðina eins og henni er lýst í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og við þær grunnkröfur þessarar reglugerðar sem við eiga.

Öll þau atriði, kröfur og ákvæði, sem framleiðandinn hefur tekið tillit til, skulu skráð skýrt og kerfisbundið í formi leiðbeininga, reglna og ritaðra fyrirmæla. Í þessari lýsingu á gæðakerfinu skal gera skýra grein fyrir gæðaskipulagi, áætlunum, handbókum og skýrslum.

Þar skal einkum koma fram haldgóð lýsing á:

- gæðamarkmiðum, skipulagningu og stjórnunarábyrgð og áhrifum þessa á gæði framleiðslunnar,
- framleiðsluferli, gæðaeftirliti og aðferðum við gæðatryggingu ásamt þeim kerfisbundnu aðgerðum sem verður beitt,
- rannsóknum og prófunum sem verða gerðar fyrir, eftir og meðan á framleiðslunni stendur og hve oft þær fara fram,
- aðferðum við eftirlit með gæðum tækisins og skilvirkni gæðakerfisins.

2.3.3. Tilnefndi aðilinn skal skoða og meta gæðakerfið til að ákveða hvort það uppfylli kröfurnar í lið 2.3.2. Hann gengur út frá því að samræmis við þessar kröfur sé gætt þegar um er að ræða gæðakerfi sem eru byggð á samhæfðum stöðlum á þessu sviði. Hann skal tilkynna framleiðanda um ákvörðun sína og gera hinum tilnefndu aðilunum viðvart um hana. Í tilkynningunni til framleiðandans skulu koma fram niðurstöður skoðunarinnar og komi til höfnunar skal rökstyðja hana.

2.3.4. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal gera tilnefnda aðilanum, sem viðurkenndi gæðakerfið, kunnugt um allar breytingar á því, til dæmis vegna nýrrar tækni eða nýrra meginreglna um gæði.

2.3.5. Tilnefndur aðili, sem afturkallar viðurkenningu á gæðakerfi, skal tilkynna það hinum tilnefndu aðilunum.

2.4. *EB-eftirlit.*

2.4.1. Tilgangur EB-eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn uppfylli að öllu leyti skyldur sínar vegna viðurkennda gæðakerfisins.

2.4.2. Framleiðandinn skal veita tilnefnda aðilanum aðgang til að skoða framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustaði og láta honum í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- lýsingu á gæðakerfinu,
- hönnunarlýsingu,

- gæðaskráningu, til dæmis skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólks o.s.frv.

Tilnefndi aðilinn skal öðru hverju gera úttekt til að ganga úr skugga um að framleiðandinn viðhaldi viðurkennda gæðakerfinu og noti það og skal hann gefa framleiðandanum skýrslu um úttektina.

Tilnefndi aðilinn getur einnig komið fyrirvaralaust til framleiðandans og þá getur tilnefndi aðilinn tekið út kerfið að fullu eða að hluta. Hann skal láta framleiðanda í té skýrslu um heimsóknina og úttektarskýrslu ef við á.

2.4.3. Tilnefndi aðilinn skal tryggja að framleiðandinn viðhaldi viðurkennda gæðakerfinu og noti það.

3. **EB-sannprófun.**

3.1. EB-sannprófun er ferlið sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan sambandsins framkvæmir þegar hann gengur úr skugga um og lýsir yfir að vogin, sem hefur verið prófuð samkvæmt lið 3.3., sé í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

3.2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi að vogin sé í samræmi við kröfur um gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan sambandsins skal setja CE-merkingu á allar vogir og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu.

3.3. Tilnefndur aðili skal framkvæma viðeigandi rannsóknir og prófanir til að ganga úr skugga um að vogin sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar með því að rannsaka og prófa allar vogir samkvæmt fyrirmælum í lið 3.5.

3.4. Nú þarf vog ekki að fá EB-gerðarviðurkenningu og skal þá hönnunarlýsing, sem um getur í III. viðauka, vera aðgengileg tilnefnda aðilanum óski hann þess.

3.5. Sannprófun með athugun og prófun á sérhverri vog.

3.5.1. Allar vogir skulu athugaðar og prófanirnar sem eru skilgreindar í viðkomandi staðli eða stöðlum, sbr. 5. gr., eða jafngildar prófanir, skulu gerðar, ef við á, til að tryggja að vogirnar séu í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

3.5.2. Tilnefndi aðilinn skal setja eða láta setja kenninúmer sitt á allar vogir til að staðfesta að þær samræmist kröfum og gefa út skriflegt samræmisvottorð um prófanir sem gerðar eru.

3.5.3. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal tryggja að hann geti lagt fram samræmisvottorð tilnefnds aðila sé þess óskað.

4. **EB-einingarsannprófun.**

4.1. EB-einingarsannprófun er ferli sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan sambandsins framkvæmir þegar hann gengur úr skugga um og lýsir yfir að vog sem er venjulega hönnuð fyrir tiltekna notkun og vottorðið sem um getur í 4.2. hefur verið gefið út fyrir, sé í samræmi við viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal setja CE-merkingu á vogina og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu.

4.2. Tilnefndur aðili skal rannsaka vogina og framkvæma viðeigandi prófanir, sem eru skilgreindar í viðkomandi staðli eða stöðlum, sbr. 5. gr., eða jafngildar prófanir til að tryggja að vogin sé í samræmi við viðkomandi kröfur þessarar reglugerðar.

Tilnefndi aðilinn skal setja eða láta setja kenninúmer sitt á vogina til að staðfesta að hún samræmist kröfum og gefa út skriflegt samræmisvottorð um prófanir sem gerðar eru.

4.3. Markmiðið með tæknilegri hönnunarlýsingu vogar, eins og um getur í III. viðauka, er að gera kleift að meta hvort farið sé að kröfum þessarar reglugerðar og skilja hönnun, framleiðslu og virkni vogarinnar. Hönnunarlýsingin skal vera aðgengileg tilnefndum aðila.

4.4. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal tryggja að hann geti lagt fram samræmisvottorð tilnefnds aðila sé þess óskað.

5. **Sameiginleg ákvæði.**

5.1. Heimilt er að EB-yfirlýsing um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu), EB-sannprófun og EB-einingarsannprófun fari fram á vinnusvæði framleiðanda eða á einhverjum öðrum stað, að því tilskildu að ekki þurfi að taka vogina í sundur vegna flutnings, að ekki þurfi að setja vogina saman á notkunarstað eða annars konar tæknileg uppsetning að eiga sér stað er haft gæti áhrif á starfsemi vogarinnar. Taka verður tillit til gildis þyngdarkrafts á notkunarstað ef vogin er háð breytingum á þyngdarkrafti. Í öllum öðrum tilvikum skal yfirlýsing um gerðarsamræmi og sannprófanir fara fram á notkunarstað vogarinnar.

5.2. Nú er starfsemi vogar háð breytingum á þyngdarkrafti og er þá heimilt að málsmeðferð, sem um getur í lið 5.1., fari fram í tveimur áföngum og skal þá seinni áfanginn felast í öllum skoðunum og prófunum þar sem þyngdarkraftur getur haft áhrif á niðurstöður en sá fyrri felast í öllum öðrum skoðunum og prófunum. Seinni áfanginn skal fara fram á notkunarstað vogarinnar. Hafi aðildarríki ákvarðað þyngdarsvæði á yfirráðasvæði sínu jafngildir fullyrðingin „á notkunarstað vogarinnar“ orðunum „á þyngdarsvæði notkunarstaðar vogarinnar“.

5.3.

5.3.1. Nú hefur framleiðandi ákveðið að skipta öðru ferlinu, sem um getur í lið 5.1., í tvo áfanga en umsjón með áföngunum er ekki á hendi eins og sama aðila og skal þá vogin, sem hefur farið í gegnum fyrri áfangann, bera auðkenni tilnefnda aðilans sem sá um þann áfanga.

5.3.2. Aðilinn sem sá um fyrri áfangann skal gefa út vottorð fyrir sérhverja vog þar sem fram komi nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á vogina og þar sem tilgreindar eru skoðanir og prófanir sem gerðar hafa verið.

Aðilinn sem sér um seinni áfanga ferlisins skal gera þær skoðanir og prófanir sem ekki hafa þegar verið gerðar.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal tryggja að hann geti lagt fram samræmisvottorð tilnefnds aðila sé þess óskað.

5.3.3. Framleiðanda, sem ákveður að EB-yfirlýsing um gerðarsamræmi (ábyrgð á gæðum framleiðslu) skuli vera hluti af fyrri áfanga, er heimilt að hafa sama hátt á í seinni áfanga eða halda áfram í seinni áfanga með EB-sannprófun.

5.3.4. Setja skal CE-merkingu á vogina eftir að seinni áfanga er lokið ásamt kenninúmeri tilnefnda aðilans sem sá um áfangann.

VIÐAUKI III
Hönnunarlýsing.

Tæknileg lýsing skal gera hönnun, framleiðslu og notkun vogar auðskiljanlega og gera kleift að meta hvort farið sé að kröfum þessarar reglugerðar.

Lýsingin skal innihalda eftirfarandi upplýsingar að svo miklu leyti sem þær eru nauðsynlegar fyrir matið:

- almenna lýsingu á gerðinni,
- heildarhönnun og framleiðsluteikningar, myndir af íhlutum, undireiningum, rafrásum o.s.frv.,
- nauðsynlegar lýsingar og útskýringar til skilnings á framangreindu, þar með talið notkun vogarinnar,
- skrá yfir staðlana, sem um getur í 5. gr. og gilda að öllu eða einhverju leyti, og lýsing á þeim lausnum sem eru valdar í því skyni að uppfylla grunnkröfurnar þar sem staðlarnir, sem um getur í 5. gr., hafa ekki verið notaðir,
- niðurstöður útreikninga sem gerðir voru við hönnun og niðurstöður prófana o.s.frv.,
- prófunarskýrslur,
- gerðarviðurkenningarvottorð og niðurstöður tilheyrandi prófana á vogum sem hafa íhluta sem eru samsvarandi íhlutum í hönnuninni.

VIÐAUKI IV

1. **Vogir sem þurfa að gangast undir EB-samræmismat.**

1.1. Á þessum vogum skulu vera:

a)

- CE-samræmismerking er CE-tákn eins og lýst er í VI. viðauka ásamt tveimur síðustu tölum ártals fyrir árið þegar það var sett á,
- kenninúmer tilnefnda aðilans eða aðilanna sem sáu um EB-eftirlit eða EB-sannprófun. Þessi merki og áletranir skulu sett á vogina þannig að þau standi saman svo greinilegt sé.

b) Grænn ferhyrndur límmiði, 12,5 mm × 12,5 mm að stærð hið minnsta, með hástafnum „M“, prentuðum í svörtum lit.

c) Eftirfarandi áletranir:

- númer EB-gerðarviðurkenningarvottorðs, eftir því sem við á,
- auðkenni framleiðanda eða nafn,
- nákvæmnisflokkur, ritaður innan í sporöskjulaga feril eða á milli tveggja láréttra lína sem eru tengdar saman til endanna með tveimur hálfhringjum,
- hámarksgeta, táknuð með Max,
- lágmarksgeta, táknuð með Min,
- skerðingargildi, táknað með e =,
- tveir síðustu stafirnir í ártalinu fyrir árið þegar CE-merking var sett á.

Eftirfarandi áletranir skulu einnig vera á vogunum ef við á:

- raðnúmer,
- auðkenni á hverja einingu séu vogir gerðar úr aðskildum en þó tengdum einingum,
- deilingargildi ef það er ekki það sama og e, táknað með d =...,
- hámarksviðbót vegna töru, táknuð með T = + ...,
- hámarksfrádráttur vegna töru ef hann er annar en Max, táknaður með T = -...,
- deilingargildi fyrir töru ef það er annað en d, táknað með dT = ...,
- hámarksöryggishleðsla ef hún er önnur en Max, táknuð með Lim...,
- sérstök hitamörk, táknuð með ....°C/ ....°C,
- hlutfall milli álagshluta og hleðslu.

1.2. Vogirnar skulu þannig gerðar að auðvelt sé að koma fyrir á þeim CE-samræmismerkingu og/eða áletrunum. Merkingar og áletranir skulu þannig gerðar að ekki sé mögulegt að fjarlægja þær óskaddaðar. Þær skulu vera sýnilegar þegar vogin er í eðlilegri notkunarstöðu.

1.3. Ef notuð er merkiplata skal vera hægt að innsigla hana nema ekki sé hægt að fjarlægja hana án þess að eyðileggja hana. Ef unnt er að innsigla plötuna skal vera hægt að setja á hana eftirlitsmerki.

1.4. Áletranirnar Max, Min, e og d skulu sýndar nærri þeim stað sem niðurstöður birtast séu þær ekki þar fyrir.

1.5. Á álagsmælibúnað, sem er tengdur eða hægt er að tengja við einn eða fleiri álagshluta, skulu vera viðeigandi áletranir um álagshlutana.

2. **Aðrar vogir.**

Á öðrum vogum skulu vera:

- auðkenni framleiðanda eða nafn hans,
- hámarksgeta, táknuð með Max.

Á þessum vogum mega ekki vera límmiðarnir sem kveðið er á um í b-lið liðar 1.1.

3. **Tákn um takmarkaða notkun sem getið er um í 12. gr.**

Þetta tákn er gert úr hástafnum „M“, prentuðum í svörtum lit á ferhyrndan, rauðan bakgrunn, 25 mm × 25 mm að stærð hið minnsta, undir tveimur skálínum sem skerast og mynda kross.

VIÐAUKI V

Hér að neðan eru tilgreind lágmarksskilyrði, sem aðildarríkin skulu beita, þegar tilnefndir eru aðilar sem sinna skulu verkefnum er lúta að málsmeðferðinni sem um getur í 9. gr.

1. Aðilarnir skulu hafa yfir að ráða nauðsynlegum búnaði og starfsmönnum.
2. Starfsmenn skulu búa yfir tæknilegri færni og faglegum heilindum.
3. Tilnefndir aðilar skulu, við prófanir, skýrslugerð, útgáfu vottorða og eftirlit samkvæmt þessari reglugerð, vera óháðir öllum samböndum, hópum eða einstaklingum sem hafa beina eða óbeina hagsmuni sem tengjast ósjálfvirkum vogum.
4. Starfsmenn skulu bundnir þagnarskyldu.
5. Ábyrgðartrygging skal vera fyrir hendi nema ríkið hafi þessa ábyrgð samkvæmt landslögum.

Aðildarríkin skulu kanna öðru hverju hvort skilyrðin í tveimur fyrstu undirliðunum séu uppfyllt.

VIÐAUKI VI

CE-samræmismerking.

- CE-samræmistáknið skal samanstanda af hástöfunum „CE“ með eftirfarandi útliti:



- Ef CE-táknið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan vera óbreytt.
- Einstakir hlutar CE-merkingar skulu að svo miklu leyti sem unnt er hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera lægri en 5 mm.

18. ágúst 2000 Nr. 617

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Laxár og Krákár.

Jarðir:	*Einingar:*
1. Presthvammur	20,7
2. Kasthvammur	37,5
3. Árhvammur	37,5
4. Hólar	38,6
5. Árhólar	19,3
6. Hamar	49,8
7. Hofsstaðir	179,2
8. Nónbjarg	32,8
9. Geirastaðir	32,8
10. Haganes	39,3
11. Arnarvatn I	30,3
12. Arnarvatn II	30,3
13. Arnarvatn III	30,3

Jarðir:	*Einingar:*
14. Arnarvatn IV	30,3
15. Litlaströnd	1,8
16. Baldursheimur I	2,9
17. Baldursheimur II	1,5
18. Þórólfshvoll	4,4
19. Heiði	0,3
20. Bjarnastaðir	0,3
21. Gautlönd I	1,6
22. Gautlönd II	0,8
23. Helluvað I	49,5
24. Helluvað II	24,8
25. Laxárbakki	24,8
26. Brettingsstaðir	42,9
27. Ljótsstaðir	32,1
28. Auðnir	41,7
29. Þverá	29,1
30. Halldórsstaðir I	9,3
31. Halldórsstaðir II	4,8
32. Halldórsstaðir III	7,1
33. Halldórsstaðir IV	7,1
34. Birningsstaðir	54,1
35. Brúar	1,6
36. Hvoll	1,6
37. Staðarhóll	1,6
38. Grenjaðarstaður	1,6
39. Búvellir	1,6
40. Aðalból	1,6
41. Álftagerði I	1,2
42. Álftagerði II	1,2
43. Álftagerði III	1,4
44. Álftagerði IV	1,0
45. Skútustaðir I	6,6
46. Skútustaðir II	3,3
47. Skútustaðir III	3,3
48. Grænavatn I	5,7
49. Grænavatn II	5,7
50. Grænavatn III	5,7
51. Grænavatn IV	5,7
Samtals	***1000,00***

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. ágúst 2000.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 91 – 2000

30. ágúst 2000 1909 Nr. 618

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 176/1998 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu og viðarvörn.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota viðarvarnarefni sem í er meira en 0,1%[1] af pentaklórfenóli, söltum þess eða esterum.

2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Óheimilt er að flytja inn, selja eða dreifa trjáviði sem meðhöndlaður hefur verið með efnum sem bönnuð eru samkvæmt ákvæðum 5. gr.

Óheimilt er að flytja inn, selja eða dreifa trjáviði sem meðhöndlaður hefur verið með efnum sem bönnuð eru samkvæmt ákvæðum 6. gr. nema til nota í samræmi við ákvæði 8. gr.

3. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Nýjan trjávið sem meðhöndlaður hefur verið með viðarvarnarefnum, sbr. ákvæði 6. gr., má einungis nota í faglegum tilgangi og í iðnaði, t.d. í tengslum við samgöngur, raforkuflutninga og fjarskiptatækni, í girðingar og mannvirki við hafnir og siglingaleiðir. Heimilt er að setja á endursölumarkað eldri trjávið sem meðhöndlaður hefur verið með slíkri viðarvörn.

Óheimilt er að nota trjávið sem meðhöndlaður hefur verið með viðarvarnarefnum, sbr. 6. gr., inni í byggingum hvort sem um er að ræða íbúðarhús, orlofshús eða vinnustaði. Slíkan við er einnig óheimilt að nota til endurvinnslu eða í ílát sem ætluð eru til ræktunar, svo og við framleiðslu á umbúðum sem geta komist í snertingu við hráefni eða vörur sem ætlaðar eru til neyslu.

Óheimilt er að nota nýjan og eldri við, sem meðhöndlaður hefur verið samkvæmt ákvæðum 6. gr., á leikvöllum, skemmtisvæðum fyrir almenning og á öðrum stöðum utanhúss þar sem hætta er á að viðurinn komist í snertingu við húð.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

[1] Hlutfall miðað við þyngd.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna, ásamt breytingum í tilskipun 1999/51/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 413/2000 um breytingu á reglugerð nr. 176/1998 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu og viðarvörn.

Umhverfisráðuneytinu, 30. ágúst 2000.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 619 30. ágúst 2000

REGLUGERÐ

um bann við notkun gróðurhindrandi efna sem í eru kvikasilfurssambönd, arsensambönd og lífræn tinsambönd.

1. gr.
Gildissvið og skilgreiningar.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til málningar og annarrar efnavöru sem ætluð er til að hindra vöxt gróðurs og annarra lífvera á ýmsum tækjabúnaði og mannvirkjum.

Lífræn tinsambönd taka í þessari reglugerð til efnasambanda þar sem tin er bundið alkýl- eða akrýlhópum, t.d. tríbútýltin.

Gróðurhindrandi efni taka til efna sem ætlað er að halda í skefjum vexti og hindra bólfestu gróðurs (örvera og æðri plantna- og dýrategunda) á skipum, fiskeldisbúnaði eða öðrum byggingum og búnaði sem notaður er í vatni.

2. gr.
Takmarkanir.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota lífræn tinsambönd sem gróðurhindrandi efni í málningu ef tinsamböndin eru á óbundnu formi í málningunni (free association antifouling paint).

Óheimilt er að nota gróðurhindrandi efni sem í eru kvikasilfurssambönd, arsensambönd eða lífræn tinsambönd á báta, skipskrokka, búr, flotbúnað, net eða önnur tæki eða búnað fyrir fisk- eða skelfiskseldi. Einnig er óheimilt að nota slík efni á tæki og hluti sem eru alveg eða að hluta til undir vatni.

Óheimilt er að nota kvikasilfurssambönd, arsensambönd eða lífræn tinsambönd við meðhöndlun iðnaðarvatns, óháð notkun vatnsins.

3. gr.
Undanþágur.

Bann samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tekur ekki til notkunar lífrænna tinsambanda á skip sem eru lengri en 25 metrar að mestu lengd (skv. ISO-staðli 8666). Undanþága þessi nær þó ekki til skipa sem notuð eru á ám, vötnum eða skipaskurðum.

4. gr.
Sala og merking.

Gróðurhindrandi efni með lífrænum tinsamböndum, sbr. 3. gr., má einungis selja í umbúðum sem eru a.m.k. 20 lítrar og þá einungis til faglegra nota.

Umbúðir slíkra efna skulu, auk annarra lögbundinna merkinga, merktar með eftirfarandi áletrun með skýru og óafmáanlegu letri: „Notist ekki á skip eða báta styttri en 25 metra að mestu lengd. Notist ekki á skip eða báta, óháð lengd, sem notaðir eru á ám, vötnum eða skipaskurðum. Notist ekki á tæki eða búnað sem notaður er til fisk- eða skelfiskseldis. Notist einungis af fagfólki".

5. gr.
Eftirlit.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

6. gr.
Viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

7. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna, ásamt breytingum í tilskipunum 89/677/EBE og 1999/51/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 516/1994 um bann við notkun á efnum sem innihalda kvikasilfurssambönd, arsenefnasambönd og lífræn efnasambönd tins (tríbútýltin).

Umhverfisráðuneytinu, 30. ágúst 2000.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

30. ágúst 2000 Nr. 620

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 687, 14. desember 1997, um dragnótaveiðar.

1. gr.

Á eftir 1. málslið 2. mgr. 3. gr. kemur nýr málsliður er orðist svo: Flytjist heimilisfesti útgerðar út fyrir leyfissvæði, er þó heimilt að veita skipi í eigu þeirrar útgerðar leyfi til dragnótaveiða á sama leyfissvæði og það hafði veiðileyfi á fyrir flutninginn, enda sé skráning skipsins óbreytt og það gert áfram út frá sömu höfn.

2. gr.

Frá og með 1. janúar 2001 er felld úr gildi 4. gr. reglugerðarinnar. Frá sama tíma falla niður orðin: „dragnótaleyfi til kolaveiða, sbr. 4. gr.“ í 2. gr.

3. gr.

Í stað: „15. júlí“ í 1. mgr. 5. gr. komi: 15. ágúst.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. ágúst 2000.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 621 30. ágúst 2000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/2000 um álagningu spilliefnagjalds.

1. gr.

Við viðauka VIII bætist eftirfarandi:

Úr 89. kafla tollskrárinnar:

8901	**Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða, ferjur, flutningaskip, vöruflutningaprammar og svipuð för til flutnings á mönnum eða vörum:**	
	– Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða og svipuð för aðallega hönnuð til flutninga á mönnum; ferjur hvers konar:	
8901.1001	– – Ferjur, hvers konar	21,00 kr./kg rafgeyma
8901.1009	– – Önnur	21,00 kr./kg rafgeyma
8901.2000	– Tankskip	21,00 kr./kg rafgeyma
8901.3000	– Kæliskip, þó ekki skip í nr. 8901.2000	21,00 kr./kg rafgeyma
	– Önnur för til flutninga á vörum og önnur för til flutninga bæði á mönnum og vörum:	
8901.9001	– – Notuð	21,00 kr./kg rafgeyma
8901.9009	– – Annars	21,00 kr./kg rafgeyma
8902	**Fiskiskip; verksmiðjuskip og önnur för til vinnslu eða geymslu á sjávarafurðum:**	
	– Vélskip:	
	– – Meira en 250 rúmlestir:	
8902.0011	– – – Notuð	21,00 kr./kg rafgeyma
8902.0019	– – – Önnur	21,00 kr./kg rafgeyma
	– – Meira en 100 til og með 250 rúmlestir:	
8902.0021	– – – Notuð	21,00 kr./kg rafgeyma
8902.0029	– – – Önnur	21,00 kr./kg rafgeyma
	– – 10 til og með 100 rúmlestir:	
8902.0031	– – – Notuð	21,00 kr./kg rafgeyma
8902.0039	– – – Önnur	21,00 kr./kg rafgeyma
	– – Önnur:	
8902.0041	– – – Notuð	21,00 kr./kg rafgeyma
8902.0049	– – – Annars	21,00 kr./kg rafgeyma

	– Önnur:	
8902.0091	– – Notuð	21,00 kr./kg rafgeyma
8902.0099	– – Annars	21,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8903	**Snekkjur og önnur skemmtiför eða sportför; árabátar og kanóar:**	
8903.1009	– – Annað	21,00 kr./kg rafgeyma
	– Annað:	
8903.9100	– – Seglbátar, einnig með hjálparvél	21,00 kr./kg rafgeyma
8903.9200	– – Vélbátar, þó ekki fyrir utanborðsvél	21,00 kr./kg rafgeyma
8903.9909	– – Aðrir	21,00 kr./kg rafgeyma
8904 8904.0000	**Dráttarbátar og för til að ýta öðrum förum**	21,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8905	**Vitaskip, slökkviskip, dýpkunarskip, flotkranar, og önnur fljótandi för sem ætluð eru aðallega til annars konar notkunar en siglinga; flotkvíar; fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar:**	
8905.1000	– Dýpkunarskip	21,00 kr./kg rafgeyma
8905.2000	– Fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar	21,00 kr./kg rafgeyma
	– Annað:	
8905.9009	– – Annars	21,00 kr./kg rafgeyma
8906 8906.0000	**Önnur för, þar með talin herskip og björgunarbátar, þó ekki árabátar**	21,00 kr./kg rafgeyma
8908 8908.0000	**För og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs**	21,00 kr./kg rafgeyma

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 1. september 2000 og tekur til allra vara sem þá eru ótollafgreiddar.

Umhverfisráðuneytinu, 30. ágúst 2000.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

31. ágúst 2000 Nr. 622

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður frá og með 1. september 2000 til og með 30. júní 2001 verði 20% af dilkum sem slátrað verður í september og október, 12% af slátrun 1.-18. nóvember en eftir það 0%. Útflutningshlutfall verði ákveðið 0% af kjöti af fullorðnu fé.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. ágúst 2000.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 857/1999 um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

1. gr.

3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna, ásamt breytingum í tilskipun 1999/51/EB.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 30. ágúst 2000.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 624 31. ágúst 2000

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Hellnahraun.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 31. ágúst 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Um er að ræða landnotkunarbreytingu Hellnahrauns þar sem almennum grænum svæðum/opnum svæðum er breytt í athafnasvæði, sbr. uppdrátt skipulags- og umhverfisdeildar Hafnarfjarðar dagsettan 8. maí 2000 og breytingu á honum dagsetta 7. júní 2000.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 31. ágúst 2000.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 92 – 2000

4. september 2000. 1915 Nr. 625

REGLUGERÐ

um verndun smáfisks við togveiðar norður af Vestfjörðum.

1. gr.

Allar veiðar með fiskivörpu eru bannaðar á svæði norður af Vestfjörðum, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°36'40N – 23°42'50V
2. 66°57'00N – 23°22'00V
3. 67°11'00N – 21°20'00V
4. 67°10'00N – 20°32'00V
5. 66°54'47N – 20°39'00V
6. 66°53'60N – 20°52'33V
7. 67°04'00N – 20°42'00V
8. 67°06'50N – 20°48'50V
9. 67°02'00N – 22°00'00V
10. 66°57'50N – 22°00'00V

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru veiðar með fiskivörpu heimilar á svæðinu, sé varpan búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 486, 4. ágúst 1998, um gerð og búnað smáfiskaskilju.

3. gr.

Heimildir til veiða með fiskivörpu á framangreindu svæði takmarkast af ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum.

4. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 6. september 2000 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. september 2000.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 92, nr. 625. Útgáfudagur 4. september 2000.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 2000

Nr. 626 1916 5. september 2000

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 451/2000 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á papriku í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Úr tollnúmeri:					
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	05.09. – 30.09.00	ótilgr.	15	199

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. september 2000.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Sigríður Norðmann.

Nr. 627 5. september 2000

REGLUGERÐ

um verndun smáfisks við togveiðar norður af Vestfjörðum.

1. gr.

Allar veiðar með fiskivörpu eru bannaðar á svæði norður af Vestfjörðum, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°42'50N – 23°42'50V
2. 66°57'00N – 23°22'00V
3. 67°11'00N – 21°20'00V
4. 67°10'00N – 20°32'00V
5. 66°54'47N – 20°39'00V
6. 66°53'60N – 20°52'33V
7. 67°04'00N – 20°42'00V
8. 67°06'50N – 20°48'50V
9. 67°02'00N – 22°00'00V
10. 66°57'50N – 22°00'00V

Gutenberg

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru veiðar með fiskivörpu heimilar á svæðinu, sé varpan búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 486, 4. ágúst 1998, um gerð og búnað smáfiskaskilju.

3. gr.

Heimildir til veiða með fiskivörpu á framangreindu svæði takmarkast af ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum.

4. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 6. september 2000 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar nr. 625, 1. september 2000, með sama heiti.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. september 2000.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 94 – 2000

Nr. 628 1918 22. ágúst 2000

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Gerðahrepps að fasteignum, jörðum og landi innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., nr. 22/1932 og 31. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, hefur hreppsnefnd Gerðahrepps samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum eignum:

Land/mannvirki	*Skráður eigandi*
Útskálar	Ríkissjóður. Dagmar Árnadóttir.
Gauksstaðir	Gísli, Jóhannes, Þórður, Einar, Jón, Kristín, Sveinbjörg, Ástráður, Kristín Á., Sigurlaug, Sigríður og Þorsteinn Jóhannesarbörn, og Gunnþórunn Þorsteinsdóttir.
Gauksstaðir	Kristín Ingimundardóttir.
Krókur	Magnús og Sigurður Magnússynir, og Hörður Gíslason.
Krókvöllur	Hulda R. Matthíasdóttir, Fiskverkunin Háteigur ehf., Ásgeir Kjartansson og Sólveig B. Gränz.
Miðhús	Margrét Sæmundsdóttir, Rafn Torfason og Auður Guðmundsdóttir.
Kothús I og II	Jón Eggertsson og Baldvin Njálsson.
Varir	Þorvaldur Halldórsson.
Gerðar I	Björg Björnsdóttir og Finnbogi Björnsson.
Gerðar II	Árni Sveinsson og Bergþór Baldvinsson.
Ívarshús	Kristján Jónsson og Guðrún Sveinbjörnsdóttir.
Ívarshús II	Jón Þorkelsson og Gísli Eggertsson.
Smærnavöllur	Þorbergur Guðmundsson.
Meiðastaðir (suðurbýli)	Anton Sumarliðason og Guðlaugur Sumarliðason.
Meiðastaðir (vesturbýli)	Guðfinna Jónsdóttir.
Meiðastaðir (vesturbýli)	Fiskþurrkun ehf.
Meiðastaðir	Gunnar Einarsson, Finnbjörn Guðjónsson, Þorvaldur Markússon, Jónas Árnason og Gunnar Hámundarson ehf.
Meiðastaðir (vesturbýli)	Jón Eiríksson, Anton Sumarliðason og Guðlaugur Sumarliðason.
Meiðastaðir (óskipt)	Karl Njálsson.
Meiðastaðir (austurbýli)	Björg Erlendsdóttir, Fiskþurrkun ehf., Erlendur Guðlaugsson og Arnrún Karlsdóttir.

Gutenberg

Lambastaðir	Þorgeir Magnússon, Helga, Þorsteinn, Magnúsína, Guðrún, Guðmar, Símon, Gróa, Rannveig, Guðmunda, Valgerður og Einar Þorgeirsbörn, og Valur, Valdimar og Þorgeir Þorgeirsbörn.
Lambastaðir II	Guðmundur Þorgeirsson.
Hof I	Sigrún og Kári Sigurbergsbörn.
Hof II	Ísleifur Jónsson og Ellen Einarsdóttir.
Rafnkelsstaðir	Gunnar G. Guðmundsson og Sigurður Björnsson.
Rafnkelsstaðir II	Gunnar Hámundarson ehf.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í fimm ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til upplýsinga og eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Umhverfisráðuneytinu, 22. ágúst 2000.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

19. ágúst 2000 Nr. 629

AUGLÝSING

um deiliskipulag fjallaskála við Tjaldafell, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag fjallaskála við Tjaldafell, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 19. ágúst 2000.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

23. ágúst 2000 Nr. 630

AUGLÝSING

um deiliskipulag að Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag að Borg, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 23. ágúst 2000.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um (9.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni, skulu breytast þannig:
Í 5. gr. komi kr. 32.513 í stað kr. 30.386.
Í 6. gr. komi kr. 32.513 í stað kr. 30.386.
Í 10. gr. komi kr. 32.513 í stað kr. 24.412.
Í 14. gr. komi kr. 32.513 í stað kr. 24.412.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30. sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 með síðari breytingu, öðlast gildi 1. september 2000.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. ágúst 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nr. 632 24. ágúst 2000

SAMÞYKKT

um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Skorradalshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skorradalshrepps annast eða býður út sorphirðu í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirðan fram undir yfirstjórn hreppsnefndar og er háð eftirliti heilbrigðiseftirlits.

2. gr.

Ábúendur lögbýla, eigendur sumarbústaða, íbúða og hjólhýsa, sem notuð eru sem sumarbústaðir og fyrirtæki skulu sjálf sjá um að koma sorpi í gáma sem sveitarfélagið tekur á leigu og sér um að losa eftir þörfum.

3. gr.

Í sorpgáma má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp. Óheimilt er að setja í gámana mold, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h., glóð eða heita ösku. Spilliefnum skal skila á viðurkenndan móttökustað.

4. gr.

Allt sorp sem fellur undir 3. gr. skal koma með á afmarkað svæði samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðiseftirlits. Undanþegin eru þó spilliefni sem skila verður á viðurkenndan móttökustað.

5. gr.

Sorphirða samkvæmt 4. gr. greiðist af hreppssjóði. Þó er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorpförgunar- og sorpeyðingargjald) samkvæmt gjaldskrá sem Skorradals-

hreppur setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sorphirðugjaldið skal lagt á hverja þá fasteign eða svæði, sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og umfang starfsemi. Skorradalshreppur skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

6. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðiseftirlits eða oddvita hreppsins.

7. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og/eða geymslu sorps skal brotið tilkynnt til sveitarstjórnar eða heilbrigðiseftirlits, sem gerir viðeigandi ráðstafanir til að bætt verði úr. Óheimilt er sorphirðumönnum eða öðrum að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

8. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Skorradalshrepps er hér með staðfest samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 24. ágúst 2000.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

23. ágúst 2000 Nr. 633

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. september 2000 að telja um 0,7% frá því sem þær voru í ágúst 2000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. ágúst 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Efnaverksmiðjuna Sjöfn, Austursíðu 2, 603 Akureyri, kt. 580269-3899. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. janúar 2001.

Reykjavík, 18. ágúst 2000.

Hollustuvernd ríkisins,

Leifur Eysteinsson forstjóri.

Davíð Egilson
forstöðumaður.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 484/1998 um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða.

1. gr.

Við 2. gr. bætist f-liður sem orðast svo:
júgur af öllum kvendýrum nema grísum.

2. gr.

a-liður 1. gr. viðauka I orðist svo:

Skrokkar af gimbrarlömbum að tólf mánaða aldri og skrokkar af hrútlömbum sem slátrað er fyrir 26. október og eftir 1. mars, svo og skrokkar af geltum hrútlömbum, að 12 mánaða aldri, enda hafi þau verið gelt í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir slátrun. Þeir skulu auðkenndir með bókstafnum D.

e-liður 1. gr. viðauka I orðist svo:

Skrokkar af fullorðnum og veturgömlum hrútum sem slátrað er eftir 10. október og lambhrútum sem slátrað er eftir 25. október til og með 1. mars. Þeir skulu auðkenndir með bókstafnum H.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 22. ágúst 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

GJALDSKRÁ

embættis veiðistjóra vegna hæfnisprófa og veiðinámskeiða fyrir veiðimenn.

1. gr.

Veiðistjóri heldur hæfnispróf fyrir veiðimenn og veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófa á fyrirfram auglýstum tíma. Embættinu er heimilt að taka gjald vegna hæfnisprófa og námskeiða í samræmi við eftirfarandi:

	Gjald
Prófgjald fyrir hæfnispróf á auglýstum próftíma embættisins	4.000 kr.
Prófgjald fyrir hæfnispróf utan auglýstra próftíma embættisins, að óskum viðkomandi einstaklings (einkapróf)	5.000 kr.
Veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófi og hæfnispróf	6.000 kr.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 11. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum, ásamt áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 24. ágúst 2000.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

22. ágúst 2000 Nr. 637

REGLUGERÐ

um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) skv. lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) skv. 2. mgr. 11. gr., 4. mgr. 12. gr. og 1. - 6. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. september 2000 að telja um 7% frá því sem þau voru í ágúst 2000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. ágúst 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Mörkin 8, aðkoma og byggingarreitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 18. júlí 2000 samþykkt breytingu á skipulagi lóðar nr. 8 við Mörkina. Ný, sameiginleg aðkoma er gerð fyrir lóðirnar nr. 6 og 8 og byggingarreitur lóðar nr. 8 stækkaður.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 31. ágúst 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

Nr. 639 23. ágúst 2000

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Bessastaðahreppi.

Lóðin Suðurtún 7.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsráð Bessastaðahrepps þann 17. ágúst 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Suðurtúns 7 í Bessastaðahreppi. Breytingin er í fólgin í stækkun ytri byggingarreits á lóðinni.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 23. ágúst 2000.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

Nr. 640 23. ágúst 2000

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Arnardalsreits, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. apríl 2000 var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Arnardalsreits.

Um er að ræða breytingu á lóðamörkum lóðanna Háholts 16 og Skagabrautar 21.

Farið hefur verið með breytingu þessa samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og var leitað álits íbúa aðliggjandi lóða.

Grenndarkynningu er lokið, engar athugasemdir bárust.

Sveitarstjórn staðfestir að hún tekur að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Framangreint deiliskipulag Arnardalsreits, Akranesi, tekur þegar gildi.

Akranesi, 23. ágúst 2000.

Hannes Sigurðsson bygginga- og skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um alþjónustu.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi nær til þeirra þátta fjarskiptaþjónustu sem skilgreindir eru sem alþjónusta. Markmið reglugerðar um alþjónustu er að skilgreina hvaða þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum skuli boðnir öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra og að setja reglur um mat á kostnaði rekstrarleyfishafa af alþjónustu, sem honum er gert skylt að veita, með það í huga að bæta honum upp mismun kostnaðar og tekna af þjónustunni.

2. gr.

Skilgreiningar.

Alþjónusta: Afmarkaðir þættir fjarskipta, sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.

Almenningssími: Sími, sem er aðgengilegur almenningi, þar sem nota má til greiðslu peninga, greiðslu- eða debetkort og/eða fyrir fram greidd kort.

Stofnkerfi heimtauga: Línukerfi fyrir heimtaugar frá símstöð sem er sameiginlegt fyrir fleiri en eina byggingu, hús eða sveitabýli.

3. gr.

Tilgangur alþjónustu.

Megintilgangur með alþjónustu er að tryggja jafnvægi milli markaðar, sem opnaður hefur verið fyrir samkeppni, og þörf á að viðhalda grunnþáttum fjarskiptaþjónustu á viðráðanlegu verði fyrir notendur. Alþjónusta merkir aðgang að lágmarksþjónustu með ákveðnum gæðum í samræmi við reglur sem Póst- og fjarskiptastofnun setur, fyrir alla notendur óháð staðsetningu og á verði, sem miðað við aðstæður í þjóðfélaginu telst viðráðanlegt.

4. gr.

Umfang alþjónustu.

Eftirfarandi þjónusta fellur undir reglur um alþjónustu:

- almenn talsímaþjónusta,
- aðstoð talsímavarðar (handvirk þjónusta),
- aðgangur að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala,
- aðgangur að upplýsingaþjónustu um símanúmer,
- almenningssímar,
- almennur gagnaflutningur með allt að 128 kb/s bitahraða.

Alþjónusta getur einnig merkt framboð talsímaþjónustu á sérstökum kjörum og/eða framboð öðruvísi möguleika fyrir notendur með fötlun eða sérstakar þjóðfélagsþarfir.

Gagnaflutningur samkvæmt þessari grein fer um heimtaugar notenda í almenna talsímanetinu. Þar að auki skal vera innifalinn í almennri talsímaþjónustu aðgangur að gagnaflutningi með aðstoð hliðrænna mótalda og möguleiki að senda og taka á móti faxsendingum.

5. gr.

Alþjónustuframboð.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja ákvæði um skyldu til að veita alþjónustu í leyfisbréf til handa rekstrarleyfishöfum. Stofnunin skal tryggja að a.m.k. einn rekstrar-

leyfishafi veiti hverja gerð alþjónustu. Heimilt er að deila alþjónustukvöðum milli tveggja eða fleiri rekstrarleyfishafa. Kvaðir vegna alþjónustu skulu vera tímabundnar, en gildistími slíkra kvaða skal aldrei vera lengri en gildistími viðkomandi rekstrarleyfis.

6. gr.

Réttur til alþjónustu.

Rétt til alþjónustu hafa allir landsmenn óháð búsetu, sjá þó 3. mgr. Rekstrarleyfishafi, sem á hafa verið lagðar kvaðir um alþjónustu, skal verða við beiðni umsækjanda um tengingu talsíma, þegar lögn er fyrir hendi á þeim stað, þar sem síma er óskað. Einnig skal rekstrarleyfishafi verða við beiðni umsækjanda um talsíma, þó að leggja þurfi nýja línu, ef eitt eftirfarandi skilyrða hefur verið uppfyllt:

a) Umsækjandi um heimilissíma hefur sýnt fram á að hann á lögheimili á þeim stað, þar sem óskað er eftir síma og gefið út yfirlýsingu um að hann hyggist eiga þar fasta búsetu í a.m.k. 1 ár eftir að hafa lagt inn umsókn um síma.
b) Umsækjandi um atvinnusíma hefur sýnt fram á að fyrirtæki hans er löglega skrásett á þeim stað, þar sem óskað er eftir síma og gefið út yfirlýsingu um að fyrirtæki verði starfrækt þar í a.m.k. 1 ár.
c) Umsækjandi hefur sýnt fram á að sími er nauðsynlegur á viðkomandi stað til að tryggja öryggi almennings.

Rekstrarleyfishafa er ekki skylt að útvega umsækjanda um heimilissíma fleiri en tvær talsímalínur. Honum er ennfremur heimilt að takmarka fjölda lína til atvinnufyrirtækis, ef talið er sýnt að eðlilegum þörfum fyrirtækis verði engu að síður mætt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. getur rekstrarleyfishafi hafnað umsókn um talsímatengingu, ef fjarlægð frá næsta stofnkerfi heimtauga í fjarskiptaneti hans til umsækjanda er lengri en 10 km eða ef kostnaður er áætlaður sérstaklega mikill.

Sjái rekstrarleyfishafi sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, er aðila heimilt að bera ágreining vegna synjunar undir úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar.

Umsækjanda um talsíma, sem er hafnað af rekstrarleyfishafa vegna þess að fjarlægð frá stofnkerfi heimtauga er meiri en 10 km, getur skotið ágreiningi um synjun til Póst- og fjarskiptastofnunar. Stofnunin skal meta umsóknina með tilliti til almenningsheilla og getur ákveðið að skylda rekstrarleyfishafa til að verða við umsókninni.

7. gr.

Almenningssímar.

Póst- og fjarskiptastofnun skal skipuleggja staðsetningu almenningssíma í sveitarfélögum í samráði við rekstrarleyfishafa, sem falinn hefur verið þessi þáttur alþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leita álits sveitarstjórna um bestu staðsetningu almenningssíma í viðkomandi byggðarlagi. Skipulag almenningssíma skal endurskoða eigi sjaldnar en annað hvert ár og hafa þá til hliðsjónar notkun hvers síma á næsta ári á undan.

8. gr.

Gjaldskrá fyrir alþjónustu.

Gjaldskrá fyrir alþjónustu, sbr. 4. gr., skal taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa almennt eftirlit með gjaldskrám í alþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um hámarksverð í alþjónustu, þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar gjaldskrárbreyting er að hennar mati í ósamræmi við ákvæði gjaldskráa í nálægum löndum. Póst- og fjarskiptastofnun er einnig heimilt að ákveða að einstakir þættir alþjónustu skuli vera verðlagðir eins alls staðar á landinu.

9. gr.

Framlög til alþjónustu.

Þegar rekstrarleyfishafi, sem hefur verið gert að veita alþjónustu, sbr. 5. og 6. gr., telur að einhverjir þættir þjónustunnar verði ekki reknir nema með tapi eða séu óarðbærir, t.d. í ákveðnum landshlutum eða með tilliti til sérstakra notendahópa, getur hann krafist þess af Póst- og fjarskiptastofnun að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá þætti alþjónustunnar. Sé þjónustan óhjákvæmileg að mati Póst- og fjarskiptastofnunar og verði ekki aflögð eða tryggð með öðrum hagkvæmari hætti, skal stofnunin gera úttekt á hagkvæmni rekstrarins, þ. á m. tekjum og gjöldum. Úttektin skal gerð í samræmi við viðurkenndar aðferðir, t.d. útreikninga á viðvarandi umframkostnaði. Við mat á kostnaði við alþjónustu skal beita sömu reglum og um samtengingu skv. 1. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

Staðfesti niðurstaða úttektarinnar réttmæti kröfugerðar rekstrarleyfishafa, skal Póst- og fjarskiptastofnun með fjárframlögum tryggja honum eðlilegt endurgjald fyrir þá alþjónustu, sem veitt er. Í þessu sambandi skal greina kostnað vegna alþjónustuskyldu rekstrarleyfishafans í sameiginlegar einingar fyrir hóp notenda eins og þá, sem tengjast sömu símastöð eða útstöð, en ekki einstaka notendur. Ákvörðun um upphæð endurgjalds skal gilda í 1 ár í senn. Póst- og fjarskiptastofnun getur endurskoðað þá ákvörðun hafi forsendur hennar breyst verulega.

Rekstrarleyfishafi, sem gert hefur verið að veita alþjónustu, skal fyrir 15. október ár hvert tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun skriflega, ef hann óskar eftir fjárframlagi á næsta ári.

10. gr.

Jöfnunargjald.

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt 9. gr. skal innheimta jöfnunargjald sem rennur til Póst- og fjarskiptastofnunar og skal varðveita í sérstökum sjóð.

Jöfnunargjaldið skal leggja á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða almenna talsímaþjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er hér átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi sinni hér á landi. Jöfnunargjald má draga frá tekjum greiðanda á því rekstrarári þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.-XIV. kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

Nú hefur Póst- og fjarskiptastofnun innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 9. gr. fengið beiðni um fjárframlag vegna alþjónustu og skal hún þá eigi síðar en 15. nóvember gera grein fyrir fjárþörf jöfnunarsjóðs á næsta ári. Jöfnunargjald skal ákveðið með lögum í samræmi við fjárþörfina. Í lögunum skal tiltaka leyfilega álagningarprósentu sem miða skal við að tryggt verði að innheimt gjöld fullnægi fjárþörfinni. Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að greiða skuli fyrir fram upp í væntanlega álagningu ákveðna prósentu innan þeirra marka sem lögin setja. Fyrirframgreiðslu skal greiða með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á rekstrarári þegar stofn jöfnunargjalds myndast og skal hún reiknuð samkvæmt framtali gjaldanda árið á undan.

Endanleg álagning fer fram að loknum framtalsfresti í samræmi við lög nr. 75/1981. Hafi fyrirframgreiðsla verið of lág greiðist mismunur með jöfnum greiðslum fyrsta dag hvers mánaðar sem eftir er af árinu þegar álagning fer fram. Hafi fyrirframgreiðsla verið of há skal ráðstafa mismun upp í fyrirframgreiðslu yfirstandandi árs. Ef ógreidd fyrirfram-

greiðsla er lægri en mismunur vegna fyrra árs skal endurgreiða mismun með vöxtum í samræmi við 2. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981.

Ef í ljós kemur að ekki er hægt að beita jöfnunargjaldi til að mæta kostnaði við alþjónustu, skal kostnaðurinn greiddur úr ríkissjóði, enda liggi fyrir því heimild í fjárlögum.

11. gr.

Greiðsla fjárframlaga.

Takist ekki að innheimta jöfnunargjald, sbr. 10. gr., þrátt fyrir tilraunir innheimtumanna, skal Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að fresta greiðslu fjárframlaga til rekstrarleyfishafa, sem annast alþjónustu, þangað til að innheimtumönnum hefur tekist að standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á jöfnunargjöldum.

Verði tekjuafgangur á reikningum jöfnunarsjóðs skal hann yfirfærast til næsta árs. Hrökkvi tekjur sjóðsins ekki til skal greiða það sem á vantar af fyrstu tekjum sjóðsins á næsta ári.

12. gr.

Bókhaldslegur aðskilnaður.

Rekstrarleyfishafi, sem á hafa verið lagðar alþjónustukvaðir, skal aðgreina fjárstrauma og semja sérgreind reikningsskil fyrir þá gjalda- og tekjuþætti sem hægt er að heimfæra til þjónustunnar. Að lágmarki skal aðgreina eftirfarandi þætti:

a) Rekstur almennra fjarskiptaneta, sem notuð eru fyrir talsímaþjónustu.
b) Rekstur almennrar sjálfvirkrar talsímaþjónustu, innanlands og til útlanda.
c) Rekstur handvirkrar talsímaþjónustu.
d) Rekstur upplýsingaþjónustu um símanúmer.
e) Rekstur almenningssíma.
f) Svörun neyðarsímtala.
g) Almennan gagnaflutning skv. 4. gr.

Ekki er krafist sérgreindra reikningsskila vegna flutnings neyðarsímtala sem notendur almennrar talsímaþjónustu efna til.

Rekstrarleyfishafi, sem hefur verið gert að bjóða sérstökum hópum önnur kjör en almennt gilda, sbr. 3. mgr. 4. gr., skal færa sérgreind reikningsskil fyrir þessa hópa.

13. gr.

Sérgreining kostnaðar og tekna vegna alþjónustu.

Við heimfærslu kostnaðar og tekna á einstaka rekstrarþætti, sbr. 12. gr., skal rekstrarleyfishafi, sem hefur kvöð að veita alþjónustu, nota eftirfarandi grunnreglur:

a) Beinan kostnað af því að koma upp, starfrækja og viðhalda viðkomandi rekstrarþætti skal heimfæra alfarið á hann.
b) Sameiginlegum kostnaði, þ.e. kostnaði sem ekki er hægt án tvímælis að heimfæra á einstakan rekstrarþátt, skal deila að svo miklu leyti sem unnt er milli rekstrarþátta með því að greina tilurð kostnaðarins.
c) Þegar bein kostnaðargreining samkvæmt liðum a) og b) er ekki möguleg, skal sameiginlegum kostnaði skipt á grundvelli óbeinna tengsla við aðra kostnaðarliði eða hóp kostnaðarliða, þar sem bein heimfærsla er möguleg; hin óbeinu tengsl skulu byggjast á sambærilegri uppsetningu kostnaðar.
d) Þegar hvorki er hægt að finna beina né óbeina aðferð til heimfærslu, skal heimfærsla kostnaðar eiga sér stað á grundvelli almenns skiptingarlykils sem reiknast sem hlutfall alls beins og óbeins kostnaðar heimfærðs annars vegar til viðkomandi alþjónustu og hins vegar til annarrar þjónustu sem á hlutdeild í kostnaðinum.

e) Tekjur sem aflað er í sambandi við starfsemi rekstrarleyfishafa á ákveðnu rekstrarsviði, skulu skiptast eftir sömu reglum og um getur í liðum a) til d).
f) Tekjur, sem ekki er aflað sem hluta af starfsemi rekstrarleyfishafa á ákveðnu rekstrarsviði, er óheimilt að færa í sérgreind reikningsskil þeirra.

Rekstrarleyfishafi, sem lagðar hafa verið á kvaðir um alþjónustu, skal innan 3ja mánaða gera Póst- og fjarskiptastofnun grein fyrir því hvernig sérgreining kostnaðar og tekna verður útfærð. Allar breytingar sem síðar verða gerðar á reikningsaðferðum eru háðar samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar.

Að öðru leyti skulu gilda reglur um bókhald fjarskiptafyrirtækja sem samgönguráðherra setur.

14. gr.

Eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt í samræmi við 5. gr. laga nr. 110/1999 að krefjast þess að rekstrarleyfishafi upplýsi um alla þætti starfsemi sinnar tengda alþjónustu. Stofnunin skal fyrirvaralaust hafa aðgang að reikningsbókhaldi rekstrarleyfishafa og eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok reikningsárs skal rekstrarleyfishafi afhenda stofnuninni sérgreind reikningsskil rekstrarþátta sem tengjast alþjónustu.

15. gr.

Skýrsla Póst- og fjarskiptastofnunar.

Póst- og fjarskiptastofnun skal birta opinberlega á ári hverju skýrslu um kostnað við alþjónustu og framlög allra aðila til jöfnunarsjóðs.

16. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

17. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 13. og 15. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 216/1998 um alþjónustu.

Samgönguráðuneytinu, 10. ágúst 2000.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

23. ágúst 2000 Nr. 642

REGLUR

um innkaup og sölu tóbaks og skilmálar í viðskiptum við birgja.

1. Reglur um flokka tóbaks.

1.1 Tóbaki er deilt í 4 söluflokka:[1)]

- Kjarna.
- Reynsluflokk.
- Sérflokk.
- Sérpantanir.

1) Sjá orðskýringar í tl. 1.8.

1.2 Í *kjarna* eru sölutegundir[1] (vörunúmer) sem flust hafa úr reynsluflokki í kjarna og vörur sem voru í þeim flokki 15. nóvember 1996 og eigi hafa fallið úr kjarna samkvæmt ákvæðum reglna ÁTVR um innkaup og sölu tóbaks. Kjarninn er endurmetinn í mánuði hverjum. Nái sölutegund í kjarna ekki 0,3% af heildarsölu vöruflokks[1] á undanförnum 12 mánuðum fellur hún úr kjarna. Sölutegund í vöruflokki 33 (1) þarf þó að ná 20% af heildarsölu vöruflokks til að haldast í kjarna. Birgðir sölutegundar, sem felld hefur verið úr kjarna, má selja sem um vöru í kjarna væri að ræða. Séu tvær eða fleiri sölutegundir sömu tóbakstegundar[1] boðnar til sölu og hvorug eða engin þeirra nær áskildu söluhlutfalli en samanlögð sala tóbakstegundar nær söluhlutfallinu, þá skal sú sölutegund, sem birgir velur, haldast áfram í kjarna en aðrar sölutegundir falla úr kjarna.

1.3 Í *reynsluflokki* eru að jafnaði 40% af tölu sölutegunda sem eru í kjarna. Vara í þessum flokki er í reynslusölu í 24 mánuði. Að loknu því tímabili flyst sölutegundin í kjarna, hafi hún náð 0,3% af heildarsölu vöruflokksins. Sölutegund í vöruflokki 33 (1) þarf þó að ná 20% af heildarsölu vöruflokks. Við útreikning skal miða við sölu í 12 heila mánuði er næstir koma undan síðasta mánuði sölutímans og salan borin saman við heildarsölu vöruflokksins á sama tímabili.

1.4 Vara sem fellur úr reynslusölu vegna ónógrar eftirspurnar verður ekki tekin aftur til reynslu fyrr en 12 mánuðir hafa liðið frá því sölu hennar var hætt. ÁTVR getur ákveðið að taka aðeins eina tegund í hverjum vöruflokki til reynslusölu eða á biðlista til reynslusölu frá sama birgi.

1.5 *Sérflokkur* tekur til vöru sem er keypt inn til að auka fjölbreytni í úrvali vindla og píputóbaks. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða tegundir tóbaks eru falar í sérflokki. Sala vöru í sérflokki telst ekki, þegar metinn er söluárangur í kjarna eða í reynsluflokki.

1.6 Tóbak sem fellur ekki undir ofangreinda flokka má sérpanta.

1.7 Tóbaki í kjarna og reynslusölu er skipt í eftirfarandi vöruflokka:

Neftóbak

Reyktóbak
33 (1) Vindlingar, tjara minni en eða jöfn 6 mg
33 (2) Vindlingar, tjara yfir 6 mg

34 (1) Vindlar ≤ 3,15 g/stk.
34 (2) Vindlar > 3,15 – 4,25 g/stk.
34 (3) Vindlar > 4,25 g/stk.

1.8 Orðskýringar.

Söluflokkur:	Röðun vöru í hóp eftir rétti til söluframboðs hjá ÁTVR. Dæmi: Kjarni.
Vöruflokkur:	Skipan vöru í hóp eftir megineinkennum er tengjast mismunandi framleiðsluaðferðum. Dæmi: Vindlingar, neftóbak.
Tóbakstegund:	Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum. Dæmi: London Docks.
Sölutegund:	Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í söluskrám ÁTVR. Dæmi: 10 vindla pakki af London Docks.

1) Sjá orðskýringar í tl. 1.8.

2. Um meðferð tilboða á vöru í reynslusölu.

2.1 Sótt skal um hverja sölutegund á eyðublaði sem ÁTVR lætur í té. Færa skal erindi í skrá í þeirri röð sem þau berast. Sendi birgir tvö eða fleiri boð samtímis, skal hann skrá á tilboðsblöðin þá röð, sem hann óskar að fylgt verði við skráninguna. Skráin sýni nafn tilboðsgjafa, heiti vöru og umbúðastærð, magn tjöru og nikotíns, sé um vindlinga að ræða, þyngd vindla og kornastærð neftóbaks. Skráin liggi frammi í afgreiðslu ÁTVR, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík, þeim til skoðunar, sem óska.

2.2 Tilboð og sýnishorn fara til vöruvalsnefndar sem metur vöruna og gefur skriflega umsögn, leggist hún gegn reynslusölu. Umsögn er föl þeim sem bauð fram vöruna.

2.3 Að fengnu mati vöruvalsnefndar skal tilkynna þeim sem tilboð gaf niðurstöðu. Hafi nefndin ekki mælt gegn reynslusölu, tilkynnir innkaupastjóri birgi, hvenær reynslusala eigi að hefjast og gengur frá samningi við tilboðsgjafa í samræmi við tilboðið og innkaupaskilmála ÁTVR. Samningur skal gerður a.m.k. 3 mánuðum áður en reynslusala hefst. Hefjist sala eigi innan mánaðar frá upphafsdegi sölu skv. samningi, fellur samningurinn úr gildi.

3. Um sérpantanir.

3.1 ÁTVR sérpantar tóbak af frísvæði eða erlendis frá fyrir einstaklinga til eigin neyslu gegn greiðslu á 400 kr. í pöntunarkostnað sem eru óafturkræfar nema því aðeins að engin pantaðra tegunda sé fáanleg. Greiðslan er óháð magni og fjölda tegunda. Að auki greiðir sá er pantar ÁTVR tryggingarfé er nemur áætluðu cif-verði vörunnar. Sérpantaðri vöru verður ekki skilað nema hún teljist ónothæf vegna galla.

3.2 Sala sérpantaðrar vöru telst ekki, þegar metinn er söluárangur í kjarna eða í reynsluflokki.

4. Skilmálar í viðskiptum við birgja.

4.1 Reglur fyrir birgja sem selja vilja tóbak í kjarna eða í reynsluflokki.

4.2 Senda skal ÁTVR tilboð um vöru, verð og staðfestingu þess að þeim séu kunnir innkaupaskilmálar ÁTVR og þeir séu reiðubúnir að hlíta þeim. Birgi á EES-svæði er heimilt að bjóða verð vöru í mynt lands innan svæðisins að eigin vali. Birgir utan svæðisins skal bjóða verð í USD, GBP eða EUR. Allir verðþættir vöru skulu vera í sömu mynt.

4.3 Tilboði skal skila á þar til gerðum eyðublöðum sem ÁTVR lætur í té. Texti eyðublaðanna er á íslensku og ensku.

4.4 Sýnishorn, tvær sölueiningar og vöruvottun, skulu send ÁTVR án endurgjalds, þegar þess er óskað, að jafnaði 4 mánuðum áður en reynslusala hefst. Eyðublað fyrir vottun er fylgiskjal með reglum þessum.

4.5 Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við íslensk lög og reglur, og reglur og staðla Evrópusambandsins. Strikamerki – EAN eða UPS – verða að vera á hverri sölueiningu og á hverjum kassa (ytri umbúðum).

4.6 Um aðvörunarmerki á umbúðum tóbaks fer skv. þeirri reglugerð sem í gildi er hverju sinni.

4.7 Vara sem ÁTVR kaupir skal vera óbreytt að gerð samningstímann nema ÁTVR samþykki annað. Það telst breyting á vöru fái hún nýtt efnainnihald, breytta stærð og útlit umbúða og gerð sölueiningar.

4.8 ÁTVR kaupir ekki fínkornótt neftóbak og ekki munntóbak að undanskildu skrotóbaki.

4.9 Vindlingur má ekki gefa frá sér meira magn tjöru en 12 mg.

4.10 Þeir sem bjóða vöru í reynslusölu skuldbinda sig til að lána ÁTVR hana (cif-verð) reynslutímann. ÁTVR greiðir birgi mánaðarlega andvirði seldrar vöru. Birgjar skuld-

binda sig einnig til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok reynslutímans. Verði varan valin í kjarna fer samkvæmt samningi birgis og ÁTVR hversu mikið af hinni óseldu vöru ÁTVR kaupir. Sé birgir utan Evrópu eða Bandaríkjanna kaupir ÁTVR vöru á cif-verði frá viðkomandi höfn. Inkóskilmálar 1990 gilda um allar vörusendingar.

4.11 Í samningi skal tilgreina, hvenær fyrsta afhending vöru til ÁTVR geti hafist. Pöntun skal jafnan staðfesta innan 9 daga. Með staðfestingu fylgi upplýsingar um afhendingartíma. Berist ÁTVR ekki staðfesting eða upplýsingar um afhendingu vöru innan 30 daga frá pöntun fellur samningur um kaup vörunnar úr gildi. Skeiki meiru en 30 dögum, að afhending vöru sé í samræmi við upplýsingar, fellur samningurinn úr gildi.

4.12 ÁTVR greiðir vöru 60 dögum eftir dagsetningu reiknings birgis.

4.13 Birgjar geta hækkað verð sitt þrisvar á ári: 1. febrúar, 1. júní og 1. október. Tilkynna skal verðhækkun skriflega með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara, þ.e. eigi síðar en 1. nóvember, 1. mars og 1. júlí.

5. Ábyrgð á vöru.

5.1 Um ábyrgð gagnvart þriðja aðila gilda almennar reglur.

5.2 Birgir taki til sín og endurgreiði við móttöku vöru sem er ósöluhæf vegna gallaðra umbúða eða innihalds.

5.3 Taki birgir eigi til sín gallaða vöru eða vöru sem ekki hefur selst nægilega í reynsluflokki áskilur ÁTVR sér rétt til að krefjast geymslugjalds fyrir vöruna. ÁTVR er heimilt að láta eyða vörunni á kostnað birgis þegar tvær vikur eru liðnar frá því birgi var tilkynnt að hann ætti að taka vöruna til sín. Heimilt er að skuldajafna kostnaði við andvirði sölu á vörum birgis.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að hafa allt að 5 sölutegundum af vindlingum í vöruflokki 33 (1) samtímis í reynslusölu þar til sölutegundir í kjarna í þeim vöruflokki eru orðnar 5. Eftir það fer um töku vöru til reynslusölu eftir almennum reglum.

Reglur þessar koma í stað reglna nr. 633/1998 og taka gildi 15. september 2000.

Reykjavík, 10. maí 2000.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen. Þórhallur Jósepsson. Anna Margrét Jóhannesdóttir.

Reglur þessar um innkaup og sölu tóbaks og skilmála í viðskiptum við birgja staðfestast hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 23. ágúst 2000.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Halldór Þorkelsson.

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerð nr. 350/1997, um prófnefnd vátryggingamiðlara, námskeið og próf til þess að mega stunda miðlun vátrygginga.

1. gr.

4. gr. orðast svo:

Námskeið skal að jafnaði halda annað hvert ár. Þó er eigi skylt að halda námskeið nema a.m.k. 10 þátttakendur hafi staðfest þátttöku sína með greiðslu staðfestingargjalds. Prófnefnd ákveður það efni sem prófað er úr og hvernig því er skipt upp á námshluta. Til grundvallar ákvörðun sinni hefur prófnefnd til hliðsjónar að væntanlegir vátryggingamiðlarar skuli búa yfir þekkingu í eftirtöldum námsgreinum:

1. Almenn atriði.
   - 1.1 Starfsskyldur vátryggingamiðlara. Neytendaréttur.
   - 1.2 Bótaábyrgð vátryggingamiðlara. Refsilöggjöf.
   - 1.3 Framkvæmd vátryggingamiðlunar.
2. Almenn lögfræði.
   - 2.1 Lög um vátryggingastarfsemi og lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
   - 2.2 Lög um vátryggingarsamninga.
   - 2.3 Skaðabótaréttur. Bótaúrræði.
   - 2.4 Samningaréttur.
3. Vátryggingagreinar.
   - 3.1 Sjúkra- og slysatryggingar.
   - 3.2 Líftryggingar.
   - 3.3 Almennar ábyrgðartryggingar.
   - 3.4 Eignatryggingar.
   - 3.5 Ökutækjatryggingar.
   - 3.6 Flutningatryggingar.
4. Önnur atriði.
   - 4.1 Áhættumat. Áhættumeðferð.
   - 4.2 Iðgjaldaákvörðun. Ágrip af tryggingastærðfræði.
   - 4.3 Tjónsuppgjör.
   - 4.4 Fjármagnsmarkaðurinn. Ávöxtun fjármagns. Lífeyrissjóðir. Lífeyrissparnaður.

Heimilt er prófnefnd að færa námsgreinar á milli hluta svo og að bæta einni grein við hvern námshluta eða fækka um eina grein. Telji nefndin nauðsyn á frekari tilfærslu eða endurskoðun námsgreina skal hún leita samþykkis ráðherra vátryggingamála.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. orðast svo:

Heimilt er prófnefnd að veita lögfræðingum undanþágu frá prófi í greinum 2.3 og 2.4.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. orðast svo:

Próf skulu að öllu jöfnu haldin þegar yfirferð er lokið í hverjum námshluta fyrir sig. Skal próftími vera þrjár klukkustundir úr hvorum námshluta 1 og 4 og fjórar klukkustundir úr hvorum námshluta 2 og 3. Vægi einstakra námsgreina á prófi skal tilkynnt a.m.k. 7 virkum dögum fyrir próf.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 81. gr. og 98. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum, og öðlast hún þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 29. ágúst 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 644 24. ágúst 2000

REGLUR

um númeraflutning.

1. gr.

Orðskýringar.

Númeraflutningur: Möguleiki áskrifenda að flytja með sér númer sín þegar þeir breyta um þjónustuveitanda, heimilisfang eða þjónustu.

Númer: Númer sem áskrifendur fjarskiptaþjónustu fá úthlutað hjá fjarskiptafyrirtæki vegna tengingar við fjarskiptanet þeirra og hægt er að hringja í eða nota til að sækja þjónustu hjá fjarskiptafyrirtækjum.

Innvalsnúmeraröð: Samfelld röð númera sem úthlutað hefur verið áskrifanda til notkunar og gerir mögulegt að beina símtölum til einstakra notenda í einkasímstöð eða einkaneti hans í samræmi við síðustu tölustafi númeranna.

Um aðrar orðskýringar vísast til laga um fjarskipti.

2. gr.

Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fasta- og/eða farsímanet, þ.m.t. samnet, og heimilað hefur verið að úthluta áskrifendum sínum númerum skulu gefa þeim kost á númeraflutningi skv. 3.-6. gr.

3. gr.

Áskrifendur fastasíma sem gera þjónustusamning við annað fjarskiptafyrirtæki en þeir hafa áður þegið þjónustu hjá skulu eiga rétt á að flytja með sér númer sem þeir hafa hjá því fjarskiptafyrirtæki sem þeir voru áður tengdir.

4. gr.

Áskrifendur fastasíma sem flytja milli símastöðvasvæða fjarskiptafyrirtækja hvar sem er á landinu skulu eiga rétt á að halda númerum sínum óbreyttum.

5. gr.

Áskrifendur farsíma sem gera þjónustusamning við annað farsímafyrirtæki en þeir hafa áður þegið þjónustu hjá skulu eiga rétt á að flytja með sér númer sem þeir hafa hjá því farsímafyrirtæki sem þeir voru áður tengdir. Þeir sem hafa skráð sig hjá farsímafyrirtæki og nota fyrirframgreidd kort skulu einnig geta flutt númer sín milli farsímafyrirtækja. Ekki er skylt að flytja inneign á korti.

6. gr.

Áskrifendur í fasta- og farsímanetum skulu eiga rétt á að flytja númer sín milli mismunandi þjónustu hjá sama fjarskiptafyrirtæki ef forsendur fyrir verðlagningu þjónustu eru í grundvallaratriðum hinar sömu eins og t.d. í talsímaþjónustu og samnetsþjónustu. Annar flutningur númera milli mismunandi þjónustu er óheimill þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Fjarskiptafyrirtæki er heimilt að hafna því að flytja einstök númer úr innvalsnúmeraröðum.

7. gr.

Fjarskiptafyrirtækjum sem starfrækja talsímaþjónustu í fasta- og farsímanetum er heimilt að beita tæknilegum lausnum við númeraflutning að eigin vali enda séu ákvæði 3.-6. gr. uppfyllt.

8. gr.

Fjarskiptafyrirtækjum er óheimilt að krefjast mismunandi gjalds fyrir símtöl í ákveðið talsímanet eftir því hvort þeim er beint í númer sem hefur verið flutt eða ekki.

9. gr.

Áskrifandi sem óskar eftir númeraflutningi milli fjarskiptafyrirtækja samkvæmt 3. og 5. grein skal gera þjónustusamning við fjarskiptafyrirtækið sem hann vill skipta við. Áskrifandinn getur óskað eftir samningi skriflega, á rafrænu formi eða munnlega. Í síðastnefnda tilfellinu skal fyrirtækið senda áskrifandanum staðfestingu á samningnum skriflega eða á rafrænu formi.

Hafi fjarskiptafyrirtæki gert þjónustusamning samkvæmt 1. mgr. skal því vera heimilt að senda fjarskiptafyrirtækinu sem áskrifandinn naut áður þjónustu hjá pöntun á númeraflutningi fyrir hönd hans. Um samskipti fjarskiptafyrirtækja um framkvæmd númeraflutnings milli þeirra skal fara eftir leiðbeiningum Póst- og fjarskiptastofnunar um verkferil fyrir númeraflutning.

Fjarskiptafyrirtækin sem hlut eiga að máli skulu gera allar ráðstafanir til að áskrifandinn verði ekki fyrir truflunum í símanotkun sinni og að hringingar til hans falli ekki niður lengur en óumflýjanlegt er.

10. gr.

Fjarskiptafyrirtæki sem úthlutað hefur áskrifanda númeri úr númeraröð sem fyrirtækið fékk til ráðstöfunar skal vera ábyrgt fyrir greiðslu númeragjalds til Póst- og fjarskiptastofnunar þrátt fyrir að númerið hafi verið flutt. Fyrirtækinu skal vera heimilt að krefja fyrirtækið sem tekur við áskrifandanum og númerum hans um greiðslu vegna gjaldsins.

Segi áskrifandi sem hefur flutt með sér númer til annars fjarskiptafyrirtækis upp áskrift sinni rennur ráðstöfunarréttur yfir númerinu aftur til þess fjarskiptafyrirtækis sem úthlutaði númerinu upphaflega.

Áskrifandi sem flytur sig milli fjarskiptafyrirtækja og vill halda númerum sínum í innvalsröð skal eiga þess kost að flytja samtímis númer sem eru laus í sömu númeraröð í beinu framhaldi af númerum sem hafa verið í notkun. Fjarskiptafyrirtæki skulu eftir því sem unnt er einnig flytja síðar númer sem áskrifandi sem áður hefur flutt sig óskar eftir að bæta við úr sömu númeraröð enda hafi þeim ekki verið úthlutað öðrum áskrifendum.

11. gr.

Fjarskiptafyrirtæki sem tekið hefur við áskrifanda sem flytur með sér númer skal senda Póst- og fjarskiptastofnun upplýsingar um hin fluttu númer áður en þau eru tekin í notkun

fyrir áskrifandann. Upplýsingarnar má senda í faxi eða á rafrænu formi eftir samkomulagi. Póst- og fjarskiptastofnun skal birta upplýsingarnar á aðgengilegan hátt. Fjarskiptafyrirtæki skulu gera allar ráðstafanir til að nálgast upplýsingarnar svo að tryggja megi að símtöl nái fram til áskrifenda.

12. gr.

Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fasta- og/eða farsímanet þar sem símtal til áskrifanda sem hefur flutt númer sitt hefst og fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja net sem símtalið fer um skulu bera ábyrgð á því að valin sé rétt og hagkvæm leið fyrir símtalið. Þegar um er að ræða símtöl frá útlöndum er rétt leiðarval innanlands á ábyrgð þess fjarskiptafyrirtækis sem tekur við símtalinu þegar það kemur inn í landið. Ef áskrifandi hefur með forvali eða föstu forvali beint símtali sínu til þjónustuveitanda skal hinn síðarnefndi tryggja rétt og hagkvæmt leiðarval.

Fjarskiptafyrirtæki sem rekur netið þar sem símtal á upphaf sitt eða þjónustuveitandi sem tekið hefur við símtali með forvali eða föstu forvali, sbr. 1. mgr., getur falið öðru fjarskiptafyrirtæki að annast leiðarval fyrir sig.

Form upplýsinga sem sendar eru milli fjarskiptafyrirtækja til þess að beina símtali rétta leið til símanúmers sem hefur verið flutt skal ákveðast með hliðsjón af tækniskýrslum ETSI, fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu, um númeraflutning og/eða tilmælum alþjóðafjarskiptasambandsins.

13. gr.

Fjarskiptafyrirtæki sem hafa heimild til að starfrækja almenn fasta- og/eða farsímanet skulu sjálf bera kostnað af kerfisaðgerðum til þess að gera númeraflutning mögulegan.

Heimilt er fjarskiptafyrirtæki að gjaldfæra áskrifanda sem vill flytja númer með sér til annars fjarskiptafyrirtækis um eingreiðslu fyrir kostnað við umskráningu. Sama gildir um númer sem eru flutt en höfðu ekki verið tekin í notkun, sbr. 3. mgr. 10. gr. Ekki má reikna kostnað sem hefði hvort sem er hlotist vegna uppsagnar á númeri. Fyrirtækið sem tekur áskrifandann í þjónustu getur þó boðist til að greiða gjaldið og skal þess getið þegar pöntun á númeraflutningi er send fjarskiptafyrirtækinu sem áskrifandinn hefur verið hjá. Ef fyrirtækið sem tekur við áskrifandanum vill ekki greiða fyrir hann kostnaðinn við umskráningu skal upplýsa áskrifandann um það um leið og pöntun hans er staðfest. Gjald fyrir umskráningu vegna númeraflutnings skal nema þeirri fjárhæð sem það kostar fjarskiptafyrirtæki að flytja númerið en verði ágreiningur um gjaldið skal Póst- og fjarskiptastofnun skera úr ágreiningi.

Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækir almennt fasta- og/eða farsímanet þar sem símtal á upphaf sitt eða þjónustuveitandi sem hefur tekið við símtali í forvali eða föstu forvali skal bera umframkostnað í netinu sem númer var tengt fyrir númeraflutning við það að símtal í númerið fer lengri leið í netinu en það hefði gert án flutnings númersins. Póst- og fjarskiptastofnun sker úr ágreiningi um kostnaðinn.

14. gr.

Hvert fjarskiptafyrirtæki skal bera kostnað sem hlýst af breytingum á leiðarvali sem gera þarf í neti þess.

15. gr.

Númeraflutningur skv. 3. gr. skal koma til framkvæmda eigi síðar en 15. september 2000. Númeraflutningur skv. 4. og 6. gr. skal koma til framkvæmda eigi síðar en 15. febrúar 2001. Númeraflutningur skv. 5. gr. skal koma til framkvæmda eigi síðar en 1. júní 2001.

16. gr.

Bráðabirgðasamkomulag Póst- og fjarskiptastofnunar við rekstrarleyfishafa um númeraflutning þegar um er að ræða stofntengingar og a.m.k. 100 innvalsnúmer sem tók gildi 25. nóvember 1999 skal falla úr gildi 15. september 2000 svo og ákvörðun stofnunarinnar um gjald fyrir slíkan númeraflutning dagsett 22. júní 2000.

17. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun skal skera úr ágreiningi um númeraflutning.

18. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 33. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 og 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999 og taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Póst- og fjarskiptastofnun, 24. ágúst 2000.

Gústav Arnar.

Ársæll Baldursson.

22. ágúst 2000 Nr. 645

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.

RAFORKUGJÖLD.

A. Almennir taxtar.

A.1 Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

Orkugjald	5,25	(6,54)	kr./kWst
Fast gjald	2.200,00	(2.739,00)	kr./ár

A.4 Verð á rafmagni til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

Orkugjald	3,94	(4,91)	kr./kWst
Fast gjald	9.327,00	(11.612,00)	kr./ár

B. Afltaxtar.

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

Orkugjald	2,18	(2,71)	kr./kWst
Fast gjald	8.000,00	(9.960,00)	kr./ár

Aflgjaldið greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki hitaveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni. Orkugjald miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umræddsmánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

B.2 Verð á rafmagni til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:

Gjald samtals	30.000,00	(37.350,00)	kr./kW/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

C. Hitun.

C.1	Órofin húshitun	5,25	(6,54)	kr./kWst
C.2	Daghitun, húshitun rofin	3,44	(3,92)	kr./kWst
C.3	Næturhitun, húshitun	1,91	(2,18)	kr./kWst
	Fast gjald C.1	8.600,00	(9.804,00)	kr./ár
	Fast gjald C.2 og C.3	8.267,00	(9.424,00)	kr./ár

D. Rofnir taxtar.

Orkunotkun minni en 200.000 kWst á ári. Orkuafhending rofin allt að 2x2 klst. á dag innan roftímabils:

R.1	Rofið desember - mars.			
	Orkugjald	2,86	(3,56)	kr./kWst
	Fast gjald	7.663,00	(9.540,00)	kr./ár
R.11	Rofið janúar - febrúar.			
	Orkugjald	3,12	(3,88)	kr./kWst
	Fast gjald	7.663,00	(9.540,00)	kr./ár
R.12	Rafhitun. Rofið desember - apríl.			
	Orkugjald	2,86	(3,26)	kr./kWst
	Fast gjald	7.663,00	(8.736,00)	kr./ár

Orkunotkun 200.000 kWst á ári eða meira. Orkuafhending rofin allt að 2x2 klst. á dag innan roftímabils:

R.2	Rofið desember - mars.			
	Orkugjald vetur (apríl-október)	3,58	(4,46)	kr./kWst
	Orkugjald sumar (maí-september)	1,77	(2,20)	kr./kWst
	Fast gjald	7.663,00	(9.540,00)	kr./ár
R.21	Rofið febrúar - mars.			
	Orkugjald vetur (apríl-október)	4,05	(5,04)	kr./kWst
	Orkugjald sumar (maí-september)	1,77	(2,20)	kr./kWst
	Fast gjald	7.663,00	(9.540,00)	kr./ár

Orkunotkun minni en 200.000 kWst á ári. Orkuafhending rofin allt að 12 klst. á dag innan roftímabils:

R.3	Næturnotkun, rof allt árið.			
	Orkugjald	2,95	(3,67)	kr./kWst
	Fast gjald	7.663,00	(9.540,00)	kr./ár

Orkunotkun 200.000 kWst á ári eða meira. Orkuafhending rofin allt að 12 klst. á dag innan roftímabils:

R.4	Næturnotkun, rof allt árið.			
	Orkugjald vetur (apríl-okt.) ...	2,89	(3,60)	kr./kWst
	Orkugjald sumar (maí-sept.) ...	1,49	(1,86)	kr./kWst
	Fast gjald	7.663,00	(9.540,00)	kr./ár

E. Ótryggð orka.

Ót – 1. þrep			
Orkugjald	1,2432	(1,54)	kr./kWst
Fast gjald	146.211,00	(182.033,00)	kr./ár
Ót – 2. þrep			
Orkugjald	1,6104	(2,00)	kr./kWst
Fast gjald	146.211,00	(182.033,00)	kr./ár
Ót – 3. þrep			
Orkugjald	2,3153	(2,89)	kr./kWst
Fast gjald	146.211,00	(182.033,00)	kr./ár

Kaupandi ótryggðs rafmagns skal einnig greiða allan kostnað vegna sérstaks úttaks ef hann þarf það vegna kaupa á ótryggðu rafmagni.

F. Mælileiga.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrirtæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

D.1	Af einfasa mælum	550,00	(627,00/684,75) kr./ár
D.2	Af þrífasa mælum upp að 50 A	2.200,00	(2.508,00/2.739,00) kr./ár
D.3	Af þrífasa mælum 50 A og ofar	3.300,00	(3.762,00/4.108,50) kr./ár
D.4	Af álagsstýringarliðum	3.300,00	(3.762,00/4.108,50) kr./ár
D.5	Af aflmælum	5.500,00	(6.270,00/6.847,50) kr./ár

Mælaleiga reiknast ekki af A.1, A.2, C.1, C.2, og C.3. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun hitaveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugargjöld		
63A	1 - fasa	44.500,00	(55.402,50) kr.
63A	3 - fasa	48.800,00	(60.756,00) kr.
100A	3 - fasa	78.400,00	(97.608,00) kr.
200A	3 - fasa	153.800,00	(191.481,00) kr.
300A	3 - fasa	229.000,00	(285.105,00) kr.
400A	3 - fasa	302.000,00	(375.990,00) kr.
600A	3 - fasa	460.000,00	(572.700,00) kr.
900A	3 - fasa	695.000,00	(865.275,00) kr.
1.200A	3 - fasa	934.000,00	(1.162.830,00) kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Málstraumur

63A	1 - fasa	.....	11.000,00	(13.695,00) kr.
63A	3 - fasa	.....	12.500,00	(15.562,50) kr.
100A	3 - fasa	.....	16.500,00	(20.542,50) kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Heimtaugargjald fyrir sumarhús í skipulögðu sumarhúsahverfi er að lágmarki 133.500,00 (166.207,50) kr.

Fyrir einstök sumarhús er heimtaugargjaldið ávallt samkvæmt kostnaði, þó aldrei lægra en ofangreint lágmarksgjald.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir því að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, hitaveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo og landtengingu skipa, skal greiða gjald 2.600,00 (3.237,00) kr.

2. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum af veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 2.200,00 (2.739,00) kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

3. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi hitaveitunnar.

4. gr.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun þar sem virðisaukaskatturinn er 14%. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 3. júlí 2000, sbr. auglýsingu nr. 483, 3. júlí 2000, og birtist

til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 552, 28. desember 1993, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. ágúst 2000.

F. h. r.
Þorgeir Örlygsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

22. ágúst 2000 Nr. 646

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli:

fyrir hvern mínútulítra á ári	19.200,00	(21.888,00) kr.
fyrir hvern mínútulítra á dag	52,60	(59,96) kr.

Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli pr. tonn:

Til húshitunar	55,50	(63,27) kr. pr. tonn
Til annarra nota	55,50	(69,10) kr. pr. tonn
Til iðnaðar, sem verulegur hluti framleiðslukostnaðar	30,50	(37,97) kr. pr. tonn

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) Fyrir mæla eða hemla allt að 3/4″	290,00	(330,60/361,05) kr.
kr. pr. dag	9,53	(10,86/11,86) kr.
b) Fyrir mæla eða hemla 1″ - 2″	575,00	(655,50/715,88) kr.
kr. pr. dag	18,90	(21,55/23,53) kr.
c) Fyrir mæla eða hemla 3″ og stærri	1.150,00	(1.311,00/1.431,75) kr.
kr. pr. dag	37,81	(43,10/47,07) kr.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss utanmál (m^3)	**Heimæðargjald**			
Allt að 400	kr.	85.000,00	(95.900,00)	
400 - 2000	kr.	85.000,00	(95.900,00) fyrir	400 m^3 + 69,30 (79,00) kr./m^3 þar yfir.
2000 - 6000	kr.	196.000,00	(223.440,00) fyrir	2000 m^3 + 56,70 (64,64) kr./m^3 þar yfir.
6000 - 10000	kr.	424.000,00	(483.360,00) fyrir	6000 m^3 + 50,90 (58,03) kr./m^3 þar yfir.
Yfir 10000	kr.	626.000,00	(713.640,00) fyrir	10000 m^3 + 43,90 (50,05) kr./m^3 þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða 10.500,00 (11.970,00) kr. í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga og einnig er heimilt að veita lengri gjaldfrest sé ekki áformað að hita hluta húsnæðis. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, 2.200,00 (2.508,00) kr. hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Virðisaukaskattur, 14,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar þar sem virðisaukaskatturinn er 24,5%. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 292, 25. júní 1991.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. ágúst 2000.

F. h. r.
Þorgeir Örlygsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

18. ágúst 2000 Nr. 647

AUGLÝSING

um niðurfellingu á samþykkt um lokun sölubúða í Dalvíkurkaupstað.

Í samræmi við beiðni bæjarráðs Dalvíkurbyggðar staðfestir ráðuneytið hér með samþykkt bæjarráðs frá 16. mars 2000 um niðurfellingu á samþykkt um lokun sölubúða í Dalvíkurkaupstað nr. 420 15. nóvember 1977.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. ágúst 2000.

F. h. r.
Þorgeir Örlygsson.

Tryggvi Axelsson.

18. ágúst 2000 Nr. 648

REGLUGERÐ

um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

1. gr.

Gildissvið.

Þeir sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu, þar með taldar bráðabirgðalöggildingar, skulu uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Skilgreiningar.

Ábyrgðarmaður mælitækis er eigandi þess eða sá sem hann tilnefnir.

B-faggilding þjónustuverkstæða á sviði löggildinga er faggilding sem framkvæmd er í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 354/1997 um starfsemi þjónustuverkstæða með B-faggildingu. Það eru verkstæði sem annast bráðabirgðalöggildingar í umboði Löggildingarstofu.

Bráðabirgðalöggildingarmiði er miði sem festur er á mælitæki og sýnir að það hafi bráðabirgðalöggildingu með takmarkaðan gildistíma. Útlit og málsetningar miðans koma fram í viðauka I við reglugerð þessa. Á honum kemur einnig fram hámarksgildistími bráðabirgðalöggildingar og faggildingarnúmer þjónustuverkstæðisins sem framkvæmir löggildinguna.

Innsiglismerki er límmiði með hringlaga merki, löggildingarhnappur festur á innsiglisþráð, brúnarmerki vínmáls eða innslegið löggildingartákn. Merkin eru notuð til að innsigla mælitæki og þau eru þannig gerð að ekki er hægt að fjarlægja þau eftir að þeim hefur verið komið fyrir án þess að þau eyðileggist. Útlit og málsetningar límmiðans og löggildingartáknsins koma fram í viðauka I við þessa reglugerð.

Löggildingaraðili er prófunarstofa eða þjónustuverkstæði með B-faggildingu með starfsleyfi til löggildingar mælitækja.

Löggildingargjald er gjald sem löggildingaraðilar greiða Löggildingarstofu fyrir umsýslu með framkvæmd löggildinga á viðkomandi löggildingarsviði. Greitt er í samræmi við gjaldskrá Löggildingarstofu fyrir hverja löggildingu eða bráðabirgðalöggildingu.

Löggildingarhnappur er hnappur eða flipi sem notaður er sem innsiglismerki. Hann er úr plasti eða mjúkum málmi og er festur á innsiglisþráð. Þá er jafnframt þrykkt í hann faggildingarnúmeri löggildingaraðila og löggildingartákni sem sýnir að mælitæki sem ber hann hefur verið löggilt.

Löggildingarhæfi mælitækis merkir að það sé hæft til að hljóta löggildingu. Undanfari þess er skoðun og prófun mælitækis til staðfestingar þess að það uppfylli settar kröfur.

Löggildingarmiði er miði sem festur er á mælitæki. Á honum kemur fram að mælitækið sem ber hann sé löggilt og hámarksgildistími löggildingarinnar og faggildingarnúmer prófunarstofu sem framkvæmdi löggildinguna. Útlit og málsetningar miðans koma fram í viðauka I við reglugerð þessa.

Löggildingarsvið heita þau svið sem löggildingar mælitækja skiptast í. Löggildingarsviðin afmarkast af reglugerðum sem fjalla um einstakar gerðir mælitækja.

Löggildingartákn er einfaldað skjaldarmerki sem sýnir að mælitæki hefur verið löggilt. Með tákninu skal standa ártal þegar löggilt er og faggildingarnúmer löggildingaraðila sem framkvæmir löggildinguna. Form og útlit táknsins kemur fram í viðauka I við reglugerð þessa.

Mæligrunnur er áþreifanlegur mælikvarði, mælitæki eða mælibúnaður til þess að skilgreina, varðveita eða birta einingu eða gildi eðlisfræðistærðar til þess að flytja þessa einingu eða stærð yfir á önnur mælitæki með samanburði.

Prófun merkir tæknilega framkvæmd sem felur í sér ákvörðun á einu eða fleiri einkennum tiltekinnar vöru, ferlis eða þjónustu samkvæmt fyrir fram tilgreindum verklagsreglum.

Prófunarstofa merkir hér faggilta prófunarstofu sem uppfyllir ákvæði reglugerðar um starfsemi faggiltra prófunarstofa nr. 351/1993. Hún skal hafa hlotið starfsleyfi Löggildingarstofu til að annast löggildingar mælitækja í umboði hennar.

Þjónustugjald er gjald sem ábyrgðarmaður löggildingarskylds mælitækis greiðir löggildingaraðila fyrir prófun og löggildingu þess.

3. gr.

Tæknilegar kröfur.

Tæknileg framkvæmd löggildinga skal vera í samræmi við ákvæði í viðeigandi reglugerðum sem gilda um einstök löggildingarsvið þar sem tæknilegum kröfum til löggildingaraðila, starfsmanna, búnaðar o.s.frv. er lýst.

4. gr.

Heildaróvissa.

Prófunarstofa skal sýna fram á að heildaróvissa við löggildingar sem hún annast eða ætlar sér að annast sé ekki meiri en þriðjungur af leyfilegu hámarksfráviki mælitækisins.

Prófunarstofan skal einnig sýna fram á að áhrifsþættir svo sem umhverfisaðstæður geti ekki aukið heildaróvissuna upp fyrir leyfileg mörk.

5. gr.
Starfsumhverfi.

Prófunarstofa sem annast löggildingar skal hafa hlotið faggildingu í samræmi við reglugerð nr. 351/1993 um starfshætti faggiltra prófunarstofa og nánari ákvæði í reglugerðum, sem settar eru með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu, um hvert löggildingarsvið fyrir sig.

Prófunarstofu er aðeins heimilt að löggilda þau mælitæki sem starfsleyfi hennar nær til og skal hún geta löggilt öll mælitæki sem falla undir viðkomandi löggildingarsvið eins og það er afmarkað í reglugerð um viðkomandi flokk mælitækja. Prófunarstofu má faggilda til að annast löggildingar á fleiri en einu löggildingarsviði en ekki hluta af sviði.

Starfsvettvangur prófunarstofu er landið allt. Berist prófunarstofu ósk um löggildingu mælitækis, sem fellur undir löggildingarsvið hennar, er henni hvorki heimilt að hafna löggildingu vegna landfræðilegrar staðsetningar mælitækis, sem prófað er á vettvangi, né af öðrum þeim sökum sem teljast þrengja starfssvið prófunarstofunnar. Hún skal framkvæma löggildinguna svo skjótt sem auðið er.

6. gr.
Starfsleyfi.

Löggildingaraðili sem starfar við löggildingar mælitækja skal hafa starfsleyfi frá Löggildingarstofu. Til að öðlast starfsleyfi þarf hann að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

Löggildingaraðilinn skal vera faggiltur til að framkvæma þær prófanir og skoðanir sem nauðsynlegar eru til að staðfesta löggildingarhæfi mælitækja á viðkomandi löggildingarsviði.

Löggildingaraðilinn skal hafa í föstu starfi tæknilegan stjórnanda sem uppfyllir hæfniskröfur sem settar eru fram í viðeigandi reglugerðum. Tæknilegur stjórnandi ber tæknilega ábyrgð á framkvæmd löggildinga.

Löggildingaraðilinn skal hafa nægilegan fjölda fastra starfsmanna með fullnægjandi menntun, þekkingu og reynslu til að annast löggildingar. Þeir skulu uppfylla hæfniskröfur sem settar eru fram í viðkomandi sérreglugerðum.

Löggildingaraðilinn skal hafa yfir að ráða þeim mælitækjum og búnaði sem nauðsynlegur er til að löggilda viðkomandi mælitæki og lýst er í viðeigandi sérreglugerðum. Mælitækjum og búnaði skal haldið í góðu ástandi.

Mæligrunnar og mælitæki sem löggildingaraðili notar við löggildingar skulu vera kvörðuð og skal kvörðunin vera rekjanleg til landsmæligrunna á Íslandi.

Löggildingaraðilinn skal taka þátt í samanburðarskoðunum sem Löggildingarstofa ákveður og skal bera eigin kostnað vegna þessa.

Löggildingaraðilinn skal senda Löggildingarstofu upplýsingar um allar löggildingar sem hann framkvæmir ásamt nauðsynlegum skýrslum.

Löggildingaraðilinn skal greiða löggildingargjald til Löggildingarstofu fyrir hverja löggildingu sem hann framkvæmir.

7. gr.
Bráðabirgðastarfsleyfi.

Þegar aðili sækir í fyrsta sinn um starfsleyfi til að framkvæma löggildingar er hægt að veita honum starfsleyfi til bráðabirgða. Bráðabirgðastarfsleyfið gildir aldrei lengur en til eins árs. Á þessum tíma getur hann löggilt tæki eins og um löggildingaraðila sé að ræða. Aðili getur aðeins fengið bráðabirgðastarfsleyfi einu sinni fyrir hvert löggildingarsvið.

Þeir sem sækja um bráðabirgðastarfsleyfi skulu hafa komið upp nauðsynlegu gæðakerfi og verklagsreglum ásamt því að leggja fram áætlun um á hvern hátt þeir hyggjast nota

aðlögunartímann til að byggja upp starfsemi sína til að uppfylla öll þau ákvæði sem liggja til grundvallar fullu starfsleyfi.

Áður en bráðabirgðastarfsleyfi er veitt skal sá sem um starfsleyfið sækir hafa staðfest forúttekt faggildingarsviðs Löggildingarstofu.

8. gr.

Leyfissvipting.

Löggildingarstofa getur svipt löggildingaraðila starfsleyfi ef skilyrði fyrir leyfisveitingu eru ekki lengur fyrir hendi. Sama á við ef löggildingaraðilinn hlítir ekki fyrirmælum Löggildingarstofu eða faggildingarsviðs hennar, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða óvarkárni í starfi. Starfsleyfi fellur sjálfkrafa niður hafi löggildingaraðili verið sviptur faggildingu sinni.

9. gr.

Löggildingar.

Mælitæki sem uppfyllir almennar forsendur fyrir löggildingarhæfi og stenst prófanir um að það mæli rétt með tilliti til leyfilegra fráviksmarka telst löggildingarhæft. Nauðsynlegt getur reynst að stilla mælitæki inn fyrir leyfileg fráviksmörk. Skýrsla er gerð um prófunina og síðan er lokið við löggildingu með því að festa á það löggildingarmerki og gefa út löggildingarvottorð. Gefa má út eitt löggildingarvottorð fyrir fleiri en eitt tæki. Jafnframt er tækið innsiglað til þess að mælifræðilegum eiginleikum þess verði ekki breytt á milli löggildinga.

Notkun löggildingartákna, miða og hnappa fer eftir því hvað hentar mismunandi gerðum mælitækja. Ártal og mánuður á löggildingarmiðum sýnir hvenær löggilding rennur út en ártal sem þrykkja má í mælitæki eða hnapp sýnir árið þegar löggilding fer fram. Kveða má á um frávik frá þessari almennu reglu um notkun ártals í sérreglugerð um löggildingu tiltekins mælitækjaflokks.

10. gr.

Löggildingarmerki, innsigli og skýrslublöð.

Útlit og málsetningar löggildingarmiða, löggildingartákns og innsiglismerkja eru skilgreind í viðauka I við reglugerð þessa. Löggildingarstofa lætur löggildingaraðila í té mót af löggildingartákni. Ekki má nota önnur mót en þau sem Löggildingarstofa hefur látið í té.

Skýrslublöð eru tvenns konar. Annars vegar löggildingarvottorð og hins vegar prófunarskýrslur þar sem skráðar eru niðurstöður prófana á mælitæki. Skýrslublöð skulu liggja fyrir þegar sótt er um starfsleyfi. Löggildingaraðili skal hafa frumrit löggildingarvottorða aðgengileg starfsmönnum Löggildingarstofu. Fullnægjandi er að hafa prófunarskýrslur á rafrænu formi.

Í reglugerðum er kveðið á um þær upplýsingar sem skulu koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingu. Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum Löggildingarstofu.

11. gr.

Samskipti.

Upplýsingum um niðurstöður löggildinga skal skila til Löggildingarstofu mánaðarlega. Upplýsingum skal skila á tölvutæku formi samkvæmt nánari fyrirmælum Löggildingarstofu þar um. Eftirfarandi skal koma fram fyrir hvert löggilt mælitæki en nánari fyrirmæli kunna að vera gefin í starfsleyfi:

1. Nafn, kennitala og aðsetur eiganda mælitækisins.
2. Kennistærðir mælitækisins, svo og raðnúmer.
3. Dagsetning löggildingar og gildistími.
4. Löggildingarstaða mælitækis fyrir prófun.

Auk þess skulu vera aðgengilegar upplýsingar um beiðnir um löggildingar sem borist hafa og um stöðu verka í vinnslu þegar það á við vegna markaðseftirlits og/eða löggildingareftirlits.

Árlega skal löggildingaraðili afhenda Löggildingarstofu ársskýrslu í samræmi við starfsleyfi og verklagsreglur Löggildingarstofu þar að lútandi með tölfræðilegum upplýsingum um niðurstöður löggildinga síðastliðið ár, m.a. upplýsingar um frávik og stillingar eftir því sem unnt er.

12. gr.

Sérákvæði um aðila sem annast bráðabirgðalöggildingar.

Almennt gilda sömu ákvæði um aðila sem annast bráðabirgðalöggildingar og um prófunarstofur sem annast löggildingar en þó eru nokkur frávik sem hér eru tilgreind nánar.

Aðilar sem annast bráðabirgðalöggildingar:

1. Skulu hafa hlotið faggildingu í samræmi við reglugerð um starfsemi þjónustuverkstæða með B-faggildingu nr. 354/1997.
2. Mega aðeins löggilda þau mælitæki sem starfsleyfi þeirra nær til.
3. Þurfa ekki að geta löggilt öll mælitæki sem falla undir tiltekið mælisvið og hafa takmarkaðan starfsvettvang.
4. Þurfa ekki að meta heildaróvissu.

Skilyrði fyrir því að veita megi löggildingarskyldu mælitæki bráðabirgðalöggildingu eru að:

1. Mælitæki hafi áður hlotið löggildingu.
2. Stöðva þurfi starfsemi.
3. Prófunarstofa geti ekki framkvæmt löggildingu nægilega skjótt.

Bráðabirgðalöggilding gildir í allt að mánuð og skal tilkynnt Löggildingarstofu samdægurs. Tilkynningin skal innihalda eftirtaldar upplýsingar:

1. Nafn, kennitölu og aðsetur eiganda mælitækisins.
2. Upplýsingar um notanda mælitækis ef hann er annar en eigandi þess.
3. Kennistærðir mælitækisins, svo og raðnúmer.
4. Staðfestingu um að búið sé að óska eftir löggildingu hjá prófunarstofu.

Aðili með B-faggildingu þarf ekki að skila skýrslum ársfjórðungslega heldur aðeins árlega eins og fram kemur í 4. málsgrein 11. gr.

13. gr.

Málskot.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 353/1997 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði löggildingarstofu.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. ágúst 2000.

F. h. r.
Þorgeir Örlygsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

VIÐAUKI I

Útlit og málsetning löggildingarmiða, bráðabirgðalöggildingarmiða og innsiglismerkis skulu vera sem hér segir:



LÖGGILT MÆLITÆKI

Stærð 35 x 28 mm

MERKI LÖGGILDINGARSTOFU Í LIT

Blár flötur:
PANTON 286
PROCESS-LITIR C 100% M 60% K 6%

Rauður flötur:
PANTON 032
PROCESS-LITIR M 91% Y87%

Fáni í skjaldarmerki:
Dekkri grár: K 55%
Ljósari grár: K 40%



BRÁÐABIRGÐA-LÖGGILDING

Stærð 35 x 28 mm

Letur:
Berling Roman condensed 80%

Grunnur:
Graduated hvítur að grænum (35% Cyan 845 Yellow)



INNSIGLI

Stærð 35 x 35 mm

Letur:
Löggildingarstofa, Berling Roman condensed 80% 10 pt
Innsigli, Berling Roman Condensed 90% 11 pt

SKJALDARMERKI einfaldað fyrir leturgrafara



Merkið er notað sem löggildingartákn eða innsigli.

Stærð 10 mm á hæð x 9 mm á breidd

Heimilt er að nota öll merkin fjögur í öðrum stærðum, en litir og hlutföll skulu vera óbreytt.

STJÓRNARTÍÐINDI B 95 – 2000

8. september 2000 1949 Nr. 649

AUGLÝSING

um útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2000-2001.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, hefur verið ákveðið að útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2000-2001 verði kr. 193,00 á hvert kg af dilkakjöti.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 8. september 2000.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Sigríður Norðmann.

Stjórnartíðindi B 95, nr. 649. Útgáfudagur 11. september 2000.

B 132
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 96 – 2000

Nr. 650 1950 12. september 2000

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, austurhluta Háskólalóðar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 1. ágúst 2000 breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, austurhluta Háskólalóðar, samþ. 28. september 1999, varðandi byggingarsvæði H. Breytingin felur m.a. í sér stækkun byggingarreits, aukið byggingarmagn, hækkun húss og fjölgun bílastæða.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 12. september 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

Nr. 651 8. september 2000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 2/1999 um útgáfu húsbréfa á árinu 1999 og 2000 fyrir Íbúðalánasjóð, sbr. reglugerð nr. 607/1999 og nr. 115/2000.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingu, orðast svo:

Húsbréfin í hverjum flokki skulu gefin út í þremur undirflokkum A, B, og C. Í undirflokki A skal hvert húsbréf vera að fjárhæð 1.000.000 kr., í undirflokki B 100.000 kr. og í undirflokki C 10.000 kr. Vextir í 1. og 2. flokki 1998 eru 4,75% á ári. Lánstími bréfa í 1. flokki skal vera 25 ár og í 2. flokki 40 ár.

2. gr.

3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingu, orðast svo:

Samanlögð fjárhæð samþykktra skuldabréfaskipta úr 1. og 2. flokki 1998 skal ekki vera umfram 30.142 milljónir króna á árinu 2000 miðað við reiknað markaðsvirði húsbréfanna. Þannig skal samanlögð fjárhæð samþykktra skuldabréfaskipta 1998, 1999 og 2000 úr 1. og 2. flokki húsbréfa 1998 ekki fara umfram 83.849 milljónir króna miðað við fyrrnefnt reiknað markaðsvirði.

3. gr.

3. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingu, orðast svo: Húsbréfaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. desember 2000.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 21., 24. og 29. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. september 2000.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Óskar Páll Óskarsson.

Nr. 652 1952 8. september 2000

AUGLÝSING

um skipulag í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi í Molduhrauni, lóð nr. 12 við Miðhraun.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti þann 22. ágúst 2000 óverulega breytingu á deiliskipulagi í Molduhrauni á lóð nr. 12 við Miðhraun. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður lítillega til norðurs um 10 x 19 m en að öðru leyti gilda skipulagsskilmálar svæðisins óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Breyting á deiliskipulagi í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ, lóð nr. 12 við Brúnás.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti þann 22. ágúst 2000 óverulega breytingu á deiliskipulagi í Hraunsholti, Ásum, á lóð nr. 12 við Brúnás. Í breytingunni felst að tvær lóðir eru sameinaðar í eina og hús sem fyrir eru á staðnum verða hluti skipulags.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 8. september 2000.

F.h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

Nr. 653 6. september 2000

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skálafells 1, Suðursveit, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Hornafjarðar þann 31. maí 2000 samþykkt deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Skálafells 1, Suðursveit, í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Deiliskipulagið, sem unnið er af Ullu R. Pedersen landslagsarkitekt og dagsett 8. maí 2000, gerir ráð fyrir byggingu tveggja frístundahúsa.

Deiliskipulagið var auglýst samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hékk uppi til kynningar frá 30. júní 2000 til 11. ágúst 2000. Engar athugasemdir bárust við skipulagið.

Skipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til skoðunar og yfirferðar, og gerir stofnunin ekki athugasemdir við að það verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Höfn, Hornafirði, 6. september 2000.

Hákon Valdimarsson byggingarfulltrúi Hornafjarðar.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Áshamars, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Áshamars, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 7. júní 2000.

Breyting á áður samþykktu deiliskipulagi felst í því að lóðarmörkum lóða nr. 208-3158, 208-3157 og 208-3156 hefur verið breytt innbyrðis og byggingarreitur lóðar nr. 208-3158 lítillega minnkaður.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi deiliskipulag Áshamars sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 16. nóvember 1998.

Mosfellsbæ, 4. september 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

7. september 2000 Nr. 655

REGLUGERÐ

um brottfellingu reglugerðar nr. 120/1987, um starfsemi lyfjabúðar Háskóla Íslands.

1. gr.

Reglugerð um starfsemi lyfjabúðar Háskóla Íslands nr. 120/1987 fellur úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. september 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

4. september 2000 Nr. 656

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um hafnarríkiseftirlit nr. 128/1997.

1. gr.

11. tölul. greinar 3.2. í viðauka VI orðist svo:

Leiðrétt sjókort og/eða öll viðeigandi sjóferðagögn sem eru nauðsynleg til fyrirhugaðrar sjóferðar eru ekki fyrir hendi, að teknu tilliti til þess að nota má rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi (ECDIS), gerðarprófað í samræmi við viðurkennda alþjóðlega staðla, með opinber stafræn gögn í stað sjókorta.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 35/1993 um eftirlit með skipum ásamt síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 4. september 2000.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 657 1. september 2000

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Siglufjarðar eru hér með settar reglur um umferð á Siglufirði:

Bifreiðastöður eru bannaðar beggja vegna Túngötu frá Aðalgötu og norður að Eyrargötu.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Siglufirði, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Siglufirði, 1. september 2000.

Björn Rögnvaldsson.

Nr. 658 8. september 2000

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar, sunnan gamla Vesturlandsvegar, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi miðbæjar, sunnan gamla Vesturlandsvegar, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 16. ágúst 2000.

Breytingin felst í því að hámarksvegghæð húsgerðar A1 er hækkuð úr 4,5 í 6 m, þakform er gefið frjálst og heimild er fyrir því að einstakir byggingarhlutar standi allt að 1,5 m upp fyrir hámarkshæð.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var í júlí 2000.

Mosfellsbæ, 8. september 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

REGLUGERÐ

um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum.

1. gr.
Markmið.

Markmiðið með þessari reglugerð er að auka öryggi og líkur á björgun farþega og áhafnar á íslenskum farþegaskipum sem sigla til og frá höfnum innan EES-svæðisins og farþegaskipum sem sigla til og frá höfnum á Íslandi og að tryggja að staðið verði á skilvirkari hátt að leit og björgun og eftirmálum slysa sem kunna að bera að höndum.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) *einstaklingar* eru allir um borð, óháð aldri;
b) *farþegaskip* er hafskip eða háhraðafar sem getur flutt fleiri en tólf farþega;
c) *háhraðafar* er háhraðafar eins og það er skilgreint í 1. reglu X. kafla Alþjóðasamnings um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974 (SOLAS) í þeirri útgáfu sem var í gildi þegar þessi reglugerð tók gildi;
d) *fyrirtæki* er eigandi farþegaskips eða annar aðili, t.d. framkvæmdastjóri eða leigutaki þurrleiguskipa (skipa án áhafna), sem hefur tekið ábyrgð á rekstri farþegaskips frá eiganda;
e) *ISM-kóði* er alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, samþykktur af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) með ályktun þingsins A.741(18) frá 4. nóvember 1993;
f) *umsjónarmaður farþegaskráningar* er einstaklingur í landi sem fyrirtæki hefur tilnefnt til að sjá um að ákvæðum ISM-kóðans sé fullnægt eða einstaklingur í landi sem fyrirtæki hefur tilnefnt til að sjá um vörslu upplýsinga um einstaklinga sem stíga um borð í farþegaskip fyrirtækisins;
g) *sjómíla* er 1.852 metrar;
h) *skýlt hafsvæði* er hafsvæði í skjóli fyrir áhrifum frá opnu hafi, þar sem skip er aldrei meira en sex sjómílur frá vari þar sem skipreika einstaklingar kæmust í land og þar sem nálægð við leitar- og björgunarþjónustu er tryggð;
i) *reglubundnar áætlunarferðir* eru siglingar skips milli tveggja eða fleiri staða, annaðhvort:
   a) samkvæmt áætlun, eða
   b) með svo reglulegum eða tíðum ferðum að telja má að um reglubundnar ferðir sé að ræða;
j) *þriðja land* er hvert það land sem er ekki EES-ríki; og
k) *SOLAS* er alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu, 1974.

3. gr.
Gildissvið.

Þessi reglugerð gildir um farþegaskip, að undanskildum:

a) herskipum,
b) lystisnekkjum, nema á þeim sé eða muni verða áhöfn og þær flytji fleiri en tólf farþega í atvinnuskyni.

4. gr.

Talning einstaklinga.

Telja skal alla einstaklinga um borð í sérhverju farþegaskipi, sem lætur úr höfn á Íslandi og um borð í sérhverju íslensku farþegaskipi sem lætur úr höfn í öðru EES-ríki fyrir brottför skipsins.

Fyrir brottför skipsins skal tilkynna skipstjóra farþegaskipsins og umsjónarmanni farþegaskráningar fyrirtækisins eða kerfi á vegum fyrirtækisins í landi, sem gegnir sama hlutverki, um fjölda einstaklinga um borð.

5. gr.

Skráningarskyldar upplýsingar.

Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar fyrir sérhvert farþegaskip sem lætur úr höfn á Íslandi og sérhvert íslenskt farþegaskip sem leggur úr höfn í öðru EES-ríki og leggur upp í lengri ferð en tuttugu sjómílur frá brottfararstað:

a) nöfn allra einstaklinga um borð,
b) kyn þeirra,
   b. greining á því hvaða þættir umhverfisins er talið líklegt að geti helst orðið fyrir áhrifum þegar tekið er tillit til allra umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar miðað við fyrirliggjandi vitneskju,
   c. lýsing á því hvernig fyrirhugað er að standa að mati á umhverfisáhrifum, s.s. um gagnaöflun, rannsóknarsvæði, tímasetningu athugana, tíðni mælinga, úrvinnslu gagna, aðferðir við mat og framsetningu niðurstaðna.
4. Upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem þegar hafa tjáð sig um framkvæmdina eða tillögu að matsáætlun.
5. Áætlun um kynningu, álitsumleitan og samráð við vinnslu matsskýrslu.
6. Tíma- og kostnaðaráætlanir, s.s. tímaáætlun um vinnslu matsskýrslu, athugasemda- og umsagnarfrestir, opinber umfjöllun Skipulagsstofnunar, áætlun um framkvæmda- og rekstrartíma. Framkvæmdaraðila er heimilt að greina frá kostnaðaráætlun vegna rannsókna og vinnu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

14. gr.

Kynning og samráð við gerð tillögu að matsáætlun.

Framkvæmdaraðili leitar samráðs eins snemma og kostur er. Framkvæmdaraðila ber að kynna umsagnaraðilum og almenningi tillögu að matsáætlun. Framkvæmdaraðili skal kynna tillöguna með auglýsingu sem vísi á veraldarvefinn og gefa almenningi kost á a.m.k. tveimur vikum til að koma á framfæri athugasemdum við tillöguna. Framkvæmdaraðili getur einnig kynnt tillöguna á almennum kynningarfundi eða opnu húsi.

Framkvæmdaraðila ber að hafa samráð við Skipulagsstofnun við gerð tillögu að matsáætlun.

15. gr.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Þegar framkvæmdaraðili hefur sent Skipulagsstofnun tillögu að matsáætlun ber stofnuninni að leita eftir umsögn leyfisveitenda og eftir atvikum annarra aðila. Í umsögn skal koma fram hvort tillagan geri nægilega grein fyrir framkvæmd og hvort upplýsingar teljist fullnægjandi um hvernig staðið verður að gagnaöflun, úrvinnslu gagna, mati á umhverfisáhrifum og framsetningu mats í matsskýrslu og, ef á skortir, hvaða atriðum þurfi að mati umsagnaraðila að gera frekari skil. Umsagnaraðilar, sem jafnframt eru leyfisveitendur, skulu gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra.

Tillagan skal vera aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar. Koma skal fram að allir hafi rétt til að senda stofnuninni skriflegar athugasemdir um matsáætlunina innan tilgreinds tímafrests.

Skipulagsstofnun ber að taka ákvörðun um fram komna tillögu að matsáætlun innan fjögurra vikna frá því að tillagan berst stofnuninni. Skipulagsstofnun skal veita umsagnaraðilum a.m.k. 10 daga til að gefa umsögn um tillögu að matsáætlun og framkvæmdaraðila a.m.k. 3 daga til að fara yfir fram komnar umsagnir og koma að áliti sínu. Taki framkvæmdaraðili sér lengri frest til að fara yfir fram komnar umsagnir skal hann tilkynna Skipulagsstofnun um það og lengist þá frestur Skipulagsstofnunar til að taka ákvörðun sem því nemur.

Skipulagsstofnun getur fallist á tillögu að matsáætlun með eða án athugasemda. Geri stofnunin athugasemdir í niðurstöðu sinni verða þær hluti af matsáætlun.

Fallist Skipulagsstofnun ekki á tillögu að matsáætlun skal stofnunin rökstyðja ákvörðun sína, gera grein fyrir því sem hún telur ábótavant og leiðbeina framkvæmdaraðila um frekari úrvinnslu.

Skipulagsstofnun skal senda niðurstöðu sína um tillögu framkvæmdaraðila til væntanlegra leyfisveitenda og annarra umsagnaraðila.

16. gr.

Kostnaðaráætlun Skipulagsstofnunar.

Þegar matsáætlun hefur verið samþykkt skal Skipulagsstofnun leggja fram sundurliðaða kostnaðaráætlun vegna umfjöllunar á vegum stofnunarinnar við mat á umhverfisáhrifum, s.s. um umfjöllun um matsskýrslu, kynningu og auglýsingu, sérfræðiálit, athugun og úrskurð. Kostnaðaráætlun skal byggð á gjaldskrá sem ráðherra hefur staðfest. Þá skal Skipulagsstofnun leggja fram upplýsingar um kostnað sem fallið hefur til við umfjöllun um tillögu að matsáætlun. Skipulagsstofnun skal greina framkvæmdaraðila eins fljótt og kostur er frá því ef forsendur kostnaðaráætlunar breytast.

VI. KAFLI
Matsskýrsla.

17. gr.

Drög að matsskýrslu.

Heimilt er framkvæmdaraðila að kynna drög að matsskýrslu, gera grein fyrir hugsanlegum breytingum frá matsáætlun og óska eftir athugasemdum við hana. Umsagnaraðilar gera athugasemdir við drög að matsskýrslu um þá þætti sem eru á starfssviði þeirra.

18. gr.

Efni matsskýrslu.

Matsskýrsla skal vera í samræmi við matsáætlun, og í henni skulu koma fram öll þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að greina og meta helstu áhrif sem framkvæmd er líkleg til að hafa á umhverfið.

Í matsskýrslu skal eftirfarandi koma fram eftir því sem við á:

1. Upplýsingar um framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir, einkum:
   a. lýsing á framkvæmd, hönnun hennar, afmörkun og umfangi, áfangaskiptingu ef við á, fyrirhugaðri staðsetningu og landrýmisþörf á framkvæmda- og rekstrartíma,
   b. upplýsingar um tilgang framkvæmdar, hver er framkvæmdaraðili og upplýsingar um áætlaðan framkvæmdakostnað, þ.e. ef hann fellur ekki undir viðskiptaleynd,
   c. upplýsingar um matsskyldu framkvæmdar, með vísan til viðeigandi liða í 1. eða 2. viðauka,
   d. lýsing á helstu framleiðsluferlum og upplýsingar um nýtingu náttúruauðlinda, s.s. jarðefna, vatns, orku, annarra hráefna, og mannaflaþörf á framkvæmda- og rekstrartíma,
   e. áætlun um losun (mengun vatns, lofts og jarðvegs, hávaða, titring, ljós, hita, geislun o.s.frv.) og um tegund og magn úrgangs,
   f. upplýsingar um framkvæmdir á vegum annarra aðila sem eru forsenda hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar,
   g. upplýsingar um hvaða leyfum framkvæmd og starfsemi, sem henni fylgir, er háð ásamt upplýsingum um stöðu starfsleyfisundirbúnings vegna starfsleyfisskyldra framkvæmda,
   h. yfirlit yfir valkosti sem gerð er grein fyrir í matsskýrslu, s.s. aðra kosti varðandi tæknilega útfærslu framkvæmdar eða starfsemi, aðra staðarvalskosti eða núll-kost, þ.e. að aðhafast ekkert,
   i. upplýsingar um áætlaðan framkvæmda- og rekstrartíma.
2. Upplýsingar um framkvæmdasvæði, s.s.:
   a. uppdráttur af fyrirhugaðri staðsetningu framkvæmdar og einnig uppdráttur af öðrum staðarvalskostum,
   b. uppdráttur af líklegu áhrifasvæði framkvæmdar,
   c. lýsing á framkvæmdasvæði og áætluðu áhrifasvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar, s.s. landslagi, gróðurfari, byggð og landnotkun; fram skal koma hvort svæðið, að hluta eða heild, nýtur verndar eða hvort um það gilda aðrar kvaðir eða takmarkanir á landnotkun, s.s. vegna náttúruvár,
   d. upplýsingar um aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu, liggi þær fyrir,
   e. upplýsingar um stöðu skipulagsmála á og nærri framkvæmdasvæði, hvort fyrirhuguð framkvæmd samræmist gildandi skipulagsáætlunum og hvernig fyrirhuguð framkvæmd tengist alþjóðasamningum og skuldbindingum.
3. Mat á umhverfisáhrifum. Þar komi fram:
   a. lýsing á því hvaða þættir framkvæmdar og starfsemi, sem henni fylgir, eru taldir geta valdið umhverfisáhrifum, s.s. stærð og gerð mannvirkja, framleiðsluferlar, magn og gerð mengunarefna og hljóðstig frá starfsemi,
   b. lýsing á þeim þáttum umhverfisins sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir,
   c. lýsing á þeirri aðferðarfræði sem beitt hefur verið til að segja fyrir um áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið,
   d. niðurstöður mats á umhverfisáhrifum, þ.e. mat á líklegum umhverfisáhrifum framkvæmdar og áhrifum starfsemi, sem henni fylgir, á umhverfið og líffræðilega fjölbreytni vegna tilkomu hennar, nýtingar náttúruauðlinda, losunar mengunarefna, ónæðis og/eða úrgangs,

e. samanburður á umhverfisáhrifum þeirra kosta sem kynntir eru og rökstuðningur fyrir vali framkvæmdaraðila að teknu tilliti til umhverfisáhrifa,
f. lýsing á fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum,
g. upplýsingar um þá erfiðleika, tæknilega annmarka eða skort á þekkingu sem framkvæmdaraðili kann að hafa staðið frammi fyrir við mat á umhverfisáhrifum,
h. tillaga að vöktunaráætlun.

4. Upplýsingar um kynningu, álitsumleitan og samráð sem staðið hefur verið að af hálfu framkvæmdaraðila við mat á umhverfisáhrifum og upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða matsskýrslu á vinnslustigi.
5. Stutt og skýr samantekt á almennu máli um matsskýrslu og niðurstöður hennar.

19. gr.

Beiðni um frekari gögn.

Ef sérstakar ástæður mæla með getur Skipulagsstofnun farið fram á að framkvæmdaraðili leggi fram frekari gögn en gert er ráð fyrir í samþykktri matsáætlun, við gerð matsskýrslu og við athugun stofnunarinnar, sbr. 20. gr., enda rökstyðji stofnunin beiðnina sérstaklega.

VII. KAFLI
Athugun og úrskurður um mat á umhverfisáhrifum.

20. gr.

Athugun Skipulagsstofnunar.

Þegar framkvæmdaraðili hefur sent Skipulagsstofnun matsskýrslu skal stofnunin innan tveggja vikna meta hvort skýrslan sé í samræmi við samþykkta matsáætlun skv. 15. gr., uppfylli kröfur sem gerðar eru í 18. gr. og, ef við á, taka afstöðu til röksemda framkvæmdaraðila vegna frávika í matsskýrslu frá samþykktri matsáætlun.

Hafni Skipulagsstofnun að taka matsskýrslu til athugunar af þeim ástæðum sem greindar eru í 1. mgr. ber henni að rökstyðja sérstaklega hverju sé ábótavant og leiðbeina framkvæmdaraðila um frekari vinnslu matsskýrslu.

21. gr.

Kynning á matsskýrslu.

Telji Skipulagsstofnun matsskýrslu vera í samræmi við matsáætlun og ákvæði 18. gr. auglýsir stofnunin hina fyrirhuguðu framkvæmd og matsskýrslu með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, dagblaði sem gefið er út á landsvísu og, eftir því sem við á, í fjölmiðli sem ætla má að nái til þeirra sem búa nærri framkvæmdasvæði.

Framkvæmdaraðili skal kynna almenningi framkvæmd og matsskýrslu í samráði við Skipulagsstofnun eftir að skýrslan hefur verið auglýst. Skipulagsstofnun getur vikið frá þeirri kröfu ef sýnt þykir að framkvæmd og matsskýrsla hafi hlotið fullnægjandi kynningu.

Matsskýrslan skal liggja frammi á aðgengilegum stað nærri framkvæmdasvæði og hjá Skipulagsstofnun í sex vikur eftir að Skipulagsstofnun hefur kynnt hina fyrirhuguðu framkvæmd, sbr. 1. mgr., sem jafnframt er sá frestur sem gefst til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun. Öllum er heimilt að gera athugasemdir við fram lagða matsskýrslu.

22. gr.

Umsagnir og sérfræðiálit.

Skipulagsstofnun skal leita umsagnar leyfisveitenda og annarra aðila eftir því sem við á. Umsagnaraðilar skulu fjalla um hvort á fullnægjandi hátt sé fjallað um eftirtalin atriði sem eru á starfsviði þeirra, eftir því sem við á:

a. fyrirhugaða framkvæmd,
b. umhverfi,
c. umhverfisáhrif,
d. mótvægisaðgerðir,
e. vöktun,
f. þörf á að kanna tiltekin atriði frekar.

Skipulagsstofnun skal veita umsagnaraðilum a.m.k. þriggja vikna frest til að gefa umsögn um matsskýrslu.

Komi umsagnaraðili fram með ný atriði sem ekki hafa komið fram í umfjöllun hans á fyrri stigum ber honum að gera sérstaklega grein fyrir því og ástæðu þess að það hafi ekki komið fram fyrr.

Skipulagsstofnun er heimilt að leita álits sérfræðinga á ákveðnum þáttum matsskýrslu og fram komnum gögnum að höfðu samráði við framkvæmdaraðila, sbr. 16. gr. Leiti stofnunin sérfræðiálits skal í úrskurði tilgreina ástæður þess.

23. gr.

Álit framkvæmdaraðila.

Umsagnir, athugasemdir og sérfræðiálit, sem Skipulagsstofnun berast við matsskýrslu, skulu kynntar framkvæmdaraðila eftir því sem þær berast stofnuninni og honum gefinn kostur á að svara þeim eða skýra þau atriði sem þar eru tilgreind.

Framkvæmdaraðila skal gefinn a.m.k. viku frestur til að fara yfir fram komnar umsagnir, athugasemdir og sérfræðiálit. Taki framkvæmdaraðili sér lengri frest til að koma að athugasemdum sínum um fram komnar umsagnir skal hann tilkynna Skipulagsstofnun um það og skal þá sá frestur sem Skipulagsstofnun hefur til að úrskurða um mat á umhverfisáhrifum lengjast sem þeim tíma nemur.

24. gr.

Úrskurður Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun skal kveða upp rökstuddan úrskurð um mat á umhverfisáhrifum á grundvelli fyrirliggjandi gagna innan fjögurra vikna, sbr. þó 2. mgr. 23. gr., frá því að frestur til athugasemda, skv. 3. mgr. 21. gr., rennur út. Í úrskurði Skipulagsstofnunar skal taka ákvörðun um hvort:

a. fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða, eða
b. lagst er gegn viðkomandi framkvæmd vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar skal gera grein fyrir forsendum og niðurstöðum ákvörðunarinnar og hvaða skilyrðum hún er háð.

Skipulagsstofnun er heimilt í úrskurði sínum að setja skilyrði um að framkvæmdaraðili gangist fyrir frekari rannsóknum á tilteknum atriðum fyrir og eftir hina fyrirhuguðu framkvæmd í þeim tilgangi að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og til að ganga úr skugga um hvaða afleiðingar framkvæmdin muni hafa í för með sér.

Skipulagsstofnun skal, setji hún skilyrði í úrskurði sínum, taka fram undir hvaða leyfisveitanda það falli að hafa eftirlit með að farið sé að settum skilyrðum.

Hafi forsendur breyst vegna nýrra upplýsinga er Skipulagsstofnun heimilt að gera minni háttar breytingar á úrskurði sínum eftir birtingu hans, að fengnu áliti leyfisveitanda og annarra ef við á, hafi þær breytingar ekki verið fyrirsjáanlegar þegar úrskurður var birtur eða þær taldar til bóta og í samræmi við tilgang laga um mat á umhverfisáhrifum. Breytingin skal kynnt á sama hátt og úrskurður skv. 25. gr.

25. gr.
Kynning á úrskurði.

Þegar úrskurður Skipulagsstofnunar liggur fyrir skal hann kynntur framkvæmdaraðila, leyfisveitendum, umsagnaraðilum og þeim sem gert hafa athugasemdir við matsskýrslu á kynningartíma liggi upplýsingar fyrir um heimilisfang þeirra aðila. Úrskurðurinn skal kynntur á sama hátt og matsskýrsla skv. 1. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar innan tveggja vikna frá því að hann var kveðinn upp. Almenningur skal eiga greiðan aðgang að úrskurði Skipulagsstofnunar, m.a. á heimasíðu stofnunarinnar. Skipulagsstofnun skal í úrskurði sínum sérstaklega geta um málskotsrétt almennings, sbr. 26. gr.

26. gr.
Málskot.

Ágreiningi um framkvæmd reglugerðar þessarar má skjóta til úrskurðar umhverfisráðherra.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd, sem tilgreind er í 2. viðauka, sé matsskyld má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá auglýsingu um ákvörðun stofnunarinnar.

Úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 24. gr. má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann var birtur og fer um kæruna samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. og úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. Kærur skulu vera skriflegar.

27. gr.
Úrskurður ráðherra.

Umhverfisráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð vegna kæru skv. 2. mgr. 26. gr. innan fjögurra vikna frá því að kærufrestur rann út. Áður en ráðherra kveður upp úrskurð vegna kæru skv. 2. mgr. 26. gr. skal hann leita umsagnar Skipulagsstofnunar, framkvæmdaraðila, og annarra aðila eftir því sem við á.

Umhverfisráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð vegna kæru skv. 3. mgr. 26. gr. innan átta vikna frá því að kærufrestur rann út. Um niðurstöðu úrskurðar ráðherra gilda ákvæði 2.-4. mgr. 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, eftir því sem við á. Áður en ráðherra kveður upp úrskurð vegna kæru skv. 3. mgr. 26. gr. skal hann leita umsagnar Skipulagsstofnunar, framkvæmdaraðila, leyfisveitenda og annarra aðila eftir því sem við á.

Úrskurður ráðherra er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi.

VIII. KAFLI
Ýmis atriði.

28. gr.
Leyfi til framkvæmda.

Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmdum sem falla undir 1. eða 2. viðauka við reglugerð þessa fyrr en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum skv. 24. gr. og/eða ákvörðun skv. IV. kafla liggur fyrir.

Við leyfisveitingar skal taka tillit til úrskurðar Skipulagsstofnunar.

29. gr.
Eftirlit.

Leyfisveitendur hafa eftirlit með því að framkvæmd sé í samræmi við leyfi og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt reglugerð þessari og fer með eftirlit samkvæmt hlutaðeigandi lögum, sbr. 4. mgr. 24. gr.

Berist Skipulagsstofnun vitneskja um framkvæmd sem fellur undir 1. eða 2. viðauka við reglugerð þessa og hefur ekki verið tilkynnt stofnuninni beinir hún fyrirspurn til leyfisveitanda um framkvæmdina.

30. gr.

Mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi.

Þegar um framkvæmd vegna starfsleyfisskylds atvinnureksturs er að ræða, sbr. reglugerð nr. 789/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sem jafnframt er matsskyld samkvæmt reglugerð þessari er framkvæmdaraðila heimilt, að fengnu samþykki Skipulagsstofnunar áður en matsáætlun er lögð fram, að vinna matsáætlun í samráði við starfsleyfisveitanda þannig að á sama tíma verði unnið að matsskýrslu og starfsleyfi.

31. gr.

Annars konar mat.

Ráðherra getur heimilað í sérstökum undantekningartilvikum, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og leyfisveitenda, að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar eða hluta hennar, sem tilgreind er í 1. eða 2. viðauka, fari fram með öðrum hætti en kveðið er á um í reglugerð þessari. Málsmeðferð slíks mats skal vera jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari.

Framkvæmdaraðili sem sækir um slíka málsmeðferð til ráðherra skal í umsókn sinni gera grein fyrir ástæðum þess að sótt er um slíka málsmeðferð og sýna fram á að málsmeðferð slíks mats sé jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari.

32. gr.

Gögn framkvæmdaraðila.

Almennar reglur eigna- og höfundarréttar gilda um gögn þau sem lögð eru fram samkvæmt reglugerð þessari.

33. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 19. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og með hliðsjón af tilskipunum Evrópusambandsins, 97/11/EB og 85/337/EBE.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu og um leið fellur úr gildi samnefnd reglugerð nr. 179/1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir að matsferli sé hafið samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum fyrir gildistöku reglugerðar þessarar gilda ákvæði reglugerðarinnar um matsskýrslur sem lagðar eru fram frá gildistöku reglugerðarinnar.

Umhverfisráðuneytinu, 22. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

1. VIÐAUKI
Framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

(Viðauki þessi er samhljóða 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.)

1. Olíuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smurolíur úr hráolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir á dag.
2. Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafl eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafl eða meira.
3. Kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar, einnig þegar slík orkuver eða kjarnakljúfar (kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar teljast ekki lengur til slíkra stöðva þegar öll kjarnakleyf efni og önnur geislamenguð efni hafa verið endanlega fjarlægð af staðnum) eru rifin niður eða tekin úr notkun (nema rannsóknastöðvar með yfir 1 kW heildarhitaafköst þar sem fram fer umbreyting á kjarnakleyfum efnum og tímgunarefnum).
4. Stöðvar þar sem geisluð kjarnakleyf efni eru endurunnin. Stöðvar til framleiðslu eða auðgunar kjarnakleyfra efna, til vinnslu geislaðra kjarnakleyfra efna eða mjög geislavirks úrgangs, til endanlegrar geymslu á geisluðum kjarnakleyfum efnum, eingöngu til endanlegrar geymslu á geislavirkum úrgangi eða eingöngu til geymslu (til meira en tíu ára) á geisluðum kjarnakleyfum efnum eða geislavirkum úrgangi annars staðar en á framleiðslustað.
5. Verksmiðjur þar sem fram fer frumframleiðsla eða endurbræðsla á málmum.
6. Mannvirki fyrir asbestnám og vinnslu og úrvinnslu úr asbesti og vörum sem innihalda asbest: fyrir vörur úr asbestsementi, með ársframleiðslu sem er yfir 20.000 tonn af fullunnum vörum, fyrir núningsþolin efni, með ársframleiðslu sem er yfir 50 tonn af fullunnum vörum, og fyrir aðra notkun asbests, ef notkun er meiri en sem nemur 200 tonnum á ári.
7. Efnaverksmiðjur sem framleiða:
   i. lífrænt hráefni,
   ii. ólífrænt hráefni,
   iii. áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig áburðarblöndur),
   iv. grunnvörur fyrir plöntuvarnarefni og lífeyða,
   v. grunnlyfjavörur með efnafræðilegum og líffræðilegum aðferðum,
   vi. sprengiefni.
8. Lagning járnbrauta um langar vegalengdir.
9. Flugvellir með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri.
10. i. Stofnbrautir í þéttbýli.
    ii. Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.
11. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.
12. Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári.
13. Kerfi til að vinna grunnvatn ef árlegt magn vatns sem unnið er eða veitt á er 10 milljónir m^3 eða meira.
14. Veita vatnsforða milli vatnasvæða ef flutningurinn er yfir 30 milljónir m^3 á ári. Flutningur á drykkjarvatni í leiðslum er undanskilinn.
15. Skolphreinsistöðvar með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.
16. Vinnsla á meira en 500 tonnum á dag af jarðolíu og meira en 500.000 m^3 af jarðgasi á dag.

17. Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni þar sem 3 km^2 lands eða meira fara undir vatn eða rúmtak vatns er meira en 10 milljónir m^3.
18. Leiðslur sem eru 1 km eða lengri og 50 sm í þvermál eða meira til flutnings á gasi eða vökvum sem eru eldfimir eða hættulegir umhverfi.
19. Stöðvar þar sem fram fer þauleldi alifugla og svína með:
    i. 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 60.000 fyrir hænur,
    ii. 3.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleiri eða
    iii. 900 stæði fyrir gyltur eða fleiri.
20. Verksmiðjur:
    i. sem framleiða pappírsdeig úr timbri eða svipuðum trefjaefnum,
    ii. sem framleiða pappír og pappa og geta framleitt meira en 200 tonn á dag.
21. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m^2 svæði eða stærra eða er 150.000 m^3 eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 50.000 m^2 svæði eða stærra.
22. Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.
23. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu eða efnavörur með 50.000 m^3 geymslugetu eða meira.
24. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri.

2. VIÐAUKI

Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka.

(Viðauki þessi er samhljóða 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.)

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:
   a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.
   b. Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýtinn landbúnað.
   c. Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir, á 10 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.
   d. Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.
   e. Uppgræðsla lands á verndarsvæðum.
   f. Stöðvar þar sem fram fer þauleldi alifugla og svína með:
      i. 40.000 stæði fyrir kjúklinga eða hænur,
      ii. 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleiri eða
      iii. 750 stæði fyrir gyltur eða fleiri.
      Stöðvar þar sem fram fer þauleldi búfjár á verndarsvæðum.
   g. Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita í ferskvatn.
   h. Endurheimt lands frá hafi.

2. Námuiðnaður:
   a. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m^2 svæði eða stærra eða er 50.000 m^3 eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 25.000 m^2 svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.
   b. Neðanjarðarnámur.
   c. Djúpborun, einkum:
      i. borun á vinnsluholum og rannsóknarholum á háhitasvæðum,
      ii. borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni,
      iii. borun fyrir geymslu kjarnorkuúrgangs,
      iv. borun eftir neysluvatni miðað við 2 milljóna m^3 ársnotkun eða meiri,
      v. að frátalinni borun til að kanna stöðugleika jarðvegs.
   d. Jarðvarmavirkjanir ofan jarðar til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti, svo og jarðbiksleir.
3. Orkuiðnaður:
   a. Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni, vatnsorkuver með uppsett rafafl 100 kW eða meira og varmavinnsla úr jarðhitasvæðum sem nemur 2.500 kW hráafli eða meira.
   b. Flutningskerfi gass, gufu eða heits vatns; flutningur á raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og eru grafnir niður eða lagðir í stokk; flutningur á raforku með loftlínum á verndarsvæðum; og sæstrengir.
   c. Geymsla jarðgass ofan jarðar á verndarsvæðum.
   d. Neðanjarðargeymsla á eldfimu gasi á verndarsvæðum.
   e. Geymsla jarðefnaeldsneytis ofan jarðar á verndarsvæðum.
   f. Gerð taflna úr kolum og brúnkolum.
   g. Stöðvar til vinnslu og geymslu á geislavirkum úrgangi.
   h. Stöðvar sem nýta vindafl til raforkuframleiðslu (vindbú) með 2 MW uppsett rafafl eða meira.
4. Framleiðsla og vinnsla málma:
   a. Stöðvar til framleiðslu á 20 tonnum á dag eða meira af steypujárni og stáli (fyrsta og önnur bræðsla) ásamt samfelldri steypingu.
   b. Stöðvar til vinnslu á járnkenndum málmum:
      i. heitvölsunarstöðvar,
      ii. smiðjur með hömrun,
      iii. varnarhúðun með bræddum málmum.
   c. Málmsteypusmiðjur fyrir járnkennda málma.
   d. Stöðvar til bræðslu, einnig málmblendis, á járnlausum málmum öðrum en góðmálmum, einnig endurheimtum vörum (hreinsun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv.).
   e. Stöðvar til vinnslu málma og plastefna ofan jarðar með rafgreiningar- og efnaaðferð.
   f. Framleiðsla og samsetning vélknúinna ökutækja og framleiðsla á hreyflum í slík ökutæki.
   g. Stálskipasmíðastöðvar.
   h. Stöðvar sem eru 1 ha að stærð eða meira til smíða og viðgerða á loftförum.
   i. Framleiðsla á járnbrautabúnaði.
   j. Málmmótun með sprengiefnum.
   k. Stöðvar til að brenna og glæða málmgrýti.
5. Steinefnaiðnaður:
   a. Koxofnar (þurreiming kola).
   b. Sementsverksmiðjur.

c. Stöðvar til framleiðslu á asbesti og asbestvörum.
d. Stöðvar til framleiðslu á gleri og trefjaefni.
e. Stöðvar til að bræða steinefni og framleiða steinefnatrefjar.
f. Framleiðsla á keramikvörum með brennslu, svo sem þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísum, leirmunum eða postulíni, 75 tonn á dag eða meira eða rúmtak ofns er 4 m^3 eða meira.

6. Efnaiðnaður:
a. Meðferð á hálfunnum vörum og framleiðsla kemískra efna.
b. Framleiðsla á varnarefnum og lyfjum, málningu og lakki, gúmmílíki og peroxíðum.
c. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu og önnur kemísk efni á verndarsvæðum.

7. Matvælaiðnaður:
a. Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum.
b. Pökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum 75 tonn á dag eða meira.
c. Framleiðsla á mjólkurvörum 200 tonn á dag eða meira.
d. Öl- og maltgerð.
e. Framleiðsla á sætindum og sírópi.
f. Sláturhús.
g. Stöðvar til sterkjuframleiðslu.
h. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur á verndarsvæðum; fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 500 tonn á sólarhring eða meiri.
i. Sykurverksmiðjur.

8. Textíl-, leður-, timbur- og pappírsiðnaður:
a. Iðnver til framleiðslu á pappír og pappa.
b. Stöðvar þar sem fram fer formeðferð (t.d. þvottur, bleiking, mersivinna) eða litun trefja eða textílefna.
c. Stöðvar þar sem fram fer sútun á húðum og skinnum.
d. Stöðvar þar sem fram fer vinnsla og framleiðsla á sellulósa.

9. Gúmmíiðnaður:
Framleiðsla og meðferð á vörum úr gúmmílíki.

10. Framkvæmdir á grunnvirkjum:
a. Flugvellir á verndarsvæðum.
b. Tengibrautir í þéttbýli. Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Hafnir utan þéttbýlis á verndarsvæðum.
c. Byggingarframkvæmdir við skipgengar vatnaleiðir og gerð skipaskurða og fráveituskurða.
d. Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum.
e. Járnbrautir, sporvagnar, lestir í lofti og neðan jarðar, svifbrautir og ámóta brautir af sérstakri gerð sem notaðar eru eingöngu eða aðallega til fólksflutninga.
f. Leiðslur til flutnings á olíu og gasi á verndarsvæðum.
g. Vatnsleiðslur utan þéttbýlis á verndarsvæðum.
h. Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri, þó ekki viðhald og endurbygging slíkra mannvirkja.
i. Vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns á verndarsvæðum.
j. Mannvirki á verndarsvæðum til að færa vatnslindir milli vatnasvæða.

11. Aðrar framkvæmdir:
    a. Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki.
    b. Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnum eða urðaður.
    c. Skolphreinsistöðvar á verndarsvæðum.
    d. Förgunarstöðvar fyrir seyru á verndarsvæðum.
    e. Geymsla brotajárns, þar með taldir bílar, sem er að magni 1.500 tonn á ári eða meira.
    f. Prófunaraðstaða fyrir vélar, hverfla eða hvarfrými.
    g. Stöðvar sem framleiða manngerðar steinefnatrefjar.
    h. Stöðvar til að endurvinna sprengiefni eða eyða því.
    i. Förgun sláturúrgangs.
    j. Endurvinnslustöðvar.
    k. Snjóflóðavarnargarðar til varnar þéttbýli.
12. Ferðalög og tómstundir:
    a. Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar á skíðasvæðum á verndarsvæðum og jöklum.
    b. Smábátahafnir sem hafa 150 bátalægi eða fleiri.
    c. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan þéttbýlis á verndarsvæðum á láglendi.
    d. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi.
    e. Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru 10 ha eða stærri.
    f. Skemmtigarðar sem ná yfir a.m.k. 2 ha svæði.
13. Breytingar og viðbætur við framkvæmdir, sbr. 1. og 2. viðauka.
    a. Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.
    b. Framkvæmdir skv. 1. viðauka sem ráðist er í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur en eru ekki notaðar lengur en í tvö ár.

3. VIÐAUKI

Viðmiðanir við mat á framkvæmdum tilgreindum í 2. viðauka.

(Viðauki þessi er samhljóða 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.)

1. Eðli framkvæmdar.
   Athuga þarf eðli framkvæmdar, einkum með tilliti til:
   i. stærðar og umfangs framkvæmdar,
   ii. sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum,
   iii. nýtingar náttúruauðlinda,
   iv. úrgangsmyndunar,
   v. mengunar og ónæðis,
   vi. slysahættu, einkum með tilliti til efna eða aðferða sem notaðar eru.
2. Staðsetning framkvæmdar.
   Athuga þarf hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, einkum með tilliti til:
   i. landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun,
   ii. magns, gæða og getu til endurnýjunar náttúruauðlinda,
   iii. verndarsvæða:
      (a) friðlýstra náttúruminja og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd,

(b) svæða sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, svo sem Þingvalla, Mývatns- og Laxársvæða og Breiðafjarðar,
(c) svæða innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum,
(d) svæða, sbr. gr. 4.21 í skipulagsreglugerð, sem njóta verndar í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum,
(e) svæða sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, svo sem Ramsarsamningsins (votlendi) og Bernarsamningsins (verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu). Válistar falla hér undir enda m.a. gefnir út til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt Bernarsamningnum,
(f) hverfisverndarsvæða samkvæmt ákvæðum í skipulagsáætlunum, sbr. gr. 4.22 í skipulagsreglugerð,

iv. álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til:
(a) votlendissvæða,
(b) strandsvæða,
(c) sérstæðra jarðmyndana, svo sem hverasvæða, vatnsfalla, jökulminja, eldstöðva og bergmyndana,
(d) náttúruverndarsvæða, þar með talið svæða á náttúruminjaskrá,
(e) landslagsheilda, ósnortinna víðerna, hálendissvæða og jökla,
(f) upprunalegs gróðurlendis, svo sem skóglendis,
(g) fuglabjarga og annarra kjörlenda dýra,
(h) svæða sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi,
(i) svæða þar sem mengun er yfir viðmiðunargildum í lögum og reglugerðum.

3. Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar.
Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðana hér á undan, einkum með tilliti til:
i. umfangs umhverfisáhrifa, þ.e. þess svæðis og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum,
ii. stærðar og fjölbreytileika áhrifa,
iii. þess hverjar líkur eru á áhrifum,
iv. tímalengdar, tíðni og óafturkræfi áhrifa,
v. sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði,
vi. áhrifa yfir landamæri.

Nr. 672 21. september 2000

SAMÞYKKT

um embættisafgreiðslur skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar.

1. gr.

Skipulagsstjórinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar skipulags- og byggingarnefndar, þau mál sem talin eru upp í 2. gr. og falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni skipulagsnefnda í lögunum.

2. gr.

1. Skipulagsstjóra er heimilt að ákveða að grenndarkynna óverulegar breytingar á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 26. gr. og byggingarleyfisumsóknir í ódeiliskipulögðum hverfum skv. 2. mgr. 23. gr., sbr. og 7. mgr. 43. gr. laganna, nema þegar vinna við deiliskipulag er hafin.

2. Skipulagsstjóra er heimilt að afgreiða auglýstar skipulagstillögur sem engar athugasemdir berast við til Skipulagsstofnunar skv. 6. ml. 2. mgr. 21. gr. og 5. ml. 1. mgr. 25. gr. nema skipulags- og byggingarnefnd ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.
3. Skipulagsstjóra er heimilt að afgreiða erindi og umsagnir um erindi sem beint er til skipulagsnefndar og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.
4. Skipulagsstjóra er heimilt að afgreiða framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. sem eru í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur skipulagsstjóra skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarnefndar og bókaðar í fundargerð.

4. gr.

Um afgreiðslu skipulagsstjóra gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og samþykkta borgarstjórnar er til þeirra taka.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu skipulagsstjóra er honum heimilt að skjóta máli sínu til skipulags- og byggingarnefndar. Málskotsréttur er 14 dagar frá því að mál er lagt fram í nefndinni.

Þessi málskotsréttur takmarkar þó ekki almennan málskotsrétt skv. lögum, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga og grein 10.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

6. gr.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur gert samkvæmt ákvæðum 10. gr. og heimild í 1. mgr. 41. gr. og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með og öðlast gildi 1. október 2000.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. september 2000.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Óskar Páll Óskarsson.

12. september 2000 Nr. 673

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð, nr. 361 30. september 1977.

Ríkisstjórn Íslands hefur hinn 11. júlí 2000 samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 30. september 1977.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.

Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi við birtingu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. september 2000.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 674 21. september 2000

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur er taki gildi 1. október 2000.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur B-hluti nr. 369 26. júní 1998, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækka um 3,5%.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. september 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 675 18. september 2000

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Klettasvæði – breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 9. maí 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis. Lóðin Klettagarðar 5 stækkar inn á lóð nr. 9. Innkeyrsla á lóðirnar nr. 6 og 8-10 við Klettagarða verður færð og gert ráð fyrir olíudælu á lóð nr. 6 við Klettagarða.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Dofraborgir 23 – skilmálar, byggingarreitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 15. ágúst 2000 samþykkt skipulag lóðar nr. 23 við Dofraborgir. Leyfðar verða tvær íbúðir í stað einnar og byggingarreitur stækkar, tvö bílastæði skulu vera fyrir hvora íbúð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kaplaskjólsvegur 2 – afmörkun lóðar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 16. maí 2000 samþykkt afmörkun 280 m^2 lóðar fyrir hús nr. 2 við Kaplaskjólsveg. Gert er ráð fyrir að húsið standi að mestu óbreytt en leyfðar verða smávægilegar breytingar á því innan afmarkaðs byggingarreits.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kjalarnes, Árvellir – breytt skipulag lóðar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 20. júní 2000 samþykkt breytingu á skipulagi lóðar Árvalla á Kjalarnesi. Lagður verður nýr aðkomuvegur að Árvöllum og núverandi tenging lögð af. Í landi Árvalla er gert ráð fyrir að rísi vistheimili allt að 300 m^2, auk starfsmannabústaða, áhaldageymslu og verkstæðis, samtals um 430 m^2.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Austurbæjarskóli – tímabundnar kennslustofur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 5. september 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts. Breytingin varðar nýja afmörkun lóðar Austurbæjarskóla og garðsvæði/bílastæði á þaki spennistöðvar suðaustan skólabyggingar falla niður og leyft verður að reisa tímabundið, skv. nánari ákvörðun byggingarnefndar, kennslubyggingu með fjórum kennslustofum á þaki spennistöðvarinnar með yfirbyggðri göngubrú í skólabygginguna.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Selásskóli – breytt skipulag lóðar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 27. júní 2000 samþykkt breytingu á skipulagi lóðar nr. 109 við Selásbraut, Selásskóli. Lóðirnar 6 og 8 við Viðarás eru sameinaðar aðliggjandi skólalóð Selásskóla og ræma milli lóðanna sameinuð þessum lóðum. Skólahús stækkar um 1.500 m^2.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 18. september 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundalóða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundalóða í Grímsnesi skv. eftirfarandi:

a) Breyting á deiliskipulagi í landi Snæfoksstaða.
b) Deiliskipulag í landi Þórisstaða.
c) Deiliskipulag í landi Búrfells I, svæði 2.
d) Deiliskipulag við Kjarrbraut í landi Vaðness.

Ofangreind auglýsing öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 15. september 2000.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

Nr. 677 12. september 2000

AUGLÝSING

um aukaleik Íslenskra getrauna.

Ráðuneytinu hefur borist tilkynning um aukaleik Íslenskra getrauna undir nafninu *Sigurinn, aukaleikur Íslenskra getrauna um Ólympíuleikana í Sydney - ÓL 2000* í samræmi við 3. tl. 4. gr. og 36. gr. reglugerðar fyrir Íslenskar getraunir nr. 543/1995. Leik þennan á að starfrækja frá 13. september til og með 1. október 2000.

Ráðuneytið samþykkir að leikur þessi verði starfræktur og að um hann gildi reglur þær sem Íslenskar getraunir hafa gefið út. Fylgja þær hér með sem fylgiskjal 1.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. september 2000.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

Fylgiskjal 1.

Aukaleikur Íslenskra getrauna um Ólympíuleikana í Sydney - ÓL 2000.

SIGURINN
Spilareglur.

1 Almennar reglur.

1.1 SIGURINN er samheiti yfir getraunaform þar sem þátttakandinn giskar á sigurvegarann í *greinum á Ólympíuleikunum í Sydney – ÓL 2000.* Hver keppni á SIGRINUM er sjálfstæð getraun.

1.2 SIGURINN er hægt að spila á Internetinu og hjá þeim söluaðilum sem hafa beinlínutengdan aðgang að sölukerfi Íslenskra getrauna á Internetinu.

1.3 Getraunatímabil er frá því sala hefst í ákveðnum getraunaleik og þar til allt að einni mínútu áður en viðkomandi keppni fer fram. Upplýsingar um áætlaðan keppnisdag,

getraunatímabil, getraunaumferð og lokunartíma skulu vera aðgengilegar fyrir þátttakendur.

1.4 Getraunaumferð er sá dagur eða dagar sem keppnin fer fram á, hér löglegir keppnisdagar. Flytjist keppnin út fyrir þessa daga, fellur getraunin niður og þátttakendur fá endurgreidda ágiskun sína.

2 Þátttökuform, greiðsla vinninga og ógildingar.

2.1 Verð hverrar einingar í SIGRINUM er 20 kr. Þátttakandi getur valið sér minnst 5 og mest 600 einingar (100 – 12.000 kr.). Þátttökugjald skal hlaupa á jöfnum 100 krónum.

2.2 Einstaklingar spila SIGURINN á Internetinu og er þátttaka þá greidd með greiðslukorti. Vinningar eru þá eingöngu færðir á sama greiðslukort og greiddi fyrir þátttöku.

2.3 Íþrótta- og ungmennafélög sem og aðrir sem hafa umboð frá Íslenskum getraunum geta selt SIGURINN til þátttakenda með sérstöku söluforriti á Internetinu. Greiðsla fer þá fram með greiðslukorti þátttakenda eða greiðslukorti umboðsaðila. Vinningar eru þá annaðhvort færðir á greiðslukortið sem greiddi fyrir þátttökuna eða þátttakandi gefur upp númer á bankareikningi, og eru þá vinningar færðir inn á viðkomandi reikning.

2.4 Þátttakendur eru ábyrgir fyrir því að gefa upp réttan bankareikning, enda komi þær upplýsingar greinilega í ljós á kvittun.

2.5 Vinningar eru að jafnaði greiddir út daginn eftir að keppninni sem ágiskunin tekur til lýkur. Ef vafi kemur upp um úrslit, þá hafa Íslenskar getraunir rétt til að fresta vinningsútborgun þar til kærufrestur er útrunninn.

2.6 Aðeins er hægt að skila inn þátttöku þegar móðurtölvan er opin.

2.7 Allar þátttökukvittanir eru geymdar miðlægt í móðurtölvunni en þátttakendur og umboð geta prentað út þessar kvittanir. Ef mismunur er á þátttökukvittun í móðurtölvu og prentaðri kvittun, þá gildir sú í móðurtölvunni. Á þátttökukvittuninni er öryggisnúmer sem er sérstakt fyrir hverja kvittun.

2.8 Þátttaka er aðeins gild í því formi og í því umfangi sem skráð er í móðurtölvunni.

2.9 Vilji þátttakandi afturkalla ágiskun sína sem hann keypti hjá umboði, verður hann að gera það hjá sama umboði og hann skilaði henni inn til, sama dag og innan 15 mínútna frá því hann keypti hana. Seinustu 15 mínúturnar þar til keppnin hefst, minnkar þessi tími niður í minnst 1 mínútu. Aldrei er hægt að afturkalla ágiskun eftir að keppnin sem hún tekur til er hafin.

2.10 Þátttakandi ber ábyrgð á að þátttökukvittunin eigi við um rétta umferð, fjöldi þeirra sé réttur og sé í samræmi við þær ágiskanir sem hann óskaði eftir.

2.11 Hvorki félagið né umboð eru skaðabótaskyld vegna tjóns sem þátttakandi verður fyrir vegna þess að félagið eða umboð vöktu ekki athygli hans á skyssu sem hann gerði í sambandi við ágiskunina.

3 Úrslit og endurgreiðslur.

3.1 Vinningur fæst aðeins fyrir rétta ágiskun.

3.2 Rétt ágiskun telst vera sú, sem sá aðili sem skipuleggur keppnina lýsir sem sigurvegara eftir þeim keppnisreglum sem þar gilda.

3.3 Ef giskað hefur verið á ákveðinn keppanda í SIGRINUM og hann mætir ekki til leiks í þeirri keppni, sem getraunin tekur til, fellur þátttaka niður á viðkomandi keppanda og er þá þátttökugjald endurgreitt á stuðlinum 1,00. Mæti aðeins 2 keppendur til leiks, skal öll getraunin felld niður og hún öll endurgreidd á stuðlinum 1,00.

3.4 Sé keppni felld niður af einhverjum orsökum, s.s. vegna veðurs, skal endurgreiða alla þátttöku í viðkomandi getraun á stuðlinum 1,00.

3.5 Verði úrslit í keppni sem er á SIGRINUM þannig að fleiri en einn ágiskunarkostur teljist réttur, skal umreikna vinningsstuðla með tilliti til fjölda réttra ágiskana.
3.6 Keppni í SIGRINUM telst hafa lokið með þeim úrslitum sem fyrir lágu við lok getraunaumferðar. Úrslit sem fást t.d. eftir kæru, gilda ekki.

4 Útreikningur stuðla og vinningsupphæða.

4.1 Í SIGRINUM eru notaðir breytilegir stuðlar. Breytilegur stuðull merkir að hann umreiknast í hvert sinn sem ágiskun er skilað inn.
4.2 Breytilegur stuðull reiknast þannig að vinningsprósenta (V) er margfölduð með T/U, þar sem U er upphæð í krónum sem greitt er fyrir viðkomandi ágiskun og T er heildarupphæð í getrauninni þegar útreikningur fer fram (V x T / U). Stuðlar eru reiknaðir með tveimur aukastöfum skv. almennri reglu.
4.3 60% heildarsölu skal varið í vinninga.
4.4 Endanlegir stuðlar til ákvörðunar á vinningi eru þeir stuðlar sem eru reiknaðir skv. 4.2 eftir að sölu hefur verið lokað fyrir viðkomandi keppni.
4.5 Ef útreiknaður stuðull skv. 4.2 er lægri en 1,00 þá gildir stuðullinn 1,00.
4.6 Vinningsupphæð fyrir rétta ágiskun fæst með því að margfalda vinningsstuðul getraunarinnar með þátttökugjaldinu og er vinningsupphæð hækkuð eða lækkuð í næstu heilu krónu skv. almennri reglu.
4.7 Ef enginn þátttakandi giskar á rétt úrslit, greiðast engir vinningar út.
4.8 Félagið sér um að birta endanlegar vinningsupphæðir á Internetinu.

5 Kærur vegna vangreiddra vinninga.

5.1 Þátttakandi, sem telur sig ekki hafa fengið réttmætan vinning eða ranga vinningsupphæð verður að senda inn skriflega kæru til félagsins.
5.2 Kæra á að hafa borist skrifstofu félagsins innan fjögurra vikna frá viðkomandi getraunaumferð.
5.3 Kæru sem berst eftir að kærufrestur er liðinn eða nauðsynlegar upplýsingar vantar til að hægt sé að finna ágiskunina, er hafnað.
5.4 Að öðru leyti eru kærur meðhöndlaðar skv. reglugerð Íslenskra getrauna nr. 543 frá 1995.

6 Gildistími.

6.1 Spilareglur þessar eru útgefnar af Íslenskum getraunum skv. reglugerð um Íslenskar getraunir nr. 543 frá 13. október 1995 *og gilda frá 13. september 2000 – 1. október 2000.*

Reykjavík, 6. september 2000.

Stefán Snær Konráðsson stjórnarformaður.

19. september 2000 1997 Nr. 678

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Ásvalla, íþrótta- og útivistarsvæðis Hauka, Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Ásvalla, íþrótta- og útivistarsvæðis Hauka, á fundi sínum þann 6. júlí 2000.

Tillagan var í grenndarkynningu 14. júlí - 1. september 2000 samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 19. september 2000.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri Hafnarfjarðarbæjar.

15. september 2000 Nr. 679

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir sorpurðunarstað á *Brandsbölum í Borgarfirði eystra,* kt. 480169-6549. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. september 2003.

2. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir urðunarstað við *Búðaröxl í Vopnafjarðarhreppi,* kt. 710269- 5569. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. september 2002.

3. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir sorpurðunarstað *Skeggjastaðahrepps við Bakkafjörð*, kt. 590269-2719. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. september 2002.

4. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir sorpurðunarstað við *Þórshöfn*, kt. 420369-1749. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. september 2002.

5. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir sorpurðunarstað í landi *Hóls, Bolungarvík*, kt. 480774-0279. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. september 2003.

6. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir urðunarstað *Sorpsamlags Strandasýslu í landi Skeljavíkur hjá Hólmavík*, kt. 470786-1329. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. september 2003.

7. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir urðunarstað í *Höfðahreppi í landi Neðra-Harrastaða*, kt. 650169-6039. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. september 2003.

Reykjavík, 15. september 2000.

Hollustuvernd ríkisins,

Leifur Eysteinsson forstjóri.

Davíð Egilson
forstöðumaður.

Nr. 680 19. september 2000

AUGLÝSING

um tillögu að deiliskipulagi Jófríðarstaða – Skuldar (reitur 4.05), Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti tillögu að deiliskipulagi Jófríðarstaða – Skuldar á fundi sínum þann 30. maí 2000.

Tillagan var í auglýsingu 9. júní – 7. júlí og athugasemdafrestur til 21. júlí 2000 samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og var hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 19. september 2000.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri Hafnarfjarðarbæjar.

Nr. 681 18. september 2000

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Ljósavatnshrepps.

I. KAFLI
Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Ljósavatnshrepps er skipuð fimm sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Ljósavatnshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Ljósavatnshrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI
Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Oddviti, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnar-

fundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Oddviti semur dagskrá sveitarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins svo og ráðningar starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem oddviti telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

12. gr.

Oddviti skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórn ákveður.

14. gr.

Oddviti skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta sveitarstjórnarmanna skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta sveitarstjórnarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddviti á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir. Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórn enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundi.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó ekki við þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða oddvita, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarstjórn oddvita. Oddviti, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs, stjórnar eða oddvita. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn

hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum.

Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI
Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur

sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitar-

stjórnar getur sveitarstjórn auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmanna óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Oddviti boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerðar sveitarstjórnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórnina.

51. gr.

Sveitarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Bókasafnsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
3. *Fjallskilanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
4. *Skólanefnd Stórutjarnaskóla.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
5. *Leikskólanefnd leikskólans Tjarnaskjóls.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
6. *Búfjáreftirlitsmaður.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
7. *Jafnréttisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
8. *Almannavarnanefnd.* Ein nefnd á svæði héraðsnefndar Þingeyinga skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962. Þrír aðalmenn og þrír til vara kosnir af sveitarstjórnum (héraðsnefnd). Aðrir nefndarmenn eru frá sýslumannsembættinu og héraðslækni, og slökkviliðsstjórinn á Húsavík.
9. *Félags- og barnaverndarnefnd.* Ein nefnd fyrir sveitarfélögin í Suður-Þingeyjarsýslu (8 sveitarfélög) skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992 og skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og tilnefna öll einn fulltrúa.
10. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara í skipulags- og byggingarnefnd Suður-Þingeyjarsýslu skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
11. *Heilbrigðisnefnd.* Sveitarstjórnirnar í Norðurlandskjördæmi eystra kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
12. *Héraðsnefnd Þingeyinga.* Einn aðalmaður og annar til vara.
13. *Rekstrarnefnd Stórutjarnaskóla.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. samstarfssamningi um rekstur skólans.
14. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

15. Fulltrúi á aðalfundi:
    a) Aðalfund Eyþings (Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra).
    b) Aðalfund Sorpsamlags Þingeyinga.
    c) Aðalfund Dvalarheimilis aldraðra.

52. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

53. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjórann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

54. gr.

Ef ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri sveitarfélagsins hefur oddviti með höndum daglega stjórnun sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar, annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita ef ekki er starfandi framkvæmdastjóri skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórninni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sem oddviti sér um á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu sveitarfélagsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

55. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

56. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

57. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI
Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

58. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur

umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

59. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 58. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með hækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

60. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundi enda hafi breytingartillögur verið sendar öllum sveitarstjórnarmönnum með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

61. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

62. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 58. gr. og þriggja ára áætlun skv. 61. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 60. gr.

63. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Ljósavatnshrepps hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. september 2000.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

María Sæmundsdóttir.

Nr. 682 19. september 2000

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 255/1993, um vörugjald af eldsneyti.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Greiða skal 10,50 kr. vörugjald af hverjum lítra af bensíni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 19. september 2000.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Halldór Þorkelsson.

Nr. 683 25. september 2000

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

I. SMÁSALA.

Gjaldskrárliðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	5,99 kr/kWh
Fastagjald F1	3.563,00 kr/ári

A.2 Ómæld smánotkun.

Um er að ræða smánotkun (mælitæki, magnarar o.þ.h.), þar sem mælingu verður ekki við komið. Miðað er við að uppsett afl á notkunarstað sé undir 0,5 kW. Gjaldtaka fyrir afl miðast við uppsett afl, en þó að lágmarki 0,05 kW fyrir hvern tengistað. Fastagjald skal greiða fyrir hvern tengistað.

Aflgjald	62.722,00 kr/kW/ári
Fastagjald á tengistað	4.300,00 kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll notkun og viðhald úti- og götulýsingar miðað við 4.500 lýsingartíma á ári.

Aflgjald	24.000,00 kr/kW/ári
Viðhaldsgjald	10.000,00 kr/kW/ári

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A1 ef hagkvæmara þykir. Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	4,05 kr/kWh
Fastagjald F2	20.000,00 kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald (lágmark 4 kW)	7.000,00 kr/kW/ári
Fastagjald F3	15.500,00 kr/ári
Orkugjald af allri notkun	2,93 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	5,99 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafl 4 kW, hámarksafl 50 kW.

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmark 15 kW.

Aflgjald	10.006,00 kr/kW/ári
Orkugjald	2,20 kr/kWh

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júlí til 31. október.

Aflgjald	3.128,00 kr/kW/ári
Orkugjald	1,87 kr/kWh

C.1/D.1 Hitun.

Orkugjald	4,05 kr/kWh
Fastagjald F3	15.500,00 kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.
Roftími er allt að 3 klst. á sólarhring.

C.2/D.2 Næturhitun.

Orkugjald	2,75 kr/kWh
Fastagjald F3	15.500,00 kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.
Roftími allt að 15 klst. á sólarhring.

D.3 Varmadælur.

Til notkunar á varmadælum.

Orkugjald	5,59 kr/kWh
Fastagjald F3	15.500,00 kr/ári

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Einfasa mæla	780,00 kr/ári
Þrífasa mæla	3.075,00 kr/ári
Þrífasa mæla með straumspennum	5.205,00 kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki, en að framan greinir, tekur mið af ofangreindum verðum, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmætum þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald:
Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er kr. 1.000,00.
Opnunargjald:
Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er kr. 4.000,00

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

1. Utanhússlýsing.

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.
Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun. Breyting á aflstillingu er aðeins gerð samkvæmt skriflegri beiðni notanda, hvort sem hún er til hækkunar eða lækkunar.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumarafl.

Á tímabilinu 1. maí til og með 30. september ár hvert geta notendur á afltaxta, B.1, fengið heimild til að hækka afltopp sinn, án þess að sú hækkun hafi áhrif á reiknaðan ársmeðaltopp.

Skilyrði fyrir slíkri heimild eru:

1. Lágmarksheimild er 30 kW.
2. Gjald fyrir heimild er 10% af ársaflgjaldi skv. gjaldskrárlið B.1, ár hvert.

Heimildin tekur gildi 1. maí eða á greiðsludegi ef hann er síðar og gildir til loka septembermánaðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mestu útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Orkubú Vestfjarða getur krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (fasviksstuðull undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall skal nema hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur Orkubúið sér rétt til þess að takmarka val gjaldskrárliða.

7. Annað.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

II. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengdum veitusvæðum Orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubú Vestfjarða ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu. Með heimtaug er átt við hvort heldur tengingu við rafveitu og/eða hitaveitu.
   1.1. Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri heildaraflþörf næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis, tilgreina skal sérstaklega aflþörf vegna hitunar. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 Heimtaug.

Aflþörf veitu kW	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd kr/m
Allt að 40	86.750,00	1.746,00
40 - 65	128.586,00	2.092,00
65 - 130	270.465,00	2.625,00
130 - 200	424.657,00	3.159,00

Aukamælagrind fyrir hitaveitur kr. 35.120,00. Ofangreind heimtaugargjöld eru bæði vegna raforkunotkunar til hitunar og til annarra nota og skiptist þannig að 75% eru vegna hitunar og 25% vegna annarra nota.

2.2. Yfirlengd reiknast af jarðstrengsheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 130-200 kW greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.

2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o.s.frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið – uppsteypt hús – er lagt Orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

2.4. Telji Orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu, skal notandi greiða 40% kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o.þ.h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
   3.1. Grunngjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 8.423,00.
   3.2. Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Orkubúsins hverju sinni.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts en hann leggst á öll heimtaugargjöld skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

III. HEIMTAUGARGJALD Í DREIFBÝLI.

1. Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Orkubúi Vestfjarða utan þéttbýlis, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

2. Heimtaugargjald fyrir eina heimtaug á hvert lögbýli, fyrir eina heimtaug til annarra en bænda sem stunda sambærilega atvinnustarfsemi og þeir, enda eigi þeir lögheimili og hafi fasta búsetu í sveit, og fyrir eina heimtaug í þjónustufyrirtæki í sveitum sem þjóna fyrst og fremst þessum aðilum skal vera kr. 129.281. Framangreint grunngjald miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 244,6 stig og að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram úr kostnaði við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöð. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar.
3. Aðrar heimtaugar:
Heimtaugargjald fyrir annað en að framan greinir, svo sem heimtaugar á lögbýlum umfram eina, heimtaugar umfram eina í tengslum við aðra atvinnu- og þjónustustarfsemi sem um ræðir í 2. lið, heimtaugar í tengslum við aðra starfsemi en þar greinir, heimtaugar í einstök sumarhús, veiðihús, sumardvalar- og orlofshús hvers konar og aðrar ótaldar byggingar í sveitum, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubús Vestfjarða, þó aldrei lægri en heimtaugargjald skv. grein 2 hér að framan.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts, en hann leggst á öll heimtaugargjöld skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

IV. NIÐURGREIÐSLUR.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun veita ennfremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til sömu aðila og njóta niðurgreiðslna. Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 50.000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og H490 og 70.000 kWh samkvæmt lið A5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 137 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu (notkunartímabil = tímabilið milli álestra). Niðurgreiðsla nemur kr. 2,01 kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,34 kr. á kWh, eða samtals 2,35 kr/kWh.

Liður A5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 192 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur kr. 1,43 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,24 kr. á kWh, eða samtals 1,67 kr/kWh.

Liður C2 næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur kr. 1,15 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,34 kr. á kWh, eða samtals 1,49 kr/kWh.

Liður H490 orka og vatnsmagn:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 137 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,84 kr. á kWh og sérstakur afsláttur að auki 0,33 kr. á kWh eða samtals 2,17 kr. á kWh.

V. SKILMÁLAR UM SÖLU ÓTRYGGÐRAR ORKU.

1. Almenn skilyrði.

Sala á ótryggðri orku er háð samþykki Landsvirkjunar og því að nægjanleg flutningsgeta sé til staðar í veitukerfi Orkubús Vestfjarða.

Um sölu ótryggðrar orku gilda þeir almennu skilmálar sem stjórn Landsvirkjunar setur á hverjum tíma. Skilmálar Landsvirkjunar með gildistöku 1. janúar 1991 eru sá grunnur sem eftirfarandi skilmálar Orkubús Vestfjarða hvíla á og miðast við.

Líta ber á skilmála þá sem hér eru settir af hálfu Orkubús Vestfjarða sem viðbót við skilmála Landsvirkjunar og flest þau atriði sem þar koma fram eru ekki endurtekin hér.

2. Afhending ótryggðrar orku.

2.1 *Ótryggt afl dregið frá í stýringu hjá Orkubúi Vestfjarða.*

Þegar um er að ræða notendur með uppsett afl í 1 MW eða meira og rafmagnið er bæði afl- og orkumælt [sbr. grein 3.3 ii í söluskilmálum Landsvirkjunar] er Orkubúi Vestfjarða heimilt að skerða afhendingu ótryggðu orkunnar, umfram þá skerðingu sem Landsvirkjun hefur heimild til samkvæmt hennar skilmálum, af eftirtöldum ástæðum:

a) Vegna bilana á fjarmælingu aflúttektar notanda sem nýtt er til stýringar á forgangstoppi þeim sem Orkubú Vestfjarða kaupir frá Landsvirkjun.
b) Vegna afltakmarkana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða til að koma í veg fyrir yfirálag.
c) Vegna truflana og bilana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða.
d) Vegna óviðráðanlegra afla [„Force Majeure“].

Fyrirvari rofs vegna ofangreindra tilvika skal eigi vera skemmri en ein klukkustund, ef mögulegt er.

2.2 *Ótryggt afl ekki dregið frá í stýringu hjá Orkubúi Vestfjarða.*

Þegar ótryggða orkan er eingöngu orkumæld [sbr. grein 3.3 í söluskilmálum Landsvirkjunar (sjá þó grein 3.1 í þessum skilmálum)] er Orkubúi Vestfjarða heimilt að skerða afhendingu, umfram þá skerðingu sem Landsvirkjun hefur heimild til samkvæmt hennar skilmálum, af eftirtöldum ástæðum:

a) Vegna stýringa á forgangsafltoppi þeim sem Orkubú Vestfjarða kaupir frá Landsvirkjun.
b) Vegna afltakmarkana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða til að koma í veg fyrir yfirálag.
c) Vegna truflana og bilana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða.
d) Vegna óviðráðanlegra afla [„Force Majeure“].

Enginn fyrirvari er á rofi vegna tilviks 2.2 a) en vegna annarra ofangreindra tilvika skal hann eigi vera skemmri en ein klukkustund, ef mögulegt er.

3. Mæling og rofabúnaður.

3.1 *Mælabúnaður.*

Kaupandi ótryggðrar orku skuldbindur sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, mælabúnað sem við á og það samþykkir til mælingar á afli og orku.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að ákveða að búnaður, hjá öllum notendum, skuli þannig gerður, að hægt sé á sjálfvirkan hátt um símakerfið eða á annan sambærilegan hátt að lesa mælingar á 60 mínútna meðalálagi.

3.2 *Rofabúnaður.*

Kaupandi ótryggðrar orku skuldbindur sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, búnað sem tengist fjarstýrikerfi þess og getur:

a) Rofið afhendingu.
b) Gefið til kynna hvort rof heppnast eða ekki.
c) Gefið til kynna stöðu rofa á hverjum tíma.

4. Takmörkun á sölu ótryggðrar orku.

4.1 *Nýir notendur.*

4.1.1 Takmörkun vegna stofnlínukerfis og aðveitustöðva.
Þegar óskað er eftir kaupum á ótryggðri orku ákveður Orkubú Vestfjarða í hverju tilviki fyrir sig, hvort af slíkum viðskiptum geti orðið.
Mat Orkubús Vestfjarða mun byggjast á útreikningum á flutningsgetu í kerfi þess, kostnaði við orku- og afltöp, flýtingarkostnaði í nýfjárfestingu og öðrum þeim rekstrarlegu þáttum sem hamlað geta orkuafhendingu. Verði flýtingarkostnaður hærri en 30% af mismuni þeim sem er á orkuverðum gjaldskrár Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar fyrir ótryggða orku, verður afhending ekki samþykkt, nema til komi sérstök greiðsla vegna þess hluta sem umfram er.

4.1.2 *Takmörkun vegna heimtaugar og næsta dreifikerfis.*
Kostnað við heimtaug og þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru í dreifikerfinu og nýtast notandanum einum að öllu eða miklu leyti, ber notanda að greiða.
Greiðslufyrirkomulag verði samkomulagsatriði í hverju tilfelli.

4.2 *Notendur sem eru í viðskiptum.*

4.2.1 *Breytingar á aðstæðum.*
Notendur sem komnir eru í viðskipti á grundvelli þeirra söluskilmála og gjaldskrár sem í gildi voru við upphaf viðskipta verða að sæta því að nýjar aðstæður í uppbyggingu veitukerfis Orkubús Vestfjarða, breyttar forsendur um álagsþróun og fleiri atriði geta valdið því, að það rúm sem áður var fyrir sölu til viðkomandi aðila þrengist og kostnaður vegna áframhaldandi sölu verði meiri en gjaldskrá Orkubús Vestfjarða er ætlað að bera [sbr. grein 4.1.1]. Í slíkum tilvikum er óhjákvæmilegt að endurmeta viðskiptin.

4.2.2 *Takmörkun vegna stofnlínukerfis og aðveitustöðva.*
Stefni viðskipti Orkubús Vestfjarða og samningsbundins kaupanda ótryggðrar orku í það, að ódýrara verði fyrir Orkubú Vestfjarða að rjúfa afhendingu orkunnar fremur en flýta fjárfestingu [sbr. þau mörk sem tilgreind eru í grein 4.1.1.], mun það segja upp samningi við viðkomandi aðila með eins árs uppsagnarfresti sem lágmark. Á því ári mun Orkubú Vestfjarða leita samkomulags við viðkomandi aðila um greiðslu þess hluta flýtikostnaðar sem gjaldskrá nægir ekki fyrir.
Greiðslufyrirkomulag verði samkomulagsatriði í hverju tilfelli.

5. Gildistími.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. maí 1994 og gilda þar til annað verður ákveðið.

GJALDSKRÁ FYRIR ÓTRYGGÐA ORKU.

1. Almennt.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og Almennir skilmálar Orkubús Vestfjarða um sölu ótryggðrar orku frá 1. maí 1994.

2. Rafmagnsgjald án vsk.

Fast gjald	147.800,00 kr/ári
1. verðþrep	1,27 kr/kWh
2. verðþrep	1,65 kr/kWh
3. verðþrep	2,37 kr/kWh

3. Samningur.

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er, að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Orkubús Vestfjarða og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða. Slíkur afsláttur er háður samþykki stjórnar Landsvirkjunar í hverju tilviki.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. október 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 428, 16. júní 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. september 2000.

F. h. r.
Þorgeir Örlygsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

Nr. 684 15. september 2000

REGLUR

um breytingu á reglum um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu nr. 348/1996.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

a. Skilgreiningin á veltubók í 2. gr. hljóði svo:
Veltubók (e. trading book): Verðbréf, önnur fjármálaskjöl og hrávörur sem stofnun hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þessara skjala eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum. Jafnframt teljast til veltubókar stöður í fjármálaskjölum og hrávörum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum, svo og fjármálasamningar sem stofnun er aðili að í því skyni að baktryggja aðra þætti veltubókar. Til veltubókar teljast ennfremur áhættuþættir tengdir óuppgerðum og ófrágengnum viðskiptum og afleiðusamningum sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, svo og áhættuþættir er tengjast skuldbindingum stofnunar sem myndast vegna viðskipta með verðbréf og hrávörur í veltubók.

b. Skilgreiningin á verðbréfalánveitingu/verðbréfalántöku í 2. gr. hljóði svo:
Verðbréfa- eða hrávörulánveiting og verðbréfa- eða hrávörulántaka (e. securities or commodities lending/ securities or commodities borrowing):
Öll viðskipti sem felast í því að lánastofnun eða mótaðili hennar framselur verðbréf eða hrávörusamninga gegn hæfilegri tryggingu með því skilyrði að lántakandinn skili aftur jafngildum verðbréfum eða hrávörusamningum síðar eða þegar framseljandi krefst þess. Um er að ræða verðbréfa- eða hrávörulánveitingu fyrir stofnunina sem framselur

verðbréfin eða hrávörusamningana og verðbréfa- eða hrávörulántöku fyrir stofnunina sem verðbréfin eða hrávörusamningarnir eru framseld til.

c. Í 2. gr. bætist við eftirfarandi skilgreining:
Birgðafjármögnun: Stöður þar sem áþreifanlegar birgðir hafa verið seldar framvirkt og kostnaður við fjármögnunina hefur verið frystur fram að dagsetningu framvirku sölunnar.

2. gr.

2. tl. 3. mgr. 3. gr. hljóði svo:

2. Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu liða í erlendum gjaldmiðli og gulli og liða sem eru tengdir erlendum gjaldmiðli og gulli, óháð því hvort um er að ræða liði innan eða utan veltubókar, skal metinn í samræmi við 4. kafla.

3. gr.

1.-4. tl. 1. mgr. 4. gr. hljóði svo:

1. Stöður stofnunar í markaðsverðbréfum, öðrum fjármálaskjölum og hrávörum sem stofnunin hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þeirra eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum.
2. Reiknaðar stöður vegna uppgjörs- og mótaðilaáhættu sem tengd er ófrágengnum og óuppgerðum verðbréfa- og hrávöruviðskiptum, verðbréfa- eða hrávörulánveitingum, skortsölu verðbréfa, afleiðusamningum og öðrum stöðum sem tengjast eignaliðum sem myndast vegna viðskipta með verðbréf og hrávörum í veltubók, sbr. ákvæði 6. kafla þessara reglna.
3. Stöður í fjármálaskjölum og hrávörum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum.
4. Stöður í fjármálaskjölum og hrávörum sem haldið er eftir til að baktryggja aðra þætti veltubókar.

4. gr.

5. gr. hljóði svo:

Veltubók stofnunar skal skipt upp í skuldaskjöl, hlutabréf og hrávörur.

Til skuldaskjala í þessu sambandi skal telja stöður í markaðsskuldabréfum og breytanlegum verðbréfum og þá afleiðusamninga stofnunar sem teljast til veltubókar og ekki eru tengdir hlutabréfum, hlutabréfavísitölu eða hrávörum.

Til hlutabréfa í þessu sambandi skal telja stöður í hlutabréfum, öðrum eignarhlutum, hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða svo og þeim afleiðusamningum stofnunar sem teljast til veltubókar og tengdir eru hlutabréfum eða hlutabréfavísitölum.

Til hrávara í þessu sambandi skal telja stöður í fjármálaskjölum og afleiðusamningum tengdum hrávörum.

5. gr.

1. mgr. 6. gr. hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er þeim stofnunum þar sem veltubók viðkomandi stofnunar fer ekki yfir viðmiðunarmörk skv. 2. mgr. heimilt að reikna út áhættugrunn í samræmi við ákvæði 3. kafla fyrir eignir sem annars væru taldar sem hluti veltubókar stofnunarinnar. Eftir sem áður skulu þessar stofnanir reikna út áhættugrunn vegna gengisáhættu, sbr. ákvæði 4. kafla.

6. gr.

1. mgr. 13. gr. hljóði svo:

Breytistuðlar sem nota skal á einstaka liði utan efnahagsreiknings, sbr. 11. gr., aðra en þá sem tilgreindir eru í 16. gr.

7. gr.

3. tl. 1. mgr. 12. gr. hljóði svo:

Áhættuvog 0,5:

a. lán tryggð með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði, sem er eða mun verða nýtt eða leigt út af lántakanda, innan 80% af fasteignamati eða sérstöku mati Fasteignamats ríkisins á markaðsverði íbúðarhúsnæðis með sama viðmiðunartíma og fasteignamatið,
b. lán sem veitt eru fyrir 21. júlí 2000, sem eru að fullu tryggð með veði í fjölnota atvinnuhúsnæði innan við 60% af fasteignamati þess eða sérstöku mati Fasteignamats ríkisins á markaðsverði húsnæðis, enda sé húsnæðið nýtt eða leigt út af lántakanda og gefi af sér eðlilegar leigutekjur,
c. lán veitt frá og með 21. júlí 2000, sem eru að fullu tryggð með veði í fjölnota atvinnuhúsnæði innan við 50% af fasteignamati þess eða sérstöku mati Fasteignamats ríkisins á markaðsverði húsnæðis, enda sé húsnæðið nýtt eða leigt út af lántakanda og gefi af sér eðlilegar leigutekjur. Falli eignirnar í verði um meira en sem nemur 10% frá síðasta mati getur Fjármálaeftirlitið sett aðrar reglur um áhættuvog lána samkvæmt þessum staflið.

8. gr.

Við 12. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar sem verða 2. og 3. mgr. og hljóði svo:

Áhættuvog 1,0 gildir um þann hluta lána samkvæmt stafliðum a., b. og c. í 3. tl. 1. mgr., sem er umfram þau mörk sem þar eru tilgreind.

Ákvæði stafliða b. og c. í 3. tl. 1. mgr. gilda til ársloka 2006. Lán sem veitt eru fyrir árslok 2006 og uppfylla skilyrði stafliða b. og c. halda óbreyttri áhættuvog til gjalddaga þeirra.

9. gr.

1. og 2. mgr. 14. gr. hljóði svo:

Til að reikna út útlánaígildi liða utan efnahagsreiknings sem tilgreindir eru í 1. og 2. tl. 1. mgr. 16. gr., svo og annarra afleiðusamninga sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, getur stofnun valið að nota aðferð 1, sem byggist á markaðsvirði, eða aðferð 2 sem byggist á upphaflegri áhættu samningsins. Stofnanir sem falla utan undanþáguákvæðis 6. gr. skulu beita aðferð 1. Við mat á útlánaígildi í tengslum við samninga sem tilgreindir eru í 3. tl. 1. mgr. 16. gr. skulu allar lánastofnanir beita aðferð 1.

Aðferð 1: Markaðsvirði.

Samkvæmt þessari aðferð skal útlánaígildi afleiðusamninga reiknað út með því að leggja saman endurnýjunarkostnað afleiðusamninga með jákvætt gildi annars vegar og framtíðaráhættu afleiðusamninga hins vegar. Þegar um er að ræða vaxtaskiptasamninga á breytilegu gengi í einum gjaldmiðli er eingöngu reiknaður endurnýjunarkostnaður en ekki framtíðaráhætta við útreikning á útlánaígildi.

Endurnýjunarkostnað afleiðusamnings með jákvætt gildi má finna með því að meta útistandandi afleiðusamning á markaðsvirði.

Framtíðarútlánaáhættu skal meta með því margfalda höfuðstólsfjárhæð afleiðusamninga, eða virði þeirra samninga sem að baki liggja, óháð því hvort um gnóttsamning eða skortsamning er að ræða, með eftirfarandi hlutfallstölum:

Tími til gjalddaga	*Vaxta-samningur*	*Samningar er varða gjald-eyrisgengi og gull*	*Hlutabréfa-samningar*	*Samningar er varða aðra aðra góðmálma en gull*	*Samningar er varða aðrar vörur en góðmálma*
Eitt ár eða minna	0,0%	1,0%	6,0%	7,0%	10,0%
Meira en eitt ár, minna en fimm ár	0,5%	5,0%	8,0%	7,0%	12,0%
Meira en fimm ár	1,5%	7,5%	10,0%	8,0%	15,0%

- Fara skal með samninga, sem falla ekki undir neinn af flokkunum fimm í töflunni, á sama hátt og samninga um aðrar hrávörur en góðmálma.
- Fyrir samninga, sem fela það í sér að höfuðstóli er skipt margsinnis, verður að margfalda prósentutöluna með fjölda þeirra greiðslna sem eftir er að inna af hendi samkvæmt samningnum.
- Í samningum, sem eru gerðir með það fyrir augum að gera upp áfallna áhættu á tilteknum greiðsludögum og þar sem skilmálar eru endurskoðaðir þannig að markaðsvirði samningsins verður núll á þessum tilteknu dögum, yrði eftirstöðvatíminn jafnlangur tímabilinu fram að næsta endurskoðunardegi. Þegar um er að ræða vaxtasamninga sem uppfylla þessar viðmiðunarreglur og eftirstöðvatíminn er meira en eitt ár, skal hlutfallið ekki vera innan við 0,5%.

Aðferð 2: Upprunaleg áhætta.

Samkvæmt þessari aðferð skal útlánaígildi afleiðusamnings reiknað út með því að margfalda grundvallarfjárhæð afleiðusamnings með eftirfarandi hlutfallstölum með hliðsjón af upphaflegum lánstíma samningsins:

Upphaflegur lánstími	*Vaxtasamningar*	*Samningar er varða gjaldmiðlagengi og gull*
Eitt ár eða skemur	0,5%	2,0%
Lengri en eitt ár en ekki lengri en tvö ár	1,0%	5,0%
Viðbót fyrir hvert ár að auki	1,0%	3,0%

Að því er varðar aðferðir 1 og 2 þarf að gæta þess að fjárhæðin sem lögð er til grundvallar, sé hæfilegur mælikvarði á áhættuna sem samningurinn hefur í för með sér. Þegar til dæmis er gert ráð fyrir því í samningnum að greiðsluflæði margfaldist verður að leiðrétta grundvallarfjárhæðina svo að tekið sé tillit til margföldunaráhrifanna á áhættusamsetningu samningsins. Sé um að ræða afleiðusamninga þar sem grundvallarfjárhæð samnings mun lækka á samningstímanum, t.d. með hliðsjón af afborgun lána, er stofnuninni heimilt að taka tillit til þessa. Þetta skal gert með því að reikna út útlánaígildi hverrar afborgunar fyrir sig. Þegar um er að ræða vaxtasamninga getur stofnunin ennfremur sótt um heimild til Fjármálaeftirlitsins til að miða við eftirstöðvatíma samnings í stað upphaflegs lánstíma.

10. gr.

15. gr. hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. skulu gjaldmiðlasamningar, aðrir en þeir sem varða gull, til 14 daga eða skemur ekki reiknast með í áhættugrunni stofnunar. Ennfremur skal undanskilja liði utan efnahagsreiknings sem tilgreindir eru í 16. gr. og verslað er með á skipulegum verðbréfamarkaði eða aðra samninga sem tryggðir eru með daglegum uppgjörum sem viðurkennd eru af Fjármálaeftirlitinu.

11. gr.

16. gr. hljóði svo:

Liðir utan efnahagsreiknings skulu flokkast á eftirfarandi hátt:

1. *Vaxtasamningar*
   a. vaxtaskipti innan sama gjaldmiðils,
   b. „Basis"-vaxtaskiptasamningar,
   c. framvirkir vaxtasamningar,
   d. samningar um vaxtaviðskipti í framtíðinni,
   e. keyptur valréttur að vöxtum,
   f. aðrir svipaðir samningar.
2. *Gjaldmiðlasamningar og samningar varðandi gull*
   a. vaxtaskipti á milli gjaldmiðla,
   b. framvirkir gjaldmiðlasamningar,
   c. samningar um gjaldmiðlaviðskipti í framtíðinni,
   d. keyptur valréttur að erlendum gjaldeyri,
   e. aðrir svipaðir samningar,
   f. samningar er varða gull, í eðli sínu svipaðir þeim sem um getur í a- til e-lið.
3. *Samningar sem eru í eðli sínu svipaðir þeim sem um getur í stafliðum a. til e. í 1. tl. og stafliðum a. til d. í 2. tl., en miðast við aðra viðmiðunarliði eða vísitölur er varða:*
   a. hlutabréf,
   b. góðmálma, að gulli undanskildu,
   c. aðrar hrávörur en góðmálma,
   d. aðra eðlislíka samninga.

Afleiðusamningar sem eru bæði með vaxta- og gjaldmiðlaviðmiðanir skulu flokkast sem gjaldmiðlasamningar við útreikning á áhættugrunni.

12. gr.

Fyrirsögn 4. kafla hljóði svo:

Áhættugrunnur vegna liða í erlendum gjaldmiðli og gulli.

13. gr.

17. gr. hljóði svo:

Ákvæði þessa kafla ná til allra eigna- og skuldaliða og liða utan efnahagsreiknings sem eru í erlendum gjaldmiðli, gulli og í íslenskum krónum ef þessir liðir eru með gengisviðmiðun óháð því hvort um er að ræða liði innan eða utan veltubókar.

Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu þessara liða skal vera hrein gjaldeyris- og gullstaða stofnunar, enda sé hún yfir 2% af eigin fé hennar.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt fram til ársloka 2004 að reikna áhættugrunn vegna gjaldeyrisáhættu sem þann hluta hreinnar gjaldeyris- og gullstöðu stofnunar sem er umfram 2% af eigin fé hennar.

Útreikningur á gjaldeyris- og gullstöðu stofnunar fer fram í tveimur þrepum. Fyrst skal reikna opna gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum og gulli í samræmi við ákvæði 18. - 20. gr. Því næst skal reikna hreina gjaldeyris- og gullstöðu stofnunar í samræmi við ákvæði 21. gr.

14. gr.

18. gr. hljóði svo:

Opin gjaldeyrisstaða í gjaldmiðli og gulli telst vera mismunur á milli gnóttstöðu og skortstöðu í viðkomandi gjaldmiðli og gulli eins og þær eru metnar í samræmi við ákvæði 19. gr. og 20. gr.

Heimilt er að skipta upp samsettum mynteiningum, svo sem SDR og ECU, eftir vægi hverrar myntar í viðkomandi mynteiningu við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum og gulli.

15. gr.

19. gr. hljóði svo:

Við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu stofnunar í einstökum gjaldmiðlum og gulli skal taka með allar eignir og skuldir og liði utan efnahagsreiknings í viðkomandi gjaldmiðli og gulli þar sem stofnunin sjálf ber gjaldeyrisáhættuna.

Eftirfarandi stöður skulu teknar með í útreikninginn:

1. Nettó nústaða, þ.e. allar eignir að frádregnum skuldum að meðtöldum áföllnum ógjaldföllnum vöxtum. Afskriftareikningur útlána skal dreginn frá eignum í þessu sambandi.
2. Nettó framvirk staða, þ.e. staða stofnunar í framvirkum gjaldmiðla- og gullsamningum, þ.m.t. staðlaðir framvirkir gjaldmiðla- og gullsamningar og gjaldmiðlaskiptasamningar að því marki sem þessir samningar eru ekki með í nettó nústöðu stofnunar. Gjaldmiðlaskiptasamninga skal meðhöndla sem eign í einum gjaldmiðli og sem skuld í öðrum.
3. Óafturkallanlegar ábyrgðir og svipaðar skuldbindingar ef öruggt er talið að á þær reyni og ólíklegt að þær verði endurkrefjanlegar.
4. Samanlagt nettó deltavirði af valréttarsamningum um gjaldeyri og gull. Stofnanir sem eiga í viðskiptum með valréttarsamninga skulu sækja sérstaklega um samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir þeim matsaðferðum sem notaðar eru í þessu sambandi.
5. Markaðsvirði annarra valréttarsamninga.
6. Framtíðartekjur/gjöld sem enn eru ekki áfallin en eru þegar að fullu baktryggð.
7. Stöður sem stofnunin hefur beinlínis tekið til að baktryggja sig gegn áhrifum óhagstæðs gengis á eiginfjárhlutfall svo og eignarhlutdeild í dótturfélögum sem dregin hefur verið frá við útreikning á eigin fé. Slíkar stöður má undanskilja við mat á gjaldeyrisstöðu enda séu þær ekki viðskiptalegs eðlis eða kerfisbundnar.

Ákvæði tl. 6 og 7 eru bundin því skilyrði að stofnunin hafi fengið sérstaka heimild Fjármálaeftirlitsins til að taka tillit til þeirra við mat á gjaldeyrisstöðu sinni.

16. gr.

20. gr. hljóði svo:

Gjaldeyrisstaða í einstökum gjaldmiðlum og gulli skal umreiknast yfir í íslenskar krónur miðað við opinbert viðmiðunargengi á uppgjörsdegi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er stofnun heimilt að fengnu sérstöku samþykki Fjármálaeftirlitsins að miða útreikning sinn á gjaldeyrisstöðu við núvirði eigna- og skuldaliða og liða utan efnahagsreiknings. Með núvirði í þessu samhengi er átt við heildarvirði allra út- og inngreiðslna í framtíðinni sem núvirtar hafa verið með hliðsjón af gildandi markaðsvöxtum.

17. gr.

21. gr. hljóði svo:

Til að reikna út hreina gjaldeyrisstöðu stofnunar skal leggja saman annars vegar opna gjaldeyrisstöðu þeirra gjaldmiðla og gulls þar sem um gnóttstöðu er að ræða og hins vegar

opna gjaldeyrisstöðu þeirra gjaldmiðla og gulls þar sem um skortstöðu er að ræða. Hærri fjárhæðin af þessum tveimur skal vera hrein gjaldeyrisstaða stofnunar við mat á áhættugrunni stofnunar vegna gjaldeyrisáhættu, sbr. 17. gr.

Stofnanir sem fengið hafa til þess sérstaka heimild Fjármálaeftirlitsins geta þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. reiknað áhættugrunn vegna allra eða hluta þeirra gjaldmiðla og gulls sem stofnunin er með stöður í, miðað við innbyrðis fylgni gengisþróunar gjaldmiðla og gulls, samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

18. gr.

Fyrirsögn 5. kafla hljóði svo:

Áhættugrunnur vegna stöðuáhættu sem tengd er skuldaskjölum, hlutabréfum og hrávörum í veltubók.

19. gr.

1. mgr. 22. gr. hljóði svo:

Þegar veltubók stofnunar hefur verið skipt upp í stöður í skuldaskjölum, hlutabréfum og hrávörum í samræmi við 5. gr. skal áhættugrunnur vegna stöðuáhættu tveggja fyrstnefndu liðanna vera samtala áhættugrunns vegna sérstakrar stöðuáhættu, sem er reiknaður í samræmi við ákvæði 26. gr. og ákvæði 30. gr. og almennrar stöðuáhættu, sem er reiknaður í samræmi við ákvæði 28. gr. og ákvæði 31. gr. Áhættugrunnur vegna stöðuáhættu í hrávörum skal reiknast í samræmi við ákvæði 22. gr. a.

20. gr.

Við reglurnar bætist ný grein, 22. gr. a., er hljóði svo:

Áhættugrunnur vegna stöðuáhættu í hrávörum reiknast sem samtala veginna fjárhæða samkvæmt 3. og 4. mgr. þessarar greinar á grundvelli uppgjörs fyrir hverja hrávöru. Dagverð hverrar hrávöru skal umreikna í íslenskar krónur á uppgjörsdegi. Við uppgjörið reiknast með bæði skortstöður og gnóttstöður tengdar hrávörum, sem myndast við uppskiptingu á afleiddum skjölum tengdum hrávörum. Við útreikning á nettóstöðum í hrávörum er einungis heimilt að jafna út stöðum í sams konar hrávörum. Stöður í fjármálaskjölum tengdum gulli skulu reiknast með í útreikningi á áhættugrunni vegna gjaldeyrisáhættu.

Keyptum og seldum valrétti og stöðluðum framvirkum samningum tengdum hrávörum, framvirkum samningum um kaup eða sölu á hrávörum og öðrum fjármálaskjölum með sambærileg einkenni, skal skipt upp í gnóttstöður og skortstöður eftir sömu reglum og kveðið er á um í 23. gr.

Stöður í fjármálaskjölum tengdum hrávörum, sem eru eins hvað varðar hrávöru, gjalddaga og skjal en eru með gagnstæð formerki, skulu hafa núll vægi.

Fyrir hverja hrávöru skal reikna heildarnettóstöðu miðað við gjalddaga og skuldaskjal. Heildarnettóstaða reiknast sem mismunur á samtölu af gnóttstöðum og samtölu af skortstöðum. Heildarnettóstaða hverrar hrávöru skal síðan margfölduð með stuðlinum 1,875. Heildarbrúttóstaða í hverri hrávöru reiknast sem samtala af gnóttstöðum og skortstöðum, án tillits til formerkis í hverri hrávöru. Heildarbrúttóstaða í hverri hrávöru skal síðan marfölduð með stuðlinum 0,375.

21. gr.

Fyrirsögn 6. kafla hljóði svo:

Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu sem tengd er viðskiptum með verðbréf og hrávörur í veltubók.

22. gr.

33. gr. hljóði svo:

Áhættugrunnur stofnunar vegna uppgjörsáhættu sem tengd er viðskiptum með verðbréf og hrávörur í veltubók þegar viðskiptin eru óuppgerð eftir að umsaminn afhendingarfrestur er útrunninn skal vera sem hér greinir.

Þegar um sölu á verðbréfi eða hrávöru er að ræða skal áhættugrunnurinn vera sá sami og jákvæður mismunur milli samningsverðs og markaðsverðs viðkomandi verðbréfs eða hrávöru, margfaldaður með viðeigandi áhættuvog samkvæmt eftirfarandi töflu.

Þegar um kaup á verðbréfi eða hrávöru er að ræða skal áhættugrunnurinn vera sá sami og jákvæður mismunur á milli markaðsverðs og samningsverðs, margfaldaður með viðeigandi áhættuvog samkvæmt eftirfarandi töflu

Fjöldi virkra daga eftir umsaminn uppgjörsdag	*Áhættuvog*
5-15	100%
16-30	625%
31-45	937,5%
46 eða fleiri	1250%

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um endurkaupasamninga, endursölusamninga, verðbréfa- og hrávörulánveitingu og verðbréfa- og hrávörulántöku.

23. gr.

34. gr. hljóði svo:

Mótaðilaáhætta ófrágenginna viðskipta skal tekin með í áhættugrunn stofnunar ef:

1. Stofnun hefur greitt fyrir verðbréf eða hrávörur áður en hún hefur móttekið þau/þær.
2. Stofnun hefur látið af hendi verðbréf eða hrávörur áður en hún hefur fengið greitt fyrir þau/þær.

Sé um er að ræða viðskipti milli landa skal miðað við að einn eða fleiri dagar hafi liðið síðan greiðsla eða afhending fór fram.

Áhættugrunnur stofnunar vegna mótaðilaáhættu þessara viðskipta skal metinn sem verðgildi verðbréfanna eða hrávaranna margfaldað með áhættuvog viðkomandi mótaðila í samræmi við ákvæði 12. gr. ef stofnunin hefur greitt fyrir verðbréf eða hrávörur áður en hún hefur móttekið þau/þær.

Hafi stofnun látið af hendi verðbréf eða hrávörur án þess að fá greitt fyrir skal hins vegar miðað við kröfuna á mótaðila í stað verðgildis verðbréfanna eða hrávaranna.

24. gr.

Fyrirsögn á undan 35. gr. hljóði svo:

Mótaðilaáhætta endurkaupasamninga, endursölusamninga, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar og verðbréfa- eða hrávörulántöku.

25. gr.

35. gr. hljóði svo:

Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu endurkaupasamninga, endursölusamninga, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar og verðbréfa- eða hrávörulántöku skal vera staða stofnunar reiknuð í samræmi við eftirfarandi ákvæði og margfölduð með áhættuvægi viðkomandi mótaðila, sbr. ákvæði 12. gr.

1. Þegar um er að ræða endurkaupasamninga sem byggjast á verðbréfum eða hrávörum í veltubók stofnunar skal staða reiknuð sem mismunur markaðsverðs verðbréfanna eða hrávaranna sem stofnunin hefur látið af hendi og fjárhæðarinnar sem stofnunin hefur móttekið, ef mismunurinn er jákvæður.

2. Þegar um er að ræða endursölusamninga sem byggjast á verðbréfum eða hrávörum í veltubók skal staða reiknuð sem mismunur milli fjárhæðarinnar sem stofnunin hefur látið af hendi og markaðsverðs verðbréfanna eða hrávaranna, ef mismunurinn er jákvæður.
3. Þegar um er að ræða verðbréfa- eða hrávörulánveitingu skal staða stofnunar reiknuð sem mismunur milli markaðsvirðis verðbréfanna eða hrávörunnar sem stofnunin hefur lánað og markaðsvirðis tryggingа, ef mismunurinn er jákvæður.
4. Þegar um er að ræða verðbréfa- eða hrávörulántöku skal staða stofnunar reiknuð sem mismunur milli markaðsvirðis þeirra trygginga sem stofnunin hefur sett og markaðsvirðis verðbréfanna eða hrávörunnar sem stofnunin hefur móttekið, ef mismunurinn er jákvæður.

Við mat á markaðsvirði skulda, útlána og trygginga skal tekið tillit til áfallinna vaxta.

26. gr.

2. mgr. 42. gr. hljóði svo:

Við útreikning á áhættugrunni samstæðu er heimilt að jafna stöðu í skuldaskjölum, hlutabréfum og hrávörum sbr. ákvæði 5. kafla, milli stofnana innan samstæðunnar. Sama á við um stöður í gjaldmiðlum og gulli, sbr. ákvæði 4. kafla.

27. gr.

2. tl. IV. viðauka hljóði svo:

2. Framvirkir gjaldmiðla- og gullsamningar.

Líta skal á stöður í framvirkum gjaldmiðla- og gullsamningum sem annars vegar stöður í þeim gjaldmiðli og gulli sem stofnunin hefur skuldbundið sig til að selja og hins vegar stöðu í þeim gjaldmiðli og gulli sem stofnunin hefur skuldbundið sig til að kaupa.

Þegar almenn stöðuáhætta einstakra gjaldmiðla og gulls er reiknuð samkvæmt rauntímaaðferð, sbr. ákvæði 5. kafla reglnanna, skal setja markaðsvirði eða reiknað núvirði framvirkra gjaldmiðla- og gullsamninga í viðeigandi rauntímahóp. Þegar binditímaaðferð er notuð skal setja nafnvirði samnings í viðeigandi binditímaflokk.

Stöður sem eru tilkomnar vegna framvirkra gjaldmiðla- og gullsamninga skal flokka m.t.t. almennrar og sérstakrar stöðuáhættu á sama hátt og sem um stöður í ríkisskuldabréfi með 0% nafnvexti væri að ræða.

Fjármálaeftirlitið getur, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. reglnanna, heimilað stofnun að telja stöður í framvirkum gjaldmiðla- og gullsamningum til liða utan veltubókar.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu framvirkra gjaldmiðla- og gullsamninga skal reikna í samræmi við ákvæði 36. gr. reglnanna.

28. gr.

V. viðauki reglnanna fellur niður.

29. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, 10. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og 1. mgr. 32. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og öðlast þegar gildi.

15. september 2000.

Fjármálaeftirlitið,

Páll Gunnar Pálsson. **Ragnar Hafliðason.**

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur heitt vatn í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Orka og vatnsmagn H490/I494.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	15.500,00 kr./ári
Orkugjald	3,46 kr./kWh
Rúmmetragjald m.v. 80°C	20,00 kr./m^3
Rúmmetragjald m.v. 70°C	15,00 kr./m^3

Orkugjald vegna hitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla IV. um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt í gjaldskrá orkubúsins fyrir raforku.

Orka og vatnsmagn H499/I495.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	15.500,00 kr./ári
Orkugjald	3,46 kr./kWh
Rúmmetragjald m.v. 80°C	20,00 kr./m^3
Rúmmetragjald m.v. 70°C	15,00 kr./m^3

I490 Vatnsmagn á Reykhólum.

Rúmmetragjald	106,60 kr./m^3
Fastagjald	15.500,00 kr./ári

I498 Vatnsmagn á Reykhólum til sundlauga og gróðurhúsa.

Rúmmetragjald	35,50 kr./m^3
Fastagjald	15.500,00 kr./ári

Orka H498.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn um varmaskipti af viðurkenndri gerð.

Fastagjald	155.000,00 kr./ári
Orkugjald	2,08 kr./kWh
Rúmmetragjald m.v. 80°C	12,00 kr./m^3

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Orkubúið ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá heimtaugargjald í þéttbýli í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimtaugagjöld í þéttbýli).

6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 1.000,00.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 4.000,00.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

10. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66, 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. október 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 429, 16. júní 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. september 2000.

F. h. r.
Þorgeir Örlygsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 103 – 2000

26. september 2000 2029 Nr. 686

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	01.10.-31.12.00	ótilgr.	15	30
Tollnúmer:					
0702.0001	Tómatar, nýir eða kældir	01.11.-15.03.01	ótilgr.	0	0
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	09.10.-15.10.00	ótilgr.	22,5	149
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	16.10.-31.10.00	ótilgr.	15	99
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	09.10.-15.03.01	ótilgr.	30	0
0704.2000	Rósakál	01.10.-15.03.01	ótilgr.	30	0
0704.9005	Fóðurmergskál	01.10.-15.03.01	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	01.10.-15.03.01	ótilgr.	30	0
0705.1111	Jöklasalat	01.11.-15.03.01	ótilgr.	0	0
0705.1112	Jöklasalat	01.10.-31.10.00	ótilgr.	30	0
0705.1191	Annað (salat)	01.11.-15.03.01	ótilgr.	0	0
0705.1199	Annað (salat)	01.10.-31.10.00	ótilgr.	30	0
0705.1900	Annað	01.10.-15.03.01	ótilgr.	30	0
0705.2100	Kaffifífilsblöð	01.10.-15.03.01	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	01.10.-15.03.01	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.10.-15.03.01	ótilgr.	22,5	102
0706.9001	Gulrófur	01.10.-15.03.01	ótilgr.	30	0
0706.9009	Annars	01.10.-15.03.01	ótilgr.	30	0
Úr tollnúmeri:					
0706.9009	Rauðrófur	01.10.-03.12.00	ótilgr.	22,5	102
Tollnúmer:					
0707.0011	Gúrkur	01.11.-15.03.01	ótilgr.	0	0
0707.0021	Gúrkur	09.10.-15.10.00	ótilgr.	22,5	148
0707.0021	Gúrkur	16.10.-31.10.00	ótilgr.	15	99
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.10.-15.03.01	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.10.-15.03.01	ótilgr.	30	0

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.5100	Sveppir	01.10.-15.03.01	ótilgr.	7,5	100
0709.6002	Paprika	01.11.-15.03.01	ótilgr.	0	0
0709.6003	Paprika	01.10.-15.10.00	ótilgr.	22,5	298
0709.6003	Paprika	16.10.-31.10.00	ótilgr.	15	199
Úr tollnúmeri:					
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	27.09.-30.09.00	ótilgr.	7,5	99
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	01.10.-31.10.00	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0709.6009	Önnur (Chilipipar)	01.10.-15.03.01	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	01.10.-15.03.01	ótilgr.	30	0
0709.9004	Steinselja	01.10.-15.03.01	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	01.10.-15.03.01	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 15. mars 2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2000.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason. _____
Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 104 – 2000

20. september 2000 2031 Nr. 687

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Barðsnes hf.*, Garðavegi 5, 245 Sandgerði, kt. 440399-3479. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. september 2001.

2. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Samherja hf., Fiskimjöl og lýsi*, Ægisgötu 2, 240 Grindavík, kt. 610297-3079. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. september 2004.

3. Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Síldarvinnsluna hf.*, fiskimjölsverksmiðju, Neskaupstað, kt. 570269-7479. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. september 2004.

Reykjavík, 20. september 2000.

Hollustuvernd ríkisins,

Leifur Eysteinsson forstjóri.

Davíð Egilson
forstöðumaður.

27. september 2000 Nr. 688

AUGLÝSING

um deiliskipulag Heiðarvegar 4–4b á Selfossi, sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn sveitarfélagsins Árborgar þann 17. ágúst 2000 samþykkt deiliskipulag af Heiðarvegi 4–4b á Selfossi.

Á lóðinni er gert ráð fyrir íbúðum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 27. september 2000.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar,

Bárður Guðmundsson.

Gutenberg

AUGLÝSING

um umferð í Dalvíkurbyggð.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Dalvíkurbyggð:

Umferðarhraði í þéttbýli á Dalvík verður 30 km/klst. nema á þjóðvegi 82 en þar verður áfram 50 km/klst.

Bann við bifreiðastöðu við Hafnarbraut að austanverðu er fellt úr gildi.

Stöðvunarskylda breytist í biðskyldu á eftirtöldum gatnamótum:

Hafnarbraut – Sunnutún.

Hafnarbraut – Goðabraut.

Grundargata – Skíðabraut.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Dalvíkurbyggð sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 26. september 2000.

Björn Jósef Arnviðarson.

Nr. 690 20. september 2000

REGLUGERÐ

um greiðslu sérstakrar fjárhæðar til rekstrar ökutækis hreyfihamlaðra.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða elli- og örorkulífeyrisþegum svo og örorkustyrkþegum sérstaka fjárhæð vegna rekstrar bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar.

2. gr.

Með hreyfihömlun skv. reglugerð þessari er átt við líkamlega hreyfihömlun, þ. á m. blindu, sem skerðir verulega færni umsækjanda til að komast ferða sinna án bifreiðar. Um mat á hreyfihömlun skv. þessari grein fer skv. almannatryggingalögum.

3. gr.

Til þess að geta notið greiðslna skv. reglugerð þessari þarf viðkomandi eða maki (sambúðaraðili) að vera skráður eigandi ökutækis.

Ennfremur þarf viðkomandi sjálfur eða maki (sambúðaraðili) að aka bifreiðinni. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði, t.d. eigi einhleypingar í hlut eða mæli sérstakar ástæður með.

4. gr.

Umsóknir um greiðslu skv. reglugerð þessari skulu sendar Tryggingastofnun ríkisins eða viðkomandi umboðsskrifstofu, sem framsendir umsóknir ásamt athugasemdum og meðmælum aðalskrifstofunni til úrskurðar.

Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Eignarhald bifreiðar.
2. Ökumann, aki umsækjandi ekki sjálfur.
3. Ljósrit af ökuskírteini umsækjanda eða annars ökumanns.
4. Hagi og atvinnu umsækjanda, t.d. með skattframtali.

5. gr.

Greiðslur skv. reglugerð þessari skulu vera 6.643 kr. á mánuði. Fjárhæðir taka breytingum skv. 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, sbr. 13. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 118/1993. Heimilt er þó að tillit sé tekið til breytinga á almennum rekstrarkostnaði bifreiða.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 13. gr., sbr. 11. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 118/1993, öðlast gildi 1. október 2000. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 438/1991 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. september 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

20. september 2000 Nr. 691

REGLUGERÐ

um (1.) br. á reglugerð nr. 808/1998 um tekjutryggingu.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tekjutrygging elli- og sjómannalífeyrisþega.

Ef tekjur einhleyps ellilífeyrisþega eru ekki hærri en 268.560 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu á lífeyri hans að upphæð 365.352 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 268.560 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur einungis annað hjóna ellilífeyris, en hitt ekki, og eru sameiginlegar tekjur þeirra hjóna ekki hærri en 1.074.240 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 365.352 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 1.074.240 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum sem bæði njóta ellilífeyris, en hafa sameiginlega tekjur sem fara ekki fram úr 537.120 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 537.120 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tekjutrygging örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

Ef tekjur einhleyps örorkulífeyrisþega eru ekki hærri en 402.840 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 375.756 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 402.840 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris, en hitt ekki, og eru sameiginlegar tekjur þeirra hjóna ekki hærri en 1.611.360 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 375.756 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 1.611.360 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum sem bæði njóta örorkulífeyris, en hafa sameiginlegar tekjur sem eru ekki hærri en 805.680 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 805.680 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 66. gr., sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. október 2000. Fjárhæðir í reglugerð þessari breytast í samræmi við reglur 18. og 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. september 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nr. 692 26. september 2000

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Túngata milli Bankastígs og Strandgötu verður vistgata með einstefnu til suðurs.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 26. september 2000.

Björn Jósef Arnviðarson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag landspildu úr lögbýlinu Bjargi í Borgarbyggð.

Um er að ræða landspildu undir skemmu og þrjú sumarhús.

Skipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint deiliskipulag.

Skipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 28. september 2000.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

21. september 2000 Nr. 694

AUGLÝSING

um breytingar á Skoðunarhandbók, sbr. auglýsingu nr. 437 30. júní 1998.

Ráðuneytið hefur staðfest breytingar á *Skoðunarhandbók* er greinir nánar frá hver skuli vera framkvæmd skoðunar skoðunarskyldra ökutækja, sbr. 2. mgr. 16. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja, nr. 378 29. júní 1998, sbr. auglýsingu um útgáfu Skoðunarhandbókar, nr. 437 30. júní 1998.

Breytingarnar eru frá 30. október 1998, 29. desember 1998, 28. apríl 1999, 28. maí 1999, 10. janúar 2000 og 23. febrúar 2000.

Skráningarstofan hf. annast dreifingu breytingarblaða til faggiltra skoðunarstöðva og endurskoðunarverkstæða.

Þetta tilkynnist hér með.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. september 2000.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.

21. september 2000 Nr. 695

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skoðun ökutækja, nr. 378 29. júní 1998.

1. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 33. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, svo og með hliðsjón af 16. a tölul. við XIII. viðauka við EES-samninginn (tilskipun 96/96/EB með breytingum með tilskipun 1999/52/EB, sbr. EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 41. hefti 1997, bls. 1-19, og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/99 frá 26. nóvember 1999).

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. september 2000.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 696 20. september 2000

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992 - 2016, leikskólalóð við Dalsmára.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992 - 2016 frá 29. apríl 1994.

Breytingin felur í sér að opið svæði til sérstakra nota verði opið svæði til sérstakra nota og stofnanasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarráðs Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 697 20. september 2000

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps frá 16. nóvember 1994.

Breytingin varðar eftirfarandi:

- Iðnaðarsvæði syðst og austast í byggðinni er breytt í opið óbyggt svæði.
- Hringtorg verður á gatnamótum Hafnargötu og Stapavegar.
- Felldar eru brott íbúðalóðir við Hvammsgötu næst ströndinni.
- Svæði fyrir verslanir og þjónustu milli Stapavegar og Heiðagerðis er breytt í íbúðarsvæði.
- Felld er niður vegartenging frá Hafnargötu norður með ströndinni. Iðnaðarsvæði með ströndinni til norðurs er breytt í opið óbyggt svæði og íbúðarsvæði norðan Minni-Voga verður tengt frá Egilsgötu.
- Breytt er umfangi og gatnatengingum framtíðaríbúðarsvæðis norðan íþróttasvæðis.
- Felld er niður tenging Iðndals við Vogabraut.
- Göngustígar eru settir inn á aðalskipulagsuppdrátt.

- Lóð við Fagradal 14 er stækkuð og opið svæði til sérstakra nota minnkað að sama skapi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

20. september 2000 Nr. 698

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, athafnasvæði á Hádegismóum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að athafnasvæði á Hádegismóum er stækkað um 2,3 ha til suðurs inn á almennt útivistarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

20. september 2000 Nr. 699

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014, Geldingsá og Veigastaðir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps frá 27. ágúst 1995.

Breytingin varðar stækkun á bændaskógrækt og frístundabyggð í landi Geldingsár og nýtt íbúðarsvæði og staka íbúðarhúsalóð í landi Veigastaða.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992-2012, Lækjarhlíð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar frá 6. maí 1994.

Breytingin felst í því að landnotkun á miðsvæði við Lækjarhlíð er breytt úr verslunar-, þjónustu- og stofnanasvæði í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 701 20. september 2000

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Réttarheiði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin varðar breytta landnotkun á hlut reits sunnan Þelamerkur, úr verslunar- og þjónustusvæði í blandaða landnotkun verslunar og þjónustu ásamt íbúðarbyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 702 20. september 2000

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Indriðastaðir í Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 14. gr., hefur ráðherra þann 20. september 2000 staðfest breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997-2017, frá 19. febrúar 1998.

Í tillögunni felst að hluti af landi Indriðastaða í Skorradalshreppi breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skorradalshrepps. Breytingin var send sveitarstjórn Borgarfjarð-

arsveitar til kynningar sem gerði ekki athugasemdir við hana. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

20. september 2000 Nr. 703

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, iðnaðarsvæði við Varmá, Hveragerði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. júlí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytt er landnotkun svæðis sem liggur sunnan Suðurlandsvegar skammt frá vesturbakka Varmár, opið svæði og íbúðarbyggð í iðnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

20. september 2000 Nr. 704

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 á Hleinum að Langeyrarmölum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar frá 17. nóvember 1997, með fyrirvara um deiliskipulag næst Vífilstaðavegi.

Breytingin felst í því að óbyggt svæði breytist í íbúðasvæði norðan við svæði IB 17.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki í bæjarráði Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988-2008, iðnaðarsvæði við Ofanleiti.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988-2008 frá 2. júlí 1990.

Um er að ræða breytingu úr iðnaðarsvæði við Ofanleiti í orlofs- og sumarhúsabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 706 15. september 2000

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.

1. gr.

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing hennar er á Akureyri. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnendur Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar eru: Háskólinn á Akureyri, Menntasmiðjan á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Akureyri, Tónlistarskólinn á Akureyri, Myndlistaskólinn á Akureyri, Akureyrarbær og sveitarfélög í Eyjafirði, stéttarfélög í Eyjafirði, félög atvinnurekenda og fyrirtæki og stofnanir í Eyjafirði, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, sem því til staðfestu undirrita skipulagsskrá þessa. Aðrir sem gerast stofnaðilar innan sex mánaða frá stofnun Símenntunarmiðstöðvarinnar teljast einnig til stofnenda. Fjárhagslegar skuldbindingar miðstöðvarinnar eru stofnendum óviðkomandi umfram stofnframlag.

Stofnfé Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar er kr. 3.660.000 þar af kr. 1.000.000 óskerðanlegt stofnfé að raungildi.

3. gr.

Markmið Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar er að efla símenntun í Eyjafirði og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu og bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á öllum skólastigum. Einnig að veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun og einstaklingum starfs- og námsráðgjöf. Í þessu skyni mun Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar m.a.:

- Stuðla að auknu framboði á símenntun í Eyjafirði og miðla því til almennings og atvinnulífs. Þar er átt við formlega og óformlega menntun, starfsmenntun, tómstundanám, nám í lífsleikni og bóknám.
- Bjóða upp á nám á framhalds- og háskólastigi í Eyjafirði í samstarfi við framhalds- og háskóla.

- Leggja áherslu á samstarf menntastofnana við fyrirtæki, stofnanir og aðila vinnumarkaðarins.
- Fylgjast með og nýta bestu fáanlegu kennslutækni og leggja áherslu á fjarkennslu.
- Hafa samstarf við aðra aðila er sinna símenntun á Íslandi og erlendis.
- Stuðla að auknu samstarfi þeirra sem sinna símenntun í Eyjafirði, annast markaðs- og kynningarmál og samræma starf þeirra.
- Selja ráðgjafaþjónustu til fyrirtækja um símenntun í samstarfi við fræðslustofnanir, atvinnuþróunarfélög og/eða aðrar símenntunarstöðvar.
- Bjóða upp á starfs- og námsráðgjöf í samstarfi við starfs- og námsráðgjafa við menntastofnanir í Eyjafirði.

4. gr.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar er skipuð sjö mönnum til eins árs í senn og sjö til vara. Menntastofnanir sem aðild eiga að Símenntunarmiðstöðinni tilnefna einn fulltrúa (fulltrúinn flyst á milli menntastofnana árlega), stéttarfélög í Eyjafirði sem aðild eiga að miðstöðinni tilnefna tvo fulltrúa, sé annar fulltrúi verkafólks á almennum vinnumarkaði en hinn fulltrúi opinberra starfsmanna, atvinnurekendur tilnefna tvo fulltrúa og sé annar fulltrúi einkafyrirtækja og hinn opinberra stofnana, Akureyrarbær tilnefnir einn fulltrúa og sveitarfélög í Eyjafirði tilnefna einn fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Stjórn skiptir með sér verkum. Einfaldur meirihluti gildir á stjórnarfundum.

Forstöðumaður situr að jafnaði stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar ber að vinna að markmiðum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar og setur sér og miðstöðinni starfsreglur. Boða skal stjórnarfundi með tryggilegum hætti. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef málefnið varðar hann persónulega.

6. gr.

Stjórnin skal kalla stofnaðila saman til ársfundar eigi síðar en í apríllok ár hvert. Þar skal stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar gera grein fyrir starfi hennar og leggja fram endurskoðaða ársreikninga til samþykktar. Þar skal einnig kosning löggilts endurskoðanda og stjórnarfulltrúa fara fram. Á ársfundi gildir einfaldur meirihluti og hver fulltrúi stofnaðila hefur eitt atkvæði nema varðandi breytingar á skipulagsskrá, samanber 10. grein.

Ársfund skal boða skriflega með viku fyrirvara. Tillögu um breytingar á skipulagsskrá Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar skal getið sérstaklega í fundarboði.

7. gr.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar ræður forstöðumann og setur honum erindisbréf. Forstöðumaðurinn ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar. Hann annast daglegan rekstur, ræður starfsfólk stofnunarinnar, vinnur að fjáröflun og annast reikningsskil. Forstöðumaður undirbýr fjárhagsáætlun næsta starfsárs, sem skal lögð fyrir stjórnina í nóvember ár hvert.

8. gr.

Tekjur Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar, auk vaxta af stofnframlagi, eru frjáls framlög frá ríki, sveitarfélögum, samtökum, fyrirtækjum og einstaklingum, og tekjur af þjónustu.

9. gr.

Til þess að Símenntunarmiðstöðin geti náð megintilgangi sínum er stjórninni heimilt fyrir hönd miðstöðvarinnar að eiga samstarf við aðra og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar getur með sérstökum samningi tekið að sér fræðsluverkefni sem teljast hliðstæð námsframboði á framhalds- og háskólastigi. Halda skal kostnaði af slíkri starfsemi að fullu aðgreindum frá öðrum rekstri miðstöðvarinnar.

10. gr.

Reikningsár Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Forstöðumaður skal eigi síðar en í lok febrúarmánaðar leggja fram eftirtalin gögn fyrir stjórn miðstöðvarinnar til afgreiðslu:

1. Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.
2. Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næst liðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt ef 2/3 fulltrúa á ársfundi samþykkja slíkar breytingar enda sé fundur lögmætur og tillaga um slíkt hafi verið kynnt sérstaklega í fundarboði.

12. gr.

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar verður slitið með ákvörðun 2/3 fulltrúa á ársfundi.

Verði starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar hætt og miðstöðin lögð niður skulu eignir hennar renna til eflingar símenntunar á vegum Menntasmiðjunnar á Akureyri.

13. gr.

Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

14. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sem og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi var staðfest á stofnfundi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar 29. mars 2000.

Akureyri, 2. ágúst 2000.
Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. september 2000.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Skorradalshrepps.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps er skipuð fimm hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Skorradalshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Skorradalshrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar og nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði annan miðvikudag hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 21. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í hreppsnefndinni sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í hreppsnefnd átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Oddviti, sbr. þó 8. gr., boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Oddviti sveitarfélagsins semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem oddviti telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

12. gr.

Oddviti skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

14. gr.

Oddviti skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta hreppsnefndarmanna skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

17. gr.

Hreppsnefndarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefndin ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef hreppsnefnd hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó ekki við þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða oddvita, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Oddviti, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs, stjórnar eða oddvita. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að

eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi hreppsnefndarmaður kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

51. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Barna- og félagsmálanefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.
2. *Búfjáreftirlitsmaður.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
3. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
4. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
5. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar hreppsnefndar).
6. *Skólanefnd grunnskóla.* Einn aðalmaður og varamaður skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
7. *Fulltrúaráð tónlistarskóla.* Einn aðalmaður og varamaður skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
8. *Stjórn S.S.B.N.S. (byggðasamlags).* Einn aðalmaður og varamaður.

52. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

53. gr.

Oddviti hefur með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi hreppsnefndar, annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita skulu ákveðin sérstaklega af hreppsnefndinni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sem oddviti sér um á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu sveitarfélagsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

54. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

55. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

56. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI
Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

57. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

58. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 57. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra

útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

59. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundi enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum hreppsnefndarmönnum með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

60. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

61. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 57. gr. og þriggja ára áætlun skv. 60. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 59. gr.

62. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Skorradalshrepps hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. september 2000.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

María Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skemmtibáta nr. 168/1997.

1. gr.

Í stað 1. – 8. gr. koma nýjar greinar, 1. – 11. gr., svohljóðandi:

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um skemmtibáta með mestu lengd frá 2,5 m að 24 m, bæði fullsmíðaða og hálfsmíðaða, sem og búnað skemmtibáta sem tilgreindur er í II. viðauka.

Skemmtibátur er í reglugerð þessari allar tegundir af bátum, óháð knúningsmáta, frá 2,5 m til 24 m að bollengd, mælt í samræmi við viðeigandi samhæfða staðla, ætlaður til íþrótta og tómstunda. Sú staðreynd að hægt er að nota sama bátinn til leiguflutninga eða til að kenna/þjálfa skemmtisiglingar ætti ekki að koma í veg fyrir að hann heyri undir tilskipun þessa þegar hann er settur á markað í tómstundaskyni.

Eftirtaldir bátar og tæki eru undanskilin ákvæðum þessarar reglugerðar:

a. Bátar sem eingöngu eru ætlaðir til æfinga og keppni, þar með taldir kappróðrarbátar og árabátar til þjálfunar sem eru merktir sem slíkir af framleiðendum.
b. Kanúar, kajakar, gondólar og hjólabátar.
c. Seglbretti.
d. Vélknúin brimbretti, sjóþotur o.þ.h. (e. personal water craft) og önnur svipuð vélknúin farartæki.
e. Upprunalegir sögulegir bátar og einstaka eftirlíkingar báta sem hannaðir voru fyrir 1950 og eru smíðaðir úr sams konar efni og fyrirmyndin og svo flokkaðir hjá framleiðendum.
f. Bátar sem smíðaðir eru í tilraunaskyni að því tilskildu að þeir verði ekki síðar settir á markað á EES-svæðinu.
g. Bátar smíðaðir til eigin nota, að því tilskildu að þeir verði ekki settir á markað á EES-svæðinu næstu fimm ár eftir að smíði líkur enda verði notkun takmörkuð með tilliti til ástands bátsins.
h. Bátar sem ætlaðir eru til atvinnustarfsemi, einkum þeir sem eru tilgreindir í tilskipun Evrópusambandsins nr. 82/716/EBE frá 4. október 1982 um tæknilegar kröfur vegna skipa á skipgengum vatnaleiðum, óháð farþegafjölda.
i. Kafbátar.
j. Svifbátar.
k. Skíðabátar.

2. gr.

Markaðssetning, markaðseftirlit og heimild til notkunar.

Siglingastofnun hefur markaðseftirlit með skemmtibátum, búnaði og innflutningi þeirra. Siglingastofnun skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðeins sé unnt að markaðssetja og taka í notkun skemmtibáta og búnað þeirra í samræmi við fyrirhugaða notkun þeirra, en þó aðeins að notkun þeirra hafi ekki í för með sér hættu fyrir öryggi og heilsu manna, eignir eða umhverfið þegar þeir eru smíðaðir og viðhaldið á réttan hátt.

3. gr.

Grunnkröfur.

Skemmtibátar skv. þessari reglugerð skulu uppfylla kröfur um öryggi, heilsu, umhverfisvernd og neytendavernd sem kveðið er á um í I. viðauka.

4. gr.

Frjáls innflutningur skemmtibáta og búnaðar skemmtibáta.

Siglingastofnun skal ekki banna, takmarka eða hindra að settir verði á markað eða teknir í notkun skemmtibátar eða búnaður þeirra, sem eru merktir CE-merkinu sem um getur í IV. viðauka sem gefur til kynna samræmi þeirra við öll ákvæði þessarar reglugerðar, þar með taldar samræmingarreglurnar í II. kafla.

Siglingastofnun skal ekki banna, takmarka eða hindra að settir verði á markað hálfsmíðaðir bátar ef bátasmiðurinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða einstaklingur sem er ábyrgur fyrir markaðssetningu lýsir því yfir í samræmi við a-lið í III. viðauka, að þeir verði fullgerðir af öðrum.

Siglingastofnun skal ekki banna, takmarka eða hindra að búnaður sem um getur í II. viðauka og er merktur með CE-merkinu, sem gefur til kynna samræmi búnaðarins við viðeigandi grunnkröfur, verði settur á markað og tekinn í notkun, ef ætlunin er að setja þennan búnað í skemmtibáta, í samræmi við yfirlýsingu, sem um getur í b-lið III. viðauka, frá framleiðandanum, viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða, í tilviki innflutnings frá þriðja landi, frá einstaklingi sem setur þennan búnað á markað á EES svæðinu.

Siglingastofnun skal ekki hindra, á kaupstefnum, vörusýningum, í auglýsingum o.s.frv. að skemmtibátum og búnaði þeirra sem er ekki í samræmi við þessa reglugerð verði komið á framfæri, að því tilskildu að það sé greinilega tekið fram að slíka skemmtibáta eða slíkan búnað megi ekki markaðssetja eða taka í notkun þar til samræmingu er náð.

Telji innflytjandi ákvörðun tollstjóra, er varðar rétt til niðurfellingar eða endurgreiðslu gjalda samkvæmt reglugerð þessari, eigi rétta, getur hann óskað eftir úrskurði tollstjóra með því að senda honum skriflega kæru, studda nauðsynlegum rökum og gögnum, innan 60 daga frá tollafgreiðsludegi eða synjun tollstjóra um tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari. Tollstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð innan 30 daga frá því er gagnaöflun er lokið. Innflytjanda skal sendur úrskurður í ábyrgðarbréfi og honum bent á heimild til að kæra úrskurð til ríkistollstjóra, sbr. 2. mgr.

Úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. verður skotið til ríkistollstjóra innan 60 daga frá dagsetningu eða póstlagningu úrskurðar. Kæra skal vera skrifleg og studd nauðsynlegum gögnum. Ríkistollstjóri skal úrskurða um kæru innan 30 daga frá því er hún barst honum. Úrskurður ríkistollstjóra er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi.

Lagastoð.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 6. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987,

með síðari breytingum, og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. nóvember 2000. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 310/1994, um endurgreiðslu eða niðurfellingu tolls og vörugjalds af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða, með síðari breytingum, auglýsing nr. 8/1982, um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum vörum til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær, með síðari breytingum, og auglýsing nr. 617/1989, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Leyfisbréf sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku reglugerðar þessarar til framleiðenda hér á landi til undanþágu á tolli af hráefni, efnivöru og hlutum í framleiðslu þeirra, sbr. II. kafli reglugerðarinnar, skulu falla úr gildi við gildistöku reglugerðarinnar.

Aðilar sem fyrir gildistöku reglugerðarinnar hafa notið undanþágu gjalda af búnaði til mynd- og hljóðvinnslu, af vörum til nota við framleiðslu garðyrkjuafurða og af búnaði til nota í flugvélum, sbr. III. kafli reglugerðarinnar, skulu halda rétti til niðurfellingar eða endurgreiðslu gjalda í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar án sérstakrar umsóknar. Ríkistollstjóri skal skrá heimild þessara aðila til notkunar viðkomandi undanþágutilvísunar í tölvukerfi tollyfirvalda.

Fjármálaráðuneytinu, 11. október 2000.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Maríanna Jónasdóttir.

28. september 2000 2079 Nr. 720

REGLUR

um breytingu á reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum nr. 592/1994 með síðari breytingum.

1. gr.

Við grein 1.1 bætist eftirfarandi málsliður:

Reglur þessar taka ekki til nýrra skemmtibáta sem fjallað er um í reglugerð um skemmtibáta nr. 168/1997 með síðari breytingum, né til notaðra skemmtibáta sem fluttir eru inn frá ríkjum utan hins Evrópska efnahagssvæðis.

2. gr.

Grein 5.2 í kafla S-11 orðist svo:

Stofnstreng milli rafhlöðu – greinartöflu skal verja annaðhvort með stofnvörum eða strengurinn gerður fyrir straumflutning sem jafngildir 75% af málstraumi allra fasttengdra notenda og skal strengjalögnin þá uppfylla kröfuna í 7.3.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 28. september 2000.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

10. október 2000 Nr. 721

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Bæjarráð Garðabæjar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 22. ágúst 2000 breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Tillagan var í auglýsingu 16. maí – 1. júlí sl. samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 10. október 2000.

F.h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

Gutenberg

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Lækjargötu, Hringbraut og Öldugötu v/Öldugötu 1, Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 17. ágúst 2000 breytingu á deiliskipulagi við Lækjargötu, Hringbraut og Öldugötu vegna Öldugötu 1, Hafnarfirði.

Tillagan var í grenndarkynningu 18. ágúst – 18. september sl. samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 9. október 2000.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri Hafnarfjarðarbæjar.

Nr. 723 6. október 2000

AUGLÝSING

um deiliskipulag spildu í landi Hrísbrúar, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag spildu úr landi Hrísbrúar í Mosfellsdal, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 13. september 2000.

Skipulagið nær til spildu úr landi Hrísbrúar, alls 9,76 ha. Spildan er suðvestan við Hrísbrú í Mosfellsdal. Skipulagið sýnir fyrirhugaða ræktun á spildunni auk byggingarreits fyrir 25 m^2 vinnuskúr.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 6. október 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

Nr. 724 10. október 2000

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 17. ágúst 2000 breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Tillagan var í auglýsingu 16. maí – 1. júlí sl. samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 10. október 2000.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri Hafnarfjarðarbæjar.

AUGLÝSING

um skipulag menntamálaráðuneytisins.

Meginákvæði þau sem menntamálaráðuneytið starfar eftir eru í lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum, og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 96 frá 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Skipulag ráðuneytisins er í meginatriðum þannig: Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Með ráðherra starfa aðstoðarmaður og ráðunautar við sérstök verkefni. Ráðuneytið skiptist í þrjár skrifstofur: Skrifstofu ráðherra, með fjórum stoðsviðum, skrifstofu menntamála og vísinda og skrifstofu menningarmála. Skrifstofustjórar stýra stoðsviðum og skrifstofum. Einn skrifstofustjóri ráðuneytisins er staðgengill ráðuneytisstjóra. Skipting ráðuneytisins í deildir fer eftir ákvörðun ráðherra. Verkefni skiptast milli skrifstofa á eftirfarandi hátt:

Skrifstofa ráðherra.

Skrifstofa ráðherra skiptist í fjögur stoðsvið, þ. e. fjármálasvið, almennt svið, alþjóðasvið og lögfræði- og stjórnsýslusvið. Verkefni skiptast milli stoðsviða á eftirfarandi hátt:

Fjármálasvið.

Á fjármálasviði er m.a. unnið að fjárlagagerð, eftirliti með framkvæmd fjárlaga, áætlanagerð vegna rekstrar og stofnkostnaðar, ýmiss konar samningagerð og umsjón með greiðslum og framkvæmdum á vegum ráðuneytisins.

Almennt svið.

Á almennu sviði er umsjón með rekstri ráðuneytisins, afgreiðslu og ýmiss konar sameiginlegri þjónustu svo sem skráningu og vistun skjala og annarra gagna. Þar eru einnig starfsmannamál ráðuneytisins, fjárreiður, upplýsingamiðlun og útgáfumál.

Alþjóðasvið.

Á alþjóðasviði er stjórnun og skipulag alþjóðlegra samskipta sem alþjóðasvið og skrifstofur ráðuneytisins annast.

Lögfræði- og stjórnsýslusvið.

Á lögfræði- og stjórnsýslusviði eru undirbúnar ákvarðanir og veitt ráðgjöf um lögfræðileg og stjórnsýsluleg málefni innan ráðuneytisins, þ.m.t. umsjón með samningu lagafrumvarpa og reglugerða. Þar er unnið að og höfð umsjón með undirbúningi stjórnsýsluúrskurða ráðuneytisins og afgreiðsla erinda sem berast ráðuneytinu frá umboðsmanni Alþingis, umboðsmanni barna, embætti ríkislögmanns og Samkeppnisstofnun. Lögfræði- og stjórnsýslusvið er tengiliður við skrifstofu Alþingis. Þar eru einnig starfsmannamál stofnana á verksviði ráðuneytisins eftir því sem við á.

Skrifstofa menntamála og vísinda.

Á skrifstofu menntamála og vísinda er fjallað um málefni er varða menntun á öllum skólastigum þ.e. á leikskóla-, grunnskóla-, framhaldsskóla og háskólastigi. Fjallað er um fullorðinsfræðslu, fjarkennslu, vísindarannsóknir, námskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, námslán og námsstyrki. Á verksviði skrifstofunnar eru m.a. leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar og háskólar, vísindastofnanir svo og Lánasjóður ísl. námsmanna.

Skrifstofa menningarmála.

Á skrifstofu menningarmála er fjallað um menningarmál sem heyra undir ráðuneytið svo sem málefni lista og menningararfs, útvarps- og sjónvarpsmál og mál er varða íþrótta- og æskulýðsstarfsemi. Á verksviði skrifstofunnar eru m.a. opinber söfn, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íþróttanefnd og Æskulýðsráð ríkisins.

Önnur atriði.

Ráðuneytið er ein heild. Skrifstofur og stoðsvið hafa forræði á sínum málaflokkum eftir því sem efni standa til, en ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofanna og hefur yfirumsjón með þeim. Skrifstofustjórar sjá um að vinnsla og undirbúningur verkefna og forvinna fyrir ákvarðanir sé fullnægjandi. Þeir sjá um miðlun upplýsinga til ráðherra og ráðuneytisstjóra.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 536/1995 um skipulag menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytinu, 27. september 2000.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 726 6. október 2000

AUGLÝSING

um skipulag í Hrunamannahreppi.

1. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 23. ágúst 2000 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hlíðar, Hrunamannahreppi.

Breytingin á deiliskipulaginu hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

2. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 23. ágúst 2000 deiliskipulag íbúðabyggðar á Bakkatúni, Hrunamannahreppi.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulögin öðlast þegar gildi.

Flúðum, 6. október 2000.

Loftur Þorsteinsson oddviti.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Vesturhöfn – athafnasvæði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 9. maí 2000 samþykkt breytingu á athafnasvæði Reykjavíkurhafnar við Vesturhöfn.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Langagerði 5 – laufskáli.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 29. ágúst 2000 samþykkt breytingu á skipulagi lóðar nr. 5 við Langagerði. Byggður verði laufskáli við hús á lóðinni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Grandavegur 38 – bílskúr og stækkun íbúðarhúss.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 25. júlí 2000 samþykkt breytingu á skipulagi lóðar nr. 38 við Grandaveg. Byggður verði bílskúr og íbúðarhús á lóðinni stækkað.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Háaleitisbraut 19 – sólskáli.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 29. ágúst 2000 samþykkt breytingu á skipulagi lóðar nr. 19 við Háaleitisbraut. Byggður verði sólskáli við hús á lóðinni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Nauthólsvík – deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 5. september 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Austurstræti 18 – glerskáli, breyting götuhliðar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 29. ágúst 2000 samþykkt breytingu á skipulagi lóðar nr. 18 við Austurstræti. Byggður er glerskáli til suðurs við húsið á lóðinni og götuhlið úr gleri hækkar um eina hæð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 10. október 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Hvamms og Hvammsvíkur í Kjósarhreppi.

Hreppsnefnd Kjósarhrepps samþykkti á fundi sínum 28. ágúst 2000 tillögu að deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur í Kjósarhreppi dags. 29. ágúst 2000.

Afmörkun skipulagssvæðisins fylgir jarðamörkum að öðru leyti en því, að sumarhúsahverfi vestast á jörðinni er utan við skipulagssvæðið.

Deiliskipulagið tekur til lóða fyrir þjónustuhús og frístundabyggð. Afmarkaðar eru landnemaspildur fyrir skógrækt og skipulagðir göngustígar, tjaldsvæði og fleira.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt er fellt úr gildi deiliskipulag af sumarhúsabyggð frá 31. ágúst 1992.

10. október 2000.

F.h. oddvita Kjósarhrepps,

Ólafur Halldórsson byggingarfulltrúi Kjósarhrepps.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Malbikunarstöðina Hlaðbær-Colas hf.,* Hringhellu 6, 220 Hafnarfirði, kt. 420187-1499. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. desember 2010.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Bæjarveitur Vestmannaeyja,* Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjum, kt. 481188-2539. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. desember 2004.

Reykjavík, 5. október 2000.

Hollustuvernd ríkisins,

Leifur Eysteinsson forstjóri.

Davíð Egilson
forstöðumaður.

REGLUGERÐ

um löggildingu rafiðnfræðinga.

1. gr.

Ráðherra veitir rafiðnfræðingum löggildingu til að hanna séruppdrætti á sínu sviði.

Löggildingin takmarkast við lágspennuvirki, sbr. reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 49. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 5. október 2000.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Kristín L. Árnadóttir.

29. september 2000 Nr. 731

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundasvæðis að Ofanleiti, Vestmannaeyjum.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann 8. maí 2000 samþykkt deiliskipulag frístundasvæðis að Ofanleiti í Vestmannaeyjum.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast að sunnan við girðingu flugbrautar, að norðan um Höfðaveg og Ofanleitisveg, um framtíðaríbúðarsvæði í austri og girðingu flugbrautar og Ofanleitisveg í vestri.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 29. september 2000.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja,

Guðjón Hjörleifsson bæjarstjóri.

9. október 2000 Nr. 732

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, nr. 280 14. maí 1998.

1. gr.

Í viðauka I með reglugerðinni verði svohljóðandi texti og tafla um 37. gr. laganna:

37. gr. Almennar hraðatakmarkanir

Þegar ekið er yfir lögleyfðum hámarkshraða skal beita eftirfarandi töflu við ákvörðun sekta og sviptingu ökuréttar. Í efstu línu lárétt er lögleyfður hámarkshraði tilgreindur. Raunverulegur hraði ökutækis er tilgreindur í fremsta dálki.

Hraði	*30 km*	*35 km*	*50 km*	*60 km*	*70 km*	*80 km*	*90 km*
41-45 km	8.000 kr.						
46-50 km	10.000 kr.	8.000 kr.					
51-55 km	12.000 kr.	10.000 kr.					
56-60 km	16.000 kr.	12.000 kr.					
61-65 km Svipting	20.000 kr. 1 mán.	16.000 kr.	4.000 kr.				
66-70 km Svipting	25.000 kr. 2 mán.	20.000 kr.	6.000 kr.				
71-75 km Svipting	30.000 kr. 3 mán.	25.000 kr. 1 mán.	8.000 kr.	4.000 kr.			
76-80 km Svipting	35.000 kr. 4 mán.	30.000 kr. 2 mán.	10.000 kr.	6.000 kr.			
81-85 km Svipting	50.000 kr. 6 mán.	35.000 kr. 3 mán.	12.000 kr.	8.000 kr.	4.000 kr.		
86-90 km Svipting	80.000 kr. 12 mán.	50.000 kr. 4 mán.	16.000 kr.	10.000 kr.	6.000 kr.		
91-95 km Svipting		80.000 kr. 6 mán.	20.000 kr.	12.000 kr.	8.000 kr.	4.000 kr.	
96-100 km Svipting		80.000 kr. 12 mán.	25.000 kr.	16.000 kr.	10.000 kr.	8.000 kr.	
101-110 km Svipting			30.000 kr. 1 mán.	20.000 kr.	12.000 kr.	10.000 kr.	4.000 kr.
111-120 km Svipting			35.000 kr. 2 mán.	25.000 kr. 1 mán.	16.000 kr.	12.000 kr.	10.000 kr.
121-130 km Svipting			50.000 kr. 4 mán.	30.000 kr. 2 mán.	20.000 kr. 1 mán.	16.000 kr.	12.000 kr.
131-140 km Svipting			80.000 kr. 6 mán.	35.000 kr. 4 mán.	25.000 kr. 2 mán.	20.000 kr. 1 mán.	16.000 kr.
141-150 km Svipting			80.000 kr. 12 mán.	50.000 kr. 6 mán.	30.000 kr. 3 mán.	25.000 kr. 2 mán.	20.000 kr. 1 mán.
151-160 km Svipting				80.000 kr. 12 mán.	35.000 kr. 4 mán.	30.000 kr. 3 mán.	25.000 kr. 2 mán.
161-170 km Svipting					50.000 kr. 6 mán.	35.000 kr. 4 mán.	30.000 kr. 3 mán.
171-180 km Svipting					80.000 kr. 12 mán.	50.000 kr. 6 mán.	35.000 kr. 4 mán.
181-190 km Svipting						80.000 kr. 12 mán.	50.000 kr. 6 mán.
191-200 km Svipting							80.000 kr. 12 mán.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 57 22. maí 1997, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. október 2000.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um tilkynningar á tæknilegum reglum um vörur og fjarþjónustu.

1. gr.

Löggildingarstofa, í umboði utanríkisráðuneytisins, annast samskipti þau á milli íslenskra stjórnvalda og alþjóðastofnana um tæknilegar reglur sem lög nr. 57/2000 um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu taka til, sbr. 4. gr. laganna.

2. gr.

Stjórnvöld skulu senda Löggildingarstofu tilkynningu um drög að tæknilegum reglum um vöru og fjarþjónustu sem fyrirhugað er að setja. Tilkynningar skulu vera á tölvutæku formi og skal texti þeirra vera á ensku.

Tilkynningar á grundvelli samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði skulu innihalda þær upplýsingar sem greinir í viðauka I við reglugerð þessa.

Þegar tilkynnt er um tæknilega reglu á grundvelli samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir skal fyllt út það form sem greinir í viðauka II við reglugerð þessa.

3. gr.

Tilkynningunni skulu fylgja í heild, á tölvutæku formi, drög að tæknilegu reglunni ásamt öðrum þeim gögnum, þ.m.t. lögum og reglugerðum, sem nauðsynleg eru til að meta inntak tilkynningarinnar. Fylgigögn skulu vera á ensku.

4. gr.

Hafi drög að tæknilegri reglu að geyma ákvæði sem ætlað er að takmarka markaðssetningu eða notkun vöru, þ.m.t. kemísks efnis eða efnablöndu, vegna heilsu almennings eða í þeim tilgangi að vernda neytendur eða umhverfi, ber að láta fylgja tilkynningunni yfirlit um eða tilvitnun til allra tiltækra gagna sem geyma upplýsingar sem máli skipta um viðkomandi vöru, þ.m.t. efni eða efnablöndu, og þekktar og fáanlegar hliðstæðar vörur. Jafnframt skal komið á framfæri upplýsingum um fyrirsjáanleg áhrif þessara ráðstafana á heilsu almennings, verndun neytenda eða umhverfis ásamt áhættumati sem fram fari, eftir því sem við á, í samræmi við meginreglur sem gilda um áhættumat kemískra efna.

5. gr.

Drög að tæknilegum reglum skulu innihalda eftirfarandi vísun til tilskipunar 98/34/EB: Lög/reglugerð þessi hafa/hefur verið tilkynnt í samræmi við ákvæði tilskipunar 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra reglna. (This law/regulation has been notified in accordance with the provisions of Directive 98/34/EC laying down a procedure for the provision of information in the field of technical standards and regulations).

6. gr.

Stjórnvöld sem unnið hafa að undirbúningi setningar tæknilegra reglna skulu veita Löggildingarstofu allar nauðsynlegar upplýsingar til að svara athugasemdum er borist hafa við áður tilkynnta reglu.

7. gr.

Þegar tæknileg regla hefur verið sett skal stjórnvald sem undirbjó setningu hennar senda Löggildingarstofu endanlegan texta hennar á tölvutæku formi.

8. gr.

Athugasemdir vegna tilkynningar á tæknilegri reglu frá öðru ríki skulu berast Löggildingarstofu á ensku og á tölvutæku formi.

Löggildingarstofa hefur með höndum samræmingu þeirra athugasemda sem berast.

Endanleg ákvörðun um efni athugasemda skal tekin að höfðu samráði við þá er gert hafa athugasemdir og utanríkisráðuneytið.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 57/2000 um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, og öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 4. október 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

VIÐAUKI I

Í tilkynningu um tæknilega reglu til Eftirlitsstofnunar EFTA skulu eftirtaldir töluliðir endurspegla þær upplýsingar sem óskað er eftir fyrir aftan hvern þeirra. Textinn skal vera á ensku og settur inn beint á eftir hverjum tölulið, þ.e. án fyrirsagna. Ekki er nauðsynlegt að svara 1. og 4. tölul.

1. Auðkenni tilkynningar (ákveðið af Eftirlitsstofnun EFTA).
2. Auðkenni landsins sem tilkynninguna sendir (IS).

3.a. Ráðuneyti sem annast tilkynningaskylduna í viðkomandi landi (utanríkisráðuneytið).

3.b. Stjórnvald sem undirbýr setningu tæknilegrar reglu (nafn, póstfang, síma- og faxnúmer).

4. Tilkynningarnúmer (Eftirlitsstofnun EFTA setur þetta númer).
5. Heiti hinnar tæknilegu reglu.
6. Varan/fjarþjónustan sem tæknilega reglan mun ná til.
7. Hvort tæknilega reglan sé einnig tilkynnt samkv. ákvæðum annarra EES-gerða en tilskipunar 98/34/EB.
8. Helstu efnisatriði hinnar tæknilegu reglu (hámark 20 línur).
9. Rökstuðningur fyrir setningu hinnar tæknilegu reglu (hámark 10 línur).
10. Önnur skjöl og gögn sem þurfa að vera aðgengileg til þess að unnt sé að leggja mat á innihald tæknilegu reglunnar.
11. Upplýsingar um það hvort landið áskilji sér rétt til neyðarferlisins (þ.e. að vera undanþegið þriggja mánaða frestinum t.d. vegna öryggis og almannaheilla).
12. Rökstuðningur fyrir áskilnaði, sbr. 11. tölul.
13. Hvort tilkynningin sé trúnaðarmál. Ef svo er þarf að rökstyðja hvers vegna.
14. Hvort um fjárhagsleg atriði sé að ræða í tæknilegu reglunni.

VIÐAUKI II

Form þetta skal fyllt út er tæknileg regla er tilkynnt Alþjóðaviðskiptastofnuninni:

World Trade
Organization

Committee on Technical Barriers to Trade

NOTIFICATION

1. Member to Agreement notifying: ICELAND If applicable, name of local government involved.
2. Agency responsible:
3. Notified under Article 2.9.2 [X], 2.10.1 [ ], 5.6.2 [ ], 5.7.1 [ ], other:
4. Products covered:
5. Title, number of pages and language(s) of the notified document:
6. Description of content:
7. Objective and rationale:
8. Relevant documents:
9. Proposed date of adoption: Proposed date of entry into force:
10. Final date for comments:
11. Texts available from: National enquiry point [X] or address, e-mail and telefax number of other body: Löggildingarstofa, Borgartúni 21, IS-105 Reykjavik, ICELAND Fax: +354 5101101, e-mail: thorunn@ls.is

19. september 2000 Nr. 734

REGLUGERÐ

um starfsemi fjarskiptafyrirtækja með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

1. gr.

Fyrirtæki með staðfestu í aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar en utan Evrópska efnahagssvæðisins getur starfrækt fjarskiptanet og veitt fjarskiptaþjónustu hér á landi að fullnægðum skilyrðum III. kafla fjarskiptalaga.

2. gr.

Ákvæði XVI. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995, um útibú erlendra hlutafélaga skulu eiga við um útibú og umboðsskrifstofu erlends félags sem rekur fjarskiptanet eða veitir fjarskiptaþjónustu hér á landi samkvæmt þessari reglugerð. Hið sama gildir um XVI. kafla laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 um útibú erlendra einkahlutafélaga.

3. gr.

Í umsókn erlends fyrirtækis um heimild til reksturs fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets skulu koma fram upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi hér á landi, sbr. 5. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist frekari upplýsinga m.a. varðandi eignaraðild og fjárhagsstöðu ef þörf er á rekstrarleyfi fyrir starfsemina.

4. gr.

Í almennri heimild eða rekstrarleyfi erlends fyrirtækis skal tilgreina starfsskilyrði. Þau skulu vera hin sömu og fjarskiptafyrirtækja sem hlotið hafa starfsleyfi og höfuðstöðvar hafa hér á landi. Með starfsskilyrðum er átti við að starfsemin skal lúta íslenskum lögum og lögsögu, svo sem skattalögum, lögum um stjórn efnahagsmála, löggjöf um neytendamálefni, svo og samkeppnislögum.

Öll lögskipti sem leiða af reksti fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu hér á landi lúta íslenskum lögum og lögsögu.

5. gr.

Vegna útibús og umboðsskrifstofu erlends fjarskiptafyrirtækis skal færa sérstakt bókhald vegna starfseminnar hér á landi.

6. gr.

Svipti Póst- og fjarskiptastofnun erlent fyrirtæki rekstrarheimild skal útibú þess eða umboðsskrifstofa hér á landi lögð niður.

7. gr.

Verði erlent fyrirtæki gjaldþrota, því slitið eða lagt niður með öðrum hætti skal, þegar í stað og í síðasta lagi innan fjórtán daga, tilkynna um það til Póst- og fjarskiptastofnunar og eftir atvikum hlutafélagaskrár eða firmaskrár.

8. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 4. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 19. september 2000.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 735 3. október 2000

REGLUGERÐ

um undanþágur frá lyfjahugtakinu og hver vítamín og steinefni teljist ekki lyf (náttúruvörur og fæðubótarefni).

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til efna eða efnasambanda, sem undanþegin eru lyfjahugtakinu skv. 5. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum og upprunnin eru úr náttúrunni, og teljast ekki náttúrulyf, heldur náttúruvara (almenn vara) þ.m.t. náttúruefni.

Reglugerðin tekur ekki til matvæla, skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Náttúruvörur og fæðubótarefni, sem eru ekki á skilgreindu lyfjaformi, teljast matvæli í skilningi laga nr. 93/1995 um matvæli.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

2. gr.

Náttúruvörur innihalda náttúruefni sem annaðhvort eru fæðubótarefni eða teljast á annan hátt geta haft hollustugildi. Náttúruvörur eru oft bættar vítamínum og/eða steinefnum.

Fæðubótarefni eru þær vörutegundir sem innihalda vítamín og/eða steinefni á skilgreindu lyfjaformi þar með talin snefilefni og innihalda minna magn þessara efna í dagsskammti en tilgreint hámark í viðauka I kveður á um. Fæðubótarefni geta einnig verið lífsnauðsynlegar fitu- og amínósýrur.

3. gr.

Náttúruefni, skv. reglugerð þessari, eru efni sem eru lítið eða ekkert unnin úr örverum, plöntu- eða dýrahlutum.

Skilgreind lyfjaform eru þau form (t.d. töflur, hylki, dropar, duft, o.s.frv.) sem kveðið er á um í evrópsku lyfjaskránni (European Pharmacopoeia; Ph.Eur.), sem gildir hér á landi, sbr. 6. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

III. KAFLI
Framkvæmd.

4. gr.

Ráðherra skipar nefnd er fjallar um og ákvarðar hver efni eða efnasambönd teljist skaðlaus við venjulega notkun og megi því flytja inn, framleiða, selja, dreifa og/eða markaðssetja sem fæðubótarefni eða náttúruvöru og hvort þau efni eða efnasambönd skuli teljast lyf eða ekki. Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, annar af Manneldisráði Íslands, sá þriðji af landlækni og sá fjórði af Lyfjastofnun, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

Regluleg starfsemi nefndarinnar er hjá Lyfjastofnun, er hefur umsjón með framkvæmd þessarar reglugerðar.

5. gr.

Lyfjastofnun heldur skrár yfir náttúruvörur sem leyfðar eru hér á landi og ekki teljast náttúrulyf. Jafnframt skal haldin skrá yfir náttúruefni og önnur efni sem ekki eru heimil í fæðubótarefnum eða náttúruvörum. Árlega skal gefin út skrá yfir þær vörur sem fjallað hefur verið um skv. reglugerð þessari og heimilt er að flytja inn, framleiða og/eða selja hér á landi.

6. gr.

Fæðubótarefni og náttúruvörur mega ekki innihalda aðskotaefni, svo sem örverur, skordýraeitur eða önnur efni sem breyta eiginleikum þeirra og hollustu.

Nefnd skv. 4. gr. gerir tillögur að hámarksgildum fyrir aðskotaefni í fæðubótarefnum og náttúruvörum.

Ekki skulu leyfð önnur aukefni en þau sem leyfð eru í matvæli skv. reglugerð nr. 579/1993 um aukefni í matvælum.

7. gr.

Kostnaður er af hlýst vegna framkvæmdar á og eftirlits með reglugerð þessari, svo sem laun starfsfólks Lyfjastofnunar og nefndar skv. 4. gr. og nauðsynlegra rannsókna, skal borinn uppi af umsóknar- og árgjöldum fæðubótarefna og náttúruvara, þ.m.t. náttúrefna.

Lyfjastofnun gerir tillögu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að gjaldskrá um umsóknar- og árgjöld.

Leyfishafar skv. 8. gr. skulu greiða árgjald, skv. gjaldskrá, af hverri vöru, formi og styrkleika sem er á skrá 1. janúar ár hvert.

IV. KAFLI
Leyfi til innflutnings og dreifingar.

8. gr.

Lyfjastofnun veitir leyfi til innflutnings, sölu og hvers kyns dreifingar fæðubótarefna og náttúruvöru. Umsókn um leyfi skal send Lyfjastofnun á sérstökum eyðublöðum sem þar fást. Hver umsókn gildir fyrir eina vöru í einu formi og einum styrkleika og fyrir einn umsækjanda og skal eitt sýnishorn af vörunni fylgja hverri umsókn.

Lyfjastofnun skal leitast við að umfjöllun um umsókn verði lokið innan 30 daga frá því að fullnægjandi umsóknargögn berast stofnuninni. Greitt skal umsóknargjald fyrir hverja umsókn. Gjaldið er óendurkræft þótt umsókn sé synjað.

9. gr.

Leyfishafi ber ábyrgð á að varan sé í samræmi við gögn sem liggja til grundvallar leyfinu. Leyfishafi ber einnig ábyrgð á markaðssetningu vörunnar.

Berist leyfishafa upplýsingar er varða ónóg gæði eða aukaverkanir vöru sem hann hefur leyfi fyrir, skal hann tafarlaust grípa til viðeigandi ráðstafana og upplýsa Lyfjastofnun þar um.

10. gr.

Leyfishafi skal sjá til þess að Lyfjastofnun berist öll þau gögn er breytt geta forsendum leyfis. Tilkynna skal Lyfjastofnun um breytingu á eftirtöldum atriðum:

1. framleiðanda,
2. pakkningarstærðum,
3. handhafa leyfis,
4. heiti á vöru,
5. umbúðum.

Ný sýnishorn merkimiða og ytri umbúða skulu fylgja, eftir því sem við á.

Verði breytingar á innihaldsefnum vöru, öðrum en hjálparefnum, skal sækja um hana sem um nýja vöru sé að ræða.

11. gr.

Fyrir 1. desember ár hvert skal tilkynna það Lyfjastofnun, óski leyfishafi eftir að fella vöru af skrá skv. 5. gr.

V. KAFLI
Merkingar.

12. gr.

Skylt er að merkja fæðubótarefni og náttúruvörur með eftirfarandi upplýsingum:

1. Heiti vöru.
2. Heiti innihaldsefna.

3. Form (töflur, hylki, duft o.s.frv.).
4. Heiti og heimilisfang framleiðanda eða annars ábyrgs aðila.
5. Fjöldi eininga í pakkningu eða magn í g eða ml.
6. Geymsluskilyrði (nema ef geyma á vöruna við stofuhita).
7. Geymsluþol.
8. Notkunarleiðbeiningar eftir því sem við á.
9. Númer framleiðslulotu.

Merkingar á umbúðum vöru skulu vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Upplýsingar um innihald vöru skulu gefnar upp í einingum metrakerfisins í hverri einingu eða dagsskammti, eða í 100 g eða 100 ml af vöru.

Magn fæðubótarefna skal enn fremur gefa upp sem hlutfall af ráðlögðum dagsskammti (RDS).

13. gr.

Óheimilar eru hvers kyns breytingar á merkingu framleiðanda með yfirlímingu, nema að fengnu samþykki Lyfjastofnunar.

Nefnd skv. 4. gr. er heimilt að kveða á um að sérstök viðvörunarorð séu á merkingum vöru.

VI. KAFLI
Markaðssetning.

14. gr.

Bannað er að auglýsa með texta eða myndum, beint eða óbeint, að vara sem ekki hefur hlotið viðurkenningu sem lyf hafi fyrirbyggjandi áhrif, lækni eða lini sjúkdóma, sjúkdómseinkenni eða verki eða hafi áhrif á líkamsstarfsemi. Með auglýsingu og kynningu er átt við allt efni sem er birt eða dreift til kynningar á vörunni svo sem í fjölmiðlum, í bæklingum, á kynningum, á vefsíðum, svo og hvers kyns merkingar og áletranir á umbúðir vöru.

Í sérstökum tilvikum er Lyfjastofnun heimilt að veita undanþágu frá 1. mgr.

15. gr.

Óheimilt er að auglýsa eða kynna vöru, sem veitt hefur verið leyfi fyrir skv. þessari reglugerð, með þeim hætti að gefið sé í skyn að heilbrigðisyfirvöld hafi viðurkennt vöruna.

VII. KAFLI
Eftirlit. Afturköllun leyfis.

16. gr.

Lyfjastofnun hefur eftirlit með framleiðslu, innflutningi og markaðssetningu vöru sem leyfi hefur verið veitt fyrir skv. reglugerð þessari og áritar innflutningsskjöl. Heimilt er að undanþiggja leyfishafa kvöð um áritun innflutningsskjala.

Stofnunin skal hafa aðgang að húsakynnum umsækjanda vegna eftirlits síns og skal einnig heimilt að skoða vörur sem ekki hafa verið leystar úr tolli.

17. gr.

Lyfjastofnun hefur eftirlit með því að ekki séu á markaði vörur sem falla undir reglugerð þessa og ekki hefur verið veitt leyfi fyrir og skal vegna eftirlitsins heimill aðgangur að stöðum þar sem gera má ráð fyrir að slík vara sé seld eða afhent.

Nú er á markaði fæðubótarefni og/eða náttúruvara sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir og getur þá Lyfjastofnun krafist þess að sala vörunnar verði tafarlaust stöðvuð og hún innkölluð af markaði.

18. gr.

Ef vara sem veitt hefur verið leyfi fyrir skv. ákvæðum þessarar reglugerðar er merkt, auglýst eða kynnt með þeim hætti að brýtur í bága við ákvæði reglugerðarinnar getur Lyfjastofnun afturkallað leyfið.

Nú koma fram upplýsingar um skaðsemi vöru sem veitt hefur verið leyfi fyrir og er þá Lyfjastofnun heimilt að afturkalla leyfið, að fenginni umsögn nefndar skv. 4. gr.

Færa skal nákvæm rök fyrir ákvörðun um að synja, fresta eða afturkalla leyfi sem veitt er skv. þessari reglugerð og skal við slíkar ákvarðanir gætt ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993, meðal annars um rökstuðning og andmælarétt.

VIII. KAFLI
Viðurlög og refsingar.

19. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum og refsingu skv. 42. og 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.

IX. KAFLI
Lagagrundvöllur og gildistaka.

20. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 5. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2001. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 579/1980 (með áorðnum breytingum) um hverjar vörur lyfsalar einir og læknar (dýralæknar), er rétt eiga eða leyfi hafa til lyfjasölu, mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda, og um sölu vítamína og steinefna.

Bráðabirgðaákvæði.

Eigi síðar en 1. júlí 2001 skal sótt um nýtt leyfi, skv. þessari reglugerð fyrir vöru, sem Lyfjaeftirlit ríkisins hefur fjallað um og heimilað að flytja til landsins og selja skv. eldri reglum. Sú heimild heldur gildi sínu þar til fjallað hefur verið um nýja umsókn.

Með umsóknir sem eru til umfjöllunar hjá Lyfjastofnun við gildistöku þessarar reglugerðar skal farið skv. reglugerðinni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. október 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

VIÐAUKI I
Leyfilegir hámarksdagskammtar vítamína, steinefna o.fl. í fæðubótarefnum.

Fæðubótarefni	Eining	Hámarks-skammtur
Vítamín:		
Beta-karótín	mg	20
A-vítamín*1 (sem retinol og önnur retinoíð)	míkróg-RJ	2000
D-vítamín*2	míkróg	30
E-vítamín*3	mg-TJ	800
K-vítamín*4	míkróg	200
C-vítamín	mg	1000
Þíamín (B1)	mg	30
Ríbóflavín (B2)	mg	30
Níasín (B3)*5	mg-NJ	100
Pýridoxín (B6)	mg	50
Fólasín	míkróg	500
B12-vítamín	míkróg	100
Pantoþensýra (B5)	mg	300
Steinefni:		
Kalk (Ca)	mg	1500
Fosfór (P)	mg	1500
Joð (I)	míkróg	250
Járn (Fe)	mg	30
Magníum (Mg)	mg	600
Sínk (Zn)	mg	20
Kopar (Cu)	mg	3
Mangan (Mn)	mg	5
Molýbden (Mo)	míkróg	250
Króm (Cr)*6	míkróg	125
Selen (Se)	míkróg	125
Kóbolt (Co)	míkróg	540
Annað:		
Paraamínóbensósýra (PABA)	mg	30
Pangamínsýra	mg	300
Rútín	mg	200
Bíótín	míkróg	200

*1 A-vítamín er gefið upp í retinoljafngildum (RJ). 1 míkróg RJ = 1 míkróg retinol eða 3.33AE.
*2 D-vítamín er reiknað sem kólekalsiferol. 10 míkróg kólekalsiferol eða 400AE.
*3 E-vítamín er reiknað sem alfa-tókóferoljafngildi (TJ). 1 mg TJ = 1 mg d-alfa-tókóferol eða 1.49AE.
*4 Hámarksskammtur aðeins leyfður í náttúrulegum blöndum með vítamínum og steinefnum.
*5 Níasín er reiknað sem níasínjafngildi (NJ). 1 mg NJ = 1 mg níasín eða 60 mg tryptófan.
*6 Úr þrígildu krómi (dæmi picolínate) 250 míkróg.

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 25. nóvember 2000 til og með 31. desember 2000 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30′N, 21°39′V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30′N, 21°39′V í punkt 63°40′N, 22°32′V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40′N, 22°32′V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 25. nóvember 2000 til og með 30. apríl 2001 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42′V og að norðan af 64°20′N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. október 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 737 16. október 2000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 77, 6. febrúar 1998, um botn- og flotvörpur.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lágmarksmöskvastærð rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum aftur að fremsta netþaki (miðneti) en 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

Við veiðar á rækju á eftirgreindum svæðum skal nota net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar eða smárækjuskilju útbúinni samkvæmt reglum þar um.

A. Innan viðmiðunarlínu á svæði frá Bjargtöngum norður og austur um að Rauðanúp.

B. Fyrir Suðvesturlandi sunnan 65°15′N og vestan 23°V.

Við veiðar á úthafsrækju fyrir Norðurlandi milli 12°V og 18°V, norðan 65°30'N, skal við rækjuveiðar nota net á legg í a.m.k. 8 öftustu metrum vörpunnar eða smárækjuskilju samkvæmt reglum þar um. Lágmarksmöskvastærð leggpokans á þessu svæði skal vera a.m.k. 40 mm, sbr. reglugerð nr. 24/1998 um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

Við notkun leggpoka er heimilt að nota þrjá síðumöskva fyrir framan kolllínumöskvana. Skal hver leggur leggpokans festur við eina upptöku vörpunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 25. október. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 574, 11. ágúst 2000, um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. október 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

16. október 2000 Nr. 738

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 686/2000 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0703.9001	Blaðlaukur	23.10. — 15.03.01	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	30.10. — 15.03.01	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. október 2000.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Sigríður Norðmann.

REGLUGERÐ

um gerð og útbúnað smárækjuskilju.

1. gr.

Smárækjuskilja er tæki eða útbúnaður, sem komið er fyrir í togveiðarfærum í þeim tilgangi að flokka rækju eftir stærð í vörpunni, þannig að smárækja skiljist lifandi úr vörpunni. Smárækjuskilja skal ekki hafa áhrif á uppsetningu og eiginleika vörpunnar að öðru leyti.

2. gr.

Ef rækjuveiðar á tilgreindum svæðum eru bundnar því skilyrði, að varpan sé útbúin smárækjuskilju, skal eingöngu nota þær gerðir skilja sem ráðuneytið hefur viðurkennt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar. Í viðaukum við reglugerð þessa skal birta hvaða gerðir smárækjuskilju eru viðurkenndar og hvernig þeim skuli komið fyrir í vörpunni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 253, 17. apríl 1997, um gerð og útbúnað smárækjuskilju.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. október 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

VIÐAUKI 1

Tegund skilju — Húsavíkurskilja.

Lýsing á skilju:

Húsavíkurskilja er grind, ýmist ferhyrnd eða sporöskjulaga. Rimlar eru festir við neðri ramma grindarinnar og við þverrimil ofarlega á skiljunni, en milli hans og efri ramma grindarinnar er op, að hámarki 50 cm. Bil milli rimla er a.m.k. 7 mm neðst, og a.m.k. 9 mm efst, miðað við meðaltal 10 mælinga.

Skiljan skal vera staðsett í belg vörpunnar, aftan við seiðaskilju og skal fínriðin nettrekt vera framan við smárækjuskiljuna, verði því við komið.

Rimlar grindarinnar liggja samsíða belg vörpunnar. Skiljunni er komið þannig fyrir að neðri hlutinn er fremstur og hún hallar aftur í u.þ.b. 45°. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Frá efri enda rimlanna er sérstakur smáriðinn leiðari, sem beinir smárækju niður um op á undirbyrði vörpunnar þannig að hún fari ekki aftur í poka.

VIÐAUKI 2

Tegund skilju — ICEDAN.

Lýsing á skilju:

ICEDAN skiljan er bæði seiðaskilja (sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 304/1999, um úthafsrækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar) og smárækjuskilja. Um er að ræða tvær grindur. Smárækjuskiljan sem er styttri en seiðaskiljan er fest aftan við seiðaskiljuna þannig að lengra bil er frá efri brún smárækjuskilju að seiðaskilju, en á milli neðri brúna skiljanna. Rækja og annað sem fer í gegnum hana lendir á smárækjuskiljunni, þar sem smárækja og annað smátt fer í gegn og þaðan út úr vörpunni, en stærri rækja rennur upp grindina og aftur í poka. Bil milli rimla er a.m.k. 7 mm neðst, og a.m.k. 9 mm efst, miðað við meðaltal 10 mælinga.

Skiljan er staðsett í belg vörpunnar, og skal fínriðin nettrekt vera framan við skiljuna.

Rimlar grindanna liggja samsíða belg vörpunnar. Skiljunni er komið þannig fyrir að neðri hlutinn er fremstur og hallar seiðaskiljan aftur í u.þ.b. 55°. Smárækjuskiljan hallar þá u.þ.b. 35°. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Undirbyrðið er fest upp í efri brún smárækjuskiljunnar, þannig að ekkert net hindrar smárækju eða annað sem fer í gegnum grindina í að komast frá veiðarfærinu.

2. október 2000 Nr. 740

REGLUGERÐ

fyrir almannavarnaráð.

1. gr.

Almannavarnaráð stýrir starfsemi almannavarna, hefur með höndum heildarskipulagningu almannavarna í landinu, svo sem nánar greinir í 6. gr. laga um almannavarnir, og er til ráðuneytis um framkvæmd laga um almannavarnir. Það fer og með þau mál önnur er lög ákveða.

2. gr.

Í almannavarnaráði eiga sæti forstjóri Landssímans hf., forstjóri landhelgisgæslunnar, landlæknir, ríkislögreglustjóri og vegamálastjóri. Dómsmálaráðherra skipar í ráðið og skipar einn ráðsmanna formann ráðsins til þriggja ára í senn.

Í forföllum formanns skal sá ráðsmanna sem lengst hefur átt sæti í almannavarnaráði gegna starfi formanns.

3. gr.

Slysavarnafélagið Landsbjörg og Rauði kross Íslands skulu hvort um sig eiga áheyrnarfulltrúa á fundum almannavarnaráðs.

Dómsmálaráðherra skipar áheyrnarfulltrúa til tveggja ára í senn að fenginni tillögu hlutaðeigandi samtaka. Áheyrnarfulltrúi skal vera formaður eða framkvæmdastjóri hlutaðeigandi samtaka. Ráðherra skipar og varamann með sama hætti.

4. gr.

Áheyrnarfulltrúar skv. 3. gr. hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum almannavarnaráðs en ekki atkvæðisrétt.

Áheyrnarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann verður áskynja um í störfum almannavarnaráðs og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls eða samkvæmt sérstakri ákvörðun almannavarnaráðs.

Áður en áheyrnarfulltrúi tekur til starfa skal hann undirrita þagnarheit.

5. gr.

Sá sem sæti á í almannavarnaráði skv. 1. gr. skal tilnefna varamann er sæti tekur á fundum ráðsins í forföllum hans. Tilkynna skal formanni um tilnefningu varamanns.

6. gr.

Fundi almannavarnaráðs skal halda eftir þörfum. Formaður boðar til funda.

Almannavarnaráð getur við sérstakar aðstæður haldið fund án viðveru áheyrnarfulltrúa. Að fundi loknum skal formaður greina áheyrnarfulltrúunum frá fundinum og tilefni hans.

7. gr.

Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins skal sitja fundi almannavarnaráðs og gegna þar starfi fundarritara.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir almannavarnaráð, nr. 116 9. febrúar 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. október 2000.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 109 – 2000

19. október 2000 2101 Nr. 741

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Hálsahverfi – deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 26. september 2000 samþykkt deiliskipulag fyrir Hálsahverfi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hjarðarhagi 45-47-49 – breytt skipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarstjórn Reykjavíkur þann 21. september 2000 samþykkt breytingu á skipulagi lóðar nr. 45-47-49 við Hjarðarhaga.

Einnar hæðar viðbygging verður byggð við vesturhlið húss og byggð hæð ofan á hús nr. 47 og 49.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 19. október 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

19. október 2000 Nr. 742

REGLUR

um gjaldeyrismarkað.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 18. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands með áorðnum breytingum, sbr. og ákvæði 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

1. gr.

Aðild að millibankamarkaði með gjaldeyri.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa samkvæmt þessari grein skulu hljóta staðfestingu bæjarstjórnar með sama hætti og samþykktir skipulags- og byggingarnefndar.

2. gr.

Í samræmi við 2. mgr. 2. gr. skipulags- og byggingarlaga og 11. gr. byggingarreglugerðar er með umsókn um byggingarleyfi í samþykkt þessari átt við umsókn um leyfi til að grafa grunn, rífa hús, byggja hús, breyta því, að innan eða utan, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur mannvirki sem falla undir byggingar- og skipulagslög og byggingarreglugerð. Byggingarleyfi felur í sér samþykkt aðaluppdrátta og framkvæmdaáforma og heimild til að hefja framkvæmdir að uppfylltum skilyrðum skv. 3. gr. samþykktar þessarar.

3. gr.

Í samræmi við 1. gr. er byggingarfulltrúa heimilt að gefa út byggingarleyfi að fullnægðum eftirtöldum skilyrðum:

1. Að byggingarstjóri og iðnmeistarar sem ábyrgð bera hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð, sbr. 44. gr.; 51. gr. og 52. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum.
2. Að fram hafi verið lögð staðfesting um ábyrgðartryggingu hönnuða og byggingarstjóra.
3. Að tilskilin gjöld vegna byggingarframkvæmdanna hafi verið greidd.

4. gr.

Mál, sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari, skulu lögð fram til kynningar á næsta fundi skipulags- og byggingarnefndar og bókuð í gerðarbók nefndarinnar en ekki tekin þar til annarrar afgreiðslu. Í gerðabók nefndarinnar skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

5. gr.

Synji byggingarfulltrúi umsókn um byggingarleyfi skal hann gera umsækjanda grein fyrir því með skriflegum rökstuðningi.

Í þeim tilvikum skulu líða a.m.k. 14 dagar frá dagsetningu tilkynningar til umsækjanda þar til byggingarfulltrúi leggur málið fram í skipulags- og byggingarnefnd.

6. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða byggingarfulltrúi synji að afgreiða erindi er honum heimilt að skjóta máli sínu til skipulags- og byggingar-

nefndar, enda hafi málið eigi þegar verið lagt fram í nefndinni, sbr. 2. mgr. 5. gr. samþykktar þessarar.

Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga, sbr. 4. mgr. 39. gr. laganna.

7. gr.

Skipulags- og byggingarnefnd er heimilt að setja byggingarfulltrúa nánari verklagsreglur um útgáfu byggingarleyfa. Þessar reglur skulu hljóta staðfestingu bæjarstjórnar.

8. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 117/1999, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytinu, 16. október 2000.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

Nr. 762 18. október 2000

SAMÞYKKT

um hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi.

1. gr.

Hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi er leyfisbundið og sætir þeim takmörkunum sem um greinir í samþykkt þessari. Heimilt er þó að halda þarfahunda á lögbýlum og hunda sem notaðir eru til björgunarstarfa svo og aðstoðarhunda fyrir blinda og fatlaða einstaklinga.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem lögheimili hafa í sveitarfélaginu leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu sveitarfélagsins og fær þar eigandi hundsins afhenta númeraða plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið skal ákveðið af bæjarstjórn, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar og má gjaldið aldrei vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið Ölfus skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunds og síðan árlega. Gjalddagi er 1. febrúar ár hvert. Í gjaldskrá skal einnig ákveðið handsömunargjald, sbr. f - lið 2. gr. Hundar sem eru notaðir við búrekstur á lögbýlum eru undanþegnir þessu gjaldi svo og hundar sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa, ásamt hundum sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindum og fötluðum einstaklingum. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga er heimilt að afturkalla leyfið svo og ef hreinsun hunda er ekki framkvæmd eftir settum reglum.

c) Sveitarfélagið Ölfus ábyrgðartryggir alla skráða hunda sem greitt er leyfisgjald af. Þeir hundaeigendur sem undanþegnir eru leyfisgjaldi, skv. f-lið þessarar greinar, ábyrgðartryggja hunda sína hjá viðurkenndu tryggingafélagi og skulu þeir greiða bæjarsjóði

útlagðan kostnað vegna hundahreinsunar. Við hundahreinsun skulu hundaeigendur sem falla undir f-lið leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu sem sýnir að trygging sé að fullu í gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Hundeigandi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu eða raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt. Skilyrði fyrir hundahaldi í fjöleignarhúsum er að allir íbúðareigendur samþykki veru hundsins og skal leggja fram skriflegt samþykki þar að lútandi við skráningu hans. Umráðamönnum hundsins er ætíð skylt að fjarlægja saur eftir hann. Eigi er leyfilegt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í opinberar stofnanir, skólahús, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem um ræðir í III. til V. og VII. til XV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari breytingum en þeir eru m.a. eftirfarandi:

1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði, brunnar og sjóveitur.
2. Almennings- og útisalerni.
3. Hvers konar sorpgeymslur og sorpförgunarstaðir.
4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
5. Tjald- og hjólhýsasvæði nema með heimild umsjónaraðila.
6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd, eða seld matvæli.
7. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers kyns snyrti- og sólbaðsstofur.
9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
10. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
11. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
12. Almenn samgöngutæki.

e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leiti lögum og reglum er hundahald varðar þar á meðal reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, sbr. b-lið þessarar greinar, svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd Suðurlands setur.

f) Bændum á lögbýlum er heimilt að hafa þarfahunda án gjalds og einnig er heimilt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds. Hundar á lögbýlum mega ganga frjálsir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar. Skylt er bændum á lögbýlum og eigendum hunda sem nefndir eru í b-lið hér að framan að sjá til þess að hundar þeirra séu ekki lausir á almannafæri.

3. gr.

Fyrir hönd bæjarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í sveitarfélaginu. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu þegar þörf krefur en að öðru leyti starfar hann undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við störf sín. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eigendum eða umráðamanni og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa hefur lögreglan eða dýralæknir heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað.

Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan eða dýralæknir heimild til að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað.

Lögregla og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna landbúnaðarfulltrúa kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

5. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Ölfuss staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu hennar.

Umhverfisráðuneytinu, 18. október 2000.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 763 13. október 2000

REGLUGERÐ

um vátryggingu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu.

1. gr.

Eftirfarandi aðilum, sem veita heilbrigðisþjónustu, er skylt að hafa í gildi vátryggingu (sjúklingatryggingu) hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna tjóna sem bótaskyld eru samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu:

1. Heilbrigðisstarfsmenn sem eru sjálfstætt starfandi og hafa hlotið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til starfans, án tillits til þess hvort þeir veita heilbrigðisþjónustu sem sjúklingur greiðir að fullu sjálfur eða sem greidd er af sjúkratryggingum samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Löggiltar heilbrigðisstéttir eru:

læknar	meinatæknar
tannlæknar	sjóntækjafræðingar
sjúkraþjálfarar	sjúkraliðar
hjúkrunarfræðingar	þroskaþjálfar
hnykkir	læknaritarar
lyfjafræðingar	matarfræðingar
sálfræðingar	matartæknar
fótaaðgerðafræðingar	matvælafræðingar
sjúkranuddarar	náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu
tannfræðingar	næringarfræðingar
félagsráðgjafar	næringarráðgjafar
iðjuþjálfar	röntgentæknar
ljósmæður	sjúkraflutningamenn
aðstoðarlyfjafræðingar	talmeinafræðingar
lyfjatæknar	tanntæknar

2. Sjúkrahús sem ekki eru í eigu ríkisins.
3. Heilbrigðisstofnanir, þ.m.t. lyfsölur og rannsókna- og röntgenstofur, sem ekki eru í eigu ríkisins.
4. Heilsugæslustöðvar sem ekki eru í eigu ríkisins.
5. Þeir sem annast sjúkraflutninga aðrir en ríkið.
6. Hjúkrunarheimili og dvalarheimili með hjúkrunardeild sem ekki eru í eigu ríkisins.

Heilbrigðisstarfsmaður skv. 1. tölul. 1. mgr., sem vinnur ferliverk samkvæmt samningi við sjúkrahús í eigu ríkisins, er skylt að hafa í gildi vátryggingu (sjúklingatryggingu) skv. 1. mgr. nema kveðið sé á um ábyrgð sjúkrahúss í samningi starfsmannsins við sjúkrahúsið.

Leiki vafi á um það hvort heilbrigðisstarfsmaður skv. 1. tölul. 1. mgr. er vátryggingarskyldur skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skera úr um það.

Hætti heilbrigðisstarfsmaður skv. 1. tölul. 1. mgr. að starfa sjálfstætt eða hætti aðili skv. 2.-6. tölul. 1. mgr. rekstri fellur vátryggingarskylda niður.

2. gr.

Vátrygging heilbrigðisstarfsmanns skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal nema minnst 5.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð vátryggingabóta innan hvers árs skal nema minnst 15.000.000 kr.

Vátrygging aðila skv. 2.-5. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal nema minnst 5.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð vátryggingabóta innan hvers árs skal nema minnst 25.000.000 kr. hjá aðila sem hefur 1-5 heilbrigðisstarfsmenn í þjónustu sinni, 30.000.000 kr. hjá aðila sem hefur 6-15 heilbrigðisstarfsmenn í þjónustu sinni, 35.000.000 kr. hjá aðila sem hefur 16-30 heilbrigðisstarfsmenn í þjónustu sinni og 40.000.000 kr. hjá aðila sem hefur 31 eða fleiri heilbrigðisstarfsmenn í þjónustu sinni.

Vátrygging aðila skv. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal nema minnst 5.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð vátryggingabóta innan hvers árs skal nema minnst 15.000.000 kr. hjá aðila sem hefur 1-20 heilbrigðisstarfsmenn í þjónustu sinni, 20.000.000 kr. hjá aðila sem hefur 21-40 heilbrigðisstarfsmenn í þjónustu sinni og 25.000.000 kr. hjá aðila sem hefur 41 eða fleiri heilbrigðisstarfsmenn í þjónustu sinni.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein skulu miðast við lánskjaravísitölu 3,939 og breytast 1. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 1. janúar 2001, í samræmi við breytingar á vísitölunni.

3. gr.

Bætur greiðast sjúklingi ef höfuðstóll virts tjóns nemur 50.000 kr. eða hærri fjárhæð allt að 5.000.000 kr. fyrir hvert einstakt tjónsatvik.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu vátryggingataka í vátryggingaskilmálum, en slíkt má ekki skerða rétt þriðja manns til bóta úr hendi vátryggingafélags. Tilhögun eigin áhættu skal getið í vátryggingaskilmálum, vátryggingaskírteini eða iðgjaldskvittun.

4. gr.

Falli vátrygging úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingafélag tilkynna það vátryggingataka og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu þegar í stað. Vátryggingatímabili telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að vátryggingafélagið tilkynnti vátryggingatakanum og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sannanlega um vátryggingaslit, nema önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið tekin.

Falli vátrygging úr gildi af öðrum ástæðum en greindar eru í 4. mgr. 1. gr. og ekki hefur verið tekin önnur fullnægjandi vátrygging innan þeirra tímamarka sem greind eru í 1. mgr. fellur niður heimild heilbrigðisstarfsmanns skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. til að starfa sjálfstætt og heimilt er að stöðva greiðslur til hans frá Tryggingastofnun ríkisins. Ef um er að

ræða aðila skv. 2.-6. tölul. 1. mgr. 1. gr. er ráðherra heimilt að fella starfsleyfi niður og stöðva greiðslur ríkisins til hans.

Í tengslum við gerð ársskýrslu sjúklingatryggingar Tryggingastofnunar ríkisins ber vátryggingafélagi árlega að taka saman yfirlit yfir bótakröfur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu og reglugerð þessari og afgreiðslu þeirra. Yfirlitið skal vera á samræmdu formi sem Tryggingastofnun ríkisins og samtök vátryggingafélaga koma sér saman um.

5. gr.

Þar sem tveir eða fleiri heilbrigðisstarfsmenn skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. starfa saman með sameiginlega starfsstofu og bera óskipta bótaábyrgð á störfum hvors/hvers annars, geta þeir fullnægt vátryggingarskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega vátryggingu enda komi nöfn þeirra beggja/allra fram í vátryggingaskjali. Skal þá lágmarksfjárhæð vátryggingabóta innan hvers árs skv. 2. gr. hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern heilbrigðisstarfsmann umfram einn.

6. gr.

Allir vátryggingaskilmálar samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu og reglugerð þessari skulu látnir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og fjármálaeftirlitinu í té áður en þeir eru boðnir aðilum skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Sé vátryggingarskyldu samkvæmt reglugerð þessari ekki fullnægt fellur niður heimild heilbrigðisstarfsmanns skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. til að starfa sjálfstætt og heimilt er að stöðva greiðslur til hans frá Tryggingastofnun ríkisins. Ef um aðila er að ræða skv. 2.-6. tölul. 1. mgr. 1. gr. er ráðherra heimilt að fella starfsleyfi niður og stöðva greiðslur ríkisins til hans.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, öðlast gildi 1. janúar 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigi síðar en 31. desember 2000 skulu vátryggingarskyldir heilbrigðisstarfsmenn og stofnanir senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu staðfestingu um að þeir hafi í gildi vátryggingu, sem uppfyllir skilyrði laga um sjúklingatryggingu og reglugerðar þessarar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. október 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu í heildsölu og smásölu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

Heildsala.

2. gr.

Fast gjald Akraness er kr. 73.194.052 á ári og fast gjald Borgarbyggðar er kr. 28.794.359 á ári.

3. gr.

Breytilegt gjald er kr. 21,85 á rúmmetra. Gjaldið leiðréttist miðað við mælt hitastig, sbr. 17. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

Smásala.

4. gr.

Fast gjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fasta gjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bifreiðageymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fast gjald á mánuði = F x 12,23 kr./m^2, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2.

Fast gjald á mánuði = 1.590 kr. + (F-130) x 7,36 kr./m^2, ef F er stærra en 130 m^2.

5. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

a) Þeir sem greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: kr. 82,08 fyrir hvern rúmmetra vatns.
b) Þeir sem ekki greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: kr. 109,70 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg, sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

6. gr.

Vatnssala um hemil.

Vatnsgjald um hemil kr. 2.651 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

7. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða mánaðarlega:

Fyrir mæli með nafnrennsli undir 6 m^3/klst.: 295 kr./mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir 6 m^3/klst.: 529 kr./mán.

8. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. 21. gr. reglugerðar HAB, skal greiða gjald kr. 1.635.

Innheimtugjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu kr. 591.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 604.

9. gr.

Stofngjöld skal greiða miðað við rúmmál alls húsrýmis á lóð, samkvæmt fasteignamati. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m að lengd innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:
allt að 250 m^3	79.237 kr.
251-500 m^3	79.237 + 188,84 kr./m^3 yfir 250 m^3
501-1500 m^3	126.447 + 110,82 kr./m^3 yfir 500 m^3
1501-6000 m^3	237.267 + 71,11 kr./m^3 yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	557.262 + 55,86 kr./m^3 yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 59.717. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 18.063 kr./grind.

Gjald fyrir heimæðar, á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.618 kr./m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu neysluverðs til útreiknings í júní 2000 sem er 199,1 stig.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 480, 3. júlí 2000.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. október 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 765 6. október 2000

REGLUR

um endurgreiðslu slysatrygginga fyrir sjúkrahjálp samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um endurgreiðslu slysatrygginga samkvæmt 27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar (almannatryggingalaga) á nauðsynlegum kostnaði vegna lækninga hins slasaða að því leyti sem sérstakir samningar sjúkratrygginga ná ekki yfir hann.

Sjúkrahjálp sem ekki fellur undir samninga sjúkratrygginga og/eða veitt er af aðilum sem ekki hafa samning við sjúkratryggingar er ekki greidd úr slysatryggingum að öðru leyti en reglur þessar mæla fyrir um. Endurgreiðsla fer aðeins fram gegn framvísun reikninga vegna sjúkrahjálparinnar. Aðeins er greidd sjúkrahjálp vegna beinna afleiðinga hins bótaskylda slyss.

2. gr.

Læknishjálp.

Slysatryggingar greiða að fullu kostnað við nauðsynlega læknishjálp hins slasaða vegna slyssins samkvæmt samningum sjúkratrygginga. Enn fremur greiða slysatryggingar kostnað slasaða við nauðsynlega læknishjálp vegna slyssins sem veitt er á heilsugæslustöð og fyrir komu til sérfræðings, á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, rannsóknir og röntgengreiningar, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 68/1996.

3. gr.

Erlendur sjúkrakostnaður.

Erlendur sjúkrakostnaður greiðist ekki úr slysatryggingum, sbr. þó 2. mgr. Ef slasaður sem staddur er erlendis og þarf nauðsynlega á sjúkrahjálp að halda vegna afleiðinga slyssins á rétt samkvæmt reglum nr. 346/2000 um endurgreiðslu kostnaðar vegna veikinda eða slysa erlendis er jafnframt heimilt að endurgreiða hlut hans í kostnaðinum úr slysatryggingum.

Ef bótaskylt slys á sér stað erlendis eða um borð í skipi eða flugvél, sbr. a.-lið 1. mgr. 24. gr. almannatryggingalaga er heimilt að greiða óhjákvæmilegan kostnað (bráðahjálp) vegna sjúkrahjálpar erlendis vegna slyssins.

Sé slasaða brýn nauðsyn á að vistast á erlendu sjúkrahúsi vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslensku sjúkrahúsi fer um það eftir reglum 35. gr. almannatryggingalaga.

4. gr.

Tannlækningar.

Tannlækningar greiðast samkvæmt reglum d.-liðar 1. tölul. og b.-liðar 3. tölul. 1. mgr. 27. gr. almannatryggingalaga. Markmiðið er að bæta raunverulegt tjón slasaða af völdum slyssins. Endurgreiðsla miðast við gildandi samninga sjúkratrygginga á hverjum tíma eða gildandi gjaldskrá ráðherra, séu samningar ekki fyrir hendi.

5. gr.

Lyf.

Þurfi slasaði á lyfjum að halda vegna beinna afleiðinga bótaskylds slyss greiða slysatryggingar lyfin að fullu þegar um er að ræða nauðsynleg lyf sem læknir eða tannlæknir hefur ávísað og afgreidd eru í lyfjabúð eða hjá öðrum þeim sem hafa leyfi til lyfjasölu samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994. Skilyrði er að veitt hafi verið markaðsleyfi fyrir lyfið á Íslandi. Endurgreiðsla fer því aðeins fram að fyrir liggi greiðslukvittun þar sem fram koma heiti lyfja. Lyf í lyfjaflokkunum A 08 A (lyf við offitu) og G 04 B E (lyf við stinningarvandamáli) greiðast ekki úr slysatryggingum.

6. gr.

Sjúkraþjálfun.

Nauðsynleg sjúkraþjálfun vegna beinna afleiðinga slyss greiðist að fullu úr slysatryggingum. Iðjuþjálfun og talþjálfun greiðist ekki úr slysatryggingum.

7. gr.

Gervilimir og svipuð hjálpartæki.

Spelkur, gervilimir og bæklunarskófatnaður vegna beinna afleiðinga slyss greiðast að fullu úr slysatryggingum, svo og viðgerð á þeim eða endurnýjun ef viðgerð telst ekki fullnægjandi. Um fjölda slíkra hjálpartækja sem greidd eru til slasaðs á ári fer samkvæmt reglum tryggingaráðs um styrki til kaupa á hjálpartækjum, settra skv. 2. mgr. 33. gr. almannatryggingalaga. Önnur hjálpartæki en framangreind greiðast ekki úr slysatryggingum.

8. gr.
Ferðakostnaður.

Ferðakostnaður greiðist samkvæmt 2. tl. og c.-lið 3. tl. 1. mgr. 27. gr. almannatryggingalaga. Sé eigin bifreið notuð í tilvikum sem ella féllu undir b.-lið 2. tl. og c.-lið 3. tl. sömu greinar má endurgreiða kostnað á sama hátt og mælt er fyrir um í 3. gr. reglna nr. 213/1999 um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands.

9. gr.
Sjúkraflutningur.

Sjúkraflutningur greiðist samkvæmt f.-lið 1. tl. 1. mgr. 27. gr. almannatryggingalaga. Ef bótaskylt slys á sér stað erlendis eða um borð í skipi eða flugvél, sbr. a.-lið 1. mgr. 24. gr. almannatryggingalaga, er heimilt að greiða óhjákvæmilegan kostnað vegna sjúkraflutnings til Íslands. Sækja verður fyrirfram um greiðslu slíks flutnings.

10. gr.
Dvöl á sjúkrastofnun.

Ef slasaði þarf að dveljast á sjúkrastofnun vegna beinna afleiðinga slyssins og þarf að greiða hluta kostnaðarins við dvölina er heimilt að endurgreiða hlut hans í kostnaðinum.

11. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og gilda frá 6. október 2000.

Tryggingastofnun ríkisins, 6. október 2000.

Bolli Héðinsson.

Karl Steinar Guðnason.

Nr. 766 1. október 2000

REGLUGERÐ

um starfsemi, skyldur og eftirlit með Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. fer með starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli á grundvelli laga nr. 76/2000 um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, reglugerðar þessarar og rekstrarleyfis sem utanríkisráðherra veitir.

2. gr.

Rekstrarleyfishafa er skylt að fara að fyrirmælum stjórnvalda í starfsemi og rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli í málum er varða stjórn flugmála, umferð og öryggi í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Rekstrarleyfishafa er skylt í allri starfsemi sinni að virða og standa við þær skuldbindingar sem stjórnvöld hafa undirgengist og þau síðar kunna að undirgangast og varða flugstöðina og starfsemi þá sem rekstrarleyfishafi fer með og yfirtekur. Til þeirra skuldbindinga teljast m.a.:

a) stofnsamningur Alþjóða flugmálastofnunarinnar (ICAO) ásamt viðaukum við hann,
b) samþykktir Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC),

c) tilskipun ráðs Evrópusambandsins nr. 96/67/EB frá 15. október 1996 um aðgang að flugafgreiðslumarkaðnum á flugvöllum bandalagsins, sbr. viðeigandi viðauka eða bókun við EES-samninginn og eftir atvikum ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar,
d) skuldbindingar sem stjórnvöld hafa undirgengist vegna Schengen-samstarfsins,
e) aðrar skuldbindingar sem stjórnvöld hafa undirgengist eða kunna að undirgangast á sviði flugafgreiðslu, flugmála, flug- og farþegaöryggis, tollafgreiðslu og landamæraeftirlits, og kunna að varða starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli,
f) varnarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, svo og aðrir samningar sem gerðir hafa verið milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda og varða Keflavíkurflugvöll og flugstöðina, og
g) samkomulag milli Íslands og Bandaríkjanna um samvinnu við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar frá 26. ágúst 1983, að því er varðar aðgang og afnot Bandaríkjanna af Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli á ófriðartímum og í neyðartilvikum.

3. gr.

Í rekstrarleyfi skal nánar kveðið á um starfsemi flugstöðvarinnar, aðgang að henni og aðstöðu fyrir þjónustuaðila þar, skyldur leyfishafa, eftirlit og skilyrði fyrir veitingu leyfisins. Í rekstrarleyfinu skal m.a. fjallað um samskipti rekstrarleyfishafa við stjórnvöld og þjónustuaðila og skilyrði og kröfur sem miða að því að rekstrarleyfishafi veiti ætíð góða þjónustu og stuðli að því að afgreiðsla loftfara og flutningur farþega, farangurs og annars varnings um flugstöðina verði örugg og hnökralaus og án óþarfa tafa.

4. gr.

Utanríkisráðherra hefur eftirlit með starfsemi rekstrarleyfishafa. Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli í umboði utanríkisráðherra og í samráði við Flugmálastjórn Íslands hefur eftirlit með starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli varðandi flugöryggi og farþegavernd. Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli hefur umsjón og eftirlit með að tolla- og öryggisreglur séu virtar. Rekstrarleyfishafa er skylt að fara að fyrirmælum eftirlitsaðila.

5. gr.

Utanríkisráðherra veitir rekstrarleyfishafa tímabundið rekstrarleyfi til starfsemi og reksturs Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Rekstrarleyfi má veita til allt að 12 ára í senn.

6. gr.

Brjóti rekstrarleyfishafi gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, rekstrarleyfis sem gefið er út á grundvelli hennar eða gegn ákvæðum laga nr. 76/2000 um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, skal utanríkisráðherra veita rekstrarleyfishafa skriflega aðvörun og stuttan frest til úrbóta. Utanríkisráðherra er heimilt að grípa til tafarlausra úrbóta á kostnað rekstrarleyfishafa ef um er að ræða tilvik sem ekki þola bið og raskað geta öryggi loftfara, flugfarþega eða farangurs. Aðgerðarleysi rekstrarleyfishafa, ásetningur, stórkostlegt gáleysi, gjaldþrot og árangurslaust fjárnám varðar afturköllun rekstrarleyfis.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga nr. 76/2000 um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, og öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 1. október 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Hjálmar W. Hannesson.

TILKYNNING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum sem hér segir frá og með 1. nóvember 2000 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,65 kr. á lítra
gasolía	0,80 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	1,05 kr. á kg
flugvélabensín	0,20 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 26. október 2000.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

Nr. 768 9. október 2000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 136 3. mars 1995.

1. gr.

Við 1. gr., sbr. reglugerð nr. 658 12. nóvember 1998, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Gerðirnar, aðrar en reglugerð nr. 3572/90, eru einnig birtar í viðaukum I-III við reglugerðina.

2. gr.

Við reglugerðina bætast viðaukar eins og greinir í viðaukum I-III við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 6. mgr. 44. gr., 60. gr. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, svo og með hliðsjón af 20., 20.a, 21., 23. og 23.a tölul. XIII. viðauka við EES-samninginn, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. október 2000.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

VIÐAUKI I
Gerðir samkvæmt a-lið 2. mgr. 1. gr.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 3820/85

frá 20. desember 1985

um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins frá 13. maí 1965 um samhæfingu á tilteknum ákvæðum er hafa áhrif á samkeppni í flutningum á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum ([1]), einkum III. þætti,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([3]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Félagsleg ákvæði bandalagsins á sviði flutninga á vegum eru sett fram í reglugerð (EBE) nr. 543/69 ([5]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2829/77 ([6]). Þessi lagaákvæði miða að samhæfingu á samkeppnisskilyrðum í flutningum á landi, einkum á vegum, sem og bættum starfsskilyrðum og umferðaröryggi. Það sem áunnist hefur á þessum sviðum ber að varðveita og útfæra frekar. Hins vegar er nauðsynlegt að gera ákvæði fyrrnefndrar tilskipunar sveigjanlegri án þess þó að það rýri markmið þeirra.

Með tilliti til breytinganna sem settar eru fram hér á eftir ber að safna öllum gildandi ákvæðum á þessu sviði saman í einn texta til að fá heildaryfirlit og fella síðan reglugerð (EBE) nr. 543/69 úr gildi. Þó skulu undanþágurnar sem kveðið er á um í 4. gr. fyrir tiltekin ökutæki og ákvæði 15. gr. um tiltekna farþegaflutninga gilda áfram um ákveðinn tíma.

Ákvæði reglugerðar þessarar sem varða starfsskilyrði mega ekki skerða rétt aðila vinnumarkaðarins til að setja ákvæði, með samningaviðræðum milli heildarsamtaka launamanna og atvinnurekenda eða á annan hátt, sem eru hagstæðari launþegum. Til að efla félagslegar framfarir og auka umferðaröryggi skal hvert aðildarríki hafa rétt til að gera tilteknar viðeigandi ráðstafanir.

Með hliðsjón af því að aðstoðarmönnum og umsjónarmönnum hefur fækkað er ekki lengur þörf á að skipuleggja hvíldartíma áhafnarmeðlima annarra en ökumannsins.

Með því að koma á fastri vinnuviku í stað sveigjanlegrar yrði auðveldara að skipuleggja störf ökumanna og bæta eftirlit með þeim.

Nauðsynlegt er að kveða á um reglur í millilandaflutningum til eða frá þriðja landi eða milli tveggja landa utan bandalagsins þegar farið er um yfirráðasvæði aðildarríkis í umflutningi. Ákvæði Evrópusamningsins um störf áhafna sem annast millilandaflutninga á vegum (AETR) frá 1. júlí 1970 eiga að gilda um þessa flutninga. Þegar um er að ræða ökutæki skráð í ríki sem ekki á aðild að AETR-samningnum gilda ákvæði þessi eingöngu um þann hluta leiðarinnar sem farinn er innan bandalagsins.

Þar eð efni AETR-samningsins fellur undir gildissvið reglugerðar þessarar, þá heyrir réttur til að semja og leiða samninginn til lykta undir bandalagið. Hinar sérstöku aðstæður sem ríktu þegar AETR-samningaviðræðurnar fóru fram réttlæta þó í undantekningartilvikum málsmeðferð þar sem aðildarríki bandalagsins hvert um sig afhenda fullgildingargögn eða aðildarskjöl sín til vörslu í samstilltri aðgerð en aðhafast engu að síður í þágu bandalagsins og fyrir þess hönd.

Til að tryggja að lög bandalagsins um flutninga innan bandalagsins séu æðri öðrum lögum skulu aðildarríkin gera fyrirvara um að flutningar milli aðildarríkjanna skuli ekki teljast millilandaflutningar í skilningi samningsins þegar þau afhenda fullgildingar- eða aðildarskjöl sín til vörslu.

([1]) Stjtíð. EB nr. 88, 24 5. 1965, bls. 1500/65.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 100, 12. 4. 1984, bls. 3 og Stjtíð. EB nr. C 223, 3. 9. 1985, bls. 5.
([3]) Stjtíð. EB nr. C 122, 20. 5. 1985, bls. 168.
([4]) Stjtíð. EB nr. C 104, 25. 4. 1985, bls. 4 og Stjtíð. EB nr. C 303, 25. 11. 1985, bls. 29.
([5]) Stjtíð. EB nr. L 77, 29. 3. 1969, bls. 49.
([6]) Stjtíð. EB nr. L 334, 24. 12. 1977, bls. 1.

Möguleikarnir sem kveðið er á um í sjálfum samningnum á að samningsaðilar geri með sér tvíhliða samninga, þar sem vikið er frá nefndum samningi, um landamæraumferð og umflutning eru í grundvallaratriðum innan valdsviðs bandalagsins.

Ef breyting á innri reglum bandalagsins á þessu sviði krefst samsvarandi breytingar á samningnum munu aðildarríkin gera sameiginlegar ráðstafanir til þess að ná fram slíkri breytingu á samningnum í samræmi við þá málsmeðferð sem þar er mælt fyrir um.

Heimilt er að undanþiggja tiltekna flutninga frá beitingu reglugerðar þessarar.

Æskilegt er að bæta við og skýra tilteknar skilgreiningar og breyta tilteknum ákvæðum, einkum þeim er varða undantekningar fyrir tiltekna flokka ökutækja.

Æskilegt er að setja reglur um lágmarksaldur ökumanna sem annast vöru- eða farþegaflutninga og taka jafnframt tillit til ákveðinna krafna um starfsþjálfun, sem og lágmarksaldur aðstoðarmanna og umsjónarmanna. Að því er starfsþjálfun varðar skal aðildarríkjum heimilt að færa lágmarksaldur aðstoðarmanna ökumanns niður í 16 ár.

Æskilegt er að setja reglur sem takmarka samfelldan aksturstíma og aksturstíma á dag án þess að það hafi áhrif á innlend ákvæði um að ökumaður aki eigi lengur en svo að hann sjái sér fært að gæta fyllsta öryggis.

Með því að lengja aksturstíma á dag og stytta jafnframt aksturstíma á tveimur vikum verður stjórnun flutningafyrirtækja auðveldari og um leið horfir það til félagslegra framfara.

Rétt er að leiðrétta ákvæði um hlé á akstri vegna lengri aksturstíma á dag.

Æskilegt er að mæla fyrir um lágmarkstíma og önnur skilyrði sem gilda um daglegan og vikulegan hvíldartíma áhafnar.

Ferðirnar yrðu auðveldari ef ökumanni væri gert kleift að skipta daglegum hvíldartíma sínum svo hann sé ekki neyddur til að matast og gista á einum og sama stað.

Það heyrir til félagslegra framfara og stuðlar að auknu umferðaröryggi að lengja vikulegan hvíldartíma en heimila engu að síður að stytta hann, að því tilskildu að ökumaðurinn geti bætt sér upp þann hluta hvíldartímans sem ekki hefur verið tekinn á stað sem hann hefur sjálfur kosið sér og innan tiltekins tíma.

Á mörgum flutningaleiðum á vegum innan bandalagsins er farið með ferjum eða járnbrautum hluta leiðarinnar. Því er mikilvægt að í reglugerðinni sé kveðið á um daglegan hvíldartíma og hæfileg hlé í slíkum flutningum.

Vegna umferðaröryggis skal banna kaupaukagreiðslur fyrir ekna vegalengd og/eða flutt vörumagn þar sem slíkt kann að stofna umferðaröryggi í hættu.

Æskilegt er að kveða á um að heimilt sé að gera undantekningar frá reglugerð þessari fyrir tiltekna innanlandsflutninga sem eru sérstaks eðlis. Þegar um undantekningar er að ræða ber aðildarríkjum að tryggja að félagslegri vernd og umferðaröryggi sé ekki teflt í tvísýnu.

Vegna sérstaks eðlis farþegaflutninga er réttlætanlegt að endurskilgreina flokka ökutækja sem aðildarríki geta veitt undanþágu frá beitingu reglugerðar þessarar á sviði innanlandsflutninga.

Aðildarríkjunum skal vera heimilt, með leyfi framkvæmdastjórnarinnar, að veita undanþágu frá ákvæðum reglugerðarinnar í undantekningartilvikum. Þegar brýna nauðsyn ber til skal vera unnt að fallast á þessar undantekningar í takmarkaðan tíma án þess að leyfi framkvæmdastjórnarinnar liggi áður fyrir.

Fyrir ökumenn ökutækja í reglubundnum farþegaflutningum getur afrit af tímaáætlun og útdráttur úr starfsskýrslu fyrirtækisins komið í staðinn fyrir ökuritann. Gagnlegt er vegna beitingar reglugerðar þessarar sem og til að koma í veg fyrir misnotkun að afhenda ökumönnum sem þess óska útdrátt úr starfsskýrslu þeirra.

Til þess að eftirlit sé virkt er æskilegt að undanþiggja ekki lengur reglubundna farþegaflutninga milli landa, að undanskilinni tiltekinni landamæraþjónustu, þeirri skyldu að koma fyrir og nota ökurita.

Æskilegt er að leggja áherslu á mikilvægi og nauðsyn þess að atvinnurekendur og ökumenn virði ákvæði þessarar reglugerðar.

Framkvæmdastjórninni ber að fylgjast með hvernig þessi mál þróast í aðildarríkjunum og ber henni að leggja skýrslu fyrir ráðið og Evrópuþingið um framkvæmd þessarar reglugerðar annað hvert ár.

Rétt er að aðildarríkin veiti hvert öðru gagnkvæma aðstoð svo beita megi þessari reglugerð og fylgjast með hvort ákvæði hennar séu virt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

Skilgreiningar

1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „flutningar á vegum“: allur akstur ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga á vegum sem opnir eru almennri umferð, með eða án farms;

2. „ökutæki“: vélknúin ökutæki, dráttarbifreiðir, tengivagnar og festivagnar svo sem hér segir:

   a) „vélknúið ökutæki“: ökutæki knúið eigin vélarafli til aksturs á vegum, þó ekki ökutæki sem rennur á spori, sem er að jafnaði notað til farþega- eða vöruflutninga.

   b) „dráttarbifreið“: ökutæki knúið eigin vélarafli til aksturs á vegum, þó ekki ökutæki sem rennur á spori, sem sérstaklega er hannað til að draga, ýta eða flytja eftirvagna, festivagna, vinnutæki eða vélar;

   c) „eftirvagn“: ökutæki sem er hannað til að tengjast vélknúnu ökutæki eða dráttarbifreið;

   d) „festivagn“: eftirvagn án framáss sem er þannig tengdur að talsverður þungi hans og farms hans hvílir á dráttarbifreiðinni eða vélknúna ökutækinu;

3. „ökumaður“: hver sá sem ekur ökutækinu jafnvel þó það sé aðeins um stutta stund eða sá sem ferðast með ökutækinu til þess að aka því ef þörf krefur;

4. „vika“: tímabilið frá kl. 00.00 á mánudegi til kl. 24.00 á sunnudegi;

5. „hvíld“: samfelldur tími í að minnsta kosti eina klukkustund sem ökumaður getur notað að vild;

6. „leyfð heildarþyngd“: heimiluð hámarksþyngd fullfermds ökutækis;

7. „reglubundnir farþegaflutningar“: innanlands- og millilandaflutningar samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. reglugerðar ráðsins nr. 117/66/EBE frá 28. júlí 1966 um setningu sameiginlegra reglna um farþegaflutninga milli landa með langferða- og áætlunarbifreiðum ([1]).

II. ÞÁTTUR

Gildissvið

2. gr.

1. Reglugerð þessi gildir um flutninga á vegum innan bandalagsins, samanber skilgreiningu í 1. mgr. 1. gr.

2. Evrópusamningurinn um störf áhafna sem annast millilandaflutninga á vegum (AETR) gildir í stað núgildandi reglna um millilandaflutninga á vegum:

— alla leiðina til og/eða frá eða í umflutningi um þriðju lönd sem eiga aðild að samningnum ef flutningurinn fer fram með ökutækjum sem skráð eru í aðildarríki eða í einu þessara þriðju landa,

— í ferð innan bandalagsins til og/eða frá þriðja landi sem á ekki aðild að samningnum ef flutningurinn fer fram með ökutækjum sem skráð eru í einu þessara landa.

3. gr.

Bandalagið skal taka upp samningaviðræður við þriðju lönd sem nauðsynlegar kunna að vera fyrir framkvæmd reglugerðar þessarar.

4. gr.

Reglugerðin gildir ekki um flutninga með:

1. ökutækjum til vöruflutninga þegar leyfð heildarþyngd ökutækisins, að meðtalinni þyngd eftir- eða festivagna, er ekki meiri en 3,5 tonn;

2. ökutækjum til farþegaflutninga sem eru smíðuð þannig og búin að þau henta til að flytja ekki fleiri en níu manns, að ökumanni meðtöldum, og eru ætluð í því skyni;

3. ökutækjum til farþegaflutninga í reglubundnum ferðum svo fremi að ökuleiðin sé ekki lengri en 50 km;

4. ökutækjum sem hafa leyfilegan hámarkshraða ekki yfir 30 km/klst.;

5. ökutækjum sem eru notuð eða er stjórnað af herliði, almannavörnum, slökkviliði og liðsafla sem heldur uppi lögum og reglu;

6. ökutækjum sem notuð eru í tengslum við störf við fráveitur, flóðavernd, vatns-, gas- og rafmagnsveitur, viðhald á vegum og eftirlit, sorphreinsun, rit- og talsímaþjónustu, póstflutninga, útvarps- og sjónvarpssendingar og við að miða út útvarps- eða sjónvarpssendibúnað eða móttökutæki;

7. ökutækjum sem notuð eru í neyðartilvikum og við björgunarstörf;

8. sérstökum ökutækjum sem eru notuð við læknisþjónustu;

9. ökutækjum sem flytja búnað fyrir fjölleikahús og tívolí;

10. sérstökum ökutækjum til aðstoðar á vegum;

11. ökutækjum sem er reynsluekið á vegum vegna tækniþróunar, viðgerðar eða viðhalds og nýjum eða endurbyggðum ökutækjum sem enn hafa ekki verið tekin í notkun;

12. ökutækjum sem ekki eru notuð í atvinnuskyni heldur til að flytja vörur til persónulegra þarfa;

13. ökutækjum sem eru notuð til að safna mjólk frá búum og flytja til baka mjólkurílát eða mjólkurafurðir til dýraeldis.

([1]) Stjtíð. EB nr. 147, 9. 8. 1966, bls. 2688/66.

III. ÞÁTTUR

Áhöfn

5. gr.

1. Lágmarksaldur ökumanna sem annast vöruflutninga skal vera sem hér segir:

a) á ökutækjum, að meðtöldum tengi- og festivögnum þar sem við á, með ekki meira en 7,5 tonna leyfðri heildarþyngd, 18 ár;

b) á öðrum ökutækjum:

— 21 ár, eða

— 18 ár, að því tilskildu að viðkomandi hafi undir höndum vottorð um starfshæfni sem er viðurkennt af einu aðildarríkjanna því til staðfestingar að hann hafi lokið starfsþjálfun fyrir ökumenn ökutækja til vöruflutninga á vegum í samræmi við reglur bandalagsins um lágmarksþjálfun fyrir ökumenn við flutninga á vegum.

2. Ökumenn sem annast farþegaflutninga skulu hafa náð 21 árs aldri.

Ökumaður sem starfar við farþegaflutninga á leiðum sem ná út fyrir 50 km radíus frá bækistöð ökutækisins skal enn fremur uppfylla eitt eftirfarandi skilyrða:

a) hafa unnið í eitt ár hið minnsta við vöruflutninga sem ökumaður ökutækja með leyfðri heildarþyngd sem er meira en 3,5 tonn;

b) hafa unnið í eitt ár hið minnsta við farþegaflutninga sem ökumaður ökutækja á leiðum sem eru innan við 50 km radíus frá bækistöð ökutækis, eða við aðrar tegundir farþegaflutninga sem heyra ekki undir reglugerð þessa, að því tilskildu að lögbær yfirvöld líti svo á að með því hafi hann öðlast nauðsynlega reynslu;

c) hafa undir höndum vottorð um starfshæfni sem er viðurkennt í einu aðildarríkjanna því til staðfestingar að hann hafi lokið starfsþjálfun fyrir ökumenn ökutækja til farþegaflutninga á vegum í samræmi við reglur bandalagsins um lágmarksþjálfun fyrir ökumenn við flutninga á vegum.

3. Lágmarksaldur fyrir aðstoðarmenn ökumanns og umsjónarmenn skal vera 18 ár.

4. Ökumaður sem starfar við farþegaflutninga skal ekki háður skilyrðunum sem sett eru í a-, b- og c-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. ef hann hefur stundað þetta starf í að minnsta kosti eitt ár fyrir 1. október 1970.

5. Í innanlandsflutningum innan við 50 km radíus frá bækistöð ökutækisins, þar á meðal í sveitar- og bæjarfélögum með miðstöðvar sínar innan þessa radíuss, er aðildarríkjum heimilt að færa lágmarksaldur aðstoðarmanna ökumanna niður í 16 ár, að því tilskildu að það sé gert með starfsþjálfun í huga og innan ramma landslaga um atvinnumál.

IV. ÞÁTTUR

Aksturstími

6. gr.

1. Aksturstíminn milli tveggja daglegra hvíldartíma eða milli daglegs hvíldartíma og vikulegs hvíldartíma, hér á eftir nefndur „akstursdagur", skal ekki vera lengri en níu klukkustundir. Tvisvar í viku er heimilt að lengja hann í tíu klukkustundir.

Ökumaður skal eftir sex akstursdaga hið mesta taka sér vikulegan hvíldartíma eins og skilgreint er í 3. mgr. 8. gr.

Fresta má vikulegum hvíldartíma þar til í lok sjötta dags ef heildaraksturstími á sex dögum fer ekki yfir hámarkið sem samsvarar sex akstursdögum.

Í farþegaflutningum milli landa, öðrum en reglubundnum flutningum, skal talan „tólf" koma í stað tölunnar „sex" í annarri og þriðju undirgrein og „tólfta" í stað „sjötta" í þriðju undirgrein.

Aðildarríkjunum er heimilt að láta beitingu undanfarandi undirgreinar ná til farþegaflutninga innanlands á yfirráðasvæði þeirra, annarra en reglubundinna farþegaflutninga.

2. Heildaraksturstími á hálfum mánuði má ekki fara yfir 90 klukkustundir.

V. ÞÁTTUR

Hlé og hvíldartími

7. gr.

1. Eftir akstur í fjóra og hálfa klukkustund skal ökumaður taka sér hlé frá akstri í að minnsta kosti 45 mínútur, nema hvíldartími sé að hefjast hjá honum.

2. Í staðinn fyrir þetta hlé er heimilt að gera hlé á akstri í að minnsta kosti 15 mínútur í senn á aksturstímanum eða þegar í stað eftir að akstri lýkur á þann hátt að farið sé að ákvæðum 1. mgr.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. er aðildarríkjunum heimilt, í reglubundnum farþegaflutningum innanlands, að binda lágmarkshlé við 30 mínútur eftir aksturstíma sem er ekki lengri en fjórar klukkustundir. Einungis er heimilt að fallast á slíkar undantekningar í þeim tilvikum þegar akstursthlé lengra en 30 mínútur kynni að tefja umferð í borgum og ökumanni er ekki kleift að taka 15 mínútna hlé á fjögurra og hálfrar klukkustundar akstri fyrir 30 mínútna hléið.

4. Í hléunum er ökumanni ekki heimilt að inna af hendi neitt annað starf. Að því er grein þessa varðar telst biðtími og sá tími sem ekki er notaður til aksturs á meðan dvalið er í ökutækinu á ferð, í ferju eða járnbrautarlest ekki til „annarra starfa".

5. Ekki er heimilt að telja hlé samkvæmt þessari grein til daglegs hvíldartíma.

8. gr.

1. Á sólarhrings fresti skal ökumaður fá daglegan hvíldartíma sem er að minnsta kosti ellefu klukkustundir samfellt en heimilt er að stytta niður í níu klukkustundir samfellt hið minnsta, þó ekki oftar en þrisvar sinnum í einni viku, að því tilskildu að jafnlangur hvíldartími og nemur styttingunni sé veittur til uppbótar fyrir lok þeirrar viku sem á eftir fer.

Þá daga sem hvíldartíminn er ekki styttur á grundvelli fyrstu undirgreinar er heimilt að taka hvíld í tvö eða þrjú skipti á einum sólarhring og verður eitt þeirra að vera að minnsta kosti átta klukkustundir samfellt. Þegar svo háttar er lágmarkshvíldartíminn lengdur í 12 klukkustundir.

2. Ef minnst tveir ökumenn eru í ökutækinu skulu báðir fá daglegan hvíldartíma sem er minnst átta klukkustundir samfellt á þrjátíu klukkustundum.

3. Í hverri viku skal framlengja eitt hvíldartímabilanna sem um getur í 1. og 2. mgr. með vikulegum hvíldartíma sem er í allt 45 klukkustundir samfellt. Heimilt er að stytta þennan hvíldartíma niður í 36 klukkustundir samfellt hið minnsta ef hann er tekinn á bækistöð ökutækisins eða ökumannsins eða í minnst 24 klukkustundir samfellt ef hann er tekinn annars staðar. Sérhverja styttingu ber að bæta upp með jafnlangri hvíld sem tekin er óslitið fyrir lok þriðju viku eftir þá viku sem um ræðir.

4. Vikulegan hvíldartíma sem byrjar í einni viku og heldur áfram í næstu viku er heimilt að binda við aðra hvora vikuna.

5. Í farþegaflutningum sem falla undir fjórðu eða fimmtu undirgrein 1. mgr. 6. gr. er heimilt að fresta vikulegum hvíldartíma fram í næstu viku á eftir þeirri sem átti að taka hvíldartímann í og bæta við vikulegan hvíldartíma hennar.

6. Hvíld sem tekin er sem uppbót fyrir styttingu daglegs og/eða vikulegs hvíldartíma skal bæta við aðra hvíld sem er að minnsta kosti átta klukkustundir og skal veitt að beiðni hlutaðeigandi aðila á bækistöð ökutækis eða ökumanns.

7. Heimilt er að taka daglegan hvíldartíma í ökutækinu sé það búið svefnplássi og kyrrstætt.

9. gr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 8. gr. er heimilt að slíta sundur daglegan hvíldartíma ef ökumaðurinn sem fæst við vöru- og farþegaflutninga fylgir ökutæki sem flutt er með ferju eða lest, en ekki oftar en einu sinni að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

— þann hluta daglegs hvíldartíma sem tekinn er í landi verður að vera unnt að taka fyrir eða eftir þann hluta daglegs hvíldartíma sem tekinn er um borð í ferju eða lest,

— tíminn milli tveggja hluta daglegs hvíldartíma skal vera eins stuttur og mögulegt er og má aldrei fara yfir eina klukkustund fyrir fermingu eða eftir affermingu, að meðtalinni tollmeðferð við fermingu og affermingu,

— meðan á báðum hlutum hins daglega hvíldartíma stendur verður ökumaður að hafa aðgang að koju eða svefnbekk.

Daglegur hvíldartími sem þannig er slitinn í sundur skal lengdur um tvær klukkustundir.

VI. ÞÁTTUR

Bann við tilteknum greiðslum

10. gr.

Bannað er að greiða ökumönnum sem eru launþegar greiðslur í tengslum við ekna vegalengd og/eða flutt vörumagn, jafnvel þótt þær teljist kaupauki eða launauppbót, nema þessar greiðslur séu þess eðlis að þær stofni ekki umferðaröryggi í hættu.

VII. ÞÁTTUR

Undantekningarákvæði

11. gr.

Hverju aðildarríki er heimilt að setja hærra lágmark eða lægra hámark en mælt er fyrir um í 5. – 8. gr. Þó gilda ákvæði reglugerðar þessarar áfram um ökumenn sem annast millilandaflutninga á ökutækjum skráðum í öðrum aðildarríkjum.

12. gr.

Að því tilskildu að umferðaröryggi sé ekki teflt í tvísýnu er ökumanni heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar reglugerðar til að ná hentugum áfangastöðum ef það er nauðsynlegt til að tryggja öryggi fólks, ökutækis eða farms. Ökumaður skal tiltaka með hvaða hætti og hvers vegna hann víkur frá þessum ákvæðum á skráningarblaði ökurita eða í starfsskýrslu.

13. gr.

1. Hverju aðildarríki er heimilt að fallast á undantekningar á eigin yfirráðasvæðum eða, með samþykki hlutaðeigandi ríkja, á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, frá ákvæðum reglugerðar þessarar um flutninga með ökutæki sem tilheyrir einum eða fleiri eftirfarandi flokka ökutækja:

a) ökutækjum til farþegaflutninga sem eru þannig smíðuð og búin að þau henta til að flytja ekki fleiri en 17 manns, að ökumanni meðtöldum, og eru til þess ætluð;

b) ökutækjum sem opinber yfirvöld nota til að annast þjónustu við almenning og eru ekki í samkeppni við atvinnumenn í flutningum;

c) ökutækjum sem fyrirtæki í landbúnaði, garðyrkju, skógariðnaði eða fiskveiðum nota til að flytja vörur innan við 50 km radíus frá bækistöð ökutækisins, að meðtöldum sveitar- og bæjarfélögum með miðstöðvar sínar innan þessa radíuss;

d) ökutækjum sem notuð eru til að flytja skepnuúrgang eða skrokka sem eru ekki ætlaðir til manneldis;

e) ökutækjum sem notuð eru til að flytja lifandi dýr frá býlum til heimamarkaða og til baka eða frá mörkuðum til næstu sláturhúsa;

f) ökutækjum sem eru notuð sem sölustaðir á heimamörkuðum eða til að selja vörur við húsdyr eða fyrir færanleg banka- eða sparisjóðsviðskipti, guðsþjónustur, bóka-, plötu- eða snælduútlán, menningarviðburði eða sýningar og eru sérstaklega búin í þessu skyni;

g) ökutækjum til að flytja efni eða búnað sem nota á við starfsemi ökumannsins innan við 50 km radíus frá bækistöð ökutækisins, að því tilskildu að akstur ökutækisins sé ekki aðalstarf ökumannsins og að þessi undantekning brjóti ekki verulega í bága við markmið reglugerðarinnar. Aðildarríkjunum er heimilt að gera þessar undantekningar háðar einstökum leyfum;

h) ökutækjum sem eingöngu eru notuð til aksturs á eyjum sem eru ekki stærri en 2 300 km^2 og eru ekki tengdar yfirráðasvæði landsins með brú, vaði eða göngum sem opin eru vélknúnum ökutækjum;

i) ökutækjum til vöruflutninga sem eru knúin gasi framleiddu á ökutækjunum eða rafmagni eða eru búin gangráði, teljist slíkt ökutæki, samkvæmt löggjöf aðildarríkis þar sem það er skráð, jafngilt ökutæki sem knúið er vél sem gengur fyrir bensíni eða dísilolíu, og má leyfð heildarþyngd að meðtalinni þyngd tengi- og festivagna ekki vera meiri en 3,5 tonn;

j) ökutækjum notuðum við ökukennslu með það fyrir augum að afla ökuréttinda;

k) dráttarbifreiðum sem eingöngu eru notaðar við landbúnað og skógariðnað.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um undantekningar sem þau samþykkja samkvæmt þessari málsgrein.

2. Aðildarríkjunum er heimilt, að fengnu leyfi framkvæmdastjórnarinnar, að fallast á undantekningar frá beitingu ákvæða reglugerðar þessarar í flutningum við aðstæður sem heyra til undantekningar, ef slíkar undantekningar tefla ekki markmiðum reglugerðarinnar verulega í tvísýnu.

Þegar brýna nauðsyn ber til er þeim heimilt að fallast á tímabundna undantekningu sem nær ekki yfir lengri tíma en 30 daga og tilkynnist framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öðrum aðildarríkjum um allar undantekningar sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

VIII. ÞÁTTUR

Eftirlit og viðurlög

14. gr.

1. Í reglubundnum farþegaflutningum

— innanlands, og

— milli landa þar sem endastöðvar eru innan við 50 km í beinni línu frá landamærum tveggja aðildarríkja og samanlögð vegalengd fer ekki yfir 100 km,

sem lúta reglugerð þessari skal fyrirtækið semja tímaáætlun og starfsskýrslu.

2. Í starfsskýrslunni skal tilgreina fyrir hvern ökumann nafn, bækistöð og ákveðna tímaáætlun fyrir mismunandi aksturstímabil, önnur störf og viðverutíma ökumanns.

3. Starfsskýrslan skal hafa að geyma allar upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. mgr. um að minnsta kosti yfirstandandi viku svo og vikuna næst á undan og næst á eftir henni.

4. Starfsskýrslan skal undirrituð af yfirmanni fyrirtækisins eða fulltrúa hans.

5. Hver ökumaður sem starfar við flutninga samkvæmt 1. mgr. skal hafa undir höndum útdrátt úr starfsskýrslu eða afrit af tímaáætlun.

6. Starfsskýrslan skal vera í vörslu fyrirtækisins í eitt ár eftir að tímabilið sem hún tekur til rennur út. Fyrirtækið skal láta viðkomandi ökumönnum, sem þess æskja, í té afrit af henni.

7. Grein þessi gildir ekki um ökumenn ökutækja með ökurita sem notaður er í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ([1]).

15. gr.

1. Flutningafyrirtækið skal skipuleggja störf ökumanna á þann hátt að þeim sé kleift að fara að gildandi ákvæðum reglugerðar þessarar og reglugerðar (EBE) nr. 3821/85.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 370, 31.12. 1985, bls. 8.

2. Fyrirtækið skal reglulega láta fara fram eftirlit til að tryggja að farið sé að ákvæðum beggja þessara reglugerða. Hafi brot verið framið skal fyrirtækið gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

16. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal á tveggja ára fresti taka saman skýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar í aðildarríkjunum og þróun á þeim sviðum er um ræðir. Framkvæmdastjórnin skal senda skýrsluna til ráðsins og Evrópuþingsins innan 13 mánaða frá því að tveggja ára tímabilið sem hún tekur til rennur út.

2. Til að gera framkvæmdastjórninni kleift að semja skýrsluna sem um getur í 1. mgr. skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni nauðsynlegar upplýsingar annað hvert ár á stöðluðu eyðublaði. Þessar upplýsingar skulu berast framkvæmdastjórninni eigi síðar en 30. september eftir að tveggja ára tímabilið sem skýrslan tekur til rennur út.

3. Framkvæmdastjórnin útbýr staðlað eyðublað að höfðu samráði við aðildarríkin.

17. gr.

1. Aðildarríkin skulu tímanlega og að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til framkvæmdar reglugerð þessari.

Slíkar ráðstafanir skulu meðal annars taka til skipulagningar, aðferða og leiða við eftirlit og viðurlaga við brotum.

2. Aðildarríkin skulu aðstoða hvert annað við beitingu þessarar reglugerðar og hafa eftirlit með hvort farið sé að henni.

3. Innan ramma þessarar gagnkvæmu aðstoðar skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna senda hvert öðru reglulega allar tiltækar upplýsingar varðandi:

— brot á þessari reglugerð sem aðilar búsettir erlendis fremja og viðurlög sem beitt er gegn slíkum brotum,

— viðurlög sem aðildarríki beitir gagnvart íbúum sínum fyrir slík brot framin í öðrum aðildarríkjum.

IX. ÞÁTTUR

Lokaákvæði

18. gr.

1. Reglugerð (EBE) nr. 543/69 er hér með felld úr gildi.

Hins vegar:

— skal 4. gr. téðrar reglugerðar gilda áfram til 31. desember 1989 um ökutæki, sem notuð eru af opinberum yfirvöldum í þjónustu almennings og eru ekki í samkeppni við flutningafyrirtæki sem rekin eru í viðskiptaskyni, og dráttarbifreiðir sem eingöngu eru notaðar fyrir staðbundinn landbúnað og skógariðnað. Aðildarríki er þó heimilt að láta þessa reglugerð gilda um slíka innanlandsflutninga á yfirráðasvæði sínu fyrir þann tíma,

— skal 15. gr. téðrar reglugerðar gilda áfram til 31. desember 1989 um ökutæki og ökumenn sem starfa við reglubundna farþegaflutninga milli landa svo fremi þau ökutæki sem til þess eru notuð séu ekki búin ökurita sem notaður er eins og kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 3821/85.

2. Tilvísanir í úreltu reglugerðina samkvæmt 1. mgr. skulu teljast tilvísanir í þessa reglugerð.

19. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 29. september 1986.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. desember 1985.

Fyrir hönd ráðsins,

R. KRIEPS

forseti.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 22. febrúar 1993

um útlit staðlaðs eyðublaðs sem mælt er fyrir um í 16. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3820/85 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum

(93/173/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 frá 20. desember 1985 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum ([1]), einkum 16. gr.,

að höfðu samráði við aðildarríkin í samræmi við 3. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að ákveða útlit staðlaðra eyðublaða af þeirri gerð sem um getur í 2. og 3. mgr. 16. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3820/85 en á þeim senda aðildarríkin framkvæmdastjórninni annað hvert ár upplýsingar sem notaðar eru við samantekt skýrslu um beitingu sameiginlegra reglna og um þróun þessara mála.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Staðlaða eyðublaðið sem um getur í 2. og 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 skal líta út eins og fyrirmyndin í viðaukanum við ákvörðun þessa.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. febrúar 1993

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Abel MATUTES

framkvæmdastjóri

([1]) Stjtíð. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 1.

VIÐAUKI

Fyrirmynd að stöðluðu eyðublöðunum sem aðildarríkjunum ber að nota til að senda framkvæmdastjórninni nauðsynlegar upplýsingar til samantektar á skýrslu um beitingu aðildarríkjanna á reglugerð ráðsins um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum (16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85) og um þróun mála á þessu sviði

1. VIÐMIÐUNARTÍMABIL

(16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85)

Tímabil: frá .....

til .....

2. ÁÆTLUÐ ÚTKOMA ÚR LÁGMARKSFJÖLDA ATHUGANA SEM GERA SKAL

(2. gr. tilskipunar 88/599/EBE)

a) fjöldi vinnudaga á ökumann á viðmiðunartímabilinu .....

b) heildarfjöldi ökutækja sem reglugerð (EBE) nr. 3820/85 tekur til .....

c) heildarfjöldi vinnudaga (a- x b-liður) .....

d) lágmarksfjöldi athugana (1% c-liðar) .....

3. ATHUGANIR

3.1. *Athuganir á vegum*

	EBE		Ríkisborgarar þriðju landa
	Eigin ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra aðildarríkja	
a) farþegaflutningar	.....	.....	.....
b) vöruflutningar	.....	.....	.....
c) flutningar á farþegum og vörum (ef ekki eru skýr mörk þar á milli)	.....	.....	.....

3.2. *Fjöldi ökumanna sem athugað er hjá við aðsetur fyrirtækisins*

a) farþegaflutningar .....

b) vöruflutningar .....

c) flutningar í eigin þágu .....

d) flutningar gegn gjaldi .....

3.3. *Athuganir á vegum*

	EBE		Ríkisborgarar þriðju landa
	Eigin ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra aðildarríkja	
a) farþegaflutningar	.....	.....	.....
b) vöruflutningar	.....	.....	.....
c) flutningar á farþegum og vörum (ef ekki eru skýr mörk þarna á milli)	.....	.....	.....

3.4. *Fjöldi vinnudaga sem athugað er við aðsetur fyrirtækisins*

a) farþegaflutningar .....

b) vöruflutningar .....

c) flutningar í eigin þágu .....

d) flutningar gegn gjaldi .....

4. BROT — FJÖLDI SKRÁÐRA BROTA

(Reglugerð (EBE) nr. 3820/85)

Grein	Tegund brots	Farþegar			Vörur		
		Eigin ríkis-borgarar	Ríkis-borgarar annarra aðildar-ríkja	Ríkis-borgarar þriðju landa	Eigin ríkis-borgarar	Ríkis-borgarar annarra aðildar-ríkja	Ríkis-borgarar þriðju landa
6. gr.	Aksturstími						
	— Daglegur aksturstími						
	— Mest sex dagar						
	— Tvær vikur í röð						
7. gr.	Hlé á akstri						
	— Ekið viðstöðulaust lengur en 4½ klst.						
	— Of stutt hlé						
8. gr.	Hvíldartímar						
	— Á dag						
	— Á viku						
14. gr.	Ferða- og vinnuáætlun						
	— Vantar				(*)	(*)	(*)
	— Röng notkun						
	Samtals						

(*) Gildir ekki hér.

5. AÐGERÐIR EINSTAKRA AÐILDARRÍKJA

— Að lögum

— Að stjórnsýslufyrirmælum

— Aðrar aðgerðir

6. VIÐURLÖG

6.1. *Sektarákvæði*

6.2. *Breytingar*

— Dagsetning nýjustu breytinga

— Tilvísanir til laga- og stjórnsýslufyrirmæla

7. NIÐURSTÖÐUR OG ATHUGASEMDIR, M.A. UM ÞRÓUN MÁLA Á ÞESSUM SVIÐUM

Sá sem ber ábyrgð á tilkynningunni:

Eftirnafn: ..... Skírnarnafn: .....

Staða: .....

Heimilisfang skrifstofu: .....

Sími: .....

Dagsetning: ..... Undirskrift: .....

VIÐAUKI II
Gerðir samkvæmt b-lið 2. mgr. 1. gr.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 3821/85

frá 20. desember 1985

um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með reglugerð (EBE) nr. 1463/70 ([4]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2828/77 ([5]), var ökuriti tekinn upp í flutningum á vegum.

Með tilliti til breytinganna sem settar eru fram hér á eftir ber að safna öllum gildandi ákvæðum á þessu sviði saman í einn texta til að fá heildaryfirlit og fella síðan reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1463/70 úr gildi. Þó skulu undanþágurnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr. fyrir tiltekna farþegaflutninga gilda áfram um ákveðinn tíma.

Notkun ökurita, sem veitt getur vísbendingar um tímabilin sem um getur í reglugerð (EBE) nr. 3820/85 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum ([6]), er ætlað að tryggja virkt eftirlit með þeirri félagsmálalöggjöf.

Eingöngu er skylt að nota slíkan ökurita í ökutækjum sem skráð eru í aðildarríki. Enn fremur er heimilt að útiloka tiltekin ökutæki frá gildissviði reglugerðar þessarar, án þess það leiði til vandkvæða.

Aðildarríkjunum ætti að vera heimilt, með leyfi framkvæmdastjórnarinnar, að undanþiggja tiltekin ökutæki frá ákvæðum reglugerðarinnar við sérstakar aðstæður. Þegar brýna nauðsyn ber til skal vera hægt að veita þessar undanþágur í takmarkaðan tíma án þess að framkvæmdastjórnin veiti leyfi fyrirfram.

Til að tryggja virkt eftirlit skal ökuritinn ganga örugglega, vera auðveldur í notkun og hannaður á þann hátt að öll misnotkun sé svo til útilokuð. Með þetta í huga er einkum mikilvægt að ökuritinn veiti skráðar upplýsingar um hin ýmsu tímabil á aðskildum blöðum fyrir hvern ökumann og að þær séu nægilega skýrar og læsilegar.

Sjálfvirk skráning á öðrum upplýsingum um akstur ökutækis, svo sem hraða og ekna vegalengd, stuðlar verulega að umferðaröryggi og skynsamlegri notkun á ökutækinu. Því virðist rétt að gera ráð fyrir að ritinn skrái einnig þessar upplýsingar.

Nauðsynlegt er að setja bandalagsstaðla um smíði og uppsetningu ökuritans og kveða á um EBE-viðurkenningaraðferð til að fyrirbyggja, alls staðar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, að reynt sé að hindra skráningu ökutækja sem eru með slíkan ökurita, að þeim sé komið í umferð eða þau tekin í notkun eða að slíkur riti sé notaður.

Rísi ágreiningur milli aðildarríkjanna varðandi EBE-gerðarviðurkenningu er rétt að framkvæmdastjórnin hafi umboð til að leysa deiluna með ákvörðun innan sex mánaða hafi viðkomandi ríkjum reynst ókleift að komast að samkomulagi.

Gagnlegt væri við framkvæmd þessarar reglugerðar og til að koma í veg fyrir misnotkun að láta ökumönnum sem þess æskja í té afrit af skráningarblöðum þeirra.

Til að ná framangreindum markmiðum um eftirlit með vinnu- og hvíldartíma er nauðsynlegt að vinnuveitendur og ökumenn beri ábyrgð á að ritinn gangi rétt og að þeir framkvæmi af tilhlýðilegri nákvæmni þær aðgerðir sem mælt er fyrir um.

Breyta skal ákvæðum þeim sem gilda um fjölda skráningarblaða sem ökumaður verður að hafa í kjölfar þess að fastákveðin vika kemur í stað sveigjanlegrar.

Tækniframfarir krefjast skjótrar aðlögunar tækniforskrifta sem eru settar fram í viðaukum við þessa reglugerð. Til að auðvelda framkvæmd nauðsynlegra ráðstafana í þessu skyni er rétt að sjá til þess að komið sé á nánu samstarfi milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan ráðgjafarnefndar.

Aðildarríkjum ber að skiptast á tiltækum upplýsingum um brot sem vitað er um.

Til að tryggja að ökuritinn gangi rétt og hægt sé að reiða sig á hann ber að mæla fyrir um samræmdar kröfur um reglubundið eftirlit og skoðun ritans eftir að hann er settur upp.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 100, 12. 4. 1984, bls. 3 og Stjtíð. EB nr. C 223, 3. 9. 1985, bls. 5.
([2]) Stjtíð. EB nr. C 122, 20. 5. 1985, bls. 168.
([3]) Stjtíð. EB nr. C 104, 25. 4. 1985, bls. 4 og Stjtíð. EB nr. C 303, 25. 11. 1985, bls. 29.
([4]) Stjtíð. EB nr. L 164, 27. 7. 1970, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB nr. L 334, 24. 12. 1977, bls. 11.
([6]) Stjtíð. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 8.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Meginreglur og gildissvið

1. gr.

Ökuriti í skilningi þessarar reglugerðar skal að því er smíði, uppsetningu, notkun og prófun varðar uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og kröfurnar í I. og II. viðauka sem eru óaðskiljanlegur hluti hennar.

2. gr.

Í reglugerð þessari gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85.

3. gr.

1. Ökuriti skal settur upp og notaður í ökutækjum sem skráð eru í aðildarríki og notuð við farþega- eða vöruflutninga á vegum, að undanskildum ökutækjum sem um getur í 4. gr. og 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að undanþiggja þau ökutæki sem um getur í 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 ákvæðum þessarar reglugerðar. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær undanþágur sem veittar eru samkvæmt þessari málsgrein.

3. Aðildarríkjunum er heimilt, að fengnu leyfi framkvæmdastjórnarinnar, að undanþiggja ökutæki sem notuð eru við flutninga sem um getur í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 ákvæðum þessarar reglugerðar. Þegar brýna nauðsyn ber til er þeim heimilt að veita tímabundna undanþágu, í hæsta lagi 30 daga, sem tilkynnist framkvæmdastjórninni tafarlaust. Framkvæmdastjórnin tilkynnir öðrum aðildarríkjum um allar undanþágur sem veittar eru samkvæmt þessari málsgrein.

4. Í innanlandsflutningum er aðildarríkjunum heimilt að krefjast þess að ökuriti sé settur í öll ökutæki og notaður í samræmi við þessa reglugerð þar sem þess er ekki krafist samkvæmt 1. mgr.

II. KAFLI

Gerðarviðurkenning

4. gr.

Umsóknir um EBE-viðurkenningu fyrir einhverja gerð ökurita eða fyrirmynd að skráningarblaði skulu lagðar fram í aðildarríki, ásamt viðeigandi forskriftum, af framleiðandanum eða umboðsmanni hans. Umsókn fyrir eina og sömu gerð ökurita eða fyrirmynd að skráningarblaði er einungis heimilt að leggja fram í einu aðildarríki.

5. gr.

Aðildarríki skal veita EBE-viðurkenningu fyrir allar gerðir ökurita eða fyrirmyndir að skráningarblaði sem eru í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð, að því tilskildu að aðildarríkinu sé fært að hafa eftirlit með því að framleiðslan sé í samræmi við samþykkta frumgerð.

Vegna allra breytinga eða viðbóta við samþykkta fyrirmynd verður að fá viðbótar-EBE-gerðarviðurkenningu frá því aðildarríki sem upphaflega veitti EBE-gerðarviðurkenninguna.

6. gr.

Aðildarríkin skulu úthluta umsækjanda EBE-viðurkenningarmerki sem samsvarar fyrirmyndinni í II. viðauka fyrir hverja gerð ökurita eða fyrirmynd að skráningarblaði sem þau samþykkja á grundvelli 5. gr.

7. gr.

Lögbær yfirvöld aðildarríkisins, sem sótt hefur verið um gerðarviðurkenninguna til, skulu, fyrir hverja gerð ökurita eða fyrir hverja fyrirmynd að skráningarblaði sem þau samþykkja eða neita að samþykkja, annaðhvort senda eintak af viðurkenningarvottorði ásamt eintökum af tilheyrandi forskriftum til yfirvalda annarra aðildarríkja innan eins mánaðar eða, við synjun, tilkynna það þessum yfirvöldum; við synjun skulu þau tilgreina ástæður fyrir ákvörðun sinni.

8. gr.

1. Komist aðildarríki, sem hefur veitt EBE-gerðarviðurkenningu eins og kveðið er á um í 5. gr., að raun um að tiltekinn ökuriti eða skráningarblöð með EBE-gerðarviðurkenningarmerki, sem það hefur gefið út, sé ekki í samræmi við frumgerðina sem það samþykkti skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd gerð sé í samræmi við samþykkta frumgerð. Ráðstafanirnar sem gerðar eru kunna, ef svo ber undir, að fela í sér afturköllun á EBE-gerðarviðurkenningunni.

2. Aðildarríki sem veitt hefur EBE-gerðarviðurkenningu skal afturkalla hana ef ökuritinn eða skráningarblaðið sem samþykkt hefur verið er ekki í samræmi við reglugerð þessa eða viðauka hennar eða reynist svo alvarlega gallað við notkun að hann eða það gegnir ekki hlutverki sínu.

3. Ef annað aðildarríki tilkynnir aðildarríkinu sem veitti EBE-gerðarviðurkenninguna um tilvik sem um getur í 1. og 2. mgr. skal það einnig, að höfðu samráði við fyrrnefnda aðildarríkið, gera þær ráðstafanir sem mælt er fyrir um í þeim málsgreinum, samanber þó 5. mgr.

4. Aðildarríki sem kemst að raun um að upp hafi komið tilvik sem um getur í 2. mgr. er heimilt, þar til annað er tilkynnt, að banna að ökuriti eða skráningarblöð séu sett á markað eða tekin í notkun. Hið sama á við um tilvik samkvæmt 1. mgr. hvað varðar ökurita eða skráningarblöð sem undanþegin hafa verið upphaflegri EBE-sannprófun, samræmi framleiðandi, að fenginni viðvörun, ekki ritann að samþykktri fyrirmynd eða kröfum þessarar reglugerðar.

Að öllu jöfnu skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni innan eins mánaðar um afturköllun á EBE-gerðarviðurkenningu eða aðrar ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. og tilgreina ástæður slíkrar aðgerðar.

5. Ef aðildarríki sem veitt hefur EBE-gerðarviðurkenningu dregur í efa að þau tilvik séu fyrir hendi sem tilgreind eru í 1. eða 2. mgr., og því hefur verið tilkynnt um, skulu hlutaðeigandi aðildarríki leitast af fremsta megni við að jafna ágreininginn og láta framkvæmdastjórnina vita.

Hafi viðræður milli aðildarríkjanna ekki leitt til samkomulags innan fjögurra mánaða frá dagsetningu tilkynningarinnar sem um getur í 3. mgr. hér að framan skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við sérfræðinga frá öllum aðildarríkjunum og eftir að hafa tekið til íhugunar alla markverða þætti, meðal annars efnahags- og tæknilega, samþykkja innan sex mánaða ákvörðun sem skal send til hlutaðeigandi aðildarríkis og samtímis til annarra aðildarríkja. Framkvæmdastjórnin skal, í hverju tilviki, ákveða frestinn fyrir framkvæmd ákvörðunarinnar.

9. gr.

1. Sá er sækir um EBE-gerðarviðurkenningu fyrir fyrirmynd að skráningarblaði skal taka fram í umsókn sinni gerð eða gerðir ökurita, sem blaðið er um ræðir er hannað fyrir, og láta í té rita er samsvarar slíkri gerð eða gerðum til að prófa blaðið.

2. Lögbær yfirvöld sérhvers aðildarríkis skulu tilgreina í gerðarviðurkenningarvottorðinu fyrir fyrirmynd að skráningarblaðinu þá gerð eða gerðir ökurita sem heimilt er að nota fyrirmyndina að blaðinu fyrir.

10. gr.

Aðildarríkjunum er óheimilt að synja um skráningu ökutækis sem búið er ökurita eða banna að slíkt ökutæki sé sett í umferð eða tekið í notkun af þeirri ástæðu að ökutækið hafi slíkan búnað, ef ritinn ber EBE-gerðarviðurkenningarmerkið samkvæmt 6. gr. og uppsetningarplötuna samkvæmt 12. gr.

11. gr.

Allar ákvarðanir teknar samkvæmt þessari reglugerð, sem fela í sér að synjað er um gerðarviðurkenningu á ökurita eða fyrirmynd að skráningarblaði eða hún afturkölluð, skulu ítarlega rökstuddar. Tilkynna skal hlutaðeigandi aðila um slíka ákvörðun og honum bent á þau réttarúrræði sem honum eru tiltæk samkvæmt gildandi lögum aðildarríkjanna og þann frest sem hann hefur til að nýta sér þau.

III. KAFLI

Uppsetning og skoðun

12. gr.

1. Einungis viðgerðarmönnum eða verkstæðum sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna samþykkja í þeim tilgangi er heimilt að setja upp eða gera við ökurita að fengnu áliti viðkomandi framleiðanda, æski þau þess.

2. Samþykktur viðgerðarmaður eða verkstæði skal merkja sérstaklega innsiglun sem hann eða það notar. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu halda skrá yfir þau merki sem eru notuð.

3. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu senda hver öðrum skrá yfir samþykkta viðgerðarmenn og verkstæði sem og afrit af þeim merkjum sem eru notuð.

4. Til að votta að uppsetning ökurita hafi farið fram í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar skal nota uppsetningarplötu sem áfest er samkvæmt I. viðauka.

IV. KAFLI

Notkun ökuritans

13. gr.

Vinnuveitandi og ökumenn skulu sjá til þess að ritinn gangi rétt og sé rétt notaður.

14. gr.

1. Vinnuveitandi skal úthluta nægilega mörgum skráningarblöðum til ökumanna og taka jafnframt tillit til séreðlis þeirra, lengdar vinnutíma og þeirrar skyldu að láta ný blöð koma í stað þeirra sem kunna að eyðileggjast eða sem viðurkenndur skoðunarmaður hefur fjarlægt. Vinnuveitandi skal eingöngu úthluta til ökumanna blöðum sem svara til samþykktrar fyrirmyndar og sem unnt er að nota í uppsettan rita í ökutækinu.

2. Fyrirtækið skal halda skráningarblöðum til haga í minnst eitt ár eftir að þau hafa verið notuð og skal láta ökumönnum sem þess óska í té afrit af þeim. Blöðin skulu sýnd eða afhent að beiðni viðurkennds skoðunarmanns.

15. gr.

1. Ökumenn skulu ekki nota óhrein eða skemmd skráningarblöð. Blöðin skulu varin á viðeigandi hátt í þessu skyni.

Ef blað sem skráð hefur verið á skemmist skulu ökumenn festa skemmda blaðið við varaeintakið sem kemur í stað þess.

2. Ökumenn skulu nota skráningarblöð hvern dag sem þeir eru við akstur allt frá því þeir taka við ökutækinu. Ekki skal skipt um skráningarblað fyrr en í lok vinnudags nema annað sé heimilað. Óheimilt er að nota skráningarblað lengur en til er ætlast.

Þegar ökumaður yfirgefur ökutækið og getur þess vegna ekki notað uppsettan rita í ökutækinu skulu tímabilin sem tilgreind eru í b-, c- og d-lið annars undirliðar 3. mgr. færð inn á blaðið, annaðhvort handritað, með sjálfvirkri skráningu eða á annan hátt, læsilega og án þess að blaðið sé óhreinkað.

Ökumenn skulu breyta skráningarblöðum svo sem nauðsynlegt er þegar fleiri en einn ökumaður eru í ökutækinu, svo að upplýsingarnar sem um getur í 1. – 3. tölul. II. kafla í I. viðauka séu skráðar inn á skráningarblað þess ökumanns sem á hverjum tíma annast aksturinn í raun.

3. Ökumaður skal:

— tryggja að sá tími sem skráður er á blaðið sé í samræmi við opinberan tíma í landinu þar sem ökutækið er skráð,

— stjórna skiptirofa til að unnt sé að skrá hvert eftirfarandi tímabil sérstaklega og greinilega:

a) undir merkinu [ ] : aksturstími;

b) undir merkinu [ ] : allur annar vinnutími;

c) undir merkinu [ ] : allur annar tími sem ökumaður er tiltækur, þ.e.:

— biðtími, þ.e. sá tími sem ökumenn þurfa eingöngu að vera í eða við ökutæki til að sinna kalli um að hefja vinnu eða halda áfram akstri eða inna af hendi aðra vinnu,

— tími við hlið ökumanns meðan ökutæki er á ferð,

— tími í svefnrými meðan ökutæki er á ferð;

d) undir merkinu [ ]: hlé á vinnu og daglegur hvíldartími.

4. Hvert aðildarríki getur heimilað að öll tímabilin sem um getur í b- og c-lið annars undirliðar 3. mgr. séu skráð undir merkinu [ ] á skráningarblöðum sem notuð eru í ökutækjum skráðum á yfirráðasvæði þeirra.

5. Hver einstakur áhafnarmeðlimur skal færa inn eftirfarandi upplýsingar á skráningarblaðið:

a) þegar blaðið er tekið til notkunar — eftirnafn og skírnarnafn;

b) dagsetningu og stað þegar blaðið er tekið til notkunar eða notkun lýkur;

c) skráningarnúmer ökutækisins sem hann ekur, bæði við upphaf fyrstu ferðar sem skráð er á blaðið og síðan ef skipt er um ökutæki, á meðan blaðið er í notkun;

d) lestur af vegmæli:

— við upphaf fyrstu ferðar sem skráð er á blaðið,

— í lok síðustu ferðar sem skráð er á blaðið,

— ef skipt er um ökutæki á vinnudegi (aflestur mælis ökutækis sem hann ók og aflestur mælis ökutækis sem hann tekur við);

e) klukkan hvað skipt er um ökutæki.

6. Ritinn skal hannaður á þann hátt að viðurkenndur skoðunarmaður geti, ef nauðsyn krefur, opnað hann til að lesa skráningar næstliðnar níu klukkustundir fyrir eftirlit án þess að eyðileggja eða óhreinka blaðið.

Ritinn skal enn fremur hannaður á þann hátt að hægt sé að ganga úr skugga um að skráning fari fram án þess að opna kassann.

7. Hvenær sem viðurkenndur skoðunarmaður krefst þess verður ökumaður að geta sýnt skráningarblöð fyrir líðandi viku, og í öllum tilvikum fyrir síðasta dag síðustu aksturs-viku.

16. gr.

1. Ef ritinn bilar eða reynist gallaður skal vinnuveitandi láta samþykktan viðgerðarmann eða verkstæði gera við hann jafnskjótt og aðstæður leyfa.

Ef ekki er mögulegt að koma ökutæki til starfstöðvar innan einnar viku frá þeim degi að telja þegar bilunin átti sér stað, eða þegar gallinn uppgötvaðist, skal gera við ritann á leiðinni.

Ráðstafanir sem aðildarríkin gera samkvæmt 19. gr. geta veitt lögbærum yfirvöldum rétt til að banna notkun ökutækis ef ekki hefur verið gert við bilunina eða gallann svo sem kveðið er á um hér að framan.

2. Ef ritinn er óvirkur eða gallaður skal ökumaður merkja við á skráningarblaðið eða blöðin, eða varaeintakið sem fest skal við skráningarblaðið, allar upplýsingar um þau tímabil sem ritinn skráði ekki rétt.

V. KAFLI

Lokaákvæði

17. gr.

Nauðsynlegar breytingar til að laga viðaukana að tækniframförum skulu samþykktar í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í 18. gr.

18. gr.

1. Hér með er sett á fót nefnd um aðlögun reglugerðar þessarar að tækniframförum (hér á eftir kölluð „nefndin"); hún er skipuð fulltrúum aðildarríkjanna með fulltrúa framkvæmdastjórnar í forsæti.

2. Nefndin setur sér starfsreglur.

3. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein, ber formanni nefndarinnar að vísa málinu til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

4. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila áliti sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaður setur eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt með auknum meirihluta í samræmi við 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður greiðir ekki atkvæði.

5. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

   b) Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki áliti ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

   c) Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það, skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

19. gr.

1. Aðildarríkin skulu tímanlega og að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til framkvæmdar reglugerð þessari.

Slíkar ráðstafanir skulu meðal annars taka til endurskipulagningar, aðferða og leiða við eftirlit og viðurlaga við brotum.

2. Aðildarríkin skulu aðstoða hvert annað við beitingu þessarar reglugerðar og hafa eftirlit með hvort farið sé að ákvæðum hennar.

3. Innan ramma þessarar gagnkvæmu aðstoðar skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna senda hvert öðru reglulega allar tiltækar upplýsingar varðandi:

— brot á þessari reglugerð sem aðilar búsettir erlendis fremja og viðurlög sem beitt er gegn slíkum brotum,

— viðurlög sem aðildarríki beitir gagnvart íbúum sínum fyrir slík brot framin í öðrum aðildarríkjum.

20. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1463/70 er hér með felld úr gildi.

Hins vegar skulu ákvæði 1. mgr. 3. gr. téðrar reglugerðar gilda til 31. desember 1989 um ökutæki og ökumenn sem starfa við reglubundna farþegaflutninga milli landa, svo fremi þau ökutæki sem til þess eru notuð séu ekki búin ökurita sem notaður er eins og kveðið er á um í þessari reglugerð.

21. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 29. september 1986.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. desember 1985.

Fyrir hönd ráðsins,

R. KRIEPS

forseti.

I. VIÐAUKI

FYRIRMÆLI UM GERÐ, PRÓFUN, UPPSETNINGU OG SKOÐUN

I. SKILGREININGAR

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) **ökuriti:**

tækjabúnaður ætlaður til uppsetningar í ökutæki á vegum til að sýna og skrá sjálfvirkt eða hálf-sjálfvirkt upplýsingar um akstur þessara ökutækja og tiltekin vinnutímabil ökumanna þeirra;

b) **skráningarblað:**

blað hannað til að taka við og varðveita skráðar upplýsingar, sem komið er fyrir í ökuritanum og sem ritunaroddar í honum skrá viðstöðulaust á þær upplýsingar sem skrásetja skal;

c) **fasti ökuritans:**

tölugildi sem segir til um gildi nauðsynlegs innlagsmerkis til að sýna og skrá ekna vegalengd á einum kílómetra. Þessi fasti skal sýndur annaðhvort sem snúningar á kílómetra (k =... snún/km, eða púlsar á kílómetra (k =... imp/km);

d) **einkennisstuðull ökutækis:**

tölugildi sem segir til um gildi útlagsmerkis frá þeim hluta ökutækisins sem tengdur er við ökuritann (annaðhvort drifskafti eða ás) á meðan ökutækið fer eins kílómetra mælda vegalengd við eðlileg prófunarskilyrði (sjá 4. tölul., VI. kafla í þessum viðauka). Einkennisstuðull er sýndur annaðhvort í snúningum á kílómetra (w =... snún/km) eða púlsum á kílómetra (w =... imp/km);

e) **virkt ummál hjólbarða:**

ekin meðalvegalengd sérhvers hjóls sem knýr ökutækið (drifhjól) á einum heilum snúningi. Þessa vegalengd skal mæla við eðlileg prófunarskilyrði (sjá 4. tölul. VI. kafla í þessum viðauka) og sýna í : l =... mm.

II. ALMENNIR EIGINLEIKAR OG HLUTVERK ÖKURITA

Ritinn skal geta skráð eftirfarandi:

1. ekna vegalengd ökutækis;
2. hraða ökutækis;
3. aksturstíma;
4. annan vinnutíma eða viðverutíma ökumanns;
5. hlé frá vinnu og daglegan hvíldartíma;
6. þau tilvik þegar kassinn með skráningarblaðinu er opnaður.

Ef tveir ökumenn aka ökutækinu verður ritinn að geta skráð samtímis en aðskilið og á tvö aðskilin blöð upplýsingarnar sem taldar eru upp í 3., 4. og 5. lið.

III. REGLUR UM GERÐ ÖKURITA

a) **Almenn atriði**

1. *Í ökuritanum skulu vera eftirtalin tæki:*

1.1. Aflestrartæki er sýna:

— ekna vegalengd (veglengdarriti),

— hraða (hraðamælir),

— tíma (klukka).

1.2. Skráningartæki sem eru:

— skráningartæki sem mælir ekna vegalengd,

— skráningartæki sem skráir hraða,

— einn eða fleiri tímaritar sem uppfylla kröfurnar sem settar eru í 4. tölul. c-liðar III. kafla.

1.3. Ritunaroddur sem sýnir á skráningarblaðinu hvert skipti sem kassinn með blaðinu er opnaður.

2. Tæki sem komið er fyrir í ritanum til viðbótar þeim sem nefnd eru hér að framan mega ekki koma í veg fyrir að þau tæki sem skylt er að koma fyrir starfi eðlilega eða torveldi aflestur af þeim.

Tækið skal lagt fyrir til gerðarviðurkenningar með öllum slíkum aukabúnaði.

3. *Efni*

3.1. Allir uppistöðuhlutar ökuritans skulu gerðir úr nægilega varanlegu og sterku efni sem er gætt stöðugum raf- og seguleiginleikum.

3.2. Allar breytingar á uppistöðuhluta ritans eða á eðli þess efnis sem er notað við framleiðslu hans skal, áður en til framleiðslu kemur, öðlast samþykki þess yfirvalds sem veitti gerðarviðurkenninguna fyrir ritann.

4. *Mæling á ekinni vegalengd*

Heimilt er að mæla og skrá ekna vegalengd annaðhvort:

— við akstur áfram og afturábak, eða

— eingöngu akstur áfram.

Skráning á akstri afturábak má á engan hátt hafa áhrif á skýrleika og nákvæmni annarra skráninga.

5. *Hraðamæling*

5.1. Svið hraðamælis skal vera svo sem kveðið er á um í gerðarviðurkenningarvottorðinu.

5.2. Eigin tíðni og dempun mælitækisins skal vera þannig að tækið sem sýnir og skráir hraðann geti innan mælisviðsins fylgt hröðunarbreytingum upp í allt að 2 m/s^2, innan viðurkenndra vikmarka.

6. *Tímamæling (klukka)*

6.1. Stillibúnaði klukkunnar skal komið fyrir í kassa þar sem skráningarblaðið er geymt; í hvert sinn sem kassinn er opnaður skal það skrást sjálfkrafa á skráningarblaðið.

6.2. Ef hreyfingu skráningarblaðsins fram á við er stjórnað af klukkunni þá skal sá tími sem hún gengur eðlilega eftir að hún hefur verið trekkt upp að fullu vera minnst 10% lengri en skráningartíminn sem svarar til hámarksblaðahleðslu ritans.

7. *Lýsing og vörn*

7.1. Aflestrartæki ritans skulu búin hæfilegri lýsingu sem blindar ekki.

7.2. Við eðlileg notkunarskilyrði skulu allir innbyggðir hlutar ritans varðir gegn raka og ryki. Að auki skulu þeir hafðir í kössum sem unnt er að innsigla svo ekki sé hægt að hrófla við þeim.

b) **Aflestrartæki**

1. *Mælir fyrir ekna vegalengd (vegmælir)*

1.1. Gildi minnstu mælieiningar á tækinu sem sýnir ekna vegalengd skal vera 0,1 km. Tölur sem sýna hektómetra verða að vera skýrt aðgreindar frá þeim sem sýna heila kílómetra.

1.2. Tölur á vegmælinum skulu vera læsilegar og skal sýnileg hæð þeirra vera minnst 4 mm.

1.3. Skráningargeta vegmælisins skal vera 99 999,9 km hið minnsta.

2. *Tæki sem sýnir hraða (hraðamælir)*

2.1. Innan mælisviðsins skal hraðamælikvarðanum skipt jafnt niður í 1, 2, 5 eða 10 km/klst. bil. Gildi hraðakvarðans (bilið milli tveggja samliggjandi merkja) má ekki vera meira en 10% af hámarkshraðanum sem gefinn er upp á kvarðanum.

2.2. Ekki þarf að tölusetja þann hluta svæðisins sem er fyrir utan það sem mælt er.

2.3. Bilin á kvarðanum sem samsvara hraðabreytingu sem er 10 km/klst. skulu ekki vera styttri en 10 mm.

2.4. Á nálarmæli má bilið frá nál að kvarða ekki vera meira en 3 mm.

3. *Tímamælir (klukka)*

Tímamælirinn skal sýnilegur utan á ritanum og verður að vera unnt að lesa af honum á öruggan, auðveldan og ótvíræðan hátt.

c) **Skráningartæki**

1. *Almenn atriði*

1.1. Í öllum ökuritum, óháð því hvernig skráningarblaðið er (strimill eða skífa), skal vera viðmiðunarmerki sem gerir kleift að setja skráningarblaðið rétt í á þann hátt að tryggt sé að sá tími sem klukkan sýnir samsvari tímamerkingunni á blaðinu.

1.2. Búnaðurinn sem færir skráningarblaðið skal vera þannig gerður að blaðið færist jafnt og þétt og auðvelt sé að koma því fyrir og taka það úr.

1.3. Ef skráningarblaðið er skífulaga þá skal gangverk klukkunnar stjórna hreyfibúnaðinum. Þegar svo háttar verður snúningur blaðsins að vera samfelldur og stöðugur með lágmarkshraða sem er 7 mm/klst. mælt við innra borð hringsins sem afmarkar hraðaskráningarsvæðið.

Í ritum af strimlagerðinni þar sem gangverk klukkunnar stjórnar hreyfibúnaðinum verður hraðinn í beinni línu fram á við að vera að minnsta kosti 10 mm/klst.

1.4. Skráning á ekinni vegalengd, hraða ökutækis og opnun kassans sem skráningarblöðin eru geymd í skal vera sjálfvirk.

2. *Skráning á ekinni vegalengd*

2.1. Hver ekinn kílómetri skal í skráningunni svara til fjarlægðar sem er að minnsta kosti 1 mm á samsvarandi hnitás.

2.2. Við hraða sem nálgast efri mörk mælisviðsins skal skráning vegalengdar einnig vera læsileg.

3. *Hraðaskráning*

3.1. Hvernig svo sem skráningarblaðið er á stíllinn að hreyfast í beinni línu og hornrétt á hreyfistefnu skráningarblaðsins.

Þó má hreyfing stílsins vera boglínudregin, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

— línan sem stíllinn dregur skal vera hornrétt á mitt hringferli (á skífum) eða á snúningsás (á strimlum) þess svæðis sem er fyrir hraðaskráningu,

— hlutfallið milli radíuss boglínunnar sem stíllinn dregur og breiddar svæðisins fyrir hraðaskráningu má ekki vera minna en 2,4 á móti 1, óháð lögun skráningarblaðsins,

— merkingarnar á tímakvarðanum skulu fara yfir skráningarsvæðið eftir boglínu sem er í sama radíus og stíllinn dregur. Bilið milli merkinganna á tímakvarðanum skal samsvara einni klukkustund hið mesta.

3.2. Sérhver hraðabreyting er nemur 10 km/klst. skal í skráningunni svara til að minnsta kosti 1,5 mm á samsvarandi hnitás.

4. *Skráningartími*

4.1. Ökuriti skal þannig gerður að sé notaður skiptirofi skrái hann sjálfkrafa og sérstaklega fjögur tímabil svo sem tilgreint er í 15. gr. reglugerðarinnar.

4.2. Auðvelt skal vera að greina milli mismunandi tímabila út frá einkennum línanna, stöðu þeirra innbyrðis og, ef þörf krefur, merkjanna sem mælt er fyrir um í 15. gr. reglugerðarinnar.

Einstök tímabil ber að aðgreina hvert frá öðru í skráningunni með mismunandi breidd línanna sem við eiga eða á einhvern annan hátt þar sem tryggt er að jafnauðvelt sé að lesa úr og túlka skráninguna.

4.3. Í ökutækjum þar sem fleiri en einn ökumaður annast akstur verða skráningarnar sem kveðið er á um í lið 4.1. að vera á tveimur aðskildum blöðum, eitt blað fyrir hvern ökumann. Í þessu tilviki verður framvirk færsla á hverju blaði að vera tryggð með einum og sama búnaði eða aðskildum samstilltum búnaði.

d) **Læsing**

1. Kassinn með skráningarblaðinu eða -blöðunum og stillibúnaði klukkunnar skal vera með læsingu.

2. Í hvert sinn sem kassinn sem hefur að geyma skráningarblaðið eða blöðin og stillibúnað klukkunnar er opnaður skal það skrást sjálfkrafa á blaðið eða blöðin.

e) **Merkingar**

1. Á kvarða ritans skulu vera eftirfarandi merkingar:

   — alveg við töluna sem vegmælirinn sýnir, mælieiningin fyrir vegalengdina tilgreind með skammstöfuninni „km“,

   — nálægt hraðakvarðanum, merkingin „km/klst.“,

   — mælisvið hraðamælisins með skammstöfuninni „Vmin...km/klst., Vmax...km/klst.“. Þessi merking er ekki nauðsynleg ef hún er sýnd á upplýsingaplötu ökuritans.

   Þessar kröfur gilda þó ekki um ökurita sem var samþykktur fyrir 10. ágúst 1970.

2. Upplýsingaplatan skal innbyggð í ritann og á henni skulu vera eftirfarandi merkingar, sem verða að vera sýnilegar þegar ritinn er settur upp:

   — nafn og heimilisfang framleiðanda ritans,

   — númer framleiðanda og smíðaár,

   — viðurkenningarmerki fyrir gerð ritans,

   — fasti ritans sýndur sem „k =... snún/km“ eða „k =... imp/km“,

   — hraðamælisviðið, valfrjálst, sýnt eins og tilgreint er í 1. tölul.,

   — ef næmi tækisins fyrir hallahorni kann að hafa áhrif á aflestur af ritanum umfram viðurkennd vikmörk er leyfilegt horn sýnt sem:

   þar sem α er hornið sem mælt er frá láréttri stöðu framhliðar (snýr upp) ritans sem tækið er stillt fyrir, en β og γ standa fyrir hámarksfrávik upp á við og niður á við miðað við hornið α.

f) **Hæstu vikmörk (aflestrar- og skráningartæki)**

1. Á prófunarbekk fyrir uppsetningu:

   a) ekin vegalengd:
   1% til eða frá raunverulegri vegalengd, þegar vegalengdin er að minnsta kosti 1 km;

   b) hraði:
   3 km/klst. til eða frá raunverulegum hraða;

   c) tími:
   ± tvær mínútur á dag og í mesta lagi 10 mínútur á sjö dögum ef gangtími klukkunnar, eftir að hún hefur verið dregin upp, er ekki styttri en sjö dagar.

2. Við uppsetningu:

   a) ekin vegalengd:
   2% til eða frá raunverulegri vegalengd, þegar vegalengdin er að minnsta kosti 1 km;

   b) hraði:
   4 km/klst. til eða frá raunverulegum hraða;

   c) tími:
   ± tvær mínútur á dag, eða
   ± 10 mínútur á sjö dögum.

3. Í notkun:

   a) ekin vegalengd:
   4% til eða frá raunverulegri vegalengd, þegar vegalengdin er að minnsta kosti 1 km;

   b) hraði:
   6 km/klst. til eða frá raunverulegum hraða;

   c) tími:
   ± tvær mínútur á dag, eða
   ± 10 mínútur á sjö dögum.

4. Hæstu vikmörk sem sett eru í 1., 2. og 3. tölul. gilda um hitastig milli 0°C og 40°C, hitastig mælt alveg við ritann.

5. Hæstu vikmörk sem sett eru í 2. og 3. tölul. gilda ef þau eru mæld við þau skilyrði sem kveðið er á um í VI. kafla.

IV. SKRÁNINGARBLÖÐ

a) **Almenn atriði**

1. Skráningarblöðin skulu þannig gerð að þau hindri ekki eðlilegan gang ritans og skráningin sem þau hafa að geyma sé óafmáanleg, læsileg og skiljanleg.

   Við eðlilegt raka- og hitastig verða skráningarblöðin að halda stærð sinni og skráningum.

   Að auki verður að vera unnt að færa inn á blöðin, án þess að skemma þau og án þess að það hafi áhrif á aflestur af þeim, upplýsingarnar sem um getur í 5. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar.

   Við eðlileg geymsluskilyrði skal skráningin haldast læsileg í eitt ár hið minnsta.

2. Lágmarksskráningargeta blaðanna, óháð því hvert útlit þeirra er, skal vera 24 klst.

   Ef margar skífur eru tengdar saman til að auka samfellda skráningargetu, án þess að starfsmenn komi þar nærri, verða skífurnar að vera þannig tengdar að ekkert hlé verði á skráningunum né að þær skarist þegar farið er af einni skífu yfir á aðra.

b) **Skráningarsvæði og skipting þeirra**

1. Á skráningarblöðunum skulu vera eftirfarandi skráningarsvæði:

   — svæði sem er sérstaklega ætlað fyrir upplýsingar um hraða,

   — svæði sérstaklega ætlað fyrir upplýsingar um ekna vegalengd,

   — eitt eða fleiri svæði fyrir upplýsingar um aksturstíma eða annan vinnutíma eða viðverutíma, vinnuhlé og hvíldartíma ökumanna.

2. Svæðinu fyrir hraðaskráningu skal deilt niður fyrir minnst hverja 20 km/klst. Við hverja merkingu skal sýndur sá hraði sem hún táknar. Táknið „km/klst." skal koma fram á minnst einum stað innan þessa svæðis. Síðasta merkingin á kvarðanum á að falla saman við efri mörk mælisviðsins.

3. Svæðinu fyrir skráningu ekinnar vegalengdar skal deilt þannig niður að auðvelt sé að lesa fjölda ekinna kílómetra.

4. Svæðið eða svæðin sem ætluð eru fyrir skráningu á tímabilunum sem um getur í 1. tölul. skulu merkt þannig að auðvelt sé að greina einstök tímabil.

c) **Upplýsingar á skráningarblöðunum**

Á hverju blaði skulu prentaðar eftirfarandi upplýsingar:

— nafn, heimilisfang eða viðskiptaheiti framleiðanda,

— viðurkenningarmerki fyrir fyrirmynd að blaðinu,

— viðurkenningarmerki fyrir gerð eða gerðir ökurita sem heimilt er að nota blöðin fyrir,

— efri mörk hraðamælisviðsins, prentuð í km/klst.

Enn fremur verður á hverju blaði að vera prentaður einn tímakvarði sem gerir kleift að lesa tímann beint af með fimmtán mínútna millibili og finna auðveldlega út hvert fimm mínútna millibil.

d) **Autt pláss fyrir handritaðar upplýsingar**

Autt pláss verður að vera á blöðunum þannig að ökumenn geti að minnsta kosti ritað eftirfarandi upplýsingar:

— eftirnafn og skírnarnafn ökumanns,

— dagsetningu og stað þegar byrjað er að nota blaðið og dagsetningu og stað þegar notkun lýkur,

— skráningarnúmer ökutækis eða ökutækja sem ökumaður ekur á meðan blaðið er í notkun,

— stöðu vegmælis ökutækis eða ökutækja sem ökumaður ekur á meðan blaðið er í notkun,

— tímann þegar skipt er um ökutæki.

V. UPPSETNING ÖKURITA

1. Ökurita skal komið fyrir í ökutækinu á þann hátt að ökumaður geti auðveldlega fylgst með hraðamæli, vegmæli og klukku úr sæti sínu og að allir hlutir í þessum tækjum, að meðtöldum drifbúnaði, séu varðir hugsanlegum skemmdum.

2. Unnt verður að vera að laga fasta ökuritans að einkennisstuðli ökutækisins með viðeigandi aðlögunarbúnaði.
Ökutæki með tvö eða fleiri gírhlutföll afturássins skulu búin skiptirofa sem sjálfkrafa jafnar þessi mismunandi hlutföll að hlutfalli ritans sem hefur verið lagaður að ökutækinu.

3. Eftir að ritinn hefur verið skoðaður við uppsetningu skal uppsetningarplata fest við ökutækið við hliðina á ritanum eða á ritann sjálfan þannig að hún sjáist greinilega. Eftir hverja skoðun sem samþykktur viðgerðarmaður eða verkstæði framkvæmir, þar sem í ljós kemur að breyta þurfi stillingu sjálfs tækisins, verður að setja nýja plötu í stað þeirrar sem fyrir var.
Á plötunni skulu koma fram að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:

— nafn, heimilisfang eða viðskiptaheiti samþykkts viðgerðarmanns eða verkstæðis,

— einkennisstuðull ökutækisins, sýndur sem „w =... snún/km" eða „w =... imp/km",

— virkt ummál hjólbarða sýnt sem „l =...mm",

— dagsetningar þegar einkennisstuðull ökutækisins var ákveðinn og virkt ummál hjólbarðanna.

4. *Innsiglun*
Eftirfarandi hlutar skulu innsiglaðir:

a) uppsetningarplatan, nema hún sé fest á þann hátt að ekki sé mögulegt að fjarlægja hana án þess að eyðileggja merkingarnar;

b) tenglaendarnir milli hins eiginlega ökurita og ökutækisins;

c) sjálfur aðlögunarbúnaðurinn og tengingin við rafrásina;

d) skiptirofar ökutækja með tvö eða fleiri áshlutföll;

e) tenglarnir sem tengja aðlögunarbúnaðinn og skiptirofann við aðra hluta ritans;

f) kassarnir sem ráð er gert fyrir í lið 7.2. í a-lið III. kafla.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að fara fram á önnur innsigli við viðurkenningu á rita og skal þess getið í viðurkenningarvottorðinu hvar innsiglunum er komið fyrir.
Einungis er heimilt að fjarlægja innsigli sem um getur í b-, c-, og e-lið í neyðartilvikum; í hvert sinn sem innsigli er rofið verður að gefa skriflega yfirlýsingu þar sem ástæður eru tilgreindar og skal hún tiltæk lögbæru yfirvaldi.

VI. EFTIRLIT OG SKOÐUN

Aðildarríkin tilnefna þá aðila sem skulu framkvæma eftirlit og skoðun.

1. *Vottun á nýjum tækjum eða viðgerðum tækjum*
Sérhvert tæki, nýtt eða viðgert, skal fá vottorð um að það starfi rétt og gefi nákvæmar upplýsingar við aflestur og skráningu, innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í 1. tölul. f-liðar III. kafla, með innsigli í samræmi við f-lið 4. liðar V. kafla.
Aðildarríkjum er heimilt í þessu skyni að koma á fyrstu sannprófun sem er eftirlit með og staðfesting á því að nýtt eða viðgert tæki sé í samræmi við fyrirmynd sem hlotið hefur gerðarviðurkenningu og/eða við kröfur reglugerðarinnar og viðauka hennar eða er heimilt að framselja umboð til vottunar til framleiðenda eða viðurkenndra umboðsmanna þeirra.

2. *Uppsetning*
Þegar ritinn er settur í ökutækið verður hann og öll ísetningin að fylgja ákvæðum um hæstu vikmörk sem mælt er fyrir um í 2. tölul. f-liðar III. kafla.
Samþykktur viðgerðarmaður eða verkstæði skal framkvæma skoðunarpróf á eigin ábyrgð.

3. *Reglubundin skoðun*

a) Reglubundin skoðun á rita sem festur er við ökutæki skal fara fram á tveggja ára fresti hið minnsta og er heimilt að láta hana fara fram um leið og skoðun ökutækja á sér stað.
Við skoðun skal kanna:

— hvort ritinn gangi eðlilega,

— hvort ritinn sé með gerðarviðurkenningarmerki,

— hvort uppsetningarplatan sé föst á,

— hvort innsigli á ritanum og öðrum hlutum uppsetningarinnar séu órofin,

— virkt ummál hjólbarða.

b) Skoðun til að tryggja að farið sé að ákvæðum 3. tölul. f-liðar III. kafla um hæstu vikmörk við notkun skal fara fram á sex ára fresti hið minnsta, þó er aðildarríki heimilt að kveða á um styttri tíma milli skoðana fyrir ökutæki sem skráð eru á yfirráðasvæði þess. Skylt er við slíka skoðun að skipta um uppsetningarplötu.

4. *Mæling á skekkjum*

Mæling á skekkjum við uppsetningu og meðan á notkun stendur skal fara fram við eftirfarandi skilyrði og teljast þau eðlileg prófunarskilyrði:

— óhlaðið ökutæki í venjulegu ökuástandi,

— þrýstingur í hjólbörðum í samræmi við fyrirmæli framleiðandans,

— slit á hjólbörðum innan leyfilegra marka lögum samkvæmt,

— hreyfing ökutækis: ökutækið skal hreyfast fram á við fyrir eigin vélarafli í beinni línu á sléttu yfirborði á hraða sem er 50 ± 5 km/klst.; heimilt er að láta prófunina fara fram á þar til gerðum prófunarbekk svo fremi að nákvæmni hennar sé sambærileg.

II. VIÐAUKI

VIÐURKENNINGARMERKI OG VOTTORÐ

1. VIÐURKENNINGARMERKI

1. Viðurkenningarmerki samanstendur af:

— rétthyrningi og bókstafnum „e" og á eftir honum komi auðkennistala eða -bókstafur fyrir landið sem veitt hefur viðurkenninguna í samræmi við eftirfarandi hefðbundin tákn:

Belgía	6,
Danmörk	18,
Þýskaland	1,
Grikkland	GR,
Spánn	9,
Frakkland	2,
Írland	IRL,
Ítalía	3,
Lúxemborg	13,
Holland	4,
Portúgal	21,
Breska konungsríkið	11,

og

— viðurkenningarnúmeri er samsvarar númeri á útgefnu viðurkenningarvottorði fyrir frumgerð af ökuritanum eða skráningarblaðinu og sem sett er einhvers staðar upp við rétthyrninginn.

2. Viðurkenningarmerkið skal vera á upplýsingaplötu hvers rita og á hverju skráningarblaði. Það skal vera óafmáanlegt og læsilegt.

3. Málin á viðurkenningarmerkinu hér að neðan eru sýnd í millímetrum og eru þetta lágmarksmál. Ekki má víkja frá þessum hlutföllum.

([1]) Þessar tölur eru eingöngu til leiðbeiningar.

II. VIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Ríki sem veitt hefur viðurkenningu veitir umsækjanda viðurkenningarvottorð og er fyrirmynd þess sýnd hér að neðan. Þegar aðildarríki lætur annað aðildarríki vita um veittar viðurkenningar eða, ef til þess kemur, afturköllun á viðurkenningu skal það nota afrit af þessu vottorði.

VIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Nafn á þar til bærum stjórnvöldum .....

Tilkynning um [1]:

— viðurkenningu á ökurita,
— afturköllun á viðurkenningu á ökurita,
— viðurkenningu á fyrirmynd að skráningarblaði,
— afturköllun viðurkenningar á skráningarblaði.

.....

Viðurkenning nr. .....

1. Vörumerki eða viðskiptaheiti .....

2. Heiti á gerð eða fyrirmynd .....

3. Nafn framleiðanda .....

4. Heimilisfang framleiðanda .....

.....

5. Lagt fram til viðurkenningar þann .....

6. Prófað þann .....

7. Dagsetning og númer prófunarskýrslu .....

8. Dagsetning viðurkenningu .....

9. Dagsetning afturköllunar á viðurkenningu .....

10. Gerð eða gerðir ökurita sem blaðið er ætlað fyrir .....

.....

11. Staður .....

12. Dagsetning .....

13. Meðfylgjandi skjöl til skýringar .....

---

14. Athugasemdir

.....

(Undirskrift)

([1]) Strikist út eftir þörfum.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 3314/90

frá 16. nóvember 1990

um aðlögum reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í flutningum á vegum að tækniframförum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ([1]), einkum 17. og 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir hvers konar misnotkun á rafeindaskráningarbúnaði við flutninga á vegum, einkum með því að rofinn sé straumur á veglengdar- og hraðaskynjurum.

Á grundvelli reynslunnar og núverandi stöðu tæknimála er hægt að sjá til þess að straumrof komi greinilega fram á skráningarblöðunum sem ætti að auðvelda beitingu þessarar reglugerðar og draga úr þess háttar misnotkun.

Rétt er að beita þessari nýju tækni í bandalagsstöðlum um gerð og ísetningu rafeindaskráningarbúnaðar.

Til þess að tryggja áreiðanlegt eftirlit og einkum rétta skráningu aksturstíma ætti skráning aksturstíma að vera sjálfvirk og sá tími þegar ökumaður er ekki að aka ökutækinu ætti að vera skráður í samræmi við merki á rofabúnaðinum.

Í þeim skráningarbúnaði sem er þegar í notkun er þess konar sjálfvirk skráning aksturstíma gerleg og því ætti, á grundvelli reynslunnar og núverandi stöðu tæknimála, að samþykkja bandalagsstaðla um gerð skráningarbúnaðar.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í reglugerð þessari eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 að tækniframförum,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3821/85 :

1. Í II. kafla er eftirfarandi lið bætt við:

„ 7. fyrir rafeindaskráningarbúnað, sem er búnaður er rafrænt sendir merki frá veglengdar- og hraðaskynjara, í hvert sinn er straumrof, sem varir lengur en 100 millísekúndur, verður á skráningarbúnaði (að ljósum undanskildum), á veglengdar- og hraðaskynjara og ef boð til skynjara eru rofin.

2. Undir a-lið „Almenn atriði" í III. kafla komi eftirfarandi ákvæði í stað liðar 1.3:

„1.3. Ritunaroddur sem merkir sérstaklega inn á skráningarblaðið:

— í hvert sinn sem kassinn með blaðinu er opnaður,

— fyrir rafeindaskráningarbúnað, sem um getur í 07.-lið II. kafla, í hvert sinn er straumrof sem varir lengur en 100 millísekúndur verður á búnaðinum (að ljósum undanskildum) og eigi síðar en um leið og straumur er settur á aftur,

— fyrir rafeindaskráningarbúnað sem um getur í 07.-lið II. kafla, í hvert sinn er straumrof sem varir lengur en 100 millísekúndur verður á veglengdar- og hraðaskynjara og ef boð til skynjara eru rofin."

3. Undir c-lið „Skráningartæki" í III. kafla komi eftirfarandi ákvæði í stað liðar 4.1:

„4.1. skráningarbúnaðurinn skal þannig gerður að hann skrái aksturstímann algjörlega sjálfvirkt og að með notkun skiptirofa, ef þörf krefur, sé hægt að skrá sérstaklega önnur tímabil eins og kemur fram í b–d-lið í öðrum undirlið 3. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar."

2. gr.

Frá og með 1. júlí 1991 veita aðildarríkin ekki EBE-viðurkenningu fyrir skráningarbúnað sem er ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 3821/85, eins og henni er breytt með þessari reglugerð.

3. gr.

Frá og með 1. janúar 1996 skal skráningarbúnaður allra nýrra ökutækja sem tekin eru í notkun í fyrsta skipti vera í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 3821/85, eins og henni er breytt með þessari reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þremur dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.*

([1]) Stjtíð. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 8.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. nóvember 1990.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 3688/92

frá 21. desember 1992

um aðlögun reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í flutningum á vegum að tækniframförum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) Nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ([1]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3572/90 ([2]) einkum 17. og 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir hvers konar misnotkun á rafeindaskráningarbúnaði við flutninga á vegum.

Á grundvelli reynslunnar og núverandi stöðu tæknimála er unnt að verja leiðslur búnaðarins til merkjasendisins þannig að ekki sé hægt að rjúfa þær.

Með hliðsjón af endingartíma skráningarbúnaðar sem nú er í notkun er nauðsynlegt að taka upp þessa nýju tækni í bandalagsstöðlum um gerð og ísetningu rafeindaskráningarbúnaðar.

Til að koma fyrir búnaði til hraðatakmörkunar í ökutæki þarf að rjúfa innsigli skráningarbúnaðarins. Samkvæmt reglugerðinni er slíkt einungis leyfilegt í neyðartilvikum. Því þyrfti að breyta reglugerðinni til samræmis því.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í reglugerð þessari eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 að tækniframförum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 3821/85 :

1. Í 12. gr. er eftirfarandi ákvæði bætt við sem 5. mgr.:

„ 5. Viðgerðarmenn eða verkstæði, sem lögbær yfirvöld hafa samþykkt samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, mega rjúfa innsigli við aðstæður sem lýst er í 4. mgr. V. kafla I. viðauka við þessa reglugerð."

2. Í 4. mgr. V. kafla I. viðauka er eftirfarandi ákvæði bætt við sem g-lið:

„ g) hvers kyns lok yfir stillibúnaði þar sem hægt er að laga fasta skráningarbúnaðar að einkennisstuðli ökutækisins."

Í stað síðasta málsliðar 4. mgr. „ Einungis er heimilt að fjarlægja innsiglin sem um getur í b-, c-, og e-lið í neyðartilvikum;" komi eftirfarandi:

„Heimilt er að rjúfa innsiglin sem um getur í b-, c-, og e-liðum:

— í neyðartilvikum,

— til að setja í, breyta eða gera við hraðatakmörkunarbúnað eða annan búnað sem stuðlar að auknu öryggi á vegum,

svo framarlega sem skráningarbúnaðurinn starfar rétt og með eðlilegum hætti og er aftur innsiglaður af viðurkenndum viðgerðarmanni eða verkstæði strax og hraðatakmörkunarbúnaðurinn eða annar búnaður sem stuðlar að auknu öryggi á vegum hefur verið settur í eða, eftir atvikum, innan sjö daga."

3. Í V. kafla I. viðauka bætist eftirfarandi ákvæði við sem 5. liður:

„5. Leiðslurnar sem tengja sendi skráningarbúnaðarins skulu varðar með plasthúðuðu slíðri úr ryðfríu stáli samanklipnu í endann.'

2. gr.

Frá og með 1. janúar 1994 veita aðildarríkin ekki EBE-viðurkenningu fyrir skráningarbúnað sem er ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 3821/85, eins og henni er breytt með þessari reglugerð.

3. gr.

Frá og með 1. janúar 1996 skal skráningarbúnaður allra nýrra ökutækja sem tekinn er í notkun í fyrsta skipti vera í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 3821/85, eins og henni er breytt með þessari reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þremur dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. desember 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 8.
([2]) Stjtíð. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 12.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2479/95

frá 25. október 1995

um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ([1]), eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun á rafeindaskráningarbúnaði í flutningum á vegum.

Á grundvelli reynslunnar og núverandi stöðu tæknimála er unnt að verja leiðslur sem tengja búnaðinn við merkjasendinn þannig að ekki sé hægt að komast að þeim með öðru en heilu plasthúðuðu slíðri úr ryðfríu stáli samanklemmdu í endann, eins og kveðið er á um í gildandi ákvæðum.

Með hliðsjón af endingartíma skráningarbúnaðar sem nú er í notkun er nauðsynlegt að taka upp þessa nýju tækni í bandalagsstöðlum um gerð og ísetningu rafeindaskráningarbúnaðar.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í reglugerð þessari eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 að tækniframförum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað 5. liðar í V. kafla I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3821/85:

„5. Leiðslur sem tengja búnaðinn við merkjasendinn skulu varðar með heilu plasthúðuðu slíðri úr ryðfríu stáli samanklemmdu í endann, nema sambærileg vörn gegn handfjötlun sé veitt með öðrum hætti (t.d. með rafrænum eftirlitsbúnaði svo sem merkjadulritun) sem greint getur tilvist annars búnaðar sem ekki telst nauðsynlegur til að skráningarbúnaðurinn virki rétt og hindrar rétta virkni skráningarbúnaðarins með skammhlaupum eða truflunum eða breytingum á rafrænum gögnum frá hraða- og fjarlægðarnemanum. Samskeyti með innsigluðum tengingum teljast órofin í skilningi þessarar reglugerðar.

Í stað áðurnefnds rafræns eftirlitsbúnaðar getur komið rafstýring sem tryggir að skráningarbúnaðurinn geti skráð hverja hreyfingu ökutækisins, óháð merkjum frá hraða- eða fjarlægðarnemanum."

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. október 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neil KINNOCK

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 8.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1056/97

frá 11. júní 1997

um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ([1]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 2479/95 ([2]), einkum 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun á rafeindaskráningarbúnaði við flutninga á vegum.

Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2479/95 ber að verja leiðslurnar sem tengja skráningarbúnaðinn merkjasendinum, nema sambærileg vörn gegn handfjötlun sé veitt með öðrum hætti (t.d. með rafrænum eftirlitsbúnaði svo sem merkjadulritun). Samskeyti með innsigluðum tengingum teljast ófrofin.

Skráningarbúnaður sem settur er í öll ný ökutæki sem tekin eru í notkun fyrsta sinni eftir 1. janúar 1996 skal vera í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Iðnaðurinn og framleiðendur vélknúinna ökutækja áttu í verulegum erfiðleikum með að setja varðar leiðslur í ökutæki í flokki M 1 og N 1, þar sem boð um hraða/fjarlægð berast um sambyggða nema eða ABS-nema.

Slíkir nemar eru ekki hannaðir með ísetningu varinnar leiðslu í huga. Nauðsynlegt er að heimila að tenging nema og aðlögunarbúnaðar með varinni leiðslu verði ekki skyldubundin, heldur skuli það aðeins eiga við um tengingu aðlögunarbúnaðar og skráningarbúnaðar.

Þar af leiðandi er nauðsynlegt að breyta reglugerðinni í samræmi við það.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 að tækniframförum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 5. tölul. í V. kafla I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3821/85.

„Að því er varðar framkvæmd þessa töluliðar eru ökutæki M 1 og N 1 skilgreind í A-hluta II. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE (*). Í þeim ökutækjum sem búin eru snúningshraðarita í samræmi við þessa reglugerð og ekki eru hönnuð þannig að hægt sé að koma fyrir varinni leiðslu milli fjarlægðar- og hraðanema og skráningarbúnaðar skal koma aðlögunarbúnaði fyrir sem næst fjarlægðar- og hraðanemum.

Koma skal varinni leiðslu fyrir milli aðlögunarbúnaðarins og skráningarbúnaðarins.

(*) Stjtíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1."

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júní 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neil KINNOCK

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 8.
([2]) Stjtíð. EB nr. L 256, 26. 10. 1995, bls. 8.

VIÐAUKI III
Gerðir samkvæmt c-lið 2. mgr. 1. gr.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 23. nóvember 1988

um staðlaðar aðferðir við eftirlit með framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum og reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum

(88/599/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

með hliðsjón af ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, frá 20. desember 1985 um bætta framkvæmd félagsmálareglugerða á sviði flutninga á vegum ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerðir (EBE) nr. 3820/85 ([5]) og (EBE) nr. 3821/85 ([6]) eru mikilvægar við myndun sameiginlegs markaðar fyrir flutninga á landi og skipgengum vatnaleiðum.

Rétt beiting félagsmálareglugerða á sviði flutninga á vegum er undir samræmdu og virku eftirliti aðildarríkjanna komin.

Nauðsynlegt er að koma á lágmarkskröfum til að hafa eftirlit með að farið sé að viðeigandi ákvæðum til að draga úr og koma í veg fyrir brot.

Lýðveldið Portúgal hefur nú nýlega samþykkt reglur um eftirlit með flutningum á vegum og því ber að veita því heimild til að fresta beitingu þessarar tilskipunar.

Virkt og áhrifaríkt eftirlit alls staðar innan bandalagsins byggist á upplýsingaskiptum og gagnkvæmri aðstoð við framkvæmd reglugerðanna í aðildarríkjunum.

Skylt er að skiptast reglulega á upplýsingum.

Samræmd beiting félagsmálareglugerða á sviði flutninga á vegum er nauðsynleg til að komast hjá röskun á samkeppni milli flutningafyrirtækja og til að auka umferðaröryggi og efla félagslegar framfarir.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirlit

Markmiðið með þessari tilskipun er að mæla fyrir um lágmarksskilyrði fyrir eftirlit og rétta og samræmda beitingu á reglugerðum (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85.

([1]) Stjtíð. EB nr. C 116, 3. 5. 1988, bls. 17.
([2]) Áliti var skilað 17. nóvember 1988 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
([3]) Stjtíð. EB nr. C 208, 8. 8. 1988, bls. 26.
([4]) Stjtíð. EB nr. C 348, 31. 12. 1985, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 8.

2. gr.

Eftirlitskerfi

Aðildarríkin skulu skipuleggja kerfi fyrir viðeigandi g reglubundið eftirlit, bæði á vegum og á athafnasvæðum rirtækja, sem hvert ár nær til stórs og dæmigerðs úrtaks kumanna, fyrirtækja og ökutækja á öllum flutningasviðum m falla undir gildissvið reglugerða (EBE) nr. 3820/85 og BE) nr. 3821/85.

Hvert aðildarríki skal skipuleggja eftirlit á þann hátt ð:

— árlega sé kannað að minnsta kosti 1% vinnudaga ökumanna ökutækja sem falla undir gildissvið reglugerða (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85,

— minnst 15% af heildarfjölda kannaðra vinnudaga sé vegaeftirlit og að minnsta kosti 25% eftirlit á athafnasvæðum fyrirtækjanna.

Fjöldi ökumanna sem eftirlit er haft með á vegum, öldi kannana á athafnasvæðum fyrirtækja, fjöldi kannaðra innudaga og fjöldi tilkynntra brota skal meðal annars koma am í þeim upplýsingum sem sendar eru framkvæmdajórninni í samræmi við 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EBE) r. 3820/85.

3. gr.

Vegaeftirlit

Vegaeftirlit skal skipulagt á mismunandi stöðum og á vaða tíma sem er og ná til nægjanlega stórs hluta vegaerfisins þannig að erfitt sé að forðast eftirlitsstaðina.

Atriði sem vegaeftirlit tekur til eru:

— akstursdagar, hlé og daglegur hvíldartími og einnig, ef skýrar vísbendingar eru um að reglur séu ekki virtar, skráningarblöð undanfarinna daga sem eiga að vera í ökutækinu í samræmi við 7. mgr. 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3821/85,

— síðasti vikulegur hvíldartími eftir því sem við á,

— að ökuriti starfi rétt (athugun á því hvort ritinn og/eða skráningarblöðin hafi verið misnotuð) eða, eftir því sem við á, að þau skjöl sem um getur í 5. mgr. 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 séu fyrir hendi.

Vegaeftirlit skal framkvæmt án mismununar eftir ökuækjum eða ökumönnum, hvort sem þeir eru innlendir eða kki.

Til að auðvelda störf viðurkenndra skoðunarmanna kal útvega þeim:

— skrá yfir helstu atriði sem kanna skal,

— yfirlit yfir algengustu tækniorð og -hugtök á ýmsum tungumálum sem notuð eru í tengslum við flutningastarfsemi á vegum. Framkvæmdastjórnin sér aðildarríkjunum fyrir slíku yfirliti.

5. Ef niðurstöður vegaeftirlits með ökumanni ökutækis sem skráð er í öðru aðildarríki gefa ástæður til að ætla að brot hafi verið framið, sem ekki kemur fram við eftirlitið vegna skorts á nauðsynlegum gögnum, skulu lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja aðstoða hver önnur við að skýra málið. Þegar þar til bær aðildarríki láta fara fram eftirlit á athafnasvæðum fyrirtækisins skal senda niðurstöðurnar til annarra hlutaðeigandi aðildarríkja.

4. gr.

Eftirlit á athafnasvæðum fyrirtækja

1. Eftirlit á athafnasvæðum sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. skal skipulagt með hliðsjón af fenginni reynslu af mismunandi flutningasviðum.

Eftirlit skal einnig framkvæmt á athafnasvæðum fyrirtækja þegar alvarleg brot á reglugerðum (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 hafa komið í ljós við vegaeftirlit.

2. Atriði sem kanna skal á athafnasvæðum fyrirtækja, auk þeirra sem athuguð eru í vegaeftirliti, eru:

— vikulegur hvíldartími og aksturstími milli þessara hvíldartíma,

— hálfsmánaðarleg takmörkun á aksturstímum,

— uppbót fyrir styttan daglegan eða vikulegan hvíldartíma,

— notkun skráningarblaða og/eða skipulagning á vinnutíma ökumanna.

3. Að því er varðar markmið þessarar greinar hefur eftirlit, sem lögbær yfirvöld framkvæma á athafnasvæðum á grundvelli viðeigandi skjala sem fyrirtæki láta í té að beiðni yfirvaldanna, sama gildi og eftirlit sem framkvæmt er á athafnasvæðum fyrirtækja.

5. gr.

Samstillt og samræmt eftirlit

1. Aðildarríkin skulu að minnsta kosti tvisvar á ári láta fara fram samstilltar aðgerðir við eftirlit með ökumönnum á vegum og ökutækjum sem falla undir gildissvið reglugerða (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85.

2. Eftirlitsyfirvöld í tveimur eða fleiri aðildarríkjum skulu þegar því verður við komið framkvæma slíkar aðgerðir samtímis, hver yfirvöld á sínu yfirráðasvæði.

6. gr.

Upplýsingaskipti

1. Gagnkvæm upplýsingaskipti samkvæmt 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 og 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 skulu fara fram reglulega á tólf mánaða fresti og í fyrsta sinn sex mánuðum eftir birtingu þessarar tilskipunar ([1]) og einnig í einstaka tilvikum þegar aðildarríki fer sérstaklega fram á það.

2. Í þessu skyni skulu lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki nota staðlað skýrslueyðublað sem framkvæmdastjórnin hannar að höfðu samráði við aðildarríkin.

7. gr.

1. Aðildarríkin, að Lýðveldinu Portúgal undanskildu, skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari í síðasta lagi 1. janúar 1989.

Lýðveldið Portúgal skal samþykkja nefnd lög og stjórnsýslufyrirmæli í síðasta lagi 1. janúar 1990.

2. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni lög og stjórnsýslufyrirmæli sín varðandi beitingu tilskipunar þessarar.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. nóvember 1988.

Fyrir hönd ráðsins,

Th. PANGALOS

forseti.

([1]) Tilskipunin var birt aðildarríkjunum 24. nóvember 1988.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 22. febrúar 1993

um útlit staðlaðs eyðublaðs sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar ráðsins 88/599/EBE um flutninga á vegum

(93/172/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 88/599/EBE frá 23. nóvember 1988 um staðlaðar aðferðir við eftirlit með framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum og reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í flutningum á vegum ([1]), einkum 6. gr,

að fengnu samþykki aðildarríkjanna í samræmi við 2. mgr. 6. gr. í tilskipun 88/599/EBE,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að ákveða útlit staðlaða eyðublaðsins sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 88/599/EBE og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hyggjast nota til að skiptast á upplýsingum með reglubundnu millibili sem er liður í áætlun um gagnkvæma aðstoð.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Staðlaða eyðublaðið sem um getur í 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 88/599/EBE skal líta út eins og fyrirmyndin í viðaukanum við ákvörðun þessa.

2. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu nota þessi eyðublöð frá og með 1. apríl 1993.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. febrúar 1993

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Abel MATUTES

framkvæmdastjóri

([1]) Stjtíð. EB nr. L 325, 29. 11. 1988, bls. 55.

VIÐAUKI

Stöðluð eyðublöð til skipta á upplýsingum um brot og viðurlög

(Ákvæði 6. gr. tilskipunar ráðsins 88/599/EBE)

1. BROT SEM FLUTNINGAFYRIRTÆKI SEM HAFA EKKI AÐSETUR Í LANDINU HAFA FRAMIÐ OG VIÐURLÖG VIÐ ÞEIM

RÍKI: ..... ÁR: .....

Nafn og heimilisfang fyrirtækisins	Nafn ökumanns	Skráning ökutækis	Dagsetning skýrslunnar	Hvar brotið var framið	Hver skrifaði lögregluskýrsluna	Brot á reglugerðum EBE		Viðurlög sem hefur verið eða verður beitt ([1])	Athugasemdir
						3820/85	3821/85		

([1]) Ef engin ákvörðun hefur verið tekin þegar skráin er send

2. AÐGERÐIR /EFTIRMÁL Í UPPRUNARÍKINU GEGN EIGIN RÍKISBORGURUM VEGNA BROTA SEM FRAMIN VORU Í ÖÐRUM AÐILDARRÍKJUM

RÍKI: ..... ÁR: .....

Nafn og heimilisfang fyrirtækisins	Nafn ökumanns	Skráning ökutækis	Málsskjöl móttekin	Hvar og hvenær brotið var framið	Brot á reglugerðum EBE		Viðurlög		Athugasemdir
					3820/85	3821/85	A Í landinu þar sem brotið var framið	B Í upprunalandi hins brotlega	

Sá sem ber ábyrgð á tilkynningunni:
Eftirnafn: ..... Skírnarnafn: .....
Staða: .....
Heimilisfang skrifstofu: .....
Sími: .....
Dagsetning: ..... Undirskrift: .....

AUGLÝSING

um niðurfellingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Grindavík nr. 216/1984.

Í samræmi við beiðni bæjarstjórnar Grindavíkur staðfestir ráðuneytið hér með samþykkt bæjarstjórnar frá 11. október 2000 um niðurfellingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Grindavík, nr. 216/1984.

Viðskiptaráðuneytinu, 23. október 2000.

Þorgeir Örlygsson.

Tryggvi Axelsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 113 – 2000

27. október 2000 2169 Nr. 770

VIÐAUKI

**við reglugerð nr. 438, 22. júní 1999,
um togveiðar á kolmunna með síðari breytingum.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar er á tímabilinu frá 28. október 2000 til 15. febrúar 2001 heimilt að stunda kolmunnaveiðar frá kl. 8.00 til kl. 22.00 dag hvern utan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1.	63° 33′60 N, 14° 41′70 V	8.	63° 58′43 N, 13° 26′25 V
2.	63° 35′55 N, 14° 39′20 V	9.	64° 00′54 N, 13° 10′50 V
3.	63° 41′46 N, 14° 22′27 V	10.	64° 02′54 N, 13° 04′08 V
4.	63° 45′42 N, 14° 09′54 V	11.	64° 07′04 N, 12° 57′33 V
5.	63° 46′50 N, 13° 57′00 V	12.	64° 19′21 N, 12° 27′19 V
6.	63° 48′60 N, 13° 45′57 V	13.	64° 21′70 N, 12° 17′30 V
7.	63° 53′15 N, 13° 42′43 V		

2. gr.

Viðauki þessi er settur samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. október 2000.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað viðauka B komi nýr viðauki í samræmi við viðauka þessarar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. október 2000.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Kristín Haraldsdóttir.

VIÐAUKI

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND
FISKISTOFA

REPUBLIC OF ICELAND
DIRECTORATE OF FISHERIES

VOTTORÐ TIL STAÐFESTINGAR HEILBRIGÐISEFTIRLITI MEÐ VÖRUM SEM FLUTTAR ERU INN TIL EES FRÁ ÞRIÐJA LANDI.
CERTIFICATE FOR VETERINARY CHECKS ON PRODUCTS INTRODUCED INTO THE EEA FROM NON-MEMBER COUNTRIES

1. Upplýsingar um vörusendingu til skoðunar[1]
Details of consignment presented[1]

Landamærastöð með heilbrigðiseftirlit
Border inspection post carrying out the veterinary checks _____

Upprunaland
Country of Origin _____
(Framleiðandi, vinnsluleyfisnúmer) (Establishment, aut.no.)

Útflutningsland
Country where consigned _____

Sendandi
Consignor _____

Innflytjandi
Importer _____
(Land, viðtakandi, heimilisfang) (Country, establishment, address)

Ákvörðunarland innan EES
(viðtakandi, heimilisfang)
Country of destination in the EEA
(establishment, address) _____

Tollmeðferð
Customs destination _____
(Innflutningur, umflutningur, geymsla) (Import, transit, storage)

Flutningsfar
Means of transport
Flug Flug nr.
Air Flight No. _____

Sjó Nafn skips og gámanúmer
Sea Vessel name and container No. _____

Innsigli nr.
Seal No. _____

Vörunúmer CN code	Vörulýsing Nature of Goods	Geymsluaðferð Type of Preservation	Stykkjafjöldi Number of Packages	Brúttóþyngd Gross Weight	Nettóþyngd Net Weight
		Alls Total			

Áætlaður komutími sendingar, dags., klst. Probable date and time of arrival.	Heilnæmis- eða heilbrigðisvottorð: Animal Health and/or Public Health Certificate: Nr: No. _____ Útgáfudagur: Date of issue: _____ Lögmætt stjórnvald: Issuing authority: _____ Útgáfustaður: Place of issue: _____	Fullt nafn tilkynnanda: Complete Identification of Declarer: Undirskrift: Signature:	Dagsetning: Date:

Allar leiðréttingar eða útstrikanir sem ekki eru staðfestar af lögmætu yfirvaldi gera þetta skjal ógilt.
Any alteration or erasure on this document by an unauthorized person makes it invalid.

[1]Útfyllt af innflytjanda eða umboðsmanni hans.
[1]To be completed by the importer or his representative.

Hvítt afrit: Fiskistofa – Bleikt afrit: Fiskistofa – Gult afrit: Fiskistofa – Grænt afrit: Tollur

2. Ákvörðun varðandi vörusendingu til skoðunar[1]
Decision on consignment[1]
Tilvísunarnúmer:
Reference number: _____

Leyft til notkunar innan EES:
Release for free use in the EEA:

☐ Vörur hæfar til neyslu
Products fit for Human Consumption

☐ Vörur hæfar til dýrafóðurs
Products destined for animal feed use to:

_____
(Land, fyrirtæki) (Country, establishment)

☐ Vörur til lyfjafræðilegrar notkunar
Products destined for pharmaceutical use to:

_____
(Land, fyrirtæki) (Country, establishment)

☐ Vörur óhæfar til neyslu og dýrafóðurs
Products unfit for human consumption or animal feed use

☐ Vörur til annarrar úrvinnslu (lýsing):
Products destined to undergo other technical treatment:

(Indicate) _____

☐ Vörur til annarrar notkunar (lýsing):
Products for other uses (indicate): _____

Innflutningur til EES undir tolleftirliti:
Entry into the EEA under :

☐ Vörur sendar áfram til annrs þriðja lands án umhleðslu
(Nafn þriðja lands):
Products consigned to another third country without unloading
(Name of third country): _____

☐ Vörur til geymslu á frísvæði eða í frígeymslu
(Skrá svæði eða geymslu):
Products for storage in free zone or free warehouse
(Name and Address):

_____

_____

☐ Vörur til geymslu í tollvörugeymslu
(Nafn tollvörugeymslu):
Products for storage in Customs Warehouse
(Name and Address):

_____

_____

☐ Vörur til flutnings áfram til aðildarríkis með sérstakar kröfur
(Nafn lands og fyrirtækis) og samkvæmt ákvörðun nr.
Products consigned to a Member state with specific requirements
(Country and establishment and conforming to Decision No.

Sendingu vísað frá:
Importation refused:

Ástæða:
Reason:

Aðgerð ákveðin:
Action:

Endursendist fyrir
To be returned before _____
Eyðist fyrir
To be destroyed before _____
Til vinnslu í samræmi við 4. gr. Ákvörðunar nr. 93/13/EEC
(Nafn vinnslufyrirtækis)
To be processed in comformity with Article 4 of Decision 93/13/EEC
(Name, address of processing establishment)
_____

Fullt nafn landamærastöðvar og opinber stimpill[2] Full identification of border inspection post and official seal[2]	Dagsetning[2] Date[2]	Lögmætt stjórnvald / Competent Authority Undirskrift / Signature Nafn í stórum prentstöðum / Name in capital letters

Athugasemdir:
Remarks:

Eftirlit framkvæmt: Skjalaskoðun ☐ Sannprófun merkinga ☐ Vöruskoðun ☐
Checks carried out: Documents Identity Physical

Framkvæmdar rannsóknir:
Laboratory tests carried out:

Niðurstöður:
Results:

Niðurstaða rannsókna liggur fyrir:
Laboratory tests in hand:

Innsigli lögmæts stjórnvalds á landamærastöð:
Seal number of offical service:

Lögmætt stjórnvald viðtökulands:
Competent authority of place of destination:

[1]Útfyllt á ábyrgð lögmæts yfirvalds. Strikað yfir það sem ekki á við og merkt við það sem við á.
[1]To be completed by ticking the applicable entry and deleting the others.
[2]Útfyllist af lögmætu yfirvaldi á landamærastöð.
[2]To be completed by the competent authority responsible for the border inspection post.